



## **Fiskeldi Austfjarða hf.**

**Matsskýrsla vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi  
í Seyðisfirði**

**Viðaukahefti 2  
VIÐAUKAR  
23-29**

**Mat á umhverfisáhrifum**

**14. júní 2021**



## Efnisyfirlit - viðaukahefti 1

Viðauki 1: Yfirlýsing hafrannsóknarstofnunar vegna burðarþols Seyðisfjarðar og áhættumats.....	2
Viðauki 2: Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis.....	4
Viðauki 3: Mælingar á straumum, hita- og seltu í Seyðisfirði frá 26. júlí til 31. október árið 2002 ...	16
Viðauki 4: Staðarstraumsmælingar við Háubakka og í Sörlastaðavík í september og október 2018	50
Viðauki 5: Vöktunaráætlun fyrir Fiskeldi Austfjarða vegna sjókvíaeldis í Seyðisfirði .....	101
Viðauki 6: Rannsóknir á lífríki Seyðisfjarðar .....	111
Viðauki 7: Yfirlýsing dýralæknis fisksjúkdóma vegna laxalúsar á Austfjörðum .....	155
Viðauki 8: Leiðbeiningar frá MAST um lúsatalningu .....	158
Viðauki 9: Mat RORUM á fjölda laxa sem sleppi úr eldi .....	164
Viðauki 10: Upplýsingar um afla sem veiddur var í Seyðisfirði .....	168
Viðauki 11: Gæðahandbók Fiskeldis Austfjarða.....	173
Viðauki 12: Vátryggingaskírteini og yfirlýsing frá Tryggingamiðstöðinni vegna Seyðisfjarðar .....	234
Viðauki 13: Lokaðar kvíar í sjó og landeldi – valkostagreining .....	238
Viðauki 14: Yfirlýsing frá Stapa jarðfræðistofu dagsett 19. september 2019 .....	250
Viðauki 15: Staðarstraumsmælingar í Selstaðavík og Skálanesbót í júlí og ágúst 2019 .....	252
Viðauki 16: Viðhorf ferðamanna til fiskeldis á Austfjörðum .....	301
Viðauki 17: Spurningavagn MMR viðhorfskannanir í júní og desember 2018 til fiskeldis .....	318
Viðauki 18: Endurskoðað áhættumat erfðablöndunar 2020 .....	330
Viðauki 19: Áhættumat vegna mögulegrar erfðablöndunar milli eldislaxa og náttúrulegra laxastofna á Íslandi 2017 .....	334
Viðauki 20: Endurskoðað áhættumat erfðablöndunar 2020 – tækniskýrsla .....	380
Viðauki 21: Seyðisfjörður – botndýrarrannsókn júlí 2019 .....	426
Viðauki 22: Fóður og efnainnihald þess.....	441

## Efnisyfirlit - viðaukahefti 2

Viðauki 23: Umsagnir um frummatsskýrslu .....	3
Viðauki 24: Samantekt umsagna og viðbrögð við þeim .....	40
Viðauki 25: Athugasemdir við frummatsskýrslu .....	43
Viðauki 26: Undirskrifalisti.....	406
Viðauki 27: Samantekt athugasemda og viðbrögð við þeim .....	440
Viðauki 28: Fjarfundur til kynningar á frummatsskýrslu – samantekt .....	560
Viðauki 29: Frumgreining á áhrifum snjóflóða á eldiskvíar í Seyðisfirði .....	563

|



## Viðauki 23: Umsagnir um frummatsskýrslu

17.nóvember 2020

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

## Efni: Umsögn um frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði

Með bréfi dagsettu 13. nóvember sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn HAUST um frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðrar framleiðslu á 10.000 tonnum af laxi í Seyðisfirði.

Frummatsskýrslan er unnin af Fiskeldi Austfjarða og er dagsett 2. nóvember 2020 í skýrslunni er greint frá áformum fyrirtækisins um eldi á allt 10.000 tonnum af laxi á 4 svæðum í firðinum. Fram kemur að lífrænn úrgangur frá starfseminni verður nýttur m.a. til meltugerðar og prótein framleiðslu. Jafnframt kemur fram að olíuúrgangur og önnur spilliefni verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi lög og reglugerðir og annað sorp fari í sorpflokkun hjá Djúpavogshreppi (hér er væntanlega átt við sorp sem til fellur í vinnslu Búlandstinds á Djúpavogi) vakin er athygli á því að nýlega sameinuðust sveitarfélögin: Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fljótsdalshérað og Djúpavogshreppur í Múlaþing.

Af hálfu HAUST eru ekki gerðar efnislegar athugasemdir við frummatsskýrsluna enda er framkvæmdin ekki leyfisskyld hjá Heilbrigðisnefnd Austurlands. HAUST vill þó vekja athygli á því að það er árviss viðburður að embættinu berist kvartanir og ábendingar vegna olíumengunar á Seyðisfirði, sem rekja má til skipsflaks (El Grillo) sem liggur á botni fjarðarins, skammt utan hafnarinnar. Þrátt fyrir að allnokkrar tilraunir hafi verið gerðar til að stöðva olíuleka úr flakinu, nú síðast á vormánuðum 2020, virðast þær ekki hafa skilað tilætluðum árangri og olíubræk á firðinum er sem fyrr segir árviss viðburður. Olíumengunar verður einkum vart síðsumars þegar hitastig sjávar hækkar. Í frummatsskýrslunni er því ekki velt upp hvort og þá hvaða áhrif hugsanleg olíumengun hefði á eldið og eldisbúnað.

Einnig er bent á að eldisvæðið við Háubakka að staðsett nærri landi og íbúabyggð. Skólp frá Seyðisfirði fer óhreinsað til sjávar. Því er þeirri spurningu velt upp hvort kannað hafi verið hvort áhrifa frá skólpútrásum gæti innan þess svæðis sem ætlað er sem eldissvæði.

Annað ekki

Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Leifur Þorkelsson  
heilbrigðisfulltrúi



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Umhverfis- og skipulagssvið

Suðurgata 39  
101 Reykjavík

(354) 570 13 00

[www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

Kennitala: 440113-0280

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Reykjavík 17. desember 2020  
MÍ202012-0049/ 6.07 / K.M.

## Efni: Framleiðsla á 10.000 tonnum af laxi í Seyðisfirði í Múlþingi.

Minjastofnun Íslands hefur móttakið bréf Skipulagsstofnunar frá 16. nóv. s.l. þar sem óskað er eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Í frummatsskýrslu kemur fram að Fiskeldi Austfjarða hf. áformar að framleiða 10.000 af laxi í sjókvíum í Seyðisfirði, 6.500 tonn af frjóum eldislaxi og 3.500 tonn af ófrjóum eldislaxi. Gert er ráð fyrir fjórum eldissvæðum í Seyðisfirði, þrjú svæði verða aðalsvæði og eitt svæði verður til vara. Aðalsvæðin verða Selstaðavík, Skálanesbót og Sörlastaðavík. Svæðið við Háubakka verður varasvæði.

Í 3. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) segir að til fornleifa teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri. Þar á meðal skipsflök og hlutar þeirra. Í 21. gr. sömu laga kemur fram að fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Fjallað er um menningarminjar í köflum 2.5.4 og 6.8 í frummatsskýrslu. Eins og þar kemur fram eru ekki þekktar fornleifar staðsettar á fyrirhuguð eldissvæði. Ekki var þó gerð sérstök athugun því hvort fornleifar er að finna á hafsbótinnum innan eldissvæðisins sem hér eru til umfjöllunar. Skipsflakið af El Grillo er á hafsbótinni fyrir utan höfnina í Seyðisfirði. Það er yngra en 100 ára og fellur því ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar.

Minjastofnun veitti umsögn um tillögu að matsáætlun vegna framleiðslu á 10.000 tonnum af laxi í Seyðisfirði með bréfi til Skipulagsstofnunar dags 30.09.2016. Þar kom fram að stofnunin gerði ekki kröfu um að

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnisýslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Kristinn Magnússon**  
Verkefnastjóri  
[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)

fornleifar væru skráða á sjávarbotni vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs fiskeldis.

Fiskeldi getur einkum haft áhrif á fortleifar á hafsbotni með tvennum hætti. Annars vegar geta fortleifar raskast vegna festinga kvía við botn og hins vegar kunna fortleifar að hyljast vegna úrgangs sem fellur til botns undir kvíum. Í frummatsskýrslu segir að áður en kvíarnar verða festar niður verður botninn skoðaður af kafara. Ef fortleifar komi í ljós við þá athugun verði framkvæmdin stöðvuð og Minjastofnun Íslands gert viðvart, sbr. 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012). Endanleg staðsetning eldiskvía verður miðuð við minjar og helgunarsvæði þeirra komi minjar í ljós á svæðinu.

Áhrif fiskeldis í sjó hefur verið til umræðu innan Minjastofnunar Íslands. Niðurstaðan umræðunnar er að telja verði eðlilegt að við undirbúning slíkar framkvæmda verði farið yfir heimildir sem geta gefið vísbendingar um hugsanlegar minjar undir vatni eða sjó og eftir atvikum framkvæm athugun á botni. Þetta getur í flestum tilfellum farið auðveldlega saman við nauðsynlegan undirbúning fyrirhugaðra framkvæmda þannig að fortleifafræðingur fái gögn til skoðunar eða verði hafður með þegar skönnun, köfun eða aðrar athuganir á botni eru gerðar.

Eins og áður segir voru ekki gerðar kröfur um sérstakar athuganir á botninum undir fyrirhuguðum eldiskerjum í Seyðisfirði í umsögn Minjastofnunar um tillögu að matsáætlun. Engu að síður fer stofnunin fram á að henni verði kynnt gögn sem kunna að liggja fyrir vegna skönnunar á botninum eða vegna köfunar sem fram hefur farið á svæðinu. Þá óskar Minjastofnun eftir að teknar verði myndir af þeim stöðum á botninum þar sem fyrirhugað er að koma fyrir botnfestingum og að stofnuninni verði gefin kostur á að koma með athugasemdir við staðsetninguna ef einhverjar eru áður en gengið verður frá festingunum.

Í frummatsskýrslu kemur fram að vitað sé um fortleifa á landi í Seyðisfirði. Engin starfsemi tengd fiskeldinu sé þó fyrirhuguð á landi í nágrenni við eldissvæðin. Fiskvinnsla fer sem stendur fram hjá Búlandstindi ehf. á Djúpavogi.

Í Seyðisfirði eru merkir minjastaðir sem tengjast sjósókn. Í árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 2005 skrifar Hjörleifur Guttormsson um Seyðisfjörð. Meðal staða sem þar er fjallað um er kaupsstaður á Hánefsstaðaeyri og þorp á Eyrum. Dines Jespersen Vopnarfjarðarkaupmaður flutti verslunarhús frá Vopnafirði og setti það niður á Hánefsstaðaeyri þar sem hann hóf fiskverkun og verslun sumarið 1792. Um 1880 tók að myndast smáþorp á Eyrum í landi þriggja jarða, Þórarinsstaða, Hánefsstaða og Sörlastaða. Blómaskeið Eyra var frá 1890 til 1945. Þegar flest var bjuggu þar 17 fjölskyldur í 15 íbúðarhúsum. Íbúarnir höfðu lífsviðurværi af sjósókn.



Minjastofnun Íslands gerir ekki frekari athugasemdir við mat á umhverfisáhrifum 10.000 tonna laxeldis Fiskeldis Austfjarða hf. í Seyðisfirði í Múlaþingi. Bent skal á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar (Nr. 80/2012) sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

Virðingarfyllst,  
f.h. Minjastofnunar Íslands

  
Kristinn Magnússon  
verkefnastjóri

## Sigmar A Steingrímsson

---

**From:** Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>  
**Sent:** föstudagur, 15. janúar 2021 10:54  
**To:** Sigmar A Steingrímsson  
**Cc:** ththordarson@gmail.com; Kjartan Davíð Sigurðsson  
**Subject:** FW: Laxeldi í Seyðisfirði.

Sæll Sigmar,

Sjá meðfylgjandi erindi frá Minjastofnun, varðandi fyrirhugað eldi í Seyðisfirði.

Bestu kveðjur,

---

**Jón Smári Jónsson**  
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is  
www.skipulag.is  
www.facebook.com/skipulagsstofnun

**From:** Kristinn Magnússon <kristinn@minjastofnun.is>  
**Sent:** 15 January 2021 10:47  
**To:** Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>; Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>  
**Subject:** Laxeldi í Seyðisfirði.

Góðan dag

Minjastofnun Íslands veitti umsögn um mat á umhverfisáhrifum laxeldis í Seyðisfirði með bréfi til Skipulagsstofnunar dags. 17. des. s.l.

Í umsögninni kom m.a. fram að Minjastofnun færi fram á að stofnuninni verði kynnt gögn sem kunna að liggja fyrir vegna skönnunar á botni fjarðarins eða vegna köfunar sem fram hefur farið á svæðinu. Þá óskaði Minjastofnun eftir að teknar verði myndir af þeim stöðum á botninum þar sem fyrirhugað er að koma fyrir botnfestingum og að stofnuninni verði gefin kostur á að koma með athugasemdir við staðsetninguna ef einhverjar eru áður en gengið verður frá festingunum.

Minjastofnun hafa nú borist upplýsingar um að björgunarsveitin á staðnum búi yfir myndböndum sem tekin eru neðansjávar í Seyðisfirði. Á þeim megi m.a. sjá skútu við Dvergastein og þúst sem gætu verið leifar skútu hjá Hánefsstöðum. Þá eru sögusagnir um skútu á hafsbotninum hjá Skálanesi.

Athygli Minjastofnunar hefur verið vakin á því að hvalveiðimenn höfðu bækistöðvar á Vestdasleyri í kringum 1870. Þetta kom ekki fram í umsögn stofnunarinnar. Það hefur sýnt sig annarsstaðar á landinu þar sem hafsbotninn hefur verið kannaður utan við gamlar bækistöðvar hvalveiðimanna að þar eru töluverðar minjar tengdar þessari starfsemi á hafsbotninum.

Minjastofnun telur að safna þurfi saman gögnum úr athugunum sem gerðar hafa verið á botninum þar sem fiskeldið er fyrirhugað og gætu gefið upplýsingar um fornleifar þar. Kynna þarf stofnuninni þessi gögn svo að hún geti ákveðið til hvaða mótvægisáðgerða skuli gripið ef nauðsyn krefur.



Minjastofnun  
Íslands

Með kveðju / Kind regards / Venlig hilsen

Kristinn Magnússon

*verkefnastjóri*

Minjastofnun Íslands / The Cultural Heritage Agency of Iceland / Íslands kulturarvsstyrelse

Suðurgata 39 | 101 Reykjavík | Sími/Tel. 5701305 | Fax: 5701301

[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is) / [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is)

## Sigmar A Steingrímsson

---

**From:** Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>  
**Sent:** mánudagur, 21. desember 2020 15:55  
**To:** Sigmar A Steingrímsson  
**Cc:** Kjartan Davíð Sigurðsson; ththordarson@gmail.com Þórður Þórðarson  
**Subject:** FW: Re: 10.000 tonna framleiðsla á laxi í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða - beiðni um umsögn

Sæll Sigmar,

Meðfylgjandi er umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, sjá samskipti.

Bestu kveðjur,

---

**Jón Smári Jónsson**  
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is  
www.skipulag.is  
www.facebook.com/skipulagsstofnun

**From:** Trausti Baldursson - NI <Trausti.Baldursson@ni.is>  
**Sent:** 21 December 2020 14:03  
**To:** Jón Smári Jónsson - SLS <Jon.Smari.Jonsson@skipulag.is>  
**Cc:** Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>  
**Subject:** Re: 10.000 tonna framleiðsla á laxi í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða - beiðni um umsögn

Tilvísun í málsnr. 202011-0032 (TB)

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 16. nóvember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu fyrir 10.000 tonna framleiðslu Fiskeldis Austfjarða á laxi í Seyðisfirði, Sveitarfélaginu Múlaþingi. Beiðist er velvirðingar á því hvað það hefur dregist lengi að svara erindinu.

Stærstu áhættuþættir við laxeldi í sjó eru að mati Náttúrufræðistofnunar útbreiðsla sjúkdóma, mengun og erfðablöndun við villta laxastofna. Gerð er grein fyrir öllum þessum þáttum í frummatsskýrslunni.

Náttúrufræðistofnun vill benda á nokkur atriði sem varða málið og hlutverk stofnunarinnar:

- Í samantekt á bls. iv í frummatsskýrslunni segir: „Niðurstaðan er að áhrif á framkvæmdatíma eru talin verða **tímabundin** og óveruleg á flesta umhverfisþætti en talsvert jákvæð á flesta þætti samfélags. Rekstur fiskeldisins er hugsaður **til ótilgreindrar framtíðar** og áhrif vara á meðan á honum stendur. Öll áhrif eru metin afturkræf.“ Á bls. ii. segir: „Í heildina verða áhrif á landslag og ásýnd talsvert neikvæð eftir því hvar maður er staðsettur og úr hvað átt er horft en verða að fullu afturkræf. Og Áhrif á landslag og ásýnd verða bæði óveruleg og talsvert neikvæð en afturkræf.“ Og á bls. iv segir: „Áhrif á botndýralíf verða talsvert neikvæð. Þau verða þó staðbundin og afturkræf.“

Náttúrufræðistofnun telur ástæðu til að benda á framangreint vegna túlkunar framkvæmdaraðila á því hvað sé afturkræft og hvað ekki. Í framangreindum texta kemur fram að rekstur fiskeldisins sé **hugsaður til ótilgreindrar framtíðar**. Með það í huga verður að líta svo á að hér sem um að ræða rekstur fiskeldis í t.d. fleiri en eina kynslóð manna. Engu að síður eru öll áhrif metin afturkræf. Varla finnst þeim sem ekki líkar við sjókvíar sem hluta af t.d. landslagi/útsýni sínu það vera afturkræft ef þær eru til staða í heila mannsæfi eða meira. Einnig er það varla afturkræft ef mengun undir kvíum er stöðug eða síendurtekin í t.d. 100 til 200 ár. Með þessari túlkun er líklega hægt að fjalla um allt

sem afturkræft svo framarlega sem t.d. ákveðnum tegundum hefur ekki verið útrýmt. Setja þarf viðmið um hvað megi flokka sem afturkræft og á hvaða forsendum.

- Í lýsingu á Seyðisfirði segir: „Seyðisfjörður er mest um 17,5 km langur og er breidd fjarðarins mest um 1,7 km. Flatarmál fjarðarins er áætlað 34 km<sup>2</sup>. Í miðju fjarðarins er dýpið um 50-89 m, allt inn undir fjarðarbotn. Meðaldýpi fjarðarins er um 55 m og mesta dýpi um 89 m. Breidd fjarðarminnis móti úthafinu er um 2,3 km og utan fjarðarminnis er 100 m dýpi. Engir neðansjávarhryggir þvera fjörðinn. Fjörðurinn telst þannig mjög opin fjörður með mikil sjóskipti. Heildarrúmmál sjávar í Seyðisfirði er áætlað um 1,88 km<sup>3</sup>.“ Hér er því um að ræða þröngan fjörð og í kafla um strauma og dýpt í firðinum kemur fram að straumhraði er frekar lítil og dýpi á eldissvæðum allt niður í 20 metra. Náttúrufræðistofnun telur að skoða þurfi sérstaklega hvort heimila eigi fiskeldi innanlega í friðinum bæði vegna mengunarhættu og vegna ásyndar. Sjá einnig næstu málsgrein.

Á bls. 34. segir: „Brimberg ehf. er með gilt starfsleyfi til kræklingaeldis á tveimur stöðum í firðinum. Samkvæmt 18. gr. reglugerða nr. 540/2020 um fiskeldi skal lágmarksfjarlægð á milli aðila í sjókvíaeldi vera 5 km. Þessi fjarlægðarmörk eiga ekki við hér þar sem eldi Brimbergs ehf. er kræklingaeldi og lýtur þar af leiðandi öðrum lögmálum en ef um væri að ræða eldi á laxfiski.“ Á bls. 80 „Helsta hættan af smiti á milli eldissvæða stafar af beinni straumstefnu á milli eldissvæða. Ekki er talin hættan á að smit berist frá sjókvíaeldi Fiskeldis Austfjarða að kræklingaeldi Brimbergs vegna hugsanlegra sjúkdóma í laxinum, enda óskyldar tegundir.“ Á bls. 59 segir: „Þá er bent á að æskilegra er að meiri eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Þá telur Hafrannsóknastofnun að ástæða sé til að halda þau lágmarks fjarlægðarmörk milli eldissvæða sem reglugerð nr. 1170/2015 setur.“ Náttúrufræðistofnun telur að skoða þurfi sérstaklega nálægð við kræklingaeldið ekki bara vegna hugsanlegra sjúkdóma heldur ýmissa efna sem geta borist á milli því hér er um matvælaframleiðslu að ræða og þekkt að efni safnast fyrir í dýrum eins og kræklingum sem síá fæðu úr nágrenni sínu.

- Á bls.36. í kafla 4.4 Umfjöllun um óraunhæfa kosti segir: „Tveir kostir, sem mikið hafa verið í umræðunni undanfarin misseri, lokaðar kvíar í sjó og eldi á landi, eru taldir óraunhæfir miðað við þau markmið og forsendur sem þessi framkvæmd byggir á (viðauki 13).“ Í heild telur Náttúrufræðistofnun umfjöllun framkvæmdaraðila um valkosti einhliða þar sem hún tekur mið af forsendum framkvæmdaraðila sem í raun er ekki réttlæt看leg. Rétt er að benda á að við val á svæðum fyrir sjókvíaeldi er tæplega byrjað á því að bera það saman við landeldi á sama stað enda forsendur fyrir vali ekki þær sömu. Það er því vissulega óraunhæft af framkvæmdaraðila að bera þetta saman með þessum hætti. Sjá t.d. bls. 37 þar sem segir: „Að finna slíkri stöð stað t.d. í og við Seyðisfjörð er erfitt s.s. vegna þess að erfitt er að finna hentugt land og skipulagsferlið er langt. Sá tími sem færi í það er a.m.k. tvöfalt lengri en það myndi taka að koma upp sjókvíaeldi fyrir 10.000 tonna framleiðslu í Seyðisfirði. Staðfræði í og við nágrennið býður ekki upp á að byggja stóra stöð á þessu svæði auk þess sem ýmis konar nábylisréttur og takmarkanir á landnotkun gera það erfitt að finna stórri landeldisstöð land í og við Seyðisfjörð.“
- Þó það sé ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar að fjalla um kostnað ef það er ekki beinu samhengi við umhverfisáhrif þá er rétt að benda á að bæta þarf umfjöllun um kostnað vegna landeldis og sjókvíaeldis en á bls 37. segir: „Heildarkostnaður í kringum sjókvíaeldisstöð í Seyðisfirði yrði ríflega 2,3 milljarðar króna, en fyrir 10.000 tonna landeldisstöð yrði kostnaðurinn á milli 25-28 milljarða króna.“ Ekki eru ítarlegar útskýringar á þessum mun í frummatsskýrslunni. Það er t.d. samanburður á stofnkostnaði og rekstrarkostnaði fyrir báðar leiðirnar eða samanburður á kostnaði vegna umhverfisáhrifa, þar undir metin kostnaður af neikvæðum umhverfisáhrifum sem verða í sjókvíaeldi samanborið við landeldi o.s.frv.
- Náttúrufræðistofnun fagnar því að gert er ráð fyrir því að nota einnig ófrjóan lax í eldinu og þá væntanlega stefnt að því að auka þann hluta í framtíðinni. Að mati Náttúrufræðistofnunar á eingöng að nota ófrjóan lax í sjókvíaeldi við Íslandsstrendur ekki síst þegar um er að ræða framandi kynbætta laxategund sem getur haft áhrif á villta laxastofna. Í þessu samhengi skiptir það engu máli að mati stofnunarinnar hvort það sé mikið eða lítið af laxi í ám á Austfjörðum. Útbreiðsla laxastofna er hluti af náttúrulegu ferli sem tekur sífelldum breytingum vegna umhverfisaðstæðna hverju sinni og því ekki hægt að réttlæta framandi tegundir með þeim hætti sem reynt er að gera í frummatsskýrslunni. Út frá náttúruverndarsjónarmiðum snýst málið um það hvort það eigi yfirleitt að heimila starfsemi/laxeldi sem getur breytt villtum dýrum í íslenskri náttúru

varanlega þ.m.t. langt út fyrir viðkomandi starfssvæði. Sömu starfsemi er hægt að hafa á landi (eða nota ófrjóan lax) þar sem líkur á neikvæðum áhrifum vegna sjúkdóma eða erfðablöndunar eru margfalt minni eða nánast engar ef rétt er að málum staðið. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir þær mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til í frummatsskýrslunni og þá sérstaklega notkun á ófrjóum laxi.

#### Niðurstaða

Að mati Náttúrufræðistofnunar, og eins og áður hefur komið frá hjá stofnuninni, er laxeldi í sjó með framandi tegundum, frjóum laxfiskastofni af norskum uppruna, ekki í samræmi við 1. gr., 2. gr. né 9. gr. laga um náttúruvernd né alþjóða samningu um vernd líffræðilegrar fjölbreytni né heldur leið til að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Neikvæðar afleiðingar af laxeldi í sjó eru þekktar og mótvægisáðgerðir virðast ekki hafa komið í veg fyrir þær. Vissulega getur staðsetning á sjókvíaelði og góður rekstur/mótvægisáðgerðir dregið úr neikvæðum áhrifum. Fræðilegt áhættumat breytir engu um að verið er að taka áhættu með villta laxastofna. Miðað við það ástand sem er í heiminum hvað varðar líffræðilega fjölbreytni, og snýr m.a. að útrýmingu tegunda og tap á mismunandi stofnum af tegundum, ætti eingöngu að nota ófrjóan lax í sjókvíaelði.

Náttúrufræðistofnun telur með hliðsjón af hlutverki stofnunarinnar að framangreind frummatsskýrsla um sjókvíaelði í Seyðisfirði veiti fullnægjandi upplýsingar um fyrirhugaða framkvæmd og umhverfi og líkleg umhverfisáhrif hennar og mótvægisáðgerðir, að öðru leiti en því sem kemur fram hér að framan, svo byggja megi álit á henni. Náttúrufræðistofnun leggur annað mat á hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar en framkvæmdaraðili sérstaklega hvað varðar notkun kynbættum norskum laxi og telur einnig að skoða verði betur staðsetningu á fiskeldi innarlega í Seyðisfirði. Verði framkvæmdin heimiluð verður að tryggja, með vöktun, að hægt sé að fylgjast með og rekja til upprunans þau áhrif sem villtir laxastofnar geta orðið fyrir. Einnig þarf að mati Náttúrufræðistofnunar, og eftir því sem sjókvíaelði eykst og það fyrirhugað til lengri tíma, að leggja mat á samlegðaráhrif mengunar frá sjókvíaelði á sjávarlífríki við stendur landsins, sérstaklega í þeim svæðum þar sem eldi er í mörgum fjörðum. Það þarf því sem fyrst að gera vöktunaráætlanir til að meta áhrif mengunar á lífríki stórra svæða svo hægt sé að sjá hvort og þá hvaða breytingar eiga sér stað og jafnframt hægt að bera niðurstöður úr vöktuninni saman við „upprunalegt“ ástand viðkomandi svæða.

Virðingarfyllst,

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500  
Email: [trausti@ni.is](mailto:trausti@ni.is)



---

**From:** "Jón Smári Jónsson" <[jonsmari@skipulag.is](mailto:jonsmari@skipulag.is)>  
**To:** "[mulathing@mulathing.is](mailto:mulathing@mulathing.is)" <[mulathing@mulathing.is](mailto:mulathing@mulathing.is)>; "[hafogvatn@hafogvatn.is](mailto:hafogvatn@hafogvatn.is)" <[hafogvatn@hafogvatn.is](mailto:hafogvatn@hafogvatn.is)>; "Heilbrigðiseftirlit Austurlands" <[haust@haust.is](mailto:haust@haust.is)>; "[lhg@lhg.is](mailto:lhg@lhg.is)" <[lhg@lhg.is](mailto:lhg@lhg.is)>; "[postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is)" <[postur@minjastofnun.is](mailto:postur@minjastofnun.is)>; "Móttaka - NI" <[Mottaka@ni.is](mailto:Mottaka@ni.is)>; "[samgongustofa@samgongustofa.is](mailto:samgongustofa@samgongustofa.is)" <[samgongustofa@samgongustofa.is](mailto:samgongustofa@samgongustofa.is)>; "Umhverfisstofnun" <[ust@ust.is](mailto:ust@ust.is)>; "Vegagerðin - VG" <[Vegagerdin@vegagerdin.is](mailto:Vegagerdin@vegagerdin.is)>; "Kristinn Magnússon" <[kristinn@minjastofnun.is](mailto:kristinn@minjastofnun.is)>; "Trausti Baldursson - NI" <[Trausti.Baldursson@ni.is](mailto:Trausti.Baldursson@ni.is)>; "Sverrir Aðalsteinn Jónsson" <[sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is](mailto:sverrir.jonsson@umhverfisstofnun.is)>

**CC:**

**Subject:** 10.000 tonna framleiðsla á laxi í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða - beiðni um umsögn

**Date:** 13.11.2020 13:43:22

Fiskeldi Austfjarða hf. hafa tilkynnt til athugunar Skipulagsstofnunar frummatsskýrslu 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, Sveitarfélaginu Múlaþingi.

Meðfylgjandi er frummatsskýrsla um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar, en viðaukar verða sendir sér vegna umfangs. Þess ber einnig að geta að vegna umfangs eru viðaukar einungis sendir út með rafrænum hætti auk þess að vera aðgengilegir á vefsvæði Skipulagsstofnunar undir kynningu framkvæmdarinnar.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 106/2000 óskar Skipulagsstofnun eftir umsögn um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar. Umsagnaraðilar skulu gefa álit sitt í samræmi við 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum.

Í umsögn skal umsagnaraðili á grundvelli starfssviðs hans gera grein fyrir hvort hann telji að á fullnægjandi hátt sé gerð grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd og umhverfi, umhverfisáhrifum og mati framkvæmdaraðila á þeim, þörf á að kanna tiltekin atriði frekar, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig óskar Skipulagsstofnun eftir því að í umsögn komi fram, eftir því sem við á, hvaða leyfi framkvæmdin er háð og varðar starfssvið umsagnaraðila. Umsögn óskast send Skipulagsstofnun fyrir 10. desember 2020 einnig á tölvupóstföngin [jonsmari@skipulag.is](mailto:jonsmari@skipulag.is) og [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Umsagnarbeiðni ásamt frummatsskýrslu hefur verið pósthöfð.

Bestu kveðjur,

---

Jón Smári Jónsson  
Sérfræðingur, svið umhverfismats / Specialist, Environmental Assessment  
Skipulagsstofnun - National Planning Agency  
Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland  
sími 595 4100  
[jonsmari@skipulag.is](mailto:jonsmari@skipulag.is)  
[www.skipulag.is](http://www.skipulag.is)  
[www.facebook.com/skipulagsstofnun](https://www.facebook.com/skipulagsstofnun)

**Skipulagsstofnun**

Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
Bt: Jón Smári Jónsson

**Efni: 10.000 tonna framleiðsla á laxi í Seyðisfirði, Sveitafélaginu Múlapingi, beiðni um umsögn**

Vísað er til bréfs frá Skipulagsstofnun dagsettu 16. nóvember 2020, þar sem óskað er eftir umsögn um frummatsskýrslu vegna áforma um 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, Sveitafélaginu Múlapingi.

Allar sjóeldiskvíar fyrir eldið liggja innan hafnamarka Seyðisfjarðarhafnar og Vegagerðin vísar því til ábyrgðar hafnaryfirvalda um að nauðsynlegar leiðbeiningar til öryggis á siglingaleiðum innan hafnamarka verði ekki skertar og séu rétt merktar og fullnægjandi fyrir siglingar á hafnarsvæðinu.

Síða 1/1

Áhættumat vegna siglinga og samantekt á stærð skipa virðist ekki hafa farið fram, né hefur verið greint hverskonar skipaumferð fari um hafnarsvæðið. Slíkt mat liggur til grundvallar um merkingar á hafnarsvæðum m.t.t. siglinga. Vegagerðin getur krafist hafnarstjórn um að láta, á eigin kostnað, gera þá vita og önnur leiðarmerki sem Vegagerðin telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarsvæði.

Því óskar Vegagerðin eftir samráði við rekstraraðila hafnarsvæðis áður en rekstrarleyfi er veitt til að gera betur grein fyrir merkingum á siglingaleiðum m.t.t. stærðar skipa sem nota fjörðinn og siglingapéttleika.

Virðingarfyllt  
f.h. Vegagerðarinnar  
Daði Gíls Þorsteinsson  
Deildarstjóri tæknideildar austursvæði

**Vegagerðin**  
Borgartún 5-7  
105 Reykjavík  
+354 522 1000  
vegagerdin.is

vegagerdin  
@vegagerdin.is

Greipur Gísli Sigurðsson  
Verkefnastjóri Þjónustusviði





Skipulagsstofnun

Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 24. nóvember 2020  
Tilv.:2011504 / HZ

**Efni: Skipulagsmál - 10.000 tonna framleiðsla á laxi í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða - beiðni um umsögn**

Með bréfi dagsettu þann 16. nóvember s.l. óskaði Skipulagsstofnun umsagnar Samgöngustofu um frummatsskýrslu framangreindrar framkvæmdar.

Samgöngustofa vill taka eftirfarandi fram varðandi fyrirhugaða framkvæmd:

- Í 10. gr. laga um vitamál er fjallað um farartálma. Á grundvelli 6. mgr. 10. gr. skal leit umsagnar Samgöngustofu um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, svo sem fiskeldiskvía, mælitækja í sjó og veðurdufla.
- Mikilvægt er að þess sé gætt að staðsetning eldissvæða valdi ekki truflunum á siglingum og vill Samgöngustofa áréttta að þess sé gætt að staðsetning eldissvæðanna feli ekki í sér farartálma, sbr. 10. gr. laga um vitamál. Telur Samgöngustofa brýnt að ávallt sé leitað álits heimamanna og annarra, sem reglulega sigla um firðina, Landhelgisgæslunnar, Samtaka skipstjórnarmanna og jafnvel fleiri aðila, áður en staðsetning eldiskvía er heimiluð. Öryggi siglinga um firðina er mikilvægt þar sem árekstur skips við sjókví getur haft alvarlegar afleiðingar. Skipsstrand, með tilheyrandi hættu á mengun, eyðileggingu á kvíum, með miklum sleppingum á fiski o.fl.
- Þess sé gætt að merkingar séu fullnægjandi, sbr. t.d. 13. gr. rgl. nr. 401/2012 um fiskeldi.
- Framkvæmdaaðili tilkynni Sjómælingum Íslands um staðsetningu þegar framkvæmdir hefjast.
- Við allar framkvæmdir sé þess ennfremur gætt að ekkert sé byggt sem skyggt geti á leiðarmerki frá sjó og að þess sé gætt að ekki séu sett upp ljós eða önnur merki sem villt geta um fyrir sjófarendum.
- Verið er að vinna að gerð strandsvæðaskipulags á Austfjörðum og er mikilvægt að höfð sé hliðsjón af þeirri vinnu við allar leyfisveitingar o.þ.h. á svæðinu.

Framkvæmdin þarfnast ekki leyfis frá Samgöngustofu.

Virðingarfyllst

Halldór Ó. Zoëga

Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 25.01.2021  
Tilvísun: 20180931/5.3  
MFRI: 2020-11-0321

### **Efni: 10.000 tonna framleiðsla á laxi í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 13. nóvember 2020, þar sem óskað er eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar um frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða.

Hafrannsóknastofnun hefur farið yfir erindið og gerir nokkrar athugasemdir.

Eins og fram kemur í frummatsskýrslunni hefur burðarþol Seyðisfjarðar verið metið 10.000 tonn. Endurskoðað Áhættumat erfðablöndunar gerir ráð fyrir 6.500 tonna framleiðslu af frjóum eldislaxi í Seyðisfirði. Fiskeldi Austfjarða sækir um að ala 10.000 tonn af laxi í Seyðisfirði og þar af eru 3.500 tonn ófrjór eldislax. Jafnframt er tekið fram í frummatsskýrslunni að Fiskeldi Austfjarða áskilji sér rétt til þess að framleiða meira magn af frjóum eldislax komi til breytinga á Áhættumati erfðablöndunar.

Hafrannsóknastofnun hefur nýlega fengið svipað erindi frá Skipulagsstofnun um framleiðslu á ófrjóum eldislax í Stöðvarfirði. Líkt og í þessu erindi þá áskilur Fiskeldi Austfjarða sér rétt til þess að breyta úr ófrjóum laxi í frjóan lax komi til þess að Áhættumat erfðablöndunar breytist. Hafa þarf í huga að endurskoðað áhættumat getur jafnframt haft í för með sér að draga þurfi úr framleiðslu frjós eldislax. Frummatsskýrslan sem er hér til umsagnar fjallar um framleiðslu á 10.000 tonn af frjóum eldislaxi af norskum uppruna þrátt fyrir að sótt sé um 6.500 tonn af frjóum eldislaxi og 3.500 tonn af ófrjóum eldislaxi sem í raun eru framkvæmdir sem ekki hafa að öllu leyti sömu umhverfisáhrif.

Mikilvægt er að mati Hafrannsóknastofnunar að það sé skýrt að hálfu stjórnsýslustofnana *hvort* framkvæmdaraðili geti áskilið sér rétt á breytingum eins og hér er gert. Sé það staðfest að hálfu stjórnsýslunnar að það sé í höndum framkvæmdaraðila að geta breytt framkvæmd óháð upphaflegri umsókn hans hefur það áhrif á og auðveldar gerð umsagnar fyrir ráðgjafastofnanir eins og Hafrannsóknastofnun.

Helstu þættir sem geta orðið fyrir neikvæðum umhverfisáhrifum og aðrir þættir sem tengjast starfssviði og ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar m.t.t. eldis á frjóum eldislaxi í sjókvíum eru eftirfarandi:

- Lífrænt álag á botn og í vatnsbol vegna eldis
- Áhætta af erfðablöndun eldislaxa við villta laxastofna
- Straumvötn og lífríki þeirra
- Svæðaskipting eldissvæða innan fjarða
- Laxa- og fiskilús

#### *Lífrænt álag á botn og í vatnsbol vegna eldis*

Fram kemur í frummatsskýrslunni að áhrifin af lífrænu efni sem fellur til botns muni hafa talsvert neikvæð áhrif undir kvíunum en að þau verði óveruleg í nágrenni kvíanna. Hafrannsóknastofnun er sammála framkvæmdaraðila um talsvert neikvæð áhrif undir kvíum en getur ekki tekið undir að áhrifin verði óveruleg í nágrenni kvíanna. Miðað við þá rannsókn sem framkvæmdaraðili vísar í og var unnin í Berufirði bendir myndræn framsetning á magni lífræns kolefnis ( $C_{org}$ ) 350 m frá kvíum (í straumstefnu) til þess að um 28% heildar lífræns kolefnis komi frá fiskeldi (fóðurleifar og útskilnaður). Þetta er þvert á túlkun skýrslunnar af hendi höfunda hennar og framkvæmdaraðila en í frummatsskýrslunni á síðu 64 stendur: „*lítilla áhrifa af uppsöfnun lífrænna efna gætir í 100 m fjarlægð frá kvíastæði og alls engra áhrifa gætir þegar komið er í 350 m fjarlægð*“. Hafrannsóknastofnun telur að réttara væri að segja að um óvissu sé að ræða um áhrif fjarri kvíastæðum. Ýmsir óvissuþættir geta haft áhrif eins og t.d. svæðisbundinn munur milli mismunandi fjarða. Vöktun eldisfyrirtækja skv. stöðlum ásamt vöktun á fjarsvæðum fiskeldis geta varpað ljósi á þetta atriði.

Burðarþol Seyðisfjarðar er 10.000 tonn af eldislaxi og eru því ekki gerðar athugasemdir við lífrænt álag á vatnsbol fjarðarins. Hinsvegar gætu orðið breytingar á mati á burðarþoli með reynslu af eldi í einstaka fjörðum.

#### *Áhætta af erfðablöndun eldislaxa við villta laxastofna*

Í umsagnabeiðninni er óskað eftir að ala 6.500 tonn af frjóum eldislaxi. Frummatsskýrslan fjallar hinsvegar um 10.000 tona eldi á frjóum eldislaxi. Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemd við magn frjórra laxa sem ala skv. umsagnabeiðni enda er það í samræmi við viðmið núverandi Áhættumats erfðablöndunnar eða 6.500 tonn.

Að gefnu tilefni vegna efnis frummatsskýrslu telur Hafrannsóknastofnun að fjalla þurfi um Breiðdalsá í þessari umsögn. Rétt er að tiltekið sé í Áhættumati erfðablöndunar (2017) að í Breiðdalsá hafi verið stundaðar seiðasleppingar. Hinsvegar skal þess getið hér að í ánni er til staðar náttúrulegur laxastofn þvert á það sem höfundar frummatsskýrslunnar reyna að sýna fram á að finnist ekki í ánni.

Tekið er undir að ekki fari miklum sögum af laxveiði né skráningum þar á fyrr en formlegt veiðifélag var stofnað um Breiðdalsá á sjöunda áratug síðustu aldar. Áður var þó stunduð veiði í ánni án þess að hún væri þar skráð sérstaklega.

Fiskrækt hefur verið stunduð í Breiðdalsá til að auka þar veiði. Fiskvegur var gerður í fossinn Beljanda og einnig hefur seiðum verið sleppt. Í seinni tíð hefur ræktunin farið fram með þeim hætti að lax sem veiddur er í ánni er nýttur til undaneldis (klak) og seiðum undan honum sleppt í ána. Nýleg rannsókn á hreistri af veiddum laxi í Breiðdalsá sýndi að 60 % af þeim hafði klakist og alist upp í ánni. Nú liggja fyrir nýjar niðurstöður úr rannsóknum á erfðafræði laxins í Breiðdalsá. Þar er staðfest að í Breiðdalsá er sérstakur laxastofn sem er skyldur öðrum laxi á Austfjörðum. Stofninn er sérstaklega mikilvægur þar sem hann er stærsti laxastofninn á svæðinu (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2018). Styrkir það enn frekar að vernda þurfi þennan náttúrulega laxastofn líkt og aðra náttúrulega laxastofna landsins. Því hefur Hafrannsóknastofnun í samráði við Veiðifélag Breiðdalsár hafið smíði vöktunarbúnaðar þar sem settur verður upp myndavélabúnaðurinn Árvaki í þeim tilgangi að vakta göngur laxa í rauntíma og jafnvel greina mögulega strokufiska. Áætlað er að búnaðurinn verði kominn í rekstur vorið 2021 eða 2022.


Í frummatsskýrslu á bls. 95 er sett fram og fullyrt að mikil gagnrýni hafi komið fram á Áhættumat erfðablöndunar en sú gagnrýni hefur ekki síst komið frá hagsmunaaðilum í fiskeldi. Rétt er að benda á að óháð nefnd sérfræðinga sem yfirför Áhættumat erfðablöndunar, benti á að gæta þyrfti að áhrifum eldislaxa á smáa stofna. Nánar tiltekið kom eftirfarandi athugasemd fram í álit nefndarinnar: *“Einnig er mögulegt að höfundar ættu að íhuga að nota lægri viðmiðunarmörk fyrir minni stofna en stærri stofna. Ástæða þess, eins og segir annars staðar í skýrslu okkar, er að fyrirliggjandi vísindaleg gögn benda til þess að litlir og dreifðir stofnar séu hlutfallslega viðkvæmari fyrir innblöndun en stærri og þéttari stofnar”*

(<https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/2029.pdf>). Nefndin bendir á að þar sem hér sé alinn eldislax af erlendum uppruna geti stafað meiri ógn af honum við innlenda laxastofna en væri um innlendan eldisstofn að ræða. Því bendir nefndin á að vikmörk líkansins fyrir innblöndun ættu að vera strangari. Hafrannsóknastofnun tekur undir þetta með nefndinni en telur að með beitingu varúðarreglu við ákvörðun stuðla líkansins taki áhættumatið tillit til þessa þáttar. Aðrar athugasemdir við líkanið sjálfvortu smávægilegar og lúta að fínstillingaratriðum.

### *Straumvötn í nágrenni Seyðisfjarðar og lífríki þeirra*


Hafrannsóknastofnun bendir á að til séu gögn/rannsóknir sem ekki komi fram í frummatsskýrslunni en mikilvægt sé að litið verði til vegna mögulegra umhverfisáhrifa laxeldis á Austfjörðum. Sérstaklega er mikilvægt að taka tillit til sjóbleikju sem er ríkjandi tegund ferskvatnsfiska í Austfirskum ám og fjörðum.

Leó Alexander Guðmundsson o.fl. (2019) könnuðu útbreiðslu laxfiska, þéttleika þeirra, samsetningu tegunda og ýmsa aðra lykil umhverfisþætti í helstu vatnsföllum Austfjarða, frá Hornafirði að Héraðsflóa (sjá má afrit af 2. mynd skýrslunnar hér að neðan sem sýnir ofangreind atriði).




2. mynd. Útbreiðsla og seiðapöttleiki laxfiska í ám á Austfjörðum skv. sýnatöku sumarið 2017. Litir tákna hlutdeild tegunda og stærð svartra hringja tákna hlutfallslegan seiðapöttleika milli vatnsfalla (sjá gildi í töflu 1).

Sú úttekt tekur þó ekki til smærri vatnsfalla og lækja á svæðinu. Fram kemur í skýrslu Leós og félaga að á Austfjörðum séu stofnar göngufiska, einkum sjóbleikja en að lax og sjóbirtingur séu líka þó í minna mæli. veiðiskráning á lax, bleikju og urriða hefur verið í ám á Austfjörðum og skila veiðar veiðiréttihöfum tekjum. Sjá má veiðitölur hér að neðan úr skýrslu Leós (2019), merktar 8 og 10 mynd.



8. mynd. Fjöldi bleikja í stangveiði í völdum ám á Austfjörðum á tímabilinu 1987–2017.<sup>2</sup>



10. mynd. Fjöldi laxa í stangveiði í nokkrum ám á Austfjörðum á tímabilinu 1995–2017.<sup>4</sup>

Í frummatsskýrslunni er sagt að næstu laxveiðiár norðan Seyðisfjarðar séu í Vopnafirði. Vissulega eru laxár í Vopnafirði en lax er einnig að finna í nokkrum mæli í Selfljóti/Gilsá og ört stækkandi laxastofn er í Jöklu (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2020). Lax er einnig í Fjarðará í Loðmundarfirði, Fjarðará í Borgarfirði-Eystri, Fögruhlíðará og í Mjóafirði þó í takmörkuðu magni.

Ríkjandi tegund ferskvatnsfiska á Austfjörðum er eins og áður hefur komið fram sjóbleikja en hún nýtir einkum beitarsvæði nærri ströndum og í nágrenni sinnar heimaár. Hér á landi eru til dæmi um göngur bleikju allt að 95 km frá heimaá (Sigurður Guðjónsson, 1989) og eru enn lengri göngur þekktar í Noregi (Klemetsen o.fl 2003). Sjóbleikju er því væntanlega að finna í nokkru mæli á öllu því svæði sem fyrirhugað eldi er verður á. Einnig eru líkur á að fleiri stofnar sem hafa nýtingar- og náttúrulegt gildi gangi inn á fyrirhugað eldissvæði.

Komi til þess að eldislax sleppi og að ráðast þurfi í mótvægisáðgerðir með netaveiðum eru líkur á því að sjóbleikja verði meðafli á þeim tíma sem hún er á fæðuslóð. Ef laxar sleppa og ganga í nærliggjandi ár geta þeir mögulega haft áhrif á viðkomu bleikjustofna í ánum með samkeppni um hrygningar- og uppeldissvæði. Taka má fram að ekki liggja miklar upplýsingar um slík áhrif á bleikju en sýnt hefur verið fram á áhrif á sjóbirting t.d. með því að strokulaxar æxlast með þeim.

Laxa- og fiskilús geta haft áhrif á stofna sjóbleikju og aukið afföll hennar. Taka skal fram að ákveðin óvissa sé um þetta vegna þess að ekki er mikið um laxeldi í nágrenni á sjóbleikjustofnum líkt og á Austfjörðum og Vestfjörðum. Flestar rannsóknir hafa verið gerðar þar sem sjóbirtingur er ríkjandi göngufiskur (t.d. í Noregi). Hinsvegar hefur úttekt á Vestfjörðum sýnt að talsvert magn af laxa og fiskilús fannst á bæði sjóbleikju og sjóbirtingi á Vestfjörðum (Eva Dögg Jóhannesdóttir munnl. uppl.).


Samkvæmt 6. mgr. 18. gr. reglugerðar 540/2020 er ekki heimilt að stunda fiskeldi innan 5 km frá á með nytjastofni/nytjastofnum laxfiska. Innsta eldissvæðið í Seyðisfirði er innan þessara 5 km marka og mögulega á þetta einnig við um næst innsta eldissvæðið. Samkvæmt því þarf að breyta staðsetningu a.m.k. að hluta frá því sem fram kemur í frummatsskýrslunni.

### *Svæðaskipting*

Samkvæmt nýrri grein í lögum um fiskeldi frá árinu 2019 skal Hafrannsóknastofnun ákveða skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar eldissvæða. Stofnunin skal taka mið af strandsvæðaskipulagi ef það liggur fyrir og annarrar starfssemi sem er í firðinum eða er í leyfisveitingaferlum.

Fiskeldi Austfjarða sækir um fjögur svæði og eru þau Háubakkar, Sörlastaðavík, Selstaðavík og Skálanesbót. Enn sem komið er liggur ekki fyrir staðfest strandsvæðaskipulag fyrir Austfirði þó gerð þess sé í ferli hjá Skipulagsstofnun. Ekki liggur heldur fyrir svæðaskipting frá Hafrannsóknastofnun fyrir Seyðisfjörð.

Hér er bent á líkt og fyrr í umsögninni (sjá umfjöllun um veiðiár) að innsta svæðið Háubakkar er innan 5 km frá veiðiá og næst innsta svæðið, Sörlastaðavík, er það mögulega líka að hluta til.



**Mynd 1:** Staðsetning fyrirhugaðra eldissvæða Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði.

### Laxa- og fiskilús

Almennt er frekar lítið er gert úr umhverfisáhrifum laxalúsar í frummatsskýrslunni og fiskilúsinn ekki rædd. Á síðu 39 í frummatsskýrslunni kemur fram að engin lús þrífist á fiski í firðinum. Við slíkar fullyrðingar er mikilvægt að hafa tilvísan í rannsóknir og eða vaktanir sem sýna fram á þetta. Ólíklegt má teljast að þetta eigi við rök að styðjast þar sem laxa- og fiskilús eru náttúruleg sníkjudýr á laxfiskum og öðrum fiskum (fiskilús).

Einnig kemur fram í frummatsskýrslunni að laxalús hafi ekki fundist í eldiskvíum á Austfjörðum og að óvíst sé að það gerist. Svo er tekið fram að ef það gerist (að laxalús finnist) verði þess gætt að halda fjölda laxalúsa á eldisfiski í sjókvíum í Seyðisfirði í lágmarki með mótvægisáðgerðum. Talað er almennt um helstu mótvægisáðgerðir eins og hlífðarnet um netpoka, hrognkelsi, lyfjafóður og lyfjaböðun. Rætt er um að notast verði við umhverfisvænar aðferðir komi til aukningar á laxalús á eldisfiskum. Hinsvegar vantar frekari útskýringar á því um hvaða mótvægisáðgerðir sem eru umhverfisvænar er átt við. Reynslan á Vestfjörðum hefur verið sú að notast hefur verið við lyfjameðhöndlun í auknu mæli.

Mikilvægt er að útiloka ekki að laxa- og fiskilús geti orðið vandamál á Austfjörðum. Með auknum lífmassa í eldiskvíum aukast líkurnar á því að vandamál með sjúkdóma og sníkjudýr komi upp.



Hafrannsóknastofnun hefur í fjölda umsagna viðrað áhyggjur sínar af aukaverkunum lyfjameðhöndlunar vegna áhrifa á önnur krabbadýr en laxa- og fiskilús. Krabbadýr eru afar mikilvæg í fæðuvef fjarðanna og uppistaða fæðu margra nytjafiska og þá sérstaklega ungvíðis. Rannsóknir erlendis hafa sýnt neikvæð áhrif á rækju, humar o.fl. krabbadýr (Ingibjörg Jónsdóttir og Guðrún G. Þórarinsdóttir 2019). Nýleg rannsókn frá Noregi á lirlfum evrópska humarsins (*Homarus gammarus*) sýndi bráða eitrun af hálfu böðunarlyfjanna Azamethiphos og Deltamethrin. Þá kom einnig í ljós að áhrifin voru allt til staðar í upp 39 km<sup>2</sup> svæði í kringum meðhöndluð svæði en þó var munur á dreifingaráhrifum þessara tveggja lyfja (Parson o.fl. 2020).

Eins og fram hefur komið hefur verið talsvert um að laxa- og fiskilús valdi usla (vanþrif og aukin dánartala eldisdýra) í eldi á Vestfjörðum. Nokkuð oft hefur verið gripið til þess að meðhöndla lax gegn bæði laxa og fiskilús með lyfjaböðunum á Vestfjörðum.

Fram kemur í kafla 3.7 frummatsskýrslunnar að lág selta og lágur sjávarhiti séu náttúrulegar varnir gegn laxalús fyrir austan og að laxalús þrífist ekki í seltu undir 25 psu til lengri tíma. Hinsvegar má sjá á mynd 30 í frummatsskýrslunni að engar mælingar á seltu í Seyðisfirði fóru undir 32.5 psu.

### *Samantekt*

Öll fyrrgreind atriði sem rædd eru í umsögninni, fyrir utan áhættu af erfðablöndun við villta laxa, fylgja einnig eldi á ófrjóum eldislaxi.

Hafrannsóknastofnun er sammála framkvæmdaraðila um að áhrif lífrænnar mengunar verði neikvæð undir eldiskvíum. Hinsvegar er bent á að ekki sé æskilegt draga ályktanir um nágrenni eldissvæða í Seyðisfirði út frá einni athugun sem er ekki túlkuð í samræmi við þau gögn sem henni fylgja. Því má segja að um ákveðna óvissu sé að ræða um lífrænt álag í nágrenni eldiskvía og að reglubundin vöktun á viðkomandi svæði skeri úr um þetta atriði.

Til eru gögn um minni vatnsföll sem renna í Seyðisfjörð og nágrenni hans. Þar kemur fram hvaða tegundir ferskvatnsfiska eru í vatnsföllunum, í hvaða hlutföllum þeir eru ásamt seiðapétteleika. Taka þarf tillit til þessara minni vatnsfalla og annara laxfiska eins og bleikju sem er ríkjandi tegund laxfiska á Austfjörðum.

Lítið er gert úr laxalús og fiskilús í frummatsskýrslunni og þyrfti að bæta úr þeirri umfjöllun í matsskýrslu. Það er mikilvægt að hafa varann á með laxa- og fiskilús í ljósi þess að upp hafa komið vandamál í laxeldi hér við land þvert á það sem áður var talið að yrði. Mögulegt er að eldisfyrirtæki á Austfjörðum verði fyrir barðinu á laxa- og fiskilús líkt og eldisfyrirtæki á Vestfjörðum með aukningu á lífmassa eldis. Þá er sérstaklega mikilvægt að hafa í huga þau áhrif sem laxa- og fiskilús hefur á villta laxfiska, eldisfiska og hver áhrif verða af lyfjameðhöndlun gegn lúsinni.

## Heimildir

Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. 2020. Lax- og silungsveiðin 2019. Haf- og vatnarannsóknir, HV 2020-38. 41 bls.

Ingibjörg G. Jónsdóttir og Guðrún G. Þórarinsdóttir. 2019. Lyf gegn laxalús: virkni, áhrif og notkun. Haf- og vatnarannsóknir. HV. 2019-56. 24 bls.

Klemetsen A, Amundsen P-A, Dempson JB, Jonsson B, Jonsson N, O'Connell MF, Mortensen E. 2003. Atlantic salmon *Salmo salar* L., brown trout *Salmo trutta* L. and Arctic charr *Salvelinus alpinus* (L.): a review of aspects of their life histories. Ecology of Freshwater Fish: 12: pages: 1–59.

Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson, Ingi Rúnar Jónsson, Eydís H. Njarðardóttir, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson. 2018. Skyldleiki laxastofna í ám á Austfjörðum við aðra laxastofna á Íslandi. Kver Hafrannsóknastofnunar, KV 2018-4. 8 bls.

Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir. 2019. Útbreiðsla laxfiska og umhverfisættir vatnsfalla á Austfjörðum. Haf- og vatnarannsóknir HV 2019-40. 37 bls.

Parsons AE, Escobar-Lux RH, Sævik PN, Samuelson OB, Agnalt AL. 2020. The impact of anti-sea lice pesticides, Azamethiphos and Deltamethrin, on European lobster (*Homarus gammarus*) larvae in the Norwegian marine environment. Environmental Pollution. 264. pages:1-11.

Sigurður Guðjónsson .1989. Migration of anadromous Arctic charr (*Salvelinu alpinus* L.) in a glacier river, River Blanda, North-Iceland. Bls. 116-123. Í: Proceedings of the Salmonid migration and distribution symposium, E. Brannon og B. Jonsson (ritstj.). Þrándheimi júní 1987.

Skýrsla óháðrar nefndar um athugun á aðferðafræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar (<https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/2029.pdf>).

Thorleifur Eiríksson, Leon Moodley Guðmundur Vídir Helgason, Kristján Lilliendahl, Halldór Pálmar Halldórsson, Shaw Bamber, Gunnar Steinn Jónsson, Jónatan Thórdarson and Thorleifur Águstsson. 2017. Estimate of organic load from aquaculture - a way to increased sustainability. [RORUM 2017 011](#).

F.h. Hafrannsóknastofnunar

Rakel Guðmundsdóttir

Rakel Guðmundsdóttir

Skipulagsstofnun  
b.t. Jóns Smára Jónssonar  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Akureyri, 8. janúar 2021  
UST202011-152/Í.M.J.  
08.12.00

### **Mat á umhverfisáhrifum – frummatsskýrsla – sjókvíaeldi í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða hf.**

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar sem barst þann 16. nóvember sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu ofangreindrar framkvæmdar.

#### **Framkvæmdarlýsing**

Fiskeldi Austfjarða hf. (hér eftir nefnt rekstraraðili) áformar uppbyggingu sjókvíaeldis á laxi í Seyðisfirði í Múlaþingi. Um er að ræða áform um eldi þar sem lífmassi er að hámarki 10.000 tonn hverju sinni á fjórum eldissvæðum, í Selstaðavík, Sörlastaðavík, Skálanesbót og við Háubakka. Fram kemur í frummatsskýrslu að tvö eldissvæði verði í notkun hverju sinni og eitt í hvíld auk þess sem eldissvæðið að Háubökkum verður til vara ef aðstæður á öðrum svæðum breytast. Á hverjum tíma verða í notkun 24 eldiskvíar, á tveimur svæðum. Hver kví verður með 50 metra þvermál og fram kemur að búnaður verði í samræmi við NS9415 staðla. Samkvæmt útsetningaráætlun verða árlega sett út 1,7 milljónir 100-500 gr. laxaseiða og er eldistími hvernar kynslóðar áætlaður um 24 mánuðir.

Rekstraraðili hefur tvö starfsleyfi í gildi fyrir samtals 400 tonna ársframleiðslu við Háubakka og Sörlastaðavík sem gilda bæði til ársins 2026. Fram kemur í eftirlitsskýrslum Umhverfisstofnunar með starfseminni að hún hafi í raun aldrei verið starfrækt og ekki hefur verið gefið út rekstrarleyfi Matvælastofnunar fyrir eldinu.

Rekstraraðili rekur samtals 20.800 tonna sjókvíaeldi á laxi í Berufirði og Fáskrúðsfirði auk þess að taka þátt í rekstri tveggja seiðaeldisstöðva og fiskvinnslunni Búlandstindi við Djúpavog. Þar að auki hefur rekstraraðili áform um 7.000 tonna sjókvíaeldi á laxi í Stöðvarfirði. Fram kemur í frummatsskýrslu að rekstraraðili hafi AquaGAP umhverfisvottun á allri framleiðslu og vinnslu fyrirtækisins.

Umhverfisstofnun veitti umsögn um tillögu að matsáætlun framkvæmdarinnar þann 6. október 2016. Fram kemur í frummatsskýrslu að Skipulagsstofnun hafi samþykkt tvö frávik frá tillögu að matsáætlun. Annars vegar hefur eldissvæðum fjölgað úr tveimur í

fjögur en ný svæði eru við Selstaðavík og Skálanesbót. Þá hefur svæðið við Selstaðavík verið stækkað og lagðir fram tveir valkostir um útfærslu svæðisins við Háubakka. Hins vegar hefur útsetningaráætlun eldisins verið breytt þar sem gert er ráð fyrir nýju eldissvæðunum. Í nýrri útsetningaráætlun er árlegur fjöldi seiða 1,7 milljónir en var 2,5 milljónir í upphaflegri matsáætlun.

### **Mat á umhverfisáhrifum**

Að mati Umhverfisstofnunar eru helstu umhverfisáhrif eldisins, uppsöfnun lífrænna efna á sjávarbotni undir og við kvíarnar. Ákvæði um mengunarvarnir og hvíld í starfsleyfi Umhverfisstofnunar og kröfur í vöktunaráætlun taka m.a. til uppsöfnunar lífrænna efna undir eldiskvíum og koma til með að draga úr áhrifunum að einhverju leyti. Þá tekur stofnunin afstöðu til áhrifa á eftirtalda umhverfisþætti: ástand sjávar, botndýralíf og lífríki fjöru, fuglalíf, verndarsvæði og áhrif á landslag og ásjúnd fjarðarins.

Samkvæmt áhættumati Hafrannsóknarstofnunar á erfðablöndun er leyfilegt að ala að hámarki 6.500 tonn af frjóum laxi í firðinum hverju sinni. Rekstraraðili hyggst ala 6.500 tonn af frjóum laxi og 3.500 tonn af geldlaxi í samræmi við burðarþolsmat fjarðarins. Í frummatsskýrslu kýs rekstraraðili að byggja matið á 10.000 tona eldi á frjóum laxi og gerir því fyrirvara um að áhættumat fyrir Seyðisfjörð gæti breyst í framtíðinni. Í 4. mgr. 6. gr. a. fiskeldislaga nr. 71/2008 er mælt fyrir um að rekstrarleyfi og starfsleyfi skuli samrýmast staðfestu áhættumati erfðablöndunar. Umhverfisstofnun mun því við gerð starfsleyfis miða við það áhættumat sem er í gildi hverju sinni og samstillta starfsleyfisskilyrði við skilyrði í rekstrarleyfi Matvælastofnunar.

Umhverfisstofnun setur fram eftirfarandi athugasemdir og ábendingar við umfjöllun frummatsskýrslu:

### **Ástand sjávar**

Í frummatsskýrslu er vísað í mælingar Hafrannsóknarstofnunar sem gerðar voru í tengslum við burðarþolsmat stofnunarinnar fyrir Seyðisfjörð. Þar kemur fram að meðalstraumur í firðinum er veikur, hringrás sjávar er hæg og endurnýjunartími um 10-11 sólarhringar (bls. 44). Auk þess er tekið fram að súrefnismælingar bendi til þess að fjörðurinn sé síður viðkvæmur fyrir lífrænu álagi (bls. 59). Fram kemur að súrefnisinnihald og hitastig verði vaktað með sírita og sjávarsýni og botnssýni tekin reglulega í samræmi við vöktunaráætlun. Þá verða eldissvæði hvíld að jafnaði í 12 mánuði milli kynslóða og ávallt a.m.k. 90 daga í samræmi við reglugerð 540/2020 um fiskeldi. Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi stofnunarinnar fyrir starfseminni mun verða ákvæði þess efnis að Umhverfisstofnun geti einhliða frestað útsetningu seiða, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar.

Umhverfisstofnun bendir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og að þau vatnshlot sem framleiðslan fer fram hafa vatnshlotanúmerin 102-1322-C Seyðisfjörður og 102-1368 C Seyðisfjörður ytri. Vatnshlotið 102-1322-C Seyðisfjörður er skjólsælt vatnshlot þar sem búast má við frekari áhrifum uppsöfnunar næringarefna en utar í firðinum. Meðal álagsþátta á vatnshlotið er skólpfráveita þéttbýlis Seyðisfjarða auk fráveitu fiskvinnslu og fiskimjölsverksmiðju. Umhverfisstofnun telur að fjallað þurfi um áhrif uppsöfnunar næringarefna frá eldinu á vatnshlotin. Auk þess telur stofnunin að fjalla þurfi um samlegðaráhrif lífræns álags frá eldinu og annars álags á vatnshlotin. Við ákvörðun á tíðni

eftirlits Umhverfisstofnunar með starfsskyldri starfsemi er stuðst við áhættumat sem tekur meðal annars til þess hvort vatnshlot séu skjólsæl eða opin.

Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sem vísað er til í frummatsskýrslu, skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Ef vatnshlot samræmast ekki umhverfismarkmiðum þá skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. lögum um stjórn vatnamála. Í vöktunaráætlun fyrirtækisins þarf að gera ráð fyrir því að þeir gæðapættir sem unnið er með til að meta vistfræðilegt ástand séu vaktaðir. Sjá má yfirlit yfir þá gæðapætti í drögum að vatnaáætlun fyrir Ísland sem nú er í kynningu, bls 24.<sup>1</sup>

Umhverfisstofnun bendir á að reikniáðferð sem sett er fram fyrir uppleystan fosfór (DOP) í töflu 7 er ekki í samræmi við þæ aðferðir sem stofnunin styðst við vegna losunar næringarefna. Breytistuðullinn er 0,26 en ekki 0,21 en um er að ræða villu í formúlu sem hefur verið leiðrétt. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að útreikningar frummatsskýrslu séu leiðrétt í samræmi við þetta. Stofnunin getur útvegað rekstraraðila upplýsingar og leiðsögn um útreikninga sé þess óskað. Byggt á þeim upplýsingum sem tilgreindar eru í frummatsskýrslu um samsetningu fódurs og fódurstuðul telur Umhverfisstofnun ólíklegt að losun næringarefna frá eldinu fari yfir þau mörk sem stofnunin setur í starfsleyfi fyrir sjókvíaelði.

Í umfjöllun frummatsskýrslu um valkosti kemur fram að sérfóður þurfi við eldi á ófrjóum laxi og að munur sé í samsetningu þess og fódurs fyrir frjóan lax (bls. 28). Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma skýrt fram hvort magn næringarefna sem losað er í umhverfi sé mismunandi milli eldis á frjóum og ófrjóum laxi þar sem umhverfismat gerir ráð fyrir frjóum laxi en rekstraraðili hyggst ala að hluta til ófrjóan lax í firðinum í samræmi við áhættumat Hafrannsóknarstofnunar.

Niðurstaða frummatsskýrslu er að áhrif losunar næringarefna verði talsvert neikvæð undir kvíum en óveruleg annars staðar í firðinum. Umhverfisstofnun tekur undir niðurstöðu frummatsskýrslu um að áhrif framkvæmdar á ástand sjávar kunni að verða talsvert neikvæð á eldissvæðinu og telur að fjalla þurfi í endanlegri matsskýrslu um áhrif eldisins á hvort vatnshlot fyrir sig. Stofnunin telur að uppsöfnun næringarefna kunni að verða meiri í innra vatnshlotinu (102-1322-C Seyðisfjörður) en því ytra (102-1368 C Seyðisfjörður ytri) og að áhrif uppsöfnunar næringarefna kunni að verða neikvæð í innra vatnshlotinu. Þó telur stofnunin að með nægri hvíld eldissvæða byggðri á niðurstöðum vöktunar í rauntíma verði áhrifin afturkræf.

### **Botndýralíf og fjara**

Í frummatsskýrslu er fjallað um grunnástandsrannsóknir. Fram kemur að klóþangsfjara er ríkjandi í fjörunni við Háubakka og Sörlastaðavík og tekið fram að hún hefur hátt verndargildi samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands.

Fram kemur í frummatsskýrslu að eldissvæði verði að jafnaði hvíld í 12 mánuði milli kynslóða og að hvíldartími verði að lágmarki 90 dagar í samræmi við reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi. Vísað er til staðalsins NS 9410 þar sem svæði verða metin hvort þau séu hæf til útsetningar eða ekki þar sem ekki liggja fyrir viðmið um það hér á landi.

<sup>1</sup> [http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%3a1%3a6flun%202022-2027\\_DR%3a96G.pdf](http://vatn.is/library/sida/haf-og-vatn/Vatna%3a1%3a6flun%202022-2027_DR%3a96G.pdf)

Að mati Umhverfisstofnunar er mjög jákvætt að horft sé til þessa staðals þegar svæði eru metin og þá ákvarðanir teknar um hvort svæði sé í nógu góðu standi til útsetningar. Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi stofnunarinnar fyrir starfseminni mun verða ákvæði þess efnis að Umhverfisstofnun geti einhliða frestað útsetningu seiða, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar. Umhverfisstofnun bendir á að botndýralíf (botnþörungur og botnlægir hryggleysingjar) er meðal þeirra gæðapátta sem notaðir eru við mat á vistfræðilegu ástandi vatnshlota. Upplýsingar um gæðapætti og viðmiðunaraðstæður strandsjávarvatnshlota má finna í skýrslu Hafrannsóknarstofnunar þess efnis ásamt viðaukum hennar<sup>2</sup>.

Niðurstaða frummatsskýrslu er að áhrif framkvæmdar verði talsvert neikvæð á botndýralíf á áhrifasvæði eldisins en óveruleg annars staðar m.a. í fjörum, þá kemur fram að áhrifin séu afturkræf og gangi til baka með hvíld svæðisins milli kynslóða. Umhverfisstofnun tekur undir niðurstöðu frummatsskýrslu um að áhrif framkvæmdar á botndýralíf verði talsvert neikvæð á áhrifasvæði eldisins en að með þeim mótvægisáðgerðum sem fjallað er um í frummatsskýrslu verði áhrifin afturkræf. Umhverfisstofnun vísar athugasemdir sínar hér að ofan um lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Stofnunin ítrekar að samkvæmt reglugerðinni skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Mikilvægt er að fylgst verði með vistfræðilegu ástandi vatnshlotanna í gegnum vöktun.

### Ásýnd og landslag

Að mati Umhverfisstofnunar mun sú starfsemi sem fyrirhuguð er í Seyðisfirði breyta ásýnd og upplifun fólks af svæðinu þar sem kvíar verða sjáanlegar víða í firðinum. Sérstaklega mun eldissvæðið við Háubakka verða áberandi í þéttbýli fjarðarins komi til notkunar þess. Fram kemur í frummatsskýrslu að öll áhrif kvíanna á landslag og ásýnd fjarða eru afturkræf og að í heildina verði áhrifin talsvert neikvæð (bls. 121). Umhverfisstofnun tekur undir það sem fram kemur í skýrslu að áhrif fyrirhugaðrar framkvæmdar kunni að verða talsvert neikvæð á ásýnd fjarðarins og telur mikilvægt að leitast sé eftir því að lágmarka sjónræn áhrif.

### Fuglalíf

Fram kemur í frummatsskýrslu ekki var gerð sérstök athugun á fuglalífi í tengslum við mat á umhverfisáhrifum en gerð var samantekt sem unnin var af fuglafræðingi á vegum Náttúrustofu Austurlands fyrir framkvæmdaraðila. Um er að ræða skrásetningu á þeim fuglum sem sáust á svæðinu. Tekið er fram í tilkynningarskýrslu að við Seyðisfjörð er Skálanesbjarg sem er á skrá Náttúrufræðistofnunar Íslands yfir mikilvæg fuglasvæði en ekki sé talið líklegt að fiskeldið hafi áhrif á fuglalíf þar svo fjarri bjarginu (bls 4). Umhverfisstofnun bendir á að samantekt Náttúrustofu Austurlands byggir á fyrri áætlunum fyrirtækisins um eldisvæði að Háubökkum og Sörlastaðavík áður en eldissvæðin að Selstaðavík og Skálanesbót bættust við. Umhverfisstofnun telur að þar sem eldissvæðið við Skálanesbót er í um 2-3 kílómetra fjarlægð frá Skálanesbjargi kunni

<sup>2</sup> <https://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/Haf-og-vatn/G%C3%A6%C3%B0a%C3%BE%C3%A6ttir%20og%20vi%C3%B0mi%C3%B0%20strandsj%C3%A1varvatnshlota%202019.pdf>

eldið að hafa áhrif á fuglalíf þar. Aukið staðbundið fæðuframboð getur haft áhrif á dreifingu fugla á svæðinu. Stofnunin telur mikilvægt að fylgst sé með áhrifum eldisins á fuglalíf Skálanesbjargs og Seyðisfjarðar í heild.

Niðurstaða skýrslunnar er að áhrif framkvæmdar á fuglalíf verði óveruleg til talsvert jákvæð á áhrifasvæði framkvæmdar og óveruleg í Seyðisfirði sem heild (bls. 106). Umhverfisstofnun telur óvissu gæta um áhrif framkvæmdar á fuglalíf í Seyðisfirði og að fjalla þurfi um áhrif eldisstöðva við Selstaðavík og Skálanesbót á fuglalíf Skálanesbjargs. Breyting á dreifingu tiltekinnar fuglategunda, s.s. máva, geti haft áhrif á aðrar fuglategundir, s.s. æðarfugls.

### **Annað**

Endurnýting úrgangs: Slóg fer í mjölvinnslu hjá Arctic Protein og dauðfiskur kvarnaður og meltur í maurusýru sem er selt til Lýsis hf. sem notar í sínar afurðir. Í undantekningartilfellum er lífrænn úrgangur urðaður í Höfn á Hornafirði (bls 24). Umhverfisstofnun telur jákvætt að dauðfiskur og slóg sé nýtt sem hráefni í stað förgunar.

Valkostir og staðsetning: Valkostagreining frummatsskýrslu er ítarleg og tekur m.a. til ræktunar á frjóum laxi og geldlaxi auk þess sem gerður er samanburður á landeldi og opnum og lokuðum sjókvíum. Tilgreindir eru tveir kostir á útfærslu eldissvæðis við Háubakka. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að innan eldissvæða sé nægt rými til þess að flytja kvíar og finna þeim besta staðsetningu m.t.t. dreifingar úrgangs og vatnsgæða.

Náttúruvá: Fram kemur í kafla 2.5.5 að lítil hætta er talin af náttúruvá í Seyðisfirði. Tekið er fram að fiskeldi stafi ekki hætta af skriðum eða snjóflóðum. Umhverfisstofnun bendir á tilgreint eldissvæði við Háubakka liggur nærri skilgreindu snjóflóðahættusvæði í Aðalskipulagi Seyðisfjarðar. Samkvæmt ofanflóðakortasjá Veðurstofu Íslands hafa fallið snjóflóð í sjó við vesturenda fyrirhugaðs eldissvæðis við Háubakka. Umhverfisstofnun telur að ofanflóð gætu skaðað fiska og eldisbúnað sem gæti valdið neikvæðum áhrifum á umhverfi. Stofnunin telur óvissu gæta um áhrif ofanflóða á starfsemina og telur æskilegt að fjallað sé um áhrif þeirra og mótvægisáðgerðir rekstraraðila þeim tengdum í endanlegri matsskýrslu framkvæmdar.

Umhverfisvottun: Fram kemur í frummatsskýrslu að rekstraraðili sé með AquaGAP umhverfisvottun á eldi og vinnslu félagsins. Umhverfisstofnun telur að fjalla ætti með ítarlegri hætti í frummatsskýrslu um umfang og eðli vottunarinnar og hvaða hluta starfseminnar hún nær til.

Nótarpokar eldiskvíar: Í kafla 3.2 um eldiskvíar og búnað er tekið fram að ekki verði notast við nótarpoka með koparauðugum efnum til gróðurvarna heldur verði kvíarnar háþrýstipvegnaðar. Umhverfisstofnun bendir á að gera grein fyrir þeim valkosti ef slíkt staða kemur upp að notkun koparauðgaðra nótarpoka sé nauðsyn enda hefur þróunin verið í þá átt eftir reynslu eldisaðila. Að mati Umhverfisstofnunar þarf þá að fjalla um það í matsskýrslu og jafnframt að gera grein fyrir því í vöktunaráætlun rekstraraðila.

### **Niðurlag**

Umhverfisstofnun hefur metið áform framkvæmdaraðila og telur áhrif sjókvíaeldis Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði á umhverfisþætti, eins og þeim er lýst í frummatsskýrslu, vera eftirfarandi:

Ástand sjávar: Að áhrifin verði talsvert neikvæð innan eldissvæða og kunni að verða neikvæð í innra vatnshloti Seyðisfjarðar (102-1322-C Seyðisfjörður) en að áhrifin verði

afturkræf með nægri hvíld eldissvæða milli kynslóða byggða á niðurstöðum vöktunar í rauntíma.

Botndýralíf og fjara: Að áhrifin á botndýralíf verði talsvert neikvæð innan eldissvæða og kunni að verða neikvæð í innra vatnshloti fjarðarins en áhrifin verði afturkræf með nægri hvíld eldissvæða milli kynslóða byggða á niðurstöðum vöktunar í rauntíma.

Ásýnd og landslag: Að áhrifin verði talsvert neikvæð á ásýnd fjarðarins.

Fuglalíf: Að óvissu gæti um áhrif framkvæmdar á fuglalíf Seyðisfjarðar.

Umhverfisstofnun dregur fram eftirfarandi þætti sem fjalla ætti betur um í matsskýrslu framkvæmdar:

- Leiðréttá útreikninga á losun næringarefna frá eldinu.
- Áhrif á vistfræðilegt ástand vatnshlota Seyðisfjarðar.
- Samlegðaráhrif framkvæmdar og annarrar losunar á vatnshlot Seyðisfjarðar.
- Losun næringarefna frá eldi á geldlaxi.
- Áhrif á fuglalíf Skálanesbjargs og Seyðisfjarðar í heild.
- Áhrif ofanflóða í sjó á eldissvæðin og mótvægisáðgerðir.
- Umfang og eðli AquaGAP umhverfissvottunar.
- Áhrif mögulegrar notkunar á koparauðguðum nótarpokum og vöktun þeim tengdum.

Virðingarfyllst

Ísak Már Jóhannesson  
sérfræðingur

Steinar Rafn Beck Baldursson  
sérfræðingur



Skipulagsstofnun  
Jón Smári Jónsson  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður 15. janúar 2021  
Tilv. 2021-01-04-1191/2.4.1

Efni: Varðar 10.000 tonna framleiðsla á laxi í Seyðisfirði, Sveitarfélaginu Múlaþing

Í bréfi dagsettu 16. nóvember s.l. leitar Skipulagsstofnun umsagnar Fiskistofu varðandi frummatsskýrslu vegna fyrirhugaðar 10.000 tonna framleiðsla á laxi í Seyðisfirði, Sveitarfélaginu Múlaþing.

Þeir áhættuþættir sem Fiskistofa horfir til vegna sjókvíaeldis á laxi við Ísland felast í mögulegum áhrifum af því að strokulax af norskum uppruna blandast villtum laxi (erfðablöndun) og til þess að sjúkdómar eða sníkjudýr í eldisfiski geta smitað villta fiska og haft áhrif á viðkomu stofna þeirra.

Næsta veiðivatn við fyrirhugað sjókvíaelði er Fjarðará í Seyðisfirði. Þar veiðist einkum sjóbleikja en einnig veiðist lax í ánni. Veiðihagsmunir eru ekki miklir í næsta nágrenni við fyrirhugað eldi.

#### *Slysasleppingar*

Fram kemur í fram lagðri frummatsskýrslu að fyrirhuguð framleiðsla rúmist innan áhættumats Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar. Áhættumat Hafrannsóknastofnunar vegna erfðablöndunar er sá grundvöllur sem stuðst er við þegar áhætta vegna slysasleppinga er metin, sbr. lög um fiskeldi nr. 71/2008. Því telur Fiskistofa að með því að fylgja áhættumatinu séu líkur lágmarkaðar á því að vistfræðilegt tjón verði vegna slysasleppinga.

Afar jákvætt er að Fiskeldi Austfjarða hyggst nota að hluta til ófrjóa laxa í fyrirhuguðu eldi sínu í Seyðisfirði, en ef af því verður mun safnast dýrmæt reynsla sem getur gagnast vel við frekari uppbyggingu í fiskeldi á Íslandi.

Í frummatsskýrslunni kemur fram að áhrif vegna hugsanlegra slysasleppinga eru metin óveruleg og afturkræf í heildina.

Fiskistofa telur að nægilega sér gerð grein fyrir því í fram lagðri frummatsskýrslu hvernig staðið verði að framkvæmdum til að minnka líkur á því að laxar sleppi úr eldinu og þeim áformum sem minnka líkurnar á því að strokufiskur geti æxlast með villtum löxum (notkun gelfisks og stórra seiða/ljósastýring).

#### *Sjúkdómar og sníkjudýr*

Með auknum fjölda fiska og samþjöppun, eins og sjókvíaelði felur í sér, eykst hætta á vandamálum vegna sjúkdóma og sníkjudýra. Veiru- eða bakteríusmit getur borist úr sjókvíaelði í villta fiska en lítið er vitað um slík smit og kann hluti skýringarinnar á því að vera sú að erfitt hefur reynst að rannsaka það. Smit vegna sníkjudýra, s.s. laxalúsar, er



hinsvegar vel þekkt og getur slíkt smit, sérstaklega á þeim tíma þegar gönguseiði leita til sjávar, valdið verulegum afföllum í villtum laxastofnum<sup>(1)</sup>. Mögnun laxalúsar hefur verið vandamál í eldi á Vestfjörðum og hefur lyfjameðhöndlun reglulega verið heimiluð á undanförunum árum. En eins og bent er á í framlagðri frummatsskýrslu hefur laxalús ekki verið vandamál í sjókvíaeldi á Austfjörðum.

Ef laxalús magnast í sjókvíaeldi í Seyðisfirði gæti það haft áhrif á laxastofn Fjarðarár, en hann er lítill. Þekkt er að bleikja getur einnig borið laxalús, þó það sé fátíðara en fyrir lax og sjóbirting. Laxalús gæti haft áhrif á viðkomu sjóbleikju ef laxalús magnast í umhverfis hennar, en þar sem hún dvelur takmarkaðan tíma í sjó kunna líkurnar á því að vera litlar eins og fram kemur í fram lagðri frummatsskýrslu. Fiskistofa telur þó að nokkuð skorti á upplýsingar um hugsanleg áhrif laxalúsar á viðkomu bleikjustofna.


Fiskistofa telur að nægilega sér gerð grein fyrir því í fram lagðri frummatsskýrslu hver hugsanleg áhrif kunna að verða ef laxalús magnast í eldinu.

Fiskistofa gerir ekki frekari athugasemdir við fram lagða frummatsskýrslu.

Virðingarfyllst,  
Fiskistofa

Guðni Magnús Eiríksson  
Sviðsstjóri lax- og silungsveiðisviðs

1. Bohn T, Gjelland Ko, Serra-Lliares RM, et.al. 2020. Timing is everything: Survival of Atlantic salmon *Salmo salar* postsmolts during events of high salmon lice densities. *J Appl Ecol.* 2020; 57:1149–1160. <https://doi.org.10.1111/> 1365-2664.13612



Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík


Reykjavík 6. janúar 2021

Tilvísun: 2101023/0.7.2

## Efni: Umsögn um áform Fiskeldis Austfjarða um fiskið í Seyðisfirði

Það er þrennt sem Landhelgisgæsla Íslands vil benda á varðandi það sem fram kemur í frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða um áform um fiskið í Seyðisfirði.

- 1) Í öðrum kafla, grein 2.2 segir: „Taka verður fram að ekki er til neitt sem heitir skilgreindar siglingaleiðir í firðinum.“ Þetta er ekki allskostar rétt. Brimnesviti leiðbeinir sjófarendum sem eiga leið um Seyðisfjörð. Vitinn er geiraskiptur og hvítu geirinn markar siglingaleiðina (hvítt vitaljós er táknað með gulum lit á sjókortum). Meðfylgjandi skjámynd sýnir þetta. Inn á myndina eru dregin mörk svæða sem talin eru upp í töflu 1 á bls. 6 í frummatsskýrslunni. Sama skjámynd er í viðhengi í pdf.



- 2) Þá er ástæða til að benda á, þótt fyrirvarar séu gerðir við staðsetningu sbr. texta með mynd 2 á bls. 7 í frummatsskýrslunni, að svæðið í Sörlastaðavík nær inn í hvíta geirann. Þarna þyrfti að hnika staðsetningu til, þannig að svæðið sé allt utan þessa hvíta geira sem markar siglingaleið um fjörðinn.

- 3) Settir eru fram tveir valkostir fyrir svæðið undir Háubökkum (innst í firðinum). Valkostur B nær yfir sem nú er merkt sem ankerislægi skipa. Annað tveggja þarf að gerast. Valkostur B sé strikaður út eða hafnaryfirvöld á Seyðisfirði samþykki að færa akkerislægið. Þessu til viðbótar er vert að benda á að flakið af El Grillo ekki langt undan.




Virðingarfyllt,

---

Árni Þór Vésteinsson  
Deildarstjóri sjómælinga- og siglingaöryggisdeildar

Hvítur geiri Brimnesvita markar siglingaleið um Seyðisfjörð



Jón Smári Jónsson  
Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík



Selfoss, 9. desember 2020  
Tilvísun: 2011453

## Efni: Umsögn Matvælastofnunar um frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða fyrir 10.000 tonna hámarkslífmassa af laxi í Seyðisfirði

Vísað er í beiðni Skipulagsstofnunar um umsögn, dagsett 13. nóvember 2020, vegna laxeldis Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði þar sem gert er ráð fyrir 10.000 tonna hámarkslífmassa. Tilvonandi framkvæmd gerir ráð fyrir 10.000 tonna framleiðslu og 10.000 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Þar sem lög nr. 71/2008 um fiskeldi gera ráð fyrir að stærð fiskeldisstöðvar sé mælt í leyfilegum lífmassa þá mun Matvælastofnun fjalla um framkvæmdina m.t.t. hámarkslífmassa. Burðarþol Seyðisfjarðar gerir ráð fyrir 10.000 tonna lífmassa en áhættumat fjarðarins gerir ráð fyrir 6.500 tonna lífmassa af frjóum laxi.

Matvælastofnun gefur út rekstrarleyfi í samræmi við lög um fiskeldi, nr. 71/2008, og reglugerð um fiskeldi, nr. 540/2020, auk þess sem stofnunin hefur eftirlit með fisksjúkdómum og forvörnum gegn þeim, í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Matvælastofnun telur að ekki sé gerð nægjanlega grein fyrir neðangreindum atriðum í frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða vegna framkvæmdarinnar.

Uppfæra þarf upplýsingar er varða stofna laxfiska og laxveiðiár á Austurlandi í kafla 2.4 til ársins 2020 (bæði í texta og töflum). Einnig þarf að uppfæra upplýsingar í kafla 2.5 um samfélag að Seyðisfjörður sé hluti af Múlapingi.

Í kafla 3.6 um förgun úrgangs kemur fram að Lýsi hf. kaupir og nýtir meltu úr meltutönkum Fiskeldis Austfjarða. Matvælastofnun vill árétta að sækja þarf um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra í þjónustugátt stofnunarinnar á [www.mast.is](http://www.mast.is) (umsókn 1.07).

Í kafla 3.7 um hvíld svæða og sjúkdómavarnir kemur fram að öll seiði verði bólusett í samráði við yfirdýralækni fisksjúkdóma hjá MAST en er átt við dýralækni fisksjúkdóma. Einnig kemur Embætti dýrlæknis fisksjúkdóma fram í kafla 6.4.4 um vöktun og mótvægisáðgerðir en á að vera Matvælastofnun.

Í kafla 6.3 um sjúkdóma kemur fram að skimað sé eftir veirusjúkdómum og ekki hafi komið upp smit hér á landi. Í nóvember 2019 kom fyrst upp IPN veira í laxi á Austurlandi sbr. frétt MAST á þeim tíma.

Í frummatsskýrslunni er ekki fjallað um mögulega olíumengun frá skipsflaki El Grillo, en síðast var vart við olíuleka sl. sumar. Stofnunin vill koma því á framfæri að Brimberg er með rekstrarleyfi til kræklingaeldis IS-36068 á tveimur staðsetningum í Seyðisfirði en það leyfi fellur úr gildi 28. janúar 2021.

Matvælastofnun telur mikilvægt að framkvæmdaraðili fjalli um fjarlægðarmörk tilvonandi eldissvæða í Seyðisfirði frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu í samræmi við 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.

Matvælastofnun ítrekar að það þurfi að gera grein fyrir ofangreindum atriðum áður en til leyfisveitinga kemur.

Virðingarfyllst  
f.h. Matvælastofnunar

*Erna Karen Óskarsdóttir*  
Erna Karen Óskarsdóttir  
Fagsviðsstjóri fiskeldis



**Skipulagsstofnun**  
**Borgartúni 7b**  
**105 Reykjavík**

Málsnúmer: 202011108

**Egilsstöðum 3. desember 2020**

**Efni: 10.000 tonna framleiðsla á laxi í Seyðisfirði, frummatsskýrsla - umsagnarbeiðni**

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dags. 16. nóvember sl., þar sem ofangreint erindi er sent til umsagnar hjá Múlaþingi.

**Almennt um frummatsskýrsluna**

Meginefni skýrslunnar er umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum af 10.000 tonna laxeldi í Seyðisfirði. Í samantekt í upphafi er áætluðum áhrifum lýst og mati höfunda á því hver þau eru. Þar kemur fram að Hafrannsóknarstofnun hefur gefið út burðarþolsmat fyrir Seyðisfjörð upp á 10.000 tonna lífmassa að hámarki en einnig hefur stofnunin gert tillögu til ráðherra að áhættumati fyrir Seyðisfjörð. Skýrsla Hafrannsóknarstofnunar er ítarleg og gerir grein fyrir helstu þáttum sem máli skipta við ákvörðun á hámarks burðarþoli fjarðarins. Athygli verkur að straumhraði er ekki mikill og endurnýjun í firðinum tekur u.þ.b. 10 daga.

Höfundar frummatsskýrslunnar virðast ganga út frá því að öll starfsemi miðist við hámarks burðarþol fjarðarins sem vekur upp spurningar um það hvort ekki væri skynsamlegra að miða við um helming af hámarks álagi í 3 – 5 ár og meta áhrifin af því, ekki síst í ljósi þess að fjörðurinn er þröngur og djúpur og hitastig sjávar mjög lágt um langan tíma á árinu sem hefur veruleg áhrif á niðurbrot úrgangs frá eldinu.

Samantekt í upphafi fjallar að miklu leyti um tæknileg atriði varðandi framleiðslu á laxi, efnahagsleg áhrif á byggðarlagið, samlegðaráhrif við ferðaþjónustu o.fl. Múlaþing telur mikilvægt að horfa til þess að auk þess að meta áhrif á þessa þætti þurfi að fjalla mun betur um áhrif á ásýnd og yfirbragð, umhverfið sem heild og áhrif á íbúa og atvinnulíf einkum hafnsækna starfsemi og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að horfa til náttúruverndarsjónarmiða varðandi starfsemina, umferð um fjörðinn, ljósmengun og hljóðmengun, áhrif efna sem notuð eru við eldið á umhverfið, einkum áhrif á botndýralíf, fugla- og dýralíf. Þá er óhjákvæmilegt að meta áhrif á margar tegundir hvala og sela sem eru tíðir gestir í firðinum og jafnvel fleiri tegundir eins og rostunga sem eru hluti af fjölskrúðugu dýralífi.

Rétt er að benda á að uppfæra þarf skýrsluna til samræmis við sameiningu sveitarfélaga sem varð nú á haustdögum.

## Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir  
Sími 4 700 700  
mulathing@mulathing.is  
www.mulathing.is





### Valkostir sem matið á að taka til

Fjallað er um tvo valkosti, núllkost og framkvæmdakost. Múlaþing telur eðlilegt að fjalla um þá tvo kosti en jafnframt ætti að taka til skoðunar hófsamari framkvæmdakost, sem gæti falist í færri staðsetningu eða minna umfangi. Í skýrslunni er fullyrt að framkvæmdakostur falli vel að skipulagsáætlun hvað varðar starfsemi sem sé í sátt við samfélag og umhverfi. Múlaþing telur að þetta þurfi að rökstyðja betur og jafnframt að umfjöllun um núllkost sé sett fram með hlutlægum hætti í skýrslunni.

### Umhverfispættir sem matið á að taka til.

Í frummatsskýrslunni er fjallað um tiltekna þætti í kafla 6. Múlaþing telur að betri umfjöllun þurfi um nokkra þætti. Gera þarf grein fyrir áhrifum á staðbundin búsvæði skelfisks utan við fyrirhugaðar kvíar í Selstaðavík nærri Brimnesi og staðbundin búsvæði ígulkerja í Sörlastaðavík. Einnig sérstaklega á skilyrði botnfisks í firðinum og hver þau verði til lengri tíma ef gengið verður á ystu mörk varðandi burðarþol fjarðarins.

Umfjöllun um fuglalíf er heldur rýr og verður að gera kröfu um að sá þáttur sé skoðaður mun betur. Á firðinum eru langdvölum stór hluti af æðarfugli úr varplandi við Skálanes og úr Loðmundarfirði. Fjölmargar tegundir sjófugla, svo sem margar tegundir af svartfugli og mávum, kría, lundi o.fl. hafa aðsetur í firðinum. Fuglalíf er fjölbreytt og mismunandi eftir árstíðum og það er mikilvægt að því sé gerð góð skil og áhrif á það verði metin með vönduðum hætti.

Varðandi menningarminjar þá eru þekktar sagnir um skipsflök á hafsbotni í firðinum, sem eru eldri en 100 ára og þar með friðuð, og er þar vafalaust mun fleiri að finna en þau sem sagnir hafa varðveist um. Þó svo að flak El Grillo sé ekki friðað samkvæmt þjóðminjalögum, er þar sannarlega um að ræða þekktar minjar og merkilegar sem rétt er að gera grein fyrir. Ekki er ósennilegt að þau séu að finna undir fyrirhuguðum flákum eldiskvía og þyrfti að kanna það áður en til framkvæmda kemur.

Áhrif á landslag og ásýnd þarf mun betri umfjöllun. Það er ljóst að ásýnd og yfirbragð fjarðarins mun breytast við það að flákar af eldiskvíum verði settir á fjórar kyrrlátar vikur. Aðstæður eru þannig að kvíarnar verða áberandi einkum úr nokkurri hæð séð, þar sem fjörðurinn er þröngur, undirlendi lítið, sveitabæirnir eru í um 50 m hæð yfir sjó og vegirnir með firðinum eru það að verulegu leyti líka er sjónarhornið almennt þannig. Vinsælar gönguleiðir liggja um hlíðarnar yfir fjallaskörð og upp á tinda. Upplifun íbúa og gesta mun breytast. Auk þess þarf að meta áhrif vegna ljósmengunar, hljóðmengunar og umferðar um fjörðinn betur. Fjörðurinn er afar vinsæll til myndatöku ekki síst norðurljósamýnda sakir þess hve ljósmengun er lítil. Allt þetta mun breytast og áhrifin eru neikvæð. Umfjöllun um þennan þátt í samantekt skýrsluhöfunda er ekki allskostar fullnægjandi.

Umfjöllun um áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda vegna þessara framkvæmda virðist vanta en ástæða er til að þau áhrif verði metin og tekin til skoðunar með öðrum þáttum.

Fullyrt er að áhrif framkvæmdarinnar séu afturkræf. Í því samhengi er nauðsynlegt að lagt sé mat á hversu langan tíma það tekur að komast á jafnvægi í firðinum á nýjan leik og náttúruna að jafna sig að fullu.

## Múlaþing

Lyngáasi 12, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4 700 700  
mulathing@mulathing.is  
www.mulathing.is







Þá er nauðsynlegt að meta sérstaklega áhættu af því að óhöpp kunni að verða þar sem fjörðurinn er þröngur og siglingaleiðir skipa víða nálægt fyrirhuguðum eldiskvíum.

Það er mat Múlaþings að umfjöllun um þessa þætti sé ekki allskostar fullnægjandi í skýrslunni.

### Gagnaöflun og úrvinnsla.

Í frummatsskýrslunni er gerð grein fyrir gagnaöflun og úrvinnslu gagna. Þar kemur fram að búið er að rannsaka ýmsa þætti fyrirhugaðra framkvæmda ítarlega, og sérstaklega virðist skýrsla Hafrannsóknarstofnunar vönduð og rík af upplýsingum. Um aðra þætti eru gögn takmörkuð og þarf frekari upplýsingaöflun. Umfjöllun um þætti sem hér eru raktir að ofan þarf að byggjast á betri gagnaöflun og í mörgum tilfellum nýrri gögnum. Sérstaklega er ástæða til að benda á að ástæða er til að afla nýrri og betri gagna um umfang ferðaþjónustu og tengdrar starfsemi.

Ekki verður séð að nein gögn séu tekin saman sem sýna sérstaklega komur skemmtiferðaskipa, eða að reynt sé að leggja mat á hugsanlega áhrif eldisins, einkum staðsetningar þess við Háubakka, á möguleika stærra skipa af því tagi til að athafna sig í höfninni og við hana. Auk þess þyrfti að styðja fullyrðingar um efnahagslega þætti, ávinning og samlegð með ferðaþjónustu með betri gögnum. Sem dæmi má þar nefna að forsendur fyrir fjölda heilsársstarfa á Seyðisfirði eru í besta falli óljósar og ætti að vera hægt að gera betur. Hið sama má segja um mat á mögulegum tekjum sveitarfélagsins í gegnum höfnina, þar sem minnst er á hafnargjöld og sérstakt gjald á fiskeldi en ekki tilgreindar fjárhæðir.

Ekki verður séð að fyllilega sé rökstutt að reglur um lágmarksfjarlægð milli eldis í sjó eigi ekki við í þessu tilfelli þegar horft er til kræklingaeldis sem rekstrarleyfi er fyrir í firðinum.

Gera má athugasemd við það mat skýrsluhöfunda að hætta á ofanflóðum í Seyðisfirði sé lítil og ekki verður séð að notast sé við gildandi hættumat Veðurstofu Íslands í kafla um náttúruvá.

Setja verður spurningamerki við það mat skýrsluhöfunda, byggt á einni setningu í nefndarálitni umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, að gerð haf- og strandsvæðaskipulags á svæðinu muni ekki hafa áhrif á áform um eldi í firðinum.

Kafla um aðrar nytjar í firðinum er rýr og lítið vísað til heimilda þar. Til dæmis kemur þar aðeins fram að æður sé í firðinum en ekki verndað æðarvarp. Ekki kemur þar fram að nytjað æðarvarp er á Skálanesi.

Múlaþing leggur ríka áherslu á að úrvinnsla og samanburður á mögulegum útfærslum við núllkost verði unnin og sett fram með skýrum hætti þar sem áhrif á náttúru, umhverfi, íbúa, atvinnulíf og samfélag verði borið saman með hliðsjón af gæðum hins byggða umhverfis og náttúruverndar.

### Umhverfisáhrif og framsetning í frummatsskýrslu.

Mikilvægt er að gera grein fyrir heildaráhrifum á náttúru, umhverfi og samfélag, m.t.t. lífsgæða íbúa og náttúruverndar. Sérstök áhersla er lögð á að niðurstöður um umhverfisáhrif mismunandi valkosta við núllkost verði settar fram með skýrum hætti þar sem áhrif á náttúruna, umhverfið og íbúa svæðisins verði tekin til skoðunar og niðurstöðurnar kynntar með samanburði á áhrif af vali mismunandi kosta.

## Múlaþing



Heildarniðurstaða skýrsluhöfunda um að áhrifin séu verulega jákvæði virðist ekki alveg að öllu leyti í samræmi við umfjöllun en kemur þannig út með því að efnahagslegir og hagrænir þættir eldisins og áhrif þeirra virðast fá meira vægi í niðurstöðunni en aðrir þættir sem metnir eru neikvæðir og hafa áhrif á náttúruna.

### Leyfisveitingar á hendi Múlaþings

Múlaþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

### Samantekt og niðurstaða


Á grundvelli þess sem að framan segir um efni frummatskýrslunnar er ljóst að í mikilvægum atriðum er henni ábótavant og ýmsar upplýsingar óljósar og af skornum skammti. Óhjákvæmilegt er því að kalla eftir ítarlegri rannsóknnum og gagnaöflun áður en lengra er haldið. Frumforsenda þess að hægt sé að taka upplýsta afstöðu til þessa stóra máls sem hér um ræðir er að fulltrúar sveitarfélagsins, aðrir hagsmunaaðilar og samfélagið í heild hafi mjög vönduð gögn í höndum.

Bent er á að haf- og strandsvæðaskipulag bíður staðfestingar innan tveggja ára. Með tilkomu þess verður betur tryggð aðkoma sveitarfélagsins og samfélagsins alls að ákvarðanatöku um nýtingarmöguleika Seyðisfjarðar og á grunni vandaðra rannsókna. Það er álit bæði Skipulagsstofnunar og Svæðisráðs Austfjarða, sem hefur haf- og strandsvæðaskipulag með höndum, að æskilegra sé að firðir og flóar verði skipulagðir fyrst eða samhliða áformum um meiriháttar áform um nýtingu.

Að lokum er óhjákvæmilegt að minnst á það hversu óeðlilegt það er að skipulagsvald sveitarfélaga ná ekki til hafsvæða inni á fjörðum, þar sem sú staða getur verið uppi að mannvirki á haffletinum hafi fullt eins mikil áhrif á umhverfi og ásýnd sveitarfélagsins og þau sem á landi eru.

Virðingarfyllst,

h. Múlaþings

  
Sigurður Jónsson  
Skipulagsfulltrúi

## Múlaþing

Lyngási 12, 700 Egilsstaðir  
Sími: 4 700 700  
mulathing@mulathing.is  
www.mulathing.is

## Viðauki 24: Samantekt umsagna og viðbrögð við þeim

Kafli	2.2	Efnisatriði:	Siglingar
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
1	Landhelgisgæslan	Í öðrum kafla, grein 2.2 segir: „Taka verður fram að ekki er til neitt sem heitir skilgreindar siglingaleiðir í firðinum.“ Þetta er ekki allskostar rétt. Brimnesviti leiðbeinir sjófarendum sem eiga leið um Seyðisfjörð. Vitinn er geiraskiptur og hvíti geirinn markar siglingaleiðina (hvítt vitaljós er táknað með gulum lit á sjókortum).	<i>Umfjöllun í kafla 5.1 í matsskýrslu (kafla 2.2 í frummatsskýrslu) hefur verið uppfærð með hliðsjón af þessum athugasemdum.</i>
2	Landhelgisgæslan	Þá er ástæða til að benda á, þótt fyrirvarar séu gerðir við staðsetningu sbr. texta með mynd 2 á bls. 7 í frummatsskýrslunni, að svæðið í Sörlastaðavík nær inn í hvíta geirann. Þarna þyrfti að hnika staðsetningu til, þannig að svæðið sé allt utan þessa hvíta geira sem markar siglingaleið um fjörðinn.	<i>Umfjöllun í kafla 5.1 í matsskýrslu (kafla 2.2 í frummatsskýrslu) hefur verið uppfærð með hliðsjón af þessum athugasemdum.</i> Haft verður samráð við hafnarstjórn Seyðisfjarðarhafnar um merkingar og ljósabúnað á eldiskvíum í Sörlastaðavík. Ljósabúnaður mun verða staðsettur með tilliti til vitans á Brimnesi.
3	Landhelgisgæslan	Settir eru fram tveir valkostir fyrir svæðið undir Háubökkum (innst í firðinum). Valkostur B nær yfir sem nú er merkt sem ankerislægi skipa. Annað tveggja þarf að gerast. Valkostur B sé strikaður út eða hafnaryfirvöld á Seyðisfirði samþykki að færa akkerislægið. Þessu til viðbótar er vert að benda á að flakið af El Grillo ekki langt undan.	Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæði við Háubakka. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
4	Múlaþing	Þá er nauðsynlegt að meta sérstaklega áhættu af því að óhöpp kunni að verða þar sem fjörðurinn er þröngur og siglingaleiðir skipa víða nálægt fyrirhuguðum eldiskvíum.	Fiskeldi Austfjarða mun sjá til þess að staðsetning sjókvía valdi ekki truflun á siglingaleiðum og merkingar kvía verði fullnægjandi og í samræmi við 35. gr. rgl. nr. 540/2020 og jafnframt sjá til þess að ekkert skyggi í leiðarmerki á sjó og að ljós eða önnur merki geti ekki villt fyrir sjófarendum. <i>Framangreint hefur verið sett inn í umfjöllun í matsskýrslu, kafla 2.2.</i> Með þessu fyrirkomulagi verður lágmörkuð hætta á óhöppum vegna siglinga nálægt eldiskvíum.
5	Samgöngustofa	Á grundvelli 6. mgr. 10. gr. [laga um vitamál] skal leita umsagnar Samgöngustofu um legu og merkingu hvers kyns fljótandi mannvirkja á sjó, svo sem fiskeldiskvía, mælitækja í sjó og verðurdufla.	Fiskeldi Austfjarða mun leita eftir umsögn frá Samgöngustofu áður en eldiskvíum og tengdum mannvirkjum verður komið fyrir á eldissvæðum. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

6	Samgöngustofa	Mikilvægt er að þess sé gætt að staðsetning eldissvæða valdi ekki truflunum á siglingum og vill Samgöngustofa áréttu að þess sé gætt að staðsetning eldissvæðanna feli ekki í sér farartálma, sbr. 10. gr. laga um vitamál. Telur Samgöngustofa brýnt að ávallt sé leitað álits heimamanna og annarra, sem reglulega sigla um firðina, Landhelgisgæslunnar, Samtaka skipstjórnarmanna og jafnvel fleiri aðila, áður en staðsetning eldiskvía er heimiluð.	<p>Í frummatsskýrslu er byggt á gögnum úr gagnagrunni Marinetraffic.com, sem birtir ekki eingöngu siglingar skipa í rauntíma heldur einnig sögu siglinga. Samkvæmt þessum gögnum á fyrirhuguð staðsetning ekki að valda truflunum á siglingum eða verða farartálmi, enda eldissvæðin sem slík ekki mannvirki í sjálfu sér.</p> <p>35. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi segir að tilkynna skal hnitsetningar ankera og tóga sjókvíaeldisstöðvar til Landhelgisgæslu Íslands. Það á einnig við um ef sjókvíaeldisstöð er færð innan þess svæðis sem hún er staðsett á. Því verður þess gætt að staðsetning sjókvíaeldisstöðva valdi ekki truflun á siglingum.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
7	Samgöngustofa	Þess sé gætt að merkingar séu fullnægjandi, sbr. t.d. 13. gr. rgl. nr. 401/2012 um fiskeldi.	<p>Fiskeldi Austfjarða bendir á að reglugerð nr. 401/2012 um fiskeldi er ekki í gildi og hefur ekki verið það síðan árið 2015. Samgöngustofa er hvött til að kynna sér nýja reglugerð vegna umsagna í framtíðinni.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða mun sjá til þess að staðsetning sjókvía valdi ekki truflun á siglingaleiðum og merkingar kvía verði fullnægjandi og í samræmi við 35. gr. rgl. nr. 540/2020 og jafnframt sjá til þess að ekkert skyggi í leiðarmerki á sjó og að ljós eða önnur merki geti ekki villt fyrir sjófarendum.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
8	Samgöngustofa	Framkvæmdaaðili tilkynni Sjómaelingum Íslands um staðsetningu þegar framkvæmdir hefjast.	<p>Staðsetning sjókvíaeldisstöðva verður tilkynnt Landhelgisgæslu Íslands.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
9	Samgöngustofa	Við allar framkvæmdir sé þess enn fremur gætt að ekkert sé byggt sem skyggt geti á leiðarmerki frá sjó og að þess sé gætt að ekki séu sett upp ljós eða önnur merki sem villt geta um fyrir sjófarendum.	<p>Fiskeldi Austfjarða mun sjá til þess að ekkert skyggi á leiðarmerki á sjó og að ljós eða önnur merki geti ekki villt fyrir sjófarendum.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

10	Samgöngustofa	Verið er að vinna að gerð strandsvæðaskipulags á Austfjörðum og er mikilvægt að höfð sé hliðsjón af þeirri vinnu við allar leyfisveitingar o.þ.h. á svæðinu.	Athugasemdin varðar afgreiðslu leyfisveitanda á væntanlegri umsókn Fiskeldis Austfjarða um leyfi til laxeldis í Seyðisfirði. Fyrirtækið telur það ekki sitt að taka afstöðu til athugasemdarinnar. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
11	Vegagerðin	Allar sjóeldiskvíar fyrir eldið liggja innan hafnamarka Seyðisfjarðarhafnar og Vegagerðin vísar því til ábyrgðar hafnaryfirvalda um að nauðsynlegar leiðbeiningar til öryggis á siglingaleiðum innan hafnamarka verði ekki skertar og séu rétt merktar og fullnægjandi fyrir siglingar á hafnarsvæðinu. Áhættumat vegna siglinga og samantekt á stærð skipa virðist ekki hafa farið fram, né hefur verið greint hverskonar skipaumerfið fari um hafnarsvæðið. Slíkt mat liggur til grundvallar um merkingar á hafnarsvæðum m.t.t. siglinga. Vegagerðin getur krafið hafnarstjórn um að láta, á eigin kostnað, gera þá vita og önnur leiðarmerki sem Vegagerðin telur nauðsynleg til öryggis siglinga um viðkomandi hafnarsvæði. Því óskar Vegagerðin eftir samráði við rekstraraðila hafnarsvæðis áður en rekstrarleyfi er veitt til að gera betur grein fyrir merkingum á siglingaleiðum m.t.t. stærðar skipa sem nota fjörðinn og siglingabéttleika.	Áður en framkvæmdin byrjar mun Fiskeldi Austfjarða vinna með hafnaryfirvöldum á Seyðisfirði við að meta áhættu vegna siglinga í firðinum á vegum fyrirtækisins. Fiskeldi Austfjarða er reiðubúið til að hafa samráð um nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja öryggi sjófarenda. <i>Umfjöllun í kafla 5.1 í matsskýrslu (kafla 2.2 í frummatsskýrslu) hefur verið breytt í samræmi við framangreint.</i>
<b>Kafli</b>	2.4	<b>Efnisatriði:</b>	Laxveiðiár
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
12	Matvælastofnun	Uppfæra þarf upplýsingar er varða stofna laxfiska og laxveiðiár á Austurlandi í kafla 2.4 til ársins 2020 (bæði í texta og töflum).	<i>Matsskýrsla hefur verið uppfærð til ársins 2019. Þegar þetta er ritað hefur Hafrannsóknastofnun ekki birt veiðitölur fyrir árið 2020.</i>
<b>Kafli</b>	2.5	<b>Efnisatriði:</b>	Sameining sveitarfélaga
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
13	Matvælastofnun	[Uppfæra þarf] upplýsingar í kafla 2.5 um samfélag að Seyðisfjörður sé hluti af Múlaþingi.	<i>Matsskýrsla hefur verið uppfærð m.t.t. sameiningarinnar.</i>

14	Múlaþing	Rétt er að benda á að uppfæra þarf skýrsluna til samræmis við sameiningu sveitarfélaga sem varð nú á haustdögum.	<i>Matsskýrsla hefur verið uppfærð m.t.t. sameiningarinnar.</i>
<b>Kafli</b>	2.5.2	<b>Efnisatriði:</b>	Skipulag
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
15	Múlaþing	Setja verður spurningarmerki við það mat skýrsluhöfunda, byggt á einni setningu í nefndaráliti umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, að gerð haf- og strandsvæðaskipulags á svæðinu muni ekki hafa áhrif á áform um eldi í firðinum.	Umhverfismat vegna eldis á 10.000 tonna framleiðslu á laxi, miðað við lífmassa, hófst árið 2016. Lög nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða voru samþykkt árið 2018. Grunnregla í stjórnýslurétti er að lög eru ekki afturvirk og hafa ekki áhrif á framkvæmdir sem þegar eru komnar á stað. Af þessum sökum er ekki óeðlilegt að benda á að í samþykktu nefndaráliti samgöngu- og umhverfisnefndar Alþingis, dagsett 7. júní 2018, kemur skýrt fram að lögin séu ekki afturvirk og hafi ekki áhrif á mál sem þegar voru í ferli hjá viðeigandi stofnunum. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
16	Múlaþing	Bent er á að haf- og strandsvæðaskipulag bíður staðfestingar innan tveggja ára. Með tilkomu þess verður betur tryggð aðkoma sveitarfélagsins og samfélagsins alls að ákvarðanatöku um nýtingarmöguleika Seyðisfjarðar og á grunni vandaðra rannsókna. Það er álit bæði Skipulagsstofnunar og Svæðisráðs Austfjarða, sem hefur haf- og strandsvæðaskipulag með höndum, að æskilegt sé að firðir og flóar verði skipulagðir fyrst eða samhliða áformum um meiriháttar áform um nýtingu.	Í athugasemd Fiskeldis Austfjarða við lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum er lögð áhersla á að upplýsingar um mál sem eru í formlegu ferli við mat á umhverfisáhrifum hjá Skipulagsstofnun séu nýttar við gerð strandsvæðisskipulagsins. Í svari svæðisráðs, sem ber ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags, segir að horft verði til þeirra mála sem eru í ferli á Skipulagsstofnun á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II í lögum um fiskeldi og einnig verði fylgst með málum sem eru í vinnslu vegna breytinga á leyfum. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

Kafli	2.5.5	Efnisatriði:	Náttúruvá
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
17	Múlaping	Gera má athugasemd við það mat skýrsluhöfunda að hætta á ofanflóðum í Seyðisfirði sé lítil og ekki verður séð að notast sé við gildandi hættumat Veðurstofu Íslands í kafla um náttúruvá.	<p>Hættumat Veðurstofu Íslands á við þéttbýlið í Seyðisfirði. Skammt undan landi frá bænum var áformað að hafa eldissvæði, kennt við Háubakka, eins og fjallað var um í frummatsskýrslu. Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá áætlun um að nýta eldissvæðið. Eldissvæði sem nota á eru fjarri byggðinni.</p> <p>Samkvæmt Ofanflóðakortasjá Veðurstofu Íslands hafa ofanflóð gengið í sjó fram vestan við eldissvæðið við Sörlastaðavík, en ekki í nágrenni annarra eldisvæða. Áhrif ofanflóða á sjókvíar og festingar á botni stafa af öldu, sem flóðin skapa. Eldiskvíar sem notaðar verða eru hannaðar til að þola allt að níu metra ölduhæð. Fiskeldi Austfjarða telur ólíklegt að kvíar við Sörlastaðavík verði fyrir hærri öldu vegna ofanflóðs.</p> <p><i>Í matsskýrslu er ítarlegri umfjöllun um náttúruvá í kafla 3.4.4.</i></p>
18	Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun bendir á tilgreint eldissvæði við Háubakka liggur nærri skilgreindu snjóflóðahættusvæði í Aðalskipulagi Seyðisfjarðar. Samkvæmt ofanflóðakortasjá Veðurstofu Íslands hafa fallið snjóflóð í sjó við vesturenda fyrirhugaðs eldissvæðis við Háubakka. Umhverfisstofnun telur að ofanflóð gætu skaðað fiska og eldisbúnað sem gæti valdið neikvæðum áhrifum á umhverfi. Stofnunin telur óvissu gæta um áhrif ofanflóða á starfsemina og telur æskilegt að fjallað sé um áhrif þeirra og mótvægisáðgerðir rekstraraðila þeim tengdum í endanlegri matsskýrslu framkvæmdar.	<p>Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá áætlun um að nýta eldissvæðið við Háubakka. Eldissvæði sem nota á eru fjarri byggðinni.</p> <p><i>Í matsskýrslu er ítarlegri umfjöllun um náttúruvá í kafla 3.4.4.</i></p>
Kafli	3.1	Efnisatriði:	Eldislax
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
19	Hafrannsóknastofnun	Frummatsskýrslan sem er hér til umsagnar fjallar um framleiðslu á 10.000 tonn af frjóum eldislaxi af norskum uppruna þrátt fyrir að sótt sé um 6.500 tonn af frjóum eldislaxi og 3.500 tonn af ófrjóum eldislaxi sem í raun eru framkvæmdir sem ekki hafa að öllu leyti sömu umhverfisáhrif	<p>Það er sjónarmið Fiskeldis Austfjarða að umfjöllun um eldi á 10.000 tonnum af frjóum eldislaxi feli í sér mat á þeirri útfærslu framkvæmdarinnar sem leiði til mestu umhverfisáhrifanna. Önnur útfærsla, svo sem blanda af frjóum og ófrjóum laxi, feli í sér minni umhverfisáhrif.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>



20	Hafrannsóknastofnun	<p>[Tekið er] fram í frummatsskýrslunni að Fiskeldi Austfjarða áskilji sér rétt til þess að framleiða meira magn af frjóum eldislax komi til breytinga á Áhættumati erfðablöndunar.</p> <p>Mikilvægt er að mati Hafrannsóknastofnunar að það sé skýrt að hálfu stjórnsýslustofnana hvort framkvæmdaraðili geti áskilið sér rétt á breytingum eins og hér er gert. Sé það staðfest að hálfu stjórnsýslunnar að það sé í höndum framkvæmdaraðila að geta breytt framkvæmd óháð upphaflegri umsókn hans hefur það áhrif á og auðveldar gerð umsagnar fyrir ráðgjafastofnanir eins og Hafrannsóknastofnun.</p>	<p>Áður hefur verið bent á rökin fyrir þessari nálgun, en hún er í samræmi við lög um fiskeldi sem gera ráð fyrir að lífmassi breytist til samræmis við breytingar á áhættumati og burðarþolsmati. Annars lýtur athugasemdin að málsmeðferð Skipulagsstofnunar. Það er ekki framkvæmdaraðila að svara fyrir meðferð málsins.</p>
<b>Kafli</b>	3.2	<b>Efnisatriði:</b>	Eldiskvíar og búnaður
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
21	Umhverfisstofnun	<p>Í kafla 3.2 um eldiskvíar og búnað er tekið fram að ekki verði notast við nótapoka með koparauðugum efnunum til gróðurvarna heldur verði kvíarnar háþrýstipvegnar. Umhverfisstofnun bendir á að gera grein fyrir þeim valkosti ef slíkt staða kemur upp að notkun koparauðgaðra nótapoka sé nauðsyn enda hefur þróunin verið í þá átt eftir reynslu eldisaðila. Að mati Umhverfisstofnunar þarf þá að fjalla um það í matsskýrslu og jafnframt að gera grein fyrir því í vöktunaráætlun rekstraraðila.</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða mun ekki nota nótapoka með koparauðugum efnunum. Ástæða þess er að Aqua-gap vottun félagsins leyfir ekki slíkt, auk þess að kaupendur afurða félagsins gera stranga kröfu um að slíkir nótapokar séu ekki notaðir. Því er ekki um raunhæfan valkost að ræða og ekki fjallað um hann í matsskýrslu.</p> <p><i>Athugasemd leiðir ekki til efnislegra breytinga á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
<b>Kafli</b>	3.6	<b>Efnisatriði:</b>	Förgun úrgangs
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
22	Matvælastofnun	<p>Í kafla 3.6 um förgun úrgangs kemur fram að Lýsi hf. kaupir og nýtir meltu úr meltutönkum Fiskeldis Austfjarða. Matvælastofnun vill áréttta að sækja þarf um skráningu á vinnslu og/eða geymslu á aukaafurðum dýra í þjónustugátt stofnunarinnar á www.mast.is (umsókn 1.07)</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða er með leyfi fyrir vinnslu á og/eða geymslu á aukaafurðum dýra. <i>Þessum upplýsingum hefur verið bætt við í matsskýrslu, kafla 5.7 ( kafla 3.6 í frummatsskýrslu).</i></p>

Kafli	3.7	Efnisatriði:	Fisksjúkdómar
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
23	Matvælastofnun	Í kafla 3.7 um hvíld svæða og sjúkdómavarnir kemur fram að öll seiði verði bólusett í samráði við yfirdýralækni fisksjúkdóma hjá MAST en er átt við dýralækni fisksjúkdóma. Einnig kemur Embætti dýrlæknis fisksjúkdóma fram í kafla 6.4.4 um vöktun og mótvægisáðgerðir en á að vera Matvælastofnun.	<i>Kafli 5.7 og 8.4.4 í matsskýrslu (kaflar 37 og 6.4.4 í frummatsskýrslu) hefur verið uppfærður m.t.t. þessara athugasemda.</i>
Kafli	3.10.3	Efnisatriði:	Leyfi
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
24	Múlþing	Múlþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, þ.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaðila.	Athugasemdin varðar leyfisveitingu að loknu ferli mats á umhverfisáhrifum en ekki umhverfismatið sjálft. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
Kafli	4	Efnisatriði:	Valkostir
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
25	Múlþing	Fjallað er um tvo valkosti, núllkost og framkvæmdakost. Múlþing telur eðlilegt að fjalla um þá tvo kosti en jafnframt ætti að taka til skoðunar hófsamari framkvæmdakost, sem gæti falist í færri staðsetningu eða minna umfangi. Í skýrslunni er fullyrt að framkvæmdakostur falli vel að skipulagsáætlun hvað varðar starfsemi sem sé í sátt við samfélag og umhverfi. Múlþing telur að þetta þurfi að rökstyðja betur.	Samkvæmt leiðbeiningariti ESB eru raunhæfir valkostir m.a. þeir sem eru til þess fallnir að geta náð markmiðum framkvæmdarinnar á fullnægjandi hátt. Viðskiptalegar forsendur liggja til grundvallar þeirri áætlun að nýta að fullu burðarþol Seyðisfjarðar. Til að viðhalda framleiðslu í fiskeldi þarf að ala tvo árganga samtímis. Svo minni hætta verði á því að smitsjúkdómar nái til alls fisks í eldinu, er kynslóðunum haldið á aðskildum svæðum, svokallað kynslóðaskipt eldi. Þegar slátrun lýkur er viðkomandi eldissvæði hvílt, sem aðgerð til að draga úr sjúkdómahættu, en ný kynslóð af eldisfiski sett út á þriðja svæðinu. Til að viðhalda framleiðslunni verður því ekki komist af með færri en þrjú eldissvæði í Seyðisfirði. Því er ekki raunhæft að nota færri staðsetningar. Fjórtá eldissvæðið, við Háubakka, var hugsað sem varasvæði sem notað yrði í undantekningartilfellum. Fiskeldi Austfjarða hefur lýst yfir að þau áform

			<p>séu ekki lengur á áætlun. Því fjallar matsskýrsla um þrjú eldissvæði í Seyðisfirði í stað fjögurra. Í því felst minna umfang framkvæmdar.</p> <p><i>Athugasemdin um valkosti leiðir ekki til breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p> <p>Í Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 er sett markmið um að skapa möguleika fyrir fjölbreyttari atvinnu í sveitarfélaginu. Fyrirhugað laxeldi í Seyðisfirði fellur að markmiðinu, enda mun fiskeldi skapa störf, bæði bein og óbein. Einnig verður leitast við að nýta þá þjónustu sem er til staðar á svæðinu eins og hægt er. Fiskeldi Austfjarða hefur unnið hörðum höndum af því að byggja upp umhverfisvæna framleiðslu. Fyrirtækið er með Aquagap vottun á framleiðslu og vinnslu á laxi. Einnig fékk fyrirtækið lífræna vottun Túns vottunarstofu á framleiðslu á frjóum laxi á árið 2020. Með þessum vottunum er tryggt að Fiskeldi Austfjarða verður að nota viðurkenndar og vottaðar aðferðir, efni og fóður við framleiðslu sína. Að þessu leyti er félagið að tryggja að öll starfsemi sé í sátt við náttúru og umhverfi. Unnið verður að því að framangreindar vottanir taki einnig til framleiðslu á laxi í Seyðisfirði.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
26	Múlaping	[Múlaping telur] jafnframt að umfjöllun um núllkost [ætti að vera] sett fram með hlutlægum hætti í skýrslunni.	<p>Fiskeldi Austfjarða hafnar því að umfjöllun um núllkost sé ekki sett fram með hlutlægum hætti. Núllkostur felur í sér að ekki verði framkvæmt og því mun grunnástand umhverfisþátta þróast án áhrifa framkvæmdarinnar. Þar með er ljóst að í þeim tilvikum þar sem umhverfisáhrif eru talin neikvæð í umhverfismati þá munu þau áhrif ekki koma fram ef farið er eftir núllkosti. Á sama hátt munu jákvæð samfélagsleg áhrif fiskeldisins ekki koma fram. Markmiði Aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 um að skapa möguleika fyrir fjölbreytt atvinnulíf verður því ekki náð með núllkosti. Með tilliti til markmiða framkvæmdarinnar þá er núllkostur ekki talinn valkostur í þessu verkefni.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

27	Múlaþing	Múlaþing leggur ríka áherslu á að úrvinnsla og samanburður á mögulegum útfærslum við núllkost verði unnin og sett fram með skýrum hætti þar sem áhrif á náttúru, umhverfi, íbúa, atvinnulíf og samfélag verði borið saman með hliðsjón af gæðum hins byggða umhverfis og náttúruverndar.	Núllkostur felur í sér að ekki verði framkvæmt og því mun grunnástand umhverfisþátta þróast án áhrifa framkvæmdarinnar. Þar með er ljóst að áhrif fiskeldisins munu ekki koma fram á þá umhverfisþætti sem taldir eru upp í athugasemd. Af þessu leiðir að Fiskeldi Austfjarða telur ekki þörf á nánari umfjöllun um núllkost en sett er fram í frummatsskýrslu. Með tilliti til markmiða framkvæmdar þá er núllkostur ekki talinn valkostur í þessu verkefni. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
28	Múlaþing	Sérstök áhersla er lögð á að niðurstöður um umhverfisáhrif mismunandi valkosta við núllkost verði settar fram með skýrum hætti þar sem áhrif á náttúruna, umhverfið og íbúa svæðisins verði tekin til skoðunar og niðurstöðurnar kynntar með samanburði á áhrif af vali mismunandi kosta.	Vísað er til svars við umsögn Múlaþings nr. 25 varðandi umfjöllun um valkosti. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
29	Náttúrufræðistofnun Íslands	Í heild telur Náttúrufræðistofnun umfjöllun framkvæmdaraðila um valkosti einhliða þar sem hún tekur mið af forsendum framkvæmdaraðila sem í raun er ekki réttlætánleg. Rétt er að benda á að við val á svæðum fyrir sjókvíaeldi er tæplega byrjað á því að bera það saman við landeldi á sama stað enda forsendur fyrir vali ekki þær sömu. Það er því vissulega óraunhæft af framkvæmdaraðila að bera þetta saman með þessum hætti.	Það er á forræði framkvæmdaraðila að velja hvaða valkosti fjallað er um út frá því hvort þeir eru til þess fallnir að geta náð markmiðum framkvæmdarinnar á fullnægjandi hátt, auk þess að vera framkvæmanlegir með tilliti til tæknilegra, efnahagslegra, pólitískra og annarra viðeigandi viðmiða. Það er gert í frummatsskýrslu. Fjallað er um einstaka þætti framkvæmdar t.d. um notkun á geldfiski, breytingu á staðsetningum og útfærslu eldis með tilliti til annarra þátta og hvers vegna þeir þættir skipta máli fyrir val á framkvæmdakostinum. Auk þess er gerð grein fyrir núllkosti og öðrum eldisaðferðum sem taldar eru óraunhæfar, þ.e. lokaðar kvíar í sjó og landeldi. Fiskeldi Austfjarða er ekki sammála því mati NÍ að óraunhæft sé að bera saman landeldi og sjókvíaeldi á 10.000 tonnum í Seyðisfirði. Benda verður á að umræðan um samanburð á landeldi og sjókvíaeldi hefur verið mikil undanfarin misseri og borið hefur á því að þessar aðferðir séu bornar saman. Af þessum sökum er þessi leið eðlilega farin. Sá valkostur sem kynntur er í frummatsskýrslu varðandi landeldi er að byggð yrði stór stöð í Seyðisfirði sem ala ætti 10.000 tonn af lífmassa af eldislaxi. Ljóst er að þessi valkostur er ekki raunhæfur þar sem markmið framkvæmdar er að byggja upp sjókvíaeldi. Landeldisstöð af þessari stærðargráðu yrði með þeim stærri hér á landi og staðsetning og aðstæður í Seyðisfirði bjóða ekki upp á þær forsendur

			sem þurfa að vera fyrir hendi, sjá umfjöllun í kafla 4.4.2 og viðauka 13. Fiskeldi Austfjarða er því ekki sammála því að óraunhæft sé að fjalla um valkosti með þeim hætti sem gert er í frummatsskýrslu. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
30	Náttúrufræðistofnun Íslands	Þó það sé ekki hlutverk Náttúrufræðistofnunar að fjalla um kostnað ef það er ekki beinu samhengi við umhverfisáhrif þá er rétt að benda á að bæta þarf umfjöllun um kostnað vegna landeldis og sjókvíaldis en á bls 37. segir: „Heildarkostnaður í kringum sjókvíaldisstöð í Seyðisfirði yrði ríflega 2,3 milljarðar króna, en fyrir 10.000 tonna landeldisstöð yrði kostnaðurinn á milli 25-28 milljarða króna.“ Ekki eru ítarlegar útskýringar á þessum mun í frummatsskýrslunni. Það er t.d. samanburður á stofnkostnaði og rekstrarkostnaði fyrir báðar leiðirnar eða samanburður á kostnaði vegna umhverfisáhrifa, þar undir metin kostnaður af neikvæðum umhverfisáhrifum sem verða í sjókvíaldi samanborið við landeldi o.s.frv.	Umfjöllun í kafla 4.4 um annars vegar lokaðar kvíar í sjó og hins vegar landeldi byggist á ítarlegri umfjöllun sem finna má í viðauka 13 við frummatsskýrslu. Þar er að finna töflur sem sýna samanburð á fjárfestingu og framleiðslukostnaði á milli sjókvíaldis, landeldis, lokaðra kvía í sjó og einnig ítarlega umfjöllun um forsendur kostnaðar. Umfjöllun í frummatsskýrslu er samantekt á helstu þáttum í viðauka 13, en þar er að finna nánari umfjöllun. Fiskeldi Austfjarða hafnar því að umfjöllun sé ekki nægilega ítarleg og bendir á að það sé á hendi framkvæmdaraðila að ákveða hvernig umfjöllun um valkosti er háttað. Vegna umfjöllunar um kostnað af neikvæðum umhverfisáhrifum er ekki ljóst við hvaða forsendur ætti að styðjast. Erfitt getur verið að meta slíkt þar sem forsendur eru oft á tíðum ekki þekktar og erfitt er að gefa slíku fjárhagslegt gildi. Forsendur fyrir samanburði á stofn – og rekstrarkostnaði eru þekktar fyrir báðar eldisleiðir og þess vegna er það betri nálgun. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

Kafli	5	Efnisatriði:	Gögn
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
31	Múlaping	[Ljóst er] að í mikilvægum atriðum er [frummatsskýrslunni] ábótavant og ýmsar upplýsingar óljósar og af skornum skammti. Óhjákvæmilegt er því að kalla eftir ítarlegri rannsókn og gagnaöflun áður en lengra er haldið. Frumforsenda þess að hægt sé að taka upplýsta afstöðu til þessa stóra máls sem hér um ræðir er að fulltrúar sveitarfélagsins, aðrir hagsmunaðilar og samfélagið í heild hafi mjög vönduð gögn í höndum.	Fiskeldi Austfjarða er ekki sammál því að upplýsingar sem aflað hefur verið og stuðst er við í umfjöllun í fummatsskýrslu séu af skornum skammti. Til grundvallar mati á umhverfisáhrifum liggja rannsóknir á vegum Fiskeldis Austfjarða, auk annarra aðila eins og t.d. Hafrannsóknastofnunar. Þar fyrir utan hefur gögnum um marga þætti verið safnað og nýtt til greininga. Gerð er grein fyrir þessu í fummatsskýrslu og viðaukum. Af þessu getur Fiskeldi Austfjarða ekki séð hvaða tilgangi það þjónar að kalla eftir frekari upplýsingum þar sem ítarlega hefur verið fjallað um alla þætti sem metnir voru til mats á umhverfisáhrifum. Fummatsskýrslan byggir á samþykktu matsáætlun og er í fullu samræmi við hana. Ferlið er í samræmi við ákvæði laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
Kafli	6.1	Efnisatriði:	Burðarþol, mengun, afturkræf áhrif
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
32	Heilbrigðiseftirlit Austurlands	Olíumengunar [úr flaki El Grillo] verður einkum vart síðsumars þegar hitastig sjávar hækkar. Í frummatsskýrslunni er því ekki velt upp hvort og þá hvaða áhrif hugsanleg olíumengun hefði á eldið og eldisbúnað.	Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá áformum um að nýta eldissvæðið við Háubakka. Því verður starfsemi eldisins fjarri skipsflakinu. Dreifing á olíumengun í Seyðisfirði frá El Grillo er ekki þekkt. Því hefur FA fengið RORUM ehf. til að gera rannsókn á dreifingu mögulegrar olíumengunar í firðinum í samstarfi við sérfræðinga í olíumengun hjá Háskólanum í Stavanger, Noregi. Mælingar verða gerðar á þekktum mengunarefnum úr olíu (PAH) ásamt þungmálmum (Cu,Pb,Zn,Cd) við skipsflakið og í straumstefnu frá því í stigvaxandi fjarlægð (100 m, 1, 2, og 4 km) og einnig á viðmiðunarsvæði í norðanverðum firðinum (8 km fjarlægð frá flakinu). Mengunarefnin verða mæld í seti, vatnsbol og kræklingi í fjöru. Ef niðurstöður rannsóknarinnar gefur til kynna olíumengun verður nánari rannsókn gerð á fyrirhuguðum eldissvæðum.

			Framangreind rannsókn mun veita upplýsingar um hvort olía frá El Grillo berist til eldissvæðisins við Sörlastaðavík. Rannsóknin mun nýtast við að meta hvort olíulekinn muni hafa áhrif á eldið og eldisbúnað. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
33	Heilbrigðiseftirlit Austurlands	[Bent er] á að eldissvæðið við Háubakka [er] staðsett nærri landi og íbúabyggð. Skólp frá Seyðisfirði fer óhreinsað til sjávar. Því er þeirri spurningu velt upp hvort kannað hafi verið hvort áhrifa frá skólpútrásunum gæti innan þess svæðis sem ætlað er sem eldissvæði.	Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá áformum um að nýta eldissvæðið við Háubakka. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
34	Matvælastofnun	Í frummatsskýrslunni er ekki fjallað um mögulega olíumengun frá skipsflaki El Grillo, en síðast var vart við olíuleka sl. sumar.	Vísað er í svar við umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands nr. 32. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
35	Múlaping	Fullyrst er að áhrif framkvæmdarinnar séu afturkræf. Í því samhengi er nauðsynlegt að lagt sé mat á hversu langan tíma það tekur að komast á jafnvægi í firðinum á nýjan leik og náttúruna að jafna sig að fullu.	Burðarþol Seyðisfjarðar m.t.t. fiskeldis skilgreinir hámarks lífmassa fisks í eldi sem hægt er að hafa í firðinum án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið. Hafrannsóknastofnun ber að vakta lífrænt álag í firðinum og endurskoða matið svo oft sem þurfa þykir að mati stofnunarinnar. Samkvæmt þessu ætti jafnvægi vistkerfisins að haldast þó eldi sé til staðar. Lífrænt álag á hafsbotni vegna fiskeldis breytir botndýrasamfélagi og efnainnihaldi í botnseti í næsta nágrenni við eldiskvíar. Almennt sýna niðurstöður vöktunar á eldissvæðum í fjörðum landsins að fiskeldi í sjókvíum hefur áhrif á lífríki botns á afmörkuðu svæði og um 100 m frá eldiskvíum gæti áhrifa lítið eða ekki. <sup>1, 2, 3</sup> Stærsti hluti lífræns efnis frá fiskeldinu mun falla til botns undir og í næsta nágrenni eldiskvíar. Áhrifin verða því staðbundin og ná til takmarkaðs hluta eldissvæðis hverju sinni. Það er vel þekkt að batamerki komi fram nokkrum mánuðum eftir að fóðrun lýkur en það er undir umhverfisaðstæðum komið hve hratt botndýralíf þróast í samskonar

<sup>1</sup> Cristian Gallo og Margrét Thorseteinsson. 2017. Lokaskýrsla fyrir Haganes. Laxeldi í sjó 2014-2016. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 3-17. 28 bls. 3

<sup>2</sup> Böðvar Þórisson, Cristian Gallo, Eva Dögg Jóhannsdóttir. 2015. Vöktun á botndýralífi við fiskeldiskvíar í Fossfirði 2011 - 2014. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 2-15

<sup>3</sup> Eiríksson T, Moodley Leon, Helgason GV, Lilliendahl K, Halldórsson HP, Bamber S, et al. 2017. Estimate of organic load from aquaculture - a way to increased sustainability. Reykjavík; 2017. doi:10.13140/RG.2.2.14202.29123

			<p>samfélagsgerð og var áður en eldi hófst.<sup>4,5,6,7</sup> Þar sem aðstæður eru hagstæðar dugir 90 daga hvíld eldissvæða til að botndýralíf ná góðu ástandi áður en ný eldislota hefst.<sup>8</sup></p> <p>Af framansögðu má ljóst vera að áhrif framkvæmdarinnar eru afturkræf.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
36	Múlaping	<p>Höfundar frummatsskýrslunnar virðast ganga út frá því að öll starfsemi miðist við hámarks burðarþol fjarðarins sem vekur upp spurningar um það hvort ekki væri skynsamlegra að miða við um helming af hámarks álagi í 3-5 ár og meta áhrifin af því, ekki síst í ljósi þess að fjörðurinn er þröngur og djúpur og hitastig sjávar mjög lágt um langan tíma á árinu sem hefur veruleg áhrif á niðurbrot útgangs frá eldinu.</p>	<p>Burðarþol er skilgreint sem hámarks lífmassi tegunda í eldi sem hægt er að hafa á tilteknu svæði án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og jafnframt að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem fyrir það eru sett.</p> <p>Mat á burðarþoli fjarðar byggir m.a. á niðurstöðum athugana á straumum, hita, seltu, súrefni og næringarefnum. Botn Seyðisfjarðar er brattur og því gerir mat Hafrannsóknastofnunar ráð fyrir að allt fasta efnið frá eldi í firðinum falli til botns í djúplaginu og álag þar verði því meira en á öðrum svæðum fjarðarins. Jafnframt tekur matið mið af því að Seyðisfjörður er lítil og vatnsskipti hans eru hæg. Þá telur Hafrannsóknastofnun æskilegra að eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar.</p> <p>Burðarþol tekur á öllum þeim umhverfisþáttum sem tilgreindir eru í athugasemdinni og nú liggur fyrir að Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæði innst í firðinum, við Háubakka. Öll starfsemi Fiskeldis Austfjarða verður því utarlega í Seyðisfirði.</p> <p>Nokkur ár munu líða þar til fiskeldið nær fullu umfangi. Samkvæmt lögum um fiskeldi ber Hafrannsóknastofnun að vakta lífrænt álag þeirra svæða sem metin hafa verið til burðarþols og endurskoða matið svo oft sem þurfa þykir að mati stofnunarinnar. Rekstrarleyfi skal samrýmast burðarþolsmati og breytist það til lækkunar ber Matvælastofnun að breyta gildandi rekstrarleyfum í samræmi við það, að gefnum hæfilegum</p>

<sup>4</sup> Böðvar Þórisson, Cristian Gallo, Eva Dögg Jóhannsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2012. Athuganir 2010, 2011 og 2012, á áhrifum laxeldis í sjókvíum í Tálknafirði, á botndýralíf. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 6-12, 21 bls.

<sup>5</sup> Böðvar Þórisson, Cristian Gallo, Eva Dögg Jóhannsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2013. Athuganir á áhrifum laxeldis í sjókvíum í Tálknafirði á botndýralíf, 2010-2013. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 33-13, 33 bls.

<sup>6</sup> Böðvar Þórisson, Cristian Gallo, Eva Dögg Jóhannsdóttir 2015. Vöktun á botndýralífi við fiskeldiskvíar í Fosfirði 2011 - 2014. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 2-15, 25 bls.

<sup>7</sup> Thorleifur Eiríksson, Leon Moodley, Guðmundur Vídir Helgason, Kristján Lilliendahl, Halldór Pálmar Halldórsson, Shaw Bamber, Gunnar Steinn Jónsson, Jónatan Thórdarson, Thorleifur Águstsson 2017. Estimate of organic load from aquaculture - a way to increased sustainability. RORUM 2017 011. 21 bls.

<sup>8</sup> Akvaplan-niva. 2018. B-undersøkelse på oppdrettslokalitet Hringdalen. Akvaplan-niva AS Rapport: 60320.01



			<p>fresti til aðlögunar (sbr. 3. mgr. 6b. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008). Fiskeldi Austfjarða er með samtímavöktun á súrefni í öllum eldiskvíum og fylgist náið með ástandi fisksins.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
37	Náttúrufræðistofnun Íslands	<p>Hér er því um að ræða þröngan fjörð og í kafla um strauma og dýpt í firðinum kemur fram að straumhraði er frekar lítil og dýpi á eldissvæðum allt niður í 20 metra. Náttúrufræðistofnun telur að skoða þurfi sérstaklega hvort heimila eigi fiskeldi innanlega í firðinum bæði vegna mengunarhættu og vegna ásýndar.</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæði innst í firðinum, við Háubakka. Öll starfsemi Fiskeldis Austfjarða verður því utarlega í Seyðisfirði. Kvíar verða ekki staðsettar á 20 m dýpi.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
38	Umhverfisstofnun	<p>Umhverfisstofnun bendir á að í starfsleyfi stofnunarinnar fyrir starfsemi mun verða ákvæði þess efnis að Umhverfisstofnun geti einhliða frestað útsetningu seiða, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar á eldissvæði að mati stofnunarinnar.</p>	<p>Ákvæðið sem vísað er til í umsögn Umhverfisstofnunar er staðlað fyrir starfsleyfi sem gefin eru út í fiskeldi. Eins og fram kemur í útsetningaráætlun og umfjöllun um hana í kafa 3.1 þá getur hvíldartíminn orðið allt að 12 mánuðir ef ástand svæða er metið slæmt, en allt að 90 dagar ef það er gott og svæðin fljót að jafna sig. Þessi nálgun skapar aukið svigrúm til þess að bregðast við komi upp sú staða að hvíla þarf svæðin lengur en 90 daga.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
39	Umhverfisstofnun	<p>Samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun, sem vísað er til í frummatsskýrslu, skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Ef vatnshlot samræmast ekki umhverfismarkmiðum þá skal grípa til aðgerða til þess að ná betra ástandi skv. lögum um stjórn vatnamála. Í vöktunaráætlun fyrirtækisins þarf að gera ráð fyrir því að þeir gæðabættir sem unnið er með til að meta vistfræðilegt ástand séu vaktaðir.</p>	<p>Í vöktunaráætlun Fiskeldis Austfjarða fyrir fyrirhugað eldi í Seyðisfirði er að fullu gert ráð fyrir að þeir gæðabættir sem unnið er með til að rannsaka vistfræðilegt ástand séu m.a. í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota og ISO 12878:2012 staðalinn.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu</i></p>

40	Umhverfisstofnun	<p>Umhverfisstofnun bendir á að reikniaðferð sem sett er fram fyrir uppleystan fosfór (DOP) í töflu 7 er ekki í samræmi við þær aðferðir sem stofnunin styðst við vegna losunar næringarefna. Breytistuðullinn er 0,26 en ekki 0,21 en um er að ræða villu í formúlu sem hefur verið leiðrétt. Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að útreikningar frummatsskýrslu séu leiðrétt í samræmi við þetta.</p> <p>Umhverfisstofnun telur að í frummatsskýrslu þurfi að koma skýrt fram hvort magn næringarefna sem losað er í umhverfi sé mismunandi milli eldis á frjóum og ófrjóum laxi.</p>	<p>Í seiðaði, sem fram fer í landstöð, er nokkur munur á næringarefnainnihaldi fóðurs eftir því hvort um frjóan eða ófrjóan lax er að ræða. Eftir að laxinn er kominn í sjó er hins vegar ekki marktækur munur á magni næringarefna í fóðri.</p> <p><i>Í kafla 5.5 í matsskýrslu hefur útreikningur á losun næringarefna verið breytt í samræmi við athugasemd Umhverfisstofnunar.</i></p>
41	Umhverfisstofnun	<p>Umhverfisstofnun telur að fjalla þurfi um áhrif uppsöfnunar næringarefna frá eldinu á [vatnshlot Seyðisfjarðar]. Auk þess telur stofnunin að fjalla þurfi um samlegðaráhrif lífræns álags frá eldinu og annars álags á vatnshlotin.</p> <p>Umhverfisstofnun tekur undir niðurstöðu frummatsskýrslu um að áhrif framkvæmdar á ástand sjávar kunni að verða talsvert neikvæð á eldissvæðinu og telur að fjalla þurfi í endanlegri matsskýrslu um áhrif eldisins á hvort vatnshlot fyrir sig. Stofnunin telur að uppsöfnun næringarefna kunni að verða meiri í innra vatnshlotinu (102-1322-C Seyðisfjörður) en því ytra (102-1368 C Seyðisfjörður ytri) og að áhrif uppsöfnunar næringarefna kunni að verða neikvæð í innra vatnshlotinu. Þó telur stofnunin að með nægri hvíld eldissvæða byggðri á niðurstöðum vöktunar í rauntíma verði áhrifin afturkræf.</p>	<p>Seyðisfjörður tilheyrir strandsjávarvatnshloti IS103-1339-C Digranes að Lóni. Seyðisfirði er skipt í tvö undirsvæði: Innra strandsjávarvatnshlot (skjóltsælt, IS102-1322-C) og ytra strandsjávarvatnshlot (opið, IS102-1368-C). Fyrirhugað laxeldi mun hafa áhrif á bæði hlotin, en líklegt er að innri hluti Seyðisfjarðar sé viðkvæmari fyrir auknu magni næringarefna vegna eldisins.</p> <p>Í frummatsskýrslu var gert ráð fyrir tveimur eldissvæðum í innra strandsjávarvatnshloti Seyðisfjarðar, við Háubakka og Sörlastaðavík. Fiskeldi Austfjarða hefur nú fallið frá að nýta eldissvæðið við Háubakka. Bein áhrif á vatnshlotið verða því minni en til stóð samkvæmt frummatsskýrslu. Óbreytt eldisáform verða í ytra strandsjávarvatnshloti fjarðarins, vegna eldis við Selstaðavík og Skálanesbót.</p> <p>Í umsögn Umhverfisstofnunar segir að fjalla þurfi um áhrif eldisins á hvort vatnshlot fyrir sig. Meginmarkmið laga um stjórn vatnamála er að vernda vatn og vistkerfi þess og hindra frekari rýrnun vatnsgæða. Til að ná því fram þarf að skilgreina markmið og viðmið fyrir gæðabætti, þannig að unnt sé að greina ástand viðkomandi vatnshlots. Búið er að gera tillögu að slíkum viðmiðum til greiningar á ástandi strandsjávar.<sup>9</sup> Yfirvöld hafa hins vegar ekki skilgreint efnafræðilegt eða vistfræðilegt ástand strandsjávarvatnshlota Seyðisfjarðar. Fiskeldi Austfjarða telja því forsendur vanta til að fjalla nánar um áhrif eldisins á hvort vatnshlot fyrir sig umfram það sem gert er í frummatsskýrslu.</p>

<sup>9</sup> Sólveig Rósa Ólafsdóttir, Agnes Eydal, Steinunn Hilma Ólafsdóttir, Kristinn Guðmundsson, Karl Gunnarsson (2019). *Gæðabættir og viðmiðunaraðstæður strandsjávarvatnshlota/ Quality Elements and Reference Conditions of Coastal Water Bodies*. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-53

			<p>Umfang eldisins verður í samræmi við mat Hafrannsóknastofnunar á þoli fjarðarins, í heild sinni, til að taka á móti auknu lífrænu álagi, án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og þannig að vatnshlotið uppfylli umhverfismarkmið. Með breytingum á lögum um fiskeldi sem tóku gildi árið 2019 er kveðið á um að Hafrannsóknastofnun ákveði eldissvæði í sjó á grundvelli burðarþols og bestu heildarnýtingar mögulegra eldissvæða. Stofnunin hefur ekki gert tillögu að skiptingu Seyðisfjarðar í eldissvæði.</p> <p>Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar er ekki endanlegt, en verður endurskoðað reglulega. Samkvæmt þessu fyrirkomulagi er tryggt að stransjárvarvatnshlot Seyðisfjarðar uppfylli umhverfismarkmið þó fiskeldi sé starfrækt í firðinum.</p> <p>Vöktun á ástandi sjávar í tengslum við fiskeldið, sem endurskoðun burðarþols mun byggja á, felur í raun í sér vöktun á samlegðaráhrifum eldisins og annars lífræns álags á vatnshlotin, svo sem vegna skólþrosunar frá byggð við Seyðisfjörð.</p> <p><i>Í matsskýrslu hefur framangreindri umfjöllun verið bætt við í kafla 6.1 um eðliseiginleika sjávar.</i></p>
42	Umhverfisstofnun	Umhverfisstofnun telur mikilvægt að innan eldissvæða sé nægt rými til þess að flytja kvíar og finna þeim besta staðsetningu m.t.t. dreifingar úrgangs og vatnsgæða.	<p>Í kafla 1.2.4 í matsskýrslu er fjallað um frávik frá frummatsskýrslu, sem Skipulagsstofnun féllst á. Eldissvæði við Sörlastaðavík, Selstaðavík og Skálanesbót verða stærri en áður var gert ráð fyrir. Með því að auka umfang eldissvæðanna er komið til móts við tillögu Umhverfisstofnunar um að skipulagi eldisins verði þannig háttað að innan eldissvæða sé nægt rými til þess að flytja kvíar og finna þeim sem besta staðsetningu m.t.t. dreifingar úrgangs og vatnsgæða.</p> <p><i>Í matsskýrslu er fjallað um nýtt skipulag eldissvæða í kafla 5.1.</i></p>

Kafli	6.2	Efnisatriði:	Botndýr
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
43	Hafrannsóknastofnun	<p>Fram kemur í frummatsskýrslunni að áhrifin af lífrænu efni sem fellur til botns muni hafa talsvert neikvæð áhrif undir kvíunum en að þau verði óveruleg í nágrenni kvíanna. Hafrannsóknastofnun er sammála framkvæmdaraðila um talsvert neikvæð áhrif undir kvíum en getur ekki tekið undir að áhrifin verði óveruleg í nágrenni kvíanna. Miðað við þá rannsókn sem framkvæmdaraðili vísar í og var unnin í Berufirði bendir myndræn framsetning á magni lífræns kolefnis (Corg) 350 m frá kvíum (í straumstefnu) til þess að um 28% heildar lífræns kolefnis komi frá fiskeldi (fóðurleifar og útskilnaður). Þetta er þvert á túlkun skýrslunnar af hendi höfunda hennar og framkvæmdaraðila en í frummatsskýrslunni á síðu 64 stendur: „<i>lítilla áhrifa af uppsöfnun lífrænna efna gætir í 100 m fjarlægð frá kvíastæði og alls engra áhrifa gætir þegar komið er í 350 m fjarlægð</i>“. Hafrannsóknastofnun telur að réttara væri að segja að um óvissu sé að ræða um áhrif fjarri kvíastæðum. Ýmsir óvissuþættir geta haft áhrif eins og t.d. svæðisbundinn munur milli mismunandi fjarða. Vöktun eldisfyrirtækja skv. stöðlum ásamt vöktun á fjarsvæðum fiskeldis geta varpað ljósi á þetta atriði.</p> <p><i>Í samantekt umsagnar segir:</i> Hafrannsóknastofnun er sammála framkvæmdaraðila um að áhrif lífrænnar mengunar verði neikvæð undir eldiskvíum. Hinsvegar er bent á að ekki sé æskilegt draga ályktanir um nágrenni eldisvæða í Seyðisfirði út frá einni athugun sem er ekki túlkuð í samræmi við þau gögn sem henni fylgja. Því má segja að um ákveðna óvissu sé að ræða um lífrænt álag í nágrenni eldiskvía og að reglubundin vöktun á viðkomandi svæði skeri úr um þetta atriði.</p>	<p>Almennt sýna niðurstöður vöktunar á eldisvæðum í fjörðum landsins að fiskeldi í sjókvíum hefur áhrif á lífríki botns á afmörkuðu svæði og um 100 m frá eldiskvíum gætir áhrifa lítið eða ekki.<sup>10, 11</sup></p> <p>Niðurstöðurnar eru í samræmi við rannsókn á dreifingu fóðurleifa frá fiskeldi í Fossfirði í Arnarfirði sem gefa til kynna að mest af fóðurleifum falli til botns undir sjókvíum og 20 m frá kvíum hafi um 50% fóðurleifa botnfallið.<sup>12</sup> Niðurstöður umfangsmikillar rannsóknar sem gerð var í Berufirði,<sup>13</sup> sýnir að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Magn lífræns kolefnis er mest næst kvíum og að sama skapi eykst fjöldi tegunda botndýra þegar fjær dregur kvíum.</li> <li>- Virkni sets – mæld súrefnisupptaka sets – er hæst næst kvíum og í straumstefnu frá kvíum.</li> <li>- Nálægt kvíum er burstaormurinn <i>Capitella capitata</i> (vísitægund um mengun) algengasta tegund dýra á botni.</li> <li>- Lífrænt efni sem botndýr éta nálægt eldiskvíum kemur frá eldinu. Fjær eldiskvíum er uppruni lífræns efnis mest af öðrum uppruna. Því fellur stærsti hluti lífræns efnis frá fiskeldinu til botns undir og í næsta nágrenni eldiskvía.</li> </ul> <p>Þá hefur erlend rannsókn leitt í ljós að 50 m frá sjókvíum er lífmassi baktería í seti ekki marktækt hærri en á botni enn fjær eldisstað.<sup>14</sup> Einnig má m.a. benda á að ASC umhverfisstaðallinn skilgreinir áhrifasvæði eldis 30 m frá eldisstað.<sup>15</sup> Einnig staðallinn ISO 12878:2012. Hafrannsóknastofnun segist ekki geta tekið undir að áhrifin verði óveruleg í nágrenni sjókvía. Niðurstöður framangreindra rannsókna og</p>

<sup>10</sup> Cristian Gallo og Margrét Thorseteinsson (2017). *Lokaskýrsla fyrir Haganes. Laxeldi í sjó 2014-2016*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 3-17. 28 bls. 3

<sup>11</sup> Böðvar Þórisson, Cristian Gallo, Eva Dögg Jóhannsdóttir (2015). *Vöktun á botndýralífi við fiskeldiskvíar í Fossfirði 2011 - 2014*. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 2-15

<sup>12</sup> Allison, A. M. 2012. Organic accumulation under salmon aquaculture cages in Fossfjörður, Iceland. Háskólinn á Akureyri. MS ritgerð, 69 bls. Sótt þann 11.12.2018 á //hdl.handle.net/1946/12272

<sup>13</sup> Eiríksson T, Moodley Leon, Helgason GV, Lilliendahl K, Halldórsson HP, Bamber S, et al. 2017. Estimate of organic load from aquaculture - a way to increased sustainability. Reykjavík; 2017.

doi:10.13140/RG.2.2.14202.29123

<sup>14</sup> Mayor, D. J., Gray, N. B., Hattich, G. S. I. and Thornton, B. (2017). *Detecting the presence of fish farm-derived organic matter at the seafloor using stable isotope analysis of phospholipid fatty acids*. Scientific Reports, 7: 5146

<sup>15</sup> Aquaculture Stewardship Council (2017). *ASC Salmon Standard, v1.1 – apríl 2017*

			viðmið umhverfisstaðalsins styðja niðurstöðu frummatsskýrslu og segja má að óvissa um lífrænt álag í nágrenni eldiskvía sé a.m.k. ekki mikil. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
44	Múlaþing	Gera þarf grein fyrir áhrifum á staðbundin búsvæði skelfisks utan við fyrirhugaðar kvíar í Selstaðavík nærri Brimnesi og staðbundin búsvæði ígulkerja í Sörlastaðavík.	Upplýsingar sem Múlaþing vísar til eru ekki opinberar. Fiskeldi Austfjarða leitaði því eftir frekari leiðbeiningu um hvað átt er við. Í svari Múlaþings kemur fram að upplýsingarnar komi frá aðilum sem stundað hafa veiðar á svæðinu í gegn um árin. Ekki hafi verið hægt að stunda rauðmaga- eða grásleppuveiði í Sörlastaðavík vegna þess að netin fyllist af ígulkerum. Ekki liggur fyrir hvar umrædd búsvæði eru m.t.t. staðsetningu eldissvæða. Vísað er í svar við umsögn Hafrannsóknastofnunar nr. 43, þar sem m.a. kemur fram að neikvæð áhrif fiskeldis í sjó eru staðbundin og áhrifanna gæti lítið í um 100 m frá eldiskvíum. Áhrifin eru afturkræf. Samskonar áhrif eru líkleg, ef tilgreind búsvæði lenda innan áhrifasvæðis sjókvía á hafsbötni. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	6.3		<b>Efnisatriði:</b> Fisksjúkdómar, kræklingarækt
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
45	Múlaþing	Ekki verður séð að fyllilega sé rökstutt að reglur um lágmarksfjarlægð milli eldis í sjó eigi ekki við í þessu tilfelli þegar horft er til kræklingaeldis sem rekstrarleyfi er fyrir í firðinum.	Í tilfelli eldis er verið að ala eldisdýr á fóðri. Varðandi krækling er hins vegar um nátturulegt ferli að ræða, þar sem lifur kræklinga setjast t.d. á reipi og dýrið vex í markaðsstærð með því að sía æti úr sjó. Því er um ræktun að ræða en ekki eldi. Fjarlægðarmörk eru sett til þess að tryggja minnstu fjarlægð á milli fiskeldisstöðva ótengdra aðila í sjókvíaeldi, en ekki milli fiskeldis og kræklingaræktunar. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

46	Matvælastofnun	Í kafla 6.3 um sjúkdóma kemur fram að skimað sé eftir veirusjúkdómum og ekki hafi komið upp smit hér á landi. Í nóvember 2019 kom fyrst upp IPN veira í laxi á Austurlandi sbr. frétt MAST á þeim tíma.	<i>Kafla 8.3 í matsskýrsla (kafla 6.3 í frummatsskýrslu) hefur verið uppfærður m.t.t. þessarar athugasemdar.</i>
47	Matvælastofnun	Stofnunin vill koma því á framfæri að Brimberg er með rekstrarleyfi til kræklingaeldis IS-36068 á tveimur staðsetningum í Seyðisfirði en það leyfi fellur úr gildi 28. janúar 2021.	Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun rann umrætt rekstrarleyfi IS-36068 út þann 28. janúar 2021. Ekki var sótt um endurnýjun á því, auk þess sem engin ræktun hafði farið fram á umræddum staðsetningum sem tilgreindar voru í leyfinu á undanförunum árum. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
48	Náttúrufræðistofnun Íslands	Náttúrufræðistofnun telur að skoða þurfi sérstaklega nálægð við kræklingaeldi[ð] [Brimbergs ehf.] ekki bara vegna hugsanlegra sjúkdóma heldur ýmissa efna sem geta borist á milli því hér er um matvælaframleiðslu að ræða og þekkt að efni safnast fyrir í dýrum eins og kræklingum sem síá fæðu úr nágrenni sínu.	Það er ekki þörf á að skoða sérstaklega hver áhrif hugsanlegs fiskeldis muni hafa á kræklingaræktina. Samkvæmt upplýsingum Fiskeldis Austfjarða hefur kræklingarækt ekki verið starfrækt á umræddum staðsetningum undanfarin ár auk þess sem rekstrarleyfi til ræktunar kræklinga rann út 28. janúar 2021. Sjá svar við athugasemd Matvælastofnunar nr. 47. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafla</b>	6.4	<b>Efnisatriði:</b>	Laxalús, fjarlægðarmörk, sjóbleikja, umhverfisvottun
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
49	Hafrannsóknastofnun	Samkvæmt 6. mgr. 18. gr. reglugerðar 540/2020 er ekki heimilt að stunda fiskeldi innan 5 km frá á með nytjastofni/nytjastofnum laxfiska. [Bent er á] að innsta svæðið Háubakkar er innan 5 km frá veiðiá og næst innsta svæðið, Sörlastaðavík, er það mögulega líka að hluta til.	Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæði innst í firðinum, við Háubakka. Sjá einnig svar við umsögn Matvælastofnunar nr. 50. Athuga ber og að umrædd mörk miðast ekki við ytri mörk eldissvæða heldur eldisstöðva, en engin eldisstöð verður innan við 5 km frá laxveiðiá sem fallið gæti undir greint ákvæði. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
50	Matvælastofnun	Matvælastofnun telur mikilvægt að framkvæmdaraðili fjalli um fjarlægðarmörk tilvonandi eldissvæða í Seyðisfirði frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu í samræmi við 6. mgr. 18. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi.	Fiskeldi Austfjarða lítur svo á að þetta ákvæði í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi eigi ekki við í þessu tilviki. Ástæðan er sú að umhverfismatið og tengdar leyfaumsóknir falla undir bráðabirgðaákvæði II í lögum nr. 71/2008 um fiskeldi en þann 22. júní 2020 var birt breytingareglugerð nr. 62/2020 sem fjallar um breytingu á reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi í

			<p>B-deild Stjórnartíðinda. Í gr. 2 segir orðrétt „Við 1. mgr. 64. gr. bætist nýr málsliður, svohljóðandi: Reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi fellur úr gildi nema að því er varðar þær umsóknir og þau rekstrarleyfi sem fjallað er um í ákvæði II og III til bráðabirgða í lögum um fiskeldi nr. 71/2008“. Þar af leiðandi lítur FA svo á að ákvæði um fjarlægðir sem koma fram í eldri reglugerð nr. 1170/2015 eigi við, en það segir „Við leyfisveitingar fyrir hafbeitar- og sjókvíaeldisstöðvar skal miða við, að þær séu ekki nær lax-veiði-ám með yfir 100 laxa meðalveiði sl. 10 ár en 5 km. Sé um að ræða ár með yfir 500 laxa meðalveiði skal fjarlægðin vera 15 km, nema notaðir séu stofnar af nærliggjandi vatnasvæði eða geldstofnar, má þá stytta fjarlægðina niður í 5 km.“ Ekki er ljóst hvernig beita megi 5. mgr. 18. gr. reglugerðar um fiskeldi, en ekki er fyrir að fara skilgreiningu á hugtakinu stofn í lögum og ekki heldur er fyrir að fara skilgreiningu á hvað telst sjálfbær nýting. Um það hvort þær aðstæður séu uppi í Seyðisfirði að ákvæðið gæti átt við, nyti ekki lagaskilareglna þá er vísað til svars nr. 49 við umsögn Hafrannsóknastofnunar.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
51	Fiskistofa	<p>Ef laxalús magnast í sjókvíaeldi í Seyðisfirði gæti það haft áhrif á laxastofn Fjarðarár, en hann er lítill. Þekkt er að bleikja getur einnig borið laxalús, þó það sé fátíðara en fyrir lax og sjóbirting. Laxalús gæti haft áhrif á viðkomu sjóbleikju ef laxalús magnast í umhverfi hennar, en þar sem hún dvelur takmarkaðan tíma í sjó kunna líkurnar á því að vera litlar eins og fram kemur í fram lagðri frummatsskýrslu. Fiskistofa telur þó að nokkuð skorti á upplýsingar um hugsanleg áhrif laxalúsar á viðkomu bleikjustofna.</p>	<p>Fiskistofa telur upplýsingar skorta um hugsanleg áhrif laxalúsar á viðkomu bleikjustofna. Bleikja í Vesturdalsá í Vopnafirði gengur til sjávar í maí og dvelur þar í allt að 60 daga samkvæmt rannsókn Veiðimálastofnunar.<sup>16</sup> Líklegt er að bleikjan í Fjarðará hegði sér á svipaðan hátt og því dvelji hún í sjó frá maí og fram í ágúst. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á útbreiðslu bleikju í Seyðisfirði á sjögöngutíma, en líklegt er að hún haldi sig í yfirborðslögum sjávar og með strönd Seyðisfjarðar, jafnvel einnig í nálægum fjörðum, líkt og rannsóknir á hegðun sjóbleikju annars staðar á landinu hafa sýnt fram á.<sup>17,18</sup> Fyrri hluta sumars þegar bleikjan er í sjó þá er lúsin ekki á þeim stað í þroskaferli að líkur séu á að bleikjan smitist.</p> <p>Að sumarlagi myndast ferskara yfirborðslag í efstu 15 til 20 metrum sjávarins í Seyðisfirði, þar sem bleikjan er líkleg til að halda sig, sem flýtur</p>

<sup>16</sup> Ingí Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson (2015). *Farleiðir sjóbleikju um ísalt svæði*. Náttúrufræðingurinn 85 (1–2), bls. 54–59

<sup>17</sup> Sigurður Guðjónsson (1989). *Migration of anadromous arctic char (Salvelinus alpinus) in a glacial river Blanda, North Iceland*. In, Brannon, E.L. & Jonsson, B. (red.) Proceedings of the Salmonid Migration Symposium, Trondheim, Júní 1987. VMST-R/87048.

<sup>18</sup> Jóhannes Sturlaugsson, Ingí Rúnar Jónsson og Tumi Tómasson (1997). *Mælimekringar á bleikju: Gönguhegðun í sjó og ferskvatni*. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/97023x

			<p>ofan á fullsöltum sjó dýpra (mynd 29). Selta sjávar þarf að vera mun lægri en gerist í Seyðisfirði svo það hafi áhrif á lífslíkur laxalúsar.<sup>19</sup></p> <p>Í ám norðan Stöðvarfjarðar og að Héraðsflóa er nær eingöngu bleikja, lítið er af laxi og urriða.<sup>20,21</sup> Matvælastofnun segir að stofn laxalúsar eigi erfitt uppdráttar í fjörðum við Austurland og líklegt að sjávarhiti hafi þar umtalsverð áhrif.<sup>22</sup> Þetta bendir til þess að lúsín sé fátíð á svæðinu og hefur eftirliti með laxalús í austfirsku laxeldi á síðastliðnum 20 árum staðfest að lítið er af laxalús í sjónum við Austurland.<sup>23</sup> Samkvæmt þessu er laxalús ekki að plaga villta laxfiska á svæðinu sem mögulega skýrist m.a. af því að laxastofnar þar eru smáir og urriði ekki á svæðinu, en fátíðara er að bleikja beri laxalús en fyrir lax og sjóbirting, samanber umsögn Fiskistofu. Á svæðinu er fyrst og fremst bleikja og því telur Fiskeldi Austfjarða að aðstæður séu ekki fyrir hendi sem leiði til þess að lús berist í umtalsverðu magni að sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu. <i>Framangreind umfjöllun hefur verið bætt við í kafla 8.4 í matsskýrslu.</i></p>
52	Hafrannsóknastofnun	<p>Almennt er frekar lítið gert úr umhverfisáhrifum laxalúsar í frummatsskýrslunni og fiskilúsín ekki rædd. Á síðu 39 í frummatsskýrslunni kemur fram að engin lús þrífist á fiski í firðinum. Við slíkar fullyrðingar er mikilvægt að hafa tilvísan í rannsóknir og eða vaktanir sem sýna fram á þetta. Ólíklegt má teljast að þetta eigi við rök að styðjast þar sem laxa- og fiskilús eru náttúruleg sníkjudýr á laxfiskum og öðrum fiskum (fiskilús).</p> <p><i>Í samantekt umsagnar segir:</i> Lítið er gert úr laxalús og fiskilús í frummatsskýrslunni og þyrfti að bæta úr þeirri umfjöllun í matsskýrslu. Það er mikilvægt að hafa varann á með laxa- og fiskilús í ljósi þess að upp hafa komið vandamál í laxeldi hér við land þvert á það sem áður var talið að yrði. Mögulegt er að eldisfyrirtæki á Austfjörðum verði fyrir barðinu á laxa- og fiskilús líkt og eldisfyrirtæki á Vestfjörðum með aukningu á lífmassa eldis. Þá er sérstaklega mikilvægt að hafa í huga</p>	<p>FA er sammála Hafrannsóknastofnun um að ekki eigi að gera lítið úr vandanum sem lúsasmit veldur. Það sem FA hefur bent á er að lús hefur aldrei fundist í eldi fyrirtækisins. Það eitt og sér útilokar ekki að lús geti valdið skaða í eldi FA.</p> <p>Villtir laxfiskar við Vestfirði eru smitaðir af laxalús og smit hefur aukist í fjörðum á sunnanverðum Vestfjörðum. Ástæður þessarar þróunar eru þó ekki skýrðar eingöngu með auknu laxeldi á svæðinu þar sem lítið var um lús í sjókvíum og ástand eldisfisks því ekki í takt við villta fiskinn. Talið er mögulegt að hækkandi sjávarhiti við Vestfirði geti skýrt þróunina í smiti laxalúsar meðal laxfiska á svæðinu.<sup>24</sup></p> <p>Reglulega er haft eftirlit með laxalús á eldislaxi í fjörðum á Austurlandi, en engin laxalús hefur fundist fram til þessa. Matvælastofnun segir að stofn laxalúsar eigi erfitt uppdráttar á svæðinu og líklegt að sjávarhiti hafi þar umtalsverð áhrif. Það bendir til þess að lúsín sé fátíð á svæðinu, sem</p>

<sup>19</sup> Andrews, M. og Horsberg, T.E (2020). *Sensitivity towards low salinity determined by bioassay in the salmon louse*, *Lepeophtheirus salmonis (Copepoda: Caligidae)*. *Aquaculture* 514: 734511

<sup>20</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40

<sup>21</sup> Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson (2001). *Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðarár í Seyðisfirði*. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/0117

<sup>22</sup> Matvælastofnun (2020). *Greinargerð. Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði*

<sup>23</sup> Bréf Matvælastofnunar, dags. 28. janúar 2021, um undanþáguheimild frá vöktun laxalúsar í sjókvíeldi á Austfjörðum. (Viðauki 7)

<sup>24</sup> Eva Dögg Jóhannesdóttir (2019). *Sea lice infestation on wild salmonids in the southern part of the Icelandic Westfjords*. M. Sc. ritgerð. Háskólinn á Hólum.



		<p>pau áhrif sem laxa- og fiskilús hefur á villta laxfiska, eldisfiska og hver áhrif verða af lyfjameðhöndlun gegn lúsinni.</p>	<p>mögulega skýrist m.a. af því að laxastofnar þar eru smáir og urriði ekki á svæðinu. Því eru merki um það að umhverfisaðstæður fyrir uppgang laxalúsar séu mismunandi í sjónum við Austfirði og Vestfirði.</p> <p>Miðað við óhentugar náttúrulegar aðstæður fyrir laxalús í sjónum við Austfirði, að vöktun er viðhöfð í eldinu og að eftirlit er með eldisstarfseminni má telja ósennilegt að aðstæður skapist sem leiði til þess að stór hluti laxfiskastofna drepist vegna laxalúsar frá eldinu í Seyðisfirði, eða nota þurfi lyf gegn lúsinni.</p> <p><i>Vísað er í svar við umsögn Fiskistofnu nr. 51 varðandi frekari umfjöllun um laxalús og umhverfisaðstæður í sjónum við Austurland. Því sem þar kemur fram hefur verið bætt við í kafla 8.4 í matsskýrslu þar sem vísað er í heimildir.</i></p>
53	Hafrannsóknastofnun	<p>Einnig kemur fram í frummatsskýrslunni að laxalús hafi ekki fundist í eldiskvíum á Austfjörðum og að óvíst sé að það gerist. Svo er tekið fram að ef það gerist (að laxalús finnist) verði þess gætt að halda fjölda laxalúsa á eldisfiski í sjókvíum í Seyðisfirði í lágmarki með mótvægisáðgerðum. Talað er almennt um helstu mótvægisáðgerðir eins og hlífðarnet um netpoka, hrognkelsi, lyfjafóður og lyfjaböðun. Rætt er um að notast verði við umhverfisvænar aðferðir komi til aukningar á laxalús á eldisfiskum. Hinsvegar vantar frekari útskýringar á því um hvaða mótvægisáðgerðir sem eru umhverfisvænar er átt við. Reynslan á Vestfjörðum hefur verið sú að notast hefur verið við lyfjameðhöndlun í auknu mæli.</p> <p>Mikilvægt er að útiloka ekki að laxa- og fiskilús geti orðið vandamál á Austfjörðum. Með auknum lífmassa í eldiskvíum aukast líkurnar á því að vandamál með sjúkdóma og sníkjudýr komi upp</p>	<p>Í kafla 8.4.4, sem fjallar um vöktun og mótvægisáðgerðir vegna laxalúsar, eru taldar upp aðferðir sem hægt er að beita til draga úr lúsafári, komi það upp.</p> <p>Taka skal fram að Fiskeldi Austfjarða er með Auquagap vottun og lífræna vottun á framleiðslu sinni. Þess vegna munu aðferðir eins og lúsafóður eða lúsaböðun, þar sem notuð efni sem geta haft áhrif á önnur krabbadýr, ekki verða notaðar. Aðferðir sem Fiskeldi Austfjarða myndi nota, komi upp lúsasmit í miklu magni, eru t.d. að nota hrognkelsi til að hreinsa fiskinn, en um þessa aðferð er fjallað í kafla 8.4.4. Einnig yrðu notaðar varnir eða pils sem sett eru um nótapokana til að varna því að lús geti borist í eldislaxinn. Um þessa aðferð er einnig fjallað í kafla 8.4.4. Báðar þessar aðferðir eru vistvænar. Auk þess er líka hægt að baða fiskinn með heitu vatni eða nota þrýstipvott. Við þetta er hægt að ná lúsunum af fisknum og engin eiturefni eru notuð, þetta telst einnig til vistvænna aðferða.</p> <p><i>Umfjöllun um þessa aðferð hefur verið bætt í matsskýrslu, kafla 8.4.4.</i></p>

54	Hafrannsóknastofnun	<p>Hafrannsóknastofnun hefur í fjölda umsagna viðrað áhyggjur sínar af aukaverkunum lyfjameðhöndlunar vegna áhrifa á önnur krabbadýr en laxa- og fiskilús. Krabbadýr eru afar mikilvæg í fæðuvef fjarðanna og uppistaða fæðu margra nytjafiska og þá sérstaklega ungvíðis. Rannsóknir erlendis hafa sýnt neikvæð áhrif á rækju, humar o.fl. krabbadýr (Ingibjörg Jónsdóttir og Guðrún G. Þórarinsdóttir 2019). Nýleg rannsókn frá Noregi á lirfum evrópska humarsins (<i>Homarus gammarus</i>) sýndi bráða eitrun af hálfu böðunarlyfjanna Azamethiphos og Deltamethrin. Þá kom einnig í ljós að áhrifin voru allt til staðar í upp 39 km<sup>2</sup> svæði í kringum meðhöndluð svæði en þó var munur á dreifingaráhrifum þessara tveggja lyfja (Parson o.fl. 2020). Eins og fram hefur komið hefur verið talsvert um að laxa- og fiskilús valdi usla (vanþrif og aukin dánartala eldisdýra) í eldi á Vestfjörðum. Nokkuð oft hefur verið gripið til þess að meðhöndla lax gegn bæði laxa og fiskilús með lyfjaböðunum á Vestfjörðum.</p>	<p>FA er sammála Hafrannsóknastofnun um að umræða um laxalús og fiskilús má ekki vera þannig að lítið sé gert úr vandanum sem lúsasmit veldur.</p> <p>Vísað er í svar við umsögn Fiskistofu nr. 51 varðandi laxalús og óhagstæðar umhverfisaðstæður í sjónum við Austurland. FA bendir á að lús hefur aldrei fundist í eldi fyrirtækisins. Það eitt og sér útilokar ekki að lús geti valdið skaða í eldi FA.</p> <p>FA hefur leitað til sérfræðinga RORUM um málefni er varða lús enda hefur einn sérfræðingur RORUM tekið þátt í rannsóknum er lúta að áhrifum lúsalyfja á m.a. rækjur.<sup>25</sup> FA telur ekki þörf að ræða nánar niðurstöður sem hafa fengist úr fjölda rannsókna á ýmsum þeim lyfjum sem eru notuð í baráttu við lúsasmit, en þær eru fjölmargar þó flestar hafi farið fram á rannsóknastofnum.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
55	Hafrannsóknastofnun	<p>Fram kemur í kafla 3.7 frummatsskýrslunnar að lág selta og lágur sjávarhiti séu náttúrulegar varnir gegn laxalús fyrir austan og að laxalús þrífist ekki í seltu undir 25 psu til lengri tíma. Hinsvegar má sjá á mynd 30 í frummatsskýrslunni að engar mælingar á seltu í Seyðisfirði fóru undir 32.5 psu.</p>	<p><i>Tekið er tillit til þessarar athugasemdar í matsskýrslu, kafla 5.4 (Kafli 3.7 í frummatsskýrslu).</i></p>
56	Hafrannsóknastofnun	<p>Ríkjandi tegund ferskvatnsfiska á Austfjörðum er eins og áður hefur komið fram sjóbleikja en hún nýtir einkum beitarsvæði nærri ströndum og í nágrenni sinnar heimaár. Hér á landi eru til dæmi um göngur bleikju allt að 95 km frá heimaá (Sigurður Guðjónsson, 1989) og eru enn lengri göngur þekktar í Noregi (Klemetsen o.fl. 2003). Sjóbleikju er því væntanlega að finna í nokkru mæli á öllu því svæði sem fyrirhugað eldi verður á. Einnig eru líkur á að fleiri stofnar sem hafa nýtingar og náttúrulegt gildi gangi inn á fyrirhugað eldissvæði.</p>	<p>Nýlega hefur verið gerð rannsókn á útbreiðslu laxfiska í ám á Austfjörðum en ekki hefur verið gerð rannsókn á útbreiðslu sjógenginna laxfiska í fjörðum Austurlands.</p> <p>Vísað er í svar við umsögn Fiskistofu nr. 51 varðandi frekari umfjöllun um laxalús og umhverfisaðstæður í sjónum við Austurland. Í svarinu kemur m.a. fram að niðurstöður eftirlits með lús á eldislaxi við Austurland bendi til þess að laxalús sé ekki að plaga villta laxfiska á svæðinu. Möguleg skýring sé m.a. sú að laxastofnar þar eru smáir og lítið um urriða á svæðinu, en samkvæmt umsögn Fiskistofu er fátíðara að bleikja beri laxalús en fyrir lax og sjóbirting. Á svæðinu er fyrst og fremst bleikja</p>

<sup>25</sup> Bechmann, Renée & Arnberg, Maj & Gomiero, Alessio & Westerlund, Stig & Lyng, Emily & Berry, Mark & Agustsson, Thorleifur & Jager, Tjalling & Burrigge, Les. (2019). *Gill damage and delayed mortality of Northern shrimp (Pandalus borealis) after short time exposure to anti-parasitic veterinary medicine containing hydrogen peroxide*. *Ecotoxicology and Environmental Safety*. 180. 473-482.

			<p>og því telur Fiskeldi Austfjarða að aðstæður séu ekki fyrir hendi sem leiði til þess að lús berist í umtalsverðu magni að sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu.</p> <p>Fyrir liggur að í ám á svæði norðan Stöðvarfjarðar og að Héraðsflóa er nær eingöngu bleikja, lítið er af laxi og urriða.<sup>26,27</sup> Því er ólíklegt að urriðastofnar nýti Seyðisfjörð í miklum mæli sem ætisslóð og þekkt er að sjógönguseiði laxa gangi rակleitt til hafs og án þess að staldra við á strandsvæðum. FA telur því líklegast að í Seyðisfirði sé fyrst og fremst um að ræða sjóbleikju, en ekki aðra laxfiskastofna, sem kunna að hafa nýtingar og náttúrulegt gildi.</p> <p><i>Um fjöllum í kafla 8.4 í matsskýrslu hefur verið uppfærð.</i></p>
57	Hafrannsóknastofnun	<p>Laxa- og fiskilús geta haft áhrif á stofna sjóbleikju og aukið afföll hennar. Taka skal fram að ákveðin óvissa sé um þetta vegna þess að ekki er mikið um laxeldi í nágrenni á sjóbleikjustofnum líkt og á Austfjörðum og Vestfjörðum. Flestar rannsóknir hafa verið gerðar þar sem sjóbirtingur er ríkjandi göngufiskur (t.d. í Noregi). Hinsvegar hefur úttekt á Vestfjörðum sýnt að talsvert magn af laxa og fiskilús fannst á bæði sjóbleikju og sjóbirtingi á Vestfjörðum (Eva Dögg Jóhannesdóttir munnl. uppl.).</p>	<p>Eins og segir í umsögninni eru villtir laxfiskar við Vestfirði smitaðir af laxa- og fiskilús. Smit laxalúsar hefur aukist í fjörðum á sunnanverðum Vestfjörðum. Ástæður þessarar þróunar eru þó ekki skýrðar eingöngu með auknu laxeldi en mögulegt að hækkingi sjávarhiti við Vestfirði geti skýrt þá þróun. Sjá einnig svar við umsögn Hafrannsóknastofnunar nr. 52.</p> <p>Urriða er ekki að finna í Fjarðará í Seyðisfirði eða ám í nærliggjandi fjörðum og lítið er um lax. Eins og fram kemur í svari við umsögn Fiskistofu (nr. 51) er líklegt að villtir laxfiskar á svæðinu séu ekki plagaðir af laxalús. Það skýrist mögulega m.a. af því að laxastofnar þar eru smáir og urriði ekki á svæðinu, en samkvæmt umsögn Fiskistofu er fátíðara að bleikja beri laxalús en fyrir lax og sjóbirting. Á svæðinu er fyrst og fremst bleikja og því telur Fiskeldi Austfjarða að aðstæður séu ekki fyrir hendi sem leiði til þess að lús berist í umtalsverðu magni að sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

<sup>26</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40

<sup>27</sup> Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson (2001). *Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðarár í Seyðisfirði*. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/0117

58	Umhverfisstofnun	Fram kemur í frummatsskýrslu að rekstraraðili sé með AquaGAP umhverfivottun á eldi og vinnslu félagsins. Umhverfisstofnun telur að fjalla ætti með ítarlegri hætti í frummatsskýrslu um umfang og eðli vottunarinnar og hvaða hluta starfseminnar hún nær til.	Gerð var ný úttekt á starfsemi FA og Búlandstinds árið 2019 og í framhaldi af því var Aqua-gap vottunin endurnýjuð. Í framhaldi af því var heimasíða vottunaraðila uppfærð. Afrit af vottun hefur verið send til UST. Aqua-gap vottunin tekur til framleiðslu Fiskeldis Austfjarða á eldislaxi í Berufirði og Fákskrúðsfirði. Auk þess sem hún tekur til vinnslu Búlandstinds á eldislaxi frá Fiskeldi Austfjarða. Unnið verður að því að starfsemi í Seyðisfirði muni falla undir Aqua-gap vottunina. Fiskeldi Austfjarða telur ekki þörf á frekari umfjöllun í matsskýrslu um vottunina. <i>Framangreindri umfjöllun hefur verið bætt við í kafla 8.4.4 í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	6.5	<b>Efnisatriði:</b>	Erfðablöndun, villtur lax
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
59	Hafrannsóknastofnun	Komi til þess að eldislax sleppi og að ráðast þurfi í mótvægisáðgerðir með netaveiðum eru líkur á því að sjóbleikja verði meðafli á þeim tíma sem hún er á fæðuslóð. Ef laxar sleppa og ganga í nærliggjandi ár geta þeir mögulega haft áhrif á viðkomu bleikjustofna í ánum með samkeppni um hrygningar- og uppeldissvæði. Taka má fram að ekki liggja miklar upplýsingar um slík áhrif á bleikju en sýnt hefur verið fram á áhrif á sjóbirting t.d. með því að strokulaxar æxlast með þeim. <i>Í samantekt umsagnar segir:</i> Til eru gögn um minni vatnsföll sem renna í Seyðisfjörð og nágrenni hans. Þar kemur fram hvaða tegundir ferskvatnsfiska eru í vatnsföllum, í hvaða hlutföllum þeir eru ásamt seiðapétteleika. Taka þarf tillit til þessara minni vatnsfella og annara laxfiska eins og bleikju sem er ríkjandi tegund laxfiska á Austfjörðum.	Fyrir liggur að urriða er ekki að finna í ám á svæði norðan Stöðvarfjarðar og að Héraðsflóa og lítið er þar af laxi. <sup>28</sup> FA leitaði upplýsinga hjá Fiskistofu um aflasamsetningu veiða sem gerðar hafa verið í kringum eldisstöð í kjölfar þess að tilkynnt hafi verið um gat á eldisnót. Ef lax veiðist er hann skráður, en meðafli ekki. Því liggja ekki fyrir upplýsingar um hvort sjóbleikja hafi veiðst í þessum aðgerðum. Samkvæmt Fiskistofu voru sjö óhöpp (gat á eldisnót) tilkynnt á árunum 2014 til 2019, þar af fjórar að sumarlagi þegar vænta má að bleikja sé sjógengin. Veiði við eldiskvíar í kjölfar óhapps gaf mest fimm laxa. Segir Fiskistofa að veiðarnar skili litlum árangri a.m.k. ef miðað er við sleppingar á regnbogasilungi. Engu að síður telur FA að reynslan gefi til kynna umfang slysasleppinga laxa úr eldi, sem hafi verið lítið. Það rímar við niðurstöður vöktunar á eldislaxum í laxveiðiám landsins, sem m.a. hefur verið tekið tillit til í endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar. Þó umfang laxeldis aukist er ekki líklegt að framangreind þróun snúist við og óhöpp í eldi verði tíðari en verið hafa. Gangi það eftir er ólíklegt að umtalsvert magn eldislax, sem kominn er að hrygningu við sleppingu, gangi í nærliggjandi ár og hafi með atferli sínu áhrif á bleikjustofna ána.

<sup>28</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfella á Austfjörðum. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40

			<p>Hafa ber í huga að í lög hefur verið fest áhættumat erfðablöndunar og fjarlægðarmörk eldis við laxveiðiár. Krafa Hafrannsóknarstofnunar um að taka beri tillit til minni vatnsfalla og annarra laxfiska er órökstudd og hefur ekki lagastoð.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
60	Hafrannsóknastofnun	<p>Hafrannsóknastofnun [telur] að fjalla þurfi um Breiðdalsá í þessari umsögn. Rétt er að tiltekið sé í Áhættumati erfðablöndunar (2017) að í Breiðdalsá hafi verið stundaðar seiðasleppingar. Hinsvegar skal þess getið hér að í ánni er til staðar náttúrulegur laxastofn þvert á það sem höfundar frummatsskýrslunnar reyna að sýna fram á að finnist ekki í ánni.</p> <p>Tekið er undir að ekki fari miklum sögum af laxveiði né skráningum þar á fyrir en formlegt veiðifélag var stofnað um Breiðdalsá á sjöunda áratug síðustu aldar. Áður var þó stunduð veiði í ánni án þess að hún væri þar skráð sérstaklega.</p>	<p>Allar upplýsingar sem til eru um Austfirði undirstrika að hverfandi líkur eru á því að sjálfbærir laxastofnar geti þrífist í ám á svæðinu. Árnar eru kaldar og næringarsnauðar dragár með miklum rennisslívveiflum. Slíkar ár eru ekki náttúrulegt búsvæði fyrir lax, enda sýna heimildir, bæði skriflegar og munnlegar, að laxveiði hafi með öllu verið óþekkt þar til á seinni hluta 20. aldar. Þetta á ekki bara við um Breiðdalsá, heldur einnig þekktar laxveiðiár líkt og árnar í Vopnafirði, en þar var ekki lax sjáanlegur fyrir en að litlu ísöld lauk um aldamótin 1900. Því er ekki grundvöllur fyrir staðhæfingum um að á Austfjörðum finnist gamlir laxastofnar, jafnvel mörg þúsund ára gamlir.</p> <p>Breiðdalsá hefur, samkvæmt þeim upplýsingum sem finnast um ána, aldrei verið með náttúrulegan laxastofn enda eru ekki til gögn sem benda til slíks. Með miklum sleppingum undanfarin ár hefur verið haldið við hafbeitarstofni í ánni, sem hefur verið undirstaða laxveiði. Það verður að teljast mjög ólíklegt að þessi stofn haldist í ánni ef sleppingum yrði hætt. Ítarlega er farið yfir sögu Breiðdalsár í skýrslunni "Breiðdalsá og leitinn að laxinum" en í þeirri skýrslu eru allar heimildir sem til eru um ána skoðaðar.<sup>29</sup></p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

<sup>29</sup> Agustsson, Thorleifur og Eiriksson, Thorleifur. (2020). *Breiðdalsá og leitinn að laxinum*. Reykjavík: RORUM 2020 001

61	Hafrannsóknastofnun	<p>Fiskrækt hefur verið stunduð í Breiðdalsá til að auka þar veiði. Fiskvegur var gerður í fossinn Beljanda og einnig hefur seiðum verið sleppt. Í seinni tíð hefur ræktunin farið fram með þeim hætti að lax sem veiddur er í áni er nýttur til undaneldis (klak) og seiðum undan honum sleppt í ána. Nýleg rannsókn á hreistri af veiddum laxi í Breiðdalsá sýndi að 60 % af þeim hafði klakist og alist upp í áni. Nú liggja fyrir nýjar niðurstöður úr rannsóknum á erfðafræði laxins í Breiðdalsá. Þar er staðfest að í Breiðdalsá er sérstakur laxastofn sem er skyldur öðrum laxi á Austfjörðum. Stofninn er sérstaklega mikilvægur þar sem hann er stærsti laxastofninn á svæðinu (Leó Alexander Guðmundsson o.fl. 2018). Styrkir það enn frekar að vernda þurfi þennan náttúrulega laxastofn líkt og aðra náttúrulega laxastofna landsins. Því hefur Hafrannsóknastofnun í samráði við Veiðifélag Breiðdalsár hafið smíði vöktunarbúnaðar þar sem settur verður upp myndavélabúnaðurinn Árvaki í þeim tilgangi að vakta göngur laxa í rauntíma og jafnvel greina mögulega strokufiska. Áætlað er að búnaðurinn verði kominn í rekstur vorið 2021 eða 2022.</p> <p>Í frummatsskýrslu á bls. 95 er sett fram og fullyrt að mikil gagnrýni hafi komið fram á Áhættumat erfðablöndunar en sú gagnrýni hefur ekki síst komið frá hagsmunaaðilum í fiskeldi. Rétt er að benda á að óháð nefnd sérfræðinga sem yfirfor Áhættumat erfðablöndunar, benti á að gæta þyrfti að áhrifum eldislaxa á smáa stofna. Nánar tiltekið kom eftirfarandi athugasemd fram í áliti nefndarinnar: “Einnig er mögulegt að höfundar ættu að íhuga að nota lægri viðmiðunarmörk fyrir minni stofna en stærri stofna. Ástæða þess, eins og segir annars staðar í skýrslu okkar, er að fyrirbyggjandi vísindaleg gögn benda til þess að litlir og dreifðir stofnar séu hlutfallslega viðkvæmari fyrir innblöndun en stærri og þéttari stofnar” (<a href="https://www.althingi.is/alttext/pdf/150/s/2029.pdf">https://www.althingi.is/alttext/pdf/150/s/2029.pdf</a>). Nefndin bendir á að þar sem hér sé alinn eldislax af erlendum uppruna geti stafað meiri ógn af honum við innlenda laxastofna en væri um innlendan eldisstofn að ræða. Því bendir nefndin á að vikmörk líkansins fyrir innblöndun ættu að vera strangari. Hafrannsóknastofnun tekur undir þetta með nefndinni en telur að með beitingu varúðarreglu við ákvörðun stuðla líkansins taki áhættumatið tillit til þessa þáttar. Aðrar athugasemdir við líkanið sjálfst voru smávægilegar og lúta að fínstillingaratriðum.</p>	<p>Vísað er í svar við umsögn Hafrannsóknastofnunar nr. 60, þar sem færð eru fram rök fyrir því að í Breiðdalsá sé ekki náttúrulegur laxastofn. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur m.a. fram að laxastofn í Breiðdalsá sé sérstaklega mikilvægur þar sem hann er stærsti stofninn á Austfjörðum. Hafinn sé undirbúningur að vöktun á göngum laxa og greiningar á mögulegum strokufiskum úr eldi. Vitnað er í sérfræðiskýrslu vegna rýni á aðferðum við áhættumat erfðablöndunar þar sem fram komi að gæta þurfi að áhrifum á litla laxastofna sem séu hlutfallslega viðkvæmari fyrir innblöndun en stærri stofnar.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða bendir á að í áhættumati erfðablöndunar er gert ráð fyrir laxastofni Breiðdalsár. Endurskoðað áhættumat byggir m.a. á niðurstöðum vöktunar í nokkrum laxveiðiám landsins undanfarin ár og stuðlum í reiknilíkani Hafrannsóknastofnunar hefur verið breytt frá því sem var í fyrra áhættumati, þannig að matið uppfylli betur varúðarreglu laga um náttúruvernd. Á því byggir m.a. ákvörðun um að heimila eldi á 6.500 tonnum af frjóum laxi í Seyðisfirði.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
----	---------------------	---	---

62	Hafrannsóknastofnun	<p>Hafrannsóknastofnun bendir á að til séu gögn/rannsóknir sem ekki komi fram í frummatsskýrslunni en mikilvægt sé að litið verði til vegna mögulegra umhverfisáhrifa laxeldis á Austfjörðum. Sérstaklega er mikilvægt að taka tillit til sjóbleikju sem er ríkjandi tegund ferskvatnsfiska í Austfirskum ám og fjörðum.</p> <p>Sú úttekt [Leó Alexander Guðmundsson o.fl. (2019)] tekur þó ekki til smærri vatnsfalla og lækja á svæðinu. Fram kemur í skýrslu Leós og félaga að á Austfjörðum séu stofnar göngufiska, einkum sjóbleikja en að lax og sjóbirtingur séu líka þó í minna mæli. Veiðiskráning á lax, bleikju og urriða hefur verið í ám á Austfjörðum og skila veiðar veiðiréttihöfum tekjum.</p>	<i>Fjallað er um tilvísaða rannsókn í kafla 8.4 í matsskýrslu.</i>
63	Hafrannsóknastofnun	<p>Í frummatsskýrslunni er sagt að næstu laxveiðiár norðan Seyðisfjarðar séu í Vopnafirði. Vissulega eru laxár í Vopnafirði en lax er einnig að finna í nokkrum mæli í Selfljóti/Gilsá og ört stækkandi laxastofn er í Jöklu (Guðmunda Björg Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2020). Lax er einnig í Fjarðará í Loðmundarfirði, Fjarðará í Borgarfirði-Eystri, Fögruhlíðará og í Mjóafirði þó í takmörkuðu magni.</p>	<i>Tekið hefur verið tillit til þessara athugasemda í kafla 8.5 í matsskýrslu.</i>
64	Náttúrufræðistofnun Íslands	<p>Náttúrufræðistofnun fagnar því að gert er ráð fyrir því að nota einnig ófrjóan lax í eldinu og þá væntanlega stefnt að því að auka þann hluta í framtíðinni. Að mati Náttúrufræðistofnunar á eingöng að nota ófrjóan lax í sjókvíaelði við Íslandsstrendur ekki síst þegar um er að ræða framandi kynbætta laxategund sem getur haft áhrif á villta laxastofna. Í þessu samhengi skiptir það engu máli að mati stofnunarinnar hvort það sé mikið eða lítið af laxi í ám á Austfjörðum. Útbreiðsla laxastofna er hluti af náttúrulegu ferli sem tekur sífelldum breytingum vegna umhverfisaðstæðna hverju sinni og því ekki hægt að réttlæta framandi tegundir með þeim hætti sem reynt er að gera í frummatsskýrslunni. Út frá náttúruverndarsjónarmiðum snýst málið um það hvort það eigi yfirleitt að heimila starfsemi/laxeldi sem getur breytt villtum dýrum í íslenskri náttúru varanlega þ.m.t. langt út fyrir viðkomandi starfssvæði. Sömu starfsemi er hægt að hafa á landi (eða</p>	<p>Í umsögn Náttúrufræðistofnunar segir að málið snúist um það hvort það eigi yfirleitt að heimila starfsemi sem getur breytt villtum dýrum í íslenskri náttúru varanlega þ.m.t. langt út fyrir viðkomandi starfssvæði.</p> <p>FA bendir á að stjórnvöld hafa skilgreint hafsvæði við Ísland þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er óheimilt. Friðunarsvæðin voru sett til verndar villtum laxastofnum. Bannið gildir ekki um önnur hafsvæði við landið, m.a. við Austurland, samkvæmt ákvörðun stjórnvalda.</p> <p>Fyrir liggur að ár á Austfjörðum sunnan Vopnafjarðar eru kaldar, aðrennsli þeirra stutt og þær hafa litla framleiðni. Skilyrðin eru því hentug fyrir uppeldi bleikju en ekki fyrir laxastofna.<sup>30,31</sup> Jafnframt er vísað í svar við umsögn Hafrannsóknastofnunar nr. 60, þar sem færð eru rök fyrir því að í Breiðdalsá sé ekki náttúrulegur laxastofn.</p>

<sup>30</sup> Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson (1996). Fiskar í ám og vötnum. Landvernd, Reykjavík. 191 bls.

<sup>31</sup> Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson (2001). Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði fjarðarár í Seyðisfirði. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/0117.

nota ófrjóan lax) þar sem líkur á neikvæðum áhrifum vegna sjúkdóma eða erfðablöndunar eru margfalt minni eða nánast engar ef rétt er að málum staðið. Náttúrufræðistofnun getur tekið undir þær mótvægisáðgerðir sem lagðar eru til í frummatsskýrslunni og þá sérstaklega notkun á ófrjóum laxi.

Áhættumat erfðablöndunar eldisfisks við íslenska laxastofna er unnið á vegum Hafrannsóknastofnunar og að því koma helstu sérfræðingar landsins um líffræði laxastofna hér við land. Matið byggir því á bestu vísindalegu þekkingu. Nýtt áhættumat byggir m.a. á niðurstöðum vöktunar í nokkrum laxveiðiám landsins. Jafnframt hefur stuðlum í reiknilíkani Hafrannsóknastofnunar verið breytt frá því sem var í fyrra áhættumati, þannig að matið uppfylli betur varúðarreglu laga um náttúruvernd. Áhættumatið verður endurskoðað þegar frekari vöktunargögn liggja fyrir.

Með hliðsjón af framansögðu telur FA að tryggt sé eins og kostur er að frjór eldislax valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á erfðir villtra laxastofna.

Það er og rangt sem kemur fram í athugasemdinni að útbreiðsla laxastofna á Íslandi sé hluti af náttúrulegu ferli. Ekkert er fjær sanni. Í íslenskar ár hefur verið sleppt seiðum í hundraða þúsunda tali árlega frá því um miðjan sjötta áratuginn og var uppruni þeirra oft ókunnur eða úr hinum ýmsum ám. Sprengdir hafa verið laxastigar og ár virkjaðar til að breyta náttúrulegum gönguleiðum. Náttúruval hefur verið truflað með veiðum á stórlaxi og núna síðast sleppingum. Fiskeldi Austfjarða telur að séu í dag eitthvað sem heitir hreinir laxastofnar í íslenskum ám þá er það til marks um það að ógerlegt er að breyta erfðamengi áa og því ætti fiskeldi ekki að fela í sér hættu.

*Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.*



65	Náttúrufræðistofnun Íslands	<p>Að mati Náttúrufræðistofnunar, og eins og áður hefur komið fram hjá stofnuninni, er laxeldi í sjó með framandi tegundum, frjóum laxfiskastofni af norskum uppruna, ekki í samræmi við 1. gr., 2. gr. né 9. gr. laga um náttúruvernd né alþjóða samningu um vernd líffræðilegrar fjölbreytni né heldur leið til að uppfylla heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Neikvæðar afleiðingar af laxeldi í sjó eru þekktar og mótvægisáðgerðir virðast ekki hafa komið í veg fyrir þær. Vissulega getur staðsetning á sjókvíeldi og góður rekstur/mótvægisáðgerðir dregið úr neikvæðum áhrifum. Fræðilegt áhættumat breytir engu um að verið er að taka áhættu með villta laxastofna. Miðað við það ástand sem er í heiminum hvað varðar líffræðilega fjölbreytni, og snýr m.a. að útrýmingu tegunda og tap á mismunandi stofnum af tegundum, ætti eingöngu að nota ófrjóan lax í sjókvíeldi.</p>	<p>Fram kemur í umsögn Náttúrufræðistofnunar að þekktar séu neikvæðar afleiðingar af laxeldi í sjó fyrir líffræðilega fjölbreytni og mótvægisáðgerðir hafi ekki dugað. Ekki er vísað til dæma um slíkar afleiðingar af íslensku laxeldi í sjó. Jafnframt segir að fræðilegt áhættumat breyti engu um að verið er að taka áhættu með villta laxastofna.</p> <p>FA bendir á að stjórnvöld hafa skilgreint hafsvæði við Ísland þar sem eldi laxfiska í sjókvím er óheimilt, en á öðrum hafsvæðum er slík starfsemi háð leyfum og eftirliti. Friðunarsvæðin voru sett til verndar villtum laxastofnum, sem Fiskeldi Austfjarða telur vera í anda verndar á líffræðilegri fjölbreytni. Jafnframt eru skilgreind fjarlægðarmörk milli eldis og veiðiáa og með þeim ráðstöfunum er dregið úr möguleikum áhrifa.</p> <p>Mikið vatn hefur runnið til sjávar frá árdögum eldis og er eftirlit og búnaður með allt öðrum hætti en var. Varðandi sleppingar og mögulega erfðablöndun þá segir sagan okkur lítið og eingöngu samtímagögn eru marktæk. Þau sýna að erfðablöndun hefur ekki verið vandamál á Íslandi, m.a. samtímavöktun á laxveiðiám á Íslandi undanfarin ár. Miðað við frampróun greinarinnar þegar kemur að eftirliti, tækjakosti og kynbótum þá eru litlar líkur til þess að erfðablöndun verði vandamál.</p> <p>Bleikja er ríkjandi tegund laxfiska í flestum ám á Austurlandi. Hún er nær einráð í ám norðan Stöðvarfjarðar en sunnan hans var lax oftast ríkjandi. Mestur þéttleiki laxaseiða hefur mælst í suðlægustu ám á Austurlandi, í Laxá í Nesjum og Selá í Álftafirði, en einnig nokkur þéttleiki í árkerfum Breiðdalsár. Samkvæmt þessu er lítið um lax í ám nærri Seyðisfirði.</p> <p>Lög segja til um að framleiðenda laxahrogna beri skylda til að geyma lífsýni og upplýsingar um arfgerð í gagnagrunni. Einnig ber að tryggja rekjanleika hrogna frá framleiðenda að sjókví. Þetta fyrirkomulag gerir mögulegt að rekja strokufiska úr eldi til kvíastæðis og fyrirtækis. Hafrannsóknastofnun vaktar fiskgengd í helstu lykilár landsins m.t.t. eldislax. Fram til þessa hefur ekki greinst eldislax í slíkum ám á Austurlandi.</p> <p>Áhættumat erfðablöndunar eldisfisks við íslenska laxastofna er unnið af helstu sérfræðingum landsins um líffræði laxastofna hér við land. Matið byggir því á bestu vísindalegu þekkingu. Nýtt áhættumat byggir m.a. á</p>
----	-----------------------------	--	--

			<p>niðurstöðum vöktunar í nokkrum laxveiðiám landsins og stuðlum í reiknilíkani Hafrannsóknastofnunar hefur verið breytt frá því sem var í fyrra áhættumati, þannig að matið uppfylli betur varúðarreglu laga um náttúruvernd. Áhættumat skal endurskoða eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti.</p> <p>Með hliðsjón af banni við sjókvíaeldi á hafsvæðum við landið, rekjanleika erfðaefnis eldislax og reglulegri endurskoðun áhættumats erfðablöndunar, sem m.a. byggir á vöktun, telur FA að dregið sé verulega úr hættu á neikvæðum afleiðingum laxeldis í sjó á villta laxastofna og líffræðilega fjölbreytni.</p> <p>Fiskeldi Austfjarðar telur mikilvægt að ófrjór lax verði notaður í sjókvíaeldi eins fljótt og það þykir raunhæft.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
<b>Kafli</b>	6.6	<b>Efnisatriði:</b>	Fuglalíf
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
66	Múlaping	Kafli um aðrar nytjar í firðinum er rýr og lítið vísað til heimilda þar. Til dæmis kemur þar aðeins fram að æður sé í firðinum en ekki verndað æðarvarp. Ekki kemur þar fram að nytjað æðarvarp er á Skálanesi.	<i>Kafli 8.6 í matsskýrsla hefur verið uppfærður m.t.t. æðarvarps á Skálanesi.</i>

67	Múlaping	<p>Umfjöllun um fuglalíf er heldur rýr og verður að gera kröfu um að sá þáttur sé skoðaður mun betur. Á firðinum eru langdvölum stór hluti af æðarfugli úr varplandi við Skálanes og úr Loðmundarfirði. Fjölmargar tegundir sjófugla, svo sem margar tegundir af svartfugli og mávum, kría, lundi o.fl. hafa aðsetur í friðinum. Fuglalíf er fjölbreytt og mismunandi eftir árstíðum og það er mikilvægt að því sé gerð góð skil og áhrif á það verði metin með vönduðum hætti.</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða er ekki sammála því að umfjöllun um fuglalíf sé rýr og erfitt er að sjá hvað þarf að skoða betur. Umfjöllun um fugla byggir á samantekt sem unnin var af fuglafræðingi á vegum Náttúrustofu Austurlands og byggir á athugunum sem gerðar hafa verið í Seyðisfirði ásamt öðrum gögnum. Við mat á umhverfisáhrifum á fuglalíf fá allar tegundir jafnt vægi og þess gætt að taka ekki afstöðu með einni tegund gegn annarri. Svo ber að benda á að engin ein fuglategund er réttþærri öðrum sem þýðir að svokallaðar „nytjategundir“ fá ekki meira vægi við mat á áhrifum framkvæmda. Hvað varðar æðarfuglinn þá eru til litlar sem engar rannsóknir um áhrif fiskeldis á æðarfugl og æðvarvarp. Skýrt hefur komið fram að á meðal félagsmanna Æðarræktarfélagins eru skiptar skoðanir um áhrif laxeldis á æðarvörp. Þannig hafa æðarræktendur á Vestfjörðum talið eldi hafi verið til bóta fyrir fuglinn. Það er ekkert sem bendir til þess að fyrirhugað eldi muni ógna stofni æðarfugls í Seyðisfirði, þar sem staðsetning sjókvía verður á meira dýpi en æðarfuglinn nýtir sér.</p> <p>Vöktunaráætlun framkvæmdaraðila mun ná til vöktunar á fuglalífi og verður brugðist við ef um neikvæð áhrif eldis verður að ræða. Hafa ber í huga að allar kvíar verða með fuglanetum og óþekkt er að fugl fetist í kvíanótum. Gerðar hafa verið tilraunir með að gefa fóður neðansjárvar og hafa þær reynst vel. Möguleikar á neikvæðum áhrifum eldis á fuglalíf eru því hverfandi.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i></p>
68	Umhverfisstofnun	<p>Umhverfisstofnun bendir á að samantekt Náttúrustofu Austurlands byggir á fyrri áætlunum fyrirtækisins um eldisvæði að Háubökkum og Sörlastaðavík áður en eldisvæðin að Selstaðavík og Skálanesbót bættust við. Umhverfisstofnun telur að þar sem eldisvæðið við Skálanesbót er í um 2-3 kílómetra fjarlægð frá Skálanesbjargi kunni eldið að hafa áhrif á fuglalíf þar.</p> <p>Umhverfisstofnun telur óvissu gæta um áhrif framkvæmdar á fuglalíf í Seyðisfirði og að fjalla þurfi um áhrif eldisstöðva við Selstaðavík og Skálanesbót á fuglalíf Skálanesbjargs. Breyting á dreifingu tiltekinnar fuglategunda, s.s. máva, geti haft áhrif á aðrar fuglategundir, s.s. æðarfugls.</p>	<p>Benda má á að reynsla hér við land hefur sýnt að áhrif sjókvíaeldis á æðarfugl hafa verið óveruleg. Æðarfugl getur orðið langlífur og stofn tegundarinnar er sterkur hér við land. Því er ekki viðbúið að neikvæð áhrif mögulegrar fjölgunar máfa séu líkleg til að hafa áhrif á æðarfugl í Seyðisfirði. Við mat á umhverfisáhrifum á fuglalíf fá allar tegundir jafnt vægi og þess gætt að taka ekki afstöðu með einni tegund gegn annarri. Svo ber að benda á að engin ein fuglategund er réttþærri öðrum sem þýðir að svokallaðar „nytjategundir“ fá ekki meira vægi við mat á áhrifum framkvæmda. Þetta gildir einnig vegna nýrri staðsetninga við Selstaðavík og Skálanesbót. Hins vegar er talið að þrátt fyrir nálægð eldisvæðisins Skálanesbót við Skálanesbjarg þá muni það hafa óverleg áhrif á fugla á þeim slóðum, enda er um að ræða töluverða fjarlægð. Hvernig áhrifin</p>

			eiga að geta orðið er hulin ráðgáta, því hvorki kemst fuglinn í fóður né er um að ræða áhrif vegna umgengni manna. Uppsetning eldiskvía og annarra mannvirkja verður með þeim hætti að hún minnki eins og hægt er aðráttarafl fugla sem kynnu að leita sér ætis í og við eldiskvíar. <i>Um fjöllum í matsskýrslu, kafla 8.6, hefur verið breytt með tilliti til eldissvæðis í Selstaðavík og Skálanesbót.</i>
<b>Kafli</b>	6.8	<b>Efnisatriði:</b>	Menningarminjar
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
69	Minjastofnun Íslands	Eins og [í frummatsskýrslu] kemur fram eru ekki þekktar fornleifar staðsettar á fyrirhuguð eldissvæði. Ekki var þó gerð sérstök athugun því hvort fornleifar eru að finna á hafsbótunum innan eldissvæðisins sem hér eru til umfjöllunar. Skipsflakið El Grillo er á hafsbotni fyrir utan höfnina í Seyðisfirði. Það er yngra en 100 ára og fellur því ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar. ... [Í umsögn Minjastofnunar um tillögu að matsáætlun] kom fram að stofnunin gerði ekki kröfu um að fornleifar væru skráðar á sjávarbotni vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðs fiskeldis. [...] Engu að síður fer stofnunin fram á að henni verði kynnt gögn sem kunna að liggja fyrir vegna skönnunar á botnunum eða vegna köfunar sem fram hefur farið á svæðinu. Þá óskar Minjastofnun eftir að teknar verði myndir af þeim stöðum á botnunum þar sem fyrirhugað er að koma fyrir botnfestingum og að stofnunin verði gefin kostur á að koma með athugasemdir við staðsetninguna ef einhverjar eru áður en gengið verður frá festingunum.	Ítrekað er það sem fram kemur í frummatsskýrslu um að brugðist verður við í samræmi við lög um menningarminjar ef fornminjar finnast. Svæði þar sem festingar sjókvía verða á botni mun kafari taka út. Ef fornminjar finnast verður framkvæmd stöðvuð og frekari rannsókn gerð að höfðu samráði við Minjastofnun Íslands. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
70	Múlaping	Varðandi menningarminjar þá eru þekktar sagnir um skipsflök á hafsbotni í firðinum, sem eru eldri en 100 ára og þar með friðuð, og er þar vafalaust mun fleiri að finna en þau sem sagnir hafa varðveist um. Þó svo að flak El Grillo sé ekki friðað samkvæmt þjóðminjalögum, er þar sannarlega um að ræða þekktar minjar og merkilegar sem rétt er að gera grein fyrir. Ekki er ósennilegt að þau séu að finna undir fyrirhuguðum flákum eldiskvía og þyrfti að kanna það áður en til framkvæmda kemur.	Flak El Grillo liggur á botni skammt frá höfn Seyðisfjarðar. Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá áformum um að nýta eldissvæðið við Háubakka. Því verður starfsemi eldisins fjarri skipsflakinu. Ef skipsflak finnst við undirbúning uppsetningar á eldisbúnaði verður framkvæmd stöðvuð og frekari rannsókn gerð í samráði við Minjastofnun Íslands <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

Kafli	6.10	Efnisatriði:	Landslag og ásýnd
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
71	Múlaping	<p>Það er ljóst að ásýnd og yfirbragð fjarðarins mun breytast við það að flákar af eldiskvíum verði settir á fjórar kyrrlátar vikur. Aðstæður eru þannig að kvíarnar verða áberandi einkum úr nokkurri hæð séð, þar sem fjörðurinn er þröngur, undirlendi lítið, sveitabæirnir eru í um 50 m hæð yfir sjó og vegirnir með firðinum eru það að verulegu leyti líka er sjónarhornið almennt þannig. Vinsælar gönguleiðir liggja um hlíðarnar yfir fjallaskörð og upp á tinda. Upplifun íbúa og gesta mun breytast. Auk þess þarf að meta áhrif vegna ljósmengunar, hljóðmengunar og umferðar um fjörðinn betur. Fjörðurinn er afar vinsæll til myndatöku ekki síst norðurljósamynda sakir þess hve ljósmengun er lítil. Allt þetta mun breytast og áhrifin eru neikvæð.</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæðið við Háubakka og því er í matsskýrslu gert ráð fyrir þremur eldissvæðum. Við það mun ásýnd vegna sjóeldiskvíá minnka mikið séð frá bænum og munu kvíar á öðrum eldissvæðum ekki sjást frá íbúabyggð. Einnig er ítrekað að á hverjum tíma verða aðeins tvö eldissvæði í notkun á meðan það þriðja verður í hvíld. Á milli eldislota verða því ekki neinar sjókvíar á svæði sem er í hvíld. Einnig er áréttað að sjókvíar munu aðeins ná yfir hluta hvers eldissvæðis sem skilgreint er í frummatsskýrslu.</p> <p>Landbúnaður er stundaður á fjórum sveitabæjum í Seyðisfirði og mestu ásýndaráhrifin verða þegar eldisbúnaður er í Sörlastaðavík og Selstaðavík.</p> <p><i>Í kafla 8.10 í matsskýrslu hefur helstu gönguleiðum, samkvæmt aðalskipulagi, verið bætt inn á kort (mynd 50). Það varðar ásýnd eldisvæðanna séð frá gönguleiðum.</i></p> <p>Frummatsskýrsla er unnin samkvæmt matsáætlun, sem ekki gerir kröfu um að fjallað sé um hljóð- og ljósmengun frá eldisstarfseminni. Þess má geta að lítil hljóðmengun fylgir starfseminni. Notaðir verða tengiltvinnprammar við eldið, sem eru að mestum hluta rafknúnir en ganga fyrir jarðefnaeldsneyti um fjórar klukkustundir á sólarhring. Prammanir eru mjög vel einangraðir og verður hljóðmengun frá þeim því lítil sem engin.</p> <p>Ljósabúnaður á kvíum verður neðansjávar og eingöngu notaður á myrkasta tíma ársins. Áhrif ljósanna verða staðbundin og ljósmengun lítil.</p> <p><i>Ekki er fjallað frekar um hljóð- og ljósmengun í matsskýrslu.</i></p>

Kafli	6.11	Efnisatriði:	Ferðamennska
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
72	Múlaping	<p>Umfjöllun um þætti sem hér eru raktir að ofan þarf að byggjast á betri gagnaöflun og í mörgum tilfellum nýrri gögnum. Sérstaklega er ástæða til að benda á að ástæða er til að afla nýrri og betri gagna um umfang ferðþjónustu og tengdrar starfsemi.</p> <p>Ekki verður séð að nein gögn séu tekin saman sem sýna sérstaklega komur skemmtiferðaskipa, eða að reynt sé að leggja mat á hugsanlega áhrif eldisins, einkum staðsetningar þess við Háubakka, á möguleika stærri skipa af því tagi til að athafna sig í höfninni og við hana. Auk þess þyrfti að styðja fullyrðingar um efnahagslega þætti, ávinning og samlegð með ferðþjónustu með betri gögnum. Sem dæmi má þar nefna að forsendur fyrir fjölda heilsársstarfa á Seyðisfirði eru í besta falli óljósar og ætti að vera hægt að gera betur. Hið sama má segja um mat á mögulegum tekjum sveitarfélagsins í gegnum höfnina, þar sem minnst er á hafnargjöld og sérstakt gjald á fiskeldi en ekki tilgreindar fjárhæðir.</p>	<p>Varðandi gögn og gangaöflun er bent á svar við athugasemd Múlaping nr. 31.</p> <p>Umfjöllun í kafla 6.11 í frummatsskýrslu byggir á breiðum grundvelli og er horft til margra þátta, ekki bara komu skemmtiferðaskipa. Fiskeldi Austfjarða hefur hætt við áform um eldissvæði við Háubakka og mun eldið því ekki hafa áhrif á athafnir skemmtiferðaskipa í og við Seyðisfjarðarhöfn.</p> <p>Forsendur um fjölda heilsársstarfa í Seyðisfirði byggja á reynslu Fiskeldis Austfjarða og skýrslu í forsendum Byggðastofnunar frá 2017. Talan 15-25 störf sem nefnd er í frummatsskýrslu er lágmarksmannskapur miðað við fullt eldi í firðinum. Búast má við að störfin verði fleiri.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða telur ekki tímabært að fjalla nánar um tekjur af hafnargjöldum og sérstöku gjaldi á fiskeldi. Ástæðan fyrir því er að í nóvember 2020 var í samráðsgátt frumvarp til breytinga á hafnarlögum, nr. 61/20003. Meðal breytinga sem boðaðar eru er breyting á gr. 17 um að svokallað eldisgjald muni einnig ná til fiskeldisfyrirtækja. Ekki liggur fyrir hvenær frumvarpið fer fyrir Alþingi eða það verður samþykkt.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

Kafli	6.12	Efnisatriði:	Nytjastofnar
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
73	Múlaping	[Gera þarf grein fyrir áhrifum á] skilyrði botnfisks í friðinum og hver þau verði til lengri tíma ef gengið verður á ystu mörk varðandi burðarþol fjarðarins.	<p>Mat á burðarþoli skilgreinir hámarks lífmassa tegunda í eldi sem hægt er að hafa í Seyðisfirði án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríki fjarðarins. Hafrannsóknastofnun er ætlað að vakta lífrænt álag í friðinum og endurskoða matið svo oft sem þurfa þykir að mati stofnunarinnar. Ef endurmetið burðarþol leiðir til lækkunar ber Matvælastofnun að breyta gildandi rekstrarleyfum í samræmi við það, að gefnum hæfilegum fresti til aðlögunar. Fjallað er um forsendur matsins, vöktun á lífrænu álagi og mögulega endurskoðun burðarþolsmats í svari við umsögn Múlapingis nr. 36.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða telur því ekki að skilyrði botnfisks í Seyðisfirði verði lakari með tilkomu eldisins.</p> <p><i>Umfjöllun í kafla 8.12 um áhrif á fiskveiðar og nytjastofna hefur verið breytt í samræmi við framangreint.</i></p>
Kafli	6.13	Efnisatriði:	Vöktun
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
74	Náttúrufræðistofnun Íslands	Verði framkvæmdin heimiluð verður að tryggja, með vöktun, að hægt sé að fylgjast með og rekja til upprunans þau áhrif sem villtir laxastofnar geta orðið fyrir. Einnig þarf að mati Náttúrufræðistofnunar, og eftir því sem sjókvíaeldi eykst og það fyrirhugað til lengri tíma, að leggja mat á samlegðaráhrif mengunar frá sjókvíaeldi á sjávarlífríki við stendur landsins, sérstaklega í þeim svæðum þar sem eldi er í mörgum fjörðum. Það þarf því sem fyrst að gera vöktunaráætlanir til að meta áhrif mengunar á lífríki stórra svæða svo hægt sé að sjá hvort og þá hvaða breytingar eiga sér stað og jafnframt hægt að bera niðurstöður úr vöktuninni saman við „upprunalegt“ ástand viðkomandi svæða.	<p>Vöktunaráætlun fyrir Seyðisfjörð liggur fyrir og er að finna í viðauka 5. Byggir hún á viðurkenndum aðferðum, reynslu Fiskeldis Austfjarða og ISO 12878:2012 staðlinum. Tekin hafa verið grunnsýni, bæði efna- og lífsýni, af öllum svæðum og liggja þau til grundvallar fyrir framtíðarvöktun. Allir þættir sem NÍ lýsir áhyggjum yfir er þegar búið að taka tillit til í umhverfismati og fjalla um í frummatsskýrslu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

Kafli	8	Efnisatriði:	Samantekt umhverfisáhrifa, loftslag, heildaráhrif
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
75	Múlaþing	Samantekt í upphafi [frummatsskýrslu] fjallar að miklu leyti um tæknileg atriði varðandi framleiðslu á laxi, efnahagsleg áhrif a byggðarlagið, samlegðaráhrif við ferðaþjónustu o.fl. Múlaþing telur mikilvægt að horfa til þess að auk þess að meta áhrif á þessa þætti þurfi að fjalla mun betur um áhrif á ásynd og yfirbragð, umhverfið sem heild og áhrif á íbúa og atvinnulíf einkum hafnsækna starfsemi og ferðaþjónustu. Mikilvægt er að horfa til náttúruverndarsónarmiða varðandi starfsemina, umferð um fjörðinn, ljósmengun og hljóðmengun, áhrif efna sem notuð eru við eldið a umhverfið, einkum áhrif á botndýralíf, fugla- og dýralíf. Þá er óhjákvæmilegt að meta áhrif á margar tegundir hvala og sela sem eru tíðir gestir í firðinum og jafnvel fleiri tegundir eins og rostunga sem eru hluti af fjölskrúðugu dýralífi.	<p>Samantekt í upphafi frummatsskýrslu tekur saman helstu atriði og niðurstöður umhverfismats. Ítarlegri umfjöllun um einstaka þætti er að finna í sjálfri frummatsskýrslunni.</p> <p>Það mat á umhverfisáhrifum sem farið hefur fram er heildstætt, jafnframt sem fjallað er um einstaka þætti sem byggjast á samþyktri matsáætlun. Gerð er krafa um að fjalla þurfti betur um t.d. ásynd og yfirbragð, umhverfið sem heild, áhrif á íbúa og atvinnulíf og ýmsa aðra þætti. Erfitt er að sjá hvert verið er að fara með þessu því þetta hefur þegar verið gert. Í frummatsskýrslu er horft til náttúruverndarsjónarmiða, um þau er fjallað og þau notuð sem viðmið.</p> <p>Hvað varðar hljóð- og ljósamegnum þá er ekki fjallað sérstaklega um þau, en bent er á svar við umsögn Múlaþings nr. 71.</p> <p>Hvalir fara um fjörðinn en eldið mun ekki hafa áhrif á þá og byggir það á reynslu í eldi Fiskeldis Austfjarða. Það sama gildir um seli. Í þessu ljósi er ekki talið nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um þá í frummatsskýrslu eða matsskýrslu.</p> <p>Að lokum er undarlegt að nefna rostung þar sem þessi tegund hefur ekki aðsetur við Ísland að staðaldri þótt að alltaf geti stakt dýr flækst til Íslands.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
76	Múlaþing	Umfjöllun um áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda vegna þessara framkvæmda virðist vanta en ástæða er til að þau áhrif verði metin og tekin til skoðunar með öðrum þáttum	<p>Á sínum tíma veitti Seyðisfjarðarkaupstaður umsögn um tillöguna að matsáætlun þar sem ekki var gerð athugasemd varðandi loftslagsmál. Frummatsskýrsla er unnin á grundvelli tillögu að matsáætlun, sem Skipulagsstofnun féllst á með athugasemdum. Endanleg matsáætlun gerði ekki ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar á losun gróðurhúsalofttegunda yrði þáttur í mati á umhverfisáhrifum. Umfjöllun í frummatsskýrslu er í samræmi við matsáætlun.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>



77	Múlaþing	<p>Heildarniðurstaða skýrsluhöfunda um að áhrifin séu verulega jákvæð virðist ekki alveg að öllu leyti í samræmi við umfjöllun en kemur þannig út með því að efnahagslegir og hagrænir þættir eldisins og áhrif þeirra virðast fá meira vægi í niðurstöðunni en aðrir þættir sem metnir eru neikvæðir og hafa áhrif náttúruna.</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða hafnar því að heildarniðurstaða umhverfismats vegna hagrænna og efnahagslegra þátta fái meira vægi en aðrir þættir. Því er jafnframt hafnað að þeir þættir sem hafa áhrif á náttúruna fái ekki nægt vægi, en hafa ber í huga að möguleg neikvæð áhrif eldis eru afturkræf. Það er sem á stundum að fulltrúi Múlaþings hafi ekki kynnt sér efni skýrslunnar.</p> <p>Staðreyndin er sú að sögulega hefur atvinnulíf verið einhæft á landsbyggðinni. Áður fyrr voru sjávarútvegur og fiskvinnsla undirstaða atvinnulífs á mörgum stöðum, s.s. á Seyðisfirði þó það hafi breyst til batnaðar. Ferðamennska hefur verið að byggjast upp, en er að mestu árstíðarbundinn atvinnuvegur. Fiskeld eykur fjölbreytni í atvinnulífi, veitir heilsársstörf auk þess sem það skapar miklar tekjur fyrir sveitarfélagið. Af þessum sökum er ekki óeðlilegt að áhrif á efnahagslega og hagræna þætti séu metin verulega jákvæð. Það er í raun ekki hægt að bera saman mat á umhverfisáhrifum á efnahagslega og hagræna þætti annars vegar og náttúrfarslega þætti hins vegar. Um þetta gilda ólíkar forsendur.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i></p>
78	Náttúrufræðistofnun Íslands	<p>Í framangreindum texta kemur fram að rekstur fiskeldisins sé hugsaður til ótilgreindrar framtíðar. Með það í huga verður að líta svo á að hér er um að ræða rekstur fiskeldis í t.d. fleiri en eina kynslóð manna. Engu að síður eru öll áhrif metin afturkræf. Varla finnst þeim sem ekki líkar við sjókvíar sem hluta af t.d. landslagi/útsýni sínu það vera afturkræft ef þær eru til staða í heila mannsæfi eða meira. Einnig er það varla afturkræft ef mengun undir kvíum er stöðug eða síendurtekin í t.d. 100 til 200 ár. Með þessari túlkun er líklega hægt að fjalla um allt sem afturkræft svo framarlega sem t.d. ákveðnum tegundum hefur ekki verið útrýmt. Setja þarf viðmið um hvað megi flokka sem afturkræft og á hvaða forsendum.</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða hafnar því að notkun hugtaka og orða endurspegli einhver ákveðið gildismat eða sé til þess fallin að draga úr vægi áhrifa framkvæmdar með einhverjum orðaleik. Fiskeldi Austfjarða fer eftir leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og sjónarmiðum sem tilgreind í lið m í 3. gr. í reglugerð nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Þar koma fyrir hugtök eins og veruleg, óveruleg, afturkræf eða óafturkræf. Þau eru síðan nánar skilgreind í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Sama á við um notkun á hugtökum sem taka á vægi áhrifa, en notaðar eru skilgreiningar úr leiðbeiningum Skipulagsstofnunar. Það er ekki hlutverk Fiskeldis Austfjarða að skilgreina viðmið um hvað megi flokka sem afturkræft eða á hvaða forsendum það er gert. Slíkt er á hendi opinberra aðila og þá í samræmi við lög og reglur sem eru í gildi á hverjum tíma.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i></p>

## Viðauki 25: Athugasemdir við frummatsskýrslu

Alls bárust athugasemdir við frummatsskýrslu frá 197 einstaklingum.

## Til Skipulagsstofnunar

Efni:

Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í opnum sjókvíum í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.

Undirritaður íbúi á Íslandi kemur með þessu bréfi á framfæri mótmælum við fyrirhuguðu 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði, sbr. frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 2. nóvember 2020. Vísað er til neðangreinda röksemda í þessu sambandi:

Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru í stórum rammafestingum. Allar líkur eru á að áhrif á landslag verði því ekki talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð ef horft er til staðháttu, sjónmengunar og umfangs þess.

Bent er á að áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða víkur og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og sjóbleikju. Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.

Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er því vert að að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt meðal annars af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra mestu máli. Þeim ber einnig ásamt öðrum íbúum þessa lands að standa vörð um lífríki lands og sjávar og skila því lítt spilltu til næstu kynslóða.

Eins er ekki komist hjá því að mótmæla þeim yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. að ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 gildi ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar. Það er ljóst að fyrirhugað laxeldi er innan hafnarvæðis Seyðisfjarðarhafnar, sem lýtur skipulagsvaldi sveitarfélagsins, en er ekki í einskis manns landi þar sem stjórnleysi ríkir eins og ráða má af ályktunum í frummatsskýrslu.

Virðingarfyllt

*Gunnar M. H. Beck*

## Athugasemd við frummatsskýrslu

Í fyrsta lagi, er ég ekki sammála því að okkur Seyðfirðingum komi ekkert við hvað er gert hér í firðinum. Netalög jarða ná 115 metra frá stórstreymis fjöruborði. Rekamörk eru sirka 600 metra frá landi samkvæmt gömlum lögum sem enn eru í gildi.

Í öðru lagi, Seyðisfjörður er besta höfn í Evrópu að margra mati, hann er svo lognsæll, djúpur og engin sker eða boðar fyrir utan hann eða inn í firðinum. Ég er á móti því að settar verði risa sjókvíar í hann á þeim þremur stöðum sem fyrirhugað er.

Í þriðja lagi, að setja risastóra eldiskví í Selstaðavík þar sem hefur í gegnum tíðina verið vinsæll staður fyrir skip að liggja þar í skjóli fyrir norðaustan átt. Einnig er hún vinsælt veiðisvæði okkar Seyðfirðinga. Fjallið þar fyrir ofan er trúlega virkasta snjóflóðasvæði í Seyðisfirði. Þar var ég undirritaður rétt lentur í stóru snjóflóði rétt áður en stóra flóðið féll á Flateyri. Einnig falla þar aurskriður.

Í fjórða lagi, það er algengt að síld gangi hér inn fjörðinn í miklu magni, má þar nefna níunda áratug síðustu aldar. Einnig hefur makrill gengið hér inn fjörðinn í seinni tíð og vaðið hér inn fjörðinn vítt og breitt. Hér í firðinum tel ég að sé hægt að finna flestar fisktegundir sem eru við Íslands strendur. Sjóbleikja er hér, sem við og fleiri höfum veitt til eigin nota í net. Einnig fengum við einn lax í sumar og var það eldislax. Lífríki Seyðisfjarðar tel ég nánast órannsakað til að hægt sé að gefa leyfi fyrir 10.000 tonna laxeldi.

Í fimmta lagi, mynni fjarðarins er milli Skálaness og Brimness, sirka 1,7 míla. Þar fyrir utan tekur við Seyðisfjarðarflói eða úthaf. Í mynni fjarðarins grynast mjög mikið, einkum norður af Skálanesi. Úr mynni fjarðarins út á 100 metra dýpi er sirka 7 sjómíllur. Lengd fjarðarins er sirka 8 sjómíllur. Flatarmál er sirka 22,5 ferkílómetrar. Þetta er ekki í samræmi við frummatsskýrsluna sem er til kynningar frá Verkís.

Sigurður Filippusson

Útvegsbóndi

Dvergasteini, 711 Seyðisfirði

Kt. 260442-3769

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Ég, sem íbúi á Seyðisfirði, kem með bréfi þessu á framfæri athugasemdum við fyrirhuguðu 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði, sbr. frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 2. nóvember 2020. Vísað er til neðangreinda röksemda í þessu sambandi:

Rétt að lýsa áhyggjum af fyrirhuguðu sjókvíaeldi í ljósi siglingaleiða sem þrengjast mjög og ekki ljóst hve mikil áhrif hefur til að mynda hve greið leiðin verður og hversu mikið rými er fyrir skip að mætast.

Uppbygging hafnarinnar sem skemmtiferðaskipahafnar hefur tekið áratugi og þó svo áhrif eru sögð afturkræf er eins víst að slíkt tæki aðra áratugi. Þá liggur Farice strengurinn á land í Seyðisfirði og óvíst hvaða áhrif slíkt fiskeldi hefur í því ljósi.

Ljóst er að áform Fiskeldis Austfjarða hf. um uppsetningu stórra kvía í Seyðisfirði leiða til mannvirkja sem liggja tiltölulega nærri hvoru tveggja hér að ofan.

Áhersla er lögð á að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða afar áberandi allt frá því að þeim verður komið fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, ef sá dagur kemur. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að tiltölulega bratt er í sjó fram í Seyðisfirði og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hlíðar eins og látið er að liggja í frummatsskýrslu. Að mínu mati eru áhrif á landslag því ekki aðeins talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð.

Ég er ósammála því að óveruleg sjónmengun hljótist af uppsetningu eldiskvíanna og starfrækslu hins umfangsmikla fyrirhugaða laxeldis. Bent er á villandi framsetningu í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang þess flatar fjarðarins sem sjókvíaeldið mun þekja. Í því sambandi er bent á að sá kafli sem sjókvíaeldi er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjörðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið er einkum fyrirhugað og munar þar miklu. Tilvísanir í frummatsskýrslu til þess að kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásýnd fjarðarins. Í því sambandi er bent á sá hluti fjarðarins sem mestu máli skiptir er sá sem næstur er botni hans, höfninni og kaupstaðnum, þar sem flestir búa og gestir koma.

Bent er á að áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða víkur og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og hugsanlega leiða til þess að síld, sem þekkt er að gengið hefur inn í fjörðinn, getur átt örðugra um vik, en ekki liggur fyrir hvort súrefnisþurrð getur hlotist af hinu fyrirhugaða eldi. Fyrirsjáanlegt er síðan tjón vegna marglyttumergðar eða blóma sem þrífst í kringum jafn umfangsmikið eldi og fyrirhugað er.

Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.

Fyrir liggur að ef af sjókvíaeldinu verður munu seiði verða flutt með brunnskipi frá Þorlákshöfn og þeim dælt í eldiskvíar í Seyðisfirði. Þegar til slátrunar kemur verður fiski dælt aftur í brunnskip og að líkindum fluttur til Djúpavogs til slátrunar og vinnslu. Af þessu leiðir að þrátt fyrir mikið lýti í umhverfi og mengun, sem nánasta umhverfi íbúa Seyðisfjarðar verður fyrir, munu afar fá störf skapast. Hagur sveitarfélagsins og íbúa varður þannig afar takmarkaður ef nokkur af hinu fyrirhugaða eldi.

Tengt framangreindu er hins vegar ástæða til að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt m.a. af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra máli. Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til. Ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því, að í ljósi þess sem að framan greinir standa líkur til þess að fyrirhugað sjókvíaeldi muni frekar verka neikvætt en jákvætt á möguleg áform fólks varðandi búsetu á svæðinu.

Þá verður ekki hjá því komist, að benda á að samkvæmt yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. gilda ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar.

Snorri Emilsson, kt. 050564-2589

Múlavegi 19

710 Seyðisfirði

Berist Skipulagsstofnun,

Stjórnir Veiðifélaga Hofsár og Sunnudalsár, Selár og Vesturdalsár í Vopnafirði gera athugasemd við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í opnum sjókvíum í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.

Nálægð fyrirhugaðra laxeldisstöðva við laxveiðiár á austurlandi er verulegt áhyggjuefni en austfirskar ár með sínum einstöku villtu laxastofnum eru inngrónar í náttúru og menningu fjórðungsins og rómaðar fyrir fegurð og gæði. Laxeldi í opnum sjókvíum ógnar tilvist villtra laxastofna með erfðablöndun, lúsasmiti og umhverfismengun og veldur óafturkræfum skaða.

Veiðifélögin benda á að ólíkt því sem kemur fram í skýrslunni, þá hafa laxfiskar sloppið í umtalsverðum mæli úr opnum sjókvíum hérlendis og hafa gengið upp í ár fjarri uppeldistöðvum sínum. Það sama á við í nágrennalöndum þar sem margir villtir laxastofnar eru nær útdauðir vegna erfðablöndunar við eldislax, sem m.a. truflar náttúruval, ratvísi og dregur úr líffræðilegum fjölbreytileika. Þá er mengun af opnu sjókvíaeldi mikil vegna úrgangs og lyfjaleifa sem hafa skaðvænleg áhrif á sjávardýr og fuglalíf.

Okkur þykir ótækt að ekki sé litið til reynslu nágrennapjóða okkar, t.d. Noregs, þegar þessir þættir eru metnir. Reynsla þeirra af fiskeldi í opnum sjókvíum er verulega slæm.

Fyrir hönd Veiðifélaga Hofsár og Sunnudalsár, Selár og Vesturdalsár í Vopnafirði,

Puríður Björg W. Árnadóttir  
Ritari veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár.

---

Jón Magnús Sigurðarson  
Formaður veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár

Stefán Guðnason  
Formaður veiðifélags Selár

Friðbjörn Haukur Guðmundsson  
Formaður veiðifélags Vesturdalsár

# Athugasemdir við Frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði

## Athugasemd vegna umræðu um sjálfbærni laxastofns Breiðsalsár á blaðsíðu 11:

*„Rannsóknir voru gerðar á Breiðdalsá árin 1982 og 1990.9, 10 í Breiðdalsá hefur verið sleppt seiðum um langt skeið til að styðja við laxastofn árinna. Meðalveiði árunna 2005-2017 var um 650 laxar, sem er ekki mikið í ljósi mikilla sleppinga, en árið 2017 veiddust 104 laxar í ánni. Miðað við magn sleppinga þá má efast um í ljósi veiðitalna að stofn árinna sé sjálfbær.“*

Þetta orðalag virðist helst vera notað sem tilraun til þess að draga úr mikilvægi laxastofns Breiðdalsár og þar með gera lítið úr öðrum laxastofnum í ám á Austurlandi sem flestir eru fáliðaðri.

Sjálfbærni er tiltölulega nýtt hugtak og ekki hlaupið að því að finna eina rétta skilgreiningu á því. Barry C. Fields skilgreinir sjálfbærni þannig:

*„Með sjálfbærni er almennt átt við getu kerfisins til að viðhalda sér með tímanum og gefur til kynna að komandi kynslóðir ættu ekki að vera verr settar en núverandi kynslóðir.“*

Í Fjarðará í Seyðisfirði veiðast laxar á hverju ári, þó þeir skipti ekki hundruðum, og hafa veiðst í yfir 20 ár. Ekkert bendir til þess að það sé að fara að breytast nema utanaðkomandi þættir verði þess valdandi. Samkvæmt skilgreiningu hér að ofan ber það þess merki að stofninn sé sjálfbær.

## Athugasemd vegna áætlana um fjölda starfa fyrir hver 1000 tonn af fiski í eldi á blaðsíðu 26:

*„Byggðastofnun hefur áætlað að fyrir hver 1.000 tonn af fiski í eldi verði til 23 störf, eða 13 bein störf og 10 óbein störf. Því má áætla að 10.000 tonna eldi á ári í Seyðisfirði muni skapa rúmlega 130 bein störf. Auk þess yrðu 100 óbein störf til á svæðinu. Þar af má reikna með 15-25 stöðugildumað lágmarki í Seyðisfirði.“*

Hér er svo vitnað óljóst í skýrslu frá Byggðastofnun sem gefin er út árið 2017. Skýrslan sem um ræðir heitir Byggðarleg áhrif fiskeldis og má finna hér:

[https://www.byggdastofnun.is/static/files/Fiskeldi/byggdaleg\\_ahrif\\_fiskeldis.pdf](https://www.byggdastofnun.is/static/files/Fiskeldi/byggdaleg_ahrif_fiskeldis.pdf)

þar segir orðrétt á blaðsíðu 5:

*„Töluverður munur er á mati aðila sem hyggjast hefja sjókvíaeldi við Ísland um fjölda starfa. Landssamband fiskeldisstöðva áætla að afleidd störf við fiskeldi séu 0,8 störf ofan á hvert eitt starf. Það þýðir rúmlega 100 störf á hver 10.000 framleidd tonn eða samtals 230 bein og afleidd störf. Ísafjarðarbær gerir ráð fyrir fyrir 144 störfum á hver 10.000 framleidd tonn og einu afleiddu starfi fyrir hvert beint starf eða 288 störf samtals. Fram kemur hjá Fjarðabyggð að mismunandi sé hvað eldisfyrirtækin áætli að mörg störf verði til við uppbyggingu fiskeldis á svæðinu. Annars vegar er áætlun sem gerir ráð fyrir 120 störfum á hver 10.000 tonn sem er nálægt rauntölum frá Færeyjum og hins vegar áætlun sem gerir ráð fyrir um 50 störfum á hver 10.000 tonn. Varðandi afleidd störf notar Fjarðabyggð viðmiðunina frá Landssambandi fiskeldisstöðva.“*



Rannsóknirnar á bak við þessar tölur eru því litlar sem engar og koma frá Fiskeldisstöðvunum sjálfum eða bæjarfélögum sem hafa mikilla hagsmuna að gæta.

Ef skoðaðar eru tölur frá Landsambandi Fiskeldisstöðva frá 2016 (væri áhugavert að fá uppfærðar tölur) sést að þessar tölur standast ekki skoðun.

Einnig er vert að benda á að í Frummatsskýrslu er notast við leyfileg tonn, þ.e.a.s. 10.000, tonn en í skýrslu Byggðastofnunar er talað um framleiðd tonn.

Ársfjórðungsskýrsla fyrir þriðja fjórðung 2020 frá Ice Fish Farm gerir ráð fyrir framleiðslu (harvest) á 3.500 tonnum árið 2020 en leyfi er fyrir 20.800 tonna lífmassa.

Hvort eru beinu störf 46 eða 270?

Ársfjórðungsskýrsluna má sjá hér:

[https://assets.website-files.com/5ef0d4f070e13ebc659f3bd7/5fad06301057d3834ea73b81\\_Ice%20Fish%20Farm%20AS%20Q3%20Presentation.pdf](https://assets.website-files.com/5ef0d4f070e13ebc659f3bd7/5fad06301057d3834ea73b81_Ice%20Fish%20Farm%20AS%20Q3%20Presentation.pdf)

#### **Athugasemd vegna orðavals á blaðsíðu 27 í skýrslu um villta stofna laxfiska:**

„Í 6. mgr. 18. gr. rg. nr. 540/2020 um fiskeldi eru ákvæði um fjarlægðarmörk. Þar segir að Matvælastofnun skuli tryggja að fjarlægðarmörk frá ám með **villta laxastofna** og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska í eldi er að ræða. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli.“

Í 6. mgr. 18. Gr. rg. Nr. 540/2020 stendur hins vegar orðrétt:

„Matvælastofnun skal tryggja að fjarlægðarmörk frá ám með **villta stofna laxfiska** og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli.“

Orðalagi virðist breytt í skýrslu til þess að gera minna úr öðrum stofnum laxfiska heldur en laxi, eins og t.d. bleikju sem er ráðandi í flestum ám í Seyðisfirði og nágrenni.

#### **Athugasemd við orðalag á blaðsíðu 64 í skýrslunni:**

„Botninn undir fyrirhuguðum kvíaþyrpingum Fiskeldis Austfjarða er hallandi sem leiðir til þess að umhverfisálagið dreifist frekar. Lítilla áhrifa af uppsöfnun lífrænna efna gætir í 100 m fjarlægð frá kvíastæði og alls engra áhrifa gætir þegar komið er í 350 m fjarlægð.“

Í þröngum firði eins og Seyðisfirði eru 100 m í allar áttir umhverfis kvíarnar stórt svæði. Þegar tekið er tillit til þess að fjörðurinn er djúpur og grunnsævið því hlutfallslega lítið hlýtur það að teljast enn alvarlegra þar sem grunnsævið er það svæði þar sem flestar lífverur dafna best.

Eins og segir í skýrslunni á blaðsíðu 14:

„Þau afla sér fæðu á strandsvæðum nálægt sinni heimaá í u.þ.b. tvo mánuði en ganga þá aftur upp í árnar til vetrardvalar. Í slíkar ætisgöngur fer bleikjan í tvö til þrjú sumur áður en kynþroska er náð“

En þegar þrengt hefur verið að bleikjunni með kvíum og því sem undan þeim kemur hefur þetta strandsvæði nálægt heimaá minnkað umtalsvert.

Auk þess fylgir svo meiri hætta á sjúkdómum og laxalús.

#### **Athugasemd er gerð við að ekkert er minnst á gönguleiðir lax og silungs í skýrslunni:**

Lög 2008 nr. 71 11. júní

■ 6. gr. Staðbundið bann við starfsemi.

[Ráðherra] <sup>1)</sup> getur, að fenginni umsögn Fiskistofu, Matvælastofnunar, ... <sup>2)</sup> [Hafrannsóknastofnunar] <sup>3)</sup> og viðkomandi sveitarstjórnar, takmarkað eða bannað fiskeldi eða ákveðnar eldisaðferðir í einstaka fjörðum, flóum eða á svæðum sem teljast sérlega viðkvæm gagnvart starfsemi þeirri sem fram fer samkvæmt lögum þessum.

Við ákvörðun ráðherra skv. 1. mgr. skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. **Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.** [Ráðherra skal taka tillit til sjónarmiða um aðra nýtingu hafsvæða en nýtingu vegna fiskeldis við ákvörðun sína skv. 1. mgr.] <sup>4)</sup>

Um skaðabætur vegna tjóns, sem leiðir af banni eða takmörkun samkvæmt grein þessari, fer eftir því sem mælt er fyrir um í 18. gr.

Það telst nokkuð almenn vitneskja á meðal þeirra sem stunda veiðar í Seyðisfirði að silungur og lax gengur inn fjörðinn að norðanverðu. Seyðisfjörður er þröngur og því má vera ljóst að fiskeldissvæði, þá sérstaklega þau sem eru í norðanverðum firðinum, eru í gönguleiðum lax og silungs.

Virðingarfyllst,

Gunnar Sveinn Rúnarsson

Kt. 050987-3109

Botnahlíð 8

Seyðisfirði

# ÓTTAR YNGVASON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR  
SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 588 7690 og 892 1529  
Netfang: [ottar@icc.is](mailto:ottar@icc.is)

Skipulagsstofnun,  
Borgartúni 7B  
105 Reykjavík.

28. desember 2020.

Sent á netfang:  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu í kynningu varðandi fyrirhugaða framleiðslu á 10.000 tonnum af laxi í opnum sjókvíum í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða hf., Múlaþingi.

Fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lifi, Veiðifélags Breiðdæla, Veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár, Veiðifélags Vesturdalsár, og Veiðifélags Selár er ofangreindri frummatsskýrslu og fyrirhugaðri framleiðslu með norskum kynbættum laxastofni í opnum sjókvíum í Seyðisfirði alfarið mótmælt sem andstæðum lögum.

Gerð er krafa um að Skipulagsstofnun hafni frummatsskýrslunni m.a. á sömu forsendum. Ennfremur er frummatsskýrslunni mótmælt sem ótækri vegna margvíslegra annmarka og rangfærslna.

Á þessu stigi eru aðalathugasemdir við frummatsskýrsluna og fyrirætlanir framkvæmdaraðila eftirfarandi:

**1. Bráðabirgðaákvæði II. í fiskeldislögum nr. 71/2008 gildir hér sbr. ákvæði 24. gr. b. (II.) í lögum nr. 101/2019.**

Greint bráðabirgðaákvæði tók gildi 19. júlí 2019 eftir birtingu laga nr. 101/2019 í A-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt ákvæðinu fer meðferð og afgreiðsla umsókna um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi eftir eldri ákvæðum fiskeldislaga nr. 71/2008, m.a. þar sem frummatsskýrslu hefur verið skilað fyrir gildistöku bráðabirgðaákvæðisins.

Bent er á, að frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf. dagsettri 2. nóvember 2020 var skilað til Skipulagsstofnunar í nóvember 2020 eða löngu eftir gildistöku bráðabirgðaákvæðisins. Fer því meðferð og afgreiðsla umsókna um rekstrarleyfi eftir nýjum ákvæðum í 4. gr.a. fiskeldislaga.

Samkvæmt ákvæði 4.gr. a. fiskeldislaga er alls óvíst, hvort Fiskeldi Austfjarða hf. mun verða hlutskarpasti umsóknaraðilinn um leyfi til laxeldis í Seyðisfirði á sínum tíma, þegar uppboðs- og úthlutunarferli fyrir laxeldi í Seyðisfirði hefur farið fram. Ennfremur er alls óvíst hvort þau eldissvæði,

sem Fiskeldi Austfjarða hf. hyggst nýta samkvæmt frummatsskýrslunni, verða á meðal þeirra svæða í Seyðisfirði, sem kunna að verða boðin út samkvæmt 4. gr. a. í fiskeldislögunum.

## **2. Umhverfismat áætlana samkvæmt lögum nr. 105/2006 hefur ekki farið fram um hugsanlegt laxeldi í opnum sjókvíum í Seyðisfirði.**

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif framkvæmdaáætlana á umhverfið og nýta niðurstöður matsins til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum þeirra. Umhverfismat áætlana er hugsað sem undanfari mats á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda. Við mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda er síðan lagt ítarlegra mat á umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og nánari útfærslu hennar.

Umhverfismat áætlana skal gert vegna þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim, sem marka stefnu er varða leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2006. Þar með talið eru leyfi vegna fiskeldis. Er ljóst að hér fellur undir bæði burðarþolsmat og áhættumat Hafrannsóknastofnunar.

Ekki hefur farið fram lögskilt umhverfismat áætlana hvað varðar burðarþolsmat Seyðisfjarðar til laxeldis með norskum eldislaxi í opnum sjókvíum. Né heldur hefur farið fram umhverfismat áætlana varðandi áhættumat Hafrannsóknastofnunar frá 11. maí 2020. Lögmæltur undanfari og grundvöllur frummatsskýrslu er því ekki fyrir hendi.

## **3. Framkvæmdin andstæð öðrum lagaákvæðum.**

Bent er á, að framkvæmdin sem frummatsskýrslan fjallar um gengur í berhöggi við mörg lagaákvæði, t.d. markmiðsákvæði og varúðarreglu náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og markmiðsákvæði 1. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Skipulagsstofnun ber skylda til að grundvalla álit sitt og ákvarðanir á þessum lagaákvæðum sem og 73. gr. EES samningsins og tilskipun 2011/92/ESB um mat á umhverfisáhrifum. Einnig ber að horfa til og fylgja öðrum alþjóðlegum skuldbindingum um náttúruvernd t.d. skv. Árósasamningnum og Bernarsamningnum.

Um öll þessi atriði ber að fjalla ítarlega í frummatsskýrslu og hvernig framkvæmdaraðili hyggst haga starfsemi sinni, þannig að hún rekist ekki á þessi lagaákvæði. Þá umfjöllun vantar í framlagða svokallaða frummatsskýrslu frá 2. nóvember 2020.

Á þessu stigi eru ekki efni til að fjalla um einstakar rangfærslur og annmarka auglýstrar frummatsskýrslu, en áskilinn réttur til að fjalla um þau atriði, ef til þess kemur að Skipulagsstofnun auglýsi nýja frummatsskýrslu síðar.

Virðingarfyllst,  
f. h. aðila að þessum athugasemdum

  
Óttar Yngvason

# Fiskistofnar Fjarðarar í Seyðisfirði í ljósi veiðigagna 1990 - 2020 og fórnarkostnaður þeirra fiskistofna gangi eftir áætlanir um laxeldi í sjókvíum í Seyðisfirði


Jóhannes Sturlaugsson  
Laxfiskar desember 2020

Vegna fyrirhugaðs laxeldis í sjókvíum í Seyðisfirði óskaði Skipulagsstofnun eftir því að hagsmunaaðilar skiluðu inn umsögnum varðandi þær áætlanir. Veiðifélag Fjarðarar í Seyðisfirði hafði samband við höfund þessara orða til að fá faglega umsögn varðandi þau áhrif sem ætla mætti að laxeldi í sjókvíum í Seyðisfirði hefði á fiskistofna árinna. Greinagerð þessi inniheldur þá umsögn ásamt samantektum er gefa innsýn í stærð og eiginleika fiskistofna Fjarðarar á grunni veiðigagna árinna frá árabílinu 1990 til 2020.

Hér í upphafi er rennt yfir eiginleika fiskistofnanna sem Fjarðarar í Seyðisfirði fóstur á grundvelli veiðigagna. Í kjölfarið er komið inn á helstu neikvæðu áhrifaþættina sem fylgja fiskeldi á laxi í sjókvíum sem áhrif hafa á fiskistofna áa sem renna til sjávar í næsta nágrenni við slíkan iðnað, líkt og fiskeldi í Seyðisfirði væri dæmi um gagnvart fiskistofnum Fjarðarar. Þeir neikvæðu áhrifaþættir tengjast alþekktum hættum er náttúrulegum stofnum göngusilungs og lax í slíkum ám stafar af laxeldi í sjókvíum í næsta nágrenni ósa þeirra. Fjarðarar er besta veiðiáin í Seyðisfirði en fleiri ár í firðinum fóstur göngusilung og jafnvel lax (Sörlastaðaá; Vestdalsá), en sökum þess að hvorki veiðinýting þeirra áa né skráning veiði þeirra lýtur formfestu eins og í Fjarðarar, þá eru ekki tiltæk veiðigögn að styðjast við varðandi stofna þeirra áa. Það eitt og sér vitnar um mikilvægi þess að þær ár verði rannsakaðar áður en frekar verði fjallað um möguleg áhrif laxeldis í sjókvíum á villta stofna laxfiska í ám er renna til sjávar í Seyðisfirði. Full þörf er á að rannsaka fiskistofna Fjarðarar af sömu ástæðu þrátt fyrir að veiðigögnin úr Fjarðarar gefi ákveðna sýn á fiskistofnana sem og þær seiðarannsóknir sem þar hafa verið framkvæmdar (Þórólfur Antonsson og Þorkell Hreiðarsson 2001; Leó o.fl. 2019)


## Fiskistofnar Fjarðarar

Fjarðarar í Seyðisfirði er ein besta sjóbleikjuá á Austurlandi líkt og árleg samantekt á lax- og silungsveiði sýnir (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2020). Sjóbleikja er einkennisfiskur árinna og stangveiðin á henni síðasta áratug með meðalveiði upp á 344 bleikjur vitnar um sterkan sjóbleikjustofn Fjarðarar (1. mynd) og seiðavísitala bleikjuseiða í ánni vitnar um það sama (Leó o.fl. 2019) Sjóbleikjustofn Fjarðarar hefur um langt skeið verið burðugur líkt og sést þegar litið er á veiðina síðustu þrjú áratugin, en um leið sýna þau veiðigögn að áin fóstur fálíðaðan laxastofn (2. og 3. mynd) og urriðar hafa veiðst einstaka sinnum. Seiðarannsóknir í Fjarðarar hafa einnig staðfest tilvist laxins, þar sem tveir árgangar laxaseiða komu fram (Þórólfur Antonsson og Þorkell Hreiðarsson 2001).




1. mynd. Árleg bleikjuveiði í Fjarðarar í Seyðisfirði 2011 - 2020.


Veiðigögnin sýna ennfremur samsetningu bleikjustofnsins með hliðsjón af fiskstærð (4. mynd) og samskonar gögn yfir stærðir hrygningarlaxanna (smá- og stórlaxa) sem við sögu koma (5. mynd). Mikill fjöldi sjóbleikja sem veiddur er árlega í Fjarðará, sem aukinheldur eru vænar að jafnaði gerir það að verkum að bleikjan í Fjarðará er í senn dýrmætur nytjastofn en um leið einn helsti útvörður íslenskra sjóbleikjustofna. Um þá staðreynd að sjóbleikjustofninn í Fjarðará er einn af stærstu sjóbleikjustofnum landsins vitnar sá fjöldi bleikja sem fæst í árlegri stangveiði í ánni. Þennan sjóbleikjustofn ber okkur að vernda og sama gildir einnig um laxastofn árinna þótt faliðaður sé og að vissu leyti enn frekar vegna þess því smæði hans gerir hann viðkvæmari en ella væri og að sama skapi þarf varúðarþörfin að vera í takti við þá staðreynd.




2. mynd. Árleg bleikjuveiði í Fjarðará í Seyðisfirði 1990 - 2020



3. mynd. Árleg laxveiði í Fjarðará í Seyðisfirði 1990 - 2020.



4. mynd. Bleikjuveiðin í Fjarðará í Seyðisfirði 1990-2020 með hliðsjón af lengd bleikja sem voru lengdarmældar.



5. mynd. Laxveiðin í Fjarðará í Seyðisfirði 1990-2020 með hliðsjón af lengd laxa sem voru lengdarmældir.

## **Fórnarkostnaður villtra stofna göngusilungs og laxa í Fjarðará og öðrum ám í Seyðisfirði**

Laxeldi á laxi í kvíum í næsta nágrenni áa er fóstora stofna göngusilungs og/eða laxastofna, ógna tilvist villtra stofna laxfiska í þeim ám. Hve illa stofnarnir verða úti veltur á ýmsum þáttum. Umfang eldisins og fjarlægð eldiskvíanna frá árósum og ströndum eru í grunninn ráðandi þættir varðandi magnbundnu áhrifin sem göngusilungur og lax verða fyrir. Þau áhrif eru að jafnaði helst tvenns konar. Annarsvegar af völdum aukinnar tíðni sníkjudýrsins laxalúsar sem fylgir þessum iðnaði, og hinsvegar fyrir tilstilli erfðafræðilegrar innblöndunar sem laxastofnar ána verða fyrir vegna þáttöku norskættaðra eldislaxa sem sleppa úr slíku eldi í hrygningu laxins í ánum. Þriðji áhrifaþátturinn eru sjúkdómar sem fiskeldi getur borið í villta laxastofna. Sá neikvæði fylgifyskur laxeldis í sjókvíum kemur ekki eins jafnt og þétt við sögu og áður nefndir þættir, en í slæmum tilfellum þá geta þeir sjúkdómar sem berast inn á svæðið eða magnast þar upp fyrir tilstilli fiskeldis, staðið tilvist villtra laxfiskastofna í nágrenni sjókvíaeldis fyrir þrifum.

## **Laxalúsinn og neikvæð áhrif hennar á vöxt og lífslíkur sjóbleikju og lax**

Af göngusilungi þá er sjóbleikjan að segja má allsráðandi í Fjarðará, líkt og sést á því að sjóbirtingur hefur nánast ekkert komið við sögu veiðanna þar. Í tilfelli sjóbleikjunnar þá er það laxalúsinn sem fylgir laxeldi í sjókvíum sem skerðir lífslíkur hennar og einnig seltupolið sem sjóganga bleikjunnar byggist á sem og þann vöxt sem henni er mögulegt að taka út yfir sjógönguna (Fjelldal o.fl. 2019; Bjorn o.fl. 2001). Í upphafi þeirrar laxeldishrinu sem nú er í gangi var mikið talað um að laxalús yrði hvergi vandamál í eldi á Vestfjörðum og Austfjörðum öðru fremur vegna hitastigs sjávar. Reyndin hefur verið sú að laxalús hefur verið stórfelld vandamál í laxeldi á Vestfjörðum. Svalari sjór á Austfjörðum hefur auðveldað baráttuna við þennan vágast í fiskeldi á því svæði fram til þessa, en spurningin er hve mikið aðstæður þurfa að breytast hvað hita sjávar og ásetning varðar til að svipað ófremdarástand hvað laxalúsina varðar komi upp á Austfjörðum. Hafa ber í huga að áður en að laxlúsinn er farin að valda búsifjum í laxeldinu eru neikvæð áhrif vegna mögnunar á fjölda laxalúsa í kringum laxeldissvæði farin að valda búsifjum hjá villtum laxi og göngusilungi. Það gildir öðru fremur um slíkt laxeldi í kvíum þegar firðirnir eru þröngir og stuttir líkt og Seyðisfjörður er dæmi um. Þannig er breidd Seyðisfjarðar á innstu 5 kílómetrunum einungis um eða innan við 1 km og ytri hluti hans er síðan að mestu innan við 2 km á breiddina.

Nálægð laxeldiskvíanna við strandsvæðin sem sjóbleikjan er þekkt fyrir að nýta yfir ætisgöngu sína í sjó að sumrinu, undirstrikar þá hættu sem sjóbleikjunnar stafar af þeirri aukningu sem ætla verður að verði á laxalús í Seyðisfirði fyrir tilstilli laxeldisins, enda þótt lúsamagnið komist ekki á það stig að það valdi ekki vanda í eldinu sjálfu. Til að gefa innsýn í það hve miklar vegalengdir sjóbleikjur geta lagt að baki á sjógöngu sinni þá má benda á rannsókn er sýndi að sjóbleikjur ú vatnakerfi Víðdalsár og Hópsins á ætisgöngu í Húnaflóa sýndi að þær fóru allt að 40 km leið á út frá heimaósi sínum, en uppistaða sjávargöngu þeirra markaðist af strandsvæðum fjarðarins er þær gengu í, þ.e.a.s. Húnaflóa (Jóhannes Sturlaugsson 2012). Sú staðreynd hve Seyðisfjörður er þröngur og stuttur sýnir hve sjóbleikja úr Fjarðará, sem væntanlega mun dvelja alla sína sumarlöngu sjógöngu eða megnið af henni á strandsvæðum Seyðisfjarðar, sýnir hve sjóbleikjan verður útsett fyrir þeirri aukningu á laxalús í Seyðisfirði sem gera verður ráð fyrir að fylgja muni laxeldinu sem fyrirhugað er að stunda þar. Auk þess má benda á það að einungis 5 km eru frá ósum Fjarðará að innsta eldissvæðinu við Sörlastaðavík (þ.e.a.s. ef hugmyndir um afnot af eldissvæði sem er innar við Háubakka eru úr sögunni) sem sýnir enn frekar þá hættu sem stafar af laxlúsinni þegar að aðstæður gera það að verkum að hún nær að magnast upp á eldissvæðum. Hvað varðar þann göngusilung sem finnst í Vestdalsá og Sörlastaðaá þá þarf ekki að fjölyrða að nálægðin við eldissvæðið við Selstaðavík mun hafa neikvæð áhrif á stofna þeirra laxfiska. Í þessu sambandi er við hæfi að vitna til vöktunarrannsókna höfundar þessara orða þar sem fylgst hefur verið með sjóbirtingi og laxi árlega í ám Arnarfirði 2015 -2020. Á þeim sjóbirtingum sem skiluðu sér í árnar sást að eftir að laxeldið í Arnarfirði óx urðu áhrif laxalúsarinnar sjáanleg fyrir tilstilli skaða sem lúsinn hafði valdið á ytra byrði fiskanna (Jóhannes Sturlaugsson apríl 2019). Í því ljósi verður að ætla laxalúsinn hafi aukinheldur orðið að fjörtjóni einhverjum af smæstu sjóbirtingunum, þ.e.a.s. þeim sem eru á sinni fyrstu sjávargöngu (sínu fyrsta sumri í sjó).

Hjá laxinum er það fjöldi lirfa laxlúsa sem nær að setjast á gönguseiðin á leið þeirra um fjörðinn á leið sinni til hafs sem ræður því hvort þeir laxar eiga möguleika á að snúa aftur úr hafi eður ei. Enda þótt innsta eldissvæðið við Háubakka sem í upphafi var lagt upp með að nýta verði ekki notað fyrir eldiskvíar þá er ljóst að gönguseiði laxins þurfa að ganga fram hjá þremur eldissvæðum á leið sinni á ætisslóðir laxins í hafi ef öll eldissvæðin verða sett í gagnið (við Sörlastaðavík; við Selstaðavík og við Skálanesbót). Nokkuð sem mun hafa áhrif á þann viðkvæma (fáliðaða) laxastofn sem er að finna í Fjarðará. Samantektargrein sem gefin var út nú í árslok 2020 undirstrikar hve gríðarlegur skaðvaldur laxalús runnin frá laxeldi er við allar stendur Noregs, allt til nyrstu héraða er teygja sig norður að 71 breiddargráðu (Johnsen o.fl. 2020). Á grunni fyrirbyggjandi rannsókna er þar meðal annars vitnað til þess hve fáar laxalýs þurfi til að setjast á unglaxinn, þ.e.a.s. á



gönguseiði lax á leið sinni til hafs til þess að það verði honum að aldurtila. Mörk þess eru mismunandi en bilið >3 - >10 lýs á fisk er nefnt sem mörk þar sem allur unglax sem lendir í slíku drepist eftir því hverjar aðstæðurnar þeirra eru. Á sama hátt nefna Johnsen og félagar að 40-50% þeirra unglaxa drepist þar sem 2-10 laxlýs hafa gert sig heimakomnar á unglaxi allt eftir því hverjar aðstæður þeirra eru hverju sinni. Í samantekt Johnsen og samstarfsmanna á því hver væri aukning á dánartíðni laxa yfir sjávargönguna fyrir tilstilli laxalúsa runnum frá fiskeldi þá fengust ærið sláandi niðurstöður. Af laxastofnum úr 401 ám sem til grundvalla lágu sem staðsettar eru eftir allri strandlengju Noregs þá var mat þeirra eftirfarandi fyrir árið 2019: Dánartíðni laxa á sjógöngu sem rekja má til laxalúsa sem runnar eru frá sjókvíaeldi á laxi var minna en 10% fyrir 179 þeirra áa, á bilinu 10–30% fyrir 140 ár og dánartíðni vegna lúsa frá fiskeldi var meira en 30% hjá laxi sem runninn var úr 82 ám úr þessum hópi. Þetta er afgerandi staðfesting á þeim vanda sem laxastofnar eru í vegna sjókvíaeldis á laxi hjá þjóð sem stendur öðrum þjóðum frammar í fiskeldi á laxi. Við getum lært margt af Norðmönnum meðal annars að gera ekki sömu mistök og þeir hafa gert. Mistökum sem felast í því að leyfa fiskeldi í opnum sjókvíum við strendur landsins. Mistökum sem valda því að ástandið versnar ár frá ári líkt og greint er frá í nýlegri grein norsks sérfræðingahóps sem hefur á sinni könnu að meta vandann sem stafar af laxeldi í sjó við Noreg (Forseth o.fl. 2017). Í þeirri grein 2017 og árskýrslum sama fólks sem stendur að baki Vísindaráðs Noregs í laxarannsóknnum, þá kemur fram að vandinn sem laxeldi í sjó skapar sé mesti vandinn sem mætir villtum laxastofnum landsins þessi árin og áratugina og að sú ógn sé mikill - en erfðablöndunarvandinn skipar fyrsta sæti þessa lista aðsteðjandi vaa er laxeldið skapar. Fast á hæla erfðablöndunarvandans í Noregi kemur dánartíðni og önnur lífsskerðing er lúsavandi runnin frá fiskeldinu skapar laxi og göngusilungi þar. Það var ekki síst á grunni lærdóms sem Norðmenn hafa skapað bæði með mistökum sínum í fiskeldi hvað laxalúsina og annað varðar, en jafnframt með framsýni sinni í rannsóknnum sínum og vöktunarmálum er varðar þau mál sem höfundur þessara skrifa líkt og fleiri, reyndi að ná eyrum íslenskra ráðamanna varðandi nauðsyn þess að koma í gagnið umhverfismati á áhrifum laxalúsar og tilheyrandi umhverfismati og viðbrögðum svo tryggja mætti að umgjörð er lágmarka skyldi áhrif laxalúsar á náttúrulega stofna laxfiska á áhrifasvæði laxeldisins (Jóhannes Sturlaugsson jan. 2019; mars 2019; 6. maí 2019). Allt kom fyrir ekki og því er í reynd ekkert tillit tekið til þess hérlendis hvaða áhrif laxalús sem runnin er frá laxeldinu hefur á stofna laxfiska í næsta nágrenni laxeldisins.

Í árskýrslu áðurnefnds vísindaráðs Noregs í þessum efnun fyrir árið 2020 kemur fram að ennþá vaxi vandi villtra laxastofna landsins og aukin dánartíðni af völdum laxalúsar sem runnin er frá fiskeldi sé stór hluti af skýringunni á þeirri þróun sem meðal annars endurspeglar í auknum fjölda laxastofna þar sem sjálfbærni er komin á krítískt stig vegna þeirra áhrifa laxalúsarinnar (VRL 2020). Sú aukna vá villtra laxa og göngusilungsstofna ár frá ári er staðreynd þrátt fyrir að í Noregi gildi margfalt stífari kröfur varðandi sjókvíaeldi á laxi en eldisaðilum er uppálagt að fylgja í laxeldi hérlendis (sem Norðmenn reka reyndar nær einráðir hérlendis) ekki síst hvað það varðar að fylgst sé árlega með því hvaða áhrif laxeldið hefur á villta laxa- og göngusilungsstofna í því skyni að reyna að lágmarka áhrif þess eins og gert er í Noregi, líkt og bent var á nýlega í þarfri grein (Valdimar Gunnarsson 2020). Sérfræðinganevnd sem látin var meta uppfært áhættumat Hafrannsóknastofnunar gat þess að Norðmenn væru fremstir í þessum áhættumats og umhverfismatsefnum en sá hópur gerði meðal annars athugasemdir við skort á áhættumati og umhverfisvöktun hérlendis á neikvæðum áhrifum laxlúsar sem fylgir laxeldi í sjó á þá villtu stofna laxfiska sem við sögu koma:

*„Þótt ekki hafi verið farið fram á það sérstaklega við nefndina í erindisbréfinu til hennar að hún mæti hvort áhættuþættirnir sem valdir voru feli í sér alhliða og viðeigandi mat á umhverfisfótspori vaxandi fiskeldis á Íslandi höfum við engu að síður sett fram nokkrar almennar hugleiðingar um það mál "..... „ Miðað við þessar bakgrunnsupplýsingar frá Noregi telur nefndin það athyglisvert að sem stendur skuli mat á hugsanlegum áhrifum fiskeldis á umhverfið á Ísland einskorðast við strokufisk og lífræna mengun. Öðrum þáttum umhverfislegrar sjálfbærni sem leiddir hafa verið í ljós með skýrum hætti, ekki aðeins í Noregi, heldur einnig í öðrum fiskeldislöndum svo sem Skotlandi og Chile, svo einhver lönd séu nefnd, virðist lítill gaumur gefinn. Nefndin leggur því til að við frekari áhættumat á Íslandi verði tekið tillit til fleir áhættuþátta en þeirra sem lagðir voru fyrir nefndina og eru metnir hér af nefndinni." (Gunnar Stefánsson o.fl. 2020)*

*.....*  
*„Laxeldi í kvíum vekur ýmiss konar álitamál varðandi umhverfissjálfbærni. Í stuttu máli varða þessi álitaeefni meðal annars áskoranir á borð við strokulax, sjúkdóma og lús og tengsl þeirra, notkun og velferð hreinsifisks (varnarfisks), áhrif á staðbundna fiskstofna, svo og efna- og lyfjaúrgang og lífrænan úrgang sem fer út í vatnsmassann um kring, svo eitthvað sé nefnt. Vísindanevndin hefur bent á að rannsóknir Hafrannsóknastofnunar í núverandi formi fela þannig ekki í sér heildarmat á mögulegum umhverfisáhrifum stækkandi fiskeldisgreinarinnar á Íslandi, heldur mat á tveimur tilteknum áhrifaþáttum. Við mælum þannig með að framtíðarvinna taki mið af öðrum hugsanlegum umhverfismálum til þess að ná fram viðtækara mati á umhverfissjálfbærni og burðarþoli. Ef litið væri til annarra helstu laxeldisþjóða, t.d.*

*Noregs, mætti fá vísendingar um hvaða önnur viðfangsefni ætti að íhuga og síðar laga að sérstökum aðstæðum (framleiðslu og umhverfi) á Íslandi. (Gunnar Stefánsson o.fl. 2020).*

### **Neikvæð erfðablöndun villtra laxastofna vegna þátttöku norskættaðra laxa í hrygningu þeirra villtu laxa**

Lax úr kvíum sleppur í miklu magni sem fyrr árlega hér við land (Valdimar Gunnarsson 2020), sem annarstaðar þrátt fyrir gamalkunnar söluræður eldisaðila um öryggi sjókvíastaðlanna sem þeir vinna eftir. Hluti þeirra eldislaxa ná að ganga í ár til hrygningar og sú staðreynd er verri hérlandis en víðast, því hér er eldislaxinn af norskum uppruna með tilheyrandi viðbótaráhrifum til vansa fyrir villtu íslensku laxastofnana sem verða fyrir slíkri innblöndun. Vegna þeirrar aðlögunar um aldir alda sem lífsferlar þeirra villtu laxa og aðrir eiginleikar hafa mótast af í ám hérlandis og á hafsvæðunum sem þeir laxar hafa vanið komur sínar á. Fyrirnefnd norsk Vísindaráðsnefnd nefnir erfðablöndun enn sem mestu hættuna sem villtum laxi í Noregi stafar af sjókvíaeldi á laxi, en getur þess að hættan sem laxi stafar af laxalús sem runnin er frá laxeldi í sjó fylgi fast á hæla erfðablöndunar sem helsta ógn við villta laxastofna í Noregi. Íslensk stjórnvöld bæði leiðandi stofnanir líkt og Hafrannsóknastofnun sem og Alþingi, hafa með ákvörðunum sínum ákveðið að fórna þeim faliðuðu laxastofnum sem eru í mestri hættu vegna sjókvíaeldis hérlandis. Um þetta vitnar svonefnt áhættumat erfðablöndunar Hafrannsóknastofnunar sem litið er til þegar umfang og fjarlægðarmörk fiskeldis eru ákvörðuð hérlandis. Þar er ekki tekið tillit til þeirra smáu laxastofna áa sem renna til sjávar á fjarðarsvæðum þar sem fiskeldi hefur verið leyft og þar sem það er áformað líkt og Seyðisfjörður er nú dæmi um. Víst er að höfundur þessara orða og ýmsir aðrir velunnarar villtra laxfiska sem telja ófært að stjórnvöld heimili eldisstarfsemi sem gengur klárlega í senn gegn sjálfbærni og tilvist fjölda íslenskra stofna laxfiska hefur reynt að opna augu ráðamanna fyrir þeim níðingsskap sem slík opinber stjórnsýsla felur í sér gagnvart þessum hluta íslenskrar náttúru vegna áhættumats erfðablöndunar sem gerir tilvist smárra laxastofna næst eldisvæðunum ofurselda eldisiðnaðinum. Sem og vegna þess að metnaðurinn er enginn fyrir hönd þeirra laxastofna né göngusilungsstofna í næsta nágrenni laxeldis þeirra fjarða varðandi það að ganga frá ásættanlegu áhættumati ásamt tilsvareandi viðbragsáætlunum sem fylgt væri varðandi lúsavandann, sem einn og sér gerir það að verkum að það hrikir í sjálfbærni þeirra smáu laxastofna (Jóhannes Sturlaugsson jan. 2019; mars 2019; 6. maí 2019) á sama hátt og laxalúsinn spillir sjálfbærni sífellt fleiri laxastofna í Noregi (VRL 2020). Áhættumat vegna þeirrar undirliggjandi áhættu sem laxeldinu fylgir hvað sjúkdóma varðar og tilheyrandi viðbragsáætlanir eru líkt og laxalúsarvandinn látið reka á reiðanum hérlandis. Það var ánægjulegt að sjá að sérfræðinganefnd sem fékk það hlutverk að meta uppfært áhættumat Hafrannsóknastofnunar skyldi gera athugasemdir við alla þá helstu þætti sem ég hafði nefnt að ráða þyrfti bót á í umsögnum mínum, þ.m.t. varðandi að uppfæra áhættuna hvað það varðar að hérlandis er verið að nota eldislaxa af erlendum uppruna sem vitað er að blandast villtum laxastofnum landsins (Gunnar Stefánsson o.fl. 2020). Einnig var sá hópur sérfræðinga sammála aðfinnslum mínum varðandi það að hlutfallslega mörk sem sett eru hvað varðar magn eldislaxa sem álitid er að geti tekið þátt í hrygningu áður en eiginleikar og tilheyrandi sjálfbærni stofnsins fer að tapast eiga ekki að vera þau sömu hjá allra minnstu laxastofnunum þar sem tilvistarlegur grundvöllur leikur þá þegar á lyginni og hjá stærri laxastofna sem svo hagar ekki til um. En eins og áður segir þá þyrftu minnstu laxastofnarnir fyrst að fá að komast á umrætt áhættumatsblað Hafrannsóknastofnunar svo hægt væri að taka tillit til þeirra. Faliðaður laxastofn Fjarðarar mun ef ekki verður gripið í taumana fljóta að feigðarósi í boði stjórnvalda en smáir laxastofnar í næsta nágrenni laxeldisins á Vestfjörðum eru nú þegar á þeirri feigðarósaför fyrir tilstilli aðgerða og aðgerðaleyfis íslenskra stjórnvalda (Jóhannes Sturlaugsson nóv. 2020).

Vítin eru til þess að varast þau hvað erfðablöndun varðar hvort heldur þau finnast erlendis eða hér heima. Í grein sem höfundur þessara orða skrifaði í Fréttablaðið í nóvember 2020 er komið inn á það að skaðinn sem erfðablöndun veldur er þegar staðfestur í einni þeirra þriggja áa sem ég er að vakta í Arnarfirði. Rannsóknagögn þaðan sýna að árum saman hefur hlutfall eldislaxa á hrygningarslóð verið yfir þeim mörkum sem álitid er að eldislax þurfi að vera innan ef sjálfbærni laxastofna eigi að vera tryggður. Í umræddri grein sem finna má á vef Fréttablaðsins (Jóhannes Sturlaugsson nóv. 2020) er jafnframt að finna tilvísanir í þær umsagnir sem hér hefur verið vitnað til að sendar hafi verið af höfundi á ráðuneyti og Alþingi í aðdraganda þess að gengið var frá nýjum ramma um hérlanda fiskeldisstarfsemi og tengla á þær sem hægt er að nýta sér sem flýtleiðir að því efni ef menn vilja kynna sér dæmin um hættunnar sem felast í gölluðu áhættumati og vöktun sem ýmist vantar eða er óskilvirk m.t.t. ýmissa grundvallarumhverfisþátta sem í hlut eiga hérlandis og önnur rök sem þar eru sett fram til varnar villtum íslenskum laxa- og göngusilungsstofnum (Jóhannes Sturlaugsson jan. 2019; mars 2019; 6. maí 2019). Aukinheldur er í grein minni frá nóvember s.l. að finna tilvísanir og tilsvareandi tengla á tvær aðrar greinar sem skrifaðar voru í sama tilgangi, annarsvegar í Fréttablaðið (Jóhannes Sturlaugsson 31. maí 2019) og hinsvegar grein sem skrifuð var í Stundina (Jóhannes Sturlaugsson des. 2018).

## Sjókvíaelði á laxi í Seyðisfirði mun skaða laxa- og göngusilungsstofna í ám í Seyðisfirði

Fyrir liggur að ef laxeldi verður leyft í Seyðisfirði á þeim nótum sem nú er unnið að þá mun það hafa skaðleg áhrif á þá stofna lax og göngusilungs sem finnast í ám í Seyðisfirði. Þetta er ljóst ef miðað að núverandi áhættumat erfðablöndunar sem setur því eldi ekki skorður er bjargað gæti faliðuðum laxastofni Fjarðará frá erfðablöndun. Erfðablöndun sem svipta mun þann stofn eiginleikum sínum á tiltölulega skömmum tíma vegna þátttöku eldislaxa af norskum uppruna í hrygningu laxins í áni. Laxalús fylgir laxeldi í sjó jafnvel þó að hún nái sér síður á strík í svalari sjó líkt og reyndin er á Austjörðum, ennþá allavega. Sá skortur sem er hérlendis á mati á áhættu frá hendi laxalúsarinnar sem runnin er frá fiskeldi og tilheyrandi símati á áhrifum hennar á laxa- og göngusilungsstofna á áhrifasvæði laxeldisins, veldur því að engin ástæða er til annars en gera ráð fyrir því að laxalús skaði slíka stofna í ám í Seyðisfirði komi til þess að laxeldi verði leyft í Seyðisfirði í því mæli sem lagt er upp með. Það er vægast ekki gott afspurnar fyrir Íslendinga að ennþá skuli umhverfismat það sem lagt er til grundvallar ákvörðunum er varða fiskeldi í sjó, ekki með virkum hætti áskilja að til grundvallar séu lögð gögn er varða það hvaða neikvæðu áhrifa megi vænta hjá villtum stofnum laxa og göngusilungs á áhrifasvæði eldisins vegna þeirra laxalúsar sem fylgir eldinu og þeirra fisksjúkdóma sem mögulegt er að komi upp fyrir tistilli þess eldis. Sama virðingarleysi fyrir íslenskri náttúru veldur því að ekkert mið er tekið af smáum laxastofnum á næsta nágrenni eldissvæðanna í því áhættumati erfðablöndunar sem fylgt er hérlendis og tilvarandi vöktun og skorti á vöktun er þau mál varðar. Lýsandi dæmi um það er sú ráðstöfun Hafrannsóknastofnunar að setja kvikmyndafiskteljara ekki fyrst upp í smáu ánum næst fiskeldinu þar sem laxastofnarnir eru í mestri hættu.

### Lokaorð

Það einlæg von mín að þeir aðilar sem taka ákvarðanir er varða það hvort sjókvíaelði á laxi verði leyft í Seyðisfirði leyfi villtum stofnum laxa og göngusilungs að njóta vafans og gefi því ekki leyfi fyrir slíku eldi á meðan núverandi ástand ríkir í umhverfi eldismála hérlendis. Ef áhuginn fyrir slíku eldi er mikill þá væri eðlilegt að ráðamenn í héraði hvettu stjórnvöld sem fara með yfirstjórn fiskeldismála að skoða hvernig bæta má það áhættumat og þá umhverfisvöktun sem fylgja þarf slíku eldi á þann veg að það sé mögulegt að ástunda slíkt sjókvíaelði án þess að það öll áhætta þess liggja hjá náttúrulegum stofnum lax og göngusilungs sem ár í næsta nágrenni eldissvæðanna fósra líkt og nú er reyndin. Fram til þessa hafa menn með aðgerðum sínum á vettvangi fiskeldis hérlendis séð til þess að þeir smáu stofnar laxa og göngusilungs færa stærstu fórnirnar sem þessi iðnaður hefur í för með sér í þeirri mynd sem hann er leyfður hérlendis. Í stuttu máli sagt þá væri eðlilegast með hliðsjón af hagsmunum íslenskrar náttúru að leggja af allt eldi á laxi í sjóvíum hér við land. Vonandi verður mikilvægt skref tekið í þá átt að snúa við þeirri óheillaþróun sem sjókvíaelði á laxi í opnum sjókvíum hérlendis vitnar um, með því að koma í veg fyrir að slíkur umhverfissóðaskapur fari í gang í Seyðisfirði.

### Heimildir

- Bjørn PA, Finstad B, Kristoffersen R (2001) Salmon lice infection of wild sea trout and Arctic char in marine and freshwaters: the effects of salmon farms. *Aquacult Res* 32: 947–962.
- Forseth T, Barlaup BT, Finstad B, Fiske P, Gjoaester H, Falkegard M, Hindar A, Mo TA, Rikardsen AH, Thorstad EB et al: The major threats to Atlantic salmon in Norway. *Ices Journal of Marine Science* 2017, 74(6):1496-1513.
- Fiskeldi Austfjarða hf. 2020. Frummatsskýrsla vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði. VIÐAUKAR. Mat á umhverfisáhrifum. 2. nóvember 2020.
- Fjellidal, P.G., Hansen, T J Karlsen, Ø. og D W Wright. 2019. Effects of laboratory salmon louse infection on Arctic char osmoregulation, growth and survival. *Conserv Physiol.* 2019; 7(1): coz072.  
<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC6839430/#>
- Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. 2020. Lax- og silungsveiðin 2019. HV 2020-038.
- Gunnar Stefánsson, Glover, K. og McAdam B. 2020. Skýrsla óháðrar nefndar um athugun á aðferðafræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar.

- Johnsen, I. A., Harvey, A., Sævik, P. N., Sandvik, A. D., Ugedal, O., Adlandsvik, B., Wennevik, V., Glover, K. A., and Karlsen, Ø. Salmon lice-induced mortality of Atlantic salmon during post-smolt migration in Norway. – ICES Journal of Marine Science (2020) doi:10.1093/icesjms/fsaa202.
- Jóhannes Sturlaugsson 2012. Rannsóknir og vistkerfi Hópsins, í: Á vit margbreytileikans - Víðidalsá og Fitjá, Hópið og Gljúfurá (Karl G Friðriksson og Sigríður P. Friðriksdóttir). Salka Reykjavík 2012. bls 237-246.
- Jóhannes Sturlaugsson. Des. 2018 (birt í des2018-jan2019 prentútgáfu Stundarinnar og á vef Stundarinnar 9. jan. 2019). Laxastofnum fórnað fyrir sjókvíaelði á laxi? Stundin.  
<https://stundin.is/grein/8133/laxastofnum-fornad-fyrir-sjokviaeldi-laxi/>
- Jóhannes Sturlaugsson. Jan. 2019. Umsögn Jóhannesar Sturlaugssonar um drög að frumvarpi varðandi ýmsar breytingar á lögum er varða fiskeldi. 13. Janúar 2019. Sjá samráðsgátt stjórnarráðsins.  
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1256&uid=b3fb62b5-6a17-e911-944c-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1256&uid=b3fb62b5-6a17-e911-944c-005056850474)
- Jóhannes Sturlaugsson. Mars 2019. Umsögn Jóhannesar Sturlaugsson Laxfiskum um Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. 29. mars 2019.  
<https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-4946.pdf>
- Jóhannes Sturlaugsson. Apríl 2019. Rannsóknir á fiskistofnum í ám í Ketildölum 2017 og 2018. Laxfiskar. 4 bls. Sjá vef Alþingis í fylgiskjöllum viðbótarumsagnar Jóhannesar Sturlaugssonar Laxfiskum til Atvinnuveganefndar Alþingis 6. maí 2019 vegna 647. mál á 149. löggjafarþingi (lagaákvæði er varða sjókvíaelði og fleiri þætti fiskeldis):  
<https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-5418.pdf>
- Jóhannes Sturlaugsson. 6. maí. Viðbótarumsögn vegna 647. mál á 149. löggjafarþingi (lagaákvæði er varða sjókvíaelði og fleiri þætti fiskeldis) frá Jóhannesi Sturlaugssyni, Laxfiskum.
- Jóhannes Sturlaugsson. 31. maí 2019. Örlög íslenskra laxastofna eru nú í höndum Alþingismanna. Fréttablaðið.  
<https://www.frettabladid.is/skodun/orlog-islenskra-laxastofna-eru-nu-i-hondum-althingismanna/>
- Jóhannes Sturlaugsson. Nóvember 2020. Sláandi hlutfall eldislaxa á hrygningarslóð villtra laxa í Arnarfirði. Fréttablaðið.  
<https://www.frettabladid.is/skodun/slaandi-hlutfall-eldislaxa-a-hrygningarslod-villtra-laxa-i-arnarfirdi/>
- Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir. 2019. Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum. HV 2019-40. 43 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson. 2020. Litlu laxastofnarnir - Skortur á vöktun og hugsanlegar skaðabótakröfur. Bændablaðið 3. des. 2020.
- VRL Vitenskapelig råd for lakseforvaltning 2020. Status for norske laksebestander i 2020. Rapport fra Vitenskapelig råd for lakseforvaltning nr 15. 147 bls.
- Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson. (2001). Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðarár í Seyðisfirði. Veiðimálastofnun. VMST-R/0117, 14 bls.

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Ég, sem íbúi á Seyðisfirði, kem með bréfi þessu á framfæri mótmælum við fyrirhuguðu 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði, sbr. frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 2. nóvember 2020. Vísað er til neðangreinda röksemda í þessu sambandi:

Áhersla er lögð á að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða afar áberandi allt frá því að þeim verður komið fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, ef sá dagur kemur. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að tiltölulega bratt er í sjó fram í Seyðisfirði og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hliðar eins og látið er að liggja í frummatsskýrslu. Að mínu mati eru áhrif á landslag því ekki aðeins talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð.

Ég er ósammála því að óveruleg sjónmengun hljótist af uppsetningu eldiskvíanna og starfrækslu hins umfangsmikla fyrirhugaða laxeldis. Bent er á villandi framsetningu í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang þess flatar fjarðarins sem sjókvíaeldið mun þekja. Í því sambandi er bent á að sá kafli sem sjókvíaeldi er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjörðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið er einkum fyrirhugað og munar þar miklu. Tilvísanir í frummatsskýrslu til þess að kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásýnd fjarðarins. Í því sambandi er bent á sá hluti fjarðarins sem mestu máli skiptir er sá sem næstur er botni hans, höfninni og kaupstaðnum, þar sem flestir búa og gestir koma.

Bent er á að áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða viku og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og hugsanlega leiða til þess að síld, sem þekkt er að gengið hefur inn í fjörðinn, getur átt örðugra um vik, en ekki liggur fyrir hvort súrefnisþurrð getur hlotist af hinu fyrirhugaða eldi. Fyrirsjáanlegt er síðan tjón vegna marglyttumergðar eða blóma sem þrífst í kringum jafn umfangsmikið eldi og fyrirhugað er.

Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.

Fyrir liggur að ef af sjókvíaeldinu verður munu seiði verða flutt með brunnskipi frá Þorlákshöfn og þeim dælt í eldiskvíar í Seyðisfirði. Þegar til slátrunar kemur verður fiski dælt aftur í

brunnskip og að líkindum fluttur til Djúpavogs til slátrunar og vinnslu. Af þessu leiðir að þrátt fyrir mikið lýti í umhverfi og mengun, sem nánasta umhverfi íbúa Seyðisfjarðar verður fyrir, munu afar fá störf skapast. Hagur sveitarfélagsins og íbúa varður þannig afar takmarkaður ef nokkur af hinu fyrirhugaða eldi.

Tengt framangreindu er hins vegar ástæða til að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt m.a. af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra máli. Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldi gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til. Ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því, að í ljósi þess sem að framan greinir standa líkur til þess að fyrirhugað sjókvíaeldi muni frekar verka neikvætt en jákvætt á möguleg áform fólks varðandi búsetu á svæðinu.

Þá verður ekki hjá því komist, að benda á að samkvæmt yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. gilda ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar.

Þá er rétt að lýsa áhyggjum af fyrirhuguðu sjókvíaeldi í ljósi siglingaleiða og Farice strengsins, en ljóst er að áform Fiskeldis Austfjarða hf. um uppsetningu stórra kvía leiða til mannvirkja sem tiltölulega nærri liggja hvoru tveggja.

Með von um jákvæð viðbrögð

Guðrún Katrín Árnadóttir  
Kt. 270757-2009  
Múlavegur 10  
710 Seyðisfirði

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Ég, sem íbúi á Seyðisfirði, kem með bréfi þessu á framfæri mótmælum við fyrirhuguðu 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði, sbr. frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 2. nóvember 2020. Vísað er til neðangreinda röksemda í þessu sambandi:

Áhersla er lögð á að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða afar áberandi allt frá því að þeim verður komið fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, ef sá dagur kemur. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að tiltölulega bratt er í sjó fram í Seyðisfirði og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hliðar eins og látið er að liggja í frummatsskýrslu. Að mínu mati eru áhrif á landslag því ekki aðeins talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð.

Ég er ósammála því að óveruleg sjónmengun hljótist af uppsetningu eldiskvíanna og starfrækslu hins umfangsmikla fyrirhugaða laxeldis. Bent er á villandi framsetningu í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang þess flatar fjarðarins sem sjókvíaeldið mun þekja. Í því sambandi er bent á að sá kafli sem sjókvíaeldi er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjörðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið er einkum fyrirhugað og munar þar miklu. Tilvísanir í frummatsskýrslu til þess að kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásýnd fjarðarins. Í því sambandi er bent á sá hluti fjarðarins sem mestu máli skiptir er sá sem næstur er botni hans, höfninni og kaupstaðnum, þar sem flestir búa og gestir koma.

Bent er á að áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða viku og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og hugsanlega leiða til þess að síld, sem þekkt er að gengið hefur inn í fjörðinn, getur átt örðugra um vik, en ekki liggur fyrir hvort súrefnisþurrð getur hlotist af hinu fyrirhugaða eldi. Fyrirsjáanlegt er síðan tjón vegna marglyttumergðar eða blóma sem þrífst í kringum jafn umfangsmikið eldi og fyrirhugað er.

Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.

Fyrir liggur að ef af sjókvíaeldinu verður munu seiði verða flutt með brunnskípi frá Þorlákshöfn og þeim dælt í eldiskvíar í Seyðisfirði. Þegar til slátrunar kemur verður fiski dælt aftur í

brunnskip og að líkindum fluttur til Djúpavogs til slátrunar og vinnslu. Af þessu leiðir að þrátt fyrir mikið lýti í umhverfi og mengun, sem nánasta umhverfi íbúa Seyðisfjarðar verður fyrir, munu afar fá störf skapast. Hagur sveitarfélagsins og íbúa varður þannig afar takmarkaður ef nokkur af hinu fyrirhugaða eldi.

Tengt framangreindu er hins vegar ástæða til að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt m.a. af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra máli. Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til. Ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því, að í ljósi þess sem að framan greinir standa líkur til þess að fyrirhugað sjókvíaeldi muni frekar verka neikvætt en jákvætt á möguleg áform fólks varðandi búsetu á svæðinu.

Þá verður ekki hjá því komist, að benda á að samkvæmt yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. gilda ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar.

Þá er rétt að lýsa áhyggjum af fyrirhuguðu sjókvíaeldi í ljósi siglingaleiða og Farice strengsins, en ljóst er að áform Fiskeldis Austfjarða hf. um uppsetningu stórra kvía leiða til mannvirkja sem tiltölulega nærri liggja hvoru tveggja.

Signý Jónsdóttir kt. 2701962259  
Miðtúni 10, 710 Seyðisfirði



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Ég, sem íbúi á Seyðisfirði, kem með bréfi þessu á framfæri mótmælum við fyrirhuguðu 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði, sbr. frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 2. nóvember 2020. Vísað er til neðangreinda röksemda í þessu sambandi:

Áhersla er lögð á að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða afar áberandi allt frá því að þeim verður komið fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, ef sá dagur kemur. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að tiltölulega bratt er í sjó fram í Seyðisfirði og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hliðar eins og látið er að liggja í frummatsskýrslu. Að mínu mati eru áhrif á landslag því ekki aðeins talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð.

Ég er ósammála því að óveruleg sjónmengun hljótist af uppsetningu eldiskvíanna og starfrækslu hins umfangsmikla fyrirhugaða laxeldis. Bent er á villandi framsetningu í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang þess flatar fjarðarins sem sjókvíaeldið mun þekja. Í því sambandi er bent á að sá kafli sem sjókvíaeldi er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjörðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið er einkum fyrirhugað og munar þar miklu. Tilvísanir í frummatsskýrslu til þess að kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásýnd fjarðarins. Í því sambandi er bent á sá hluti fjarðarins sem mestu máli skiptir er sá sem næstur er botni hans, höfninni og kaupstaðnum, þar sem flestir búa og gestir koma.

Bent er á að áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða viku og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og hugsanlega leiða til þess að síld, sem þekkt er að gengið hefur inn í fjörðinn, getur átt örðugra um vik, en ekki liggur fyrir hvort súrefnisþurrð getur hlotist af hinu fyrirhugaða eldi. Fyrirsjáanlegt er síðan tjón vegna marglyttumergðar eða blóma sem þrífst í kringum jafn umfangsmikið eldi og fyrirhugað er.

Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.

Fyrir liggur að ef af sjókvíaeldinu verður munu seiði verða flutt með brunnskípi frá Þorlákshöfn og þeim dælt í eldiskvíar í Seyðisfirði. Þegar til slátrunar kemur verður fiski dælt aftur í

brunnskip og að líkindum fluttur til Djúpavogs til slátrunar og vinnslu. Af þessu leiðir að þrátt fyrir mikið lýti í umhverfi og mengun, sem nánasta umhverfi íbúa Seyðisfjarðar verður fyrir, munu afar fá störf skapast. Hagur sveitarfélagsins og íbúa varður þannig afar takmarkaður ef nokkur af hinu fyrirhugaða eldi.

Tengt framangreindu er hins vegar ástæða til að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt m.a. af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra máli. Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til. Ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því, að í ljósi þess sem að framan greinir standa líkur til þess að fyrirhugað sjókvíaeldi muni frekar verka neikvætt en jákvætt á möguleg áform fólks varðandi búsetu á svæðinu.

Þá verður ekki hjá því komist, að benda á að samkvæmt yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. gilda ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar.

Þá er rétt að lýsa áhyggjum af fyrirhuguðu sjókvíaeldi í ljósi siglingaleiða og Farice strengsins, en ljóst er að áform Fiskeldis Austfjarða hf. um uppsetningu stórra kvía leiða til mannvirkja sem tiltölulega nærri liggja hvoru tveggja.

Virðingarfyllt

Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Ég, sem íbúi á Seyðisfirði, kem með bréfi þessu á framfæri mótmælum við fyrirhuguðu 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði, sbr. frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 2. nóvember 2020. Vísað er til neðangreinda röksemda í þessu sambandi:

Áhersla er lögð á að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða afar áberandi allt frá því að þeim verður komið fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, ef sá dagur kemur. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að tiltölulega bratt er í sjó fram í Seyðisfirði og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hlíðar eins og látið er að liggja í frummatsskýrslu. Að mínu mati eru áhrif á landslag því ekki aðeins talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð.

Ég er afar ósammála því að óveruleg sjónmengun hljótist af uppsetningu eldiskvíanna og starfrækslu hins umfangsmikla fyrirhugaða laxeldis. Bent er á villandi framsetningu í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang þess flatar fjarðarins sem sjókvíaeldið mun þekja. Í því sambandi er bent á að sá kafli sem sjókvíaeldi er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjörðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið er einkum fyrirhugað og munar þar miklu. Tilvísanir í frummatsskýrslu til þess að kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásýnd fjarðarins. Í því sambandi er bent á sá hluti fjarðarins sem mestu máli skiptir er sá sem næstur er botni hans, höfninni og kaupstaðnum, þar sem flestir búa og gestir koma.

Bent er á að áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða víkur og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxfiska og hugsanlega leiða til þess að síld, sem þekkt er að gengið hefur inn í fjörðinn, getur átt erfitt uppdráttar, en ekki liggur fyrir hvort súrefniþurrð getur hlotist af hinu fyrirhugaða eldi. Fyrirsjáanlegt er síðan tjón vegna marglyttumergðar eða blóma sem þrífst í kringum jafn umfangsmikið eldi og fyrirhugað er.

Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.

Fyrir liggur að ef af sjókvíaeldinu verður munu seiði verða flutt með brunnskipi frá Þorlákshöfn og þeim dælt í eldiskvíar í Seyðisfirði. Þegar til slátrunar kemur verður fiski dælt

aftur í brunnskip og að líkindum fluttur til Djúpavogs til slátrunar og vinnslu. Af þessu leiðir að þrátt fyrir mikið lýti í umhverfi og mengun, sem nánasta umhverfi íbúa Seyðisfjarðar verður fyrir, munu afar fá störf skapast. Hagur sveitarfélagsins og íbúa varður þannig afar takmarkaður ef nokkur af hinu fyrirhugaða eldi.

Tengt framangreindu er hins vegar ástæða til að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt m.a. af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra máli. Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til. Ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því, að í ljósi þess sem að framan greinir standa líkur til þess að fyrirhugað sjókvíaeldi muni frekar verka neikvætt en jákvætt á möguleg áform fólks varðandi búsetu á svæðinu.

Þá verður ekki hjá því komist, að benda á að samkvæmt yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. gilda ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar.

Þá er rétt að lýsa áhyggjum af fyrirhuguðu sjókvíaeldi í ljósi siglingaleiða og Farice strengsins, en ljóst er að áform Fiskeldis Austfjarða hf. um uppsetningu stórra kvía leiða til mannvirkja sem tiltölulega nærri liggja hvoru tveggja.

Ég vil benda á að sú uppbygging sem átt hefur sér stað í ferðaþjónustu á Seyðisfirði spannar áratugi, allt að hálfu öld. Ég álít það afar ósanngjarnt þegar hugmyndir um gríðarlegt fiskeldi í þessum þrönga firði, hugmyndir sem á stuttum tíma geta kippt fótum undan ferðaþjónustu á staðnum, eru kynntar fyrir Seyðfirðingum á þann hátt sem nú á sér stað og einungis gefinn nokkurra vikna frestur til að andmæla (að vísu framlengdur vegna náttúruhamfara) atriðum í skýrslunni sem hér er til umfjöllunar.

Virðingarfyllst

Jóhanna Gísladóttir  
Kt. 1502563809  
Botnahlíð 8  
Seyðisfirði.



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Til AX lögmannsþjónustu hefur leitað Eyjólfur Þór Kristjánsson, kt. 141051-4079 og falið að koma á framfæri athugasemdum og mótmælum við frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf. (*hér eftir FA*) vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.

Umbj. okkar er eigandi jarðarinnar Selstaða í Seyðisfirði, L154852 og hefur þannig sérstakra hagsmuna að gæta vegna þeirrar framleiðslu sem FA leitast við að koma til framkvæmdar. Umbj. okkar mótmælir fyrirhuguðum framkvæmdum og niðurstöðum frummatsskýrslu með vísan til þeirra röksemda sem hér fara á eftir.

Jörð umbj. okkar liggur að sjó í Seyðisfirði og skv. frummatsskýrslu er fyrirhugað að stunda kvíaldi fyrir landi jarðarinnar í svonefndri Selstaðavík. Eignarland er skilgreint í lögum um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, nr. 57/1998 þannig að það sé m.a. landsvæði innan netlaga í sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma. Er þessi skilgreining í samræmi við þau sjónarmið sem giltu í eignarrétti áður en lög in voru sett. Netlögin í sjó og þannig mörk jarðarinnar, telja 115 metra frá stórstraumsfjörumáli út í sjó, sbr. 3. mgr. 2. gr. laganna, sem er einnig í fullu samræmi við þau sjónarmið sem giltu í þessum efnum fyrir gildistöku laganna.

Innan þessara skilgreindu marka nýtur umbj. okkar allra hefðbundinna eignarráða sem einkaeignarrétti fylgja og er sjávarbotninn innan netlaganna þar ekki undanskilinn, sbr. 1. mgr. 1. gr. laganna. Réttindi ná þannig m.a. til nýtingar á hafsbotni, veiða o.s.frv. Í einkaeignarrétti landeiganda felst einnig rétturinn til þess að meina öðrum að nota það land og gæði sem rétturinn tekur til.

Af gögnum sem FA hefur lagt fram í frummatsskýrslu er ljóst, að flestar þeirra 24 eldiskvía sem um ræðir eru, skv. kortum sem FA leggur fram, staðsettar mjög nærri landi og raunar innan netlaga í heild eða hluta, sjá t.d. bls. 5 og 34 í frummatsskýrslu.

Varðandi þetta er þó lögð áhersla á að í frummatsskýrslu virðist þess á engan hátt getið hvaða kort er stuðst við varðandi afmörkun netlaga sem tilgreind eru ásamt fleiri upplýsingum. Almennu eru kortagrunnar miðaðir við hæstu sjávarstöðu, en ekki stórstraumsfjörumál og er því ástæða til að gjalda sérstakan varhug við framsetningunni í frummatsskýrslunni. Þá er augljóst að á framlögðum kortum er ekki tekið tillit til hólma eða skerja sem á stórstraumsfjörumáli eru, en netlög telja í allar áttir frá ystu mörkum þeirra. Framsetning í frummatsskýrslu hvað þetta varðar er því röng í þeim skilningi að netlög ná miklu lengra í sjó fram en þar er sýnt. Af þessu leiðir að sjókvíarnar eru a.m.k. að verulegu leyti innan netlaga umbj. okkar.

Hver eldiskví er 160 metrar að ummáli og 50 metrar að þvermáli og fest inn í ferhyrningslaga rammafestingu sem er 100 x 100 metrar. Þær rammafestingar eru síðan festar saman og miðað við að a.m.k. 60 metrar séu milli eldiskvía, sbr. bls. 21 í frummatsskýrslu. Frá hverri rammafestingu liggja síðan útfarar að akkeri sem á að jafnaði að vera í fjarlægð sem nemur þrefaldri dýpt sjávar frá ramma.

Í frummatsskýrslu er ekki að finna upplýsingar um dýpi allra þeirra eldissvæða sem FA sækist eftir og er það, ásamt öðru, annmarki á skýrslunni. Í skýrslunni liggja þó fyrir tölur um dýpt fyrir Háubakka og Sörlastaðavík og er hún sögð á bilinu 42-74 metrar, en á öðrum stað í frummatsskýrslu er dýpt á eldissvæðunum sögð 20-80 metrar sem er raunar, að því er neðri mörkin varðar, 10 metrum undir skilgreindu lágmarki, sbr. bls. 33 í frummatsskýrslu. Miðað við þessar dýptartölur er þó ljóst að akkeri og útfarar þurfa að vera í a.m.k. allt að 240 metra fjarlægð, sbr. viðmiðið um þrefalda dýpt (3 x 80 m).

Af þessu leiðir að útfarar og akkeri verða í öllu falli langt innan netlaga, hvernig svo sem á málið er litið, enda rammarnir staðsettir nánast upp við netlög eins og þau eru skilgreind af FA (í raun réttir langt fyrir innan þau) og öll sú vegalengd sem um ræðir frá römmum og í átt að landi, verður innan netlaga. FA hefur ekki aflað neinna heimilda til að nýta land umbj. okkar í þessu skyni, en í krafti einkaeignarréttar er honum heimilt að meina FA afnotin, sbr. fyrri umfjöllun. Bent er á að FA getur ekki heldur aflað heimildar með eignarnámi, enda fer því fjarri að almenningsþörf krefji að félagið fái raskað lífríki Seyðisfjarðar og eignarréttindum umbj. okkar, sbr. skilyrði 1. mgr. 72. gr. stjórnarskrárinnar. Enn fremur liggja engin lagafyrirmæli slíku til stuðnings. Forsendur frummatsskýrslu standast því ekki.



Hvað varðar útfara og akkeri frá römmum í átt frá landi þá má ætla að dýpi sé enn meira þar og fjarlægðin verði því ekki minni en að framan greinir. Hins vegar er afar lítið svigrúm til þess að fara með akkeri og útfara langt frá sjókvíunum, að ekki sé minnst á ef sjókvíarnar færast fjær landi, eins og nauðsynlegt yrði skv. framangreindu. Ástæðan er ekki síst sú að helgunarsvæði Farice fjarskiptastrengsins er 463 metrar í hvora átt, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga nr. 81/2003. Með vísan til þessa verður að teljast afar langsótt, ef ekki ómögulegt, að ganga frá festingum þannig að hvorki verði gengið á eignarréttindi umbj. okkar með ólögmatum hætti, né brotið í bága við reglur um helgunarsvæði strengsins.

Úrgangur sem fellur til við framleiðslu í sjókvíaeldunum sem um ræðir er talinn í þúsundum tonna. Áætlun í frummatsskýrslu, sem ástæða er til að gjalda varhug við, miðast við tæp 3.500 tonn á fimm ára tímabili. FA telur 95% þessa úrgangs falla til botns innan við 25 metra frá sjókvíunum. Sú spá byggir að líkindum m.a. á straummælingum. Athygli vekur að byggt er á mælingum strauma á 5 og 15 metra dýpi. Hins vegar liggur fyrir að eldiskvíarnar eru 20 metra djúpar og því skiptir líklega mestu hvernig straumar eru á 25-60 metra dýpi.

Burtséð frá þessu telur FA, miðað við gefnar forsendur, að 95% úrgangs falli innan við 25 metra frá sjókvíunum, sbr. bls. 23 í frummatsskýrslu. Miðað við það er væntanlega búist við því að um 175 tonn falli fjær kvíunum. Í frummatsskýrslu er því lýst að úrgangur falli að mestu leyti innan við 50 metra frá sjókvíunum í föstu formi. Þar er og hnykkt er á því að allar kannanir og rannsóknir um áhrif fastra efna séu samhljóma og á þá leið að lítilla áhrifa gæti í 100 metra fjarlægð og alls engra í 350 metra fjarlægð. Af þessu leiðir að öruggt er að áhrifa mun gæta innan netlaga umbj. okkar sem eru vel innan 100 metra fjarlægðar frá kvíunum, hvernig svo sem á staðstetningu netlaga er litið. Er nálægð kvíanna slík að frá þeim og að landi sýnast tæpast vera 350 metrar. Hvernig svo sem á málið er litið mun því áhrifa gæta innan alls þess svæðis sem fellur innan netlaga umbj. okkar.

Úrgangur frá kvíaeldinu er skv. þessu í andstöðu við eignarréttindi umbj. okkar, enda öðrum en eigendum óheimilt að hlutast sérstaklega til um að úrgangi sé dreift yfir land viðkomandi. Á það sérstaklega við þegar svo rammt kveður að dýralíf á því svæði sem um ræðir býður mikinn skaða af eða viku hreinlega alveg. Með vísan til þessa er enn augljósara að áform FA í Seyðisfirði eru með öllu ósamþýðanleg stjórnarskrárvörðum eignarréttindum umbj. okkar.

Umbj. okkar má reikna með því að geta nýtt eignarland sitt 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli. Augljóst er að áform FA myndu hindra það skv. því sem að framan greinir, enda myndi eldið girða fyrir t.d. veiði, nýtingu reka og ræktun

kræklinga eins og t.d. Brimberg ehf. hefur heimildir til að stunda í firðinum. Einnig er á það bent, að í firðinum og í grennd við sum kvíaeldissvæðin fyrir að fara uppeldisstöðvum ýsu, einkum í Selstaðavík. Þá heldur mikill fjöldi æðarfugls sig í vikinni yfir vetrarmánuðina og þar eru einnig hrygningar- og uppeldissvæði grásleppu.

Í frummatsskýrslu virðist þetta ekki hafa verið rannsakað, en athygli vekur að botndýrarannsóknir hafa auk þess ekki náð til Selstaðavíkur þótt fram komi í frummatsskýrslu að lífríki sé meira utar í firðinum en innar. Virðist raunar sem í frummatsskýrslu sé tekið til umfjöllunar það sem helst er til þess fallið að styrkja málstað FA. Aftur á móti er annað hvort ekki fjallað um eða afar lítið gert úr þeim atriðum sem við blasir að eru sem myllusteinn um háls framkvæmdaaðila vegna þess að ósamrýmanlegt er sjónarmiðum um vernd náttúru, lög að öðru leyti eða stjórnarskrárvarinn eignarrétt umbj. okkar.

Umbj. okkar gerir sérstaka athugasemd við þá nálgun FA að líta beinlínis svo á að heimilt sé að stunda laxeldið sem um ræðir í Seyðisfirði með vísan til auglýsingar nr. 460/2004, sbr. bls. 26 í frummatsskýrslu. Hið rétta er að það eina sem auglýsingin kveður á um er að það sé ekki beinlínis bannað.

Auk þeirra athugasemda sem að framan greinir er á það bent að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða áberandi ásýndum allt frá því að komið verður fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, komi til þess. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að sæbratt er við Seyðisfjörð og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hlíðar eins og FA lætur að liggja í frummatsskýrslu. Áhrif á landslag eru því mjög neikvæð.

Í framangreindu sambandi stoðar FA ekki villandi framsetning í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang sjókvíaeldisins sem hlutfall af Seyðisfirði. Sá kafli sem sjókvíaeldinu er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjörðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið er einkum fyrirhugað og munar þar miklu. Tilvísanir í frummatsskýrslu til þess að kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásýnd fjarðarins, en eldið mun óhjákvæmilega hafa veruleg áhrif á ásýnd nánasta umhverfis umbj. okkar.

Ítrekað er að áhrif sjókvíaeldisins á lífríki eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða víkur og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma






tekur að endurheimta lífríkið. Áhrifa þessa mun að verulegu leyti gæta innan netlaga umbj. okkar og þarf ekki að efast um áhrif þess á nytjar.

Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi því hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti. Umbj. okkar vekur athygli á því að þessi neikvæðu áhrif eru til þess fallin að spilla góðri ímynd og möguleikum til þess að hafa tekjur af ferðaþjónustu og atvinnu sem tengist því. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til.

Umbj. minn getur að síðustu ekki látið hjá líða að benda á að samkvæmt yfirlýsingum FA lítur félagið svo á að ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 gildi ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að engu skipulagsvaldi sé fyrir að fara á svæðinu þrátt fyrir að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi falli sannarlega innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar og sé upp við siglingaleiðir og Farice strenginn.

Með vísan til þess sem að framan greinir ítrekar umbj. okkar andmæli sín við fyrirliggjandi frummatsskýrslu og að fyrirhuguðum framkvæmdum FA er harðlega mótmælt. Áskilinn er réttur til að koma á framfæri frekari mótmælum, skjölum og skriflegum gögnum, gerist þess þörf.

Kópavogi, 25. janúar 2021,  
f.h. eiganda Selstaða í Seyðisfirði



Friðbjörn E. Garðarsson lögmaður



Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Til AX lögmannsþjónustu hefur leitað Björn Roth, kt. 260461-4869, og falið að koma á framfæri athugasemdum og mótmælum við frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf. (*hér eftir FA*) vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020, fyrir sig persónulega og fyrir hönd veiðifélagsins Loðmundar.

Umbj. okkar er eigandi jarðanna Árnastaða, L157404, Bárðarstaða, L157405 og hálfra Úlfstaða, L157414, sem allar liggja að Fjarðará í Loðmundarfirði. Þá er umbj. okkar formaður veiðfélags árinna, Loðmundar. Sem veiðiréttarhafi hefur umbj. okkar sérstakra hagsmuna að gæta vegna þeirrar framleiðslu sem Fiskeldi Austfjarðar leitast við að koma til framkvæmdar. Umbj. okkar mótmælir fyrirhuguðum framkvæmdum og niðurstöðum frummatsskýrslu með vísan til þeirra röksemda sem hér fara á eftir, en telja verður að þær röksemdir eigin einnig við um flesta aðra veiðiréttarhafa, a.m.k. á Austurlandi.

Veiðiréttindi umbj. okkar í Fjarðará njóta verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Verðmætin eru m.a. fólgin í veiðum á villtum íslenskum laxi. Fyrirhugað sjókvíaelði FA gengur gegn þessum eignarréttindum eins og nánar verður nú rakið.

Umbj. okkar hefur síðan árið 1980 eytt gríðarlegum tíma og fjármunum til þess að rækta Fjarðará upp sem veiðiá m.a. með því að sleppa miklu magni laxaseiða í ána, upprunnum í Laxá í Aðaldal, á árabílinu 1980-1990. Þá hefur umbj. okkar unnið að því ötullega að útbúa ný hrygningasvæði í ánni auk þess að bæta þau sem fyrir voru. Seiðasleppingum var hætt árið 1990 og hefur áin verið sjálfbær síðan. Í ánni veiðist auk lax, urriði, sjóbirtingur, bleikja og sjóbleikja. Hætt er við því að lífríki árinna raskist mjög ef laxagengd eykst frá því sem nú er.

Áform FA lúta að því að rækta lax af Saga eldisstofni. Þótt tegundin henti fiskeldisframleiðendum vel er vitað að frjór fiskur af þessum stofni verður kynþroska og er vel til þess fallinn að blanda erfðaeftni sínu saman við villta stofna hér á landi, sleppi hann úr kví. Honum hefur enda gengið það vel í Noregi, sbr. síðari umfjöllun. Á hverju ári veiðast margir strokulaxar í íslenskum ám, en ekki er ástæða til að ætla að allir þeir laxar sem sleppa, veiðist.

Í frummatsskýrslu er leitast við að gera lítið úr þeirri hættu sem að villta laxastofninum steðjar af þessum sökum. Í skýrslunni er m.a. vísað til rannsóknar í Noregi því til stuðnings, sbr. bls. 94. Í því sambandi er þó ástæða til að draga fram hið augljósa, að af þeim 175 villtu laxastofnum sem skoðaðir voru höfðu 50 þeirra orðið fyrir mjög miklum breytingum á erfðasamsetningu og staða stofns því skilgreind alvarleg. Í öðrum 11 stofnum taldist staða slæm í þessu tilliti. Í 54 stofnanna þótti staða í meðallagi. Af þeim 175 stofnum sem rannsakaðir voru höfðu aðeins 60 ekki orðið fyrir breytingum. Erfðaeftni eldislax hefur því einungis látið 34% villtu stofnanna ósnortið. Skýrsluhöfundur virðist láta sér það í léttu rúmi liggja.

Þótt laxeldi í sjó hafi ekki verið stundað jafnlengi á Íslandi er engin ástæða til að ætla að betur fari hér á landi. Tilvísanir til þess að litlar líkur séu á stroki, litlum lífslíkum slíkra fiska og takmarkaðri hæfni til að æxlast eru einfaldlega í andstöðu við þá reynslu sem fyrirbyggjandi er. Í frummatsskýrslu er enda gert ráð fyrir talsverðu stroki laxfiska úr sjókvíunum þótt byggt sé á óljósum gögnum og gefin sú forsenda að árangur FA í þessum efnum verði a.m.k. á pari við það sem langbest hefur náðst ytra á einstöku ári og að engir smærri fiskar sleppi. Engin vissa er fyrir slíku. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þótt villtir stofnar laxa séu einstakir hér á landi og mikilvægir lífríki og veiðiréttarhöfum þá eru þeir í eðli sínu ekki umfangsmiklir og þar af leiðandi berskjaldaðri gagnvart erfðablöndun eins og raunar bent er á í frummatsskýrslu. Af því leiðir hins vegar ekki, að lítil verðmæti séu í þeim fólgin fyrir einstaka veiðiréttarhafa, íslenskt þjóðarbú og náttúru landsins.

Þrátt fyrir framangreint áformar FA að hafa bróðurpart framleiðslu sinnar frjóan lax, eða 6.500 tonn. Er það rökstutt með vísan til þess að áhættan sé ekki eins mikil í ljósi þess hversu vel verður staðið að verki. Það vekur hins vegar athygli að sú afstaða, að ætla að ala frjóan lax, byggir ekki á því að ómögulegt eða torsótt sé að ala ófrjóan lax sem sama hætta stafar ekki af, enda lúta áætlanir FA að því að framleiða 3.500 tonn af slíkum laxi og hefur félagið þegar hafið eldi slíkra fiska og mun að eigin sögn standa að rannsóknum á í samstarfi við Hafrannsóknarstofnun og Háskólann á Akureyri. Miðað við það sem fram kemur í frummatsskýrslu er það fyrst og fremst skortur á markaðssetningu sem stendur því í vegi að þessi mjög svo ábyrgari framleiðslukostur nái til meirihluta eða allra framleiðslunnar. Ekki er dregið í efa að slíkt geti haft í för



með sér minni framlegð til skamms tíma. Umbj. okkar bendir hins vegar á að ekki dugi að tjalda til einnar nætur og verði af laxeldinu með frjóum laxi, hvað þá í svo tröllauknu magni sem að er stefnt, leiðir það til verulegs tjóns fyrir hann og fjölmarga aðra veiðiréttarhafa. Þar er enn fremur um að ræða óafturkræf spjöll á stofni sem hefur þróast hér á landi yfir langan tíma. Slíkt væri í hróplegri andstöðu við hvers kyns sjónarmið um náttúruvernd og vernd villtra dýra og erfðahreinleika.

Í frummatsskýrslu er gengið svo langt að draga upp þá mynd að eldi í lokuðum kerfum í landi eða í sjó séu ekki góðir kostir. Umbj. okkar frábiður sér slíkar skýringar sem miða að því einu að slá ryki í augu stjórnvalda svo FA eigi von um að fá ekki aðeins að stunda fiskeldi í Seyðisfirði, í andstöðu við hagsmuni nær allra annarra, heldur einnig að komast í aðstöðu til að gera það með ódýrum hætti til að hámarka arðsemi á kostnað villtra stofna og réttinda annarra. Augljóst mál er að hætta á stroki er allt önnur og minni ef eldi er í landi og sömuleiðis ef um lokaðar kvíar er að ræða. Umbj. okkar bendir á að slíkt væri enn fremur líklegra til þess að eyða þeirri óvissu sem tilgreint er í frummatsskýrslu að leiðir af áhrifum fiskeldisins á lífríkið, sbr. bls. 66 í skýrslunni.

Í frummatsskýrslu er sníkjudýrinu laxalús gerð nokkur skil. Gerð er grein fyrir að þegar laxalús berst á eldissvæði þá margfaldast framleiðsla þessa vágestar og hafstraumar dreifa henni síðan í umhverfið. Þetta er einn fylgifiskur þess ósjálfbæra verksmiðjuviðnaðar sem að er stefnt og leitast við að réttlæta í frummatsskýrslu með ráðum og dáð.

Í frummatsskýrslu er vikið að því, að hætta á því að strokulaxar leiti í laxveiðiár sé mest í þeim ám sem næstar eru fiskeldi. Réttindi umbj. okkar eru í Fjarðará í Loðmundarfirði, sem er næsti fjörður norðan við Seyðisfjörð. Fjarlægð er því sérstaklega lítil og nær öruggt að strokufiskar myndu leita í ána. Hinu sama gegnir vitaskuld um aðrar ár, t.d. í Vopnafirði, enda 130 km ekki langt ferðalag fyrir lax. Í þessu sambandi er á það bent að strokufiskar geta hæglega ferðast um langan veg og gengið í aðrar veiðiár á Austurlandi sem miklu fjær eru. Í því sambandi er bent á að laxar sem sluppu á sínum tíma í Norðfirði veiddust m.a. í Selá, Hofsa í Vopnafirði og Breiðdalsá, sbr. bls. 94 í frummatsskýrslu. Af þessu er augljóst að forsendur sem gefnar eru í frummatsskýrslu, um að fullnægjandi fjarlægð frá laxveiðám réttlæti fiskeldið vegna þess að hætta sé ekki á að villtir stofnar spillist, styðjast ekki við rök.

Umbj. okkar frábiður sér langsóttar ályktanir í frummatsskýrslu þar sem leitast er við að kasta rýrð á áhættumat. Síst verður talið að sú aðgæsla sem stefnt er að sé of mikil í þessum efnum. Þá virðast öll viðmið í frummatsskýrslu varðandi göngu eldislaxa í ár miðast við að allir hafi þeir veiðst og jafnframt hafi þeir ekki sloppið snemma á



eldistímanum. Í þessu sem öðru er í frummatsskýrslu varpað fram þeirri hagstæðustu barnslegu draumsýn sem hægt er að ímynda sér.

Pótt frummatsskýrsla beri þess glögg merki að fært sé í stílinn og dregið úr þeirri vá sem sjókvíaeldi fyrir lax er fyrir villta laxastofna og lífríkið í heild, virðist sem skýrsluhöfundur geri sér grein fyrir því að að rökin verði ekki keypt eins og nýtt net. Af þeim sökum gerir skýrsluhöfundu sér sérstakt far um að gera lítið úr villtum laxastofnum á Íslandi og veiðum í ám á Austurlandi. Skrifin lýsa alvarlegu virðingar- og skilningsleysi á villtum laxastofnum og mikilvægi þeirra. Skýrsluhöfundur velur síðan að draga saman veiðitölur frá 2005 – 2017 þrátt fyrir að skýrslan sé lögð fram í nóvember 2020.

Í töflu á bls. 13 er vísað til veiðitalna 2017 í Selá í Vopnafirði, en vísað er til þess að veiði hafi numið 888 löxum. Ekki verður séð að þessar tölur komi heim og saman við yfirlit Landssambands veiðifélaga þar sem veiði 2017 er tilgreind 937 laxar í ánni. Mestu varðar þó, að veiði var til muna meiri næstu ár. Árið 2018 nam hún 1340 löxum, árið 2019 1484 löxum og árið 2020 veiddust 1258 laxar, en áin var þá í fimmta sæti yfir þær ár landsins sem flestum löxum skiluðu. Í frummatsskýrslu er vísað til þess að veiði í Hofsa 2017 hafi numið 547 löxum. Veiðitölur Landssambands veiðifélaga eru hins vegar 589 laxar það ár, 697 laxar árið eftir, 711 laxar 2019 og 1017 laxar 2020. Skoðun veiðitalna áratugi aftur í tímann sýnir enn fremur mikla veiði. Framangreint er eingöngu sett fram í dæmaskyni til að varpa ljósi á ranga framsetningu í frummatsskýrslu, en ekki er ástæða til að ætla að rangar upplýsingar og tilhliðranir takmarkist við þetta atriði í skýrslunni.

Í tengslum við framangreint er vakin athygli á því að löng umfjöllun um vankanta Breiðdalsár og fleiri straumvatna á Austurlandi er í besta falli ómakleg. Veiði í ánum hefur verið viðarandi áratugum saman hvernig svo sem tilurð villtra stofna þar er til komin í öndverðu.


Að lokum verður ekki orða bundist í tengslum við skipulagsþátt þeirrar framkvæmdar sem FA stefnir að. Samkvæmt yfirlýsingum félagsins lítur það svo á að ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 gildi ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að engu skipulagsvaldi sé fyrir að fara þrátt fyrir að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi falli sannarlega innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar og sé upp við siglingaleiðir og Farice strenginn. Umbj. okkar bendir á að Seyðisfjarðarhöfn og sveitarfélagið sem slíkt hafi, a.m.k. til þessa dags, hlutast til um að veita starfsemi og framkvæmdum brautargengi sem jákvæð séu samfélagi og gangi ekki á rétt annarra og mikilvæga náttúru. Ekki verður séð að áform



FA sem rakin eru í frummatsskýrslu samræmist í neinu skipulagi eða hagsmunum nokkurs annars í grennd við fyrirhugað 10.000 tonna sjókvíældi.

Með vísan til þess sem að framan greinir ítrekar umbj. okkar andmæli sín við fyrirliggjandi frummatsskýrslu og að fyrirhuguðum framkvæmdum FA er harðlega mótmælt. Áskilinn er réttur til að koma á framfæri frekari mótmælum, gerist þess þörf.

Kópavogi, 25. janúar 2021,  
f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar



Friðbjörn E. Garðarsson lögmaður

**Efni: Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Ég, sem íbúi á Seyðisfirði, kem með bréfi þessu á framfæri mótmælum við fyrirhuguðu 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði, sbr. frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 2. nóvember 2020. Vísað er til neðangreinda röksemda í þessu sambandi:

Áhersla er lögð á að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða afar áberandi allt frá því að þeim verður komið fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, ef sá dagur kemur. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að tiltölulega bratt er í sjó fram í Seyðisfirði og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hliðar eins og látið er að liggja í frummatsskýrslu. Að mínu mati eru áhrif á landslag augljós og því ekki aðeins talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð.

Ég er ósammála því að óveruleg sjónmengun hljótist af uppsetningu eldiskvíanna og starfrækslu hins umfangsmikla fyrirhugaða laxeldis. Bent er á villandi framsetningu í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang þess flatar fjarðarins sem sjókvíaeldið mun þekja. Í því sambandi er bent á að sá kafli sem sjókvíaeldi er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjörðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið er einkum fyrirhugað og munar þar miklu. Tilvísanir í frummatsskýrslu til þess að kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásýnd fjarðarins. Í því sambandi er bent á sá hluti fjarðarins sem mestu máli skiptir er sá sem næstur er botni hans, höfninni og kaupstaðnum, þar sem flestir búa og gestir koma.

Bent er á að áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða viku og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og hugsanlega leiða til þess að síld, sem þekkt er að gengið hefur inn í fjörðinn, getur átt örðugra um vik, en ekki liggur fyrir hvort súrefnisþurrð getur hlotist af hinu fyrirhugaða eldi. Fyrirsjáanlegt er síðan tjón vegna marglyttumergðar eða blóma sem þrífst í kringum jafn umfangsmikið eldi og fyrirhugað er.

Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.

Fyrir liggur að ef af sjókvíaeldinu verður munu seiði verða flutt með brunnskípi frá Þorlákshöfn og þeim dælt í eldiskvíar í Seyðisfirði. Þegar til slátrunar kemur verður fiski dælt aftur í

brunnskip og að líkindum fluttur til Djúpavogs til slátrunar og vinnslu. Af þessu leiðir að þrátt fyrir mikið lýti í umhverfi og mengun, sem nánasta umhverfi íbúa Seyðisfjarðar verður fyrir, munu afar fá störf skapast. Hagur sveitarfélagsins og íbúa varður þannig afar takmarkaður ef nokkur af hinu fyrirhugaða eldi.

Tengt framangreindu er hins vegar ástæða til að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt m.a. af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra máli. Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til. Ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því, að í ljósi þess sem að framan greinir standa líkur til þess að fyrirhugað sjókvíaeldi muni frekar verka neikvætt en jákvætt á möguleg áform fólks varðandi búsetu á svæðinu.

Þá verður ekki hjá því komist, að benda á að samkvæmt yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. gilda ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar.

Þá er rétt að lýsa áhyggjum af fyrirhuguðu sjókvíaeldi í ljósi siglingaleiða og Farice strengsins, en ljóst er að áform Fiskeldis Austfjarða hf. um uppsetningu stórra kvía leiða til mannvirkja sem tiltölulega nærri liggja hvoru tveggja.

*Virðingarfyllst,*

*Anna Karlsdóttir*  
Austurvegur 17  
**710 Seyðisfjörður**  
Kt 051259-7779



Reykjavík, 21. Janúar 2021

Umsögn Gunnars Gunnarssonar, kt:021073-3859, nema í náttúru- og umhverfisfræði, um mat á umhverfisáhrifum (frummatsskýrsla í kynningu) á 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða hf., sveitarfélaginu Múlaþingi


## Dýpi í og við Seyðisfjörð

Í kaflanum um staðhætti í Seyðisfirði er því haldið fram að Seyðisfjörður teljist mjög opinn fjörður. Almennt er hins vegar talið að fjörðurinn sé með þeim lokaðri á landinu.

### „2.3.1 Staðhættir í Seyðisfirði

*Seyðisfjörður er mest um 17,5 km langur og er breidd fjarðarins mest um 1,7 km. Flatarmál fjarðarins er áætlað 34 km<sup>2</sup>. Í miðju fjarðarins er dýpið um 50-89 m, allt inn undir fjarðarbotn. Meðaldýpi fjarðarins er um 55 m og mesta dýpi um 89 m. Breidd fjarðarminnis móti úthafinu er um 2,3 km og utan fjarðarminnis er 100 m dýpi. Engir neðansjávar hryggir þvera fjörðinn. Fjörðurinn telst þannig mjög opinn fjörður með mikil sjóskipti. Heildarrúmmál sjávar í Seyðisfirði er áætlað um 1,88 km<sup>3</sup>.“*

Þarna er ekki rétt með farið í lýsingunni á Seyðisfirði. Fjörðurinn hefur verið talinn með lokaðri fjörðum landsins enda er lögun hans þannig að ekki sést út á opið haf frá kaupstaðnum. Fjörðurinn er vissulega allt að 89 m djúpur en utan við fjarðarminnið tekur við Seyðisfjarðarflói sem er við fjarðarminnið aðeins 60-72 m að dýpt<sup>1</sup>. Fara þarf töluvert út í Seyðisfjarðarflóa til að það taki að dýpka aftur. Þarna er því töluverður þröskuldur í minni fjarðarins sem hamlar vatnaskipti fjarðarins.



Mynd 1 - Skjástot af kortasjá Landhelgisgæslunnar sem sýnir hvernig dýpi í mynna Seyðisfjarðar minnkar og myndar þröskuld sem hamlar vatnaskipti fjarðarins.

<sup>1</sup> <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=LHG>

## Snjóflóðahætta

Á Seyðisfirði hafa í gegnum tíðina fallið töluvert af bæði aurskriðum og snjóflóðum. Þessi ofanflóð eru ekki einskorðuð við bæjarstæðið þó áhrifa þeirra gæti mest á því svæði heldur er töluvert um snjóflóð og aurskriður utar í firðinum. Gott er að glöggva sig á því hvar snjóflóð hafa fallið í ofanflóðakortasjá Veðurstofunnar og þar sést meðal annars að töluvert af snjóflóðum hafa fallið rétt innan við Sörlastaðavíkina<sup>2</sup>. Flóð sem falla alla leið út í sjó mynda flóðbylgju fer sú flóðbylgja í allar áttir út frá snjóflóðinu og meðal annars myndi snjóflóð á þessu svæði mynda flóðbylgju sem bærst yfir að eldissvæðinu í Sörlastaðavík. Og eins og reynslan frá því nú skömmu fyrir jól þá er ekki hægt að slá því föstu að aurskriður falli mest í bröttum lækjarvegum. Ef skoðaðar eru myndir af Strandatindi þá má sjá að á svipuðum slóðum eru aurskriður alls ekki óalgengar og eru gamlar skriður á þessu svæði m.a. nýttar sem malarnámur.



Mynd 2- Skjáskot af ofanflóðakortasjá Veðurstofu Íslands sem sýnir hvar snjóflóð hafa fallið við utan verðan Seyðisfjörð og við fyrirhuguð eldissvæði


### „2.5.5 Náttúruvá

*Lítill hætta er talin af náttúruvá í Seyðisfirði. Undir náttúruvá falla eldgos, jarðskjálftar, aurskriður, snjóflóð, flóðbylgjur og hafís.....*

*Skriður eru algengar á Austfjörðum sérstaklega í úrhelli og miklum leysingum sem fylgja austlægum og suðlægum áttum. Slíkar skriður eru að mestu staðbundnar við bratta lækjarfarvegi og mun fiskeldi í Seyðisfirði ekki stafa hætta af þeim. Svipaða sögu er að segja um snjóflóð á svæðinu....“*

Ofan við Selstaðavíkina er þekkt að snjóflóð hafi fallið. Ekki er þekkt að snjóflóð í Selstaðavíkinni hafi náð út í sjó en eins og reynslan af aurskriðunum ætti að hafa kennt okkur þá má segja að „það sem hefur aldrei gerst getur alltaf gerst aftur“. Þegar bornar eru saman myndir úr ofanflóðakortasjá Veðurstofunnar og yfirlitsmynd yfir fyrirhuguð eldissvæði Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði má sjá hversu nálæg svæðin eru við þekkt snjóflóðasvæði.

<sup>2</sup> <http://ofanflodakortasja.vedur.is/ofanflod/>



Mynd 3- Yfirlitsmynd úr frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða sem sýnir fyrirhuguð eldisstæði og nálægð þeirra við þekkt snjóflóða og aurskriðusvæði

## Hafstraumar og endurnýjun sjávar


Eins og komið er inn á hér í upphafi þá er Seyðisfjörður frekar lokaður fjörður þó svo að Fiskeldi Austfjarða haldi öðru fram og skýrir það væntanlega, að hluta alla vega, hvers vegna straummælingar sýna að meðalstraumur í firðinum er veikur og hringrásin hæg.

### „6.1.1 Grunnástand Hafstraumar og endurnýjun sjávar

...Í tengslum við burðarþolsmat í Seyðisfirði á árunum 2017-2018 voru gerðar straummælingar á þremur stöðvum í firðinum. Tvær voru utarlega í firðinum og ein innarlega (mynd 13). Mælt var á 15 og 35 m dýpi. Niðurstöður straummælinganna sýndu að meðalstraumur er veikur og hringrás er hæg. Meðalstraumar mældust á bilinu 2 til 4 cm/s, mismunandi eftir dýpi og staðsetningu. Samkvæmt mælingunum var endurnýjunartími sjávar 10-11 sólarhringar. Meðalstraumhraði í fjörðum á Íslandi mælist oft í kringum 5 cm/s, en breytileikinn er töluverður.2 ...

Gera má því ráð fyrir því að fjörðurinn eigi mun erfiðara með að hreinsa sig af úrgangi sem fellur til við fiskeldið. Það mun því sitja lengur á botninum með tilheyrandi raski fyrir botnlífið sem mun verða mun lengur að jafna sig fyrir vikið. Samkvæmt ráðamönnum Fiskeldi Austfjarða sækja hvítfiskur og fleiri lífverur að kvíunum í leit að æti. Það að vissar tegundir fái forskot á aðrar getur sett jafnvægi lífríkisins úr skorðum og gert það að verkum að tegundir sem verða undir í þeirri baráttu hverfi úr lífríkinu eða hljóti mikinn skaða og verði lengi að jafna sig. Tegundafjölbreytni getur af þessum sökum minnkað töluvert. Töluvert af kolefni, nitri og fosfór fellur til á þessum svæðum sem getur ýtt

undir þörungablóma þegar svona mikið af næringarefnum safnast á sama svæði<sup>3</sup>. Þekkt er að laxeldi sem var innar í firðinum fyrir um 20 árum eða svo var í vandræðum með þörungablóma.



Mynd 4 - Skjáskot úr frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða sem sýnir straumstyrk á mismunandi dýpi við fyrirhuguð eldisstæði

## Slyasleppingar og erfðablöndun

Í kynningarefni frá Fiskeldi Austfjarða er eftirfarandi setning: „Því stærri sem laxastofn er því betur ver hann sig gegn innblöndun“ Út frá þessu má ætla að litlir laxastofnar séu þeim mun viðkvæmari fyrir hvers konar innblöndun. Kynningarefnið segir líka að laxagengd endurspeglar í veiðitölum og út frá veiðitölum má áætla að laxastofninn sem gengur upp í Fjarðará í Seyðisfirði sé mjög líttill. Sá stofn er því mun viðkvæmari fyrir innblöndun heldur en stofnar í stærri ám eins og t.d. Breiðdalsá.

Síðustu ár hafa reglulega komið fréttir af slyasleppingum úr laxeldi hér við land auk þess sem reglulega koma slíkar fréttir frá laxeldissvæðum við Skotland og Írland. Árið 2018 varð stór slepping í laxeldi Arnarlax í Tálknafirði en talið er að um 5000 frjóir norskir eldislaxar hafi sloppið. Árið 2014 sluppu að minnsta kosti 200 regnbogasilungar úr kvíum í Berufirði og á sama tíma slapp regnbogasilungur úr sjókvíum í Önundarfirði. Það er því augljóst að slyasleppingar gerast reglulega með slæmum afleiðingum fyrir þá stofna laxfiska sem eru á þeim svæðum.

Auk þess benda rannsóknir norsku náttúrufræðistofnunarinnar NINA til þess að erfðablöndun þar í landi sé orðið stórt vandamál sem rekja megi alfarið til fiskeldis í sjókvíum<sup>4</sup>.

## Ferðaþjónusta

Í kaflanum um ferðaþjónustu er skautað framhjá mjög veigamiklu atriði er kemur að ferðaþjónustu á Seyðisfirði en það er móttaka skemmtiferðaskipa. Samkvæmt mælaborði ferðaþjónustunnar komu 118.403 farþegar með skemmtiferðaskipum til Seyðisfjarðar á árunum 2014 til 2020<sup>5</sup>. Árið 2019 komu skemmtiferðaskip alls 68 sinnum til Seyðisfjarðar. Til samanburðar kemur Eskifjörður næst á

<sup>3</sup> <https://innovate-eco.com/environmental-impacts-of-aquaculture/>

<sup>4</sup> <https://brage.nina.no/nina-xmlui/handle/11250/2720874>

<sup>5</sup> <https://www.maelabordferdathjonustunnar.is/is/fartheGAR/skemmtiferdaskip>

eftir Seyðisfirði í fjölda farþega með skemmtiferðaskipum en þangað komu 24.163 farþegar á þessu sama tímabili. Árið 2019 komu skemmtiferðaskip aðeins 11 sinnum til Eskifjarðar sem þó var þeirra stærsta ár í þessum bransa. Af þessu má sjá að sérstaða Seyðisfjarðar er töluverð þegar kemur að ferðapjónustu og mjög undarlegt að það sé ekki tekið sérstaklega tillit til þess í frummatsskýrslunni. Þar að auki er Seyðisfjörður töluvert mjórri heldur en Reyðarfjörður og því þurfa skemmtiferðaskip að sigla mun nær eldiskvíunum heldur en þegar siglt er inn í Eskifjörð og sjónræn áhrif þeirra því mun meiri.

Ferðamenn sem koma með skemmtiferðaskipum eru á margan hátt öðruvísi markhópur heldur en þeir ferðamenn sem koma á annan hátt inn í fjórðunginn og því er erfitt að yfirera þeirra upplifun yfir á almennar upplifunarkannanir sem lagðar eru fyrir ferðamenn almennt. Þessir ferðamenn fara ýmist í rútuferðir á markverða staði til að skoða þá eða nýta stoppið til að skoða bæinn og njóta þess sem hann hefur upp á að bjóða. Oft er farið með þessa ferðamenn út í Skálanes við utan verðan Seyðisfjörð og á því ferðalagi myndu eldiskvíarnar blasa við. Á Skálanesi hefur verið byggð upp ferðapjónusta sem byggir ekki síst á upplifun í lítið snortinni náttúru og hætt er við því að sjókvíeldi hefði töluverð áhrif á þá upplifun. Það er því fyrirséð að eldiskvíarnar muni hafa veruleg áhrif á ásýnd og ímynd fjarðarins og gætu verið óafturkræf.

Í ljósi þessa er undarlegt að það hafi ekki verið leitað eftir áliti útgerða skemmtiferðaskipa við gerð frummatsskýrslunnar og afstaða farþega á skemmtiferðaskipum könnuð sérstaklega. Ef laxeldi í Seyðisfirði gerir það að verkum að skemmtiferðaskip afboða komur sínar til Seyðisfjarðar þá er það mikið reiðarslag fyrir höfnina, sem hefur verulegar tekjur af skipakomunum, og ekki síður fyrir þá aðila á Seyðisfirði sem eru að þjónusta þessa ferðamenn, eins og t.d. veitingastaðir, handverksmarkaður og þeir sem eru að bjóða upp á leiðsögn um bæinn og næsta nágrenni.

## Samantekt frummatsskýrslunnar

Í samantekt matsskýrslunnar eru aðeins tveir umhverfispættir taldir verða fyrir talsvert jákvæðum áhrifum frá fiskeldinu. Það má færa rök fyrir því að ferðapjónusta og útivist verði fyrir töluvert neikvæðum áhrif en ekki talsvert jákvæðum, eins og skýrslan vill meina, þegar tekið er tillit til sérstöðu Seyðisfjarðar hvað varðar skemmtiferðaskip enda mikið undir að sú starfsemi haldist óbreytt. Eftir stendur þá aðeins einn liður, samfélag og efnahagur, sem skýrslan metur sem talsvert jákvæðan.

Auk þess má setja stór spurningarmerki við það hversu hlutlaust þetta mat er þegar það er hagsmunaaðilinn sjálfur sem gerir skýrsluna en fær ekki til þess hlutlausan aðila. Þannig má sjá að matsskýrslan reynir að gera sem minnst úr þættinum eðliseiginleikar sjávar og fer beinlínis með rangt mál hvað varðar hversu opinn eða lokaður fjörðurinn er. Skýrslan ber þess líka ýmis merki að vera endurvinnsla á eldri frummatsskýrslu fyrir sjókvíeldi í öðrum fjörðum Austfjarða, eins og t.d. þar sem það er talað um að byggð á Seyðisfirði byggist upp í norðanverðum firðinum þegar staðreyndin er sú að byggðin er fyrir botni fjarðarins og er þetta eini fjörðurinn á Austfjörðum þar sem byggðin er ekki við norðanverðan fjörðinn.

UMHVERFISÞÆTTIR	VERULEGA JÁKVÆÐ	TALSVERT JÁKVÆÐ	ÓVERULEG	TALSVERT NEIKVÆÐ	VERULEGA NEIKVÆÐ
EDLIEIGINLEIKAR SJÁVAR			X	X	
ÁHRIF FISKELDIS Á NÆRSVÆÐI			X	X	
SJÚKDÓMAR			X		
LAXALÚS			X		
SLYSASLEPPINGAR			X		
FUGLALÍF			X	X	
SAMFÉLAG OG EFNAHAGUR		X			
MENNINGARMINJAR			X		
VERNDARSVÆÐI			X		
LANDSLAG OG ÁSÝND				X	
FERÐAÞJÓNUSTA OG ÚTIVIST		X	X		
FISKVEIÐAR OG NYTJASTOFNAR			X		

Mynd 5 - Samantekt frummatsskýrsluna á þeim þáttum sem hún tekur til og hversu mikil áhrif hver þáttur hefur

## Árósarsamningurinn

Árið 2001 tók Árósarsamningurinn svokallaði gildi. Árið 2011 samþykkti svo Alþingi að heimila ríkisstjórninni að samþykka samninginn. Tilgangur samningsins er m.a. að tryggja rétt almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál.

Í leiðbeiningum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda stendur um matsáætlun:

„Framkvæmdaraðili kynnir matsáætlun þannig að almenningur, umsagnaraðilar og skipulagsstofnun geti sem fyrst komið með ábendingar um hvað beri að leggja mesta áherslu á við mat á umhverfisáhrifum og hvaða upplýsinga þurfi að afla svo unnt verði að segja nægjanlega til um væntanleg umhverfisáhrif framkvæmdar.“

Fiskeldi Austfjarða kynnti þessa matsáætlun fyrir almenningi á þann hátt að sett var frekar lítil og lítt áberandi auglýsing í Fréttablaðið sem er ekki í mikilli dreifingu á landsbyggðinni. Auglýsingin var birt tvisvar í janúar og febrúar 2017 og náði ekki betur til íbúa Seyðisfjarðar en svo að þegar fara átti að kynna frummatsskýrsluna komu bæjarbúar af fjöllum að þetta verkefni væri yfir höfuð í gangi.

Talsmaður Fiskeldis Austfjarða bar fyrir sig að þetta væri gert svona samkvæmt hefð en það getur ekki verið í anda Árósarsamningsins að kynningin sé höfð með þeim hætti að almenningur verður hennar ekki var. Almennigur og ekki síst íbúar á Seyðisfirði, sem verða fyrir hvað mestum áhrifum að fyrirhuguð laxeldi, eiga rétt á því að fá greinargóðar kynningar á framkvæmdinni út allt ferlið en ekki bara á lokametrunum eins og raunin er með þetta verkefni.



### Vilja að Grikkir sendi flóttafólk aftur til Tyrklands

Sanktverni buggmynda í Hofudagastræti í Evrópuáttanum hefur á tölva 150 af 250 þjóðum flóttamanna um á m. Svör segja árið að senda 60 af 80 þjóðum flóttamanna til baka í næsta árin.

#### Afram gisting í Hekkastalunum

Stærri hótel og gættur hótel eru að byggja í Hekkastalunum. Þetta er hluti af áætluðum 250000 m<sup>2</sup> bygginga. Þetta er hluti af áætluðum 250000 m<sup>2</sup> bygginga.

#### Endurnýjun og vaxandi Liggjari verkefni

Endurnýjun og vaxandi Liggjari verkefni. Þetta er hluti af áætluðum 250000 m<sup>2</sup> bygginga.



Flóttamenn og börn eru að byggja í Hekkastalunum.

46

Þetta er hluti af áætluðum 250000 m<sup>2</sup> bygginga.

#### 160

Þetta er hluti af áætluðum 250000 m<sup>2</sup> bygginga.

### Neyðarteymi kallað saman vegna Zika

Neyðarteymi kallað saman vegna Zika. Þetta er hluti af áætluðum 250000 m<sup>2</sup> bygginga.



### Segir Samfylkingu hafa gert mörg mistök

Segir Samfylkingu hafa gert mörg mistök. Þetta er hluti af áætluðum 250000 m<sup>2</sup> bygginga.



Samfylkingu hafa gert mörg mistök.

### Gagnrýni hugmyndir Pirata um borgarláun


Gagnrýni hugmyndir Pirata um borgarláun. Þetta er hluti af áætluðum 250000 m<sup>2</sup> bygginga.



Gagnrýni hugmyndir Pirata um borgarláun.

### Sippi í Ghazni

Sippi í Ghazni. Þetta er hluti af áætluðum 250000 m<sup>2</sup> bygginga.



Sippi í Ghazni. Þetta er hluti af áætluðum 250000 m<sup>2</sup> bygginga.

### Frumvarp um opinber innkaup lent í mótbyr

Frumvarp um opinber innkaup lent í mótbyr. Þetta er hluti af áætluðum 250000 m<sup>2</sup> bygginga.



**VERSLUNIN FLYTUR - ALLT ÁÐ SELAST RÝMINGARSALA ALLT ÁÐ 70% AFSLÁTTUR**

Komdu í heimsókn og gerðu góð kaup

LÚR HÍLVAÐSÍÐI 1 201 KÍPANGI 351 524 0939

**UP! MED ÖRYGGIÐ**

EURÓ NCAP 1.790.000 kr.

UP! MED ÖRYGGIÐ

Mynd 6 - Auglýsingarnar sem Fiskeldi Austfjarða birti í fréttablaðinu til kynningar á matsætlun í byrjun árs 2017

Með kveðju,  
Gunnar Gunnarsson  
Nemi í náttúru- og umhverfisfærði og Seyðfirðingur

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Ég, sem íbúi á Seyðisfirði, kem með bréfi þessu á framfæri mótmælum við fyrirhuguðu 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði, sbr. frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 2. nóvember 2020. Vísað er til neðangreinda röksemda í þessu sambandi:

Áhersla er lögð á að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða afar áberandi allt frá því að þeim verður komið fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, ef sá dagur kemur. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að tiltölulega bratt er í sjó fram í Seyðisfirði og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hlíðar eins og látið er að liggja í frummatsskýrslu. Að mínu mati eru áhrif á landslag því ekki aðeins talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð.

Ég er ósammála því að óveruleg sjónmengun hljótist af uppsetningu eldiskvíanna og starfrækslu hins umfangsmikla fyrirhugaða laxeldis. Bent er á villandi framsetningu í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang þess flatar fjarðarins sem sjókvíaeldið mun þekja. Í því sambandi er bent á að sá kafli sem sjókvíaeldi er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjörðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið er einkum fyrirhugað og munar þar miklu. Tilvísanir í frummatsskýrslu til þess að kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásýnd fjarðarins. Í því sambandi er bent á sá hluti fjarðarins sem mestu máli skiptir er sá sem næstur er botni hans, höfninni og kaupstaðnum, þar sem flestir búa og gestir koma.

Bent er á að áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða viku og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og hugsanlega leiða til þess að síld, sem þekkt er að gengið hefur inn í fjörðinn, getur átt örðugra um vik, en ekki liggur fyrir hvort súrefnisþurrð getur hlotist af hinu fyrirhugaða eldi. Fyrirsjáanlegt er síðan tjón vegna marglyttumergðar eða blóma sem þrífst í kringum jafn umfangsmikið eldi og fyrirhugað er.

Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.

Fyrir liggur að ef af sjókvíaeldinu verður munu seiði verða flutt með brunnskipi frá Þorlákshöfn og þeim dælt í eldiskvíar í Seyðisfirði. Þegar til slátrunar kemur verður fiski dælt aftur í



brunnskip og að líkindum fluttur til Djúpavogs til slátrunar og vinnslu. Af þessu leiðir að þrátt fyrir mikið lýti í umhverfi og mengun, sem nánasta umhverfi íbúa Seyðisfjarðar verður fyrir, munu afar fá störf skapast. Hagur sveitarfélagsins og íbúa varður þannig afar takmarkaður ef nokkur af hinu fyrirhugaða eldi.

Tengt framangreindu er hins vegar ástæða til að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt m.a. af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra máli. Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til. Ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því, að í ljósi þess sem að framan greinir standa líkur til þess að fyrirhugað sjókvíaeldi muni frekar verka neikvætt en jákvætt á möguleg áform fólks varðandi búsetu á svæðinu.

Þá verður ekki hjá því komist, að benda á að samkvæmt yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. gilda ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar.

Þá er rétt að lýsa áhyggjum af fyrirhuguðu sjókvíaeldi í ljósi siglingaleiða og Farice strengsins, en ljóst er að áform Fiskeldis Austfjarða hf. um uppsetningu stórra kvía leiða til mannvirkja sem tiltölulega nærri liggja hvoru tveggja.

Arnar Ágúst Klemensson Múlavegur 22 710 Seyðisfirði kt 2110706099

# Athugasemdir við Frummatsskýrsla Verkís vegna framleiðslu Fiskeldis Austfjarða h.f í Seyðisfirði á 10.000 tonnum af laxi.

Ástæða þessara athugasemda er vöntun á upplýsingum sem tvímælalaust ætti að gera skil í skýrslunni.

Skýrslan virðist mér þurfa vandaðri úrvinnslu og í núverandi formi bera svip af því að vera skrifuð til stuðnings við fyrirhugað laxeldi í Seyðisfirði frekar en að vera raunhæft mat á skilyrðum fyrir laxeldi í firðinum.

1. Í frummatsskýrslunni er sagt að dýpi á Seyðisfirði sé 50 – 89 m og engir neðansjávarhryggir þveri fjörðinn. Fjarðarmynnið sé 2,3 km. Nú vita allir sem vilja vita að fjörðurinn grynist mjög í fjarðarmynninu og er dýpi milli Borgarness og Skálanesbjargs skv. sjókorti LMÍ 64 – 69 – 45 m. og dýpkar ekki í 100 m fyrr en upp. 9,8 km utar.
2. Hvað náttúruvá varðar er vert að benda á að fyrirhugað eldissvæði í Selsstaðavík er þekkt snjóflóðasvæði þar sem stór snjóflóð hafa fallið gegnum tíðina. Þá hafa nýliðnir atburðir gefið tilefni til þess að taka til greina hvaða áhrif stór ofanflóð sem næðu út í sjó gætu haft á kvíar og áhættu af sleppingum. Slíkir atburðir, geta haft mikil áhrif þegar þeir gerast. Það er því mikilvægt að endurvinnna skýrsluna svo tekið sé mið af ofanflóðum á fyrirhuguðu framkvæmda svæði.
3. Hafís og lagnaðar ís er sagður í skýrslunni, nær óþekktur á Seyðisfirði. Um það vil ég segja að 1965 fylltist fjörðurinn af hafís sem lá í einhvern tíma a.m.k 3 - 4 vikur minnir mig. Hafís

kom svo aftur í nokkur skipti á sjöunda áratugnum. Í byrjun apríl 1979 voru hafþök af ís út af firðinum sem svo rak inná fjörðinn og fyllti hann gersamlega, þegar hann rak aftur út úr firðinum urðu eftir einhverjir jakar sem hringsóluðu í firðinum dögum saman. Í frummatsskýrslunni er sagt að auðvelt sé að vernda eldiskvíarnar fyrir hafís með stálstrengjum með flotbelgjum á. Þetta er svo fáránleg fullyrðing að það er ekki einu sinni hægt að brosa að henni, ekkert stoppar hafís þegar hafþök af ís rekur inn á firði. Lagnaðarís er nokkuð algengur á firðinum þar sem þar er oft algert logn. Ef verulegt frost er gerist það óhjákvæmilega. Stundum gerist það seinnipart vetrar þegar mikið frost er að klaki sem myndast í fjörum þegar lágsjávað er, þiðnar ekki á næsta flóði þannig að hitastig sjávar hlýtur þá að vera neðan við frostmark. Þörungablómi er í firðinum öll sumur, mismikill þó, sést best úr nokkurri hæð t.d. í fjallgöngum. Hætt er við að þörungablómi aukist mjög mikið við að rotnandi úrgangur frá 10 þús. tonna laxeldi liggi á botninum. Við framleiðslu á 10 þús. tonnum af laxi á ári verða til þúsundir tonna af föstum úrgangi, sem væntanlega fara niður á mesta dýpi nálægt væntanlegum kvíum sem að öllum líkindum hreynsast illa úr djúpinu vegna lítilla strauma við botninn (sbr. rotnandi síld á botninum) og þröskuldar í fjarðarmynninu þar sem dýpi er minna. Marglyttur rekur í fjörðinn á hverju ári seinnipart sumars í mismiklu magni, stundum mjög mikið.

4. Hvað veðurfar varðar er í skýrslunni að mestu leyti miðað við veðurstöðina á Dalatanga sem á engan hátt lýsir veðrinu inni á Seyðisfirði nema þá helst hitastiginu sem er á veturnum hærra þar, en á sumrin lægra. Betra væri að miða við veðurstöðina á

Vestdalshálsi sem var starfrækt þangað til nýlega, gögn frá henni hljóta að vera til hjá Veðurstofu Íslands.

5. Í frummatsskýrslunni segir svo „Nýlega voru skilgreind mikilvægustu fuglasvæðin á Íslandi. Alls voru skilgreind 121 svæði um allt land. Eitt þeirra er Skálanesbjarg sem er yst í Seyðisfirði sunnanverðum. Bjargið er álitnið alþjóðlega mikilvæg sjófuglabbyggð með meira en 10 þúsund varppör af fýlum. Ekki er líklegt að fyrirhugað fiskeldi svo fjarri Skálanesbjargi hafi áhrif á fýlabbyggðina þar.“ Í bjarginu verpir auk fýla, fjöldi annara fugla meðal annars lundi, teista og rita, og ýmsar aðrar mávategundir.
  
6. Síld gekk á árum áður stundum inn á Seyðisfjörð og eitt sinn sá ég fjörðinn fullan af vaðandi síld svo dundi í fjöllunum. Síldveiði (Íslandssíld) í nótt var stunduð inni á firðinum og stundum alveg upp að landi í fjarðarbotninum á níunda áratugnum. Stundum urðu köstin of stór fyrir skipin svo sleppa þurfti úr nóttunum síld, sem svo lá dauð á botninum. Mörgum árum seinna aðstoðaði ég föður minn við að draga línu sem hann hafði lagt í fjörðinn. Á löngum kafla á línunni kom upp rotnandi síld, orðin dökkgrá og svört og hræðilega lyktandi sem hafði legið á botninum allan þennan tíma. Línan var dregin með höndum. Fleiri hafa svipaða sögu að segja. Síld gengur enn inn á fjörðinn og nú síðustu ár einnig makrill.
  
7. Á fyrirhuguðu eldissvæði í Skálanesbót er veðurfar og sjólag með öðrum hætti en innar í firðinum. Hafgola er minni, en sjólag er þar með allt öðrum hætti þar sem hafaldan nær þangað inn og er orðin kröpp eftir að hafa farið yfir grynningarnar við Skálanesið, þarna í bótinni er oft foráttu brim í norðan, norðaustan og austan áttum.

8. Í frummatsskýrslunni segir „Í aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 er ekki fjallað um eða sett fram stefna um fiskeldi, en talað er um að skapa möguleika fyrir fjölbreytt atvinnulíf og að slík starfsemi fari fram í sem bestri sátt við samfélag og umhverfi. Fyrirhuguð starfsemi í Seyðisfirði fellur að þessum markmiðum sérstaklega í ljósi þess að starfsemi Fiskeldis Austfjarða er umhverfisvæn og þar að leiðandi í sátt við umhverfið og samfélagið.“ Ég leyfi mér að fullyrða að engin sátt er um fyrirhugað fiskeldi í svo miklum mæli inni á Seyðisfirði sbr. nýlega undirskriftasöfnun meðal bæjarbúa þar sem yfir 300 bæjarbúa lýstu sig mótfallna fyrirhuguðum framkvæmdum. Þó að meirihluti sveitastjórnar Múlapingis lýsti sig meðmæltan fyrirhuguðum framkvæmdum er mikil andstaða við þær meðal bæjarbúa á Seyðisfirði sbr. sem að framan segir, sem hljóta að hafa síðasta orðið varðandi þessar framkvæmdir sem voru ekki að neinu leiti kynntar fyrir Seyðfirðingum í aðdraganda kosninga um sameiningu við nærliggjandi sveitarfélög.

Seyðisfjörður er náttúruperla sem á fáa eða enga sér líka og ætti að vera lýstur sem náttúruverndarsvæði sem ekki mætti spilla á nokkurn hátt. Fjörðurinn er mjög fjölsóttur ferðamannastaður með hundruð þúsunda ferðamanna á hverju ári. Árið 2019 komu yfir 70 skemmtiferðaskip til hafnar í firðinum. Ég leyfi mér að fullyrða að fyrirhugað laxeldi í Seyðisfirði á 10 þúsund tonnum er ekki umhverfisvænt eins og fullyrt er í skýrslunni, samanber að andstaða við laxeldi í sjó fer vaxandi í nálægum löndum.

9. Á fjarðarbotninum á Seyðisfirði liggur olíubirgðaskipið El Grillo sem sökkt var á stríðsárunum. Reynt var að tæma skipið af olíu fyrir 17 árum, en með litlum árangri, 91 tonn af olíu komu upp í þessari aðgerð. Gert var ráð fyrir að í skipinu væri mikið magn af olíu. Enginn veit því fyrir víst hve mikil olía er eftir í skipinu, sumir segja 14 tonn, ég veit ekki hvaðan sú tala er komin, hafi verið 14 tonn eftir í skipinu að loknum aðgerðum

2003 til að tæma skipið, ættu þau fyrir löngu að vera búin að leka upp á yfirborðið þar sem olíumengun frá skipinu hefur verið stanslaus síðustu ár og er enn, mest þó á sumrin þegar sjór hlýnar með hræðilegum afleiðingum fyrir fuglalíf fjarðarins. Skipið er að tærast í sundur, meir og meir með hverju ári. Steypt var yfir eina lúgu af Landhelgisgæslunni en samt lekur olía stanslaust upp á yfirborðið í mis stórum kögglum oftast á stærð við tennisbolta sem leysast svo upp í olíubrák á firðinum, þessa olíubrák rekur svo upp að landi að norðanverðu innst í firðinum, þaðan fyrir fjarðarbotninn og síðan út fjörð. Þó að steypt hafi verið yfir eina lúgu af mörgum þá tekur sú næsta við o.s.fr. þetta gæti endað með hræðilegu umhverfisslysi.

10. Það er væntanlega ljóst af framanrituðu að ég er ekki fylgjandi laxeldi í Seyðisfirði, en ég hef samt haldið mig við staðreyndir um staðhætti og hættur í firðinum, hvað varðar laxeldi í sjókvíum. Fjörðurinn er varla hæfur til sjókvíaeldis til þess eru aðstæður allar ekki nógu góðar, fjörðurinn er mjög lokaður vegna þröskuldar í fjarðarmynninu, hætta á náttúruvá (ofanflóð, hafís) eða mengunarslysi er of mikil og gæti hugsanlega endað með mjög miklu tapi fyrir væntanlegan framkvæmdaaðila. Ég er fæddur og uppalinn á Dvergsteini norðan fjarðar, og var þar bóndi í mörg ár og þekki því alla staðhætti mjög vel. Ég er búfræðingur frá Hvanneyri. Eftir að hreppurinn var sameinaður Seyðisfjarðarkaupstað og ég flutti í kaupstaðinn gerðist ég rannsóknarmaður hjá Síldarverksmiðjum ríkisins, síðar SR-Mjöli hf og síðast hjá Síldarvinnslunni hf.

Með kveðjum  
Andrés Þór Filippusson  
Baugsvogi 4, Seyðisfirði



Reykjavík, 28. desember 2020

**Umsögn Íslenska náttúruverndarsjóðsins - The Icelandic Wildlife Fund (IWF) um mat á umhverfisáhrifum (frummatsskýrsla í kynningu) á 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða hf., sveitarfélaginu Múlaþingi.**

Í frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða koma fram hnit fyrir fjögur fyrirhuguð eldissvæði fyrir sjókvíar í Seyðisfirði. IWF gerir alvarlegar athugasemdir við að þar af eru tvö svæði innan við fimm kílómetra frá ósi Fjarðará sem rennur til sjávar um Seyðisfjarðarkaupstað. Fjarðará er þekkt sjóbleikjuá auk þess sem í henni veiðist nokkuð af laxi. Fyrirliggjandi rannsóknir hafa staðfest að lax gengur upp í ár á öllu Austurlandi og að bleikja er algengur fiskur í þeim öllum. Stangveiði er stunduð í ánni. (Sjá t.d. <https://www.veidibok.is/veidistadir/skoda/Fjarðará%20%C3%AD%20Seyðisfirði>)

Eru þessar staðsetningar í Seyðisfirði skýrt brot á reglugerð um fiskeldi (540/2020) en í henni stendur: „Matvælastofnun skal tryggja að fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðva frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli.“

Þá má benda á að í lögum um fiskeldi „skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.“ (Sjá 6. gr. Staðbundið bann við starfsemi.)

**Skaðlegt lúsasmit í sjókvíaeldi**

Fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðva frá ósum áa með villtum laxfiski skipta grundvallarmáli þegar kemur að skaðaminnkun sjókvíaeldis á villta stofna.

Mesta breidd Seyðisfjarðar er aðeins um 1,7 km og munu því villt gönguseiði lax og bleikju þurfa að synda í gegnum lúsaský úr sjókvíunum á leið sinni til hafs, þegar þær aðstæður eru uppi.

Lúsafár í sjókvíaeldiskvíum á svæðum þar sem eru lax- og silungsár er mjög skeinuhætt villtum stofnum laxfiska, sérstaklega gönguseiðum. Norskar rannsóknir sýna að um og yfir 40% gönguseiða sem lendir í lúsagerinu lifir það ekki af. (Sjá t.d. <https://www.bt.no/nyheter/lokalt/i/yRzAaK/opp-mot-40-prosent-av-smaalaks-doer-av-lakselus>).

Fjölmargar rannsóknir frá löndum þar sem sjókvíaeldi er stundað staðfesta skaða lúsasmita frá sjókvíum á villta stofna laxfiska. Þá kemur fram í meistaraverkefni í sjávar- og vatnalíffræði eftir Evu Dögg

Jóhannesdóttur að lúsasmit villtra laxfiska á eldissvæðum á Vestfjörðum hefur aukist: „Rannsóknir sýna að á svæðum þar sem eldi laxfiska í sjókvíum er stundað eru villtir laxfiskar meira smitaðir af sjávarlús, einna helst laxalús, heldur en svæðum án eldis. Eldi á laxi (*Salmo salar*) í sjó er nýleg atvinnugrein á Íslandi og því mikilvægt að afla þekkingar um sjávarlús á villtum laxfiskum. Laxeldi var stundað í öllum fjörðum sunnanverðra Vestfjarða árið 2017. Í þessu verkefni var lúsasmit villtra laxfiska, sjóbirtings (*Salmo trutta*) og sjóbleikju (*Salvelinus alpinus*), kannað í öllum fjörðum sunnanverðra Vestfjarða frá júní til september 2017 og niðurstöður bornar saman við lúsatalningar í kvíum á svæðinu, sem og fyrri athuganir á villtum laxfiskum. Niðurstöður sýna aukið smit villtra laxfiska á svæðinu og gefa vísbendingu um neikvæð áhrif á þessa stofna.“ (Sjá: Sea lice infestation on wild salmonids in the southern part of the Icelandic Westfjords, meistaraverkefni í sjávar- og vatnalíffræði eftir Evu Dögg Jóhannesdóttur, við Háskólann á Hólum, 2019.)



## Vantar áhættumat vegna lúsar

Við hjá IWF höfum ítrekað vakið athygli á þeirri hættu sem stofnum villtra laxfiska stafar af lúsasmiti frá sjókvíum með eldislaxi, en líka á miklum lausatökum stjórnvalda á því hvernig sjókvíaeldisfyrirtækin upplýsa um stöðu lúsasmits í kvíunum og algjörum skorti á afleiðingum fyrir starfsleyfi þeirra þegar lúsín ógnar lífríkinu í nágrenni þessarar starfsemi.

Kemur þetta meðal annars fram í umsögn okkar um drög Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins að reglugerð fyrir fiskeldi - Mál nr. 312/2019 sem var lagt fram til kynningar í desember 2019. (Sjá umsögn: [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=2570&uid=3f276e18-8039-ea11-945b-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=2570&uid=3f276e18-8039-ea11-945b-005056850474))

**Þegar lögum um fiskeldi var breytt 2019 var landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra falið að skipa nefnd til að rýna aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnun notar við mat á burðarþoli og við gerð áhættumats. Í skýrslu nefndarinnar er einmitt vakin athygli á því að þrátt fyrir að lúsín sé einn mesti áhættuþáttur sjókvíaeldis gagnvart umhverfinu „skuli mat á hugsanlegum áhrifum fiskeldis á umhverfið á Ísland einskorðast við strokufisk og lífræna mengun.“ eins og þar segir (undirstrikun er IWF).**

Nefndin var skipuð af ráðherra þann 9. mars 2020. Var Gunnar Stefánsson prófessor í tölfræði við Háskóla Íslands skipaður formaður hennar en auk hans voru í nefndinni Kevin Glover, forsvarsmáður stofnerðafræðihóps norsku hafrannsóknastofnunarinnar og dósent við Háskólann í Bergen og Bruce McAdam sem kennir vistfræðilega líkanagerð við fiskeldisstofnun Háskólans í Stirling í Skotlandi. Nefndin skilaði skýrslu á ensku til ráðherra síðastliðið vor og ráðherra skilaði íslenskri þýðingu hennar auk viðbragða Hafrannsóknastofnunar til Alþingis í ágúst síðastliðnum.

Úr umsögn sérfræðinganna:

„Norðmenn eru stærstu framleiðendur eldislax í heimi og því má halda fram að Noregur sé það land þar sem áhættumat og mat á umhverfisáhrifum þeirrar greinar eru hvað lengst komin. Í Noregi framkvæmir norska Hafrannsóknastofnunin árleg áhættumat á fiskeldi, einkum og sér í lagi á umhverfislegri sjálfbærni fiskeldis [2-4]. Í þessu árlega áhættumati er farið yfir flest það samspil sem vitað er að eigi sér stað milli fiskeldis og umhverfisins og er þar bent á lús, sem í sumum héruðum Noregs geta leitt til dánartíðni hjá villtum laxi og sjóbirtingsseiðum umfram „bakgrunnsgildi,“ og alinn strokufisk sem blandast við annan fisk af sömu tegund, sem tvo helstu áhættuþættina. Sem stendur felst eftirlit með fiskeldi meðal annars í svonefndu „umferðarljósakerfi“ á héraðsvísu, þar sem lús er gefin til kynna með litunum grænt, gult og rautt.“

„Miðað við þessar bakgrunnsupplýsingar frá Noregi telur nefndin það athyglisvert að sem stendur skuli mat á hugsanlegum áhrifum fiskeldis á umhverfið á Ísland einskorðast við strokufisk og lífræna mengun. Öðrum þáttum umhverfislegrar sjálfbærni sem leiddir hafa verið í ljós með skýrum hætti, ekki aðeins í Noregi, heldur einnig í öðrum fiskeldislöndum svo sem Skotlandi og Chile, svo einhver lönd séu nefnd, virðist lítil gaumur gefinn. Nefndin leggur því til að við frekari áhættumat á Íslandi verði tekið tillit til fleir áhættuþátta en þeirra sem lagðir voru fyrir nefndina og eru metnir hér af nefndinni.“ (Sjá: <https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/2029.pdf>)

## Sögulegt vanmat sérfræðinga MAST

Í viðauka með frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða er lögð fram á bls 147 yfirlýsing Gísla Jónssonar, dýralæknis fisksjúkdóma hjá Matvælastofnun (MAST), á ensku, dagsett 13. nóvember 2013. Þar kemur meðal annars fram þessi fullyrðing:

„Due to different environmental conditions that are unfavourable for the salmon louse (*Lepeophtheirus salmonis*), mainly the location of the aquaculture area with few and poor rivers with wild salmon and low seawater temperature all year round, the parasite has almost no change to multiply and develop in the East Fjords of Iceland.“

Þann 10. maí 2016 lýsti dýralæknir fisksjúkdóma hjá MAST sambærilegri skoðun í erindi á málþingi Landssambands fiskeldisstöðva á Ísafirði. Þar sagði hann:

„Sökum norðlægrar legu Íslands, og ekki síst þeirra svæða sem heimilt er að ala lax í sjókvíum frá 2004, á lúsín erfitt uppdráttar og getur á engan hátt orðið sambærilegt vandamál og hjá nágrannaþjóðum okkar. Meðhöndlun gegn lús hefur aldrei þurft að koma til álita í laxeldi á núverandi slóðum sjókvíaeldis.“ (Sjá: [https://www.atvest.is/upplýsingar/vaxvest\\_utgefid\\_efni/skra/58/?](https://www.atvest.is/upplýsingar/vaxvest_utgefid_efni/skra/58/?))

Þarna reyndist þessi sérfræðingur MAST hafa hrapalega rangt fyrir sér. Það má til dæmis sjá í umsögn Hafrannsóknastofnunar sumarið 2018, aðeins tveimur árum eftir að dýralæknir fisksjúkdóma flutti erindi sitt á Ísafirði:

„Að mati Hafrannsóknastofnunar kemur skýrt fram í gögnum framkvæmdaraðila að laxalús sé orðin vandamál í fiskeldi hér á landi. Fyrir notkun lúsalyfja hafi fjöldi lúsa á eldisfiskum verið langt yfir þeim mörkum sem sett hafa verið í Noregi varðandi þörf fyrir meðhöndlun við laxalús.“ (Sjá: <https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/frettir/frameidsluaukning-a-laxi-um-4.500-tonn-a-vegum-arnarlax-i-arnarfirdi>)

Frá því að dýralæknir fisksjúkdóma hjá MAST lét þau orð falla að lúsin ætti „erfitt uppdráttar“, að hún gæti „á engan hátt orðið sambærilegt vandamál og hjá nágrannaþjóðum okkar“ og að „meðhöndlun gegn lús hefur aldrei þurft að koma til álita í laxeldi á núverandi slóðum sjókvíaeldis“ hefur MAST (skv. fundargerðum Fisksjúkdómanefndar) gefið út fjórtán staðbundin leyfi fyrir eitrun eða notkun lyfjafóðurs vegna lúsar í sjókvíum.

Sex leyfi hafa verið veitt fyrir notkun á Deltamethrin (Alpha Max), sem er skordýraeitur, og átta leyfi fyrir notkun á Slice Vet sem er lyfjablandað fóður. Báðum þessum efnum er hellt í sjókvíarnar og berast þaðan í umhverfið.

2017 - maí

Lyfjaböðun Deltamethrin Arnarfjörður

2017 - október

SliceVet Dýrafirði

2018 - júní

Lyfjaböðun Deltamethrin (Alpha Max) við Laugardal í Arnarfirði

2018 - júní

Lyfjaböðun Deltamethrin við Steinanes í Tálknafirði

2018 - september

SliceVet við Steinanes í Arnarfirði

2018 - október

SliceVet Hringsdal í Arnarfirði

2019 - september

SliceVet Tjaldanesi í Arnarfirði

2019 - september

Lyfjaböðun Deltamethrin Hringsdal

2019 - nóvember

Lyfjaböðun Deltamethrin Eyrarhlíð í Dýrafirði

2020 - maí (ranglega merkt sem 2019 í heiti á skjali en rétt ártal í PDF)

Lyfjaböðun Deltamethrin við Tjaldanes í Arnarfirði.

2020 - september

SliceVet við Haukadalsbót í Dýrafirði

2020 - september

SliceVet við Gemlufall í Dýrafirði.

2020 - október

SliceVet við Steinanes í Arnarfirði

2020 - nóvember

SliceVet við Laugardal í Tálknafirði

Deltamethrin (virka innihaldsefnið í Alpha Max) er eitt mest notaða skordýraeitur í heiminum og hefur notkun þess meðal annars verið harðlega gagnrýnd í Noregi. Rannsóknir sýna að mjög lítið magn af því drepur rækju (sjá t.d. <https://www.fiskeribladet.no/nyheter/ny-forskning-slar-fast-at-lusemidler-tar-livet-av-reker/2-1-651629>) og lirfu humarsins (sjá t.d. <https://www.intrafish.com/aquaculture/anti-sea-lice-drug-used-on-farmed-salmon-has-lethal-impact-on-lobster-larvae/2-1-890228>).

Hafrannsóknastofnun hefur bent á að aflúsunarefni hafi áhrif á hamskipti laxalúsa og að rannsóknir hafi sýnt fram á skaðleg áhrif efnanna á önnur krabbadýr. „Þar sem áætlað sé að kvíar séu í nálægð við rækju í Arnarfirði leggi Hafrannsóknastofnun til að bannað verði að nota aflúsunarefni í nágrenni rækjusvæða.“ (Sjá: <https://www.skipulag.is/skipulagsstofnun/frettir/framleidsluaukning-a-laxi-um-4.500-tonn-a-vegum-arnarlax-i-arnarfirdi>)

Hafrannsóknastofnun hefur einnig vakið athygli á því að stór hluti fódurs endar á sjávarbotninum undir kvíunum og safnast þar upp sem og að skordýraeitrið sem notað er við böðun á lúsasmituðum laxi berst út í umhverfið.

„Lýfjafóður endar að hluta til á botninum þar sem það safnast upp (Selvik o.fl., 2002). Rannsóknir hafa sýnt að 6 – 7% af fódri fer til spillis í norsku fiskeldi (Torrissen o.fl., 2016) og jafnvel allt að 15% (Strain og Hargrave, 2005). Auk þess botnfellur úrgangur frá fiskum sem inniheldur restar af lýfjum. Lífverur sem lifa við eða á botni á svæðinu innibyrdá efnin sem hafa fallið til. Fóðurleifar og úrgangur frá laxinum eru jafnframt étin í vatnssúlunni þegar þau falla til botns. Lýf sem notuð eru við böðun í sjókvíum fara einnig út í umhverfið að meðferð lokinni og hefur því meiri áhrif á lífverur sem eru í uppsjónum, líkt og plöntu- og dýrasvif, heldur en lýf sem gefin eru í fódri.“ (Sjá: <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/1574852347-hv2019-56.pdf>)

### Aðstæður ekki aðrar á Austfjörðum

Ekkert tilefni er til þess að ganga út frá því að skaðsemi lúsarsmits úr sjókvíum á villta stofna muni verða annað í Seyðisfirði en á sjókvíaeldissvæðum Vestfjarða, né heldur minna af eiturefnum og lýfjum muni berast í umhverfið vegna meðhöndlunar á lúsasmituðum eldislaxi í sjókvíum fjörðum Austurlands en úr sjókvíum á Vestfjörðum.

Á málstofu Hins íslenska náttúrufræðifélags um fiskeldi í sjó (mars 2019 í Öskju) var meðal frummælenda Árni Kristmundsson, sníkjudýrasérfræðingur á Keldum. Í umræðum að loknu erindi hans var hann spurður hvort einhver landfræðileg skilyrði kæmu í veg fyrir að lúsin myndi ná sér á strik á Austfjörðum eins og hefur gerst á Vestfjörðum. Svar hans var skýrt. Svo væri ekki. Magn lífmassa og þéttleiki sjókvía á eldissvæðum væru stærstu áhættuþættir vegna lúsarinnar.

Ef 10.000 tonna eldi í sjókvíum í Seyðisfirði verður heimilað munu að jafnaði vera um fjórar milljónir laxa í sjókvíum í firðinum. Það nemur um fimmtíuföldum gervöllum hrygningarstofni íslenska villta laxins. Slíkt magn af fiski í þröngum og löngum firði, þar sem í rennur á með villtum laxi og bleikju, er uppskrift að meiriháttar lúsavandræðum.

Í frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða kemur fram þessi fullyrðing: „Laxalús sem á uppruna sinn í eldislaxi getur haft bein en afturkræf áhrif á villta laxfiska.“ Þetta eru staðlausir stafir. Ef 40% prósent gönguseiða bleikju og lax drepast vegna lúsar, eins og þekkt er af sjókvíaeldissvæðum við önnur lönd, er ljóst að þau áhrif eru ekki afturkræf.

### Neikvæð áhrif á landslag, ásýnd og ímynd Seyðisfjarðar

Í frummatsskýrslunni er sagt að að sjókvíarnar verði „lítið sýnilegar nema þær séu mjög nærri landi“ og að „vegna þess hversu lágreistar kvíarnar eru“ verði þær ekki sýnilegar úr mikilli fjarlægð „nema úr mikilli hæð“. Og í kaflanum Ferðapjónusta og útivist er fullyrt að „eldiskvíarnar munu hafa óveruleg áhrif á ásýnd og ímynd fjarðarins“.

IWF er á öndverðri skoðun. Sjókvíaeldiskvíar eru sjónrænt lýti í landslagi hvar sem þær er að finna. Þar fyrir utan vantar í þennan kafla frummatsskýrslunnar að á eldissvæðunum verða líka staðsettir fódurprammar með starfsmannaaðstöðu sem munu skera sig verulega úr landslagi. Prammarinn munu rísa upp úr haffletinum og vera flóðlýstir í myrkri. Þessu til viðbótar fylgir óhjákvæmilega verulega mikil umferð þjónustubáta svo umfangsmikillar starfsemi sem eldi á 10.000 tonnum af laxi í sjókvíum er. Tveir þjónustubátar verða í föstum siglingum í firðinum, brunnbátar munu flytja seiði í kvíar og sækja lax til slátrunar og erlend gúanótanskip koma til að sækja meltu og dauðan fisk úr sjókvíunum.

Allt mun þetta hafa mjög neikvæð sjónræn áhrif og trufla kyrrð fjarðarins.

## Mengun á við 160.000 manns

Samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun Noregs má gera ráð fyrir að frárennsli (utslipp) frá hverju tonni af eldislaxi í sjókvíum sé á við skólp (avlöpsutslipp) frá 16 manns. Þetta þýðir að mengunin sem streymir út um möskva 10.000 tonna sjókvíaeldis er á við 160.000 manna íbúabyggð. (Sjá: [http://www.miljodirektoratet.no/no/Nyheter/Nyheter/Old-klif/2009/November\\_2009/Foreslar\\_strengere\\_regelverk\\_for\\_fiskeoppdrett/](http://www.miljodirektoratet.no/no/Nyheter/Nyheter/Old-klif/2009/November_2009/Foreslar_strengere_regelverk_for_fiskeoppdrett/)) Í þessu ljósi óskaði IWF í fyrra (2019) eftir leiðsögn frá Umhverfisstofnun um hvar hægt væri að sjá forsendur þess að reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og lög um varnir gegn mengun hafs og stranda 33/2004 gilda ekki um eldi í sjókvíum.

Svar barst fyrir hönd ráðuneytisins frá Stefáni Einarssyni Ph.D., sérfræðingi á skrifstofu hafs, vatns og loftslags, í tölvupósti í 2. apríl 2019. Það hljómar svo:

„Í 1. gr. laga nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, kemur fram að markmið þeirra sé að vernda hafid gegn mengun og athöfnum, sem geta stofnað heilbrigði manna í hættu og skaðað lifandi auðlindir og raskað lífríki og spillt umhverfi. Lögin gilda um starfsemi sem tengist atvinnurekstri sem getur haft áhrif á þessa þætti að svo miklu leyti sem önnur lög gilda ekki hér um.

Lög nr. 71/2008, um fiskeldi, gilda um eldi nytjastofna sjávar á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gæta samræmis við framkvæmd laga nr. 61/2006 um lax og silungsveiði og laga nr. 58/2006 um fiskrækt. Áður en hægt að er hefja fiskeldi þarf að gera burðarþolsmat fyrir viðkomandi sjókvíaeldissvæði, tilkynna framkvæmdina til ákvörðunar um matsskyldu, samanber lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, afla rekstrarleyfis frá Matvælastofnun og starfsleyfis frá Umhverfisstofnun, samanber lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Lög nr. 33/2004, um varnir gegn mengun hafs og stranda, gilda um starfsemi, sem í þessu tilfalli er sjókvíeldi, að svo miklu leyti sem ofangreind lög gilda ekki um hlutaðaeigandi atriði.

Reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999 gildir um söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúabyggð og tiltekinni atvinnustarfsemi. Reglugerðin gildir enn fremur um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Skólp er skilgreint sem húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns. Húsaskólp er skólp frá íbúðarhúsnaði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannslíkamans og heimilisstarfa, en iðnaðarskólp er annað en húsaskólp og ofanvatn sem losað er frá húsnaði eða annarri aðstöðu sem notuð er til atvinnurekstrar.

Fráveitur eru nýttar til flutnings og hreinsunar á skólpi áður en því er veitt út í viðtaka. Í sjókvíum lifir fiskurinn í viðtakanum (sjónum); þar er fiskurinn fóðraður og fóðurleifar og úrgangur frá fiskinum fer beint út í viðtakanum. Ekki myndast því skólp sem hægt er að safna og meðhöndla. Á mengunarvörnum vegna fiskeldis í sjókvíum er því að tekið á annan hátt, samanber ofangreind ákvæði um burðarþolsmat, mat á umhverfisáhrifum og rekstrar- og starfsleyfi.“

Viljum við færa þetta svar hér til bókar í ljósi þess að engin starfsemi á landi kemst upp með að senda óhreinsað skólp frá sér beint út í umhverfið og sveitarfélög um allt land innheimta há gjöld af íbúum sínum til að standa straum af margra milljarða kostnaði við að bæta frárennismál frá byggð. Á sama tíma fá sjókvíaeldisfyrirtæki að menga firði landsins vegna þess að starfsemin fer fram „í viðtakanum“.

## Villtir stofnar í Fjarðará í hættu

Áform Fiskeldis Austfjarða um sjókvíaeldi í Seyðisfirði mun skaða villtan laxastofn Fjarðará með erfðablöndun. Áhættan er aukin vegna þess að „eldislax sem alinn er á Íslandi er norskur að uppruna og þess vegna hugsanlega meiri ógn við innlenda stofna eftir innblöndun,“ eins og fyrrnefnd sérfræðinganefnd landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra segir í rýniiskýrslu sinni á aðferðarfræði Hafrannsóknastofnunar (sjá: <https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/2029.pdf>).

Mögulegt og líklegt lúsasmit í sjókvíunum mun skaða bæði villti laxinn og bleikjuna sem á heimkynni í Fjarðará.

Lúsasmitið og erfðablöndunin vega að sjálfstæðum tilverurétti þessara villtu stofna í náttúru landsins samkvæmt lögum um náttúruvernd (1. og 2. gr. nr. 60/2013 með síðari breytingum) og fer í bága við samning

Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, sem Ísland er aðili að, en er lögð áhersla á að vernda lífríki á öllum skipulagsstigum þess, þar með talið þeirra erfðaauðlinda sem lífríkið býr yfir.


IWF leggur því til að alfarið verði horfið frá áætlunum um sjókvíaeldi í Seyðisfirði.

Auk þess mælist IWF til þess stöðvuð verði öll frekari útsetning á eldislaxi á þeim svæðum á Austfjörðum, þar sem eru nú þegar til staðar leyfi fyrir sjókvíaeldi, þar til Hafrannsóknastofnun hefur gert áhættumat vegna fiski- og laxalúsar og stjórnvöld sett reglur sem verja lífríkið fyrir þeirri hættu sem lúsin og meðhöndlun við henni hefur í för með sér.

*Fyrir hönd The Icelandic Wildlife Fund,*

  
Jón Kaldal

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík



Subject: Objections to the initial assessment report for the production of 10,000 tonnes of salmon in open sea-pens in Seyðisfjörður, dated November 2, 2020.

As a resident of Seyðisfjörður, I am protesting against 10,000 tonnes of open sea-pen salmon farming in Seyðisfjörður, as proposed in the initial assessment report of Fiskeldi Austfjarðar hf., dated November 2, 2020.

Reference is made to the following arguments:

1. Proposed are 24 pens that are fastened into large frame mounts, that will be very visually prominent everywhere in the fjord, and not only where the slopes are very steep, as indicated in the initial assessment report. In my opinion, the effects of the pens on the landscape are not only considerably negative but very negative. I do not agree with the report's statement that the installation and operation of the planned extensive salmon farming only causes "insignificant visual pollution" but rather a very significant one.
2. I want to point out that the initial assessment report contains misleading presentation regarding the location and extent of the area of the fjord that the salmon farms are proposed to cover. The area in which the pens are planned is much shorter than the 17.5 km that are mentioned in the report. The fjord is much narrower than 1.7 km where the salmon farm is mainly planned and this makes a big difference. The statement in the initial assessment report that the pens would cover around 7% of the fjord is therefore at best misleading and misrepresents the effect that the pens would have on the surface of the fjord.
3. The effects of open-sea pen salmon farms on the aquatic ecosystem are well proven to be negative, and in fact so negative that all aquatic life under the pens dies or gives way and will not recover unless this type of aquaculture is stopped or has been stopped for some time. Even then it is unclear how long it will take for the ecosystem to recover. It is also proven that salmon farms have a negative effect on wild salmon stocks and possibly herring stocks. Damage is then foreseeable due to the jellyfish clusters or algae that thrive around salmon farms. In any case, the extensive aquaculture will have a significant and adverse effects on the environment.
4. If a salmon farm should go into operation, the juvenile fish will be produced elsewhere and will be transported by ship from Þorlákshöfn and pumped into the pens in Seyðisfjörður. When it comes to the slaughter, the adult fish will be pumped back into a ship, to be transported to Djúpvogur for slaughter and processing. Therefore, very few new jobs will be created in Seyðisfjörður, but the immediate environment of the population of Seyðisfjörður will be significantly and negatively affected. The economic benefits of this proposed fish farm for the town and residents of Seyðisfjörður will thus be extremely limited.
5. Related to the above, there is reason to draw attention to the fact that many residents of Seyðisfjörður have built their livelihood on tourist services, marketing the purity and unspoiled nature of the fjord. There is no doubt that salmon farms are going to badly damage this valuable image of the area. As a result tourism in Seyðisfjörður will decline and jobs in the town's tourism sector will be

put in jeopardy. Any potential local job gains through salmon farming will thus be wiped out by losses of jobs in the local tourism sector. I believe there is reason to fear that the proposed salmon farm would have a negative rather than positive effect on people's possible plans to take up or continue their residence in Seyðisfjörður.

6. It is inevitable to point out that Fiskeldi Austfjarði's statement that the provisions of the Act on the Planning of Ocean and Coastal Areas no. 88/2018 do not apply to the company's plans for Seyðisfjörður, and is therefore questionable. The company seems to believe that as a result Seyðisfjarðarhöfn or the municipality of Múlaþing have nothing to say about the company's plans. Such an attitude appears surprising in view of the fact that all the planned salmon farms are located within the limits of Seyðisfjörðurs harbour.

7. Concerns about the planned salmon farm should also be expressed in regard to shipping lanes and the Farice cable, as it is clear that the plans of Fiskeldi Austfjarðar hf. regarding the installation of large pens lead to structures that are quite close to both.

Name : Laura Tack

Kennitala : 0906883839



Skipulagsstofnun,  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík, 28. desember 2020

**Efni:** Athugasemdir NASF á Íslandi um frummatsskýrslu Fiskeldi Austfjarða hf um 10.000 tonna framleiðsla á laxi í Seyðisfirði

### Umsagnaraðili

NASF á Íslandi, kt. 601217-2440, með skráð aðsetur að Bergþórugötu 55, 101 Reykjavík. („NASF“) er náttúruverndarsamtök sem hafa vernd Norður-Atlantshafslaxins að meginmarkmiði. Formaður NASF á Íslandi er Friðleifur Egill Guðmundsson, kt. 180680-6169 og stjórnarmenn eru Elvar Friðriksson kt. 111189-2349 og Gísli Sigurðsson kt. 270959-5129

NASF á Íslandi (hér eftir „NASF“) stendur fyrir North Atlantic Salmon Fund og er afsprengi Verndarsjóðs villtra laxastofna kt. 550692-2449, sem Orri Vigfússon heitinn stofnaði og rak í 27 ár.

### Athugasemdir:

Samkvæmt norska vísindaráðinu er sjókvíaelði á laxi í dag talinn stærsta manngerða ógnin við villta laxastofna (<https://vitenskapsradet.no/Nyheter/Nyhetsartikkel/ArticleId/4854/Status-of-wild-Atlantic-salmon-in-Norway-2019>). Erfðablöndun, laxalús, sjúkdómar og mengun eru þar helstu áhættuþættirnir. Sökum þess hve slæm áhrif sjókvíaelði hefur á villta stofna og náttúru gerir NASF alvarlegar athugasemdir við frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf. NASF vill einnig vekja athygli á því að þau fiskeldisáform sem fjallað er um í frummatsskýrslu þessari eru þvert á vilja íbúa Seyðisfjarðar. Þegar þessi orð eru rituð hafa ríflega 55% bæjarbúa skrifað undir mótmæli gegn fiskeldi í Seyðisfirði og fer sú tala hækkandi.

Í grein 2.5.2. kemur eftirfarandi fram: „Þann 12. júní 2018 samþykkti Alþingi ný lög nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða, en tilgangur laganna er að skapa ramma um strandsvæðaskipulag hér við land. Strandsvæðaskipulag er skipulagsáætlun fyrir tiltekið strandsvæði þar sem fram koma markmið og ákvarðanir um framtíðarnýtingu hvers svæðis og



*hvers konar framkvæmdir falla að nýtingu svæðisins. Fiskeldi í sjó mun falla undir þessi lög. 29 Taka skal fram að samkvæmt framkomnu nefndarátliti samgöngu- og umhverfisnefndar Alþingis frá 7. júní 2018 þá mun frumvarpið ekki hafa afturvirk áhrif og munu þau ekki hafa áhrif á mál sem þegar eru í ferli hjá viðeigandi stofnunum. Þetta á t.d. við um mál sem eru í mati á umhverfisáhrifum og hvar samþykkt tillaga að matsáætlun liggur fyrir.<sup>30</sup> Fyrirhugað sjókvíaeldi Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði mun því ekki falla undir gildissviðið laganna skv. þessu.“*

Eins og fram kom hér áður mótmælir meirihluti íbúa Seyðisfjarðar því að fá sjókvíaeldi á laxi í fjörðinn. Samt sem áður ætlar Fiskeldi Austfjarða hf að æða áfram á þeim forsendum að ný lög um skipulag haf- og strandsvæða eigi ekki við um þá. Ef að um mengandi og umdeildan iðnað er að ræða líkt og sjókvíaeldi, þá hlýtur náttúruvernd og vilji íbúa á svæðinu að hafa meira vægi en gróðaáform eins fyrirtækis.

Einnig kemur eftirfarandi fram í grein 2.5.2. „Í aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 er ekki fjallað um eða sett fram stefna um fiskeldi, en talað er um að skapa möguleika fyrir fjölbreytt atvinnulíf og að slík starfsemi fari fram í sem bestri sátt við samfélag og umhverfi. Fyrirhuguð starfsemi í Seyðisfirði fellur að þessum markmiðum sérstaklega í ljósi þess að starfsemi Fiskeldis Austfjarða er umhverfisvæn og þar að leiðandi í sátt við umhverfið og samfélagið“.

Það er einunigis fyrirtækið sjálft sem heldur því fram að starfsemin sé umhverfisvæn. NASF er svo sannarlega ekki sammála því. Hvað það varðar þá er ekki hægt að segja að sjókvíaeldi sé í neinu tilfelli umhverfisvæn starfsemi. Eins og kom fram hér fyrir ofan er sjókvíaeldi talin stærsta manngerða ógnin við villta laxastofna (Norska Vísindaráðið, 2019) og getur haft mjög skaðleg áhrif á lífríki í fjörðum. Eftir því sem umfang sjókvíeldis verður meira þá eykst lúsavandamálið. Til að vinna gegn lúsunni eru notuð eiturefni sem streyma svo út í fjörðinn. Þar að auki hefur undirskriftasöfnun og afstaða íbúa sýnt fram á það að starfsemin er svo sannarlega ekki í sátt við samfélagið.

Í grein 3.1 kemur eftirfarandi fram: „Við laxeldið verður notaður kynbættur frjór og ófrjór þrilitna laxastofn af norskum uppruna, sem nefnist Saga eldisstofn.“

Það er einmitt þessi stofn sem er svo gríðarlega hættulegur hinum smáu en erfðafræðilega einstöku íslensku stofnum. Lax af Saga stofninum hefur verið kynbættur í áratugi til þess að stækka og fitna hratt. Erfðafræðilega er hann mjög frábrugðinn hinum íslenska laxi. Hann er hins vegar í flestum tilfellum frjór og hefur sama æxlunareðli og villti laxinn. Þegar hann sleppur þá leitar hann sér að á til að synda upp í. Fiskeldi Austfjarða heldur því fram að lítil hætta sé á erfðablöndun og að eldi þeirra sé á öruggu svæði. Þessu er NASF ósammála og vísar í reglugerð um fiskeldi (540/2020). Þar kemur fram að „Matvælastofnun skal tryggja að fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðva frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km

*Þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli.*“ Tvö þeirra fjögurra fyrirhuguðu svæða sem Fiskeldi Austfjarða gefa upp hnit fyrir í skýrslunni eru innan við 5 km frá ósum Fjarðará. Fjarðará er á með villtan bleikju- og laxastofn. Ein af þessum litlu ám, sem því miður er ekki tekið mikið tillit til í áhættumati erfðablöndunar sem útbúið er af Hafrannsóknarstofnun. Þar er einungis tekið tillit til stofna sem telja nægilega marga einstaklinga til þess að ná tilsettu marki. NASF varpar því fram þeirri spurningu, af hverju er í lagi að stofna litlum stofnum í nánd við eldið í hættu? Þó svo að villtu laxarnir séu ekki margir í nánd við fyrirhugað eldi í Seyðisfirði þá eru þeir erfðfræðilega einstakir og hafa aðlagast aðstæðum í þúsundir ára. Er allt í lagi að útrýma þeim með erfðablöndun og laxalús af því að Fiskeldi Austfjarða segir eldið sitt vera umhverfisvænt? Laxinn er með sporð og hann syndir þangað sem hann vill, hann virðir ekki svæðaskiptingu mannanna. Strokulaxar úr eldi geta synt hundruðir kílómetra og því er 6.500 tonna eldi í Seyðisfirði á frjóum laxi stórhættulegt, ekki einungis fyrir laxfiska úr Fjarðará heldur einnig fyrir aðra villta stofna á Austurlandi. Tekið skal fram að Fiskeldi Austfjarða hyggst ala 3.500 tonn af ófrjóum laxi. Vissulega er þar minni hættu á erfðablöndun fyrir villta laxastofna, en ófrjór lax kemur ekki í veg fyrir lúsafár, efnanotkun og önnur vandamál tengd sjókvíaeldi.

Laxa- og fiskilús er eitt stærsta vandamálið í sjókvíaeldi. Eftir því sem lífmassi á svæðinu eykst þá stigmagnast lúsafjöldinn. Lúsin leggst jafnt á villtan fisk sem og eldisfisk. Ef að áætlanir Fiskeldis Austfjarða ná eftir að ganga þá verða það því miður örlög gönguseyða úr Fjarðará að þurfa að synda í gegnum það lúsafár sem þar mun skapast með tilheyrandi neikvæðum áhrifum og dauða. Það er ekkert sem bendir til þess að lúsin verði ekki vandamál í laxeldi á Austfjörðum eins og hún er nú þegar orðin á Vestfjörðum. Á síðastliðnum þremur árum hefur Matvælastofnun 14 sinnum heimilað eitrun eða notkun á lyfjablönduðu fóðri til að berjast við lúsina á Vestfjörðum. Ekkert bendir til þess að vandamálið verði ekki jafn alvarlegt á Austfjörðum þegar lífmassi og umfang eldisins eykst.


Í grein 4.4. er fjallað um það sem Fiskeldi Austfjarða hf kallar óraunhæfa kosti. Þar er átt við lokaðar kvíar og landeldi. Fyrirtækið gerir lítið úr lokuðum kvíum og segir að þar sé langt í land og að tæknin sé svo ófullkomin. Í ljósi þess er gott að nefna fyrirtækið Akvafuture, norskt laxeldisfyrirtæki sem reyndi að fá leyfi hér við land. Það skal tekið fram að NASF er ekki talsmaður neins eldisfyrirtækis en þó ber að nefna þetta hér svo að ekki sé um innantóma fullyrðingu að ræða. Akvafuture hefur alið lax í lokuðum sjókvíum í um 6 ár. Á þeim tíma hefur aldrei sloppið hjá þeim fiskur og ekki komið upp lúsafár. 70% af úrgangnum þar er svo nýttur til að búa til bio-diesel og strætisvagnar á svæðinu ganga fyrir því. Tæknin er svo sannarlega komin, það eru einungis gróðasjónarmið sem valda því að nánast allur lax er enn alinn í opnum sjókvíum.

Fiskeldi Austfjarða fjallar einnig um landeldi og nefnir þar að erfitt væri að koma upp slíkri stöð á Seyðisfirði. Fyrst að landeldi og lokaðar kvíar eru ekki talinn raunhæfur valkostur, þá telur NASF það bestu lausnina að sleppa því að ala lax í Seyðisfirði.

Niðurstaða skýrslunnar hjá Fiskeldi Austfjarða er að þeir hafi engra annara kosta vöð heldur en að halda ótrauðir áfram og ala 10.000 tonn af laxi í opnum sjókvíum í Seyðisfirði. NASF er ekki sammála þeirri niðurstöðu. Starfsemin mun hafa alvarleg áhrif á lífríki og villta stofna sem og á ásýnd fjarðarins. NASF leggst því alfarið á móti áformum um sjókvíueldi í Seyðisfirði.

NASF vonar að athugasemdir þessar verði hafðar til hliðsjónar á næstu stigum málsins og að náttúran fái að njóta vafans .

Virðingarfyllt,



---

f.h. NASF á Íslandi  
Elvar Örn Friðriksson

28. des. 2020

## Umsögn Náttúruverndarsamtaka Austurlands um frummatsskýrslu vegna áforma um 10.000 tonna laxeldi í Seyðisfirði

Fyrir liggur frummatsskýrslavegna áforma um 10.000.tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði. Stjórn Náttúruverndarsamtaka Austurlands (hér eftir NAUST) hefur kynnt sér frummatsskýrsluna og vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

Höfundar frummatsskýrslunnar ganga út frá því að starfsemi miðist við hámarksburðarþolfjarðarins. Þá ber að hafa í huga að fjörðurinn er hvorutveggja þröngur og djúpur. Hitastig sjávar í Seyðisfirði er lágt hluta úr ári. Hitastig hefur áhrif á niðurbrot úrgangs frá eldinu og eykur hættu á laxadauða ef hitastig fer undir ákveðin mörk.

Ástæða er til að vekja athygli á öðrum áhættuþáttum sem varða áformaða starfsemi sem ekki er gerð viðunandi grein fyrir má þar nefna marglyttu, lagnaðaris og þörunga. Þá er ærinn ástæða að meta nánar hættu vegna ofanflóða er varðar hvorutveggja snjó- og aurskriður sem fallið geta í sjó fram á viðkomandi svæðum með ófyrirséðum afleiðingum fyrir opið sjókvíaldi. Nýlegar náttúruhamfarir í Seyðisfirði vegna gríðarlegra aurflóða hafa vakið upp stórar og áleitnar spurningar um vaxandi áhættuþætti er varðar skriðuföll við Seyðisfjörð. Í ljósi þess hve fjalllendi er bratt við Seyðisfjörð og í ljósi nýafstaðinna atburða hlýtur því að verða að gera þá sjálfsögðu kröfu að ofanflóð verði metin sérstaklega við fjörðinn með tilliti til hvers skyns starfsemi sem kann að vera í skipulagskortunum og að áhættumat verði unnið í kjölfarið.

Almennt skortir verulega á umfjöllun í skýrslunni um margvísleg umhverfisáhrif. Stjórn NAUST hlýtur að vekja máls á að umfjöllun um náttúruvernd almennt er verulega ábótavant í skýrslunni. Áhrif á náttúrutengda ferðaþjónustu sbr. gönguleiðir, siglingar o.s.frv. er sömuleiðis verulega ábótavant.

### Ferðaþjónusta - menning

Fiskeldi Austfjarða metur svo að starfsemin verði í sátt við samfélagið, þar með talið ferðaþjónustu og menningu en þó er hvergi að sjá haldbær rök fyrir þeirri afstöðu í skýrslunni. Seyðisfjörður er þekktur minjabær, gömlu húsin og menningarminjar eru víða að finna og þar má segja að sagan liggi við hvert fót mál. Samhliða miklu menningarstarfi hefur orðið gríðarlega mikil uppbygging í ferðaþjónustu á Seyðisfirði á síðustu árum og þá ekki síst í kringum komu skemmtiferðaskipa auk áætlanafjarða Norrænu. Augljóst er að ásýnd fjarðarins mun breytast með tilkomu fiskeldis og ekki verið metið hvaða áhrif slíkt geti haft á upplifun ferðamanna. Þá má benda á aukna sýkingarhættu í eldið vegna aukningar skipaumferðar erlendis frá.

## Náttúra / lífríki

Ekki er gerð grein fyrir áhrifum frá starfsemi er varðar lofstlagsmál. Þá fellst töluverð alhæfing í því að telja fiskeldi sé að fullu afturkræf starfsemi, slíkt er vart hægt að meta nema á grunni langtíma reynslu og rannsókna. Lífríkií fjörðum á Íslandi eru að fjöfnumeira en gerist og gengur hjá viðmiðunarpjóðum sem stunda eldi. Hrygningarsvæði þorsks og ungvíði annara botnsjávarfiskstofna eru þekkt innan fjarðar á Íslandi og mikilvægt að rannsaka þann þátt mun betur. Áhrif á skelfisk, búsvæði ígulkerja virðast lítt eða ekkert rannsökuð. Fuglalíf er umtalsvert og fjölbreytt við Seyðisfjörð, rannsóknir þar um eru efnislitlar og kalla sértæka skoðun. Í firðinum eru friðlýst æðarvörp og nytjuð t.d. á Skálanesi. Loðmundarfjörður er næstur fjarða í norður við Seyðisfjörð og þar er eitt allra stærsta æðarvarp á landinu og hlýtur að þurfa að vinna sértæka athugun á ferðum æðarfugla á milli fjarða vegna starfseminnar. Þá þarf rannsóknir á sela- og hvalastofnum og möguleg áhrif. Stofn landsela hefur meðal annars gefið mjög mikið eftir á síðust árum.

Margar tegundir sjófugla, svo sem margar tegundir af svartfugli og mávum, kría, lundi o.fl. hafaviðkomu í Seyðisfirði og áhrif sjókvía á fuglalíf óþekkt í firðinum.

## Lokaorð

Tillagaumhaf-ogstrandsvæðaskipulag liggur fyrir á næsta ári þ.e. á vordögum 2021. NAUST hvetur Skipulagsstofnun til að beina þeim áformum sem liggja fyrir í fiskeldi í Seyðisfirði inn í skipulag Haf og strandsvæða þar sem allir hagsmunaaðilar auk íbúa komi jafnt að borði er varðar allt skipulag í og við Seyðisfjörð. NAUST bendir að samfélagið á Seyðisfirði hefur nýverið mótmælt fiskeldi í firðinum harðlega með framlagningu sérstaks undirskriftalista þar sem 300 íbúar rituðu nafn sitt.

Sveitarfélagið Múlaþing hefur sömuleiðis gert alvarlegar athugasemdir. Skipulag haf-ogstrandsvæða er eina raunhæfa leiðin og eina lýðræðislega leiðin í þessu mjög svo umdeilda máli til að ná mögulegri sátt. Viðhlítandi gögn og upplýsingar hér í frummatskýrslu eru ekki þess eðlis að vekja traust eða trúverðuleika á þau áform sem uppi eru.

Virðingarfyllst,  
Náttúruverndarsamtök Austurlands  
Form. Andrés Skúlason

## Ályktun um væntanlegt laxeldi í Seyðisfirði.

**Veiðifélögin á Fljótsdalshéraði , Veiðifélag Jökulsár, Veiðifélag Lagarfljóts, Veiðifélag Selfljóts og Veiðifélag Fögruhlíðarár mótmæla harðlega 10.000 tonna framleiðslu á frjóum norskum laxi í opnum sjókvíum í Seyðisfirði.**

Samkvæmt áratugalangri reynslu Norðmanna og Skota sleppur að lágmarki einn lax fyrir hvert tonn sem framleitt er á þennan hátt sem merkir að um 10.000 laxar munu sleppa. Hluti þessara erfðabreyttu stökulaxa leita í nærliggjandi ár til hrygningar og rústa erfðamengi staðarfiska sem aðlagast hafa óblíðum skilyrðum um þúsundir ára. Það er dauðadómur yfir litlum staðbundnum stofnum og gengur auk þess þvert á markmið gildandi náttúruverndarlaga.

Á Fljótsdalshéraði hefur af hálfu veiðifélaganna verið unnið mikið starf við að hlúa að og endurreisa þá fiskistofna sem þar hafa orðið fyrir búsifjum af annars konar iðju en hinu norska fiskeldi. Það starf hefur gengið vonum frammar sem sannast með stórauðinni laxveiði í Jökulsá og góðum árangri af seiðasleppingum og endurheimt í Lagarfljóti. Alls eru það ríflega 200 jarðir og þar með álíka margar fjölskyldur á Héraði sem eygja von um aukin veiðihlunnindi í nánustu framtíð eftir margra ára vinnu.

**Það er því grafalvarlegur hlutur, ef stjórnvöld, bæði heima fyrir og á landsvísu hlaða undir erfðamengandi sjókvíaeldi sem skilar væntanlega sínum arði til annarra landa, en gera um leið nýsköpun heimamanna á sviði sjálfbærrar fiskræktar og verndar náttúru að engu. Til hvers eru þá stjórnvöld í landinu má spyrja?**

Fiskeldi Austfjarða hf. hefur nú þegar þetta er ritað dregið til baka umsókn um það eldissvæði sem heimamenn hafa helzt barizt á móti. Það er þekkt stef í leikjafræðinni að leggja fram ítrustu og jafnframt óraunhæfar tillögur til að geta dregið til baka það sem ekki stenz og úlfúð veldur og vinna sér þar með meðbyr fyrir „fórnfúsa eftirgjöf“.

Þetta breytir hins vegar engu um upphaflegu áformin sem eru eftir sem áður 10.000 tonna fiskeldi. Mengunin verður því hin sama, áhættan fyrir lífríkið minnkar ekkert og ógnin við uppbyggingarstarf fjöld veiðiaá á Héraði og Austurlandi er óbreytt.

**Veiðifélögin á Fljótsdalshéraði beina því til ráðandi stjórnvalda að grípa til ráðstafana til að hafa hemil á þessum áformum og stýra málum í samræmi við hag þegna sinna eins og þau eru kjörin til en ekki annarra.**

## **Athugasemdir við Frumskýrslu vegna fyrirhugaðs fiskeldis í Seyðisfirði.**

### **Frumskýrsla lögð fram af Fiskeldi Austfjarða.**

Undirritaður fagnar því að Fiskeldi Austfjarða hafi þegar fallið frá þeim hluta framkvæmdar sem snýr að eldissvæði við Háubakka. Ljóst er að mikil andstaða er við þann hluta framkvæmdar af hálfu íbúa. Heimastjórn sem ég á sæti í hefur sent frá sér bókun vegna þessa og eins og fram kemur á heimasíðu Verkís sem annast utanumhald með skýrslunni þá hefur sú bókun orðið til fyrrgreindrar ákvörðunar fyrirtækisins. **Athugasemdir þær sem hér koma fram fjalla að þessum sökum ekki um það svæði.**

### **Almennt:**

Skýrslan gefur nokkuð góða mynd af fyrirhuguðu eldi og er fagleg unnin að mestu leiti. Leikmaður sem les skýrsluna ásamt fylgigögnum getur með yfirlegu gert sér góða grein fyrir umfangi verkefnisins sem er gríðarlega stórt á okkar mælikvarða. Ýmislegt sem ekki eru gerð nægilega góð skil í frumskýrslunni er hins vegar hægt að lesa út úr vikukum en ekki allt. Á nokkrum stöðum finnst mér full þörf á færa þetta yfir í frumskýrsluna þar sem líklegra er að fleiri lesi hana en fylgigögn og fái þar svör við sínum spurningum. Slíkt myndi líka minnka andstöðu við verkefnið. Býsna flókið er að gera athugasemdir við einstaka þætti þar sem þeir koma eðli málsins samkvæmt fyrir aftur og aftur í skýrslunni.

**Athugasemdir mínar verður að skoða í ljósi þessa.**

**Athugasemdir við einstaka hluta skýrslunnar: Skáletrað er bein tilvísun í skýrsluna.**

**Sem fyrr segir er gengið út frá því að sá hluti skýrslunar sem fjallar um Háubakka verði tekinn út úr henni en eðlilegt má telja að það haldi sér í viðaukum s.s. burðarþolshlutinn.**

*Umhverfisþættir og helstu áhrif í kaflanum samantekt.*

*Umhverfisáhrif á framangreinda þætti eru metin auk þess sem lagt er mat á samlegðaráhrif fyrirhugaðs sjókvíaldis Fiskeldis Austfjarða og óskyldra rekstraraðila. Þessum hluta er ekki gerð nægilega vel skil og nokkuð óljóst hver verður hagur annara aðila af þessum framkvæmdum. Þessu þyrfti að gera gleggri skil strax á þessum stað í skýrslunni en upplýsingar tynast inn síðar í henni.*

*Ekki er talið að hafís eða lagnaðarís muni hafa bein eða neikvæð áhrif á fiskeldi í Seyðisfirði.*

**Þetta hljómar sérkennilega þegar skoðuð er hafíssaga Íslands en þar eru hafísár á Seyðisfirði samkvæmt upplýsingum Veðurstofu níu á síðustu öld þar af sex á síðari hluta hennar 1965-1968, 1979 og 1982? Frá 1878- 1895 eru hafísár eru sex.**

Á hafísárum hefur Seyðisfjörð fyllt af ís í tvo mánuði í hvert sinn oftast apríl og maí. Eitt ár sker sig úr en þá er ís sagður í firðinum frá apríl til sept. Í viðbragðsáætlun sem er í viðauka er gert ráð fyrir viðbrögðum ef hafísástand skapast og verður að segja eins og er að varnir eins og bátar, skip eða vírstrengir hljómi vægast sagt bjartsýnislegt og öllum sem upplifað hafa þessa, tíma væntanlega ljóst að slíkar varnir mega sín lítils þegar „Landsins vorni fjandi“ er annars vegar. Að mínu mati þarf að endurskoða viðbragðsáætlun í samræmi við það sem raunverulega gæti gerst. Það eykur líka á trúverðuleika verkefnisins. Hins vegar er aðdragandi svona atburða langur og nægur tími til að hreinsa fisk úr kvíum og fjarlægja þær.

*Áhrif á fugla á athafnasvæði kvíanna og þar í kring verða afturkræf og óveruleg eða talsvert jákvæð. Sé litið á áhrifasvæði Seyðisfjarðar í heild þá eru áhrif á fuglalíf talin verða óveruleg.*

Almennt má segja að í skýrslunni mættu gjarnan vera meiri upplýsingar um fuglalíf en þær upplýsingar eru talsverðar í viðauka. Gagnlegt gæti verið að vekja athygli á því að æðarfugli hefur fjölgað nærri eldissvæðum og verður það að teljast jákvæð hliðaráhrif t.d. með tillitið til æðarvarps í Skálanesi. Sömuleiðis gæti verið ganglegt að hafa í skýrslunni þær upplýsingar sem koma fram í viðauka að fugl virðist fá vernd og æti við kvísvæði.

*Samfélag og efnahagur*

Hér vantar allar tölulegar upplýsingar um hver hagur sveitarfélags er af svona fyrirtæki og væri því gagnlegt að setja inn tölulegar upplýsingar þar sem hægt væri að sýna fram á miðað við þekktar forsendur hve þungt svona framkvæmd og rekstur getur haft á efnahag viðkomandi svæðis.

*Áhrif á landslag og ásýnd og Ferðabjónusta og útivist*

Heldur lítið er gert úr sýnileika kvísvæða frá landi en vegir á svæðinu liggja um hæðir þar sem vel sést yfir kvísvæðin og eru þau því vel sýnileg enda eru þau líka mjög nálægt landi og þar sem Seyðisfjörður er lognsæll þá eru kvíarnar líka sýnilegri. Um höfnina fóru á árinu 2019 tæplega 80 skemmtiferðaskip auk þess sem Norræna sigldi 50 ferðir fram og til baka um fjörðinn. Með þessu skipum koma fjölmargir ferðamenn eða rúmlega 100 þús. Þeirra upplífun af firðinum mun auðvitað breytast og ekki ljóst hvort þau áhrif eru neikvæð eða jákvæð þar sem hvergi kemur fram í viðaukum að þetta hafi verið kannað sérstaklega. Siglingaleið inn fjörðinn mun hins vegar liggja nærri kvísvæðum og hvergi kemur fram hver siglingahraði skipa þarf að vera þegar svo nærri er siglt og ljóst af reynslu okkar á Seyðisfirði að alda sem kemur af siglingarhraða Norrænu um fjörðin hefur valdið skemmdum t.d. á bryggjum og jafnvel landrofi. Siglingarhraði hennar inn fjörðinn er oftast um 19 mílur og því myndast býsna stór alda frá þessu stóra skipi. Verði gerð krafa um lækkaðan siglingahraða frá fjarðamynni gæti það raskað



áætlunartíma skipsins. Skemmtiferðaskip sigla hægar um fjörðinn enda frábært útsýni úr þeim yfir þessa fögru siglingaleið.

*Náttúruvá.*

*Lítill hætta er talin af náttúruvá í Seyðisfirði. Undir náttúruvá falla eldgos, jarðskjálftar, aurskriður, snjóflóð, flóðbylgjur og hafís.*

Hér er vægast sagt farið frjálsglega með staðreyndir. Þekkt aurskriðusvæði er fjölmörg í Seyðisfirði og bæði í Sörlastaðavík og Selstaðavík hafa fallið stórar aurskriður. Snjóflóðasaga Seyðisfjarðar er löng og velþekkt. Mannskæðasta snjóflóð á Íslandi féll þar 1885. Stór snjóflóð hafa fallið víða í firðinum og má geta þess að við Selstaði féll stórt snjóflóða 1994. Björguðust tveir drengir naumlega úr flóðinu en það féll í sjó fram í Selstaðavíkinni. Ekki er auðvelt að gera sér grein fyrir hvort svona viðburðir hafi áhrif á eldissvæðum en nánast á hverju ári falla aurskriður og snjóflóð í Seyðisfirði. Gera þarf ráð fyrir snjóflóð sem falla í sjó fram geti myndað talsvert stóra flóðbylgju enda nýleg dæmi um slíkt frá síðasta vetri á Vestfjörðum. Á hverju ári litast fjörðurinn móbrúnn af aurframburði sérstaklega á svæðinu í Sörlastaðavík en skammt þar innar á ströndinni er mesta aurskriðusvæði fjarðarins. Áður hafa komið fram athugasemdir við hætta af hafís. Rétt er að geta þess að sú hætta er mest á Austurlandi norðan Gerpis.

**Í ljósi síðustu atburða á Seyðisfirði VERÐUR AÐ ENDURSKOÐA ALLAN ÞANN HLUTA SKÝRSLUNNAR SEM FJALLAR UM NÁTTÚRUVÁ EN ÞESSAR ATHUGASEMDIR SEM HÉR VORU KOMNAR Á BLAÐ VORU GERÐAR ÁÐUR EN NÁTTÚRUHRYÐJUVERKIÐ Á SEYÐISFIRÐI ÁTTI SÉR STAÐ. HÉR GERÐIST EINFALDEGA STÆRRI ATBURÐUR EN ÁÐUR HEFUR ÞEKKST Á ÍSLANDI, SEM MUN BREYTA ALLRI SÝN MANNA Á AURSKRIÐUHÆTTU Á LANDINU.**

### **Nánar um einstaka þætti skýrslunnar:**

2.5.2. *Skipulagsmál og skipulagsáætlanir: Fyrirhuguð starfsemi í Seyðisfirði fellur að þessum markmiðum sérstaklega í ljósi þess að starfsemi Fiskeldis Austfjarða er umhverfisvæn og þar að leiðandi í sátt við umhverfið og samfélagið.*

Að fullyrða að fiskeldi sé umhverfisvænt er nú býsna gildishlaðin fullyrðing. Væntanlega verður nú „mengandi starfsemi“ eins og verið er að fjalla um í þessu umhverfismati seint talin umhverfisvæn þó að áhrifn séu talin afturkræf. Í ljósi þess að umtalsverð andstaða er við fiskeldi á Seyðisfirði hljómar seinni hluti þessarar setningar frekar illa. Mæli eindregið með því að þessar setningar verði endur orðaðar.

**3.2. Eldiskvíarog búnaður: Í samantekt í byrjun skýrslunar stendur. “Notaðar verða öflugar eldiskvíar sem eru 50 m í þvermál og 160 m að ummáli. Slíkar eldiskvíar hafa marga kosti umfram minni kvíar. Þannig þola þær úthafsöldu vel og eru hagkvæm rekstrareining. Eldskvíarnar eru gerðar til að þola allt að 5 metra ölduhæð og ísingu.” Í kafla 3.2. Eldskvíar og búnaður stendur: Eldskvíar eru sérstaklega styrktar til að þola allt að 9 metra ölduhæð og ísingu.”** Hvort eru þær byggðar til að þola 5m eða 9m öldu? Á þessu er jú verulegur munur, en væntanlega duga báðar stærðir til að þola 50 ára ölduna sem er sögð á ystu kvíasvæðum 4 metrar.

**4.2. Umfjöllun um núllkost.** Hér mætti leggja aðeins meiri vinnu í að skoða núllkost. Sérkennileg fullyrðing um jákvæð áhrif á ferðamennsku í Seyðisfirði sem hefur enga marktæka rannsókn að baki, sérstaklega ekki með tilliti til sérstöðu Seyðisfjarðarhafnar sem ferju- og skemmtiferðaskipa hafnar. Ferjusiglingar með fólk er eina núverandi tenging Íslands og Evrópu og Seyðisfjörður því fyrsta og síðasta upplifun ferðamanna sem koma þessa leið til landsins. Í núllkosti mætti benda á viðkvæma stöðu sjávarútvegs á Seyðisfirði þar sem togaraútgerð og vinnsla bæði í frystihúsi og bræðslu er ekki lengur á forræði Seyðisfirðinga. Hvort það er kostur eða galli skal ósagt látið enda hvort tveggja tvíbent eins og dæmin sanna. Atvinnulíf á Seyðisfirði í núllkosti stendur höllum fæti og eðlilegt að það komi fram. Vaxtarbroddurinn er í ferðaþjónustu og því skiptir máli hvaða áhrif fyrirhugað fiskeldi hefur á ferðaþjónustu og reyndar líka á menningarlíf sem er í miklum blóma á Seyðisfirði.

**6.1.1. Hafstaumar og endurnýjun sjávar.** Mæli eindregið með því að þessi texti að fyrstu mynd sé endurskoðaður. Miðað við upplýsingar sem koma síðar í þessum kafla er texti ekki að gefa rétta mynd af straumhraða og mikilvægar upplýsingar sem koma fram á bls. 18 í Burðarþolssviðauka sýna að straumhraði við botn er ágætur (tölur frá 2002) Straumhraði er góður ef tölur í heild eru skoðaðar bæði á kvíasvæðum og í heild í firðinum. Óþarfi að mála þetta svartara en efni standa til. Athygli vekur að mælingar fóru fram að sumri og hausti en það er sá tími sem veður eru almennt best á Seyðisfirði en það kemur fram í Burðarþolsskýrslu að vindar hafa mikil áhrif á straum og geta vindatímabil því flýtt hreinslun fjarðarins sem tekur 10-12 sólarhringa sé miðað við straummælingar á þessum tíma árs.

**6.1.3. Þá er bent á að æskilegra er að meiri eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Þá telur Hafrannsóknastofnun að ástæða sé til að halda þau lágmarks fjarlægðarmörk milli eldissvæða sem reglugerð nr. 1170/2015 setur. Hér mætti koma skýrar fram að þessi lágmarksmörk eru á milli óskyldra aðila en þannig er það í reglugerðinni eða er Hafró að meina eitthvað annað. Finnst þetta koma skýrt fram í Burðarþolsskýrslunni en þetta þarf að vera skýrara í þessari grein. Þetta kemur reyndar aðeins skýrar fram í 6.3.3. en í ljósi þeirra upplýsinga mætti þessi kafli vera skýrari.**

6.3.1 *Sjúkdómar.* Í þessum kafla vantar að mínu mati upplýsingar um hvað varð til þess að Strandarsíld varð gjaldþrota eftir að allur fiskur drapst hjá þeim í kvíum við Ströndina árið 1998. Sambland af áhrifum frá brennimarglyttu (brennihvelja) og þörungablóma sem varð til þess að súrefnisþurð varð í kvíunum. Þessa er að einhverju leyti getið í 6.3.3. en samt ekki fullnægjandi umfjöllun að mínu mati. Hér er um raunverulegt vandamál að ræða bæði hvað varðar Brennimarglyttuna og þörungablóma og hjálpar ekki varðandi viðbragðsáætlun að gera of lítið úr þessu vandamáli. Það kemur líka fram á bls.3 í burðarþolsskýrslu að búast megi við styrktaukningu nítrats að sumri í yfirborðslagi fjarðarins sem eykur álag á súrefnisbúskap fjarðarins sem getur aftur haft neikvæð áhrif á þörungablóma og marglyttu.

6.5.3. *Sá hluti sem fjallar um Fjarðará.* Í þessum hluta er ekki minnst á það að urriði veiðist í ánni í talsverðu magni og áin talin sérlega skemmtileg veiðia með tillitið til þessara veiða og ljóst hvort fiskeldi hefur áhrif á framgang urriðastofnins í ánni. (uppl.fv. Formaður Stangveiðifélags Fjarðará Bragi Blumenstein.)

6.3.4. *Vöktun og mótvægisáðgerðir* Ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun vegna áhrifa fyrirhugaðs eldis á fuglalíf.

Fram kemur í skýrslunni að þessi þáttur hafi lítið verði rannsakaður og því full ástæða til að bæta þessu í vöktunarferlið sem væri jákvæð viðbóti við ferlið og aðeins til að bæta ásýnd svona verkefnis. Ef niðurstaða væri jákvæð sem ýmislegt bentir til gæti hér verið um mikilvægan þátt ræða og full ástæða til að vakta.

6.7 *Samfélag og efnahagur :*

Í upptalningu um skóla á Austurlandi vantar að geta Lunga-skólans á Seyðisfirði sem er einn af vaxtarbroddum samfélagsins á Seyðisfirði og hefur hann ótvírætt mikið gildi Seyðisfjörð.

*Atvinnu og efnahagsmál*

*Seyðisfjörður myndar eitt atvinnusvæði með Egilsstöðum og Fjarðabyggð og eru dæmi um að fólk vinni í álverinu á Reyðarfirði, en Fjarðaheiði er þó mikill farartálmi. Hið rétta er að margir Seyðfirðingar hafa unnið í álverinu frá upphafi bæði í beinum og óbeinum störfum. Þannig hafa þeir oftast verið á bilinu 20-30 og verður álverið því að teljast einn af stærri atvinnuveitendum á Seyðisfirði.*

*Á Seyðisfirði er helsta stoðin í atvinnulífinu þjónusta og afgreiðsla við ferjuna Norrænu.*

*Þetta er auðvitað langt frá sanni og sjávarútvegur með togara og frystihúsi, auk álversins, ferðaþjónustu og opinbera þjónustu vega þar langt um meira, en þjónusta við ferjuna er að sjálfsögðu okkur mjög mikilvæg.*

*Hlutfall háskólamenntaðra er einnig lægra á Austurlandi heldur en á landsvísu (mynd 48).<sup>278</sup>*

Hér er rétt að geta þess að samkvæmt könnun Þekkingarnets Austurlands frá 2008 (?) kom í ljós að hlutfall Seyðfirðinga með háskólamenntun eða sambærilegt nám var óvenjuhátt miðað við landsbyggðina og var á pari við Reykjavík. Athyglivert væri að skoða hvernig þetta hefur breyst en mín tilfinning er að þetta hafi enn batnað.

*Sýslumaðurinn á Austurlandi fer með framkvæmdarvald og stjórnýslu ríkis á svæðinu.*

*Embættið er með starfstöðvar á Seyðisfirði, Eskifirði, Egilsstöðum og á Vopnafirði.<sup>286</sup>*

**Rétt er að sýslumaður situr á Seyðisfirði og er auk þess með starfstöðvar á hinum þremur stöðunum.**

*Vegurinn um Fjarðarheiði er einn hæsti fjallvegur á Íslandi og brýnt fyrir þróun byggðarinnar að vegurinn verði byggður upp eða settur í jarðgöng.*

**Vegurinn er eins vel uppbyggður og hann getur orðið og ekki þörf á frekari breytingum á honum en hins vegar er eðlilegt að hamra hér í skýrslu þessari á nauðsyn jarðgangna.**

*Á Reyðarfirði er vöruflutningahöfn og fimm aðrar hafnir eru í flokki I sem eru stórar fiskihafnir. Þessar hafnir eru Vopnafjörður, Seyðisfjörður, Eskifjörður og Fáskrúðsfjörður.*

**Hér þarf að koma fram að Seyðisfjarðarhöfn er sérútbúin ferjuhöfn og góð aðstaða til að taka á móti og þjónusta skemmtiferðaskip.**

*6.10. Áhrif og landslag.*

*Upp af Vesturdalseyri liggur Vesturdalur sem er lítill dalur sem umkringdur er fjöllum en opnast til vesturs.*

**Rétt er að dalurinn heitir Vestdalur og rétt að það komi fram að hann er vinsælt útivistarsvæði með merktum gönguleiðum m.a. til Héraðs. Um dalinn lá fyrrum flutningsleiðin til Héraðs eða allt þar til vegurinn um Fjarðarheiði var lagður.**

*Sörlastaðadalur er umkringdur fjöllum á alla vegu nema til norðurs þar sem hann opnast í átt að firðinum. Svæðið er vel gróið og er vinsælt útivistarsvæði.*

**Rétt er að dalurinn er ekki vinsælt útivistarsvæði og mjög fáir Seyðfirðingar hafa farið um hann. Hér er væntanlega verið rugla saman Sörlastaðadal og Vestdal annað sem sagt er um dalinn er rétt.**

7. Samráð

**Hér er ferill umhverfismatsins ágætlega rekinn en rétt að áréttta það að kynning verkefnisins fyrir íbúum er eftir og hefði verið betra ef það hefði komi fyrir í ferlinu og best hefði verið ef það hefði verið gert 2016. Enn má bæta úr þessu og í kóvitlausri framtíða auðvelt í framkvæmd. Hér er ekki bara við framkvæmdaraðila að sakast heldur líka fyrri bæjarstjórnir að ekki sé talað um sérkennilegt og um margt óljóst lagaumhverfi.**

**Gert á Seyðisfirði 27.12.2020.**

**Ólafur Hr. Sigurðsson íbúi á Seyðisfirði, heimastjórnarmaður og fyrrverandi bæjarstjóri á Seyðisfirði.**

**Það skal skýrt tekið fram að athugasemdir þessar eru ekki á neinn máta tengdar sveitarfélaginu og aðeins gerðar af minni löngun til að fræðast um verkefnið og koma athugasemdum á framfæri.**

# ÓTTAR YNGVASON

HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR  
SÍÐUMÚLA 34 - 108 REYKJAVÍK  
SÍMI 588 7690 og 892 1529  
Netfang: [ottar@icc.is](mailto:ottar@icc.is)

Skipulagsstofnun,  
Borgartúni 7B  
105 Reykjavík.

28. desember 2020.

Sent á netfang:  
[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)

Efni: Athugasemdir við frummatsskýrslu í kynningu varðandi fyrirhugaða framleiðslu á 10.000 tonnum af laxi í opnum sjókvíum í Seyðisfirði á vegum Fiskeldis Austfjarða hf., Múlaþingi.

Fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lifi, Veiðifélags Breiðdæla, Veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár, Veiðifélags Vesturdalsár, og Veiðifélags Selár er ofangreindri frummatsskýrslu og fyrirhugaðri framleiðslu með norskum kynbættum laxastofni í opnum sjókvíum í Seyðisfirði alfarið mótmælt sem andstæðum lögum.

Gerð er krafa um að Skipulagsstofnun hafni frummatsskýrslunni m.a. á sömu forsendum. Ennfremur er frummatsskýrslunni mótmælt sem ótækri vegna margvíslegra annmarka og rangfærslna.

Á þessu stigi eru aðalathugasemdir við frummatsskýrsluna og fyrirætlanir framkvæmdaraðila eftirfarandi:

**1. Bráðabirgðaákvæði II. í fiskeldislögum nr. 71/2008 gildir hér sbr. ákvæði 24. gr. b. (II.) í lögum nr. 101/2019.**

Greint bráðabirgðaákvæði tók gildi 19. júlí 2019 eftir birtingu laga nr. 101/2019 í A-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt ákvæðinu fer meðferð og afgreiðsla umsókna um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi eftir eldri ákvæðum fiskeldislaga nr. 71/2008, m.a. þar sem frummatsskýrslu hefur verið skilað fyrir gildistöku bráðabirgðaákvæðisins.

Bent er á, að frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf. dagsettri 2. nóvember 2020 var skilað til Skipulagsstofnunar í nóvember 2020 eða löngu eftir gildistöku bráðabirgðaákvæðisins. Fer því meðferð og afgreiðsla umsókna um rekstrarleyfi eftir nýjum ákvæðum í 4. gr.a. fiskeldislaga.

Samkvæmt ákvæði 4.gr. a. fiskeldislaga er alls óvíst, hvort Fiskeldi Austfjarða hf. mun verða hlutskarpasti umsóknaraðilinn um leyfi til laxeldis í Seyðisfirði á sínum tíma, þegar uppboðs- og úthlutunarferli fyrir laxeldi í Seyðisfirði hefur farið fram. Ennfremur er alls óvíst hvort þau eldissvæði,

sem Fiskeldi Austfjarða hf. hyggst nýta samkvæmt frummatsskýrslunni, verða á meðal þeirra svæða í Seyðisfirði, sem kunna að verða boðin út samkvæmt 4. gr. a. í fiskeldislögnum.

## **2. Umhverfismat áætlana samkvæmt lögum nr. 105/2006 hefur ekki farið fram um hugsanlegt laxeldi í opnum sjókvíum í Seyðisfirði.**

Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif framkvæmdaáætlana á umhverfið og nýta niðurstöður matsins til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum þeirra. Umhverfismat áætlana er hugsað sem undanfari mats á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda. Við mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda er síðan lagt ítarlegra mat á umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og nánari útfærslu hennar.

Umhverfismat áætlana skal gert vegna þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim, sem marka stefnu er varða leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2006. Þar með talið eru leyfi vegna fiskeldis. Er ljóst að hér fellur undir bæði burðarþolsmat og áhættumat Hafrannsóknastofnunar.

Ekki hefur farið fram lögskilt umhverfismat áætlana hvað varðar burðarþolsmat Seyðisfjarðar til laxeldis með norskum eldislaxi í opnum sjókvíum. Né heldur hefur farið fram umhverfismat áætlana varðandi áhættumat Hafrannsóknastofnunar frá 11. maí 2020. Lögmæltur undanfari og grundvöllur frummatsskýrslu er því ekki fyrir hendi.

## **3. Framkvæmdin andstæð öðrum lagaákvæðum.**

Bent er á, að framkvæmdin sem frummatsskýrslan fjallar um gengur í berhöggi við mörg lagaákvæði, t.d. markmiðsákvæði og varúðarreglu náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og markmiðsákvæði 1. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Skipulagsstofnun ber skylda til að grundvalla álit sitt og ákvarðanir á þessum lagaákvæðum sem og 73. gr. EES samningsins og tilskipun 2011/92/ESB um mat á umhverfisáhrifum. Einnig ber að horfa til og fylgja öðrum alþjóðlegum skuldbindingum um náttúruvernd t.d. skv. Árósasamningnum og Bernarsamningnum.

Um öll þessi atriði ber að fjalla ítarlega í frummatsskýrslu og hvernig framkvæmdaraðili hyggst haga starfsemi sinni, þannig að hún rekist ekki á þessi lagaákvæði. Þá umfjöllun vantar í framlagða svokallaða frummatsskýrslu frá 2. nóvember 2020.

Á þessu stigi eru ekki efni til að fjalla um einstakar rangfærslur og annmarka auglýstrar frummatsskýrslu, en áskilinn réttur til að fjalla um þau atriði, ef til þess kemur að Skipulagsstofnun auglýsi nýja frummatsskýrslu síðar.

Virðingarfyllt,  
f. h. aðila að þessum athugasemdum

  
Óttar Yngvason

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Undirritað áhugafólk um náttúruvernd og skipulagsmál koma hér með á framfæri athugasemdum og mótmælum við frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf. (*hér eftir FA*) vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.

Frummatsskýrslan lýtur að fyrirhuguðu 10.000 tonna framleiðslu á laxi í sjókvíaeldi. Rekstrarleyfi slíkrar starfsemi er háð því að starfsemin samræmist skipulagi á svæðinu sem um er að ræða, sbr. 3. tl. 10. gr. laga um fiskeldi, nr. 71/2008. Undirrituð telja rétt að gæta að þessum sjónarmiðum þegar á frumstigum málsins, enda skipulagsmál eitt þeirra atriða sem gerð er grein fyrir í frummatsskýrslu. Í kafla 2.5.2 hennar, um skipulagsmál og skipulagsáætlanir, segir meðal annars:

*Þann 12. júní 2018 samþykkti Alþingi ný lög nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða, en tilgangur laganna er að skapa ramma um strandsvæðaskipulag hér við land. Strandsvæðaskipulag er skipulagsáætlun fyrir tiltekið strandsvæði þar sem fram koma markmið og ákvarðanir um framtíðarnýtingu hvers svæðis og hvers konar framkvæmdir falla að nýtingu svæðisins. Fiskeldi í sjó mun falla undir þessi lög. Taka skal fram að samkvæmt framkomnu nefndaráliti samgöngu- og umhverfisnefndar Alþingis frá 7. júní 2018 þá mun frumvarpið ekki hafa afturvirk áhrif og munu þau ekki hafa áhrif á mál sem þegar eru í ferli hjá viðeigandi stofnunum. Þetta á t.d. við um mál sem eru í mati á umhverfisáhrifum og hvar samþykkt tillaga að matsáætlun liggur fyrir. Fyrirhugað sjókvíaeldi Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði mun því ekki falla undir gildissviðið laganna skv. þessu. Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 takmarkast aðalskipulag sveitarfélaga við línu sem liggur 115 metra utan við stórstraumsfjöruborð (netlög).*

Í skýrslunni er síðan vísað til þess að skipulagsvald taki að jafnaði ekki til fiskeldis.

Framangreind tilgáta skýrsluhöfundar er frumleg, en ekki rökstudd.

Sveitarfélagið Múlaþing hefur skilað umsögn vegna frummatsskýrslunnar. Undirrituð taka undir þær athugasemdir sem þar koma fram, m.a. þá sem lýtur að framangreindu, en sveitarfélagið galt varhug við því, að litið yrði svo á að gerð haf- og strandsvæðaskipulags á svæðinu myndi ekki hafa áhrif á áform um eldi í firðinum.

Varðandi þetta er á það bent að í 1. mgr. 8. gr. laga um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018, er vísað til þess að leyfi fyrir framkvæmdum eða annarri starfsemi skuli samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi, sé það fyrir hendi. Lögin tóku gildi fyrir rétt rúmu ári síðan, eða 31. desember 2019. Texti laganna er því ekki orðaður með þeim hætti að lögin gildi ekki um framkvæmdirnar sem fyrirhugaðar eru.

Burtséð frá framangreindu skal á það bent að í 5. tl. 18. gr., um breytingar á öðrum lögum, er tekið fram að ef umsókn um leyfi varði strandsvæði skv. lögum nr. 88/2018, þar sem tillaga að strandsvæðisskipulagi hefur verið auglýst þegar umsókn er lögð fram, sé leyfisveitendum heimilt að fresta afgreiðslu á leyfisumsókn þar til strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi fyrir viðkomandi svæði. Frestunin skuli þó ekki vera lengri en sjö mánuðir nema sérstakar ástæður mæli með því. Af þessu og tilvísunum til mála sem þegar eru í umhverfismati skv. samþykktri tillögu að matsáætlun, sbr. nefndarálit umhverfis- og samgöngunefndar kann að mega draga þá ályktun að lög nr. 88/2018 gildi ekki vegna umsóknar FA. Sé sá skýringarkostur hins vegar valinn leiðir það ekki til þess að sveitarfélagið fari ekki með skipulagsvald eða að slíku valdi sé ekki til að dreifa. Það er enda ljóst að í nefndarálitinu, sem frummatsskýrsla fjallar um, er sérstaklega vísað til þess að umsóknir sem fram koma fyrir gildistöku laganna fari skv. gildandi lögum. Af þessu leiðir að ef litið verður svo á að lög nr. 88/2018 gildi ekki þá fer allt að einu um skipulagsvald skv. þeim reglum sem áður giltu. Þar skiptir tvennt máli:

Í fyrsta lagi að sveitarfélagið hefur óskorað skipulagsvald innan netlaga, en framkvæmdirnar munu óhjákvæmilega taka að nokkru leyti til svæðis sem innan þeirra marka fellur. Vísast þar til þess að kvíarnar eru í reynd innan netlaga, séu þau rétt dregin, auk þess sem útfarar og akkeri lenda augljóslega innan netlaga.

Í öðru lagi verður ekki með neinu móti dregin sú ályktun að þar sem lögum nr. 88/2018 sleppir, gildi ekki skipulagsvald sveitarfélagsins þegar um er að ræða svæði sem fellur innan marka Seyðisfjarðarhafnar. Í því sambandi vísast bæði til hafnalaga nr. 61/2003 og hafnarreglugerðar fyrir Seyðisfjarðarhöfn, nr. 275/2006.

Til frekari skýringar er kveðið á um það í hafnalögum, nr. 61/2003, að sett skuli reglugerð þar sem m.a. séu ákvæði um stærð og takmörk hafnarsvæðis á sjó og landi, sbr. 1. tl. 1. mgr. 4. gr. laganna. Sett var hafnarreglugerð fyrir Seyðisfjarðarhöfn, nr. 275/2006 og í samræmi við áskilnað um afmörkum hafnarinnar er í 1. gr.



reglugerðarinnar hafnarsvæðið skilgreint svo að það nær yfir mest allan Seyðisfjörð og skiptist í ytri og innri höfn. Ytri mörk hafnarinnar eru vestan línu sem dregin er frá Sléttanesi í Skálanes. Fyrirhugað kvíaelði í Seyðisfirði fellur allt innan þessa hafnarsvæðis.

Skipulagsvald sveitarfélagsins er sem fyrr segir óskorað innan netlaga. Ákvæði hafnalaga nr. 61/2003, hafnarreglugerðar fyrir Seyðisfjarðarhöfn, nr. 275/2006 og reglugerðar um hafnamál, nr. 326/2004, víkja ekki frá því þegar komið er utan netlaga, en innan hafnarsvæðisins í Seyðisfjarðarhöfn. Til marks um það segir í 4. mgr. 3. gr. hafnarreglugerðar fyrir Seyðisfjarðarhöfn að byggingamál á hafnarsvæðinu skuli hljóta umfjöllun hafnarstjórnar áður en þau eru lögð fyrir sveitarstjórn. Er þannig beinlínis gengið út frá skipulagsvaldi sveitarfélagsins.

Annar kafli hafnalaga ber yfirskriftina skipulag hafnarsvæða og hafnarmannvirki. Þar kemur fram að skipulag hafnarsvæðis skuli miðast við þarfir hafnar, sbr. 1. mgr. 5. gr. laganna. Hafnarstjórn geri tillögu um skipulag hafnarsvæðis til skipulagsnefndar eða sveitarstjórnar að höfðu samráði við Vegagerðina. Rétt eins og í reglugerðinni bendir þetta til þess að skipulagsvaldið á hafnarsvæðinu sé í höndum sveitarfélagsins og gildir þar einu hvort innan eða utan netlaga er. Sama niðurstaða leiðir svo af 4. gr. reglugerðar um hafnamál, nr. 326/2004, þar sem fram kemur að skipulag hafnarsvæða fari eftir ákvæðum 5. gr. hafnalaganna og ákvæðum skipulags- og byggingarlaga, nr. 73/1997.

Með vísan til þess sem að framan greinir er ljóst að jafnvel þótt lög um skipulag haf- og strandsvæða taki ekki til málsins þá er allt að einu ljóst að allt svæðið sem fyrirhugað eldissvæði tekur til og er innan hafnarsvæði Seyðisfjarðarhafnar, lýtur skipulagsvaldi sveitarfélagsins.

Þrátt fyrir það sem að framan greinir er síður en svo augljóst að lög um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018, skuli ekki gilda um þær framkvæmdir sem um ræðir. Vísast þar til þess að ef litið verður svo á að þau gildi ekki þá byggir það ugglaut á þeirri forsendu að málið sé þegar í ferli skv. samþykkttri tillögu að matsáætlun.

Í því sambandi verður að hafa í huga að upphafleg gögn FA vegna fiskeldis í Seyðisfirði miðuðust við allt annað en það sem frummatsskýrsla lýtur að. Í upphaflegri matsáætlun var þannig gert ráð fyrir tveimur eldissvæðum, en ekki fjórum. Það var ekki fyrr en 15. janúar 2019 sem óskað var eftir að svæðið í Sörlastaðavík yrði stækkað og nýtt eldissvæði yrði staðsett í Selstaðavík þannig að eldissvæðum yrði fjölgað um eitt. Þótt Skipulagsstofnun hafi samþykkt breytingarnar voru þær dregnar til baka af FA á síðari stigum. Ekki verður séð að fjallað hafi verið um mögulegt eldi í Skálanesbót. Verður raunar ekki séð að endanleg matsáætlun rúmi

Þau eldissvæði sem frummatsskýrsla tekur nú til í Selstaðavík og Skálanesbót og er skýrslan í öllu falli í verulegri andstöðu við endanlega matsáætlun eins og hún birtist á vef Skipulagsstofnunar. Slíkt kemur nokkuð spáskt fyrir sjónir í ljósi þess að matsáætlun er einmitt áætlun framkvæmdaraðila byggð á tillögu hans um á hvaða þætti framkvæmdarinnar og umhverfis leggja skuli áherslu á í frummatsskýrslu og um kynningu og samráð við gerð frummatsskýrslu, sbr. h- lið 1. mgr. 3. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Í 9. gr. laganna segir jafnframt að gerð og efni frummatsskýrslu skuli vera í samræmi við matsáætlun, sbr. 8. gr. laganna.

Með vísan til þess sem að framan greinir verður ekki séð að FA geti skýlt sér bak við það að mál félagsins hafi verið komið í fastmótað ferli þannig að lög um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018, gildi ekki um fyrirhugaðar framkvæmdir. Það fær enda ekki staðist að unnt sé að leggja fram tillögur af allt öðru umfangi og sniði, en gera síðan svo verulegar breytingar að í engu samræmi er við upphafleg áform.

Í ljósi þeirra annmarka sem að framan greinir verður jafnframt ekki annað séð en að umhverfismat það sem FA hafði frumkvæði að, ónýttist.

Með vísan til þess sem að framan greinir ítreka undirrituð andmæli sín við fyrirbyggjandi frummatsskýrslu og mótmæla fyrirhuguðum framkvæmdum FA skv. skýrslunni sem eru andstæð matsáætlun og gildandi skipulagi sveitarfélagsins. Þá er áréttað að eftir atvikum fellur málið undir ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða, nr. 88/2018. Í öllu falli er ljóst að fyrirhugað laxeldi er innan hafnarsvæðis Seyðisfjarðarhafnar, sem lýtur skipulagsvaldi sveitarfélagsins, en ekki í stjórnlausu einskis manns landi, eins og ráða má af ályktunum í frummatsskýrslu.

Áskilinn er réttur til að koma á framfæri frekari mótmælum, gerist þess þörf.

Seyðisfirði, 25. janúar 2021

Hildur Þórisdóttir 290483-3019

Nafn kt.

Þurpinn 080971-5089

Nafn kt.

Benediktur Smarð 120879-4569

Nafn kt.

Þóra Þorjón 200553-7999

Nafn kt.

Ólafur 20.10.69-5139

Ólafur 10966-2379

Sigrún Mihalósson 031257-4179

Þórunn Sigrúnisdóttir 270384-2859

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Subject: Objections to the initial assessment report for the production of 10,000 tonnes of salmon in open sea-pens in Seyðisfjörður, dated November 2, 2020.

As a resident of Seyðisfjörður, I am protesting against 10,000 tonnes of open sea-pen salmon farming in Seyðisfjörður, as proposed in the initial assessment report of Fiskeldi Austfjarðar hf., dated November 2, 2020.

Reference is made to the following arguments:

1. Proposed are 24 pens that are fastened into large frame mounts, that will be very visually prominent everywhere in the fjord, and not only where the slopes are very steep, as indicated in the initial assessment report. In my opinion, the effects of the pens on the landscape are not only considerably negative but very negative. I do not agree with the report's statement that the installation and operation of the planned extensive salmon farming only causes "insignificant visual pollution" but rather a very significant one.
2. I want to point out that the initial assessment report contains misleading presentation regarding the location and extent of the area of the fjord that the salmon farms are proposed to cover. The area in which the pens are planned is much shorter than the 17.5 km that are mentioned in the report. The fjord is much narrower than 1.7 km where the salmon farm is mainly planned and this makes a big difference. The statement in the initial assessment report that the pens would cover around 7% of the fjord is therefore at best misleading and misrepresents the effect that the pens would have on the surface of the fjord.
3. The effects of open-sea pen salmon farms on the aquatic ecosystem are well proven to be negative, and in fact so negative that all aquatic life under the pens dies or gives way and will not recover unless this type of aquaculture is stopped or has been stopped for some time. Even then it is unclear how long it will take for the ecosystem to recover. It is also proven that salmon farms have a negative effect on wild salmon stocks and possibly herring stocks. Damage is then foreseeable due to the jellyfish clusters or algae that thrive around salmon farms. In any case, the extensive aquaculture will have a significant and adverse effects on the environment.
4. If a salmon farm should go into operation, the juvenile fish will be produced elsewhere and will be transported by ship from Þorlákshöfn and pumped into the pens in Seyðisfjörður. When it comes to the slaughter, the adult fish will be pumped back into a ship, to be transported to Djúpivogur for slaughter and processing. Therefore, very few new jobs will be created in Seyðisfjörður, but the immediate environment of the population of Seyðisfjörður will be significantly and negatively affected. The economic benefits of this proposed fish farm for the town and residents of Seyðisfjörður will thus be extremely limited.
5. Related to the above, there is reason to draw attention to the fact that many residents of Seyðisfjörður have built their livelihood on tourist services, marketing the purity and unspoiled nature of the fjord. There is no doubt that salmon farms are going to badly damage this valuable image of the area. As a result tourism in Seyðisfjörður will decline and jobs in the town's tourism sector will be

put in jeopardy. Any potential local job gains through salmon farming will thus be wiped out by losses of jobs in the local tourism sector. I believe there is reason to fear that the proposed salmon farm would have a negative rather than positive effect on people's possible plans to take up or continue their residence in Seyðisfjörður.

6. It is inevitable to point out that Fiskeldi Austfjarði's statement that the provisions of the Act on the Planning of Ocean and Coastal Areas no. 88/2018 do not apply to the company's plans for Seyðisfjörður, and is therefore questionable. The company seems to believe that as a result Seyðisfjarðarhöfn or the municipality of Múlaþing have nothing to say about the company's plans. Such an attitude appears surprising in view of the fact that all the planned salmon farms are located within the limits of Seyðisfjörðurs harbour.

7. Concerns about the planned salmon farm should also be expressed in regard to shipping lanes and the Farice cable, as it is clear that the plans of Fiskeldi Austfjarðar hf. regarding the installation of large pens lead to structures that are quite close to both.

Name : Dušan Merčák

Kennitala : 2001924949

Adress: Sudurgata 8, Seydisfjordur, 710

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

*sent með tölvupósti á skipulag@skipulag.is*

Berist til:  
Jóns Smára Jónssonar

23. desember 2020

Subject: Objections to the initial assessment report for the production of 10,000 tonnes of salmon in open sea-pens in Seyðisfjörður, dated November 2, 2020.

As a resident of Seyðisfjörður, I am protesting against 10,000 tonnes of open sea-pen salmon farming in Seyðisfjörður, as proposed in the initial assessment report of Fiskeldi Austfjarðar hf., dated November 2, 2020.

Reference is made to the following arguments:


1. Proposed are 24 pens that are fastened into large frame mounts, that will be very visually prominent everywhere in the fjord, and not only where the slopes are very steep, as indicated in the initial assessment report. In my opinion, the effects of the pens on the landscape are not only considerably negative but very negative. I do not agree with the report's statement that the installation and operation of the planned extensive salmon farming only causes "insignificant visual pollution" but rather a very significant one.
2. I want to point out that the initial assessment report contains misleading presentation regarding the location and extent of the area of the fjord that the salmon farms are proposed to cover. The area in which the pens are planned is much shorter than the 17.5 km that are mentioned in the report. The fjord is much narrower than 1.7 km where the salmon farm is mainly planned and this makes a big difference. The statement in the initial assessment report that the pens would cover around 7% of the fjord is therefore at best misleading and misrepresents the effect that the pens would have on the surface of the fjord.
3. The effects of open-sea pen salmon farms on the aquatic ecosystem are well proven to be negative, and in fact so negative that all aquatic life under the pens dies or gives way and will not recover unless this type of aquaculture is stopped or has been stopped for some time. Even then it is unclear how long it will take for the ecosystem to recover. It is also proven that salmon farms have a negative effect on wild salmon stocks and possibly herring stocks. Damage is then foreseeable due to the jellyfish clusters or algae that thrive around salmon farms. In any case, the extensive aquaculture will have a significant and adverse effects on the environment.
4. If a salmon farm should go into operation, the juvenile fish will be produced elsewhere and will be transported by ship from Þorlákshöfn and pumped into the pens in Seyðisfjörður. When it comes to the slaughter, the adult fish will be pumped back into a ship, to be transported to Djúpivogur for slaughter and processing. Therefore, very few new jobs will be created in Seyðisfjörður, but the immediate environment of the population of Seyðisfjörður will be significantly and negatively affected. The economic benefits of this proposed fish farm for the town and residents of Seyðisfjörður will thus be extremely limited.
5. Related to the above, there is reason to draw attention to the fact that many residents of Seyðisfjörður have built their livelihood on tourist services, marketing the purity and unspoiled nature of the fjord. There is no doubt that salmon farms are going to badly damage this valuable image of the area. As a result tourism in Seyðisfjörður will decline and jobs in the town's tourism sector will be put in jeopardy. Any potential local job gains through salmon farming will thus be wiped out by losses of jobs in the local tourism sector. I believe there is reason to fear that the proposed salmon farm would have a negative rather than positive effect on people's possible plans to take up or continue their residence in Seyðisfjörður.

6. It is inevitable to point out that Fiskeldi Austfjarði's statement that the provisions of the Act on the Planning of Ocean and Coastal Areas no. 88/2018 do not apply to the company's plans for Seyðisfjörður, and is therefore questionable. The company seems to believe that as a result Seyðisfjarðarhöfn or the municipality of Múlaþing have nothing to say about the company's plans. Such an attitude appears surprising in view of the fact that all the planned salmon farms are located within the limits of Seyðisfjörðurs harbour.

7. Concerns about the planned salmon farm should also be expressed in regard to shipping lanes and the Farice cable, as it is clear that the plans of Fiskeldi Austfjarðar hf. regarding the installation of large pens lead to structures that are quite close to both.

Name : Jonatan Spejlborg Juelsbo

Kennitala : 1205864599

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Jonatan Spejlborg Juelsbo'. The signature is fluid and cursive, with a long horizontal stroke extending to the right.

# Fiskistofnar Fjarðarar í Seyðisfirði í ljósi veiðigagna 1990 - 2020 og fórnarkostnaður þeirra fiskistofna gangi eftir áætlanir um laxeldi í sjókvíum í Seyðisfirði


Jóhannes Sturlaugsson  
Laxfiskar desember 2020

Vegna fyrirhugaðs laxeldis í sjókvíum í Seyðisfirði óskaði Skipulagsstofnun eftir því að hagsmunaaðilar skiluðu inn umsögnum varðandi þær áætlanir. Veiðifélag Fjarðarar í Seyðisfirði hafði samband við höfund þessara orða til að fá faglega umsögn varðandi þau áhrif sem ætla mætti að laxeldi í sjókvíum í Seyðisfirði hefði á fiskistofna árinna. Greinagerð þessi inniheldur þá umsögn ásamt samantektum er gefa innsýn í stærð og eiginleika fiskistofna Fjarðarar á grunni veiðigagna árinna frá árabílinu 1990 til 2020.

Hér í upphafi er rennt yfir eiginleika fiskistofnanna sem Fjarðarar í Seyðisfirði fóstur á grundvelli veiðigagna. Í kjölfarið er komið inn á helstu neikvæðu áhrifaþættina sem fylgja fiskeldi á laxi í sjókvíum sem áhrif hafa á fiskistofna áa sem renna til sjávar í næsta nágrenni við slíkan iðnað, líkt og fiskeldi í Seyðisfirði væri dæmi um gagnvart fiskistofnum Fjarðarar. Þeir neikvæðu áhrifaþættir tengjast alþekktum hættum er náttúrulegum stofnum göngusilungs og lax í slíkum ám stafar af laxeldi í sjókvíum í næsta nágrenni ósa þeirra. Fjarðarar er besta veiðiáin í Seyðisfirði en fleiri ár í firðinum fóstur göngusilung og jafnvel lax (Sörlastaðaá; Vestdalsá), en sökum þess að hvorki veiðinýting þeirra áa né skráning veiði þeirra lýtur formfestu eins og í Fjarðarar, þá eru ekki tiltæk veiðigögn að styðjast við varðandi stofna þeirra áa. Það eitt og sér vitnar um mikilvægi þess að þær ár verði rannsakaðar áður en frekar verði fjallað um möguleg áhrif laxeldis í sjókvíum á villta stofna laxfiska í ám er renna til sjávar í Seyðisfirði. Full þörf er á að rannsaka fiskistofna Fjarðarar af sömu ástæðu þrátt fyrir að veiðigögnin úr Fjarðarar gefi ákveðna sýn á fiskistofnana sem og þær seiðarannsóknir sem þar hafa verið framkvæmdar (Þórólfur Antonsson og Þorkell Hreiðarsson 2001; Leó o.fl. 2019)


## Fiskistofnar Fjarðarar

Fjarðarar í Seyðisfirði er ein besta sjóbleikjuá á Austurlandi líkt og árleg samantekt á lax- og silungsveiði sýnir (Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson 2020). Sjóbleikja er einkennisfiskur árinna og stangveiðin á henni síðasta áratug með meðalveiði upp á 344 bleikjur vitnar um sterkan sjóbleikjustofn Fjarðarar (1. mynd) og seiðavísitala bleikjuseiða í ánni vitnar um það sama (Leó o.fl. 2019) Sjóbleikjustofn Fjarðarar hefur um langt skeið verið burðugur líkt og sést þegar litið er á veiðina síðustu þrjú áratugin, en um leið sýna þau veiðigögn að áin fóstur fálíðaðan laxastofn (2. og 3. mynd) og urriðar hafa veiðst einstaka sinnum. Seiðarannsóknir í Fjarðarar hafa einnig staðfest tilvist laxins, þar sem tveir árgangar laxaseiða komu fram (Þórólfur Antonsson og Þorkell Hreiðarsson 2001).




1. mynd. Árleg bleikjuveiði í Fjarðarar í Seyðisfirði 2011 - 2020.


Veiðigögnin sýna ennfremur samsetningu bleikjustofnsins með hliðsjón af fiskstærð (4. mynd) og samskonar gögn yfir stærðir hrygningarlaxanna (smá- og stórlaxa) sem við sögu koma (5. mynd). Mikill fjöldi sjóbleikja sem veiddur er árlega í Fjarðará, sem aukinheldur eru vænar að jafnaði gerir það að verkum að bleikjan í Fjarðará er í senn dýrmætur nytjastofn en um leið einn helsti útvörður íslenskra sjóbleikjustofna. Um þá staðreynd að sjóbleikjustofninn í Fjarðará er einn af stærstu sjóbleikjustofnum landsins vitnar sá fjöldi bleikja sem fæst í árlegri stangveiði í ánni. Þennan sjóbleikjustofn ber okkur að vernda og sama gildir einnig um laxastofn árinna þótt faliðaður sé og að vissu leyti enn frekar vegna þess því smæði hans gerir hann viðkvæmari en ella væri og að sama skapi þarf varúðarþörfin að vera í takti við þá staðreynd.




2. mynd. Árleg bleikjuveiði í Fjarðará í Seyðisfirði 1990 - 2020



3. mynd. Árleg laxveiði í Fjarðará í Seyðisfirði 1990 - 2020.



4. mynd. Bleikjuveiðin í Fjarðará í Seyðisfirði 1990-2020 með hliðsjón af lengd bleikja sem voru lengdarmældar.



5. mynd. Laxveiðin í Fjarðará í Seyðisfirði 1990-2020 með hliðsjón af lengd laxa sem voru lengdarmældir.

## **Fórnaðkostnaður villtra stofna göngusilungs og laxa í Fjarðará og öðrum ám í Seyðisfirði**

Laxeldi á laxi í kvíum í næsta nágrenni áa er fóstora stofna göngusilungs og/eða laxastofna, ógna tilvist villtra stofna laxfiska í þeim ám. Hve illa stofnarnir verða úti veltur á ýmsum þáttum. Umfang eldisins og fjarlægð eldiskvíanna frá árósum og ströndum eru í grunninn ráðandi þættir varðandi magnbundnu áhrifin sem göngusilungur og lax verða fyrir. Þau áhrif eru að jafnaði helst tvenns konar. Annarsvegar af völdum aukinnar tíðni sníkjudýrsins laxalúsar sem fylgir þessum iðnaði, og hinsvegar fyrir tilstilli erfðafræðilegrar innblöndunar sem laxastofnar ána verða fyrir vegna þáttöku norskættaðra eldislaxa sem sleppa úr slíku eldi í hrygningu laxins í ánum. Þriðji áhrifaþátturinn eru sjúkdómar sem fiskeldi getur borið í villta laxastofna. Sá neikvæði fylgifyskur laxeldis í sjókvíum kemur ekki eins jafnt og þétt við sögu og áður nefndir þættir, en í slæmum tilfellum þá geta þeir sjúkdómar sem berast inn á svæðið eða magnast þar upp fyrir tilstilli fiskeldis, staðið tilvist villtra laxfiskastofna í nágrenni sjókvíaeldis fyrir þrifum.

## **Laxalúsinn og neikvæð áhrif hennar á vöxt og lífslíkur sjóbleikju og lax**

Af göngusilungi þá er sjóbleikjan að segja má allsráðandi í Fjarðará, líkt og sést á því að sjóbirtingur hefur nánast ekkert komið við sögu veiðanna þar. Í tilfelli sjóbleikjunnar þá er það laxalúsinn sem fylgir laxeldi í sjókvíum sem skerðir lífslíkur hennar og einnig seltupolið sem sjóganga bleikjunnar byggist á sem og þann vöxt sem henni er mögulegt að taka út yfir sjógönguna (Fjelldal o.fl. 2019; Bjorn o.fl. 2001). Í upphafi þeirrar laxeldishrinu sem nú er í gangi var mikið talað um að laxalús yrði hvergi vandamál í eldi á Vestfjörðum og Austfjörðum öðru fremur vegna hitastigs sjávar. Reyndin hefur verið sú að laxalús hefur verið stórfelld vandamál í laxeldi á Vestfjörðum. Svalari sjór á Austfjörðum hefur auðveldað baráttuna við þennan vágast í fiskeldi á því svæði fram til þessa, en spurningin er hve mikið aðstæður þurfa að breytast hvað hita sjávar og ásetning varðar til að svipað ófremdarástand hvað laxalúsina varðar komi upp á Austfjörðum. Hafa ber í huga að áður en að laxlúsinn er farin að valda búsifjum í laxeldinu eru neikvæð áhrif vegna mögnunar á fjölda laxalúsa í kringum laxeldissvæði farin að valda búsifjum hjá villtum laxi og göngusilungi. Það gildir öðru fremur um slíkt laxeldi í kvíum þegar firðirnir eru þröngir og stuttir líkt og Seyðisfjörður er dæmi um. Þannig er breidd Seyðisfjarðar á innstu 5 kílómetrunum einungis um eða innan við 1 km og ytri hluti hans er síðan að mestu innan við 2 km á breiddina.

Nálægð laxeldiskvíanna við strandsvæðin sem sjóbleikjan er þekkt fyrir að nýta yfir ætisgöngu sína í sjó að sumrinu, undirstrikar þá hættu sem sjóbleikjunnar stafar af þeirri aukningu sem ætla verður að verði á laxalús í Seyðisfirði fyrir tilstilli laxeldisins, enda þótt lúsamagnið komist ekki á það stig að það valdi ekki vanda í eldinu sjálfu. Til að gefa innsýn í það hve miklar vegalengdir sjóbleikjur geta lagt að baki á sjógöngu sinni þá má benda á rannsókn er sýndi að sjóbleikjur ú vatnakerfi Víðdalsár og Hópsins á ætisgöngu í Húnaflóa sýndi að þær fóru allt að 40 km leið á út frá heimaósi sínum, en uppistaða sjávargöngu þeirra markaðist af strandsvæðum fjarðarins er þær gengu í, þ.e.a.s. Húnaflóa (Jóhannes Sturlaugsson 2012). Sú staðreynd hve Seyðisfjörður er þröngur og stuttur sýnir hve sjóbleikja úr Fjarðará, sem væntanlega mun dvelja alla sína sumarlöngu sjógöngu eða megnið af henni á strandsvæðum Seyðisfjarðar, sýnir hve sjóbleikjan verður útsett fyrir þeirri aukningu á laxalús í Seyðisfirði sem gera verður ráð fyrir að fylgja muni laxeldinu sem fyrirhugað er að stunda þar. Auk þess má benda á það að einungis 5 km eru frá ósum Fjarðará að innsta eldissvæðinu við Sörlastaðavík (þ.e.a.s. ef hugmyndir um afnot af eldissvæði sem er innan við Háubakka eru úr sögunni) sem sýnir enn frekar þá hættu sem stafar af laxlúsinni þegar að aðstæður gera það að verkum að hún nær að magnast upp á eldissvæðum. Hvað varðar þann göngusilung sem finnst í Vestdalsá og Sörlastaðaá þá þarf ekki að fjölyrða að nálægðin við eldissvæðið við Selstaðavík mun hafa neikvæð áhrif á stofna þeirra laxfiska. Í þessu sambandi er við hæfi að vitna til vöktunarrannsókna höfundar þessara orða þar sem fylgst hefur verið með sjóbirtingi og laxi árlega í ám Arnarfirði 2015 -2020. Á þeim sjóbirtingum sem skiluðu sér í árnar sást að eftir að laxeldið í Arnarfirði óx urðu áhrif laxalúsarinnar sjáanleg fyrir tilstilli skaða sem lúsinn hafði valdið á ytra byrði fiskanna (Jóhannes Sturlaugsson apríl 2019). Í því ljósi verður að ætla laxalúsinn hafi aukinheldur orðið að fjörtjóni einhverjum af smæstu sjóbirtingunum, þ.e.a.s. þeim sem eru á sinni fyrstu sjávargöngu (sínu fyrsta sumri í sjó).

Hjá laxinum er það fjöldi lirfa laxlúsa sem nær að setjast á gönguseiðin á leið þeirra um fjörðinn á leið sinni til hafs sem ræður því hvort þeir laxar eiga möguleika á að snúa aftur úr hafi eður ei. Enda þótt innsta eldissvæðið við Háubakka sem í upphafi var lagt upp með að nýta verði ekki notað fyrir eldiskvíar þá er ljóst að gönguseiði laxins þurfa að ganga fram hjá þremur eldissvæðum á leið sinni á ætisslóðir laxins í hafi ef öll eldissvæðin verða sett í gagnið (við Sörlastaðavík; við Selstaðavík og við Skálanesbót). Nokkuð sem mun hafa áhrif á þann viðkvæma (fáliðaða) laxastofn sem er að finna í Fjarðará. Samantektargrein sem gefin var út nú í árslok 2020 undirstrikar hve gríðarlegur skaðvaldur laxalús runnin frá laxeldi er við allar stendur Noregs, allt til nyrstu héraða er teygja sig norður að 71 breiddargráðu (Johnsen o.fl. 2020). Á grunni fyrirbyggjandi rannsókna er þar meðal annars vitnað til þess hve fáar laxalýs þurfi til að setjast á unglaxinn, þ.e.a.s. á

gönguseiði lax á leið sinni til hafs til þess að það verði honum að aldurtíla. Mörk þess eru mismunandi en bilið >3 - >10 lýs á fisk er nefnt sem mörk þar sem allur unglax sem lendir í slíku drepist eftir því hverjar aðstæðurnar þeirra eru. Á sama hátt nefna Johnsen og félagar að 40-50% þeirra unglaxa drepist þar sem 2-10 laxlýs hafa gert sig heimakomnar á unglaxi allt eftir því hverjar aðstæður þeirra eru hverju sinni. Í samantekt Johnsen og samstarfsmanna á því hver væri aukning á dánartíðni laxa yfir sjávargönguna fyrir tilstilli laxalúsa runnum frá fiskeldi þá fengust ærið sláandi niðurstöður. Af laxastofnum úr 401 ám sem til grundvalla lágu sem staðsettar eru eftir allri strandlengju Noregs þá var mat þeirra eftirfarandi fyrir árið 2019: Dánartíðni laxa á sjógöngu sem rekja má til laxalúsa sem runnar eru frá sjókvíaeldi á laxi var minna en 10% fyrir 179 þeirra áa, á bilinu 10–30% fyrir 140 ár og dánartíðni vegna lúsa frá fiskeldi var meira en 30% hjá laxi sem runninn var úr 82 ám úr þessum hópi. Þetta er afgerandi staðfesting á þeim vanda sem laxastofnar eru í vegna sjókvíaeldis á laxi hjá þjóð sem stendur öðrum þjóðum frammar í fiskeldi á laxi. Við getum lært margt af Norðmönnum meðal annars að gera ekki sömu mistök og þeir hafa gert. Mistökum sem felast í því að leyfa fiskeldi í opnum sjókvíum við strendur landsins. Mistökum sem valda því að ástandið versnar ár frá ári líkt og greint er frá í nýlegri grein norsks sérfræðingahóps sem hefur á sinni könnu að meta vandann sem stafar af laxeldi í sjó við Noreg (Forseth o.fl. 2017). Í þeirri grein 2017 og árskýrslum sama fólks sem stendur að baki Vísindaráðs Noregs í laxarannsóknnum, þá kemur fram að vandinn sem laxeldi í sjó skapar sé mesti vandinn sem mætir villtum laxastofnum landsins þessi árin og áratugina og að sú ógn sé mikill - en erfðablöndunarvandinn skipar fyrsta sæti þessa lista aðsteðjandi vaa er laxeldið skapar. Fast á hæla erfðablöndunarvandans í Noregi kemur dánartíðni og önnur lífsskerðing er lúsavandi runnin frá fiskeldinu skapar laxi og göngusilungi þar. Það var ekki síst á grunni lærdóms sem Norðmenn hafa skapað bæði með mistökum sínum í fiskeldi hvað laxalúsina og annað varðar, en jafnframt með framsýni sinni í rannsóknnum sínum og vöktunarmálum er varðar þau mál sem höfundur þessara skrifa líkt og fleiri, reyndi að ná eyrum íslenskra ráðamanna varðandi nauðsyn þess að koma í gagnið umhverfismati á áhrifum laxalúsar og tilheyrandi umhverfismati og viðbrögðum svo tryggja mætti að umgjörð er lágmarka skyldi áhrif laxalúsar á náttúrulega stofna laxfiska á áhrifasvæði laxeldisins (Jóhannes Sturlaugsson jan. 2019; mars 2019; 6. maí 2019). Allt kom fyrir ekki og því er í reynd ekkert tillit tekið til þess héraendis hvaða áhrif laxalús sem runnin er frá laxeldinu hefur á stofna laxfiska í næsta nágrenni laxeldisins.

Í árskýrslu áðurnefnds vísindaráðs Noregs í þessum efnun fyrir árið 2020 kemur fram að ennþá vaxi vandi villtra laxastofna landsins og aukin dánartíðni af völdum laxalúsar sem runnin er frá fiskeldi sé stór hluti af skýringunni á þeirri þróun sem meðal annars endurspeglar í auknum fjölda laxastofna þar sem sjálfbærni er komin á krítískt stig vegna þeirra áhrifa laxalúsarinnar (VRL 2020). Sú aukna vá villtra laxa og göngusilungsstofna ár frá ári er staðreynd þrátt fyrir að í Noregi gildi margfalt stífari kröfur varðandi sjókvíaeldi á laxi en eldisaðilum er uppálagt að fylgja í laxeldi héraendis (sem Norðmenn reka reyndar nær einráðir héraendis) ekki síst hvað það varðar að fylgst sé árlega með því hvaða áhrif laxeldið hefur á villta laxa- og göngusilungsstofna í því skyni að reyna að lágmarka áhrif þess eins og gert er í Noregi, líkt og bent var á nýlega í þarfri grein (Valdimar Gunnarsson 2020). Sérfræðinganevnd sem látin var meta uppfært áhættumat Hafrannsóknastofnunar gat þess að Norðmenn væru fremstir í þessum áhættumats og umhverfismatsefnum en sá hópur gerði meðal annars athugasemdir við skort á áhættumati og umhverfisvöktun héraendis á neikvæðum áhrifum laxlúsar sem fylgir laxeldi í sjó á þá villtu stofna laxfiska sem við sögu koma:

*„Þótt ekki hafi verið farið fram á það sérstaklega við nefndina í erindisbréfinu til hennar að hún mæti hvort áhættuþættirnir sem valdir voru feli í sér alhliða og viðeigandi mat á umhverfisfótspori vaxandi fiskeldis á Íslandi höfum við engu að síður sett fram nokkrar almennar hugleiðingar um það mál "..... „ Miðað við þessar bakgrunnsupplýsingar frá Noregi telur nefndin það athyglisvert að sem stendur skuli mat á hugsanlegum áhrifum fiskeldis á umhverfið á Ísland einskorðast við strokufisk og lífræna mengun. Öðrum þáttum umhverfislegrar sjálfbærni sem leiddir hafa verið í ljós með skýrum hætti, ekki aðeins í Noregi, heldur einnig í öðrum fiskeldislöndum svo sem Skotlandi og Chile, svo einhver lönd séu nefnd, virðist lítill gaumur gefinn. Nefndin leggur því til að við frekari áhættumat á Íslandi verði tekið tillit til fleir áhættuþátta en þeirra sem lagðir voru fyrir nefndina og eru metnir hér af nefndinni." (Gunnar Stefánsson o.fl. 2020)*

*.....*  
*„Laxeldi í kvíum vekur ýmiss konar álitamál varðandi umhverfissjálfbærni. Í stuttu máli varða þessi álitaeefni meðal annars áskoranir á borð við strokulax, sjúkdóma og lús og tengsl þeirra, notkun og velferð hreinsifisks (varnarfisks), áhrif á staðbundna fiskstofna, svo og efna- og lyfjaúrgang og lífrænan úrgang sem fer út í vatnsmassann um kring, svo eitthvað sé nefnt. Vísindanevndin hefur bent á að rannsóknir Hafrannsóknastofnunar í núverandi formi fela þannig ekki í sér heildarmat á mögulegum umhverfisáhrifum stækkandi fiskeldisgreinarinnar á Íslandi, heldur mat á tveimur tilteknum áhrifaþáttum. Við mælum þannig með að framtíðarvinna taki mið af öðrum hugsanlegum umhverfismálum til þess að ná fram viðtækara mati á umhverfissjálfbærni og burðarþoli. Ef lítið væri til annarra helstu laxeldisþjóða, t.d.*



*Noregs, mætti fá vísbendingar um hvaða önnur viðfangsefni ætti að íhuga og síðar laga að sérstökum aðstæðum (framleiðslu og umhverfi) á Íslandi. (Gunnar Stefánsson o.fl. 2020).*

### **Neikvæð erfðablöndun villtra laxastofna vegna þátttöku norskættaðra laxa í hrygningu þeirra villtu laxa**

Lax úr kvíum sleppur í miklu magni sem fyrr árlega hér við land (Valdimar Gunnarsson 2020), sem annarstaðar þrátt fyrir gamalkunnar söluræður eldisaðila um öryggi sjókvíastaðlanna sem þeir vinna eftir. Hluti þeirra eldislaxa ná að ganga í ár til hrygningar og sú staðreynd er verri hérlendis en víðast, því hér er eldislaxinn af norskum uppruna með tilheyrandi viðbótaráhrifum til vansa fyrir villtu íslensku laxastofnana sem verða fyrir slíkri innblöndun. Vegna þeirrar aðlögunar um aldir alda sem lífsferlar þeirra villtu laxa og aðrir eiginleikar hafa mótast af í ám hérlendis og á hafsvæðunum sem þeir laxar hafa vanið komur sínar á. Fyrirnefnd norsk Vísindaráðsnefnd nefnir erfðablöndun enn sem mestu hættuna sem villtum laxi í Noregi stafar af sjókvíaeldi á laxi, en getur þess að hættan sem laxi stafar af laxalús sem runnin er frá laxeldi í sjó fylgi fast á hæla erfðablöndunar sem helsta ógn við villta laxastofna í Noregi. Íslensk stjórnvöld bæði leiðandi stofnanir líkt og Hafrannsóknastofnun sem og Alþingi, hafa með ákvörðunum sínum ákveðið að fórna þeim faliðuðu laxastofnum sem eru í mestri hættu vegna sjókvíaeldis hérlendis. Um þetta vitnar svonefnt áhættumat erfðablöndunar Hafrannsóknastofnunar sem litið er til þegar umfang og fjarlægðarmörk fiskeldis eru ákvörðuð hérlendis. Þar er ekki tekið tillit til þeirra smáu laxastofna áa sem renna til sjávar á fjarðarsvæðum þar sem fiskeldi hefur verið leyft og þar sem það er áformað líkt og Seyðisfjörður er nú dæmi um. Víst er að höfundur þessara orða og ýmsir aðrir velunnarar villtra laxfiska sem telja ófært að stjórnvöld heimili eldisstarfsemi sem gengur klárlega í senn gegn sjálfbærni og tilvist fjölda íslenskra stofna laxfiska hefur reynt að opna augu ráðamanna fyrir þeim níðingsskap sem slík opinber stjórnsýsla felur í sér gagnvart þessum hluta íslenskrar náttúru vegna áhættumats erfðablöndunar sem gerir tilvist smárra laxastofna næst eldisvæðunum ofurselda eldisiðnaðinum. Sem og vegna þess að metnaðurinn er enginn fyrir hönd þeirra laxastofna né göngusilungsstofna í næsta nágrenni laxeldis þeirra fjarða varðandi það að ganga frá ásættanlegu áhættumati ásamt tilsvareandi viðbragsdóðáætlunum sem fylgt væri varðandi lúsavandann, sem einn og sér gerir það að verkum að það hrikir í sjálfbærni þeirra smáu laxastofna (Jóhannes Sturlaugsson jan. 2019; mars 2019; 6. maí 2019) á sama hátt og laxalúsinn spillir sjálfbærni sífellt fleiri laxastofna í Noregi (VRL 2020). Áhættumat vegna þeirrar undirliggjandi áhættu sem laxeldinu fylgir hvað sjúkdóma varðar og tilheyrandi viðbragsdóðáætlanir eru líkt og laxalúsarvandinn látið reka á reiðanum hérlendis. Það var ánægjulegt að sjá að sérfræðinganefnd sem fékk það hlutverk að meta uppfært áhættumat Hafrannsóknastofnunar skyldi gera athugasemdir við alla þá helstu þætti sem ég hafði nefnt að ráða þyrfti bót á í umsögnum mínum, þ.m.t. varðandi að uppfæra áhættuna hvað það varðar að hérlendis er verið að nota eldislaxa af erlendum uppruna sem vitað er að blandast villtum laxastofnum landsins (Gunnar Stefánsson o.fl. 2020). Einnig var sá hópur sérfræðinga sammála aðfinnslum mínum varðandi það að hlutfallslega mörk sem sett eru hvað varðar magn eldislaxa sem álitid er að geti tekið þátt í hrygningu áður en eiginleikar og tilheyrandi sjálfbærni stofnsins fer að tapast eiga ekki að vera þau sömu hjá allra minnstu laxastofnunum þar sem tilvistarlegur grundvöllur leikur þá þegar á lyginni og hjá stærri laxastofna sem svo hagar ekki til um. En eins og áður segir þá þyrftu minnstu laxastofnarnir fyrst að fá að komast á umrætt áhættumatsblað Hafrannsóknastofnunar svo hægt væri að taka tillit til þeirra. Faliðaður laxastofn Fjarðarar mun ef ekki verður gripið í taumana fljóta að feigðarósi í boði stjórnvalda en smáir laxastofnar í næsta nágrenni laxeldisins á Vestfjörðum eru nú þegar á þeirri feigðarósaför fyrir tilstilli aðgerða og aðgerðaleyfis íslenskra stjórnvalda (Jóhannes Sturlaugsson nóv. 2020).

Vítin eru til þess að varast þau hvað erfðablöndun varðar hvort heldur þau finnast erlendis eða hér heima. Í grein sem höfundur þessara orða skrifaði í Fréttablaðið í nóvember 2020 er komið inn á það að skaðinn sem erfðablöndun veldur er þegar staðfestur í einni þeirra þriggja áa sem ég er að vakta í Arnarfirði. Rannsóknagögn þaðan sýna að árum saman hefur hlutfall eldislaxa á hrygningarslóð verið yfir þeim mörkum sem álitid er að eldislax þurfi að vera innan ef sjálfbærni laxastofna eigi að vera tryggður. Í umræddri grein sem finna má á vef Fréttablaðsins (Jóhannes Sturlaugsson nóv. 2020) er jafnframt að finna tilvísanir í þær umsagnir sem hér hefur verið vitnað til að sendar hafi verið af höfundi á ráðuneyti og Alþingi í aðdraganda þess að gengið var frá nýjum ramma um hérlenda fiskeldisstarfsemi og tengla á þær sem hægt er að nýta sér sem flýtleiðir að því efni ef menn vilja kynna sér dæmin um hættunnar sem felast í gölluðu áhættumati og vöktun sem ýmist vantar eða er óskilvirk m.t.t. ýmissa grundvallarumhverfispáttá sem í hlut eiga hérlendis og önnur rök sem þar eru sett fram til varnar villtum íslenskum laxa- og göngusilungsstofnum (Jóhannes Sturlaugsson jan. 2019; mars 2019; 6. maí 2019). Aukinheldur er í grein minni frá nóvember s.l. að finna tilvísanir og tilsvareandi tengla á tvær aðrar greinar sem skrifaðar voru í sama tilgangi, annarsvegar í Fréttablaðið (Jóhannes Sturlaugsson 31. maí 2019) og hinsvegar grein sem skrifuð var í Stundina (Jóhannes Sturlaugsson des. 2018).

## Sjókvíaelði á laxi í Seyðisfirði mun skaða laxa- og göngusilungsstofna í ám í Seyðisfirði

Fyrir liggur að ef laxeldi verður leyft í Seyðisfirði á þeim nótum sem nú er unnið að þá mun það hafa skaðleg áhrif á þá stofna lax og göngusilungs sem finnast í ám í Seyðisfirði. Þetta er ljóst ef miðað að núverandi áhættumat erfðablöndunar sem setur því eldi ekki skorður er bjargað gæti faliðuðum laxastofni Fjarðará frá erfðablöndun. Erfðablöndun sem svipta mun þann stofn eiginleikum sínum á tiltölulega skömmum tíma vegna þátttöku eldislaxa af norskum uppruna í hrygningu laxins í áni. Laxalús fylgir laxeldi í sjó jafnvel þó að hún nái sér síður á strík í svalari sjó líkt og reyndin er á Austjörðum, ennþá allavega. Sá skortur sem er hérlendis á mati á áhættu frá hendi laxalúsarinnar sem runnin er frá fiskeldi og tilheyrandi símati á áhrifum hennar á laxa- og göngusilungsstofna á áhrifasvæði laxeldisins, veldur því að engin ástæða er til annars en gera ráð fyrir því að laxalús skaði slíka stofna í ám í Seyðisfirði komi til þess að laxeldi verði leyft í Seyðisfirði í því mæli sem lagt er upp með. Það er vægast ekki gott afspurnar fyrir Íslendinga að ennþá skuli umhverfismat það sem lagt er til grundvallar ákvörðunum er varða fiskeldi í sjó, ekki með virkum hætti áskilja að til grundvallar séu lögð gögn er varða það hvaða neikvæðu áhrifa megi vænta hjá villtum stofnum laxa og göngusilungs á áhrifasvæði eldisins vegna þeirra laxalúsar sem fylgir eldinu og þeirra fisksjúkdóma sem mögulegt er að komi upp fyrir tistilli þess eldis. Sama virðingarleysi fyrir íslenskri náttúru veldur því að ekkert mið er tekið af smáum laxastofnum á næsta nágrenni eldissvæðanna í því áhættumati erfðablöndunar sem fylgt er hérlendis og tilvarandi vöktun og skorti á vöktun er þau mál varðar. Lýsandi dæmi um það er sú ráðstöfun Hafrannsóknastofnunar að setja kvikmyndafiskteljara ekki fyrst upp í smáu ánum næst fiskeldinu þar sem laxastofnarnir eru í mestri hættu.

### Lokaorð

Það einlæg von mín að þeir aðilar sem taka ákvarðanir er varða það hvort sjókvíaelði á laxi verði leyft í Seyðisfirði leyfi villtum stofnum laxa og göngusilungs að njóta vafans og gefi því ekki leyfi fyrir slíku eldi á meðan núverandi ástand ríkir í umhverfi eldismála hérlendis. Ef áhuginn fyrir slíku eldi er mikill þá væri eðlilegt að ráðamenn í héraði hvettu stjórnvöld sem fara með yfirstjórn fiskeldismála að skoða hvernig bæta má það áhættumat og þá umhverfissvöktun sem fylgja þarf slíku eldi á þann veg að það sé mögulegt að ástunda slíkt sjókvíaelði án þess að það öll áhætta þess liggja hjá náttúrulegum stofnum lax og göngusilungs sem ár í næsta nágrenni eldissvæðanna fósra líkt og nú er reyndin. Fram til þessa hafa menn með aðgerðum sínum á vettvangi fiskeldis hérlendis séð til þess að þeir smáu stofnar laxa og göngusilungs færa stærstu fórnirnar sem þessi iðnaður hefur í för með sér í þeirri mynd sem hann er leyfður hérlendis. Í stuttu máli sagt þá væri eðlilegast með hliðsjón af hagsmunum íslenskrar náttúru að leggja af allt eldi á laxi í sjóvíum hér við land. Vonandi verður mikilvægt skref tekið í þá átt að snúa við þeirri óheillaþróun sem sjókvíaelði á laxi í opnum sjókvíum hérlendis vitnar um, með því að koma í veg fyrir að slíkur umhverfissóðaskapur fari í gang í Seyðisfirði.

### Heimildir

- Bjørn PA, Finstad B, Kristoffersen R (2001) Salmon lice infection of wild sea trout and Arctic char in marine and freshwaters: the effects of salmon farms. *Aquacult Res* 32: 947–962.
- Forseth T, Barlaup BT, Finstad B, Fiske P, Gjoaester H, Falkegard M, Hindar A, Mo TA, Rikardsen AH, Thorstad EB et al: The major threats to Atlantic salmon in Norway. *Ices Journal of Marine Science* 2017, 74(6):1496-1513.
- Fiskeldi Austfjarða hf. 2020. Frummatsskýrsla vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði. VIÐAUKAR. Mat á umhverfisáhrifum. 2. nóvember 2020.
- Fjellidal, P.G., Hansen, T J Karlsen, Ø. og D W Wright. 2019. Effects of laboratory salmon louse infection on Arctic char osmoregulation, growth and survival. *Conserv Physiol.* 2019; 7(1): coz072.  
<https://www.ncbi.nlm.nih.gov/pmc/articles/PMC6839430/#>
- Guðmunda Þórðardóttir og Guðni Guðbergsson. 2020. Lax- og silungsveiðin 2019. HV 2020-038.
- Gunnar Stefánsson, Glover, K. og McAdam B. 2020. Skýrsla óháðrar nefndar um athugun á aðferðafræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar.

- Johnsen, I. A., Harvey, A., Sævik, P. N., Sandvik, A. D., Ugedal, O., Adlandsvik, B., Wennevik, V., Glover, K. A., and Karlsen, Ø. Salmon lice-induced mortality of Atlantic salmon during post-smolt migration in Norway. – ICES Journal of Marine Science (2020) doi:10.1093/icesjms/fsaa202.
- Jóhannes Sturlaugsson 2012. Rannsóknir og vistkerfi Hópsins, í: Á vit margbreytileikans - Víðidalsá og Fitjá, Hópið og Gljúfurá (Karl G Friðriksson og Sigríður P. Friðriksdóttir). Salka Reykjavík 2012. bls 237-246.
- Jóhannes Sturlaugsson. Des. 2018 (birt í des2018-jan2019 prentútgáfu Stundarinnar og á vef Stundarinnar 9. jan. 2019). Laxastofnum fórnað fyrir sjókvíaelði á laxi? Stundin.  
<https://stundin.is/grein/8133/laxastofnum-fornad-fyrir-sjokviaeldi-laxi/>
- Jóhannes Sturlaugsson. Jan. 2019. Umsögn Jóhannesar Sturlaugssonar um drög að frumvarpi varðandi ýmsar breytingar á lögum er varða fiskeldi. 13. Janúar 2019. Sjá samráðsgátt stjórnarráðsins.  
[https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1256&uid=b3fb62b5-6a17-e911-944c-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1256&uid=b3fb62b5-6a17-e911-944c-005056850474)
- Jóhannes Sturlaugsson. Mars 2019. Umsögn Jóhannesar Sturlaugsson Laxfiskum um Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi. 29. mars 2019.  
<https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-4946.pdf>
- Jóhannes Sturlaugsson. Apríl 2019. Rannsóknir á fiskistofnum í ám í Ketildölum 2017 og 2018. Laxfiskar. 4 bls. Sjá vef Alþingis í fylgiskjöllum viðbótarumsagnar Jóhannesar Sturlaugssonar Laxfiskum til Atvinnuveganefndar Alþingis 6. maí 2019 vegna 647. mál á 149. löggjafarþingi (lagaákvæði er varða sjókvíaelði og fleiri þætti fiskeldis):  
<https://www.althingi.is/altext/erindi/149/149-5418.pdf>
- Jóhannes Sturlaugsson. 6. maí. Viðbótarumsögn vegna 647. mál á 149. löggjafarþingi (lagaákvæði er varða sjókvíaelði og fleiri þætti fiskeldis) frá Jóhannesi Sturlaugssyni, Laxfiskum.
- Jóhannes Sturlaugsson. 31. maí 2019. Örlög íslenskra laxastofna eru nú í höndum Alþingismanna. Fréttablaðið.  
<https://www.frettabladid.is/skodun/orlog-islenskra-laxastofna-eru-nu-i-hondum-althingismanna/>
- Jóhannes Sturlaugsson. Nóvember 2020. Sláandi hlutfall eldislaxa á hrygningarslóð villtra laxa í Arnarfirði. Fréttablaðið.  
<https://www.frettabladid.is/skodun/slaandi-hlutfall-eldislaxa-a-hrygningarslod-villtra-laxa-i-arnarfirdi/>
- Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir. 2019. Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum. HV 2019-40. 43 bls.
- Valdimar Ingi Gunnarsson. 2020. Litlu laxastofnarnir - Skortur á vöktun og hugsanlegar skaðabótakröfur. Bændablaðið 3. des. 2020.
- VRL Vitenskapelig råd for lakseforvaltning 2020. Status for norske laksebestander i 2020. Rapport fra Vitenskapelig råd for lakseforvaltning nr 15. 147 bls.
- Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson. (2001). Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðarár í Seyðisfirði. Veiðimálastofnun. VMST-R/0117, 14 bls.

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Ég, sem íbúi á Seyðisfirði, kem með bréfi þessu á framfæri mótmælum við fyrirhuguðu 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði, sbr. frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 2. nóvember 2020. Vísað er til neðangreinda röksemda í þessu sambandi:

Áhersla er lögð á að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða afar áberandi allt frá því að þeim verður komið fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, ef sá dagur kemur. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að tiltölulega bratt er í sjó fram í Seyðisfirði og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hlíðar eins og látið er að liggja í frummatsskýrslu. Að mínu mati eru áhrif á landslag því ekki aðeins talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð.

Ég er ósammála því að óveruleg sjónmengun hljótist af uppsetningu eldiskvíanna og starfrækslu hins umfangsmikla fyrirhugaða laxeldis. Bent er á villandi framsetningu í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang þess flatar fjarðarins sem sjókvíaeldið mun þekja. Í því sambandi er bent á að sá kafli sem sjókvíaeldi er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjörðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið er einkum fyrirhugað og munar þar miklu. Tilvísanir í frummatsskýrslu til þess að kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásýnd fjarðarins. Í því sambandi er bent á sá hluti fjarðarins sem mestu máli skiptir er sá sem næstur er botni hans, höfninni og kaupstaðnum, þar sem flestir búa og gestir koma.

Bent er á að áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða víkur og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og hugsanlega leiða til þess að síld, sem þekkt er að gengið hefur inn í fjörðinn, getur átt örðugra um vik, en ekki liggur fyrir hvort súrefnisþurrð getur hlotist af hinu fyrirhugaða eldi. Fyrirsjáanlegt er síðan tjón vegna marglyttumergðar eða blóma sem þrífst í kringum jafn umfangsmikið eldi og fyrirhugað er.

Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.

Fyrir liggur að ef af sjókvíaeldinu verður munu seiði verða flutt með brunnskipi frá Þorlákshöfn og þeim dælt í eldiskvíar í Seyðisfirði. Þegar til slátrunar kemur verður fiski dælt aftur í

brunnskip og að líkindum fluttur til Djúpavogs til slátrunar og vinnslu. Af þessu leiðir að þrátt fyrir mikið lýti í umhverfi og mengun, sem nánasta umhverfi íbúa Seyðisfjarðar verður fyrir, munu afar fá störf skapast. Hagur sveitarfélagsins og íbúa varður þannig afar takmarkaður ef nokkur af hinu fyrirhugaða eldi.

Tengt framangreindu er hins vegar ástæða til að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt m.a. af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra máli. Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til. Ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því, að í ljósi þess sem að framan greinir standa líkur til þess að fyrirhugað sjókvíaeldi muni frekar verka neikvætt en jákvætt á möguleg áform fólks varðandi búsetu á svæðinu.

Þá verður ekki hjá því komist, að benda á að samkvæmt yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. gilda ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar.

Þá er rétt að lýsa áhyggjum af fyrirhuguðu sjókvíaeldi í ljósi siglingaleiða og Farice strengsins, en ljóst er að áform Fiskeldis Austfjarða hf. um uppsetningu stórra kvía leiða til mannvirkja sem tiltölulega nærri liggja hvoru tveggja.

Einnig vil ég benda á að önnur lönd eru að banna þessa aðferð við fiskeldi.

Virðingaf.



Jón Hilmar Jónsson

Ktl.: 080359-4119

Árstíg 11

710 Seyðisfirði

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Ég, sem einstaklingur, kem með bréfi þessu á framfæri mótmælum við fyrirhuguðu 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði, sbr. frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 2. nóvember 2020. Vísað er til neðangreinda röksemda í þessu sambandi:

Áhersla er lögð á að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða afar áberandi allt frá því að þeim verður komið fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, ef sá dagur kemur. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að tiltölulega bratt er í sjó fram í Seyðisfirði og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hlíðar eins og látið er að liggja í frummatsskýrslu. Að mínu mati eru áhrif á landslag því ekki aðeins talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð.

Ég er ósammála því að óveruleg sjónmengun hljótist af uppsetningu eldiskvíanna og starfrækslu hins umfangsmikla fyrirhugaða laxeldis. Bent er á villandi framsetningu í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang þess flatar fjarðarins sem sjókvíaeldið mun þekja. Í því sambandi er bent á að sá kafli sem sjókvíaeldi er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjörðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið er einkum fyrirhugað og munar þar miklu. Tilvísanir í frummatsskýrslu til þess að kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásýnd fjarðarins. Í því sambandi er bent á sá hluti fjarðarins sem mestu máli skiptir er sá sem næstur er botni hans, höfninni og kaupstaðnum, þar sem flestir búa og gestir koma.

Bent er á að áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða víkur og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og hugsanlega leiða til þess að síld, sem þekkt er að gengið hefur inn í fjörðinn, getur átt örðugra um vik, en ekki liggur fyrir hvort súrefniþurrð getur hlotist af hinu fyrirhugaða eldi. Fyrirsjáanlegt er síðan tjón vegna marglyttumergðar eða blóma sem þrífst í kringum jafn umfangsmikið eldi og fyrirhugað er.

Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.

Fyrir liggur að ef af sjókvíaeldinu verður munu seiði verða flutt með brunnskipi frá Þorlákshöfn og þeim dælt í eldiskvíar í Seyðisfirði. Þegar til slátrunar kemur verður fiski dælt

aftur í brunnskip og að líkindum fluttur til Djúpavogs til slátrunar og vinnslu. Af þessu leiðir að þrátt fyrir mikið lýti í umhverfi og mengun, sem nánasta umhverfi íbúa Seyðisfjarðar verður fyrir, munu afar fá störf skapast. Hagur sveitarfélagsins og íbúa varður þannig afar takmarkaður ef nokkur af hinu fyrirhugaða eldi.

Tengt framangreindu er hins vegar ástæða til að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt m.a. af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra máli. Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til. Ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því, að í ljósi þess sem að framan greinir standa líkur til þess að fyrirhugað sjókvíaeldi muni frekar verka neikvætt en jákvætt á möguleg áform fólks varðandi búsetu á svæðinu.

Þá verður ekki hjá því komist, að benda á að samkvæmt yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. gilda ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar.

Þá er rétt að lýsa áhyggjum af fyrirhuguðu sjókvíaeldi í ljósi siglingaleiða og Farice strengsins, en ljóst er að áform Fiskeldis Austfjarða hf. um uppsetningu stórra kvía leiða til mannvirkja sem tiltölulega nærri liggja hvoru tveggja.

Jón Sigfinnsson  
kt: 010688-2489  
Þórsgötu 14, íbúð 201

Skipulagsstofnun

*Sent með tölvupósti.*

Reykjavík, 25. janúar 2021.

*Málsnúmer: 201119-0089*

**Efni: Frummatsskýrsla Fiskeldis Austfjarða hf. vegna 10.000 tonna sjókvíaeldis í Seyðisfirði**

Landssamband veiðifélaga gerir með bréfi þessu svofelldar athugasemdir við framangreinda frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 2 nóvember 2020.

**1. Burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar**

Áætlanir Fiskeldis Austfjarða hf. byggjast á burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar. Burðarþolsmat fyrir Seyðisfjörð var gefið út þann 23. ágúst 2018. Þar lagði Hafrannsóknastofnun til að hámarkslífmassi fiskeldis í Seyðisfirði verði 10.000 tonn.

Á þessu burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar hefur ekki verið framkvæmt umhverfismat, sbr. lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006. Umhverfismat áætlana skal gert vegna þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Þar með talið eru rekstrarleyfi vegna fiskeldis. Ljóst er að burðarþolsmat Hafrannsóknastofnunar er áætlun í þessum skilningi því það markar stefnu um leyfisveitingar, þ.e.a.s. veitingu rekstrarleyfa til fiskeldis. Það er hlutverk Skipulagsstofnunar að veita og gefa út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Þá er það hlutverk Skipulagsstofnunar að taka ákvörðun um hvort áætlun skuli háð ákvæðum laga um umhverfismat áætlana þegar vafi leikur á því. Skipulagsstofnun hefur staðfest við undirritaðan að burðarþolsmöt Hafrannsóknastofnunar hafa ekki verið umhverfismetin á grundvelli laga nr. 105/2006.

Mat á áhrifum áætlunarinnar, í þessu tilviki burðarþolsmats Hafrannsóknastofnunar, skal vinna samhliða áætlanagerðinni og liggja fyrir áður en áætlunin er samþykkt af viðkomandi stjórnvaldi, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 105/2006. Þessu hefur ekki verið sinnt. Umhverfismat á burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar fyrir Seyðisfjörð hefur ekki farið fram en samkvæmt framangreindu er ljóst að það er forsenda þess að hægt sé að byggja útgáfu rekstrarleyfis á burðarþolsmati. Málsmeðferðin fer í bága við gildandi lög. Umhverfismat á burðarþoli Seyðisfjarðar verður að fara fram áður en frekari ákvarðanir um fyrirhugaðar framkvæmdir Fiskeldis Austfjarða hf. verða teknar og raunar allar framkvæmdir aðrar sem byggja á burðarþolsmötum Hafrannsóknastofnunar.

Þessi meðferð málsins fer ennfremur í bága við Árósasamninginn sem Ísland fullgilti árið 2011, sbr. m.a. 6. gr. hans um þátttöku almennings í ákvörðunum um tiltekna starfsemi og 7. gr. hans um þátttöku almennings í ákvarðanatöku varðandi skipulag, áætlanir og stefnumótun í umhverfismálum.



## 2. Framkvæmdasvæði

Fyrirtækið Fiskeldi Austfjarða hf. sem er að meirihluta í eigu norsks fyrirtækis hyggst ala frjóan norskan eldislax í opnum sjókvíum í Seyðisfirði. Eitt af hinu fyrirhuguðu eldissvæðum er við Háubakka, einungis steinsnar frá ós Fjarðarár í Seyðisfirði, sem er aðallega sjóbleikjuá en auk þess veiðist nokkuð af laxi í henni. Samkvæmt reglugerð nr. 540/2020, um fiskeldi, er er ekki heimilt að ala laxfiska í sjókví sem er styttra en 5 km frá ám með villta stofna laxfiska.

## 3. Varúðarregla 9. gr. náttúruverndarlaga

Landssamband veiðifélaga telur að brotið hafi verið gegn ákvæði 9. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (hér eftir nefnd náttúruvernlög) vegna þeirrar óvissu sem er um notkun ófrjós lax, um útbreiðslu laxalúsar, hvað sleppa margir laxar og hvernig þeir blandast villtum laxi. Í 1. málslíð ákvæðisins segir: „Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga þessara, án þess að fyrir liggji með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum.“ Það getur vel átt við um þessi atriði og einnig síðari málslíðurinn um skort á vísindalegri þekkingu sem hljóðar svo: „Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.“ Skorti á vísindalegri þekkingu er t.d. beitt sem rökum á bls. 98 í frummatsskýrslunni þar sem segir orðrétt: „Auk þess sem fáar rannsóknir hafa verið gerðar á ánni. Þar af leiðandi getur verið erfitt að ákvarða um stofn árinna.“

## 4. 1. og 2. gr. náttúruverndarlaga


Landssamband veiðifélaga telur að frummatsskýrslan gangi í berhögg við markmiðsákvæði náttúruverndarlaga. Einkum er vísað til þess að í 1. mgr. 1. gr. segir að markmið laganna sé m.a. að vernda líffræðilega fjölbreytni og tryggja þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum. Og í c. líð 2. gr. segir að stefnt skuli m.a. að því að varðveita tegundir lífvera og erfðabreytilega fjölbreytni. Viðmið Hafrannsóknarstofnunar um að 4% erfðablöndun sé ásættanleg samræmist ekki þessum markmiðum og stefnu.

## 5. Niðurstaða

Með vísan til þeirra annmarka sem lýst er hér að framan krefst Landssamband veiðifélaga þess að Skipulagsstofnun grípi til viðeigandi aðgerða. Málsmæðferðina verður í öllu falli að stöðva þangað til umhverfismat áætlunar hefur farið fram á burðarþolsmati Hafrannsóknarstofnunar, sbr. lög nr. 105/2006.

Landssamband veiðifélaga áskilur sér rétt til þess að kæra ákvarðanir Skipulagsstofnanir til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Virðingarfyllst,



Elías Blöndal Guðjónsson,  
framkvæmdastjóri.

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

**Efni: Athugasemdir / mótmæli við frummatsskýrslu vegna 10.000 tonna framleiðslu á laxi í Seyðisfirði, dags. 2. nóvember 2020.**

Ég, sem íbúi á Seyðisfirði, kem með bréfi þessu á framfæri mótmælum við fyrirhuguðu 10.000 tonna eldi á laxi í Seyðisfirði, sbr. frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf., dags. 2. nóvember 2020. Vísað er til neðangreinda röksemda í þessu sambandi:

Áhersla er lögð á að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða afar áberandi allt frá því að þeim verður komið fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, ef sá dagur kemur. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að tiltölulega bratt er í sjó fram í Seyðisfirði og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hlíðar eins og látið er að liggja í frummatsskýrslu. Að mínu mati eru áhrif á landslag því ekki aðeins talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð.

260	170771-4439	Þórunn Hrund Óladóttir	Hlíðarvegi 15	Íbúi á Seyðisfirði				
261	010364-2729	Unnur Óskarsdóttir	Botnahlið 35	Íbúi á Seyðisfirði				
262	230584-3629	Dagný Erla Ómarsdóttir	Hafnargötu 6	Íbúi á Seyðisfirði				
263	250753-3309	Sigrún Sigtryggsdóttir	Botnahlið 10	Íbúi á Seyðisfirði				
264	120656-7249	Guðjón Már Jónsson	Botnahlið 9	Íbúi á Seyðisfirði				
265	200857-4889	Rúnar Laxdal Gunnarsson	Botnahlið 8	Íbúi á Seyðisfirði				
267	150256-3809	Jóhanna Gísladóttir	Botnahlið 8	Íbúi á Seyðisfirði				
268	231093-2739	Valdís Frímann Vignisdóttir	Botnahlið 8	Íbúi á Seyðisfirði				
269	060959-2429	Vigdís Helga Jónsdóttir	Botnahlið 4	Íbúi á Seyðisfirði				
270	120286-2189	Jóhann Jóhannsson	Botnahlið 7	Íbúi á Seyðisfirði				
271	210387-3239	Elisabet Maren Guðjónsdóttir	Botnahlið 7	Íbúi á Seyðisfirði				
272	130573-5259	Sigurveig Gísladóttir	Oddagötu 4B	Íbúi á Seyðisfirði				
273	100286-5139	Ída Feltendal	Botnahlið 32	Íbúi á Seyðisfirði				
274	010876-3979	Ingví Örn Þorsteinsson	Öldugötu 2	Íbúi á Seyðisfirði				
275	130102-2550	Mikael Núi Ingvason	Öldugötu 2	Íbúi á Seyðisfirði				
276	300175-5119	Sigríður Rún Tryggvadóttir	Öldugötu 2	Íbúi á Seyðisfirði				
277	310575-4459	Teresa Maria Rivarola	Austurvegi 17	Íbúi á Seyðisfirði				
278	230377-4649	Erna Lilja Helgadóttir	Norðurgötu 5	Íbúi á Seyðisfirði				
279	130772-3909	Svandís Egilsdóttir	Vesturvegi 8	Íbúi á Seyðisfirði				
280	200991-3389	Aníta Grétarsdóttir	Garðarsvegi 24	Íbúi á Seyðisfirði				
281	300578-5359	Jessica Gisèle Auer	Suðurgötu 2	Íbúi á Seyðisfirði				
282	201085-4469	Zuhaitz Akizu Gardoki	Suðurgötu 2	Íbúi á Seyðisfirði				
283	010478-5619	Ólafur Örn Pétursson	Suðurgötu 2	Íbúi á Seyðisfirði				
284	221183-2319	Kolbeinn Arnbjörnsson	Túngötu 10	Íbúi á Seyðisfirði				
285	250987-2699	Katla Rut Pétursdóttir	Túngötu 10	Íbúi á Seyðisfirði				
286	120599-2249	Emil Smári Guðjónsson	Árstíg 3	Íbúi á Seyðisfirði				
287	251255-2539	Zygmunt Antczak	Ránargötu 9	Íbúi á Seyðisfirði				
289	270687-3779	Giacomo Andreoli	Öldugötu 12	Íbúi á Seyðisfirði				
290	<b>90655-2809</b>	<b>Jón Pálsson</b>	<b>Garðarsvegi 24</b>	Íbúi á Seyðisfirði				
291	020365-5879	Sigríður Matthíasdóttir	Garðarsvegi 24	Íbúi á Seyðisfirði				
292	200192-4949	Dusan Mercak	Suðurgötu 8	Íbúi á Seyðisfirði				
293	130663-2069	Margrét Vera Knútsdóttir	Múlavegi 59	Íbúi á Seyðisfirði				
294	090655-2809	Jón Pálsson	Garðarsvegi 24	Íbúi á Seyðisfirði				
295	240180-3089	Dawid Stanislaw Kizewski	Túngötu 12	Íbúi á Seyðisfirði				
296	241085-2609	Helga Rós Magnúsdóttir	Túngötu 12	Íbúi á Seyðisfirði				
297	150850-3209	Steinunn Eldjárnisdóttir	Suðurgötu 8	Íbúi á Seyðisfirði				
298	240931-7619	Guðrún Auðunsdóttir	Múlavegi 24	Íbúi á Seyðisfirði				
300	210639-2099	Jóhann Grétar Einarsson	Fjarðarbakka 9	Íbúi á Seyðisfirði				
301	250176-3929	Sigrún Ingibjörg Jóhannsdóttir	Fjarðarbakka 9	Íbúi á Seyðisfirði				
302	310553-2129	Pétur Jónsson	Vesturvegi 3	Íbúi á Seyðisfirði				
303	310787-5589	Ilona Maria Rybka	Austurvegi 18	Íbúi á Seyðisfirði				
304	280934-4299	Mikael Jónsson	Norðurgötu 7	Íbúi á Seyðisfirði				
305	020938-4209	Lilja Guðrún Ólafsdóttir Waage	Norðurgötu 7	Íbúi á Seyðisfirði				
306	090258-4789	Ólafía María Gísladóttir	Árstíg 3	Íbúi á Seyðisfirði				

307	220183-3279	Keith Isamu Preston	Botnahlið 17	Íbúi á Seyðisfirði				
308	090274-5709	Rannveig Þórhallsdóttir	Suðurgötu 2	Íbúi á Seyðisfirði				

## Viðauki 27: Samantekt athugasemda og viðbrögð við þeim

Kafli	1	Efnisatriði:	Inngangur, málsmeðferð, ósamræmi við lög
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
1	Ólafur Hr. Sigurðsson	Að fullyrða að fiskeldi sé umhverfisvænt er nú býsna gildishlaðin fullyrðing. Væntanlega verður nú „mengandi starfsemi“ eins og verið er að fjalla um í þessu umhverfismati seint talin umhverfisvæn þó að áhrifn séu talin afturkræf. Í ljósi þess að umtalsverð andstaða er við fiskeldi á Seyðisfirði hljómar seinni hluti þessarar setningar frekar illa. Mæli eindregið með því að þessar setningar verði endur orðaðar.	<p>Fiskeldi Austfjarða er með AquaGAP-vottun á núverandi eldi. Vottunin tryggir að til framleiðslunnar er notað gæðafóður sem inniheldur fiskimjöl og lýsi frá viðurkenndum sjálfbærum aðilum. Samkvæmt AquaGAP staðlinum er óheimilt að nota eiturefni eða óæskileg lyf í eldinu og ekki heldur kopar í kvíanótum. Því er bannað að nota t.d. eiturefni í baráttu við laxalús ef hún yrði til vandræða, en taka verður fram að laxalús hefur ekki verið til vandræða í laxeldi á Austfjörðum. Auk þess hefur Vottunarstofan Tún vottað að seiðaeldi FA sé lífræn framleiðsla sem leggur áherslu á umhverfisvernd og dýravelferð. Unnið verður að því að framangreindar vottanir Fiskeldis Austfjarða taki einnig til framleiðslu á laxi í Seyðisfirði.</p> <p>Umhverfisstofnun gefur út starfsleyfi fyrir mengandi starfsemi og hefur eftirlit með slíkri starfsemi. Starfsleyfi til fiskeldis í sjó er byggt á burðarþoli viðkomandi hafsvæðis, sem skilgreinir hámarks lífmassa eldisfisks sem hægt er að hafa á svæðinu án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og jafnframt að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem fyrir það eru sett. Rekstraraðili ber að vakta helstu umhverfisþætti í nágrenni eldiskvía í þeim tilgangi að meta álag á umhverfið sem starfsemin veldur. Slíkar mælingar skulu vera m.a. samkvæmt staðlinum ISO 12878 (<i>Environmental monitoring of the impacts from marine finfish farms on soft bottom</i>) og fela í sér vöktun á viðurkenndum líffræðilegum og eðlisefnafræðilegum gæðabáttum, sem notaðir eru til að meta ástand strandsvæðavatnshlots. Bendi niðurstöður umhverfisvöktunar til þess að uppsöfnun næringarefna eigi sér stað eða að aðrar óhagstæðar aðstæður í umhverfinu eða náttúrunni að mati Umhverfisstofnunar, getur stofnunin einhliða frestað því að sett verði út seiði í viðkomandi fjörð.</p> <p>Að þessu leyti er félagið að tryggja að öll starfsemi sé í sátt við náttúru og umhverfi.</p>

			<p>Með hliðsjón af framansögðu er því hafnað að um gildishlaðna fullyrðingu sé að ræða.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
2	Aðalheiður Borgþórsdóttir	<p>Eina opinbera kynningin er umrædd frummatsskýrsla og fylgigögn sem og einn Teams fundur Fiskeldis Austfjarða á netinu sem haldinn var á hefðbundnum vinnutíma íbúa, sem sýnir ekkert annað en að hér sé miklu frekar verið að uppfylla skilyrði varðandi umsókn en óskir um samráð eða samstarf við bæjarbúa.</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða bendir á að vegna COVID-19 var ekki hægt að halda opin íbúafund til kynningar á frummatsskýrslu, en slíkur fundur er þó einungis einn þáttur í heildarkynningarferlinu. Vegna sóttvarnarráðstafana yfirvalda síðastliðið ár hafa kynningar á öðrum frummatsskýrslum verið haldnar á netinu og því um að ræða hefðbundna kynningu á covid tímum. Skipulagsstofnun samþykkti tillögu Fiskeldis Austfjarða að fara þessa leið varðandi kynningu frummatsskýrslunnar.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða bendir á að tillaga fyrirtækisins að matsáætlun var auglýst a.m.k. tvisvar árið 2016. Á þeim tíma var öllum gefin kostur á að senda inn athugasemdir. Öllum lögbundnum kynningum á framkvæmdinni hefur verið sinnt.</p>
3	Landssamband veiðifélaga	<p>Með vísan til þeirra annmarka sem lýst er hér að framan krefst Landssamband veiðifélaga þess að Skipulagsstofnun grípi til viðeigandi aðgerða. Málsmeðferðina verður í öllu falli að stöðva þangað til umhverfismat áætlunar hefur farið fram á burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar, sbr. lög nr. 105/2006. Landssamband veiðifélaga áskilur sér rétt til þess að kæra ákvarðanir Skipulagsstofnanir til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.</p>	<p>Gerð er athugasemd við málsmeðferð Skipulagsstofnunar. Það er ekki framkvæmdaraðila að svara fyrir meðferð málsins.</p>
4	Óttar Yngvarsson	<p>Fyrir hönd Náttúruverndarsamtaka Íslands, Náttúruverndarfélagssins Laxinn lífi, Veiðifélags Breiðdæla, Veiðifélags Hofsár og Sunnudalsár, Veiðifélags Vesturdalsár og Veiðifélags Selár er [...] frummatsskýrslu og fyrirhugaðri framleiðslu með norskum kynbættum laxastofni í opnum sjókvíum í Seyðisfirði alfarið mótmælt sem andstæðum lögum.</p> <p>Gerð er krafa um að Skipulagsstofnun hafni frummatsskýrslunni m.a. á sömu forsendum. Ennfremur er frummatsskýrslunni mótmælt sem ótækri vegna margvíslegra annmarka og rangfærslna.</p>	<p>Gerð er athugasemd við málsmeðferð Skipulagsstofnunar. Það er ekki framkvæmdaraðila að svara fyrir meðferð málsins.</p> <p>Fullyrt er, án rökstuðnings, að framkvæmdin sé andstæð lögum. Þessu er að sjálfsgöðu harðlega mótmælt. Fiskeldi Austfjarða bendir á að kynbætur á laxi af norskum uppruna hafa verið stundaðar síðan árið 1990, svokallaður Saga-stofn. Sá lax er eingöngu notaður hér á landi til matfiskeldis. Bannað er að ala slíkan lax í sjókvíum víða við landið, sbr. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins nr. 460/2004, en heimild þarf til að ala</p>

			<p>hann á öðrum hafsvæðum Íslands. Í þessari ráðstöfun felst viss varúðarnálgun til verndar villtum laxastofnum.</p> <p>Áður en veitt er rekstrarleyfi fyrir eldi á frjóum laxi í sjókvíum skal Matvælastofnun leggja mat á hvort umsókn samrýmist áhættumati erfðablöndunar. Í endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar Hafrannsóknastofnunar er tekið tillit til varúðarreglu laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) og telur stofnunin að skilyrði laganna um varúðarreglu hafi verið uppfyllt og eftir atvikum alþjóðasamningur um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og Bernarsamningur. Leyfi til eldis í sjókvíum byggja á lögum.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
5	Óttar Yngvarsson	<p>Greint bráðabirgðaákvæði [II. í fiskeldislögum nr. 71/2008 gildir hér sbr. ákvæði 24. gr. b. (II.) í lögum nr. 101/2019] tók gildi 19. júlí 2019 eftir birtingu laga nr. 101/2019 í A-deild Stjórnartíðinda. Samkvæmt ákvæðinu fer meðferð og afgreiðsla umsókna um rekstrarleyfi fyrir sjókvíaeldi eftir eldri ákvæðum fiskeldislaga nr. 71/2008, m.a. þar sem frummatsskýrslu hefur verið skilað fyrir gildistöku bráðabirgðaákvæðisins.</p> <p>Bent er á, að frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf. dagsettri 2. nóvember 2020 var skilað til Skipulagsstofnunar í nóvember 2020 eða löngu eftir gildistöku bráðabirgðaákvæðisins. Fer því meðferð og afgreiðsla umsókna um rekstrarleyfi eftir nýjum ákvæðum í 4. gr. a. fiskeldislaga. Samkvæmt [ákvæðinu] er alls óvíst, hvort Fiskeldi Austfjarða hf. mun verða hlutskarpasti umsóknaraðilinn um leyfi til laxeldis í Seyðisfirði á sínum tíma, þegar uppboðs- og úthlutunarferli fyrir laxeldi í Seyðisfirði hefur farið fram. Ennfremur er alls óvíst hvort þau eldissvæði, sem Fiskeldi Austfjarða hf. hyggst nýta samkvæmt frummatsskýrslunni, verða á meðal þeirra svæða í Seyðisfirði, sem kunna að verða boðin út samkvæmt 4. gr. a. í fiskeldislögum.</p>	<p>Gerð er athugasemd við að Skipulagsstofnun hafi tekið við frummatsskýrslu. Það er ekki framkvæmdaraðila að svara fyrir meðferð málsins. Þess ber þó að geta að Fiskeldi Austfjarða hf. skilaði inn fullnægjandi frummatsskýrslu skv. bráðabirgða ákvæði II í lögum um fiskeldi nr. 71 frá 2008 fyrir gildistöku ákvæðisins eða 18. júlí 2019, sbr. staðfestingu Skipulagsstofnunar, dags. 31. Janúar 2020.</p>

6	Óttar Yngvarsson	<p>Bent er á að framkvæmdin sem frummatsskýrslan fjallar um gengur í berhögg við mörg lagaákvæði, t.d. markmiðsákvæði og varúðarreglu náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og markmiðsákvæði 1. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008. Skipulagsstofnun ber skylda til að grundvalla álit sitt og ákvarðanir á þessum lagaákvæðum sem og 73. gr EES samningsins og tilskipun 2011/92/ESB um mat á umhverfisáhrifum. Einnig ber að horfa til og fylgja öðrum alþjóðlegum skuldbindingum um náttúruvernd t.d. skv. Árórsamningnum og Bernarsamningnum.</p> <p>Um öll þessi atriði ber að fjalla ítarlega í frummatsskýrslu og hvernig framkvæmdaraðili hyggst haga starfsemi sinni, þannig að hún rekist ekki á þessi lagaákvæði. Þá umfjöllun vantar í framlagða svokallaða frummatsskýrslu frá 2. nóvember 2020.</p>	<p>Markmið Árórsamningsins er að veita skuli rétt til aðgangs að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgangs að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum. Lög um mat á umhverfisáhrifum veita almenningi aðgengi að upplýsingum um umhverfisáhrif framkvæmdar og tryggja almenningi leiðir til að koma á framfæri athugasemdum sínum um umhverfismatið. Aðgerðaáætlun ríkisstjórnar Íslands 2018-2021 um Árórsamninginn gerir m.a. ráð fyrir að gert verði verklag sem tryggi enn frekar þátttöku almennings og félagasamtaka snemma í ferli ákvarðanatöku bæði á skipulags- og framkvæmdastigi og breyta löggjöf svo íslenskur réttur sé í samræmi við samninginn. Frekari innleiðing Árórsamningsins er því í gangi og leiðbeingar stjórnvalda um hvernig uppfylla eigi enn frekar markmið samningsins, m.a. með lagabreytingum, hafa ekki enn birst.</p> <p>Varúðarregla í 9. gr. náttúruverndarlaga er svohljóðandi: <i>Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga þessara, án þess að fyrir liggja með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum. Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.</i></p> <p>Til verndar villtum laxastofnum er í auglýsingu nr. 460/2004 skilgreind friðunarsvæði þar sem bannað er að stunda eldi laxfiska af eldisstofni í sjókvíum. Stjórnvöld hafa hins vegar tekið þá ákvörðun að banna ekki alfarið slíkt eldi við landið. Verði eldi leyft á hafsvæðum utan friðunarsvæða er tryggt að veruleg fjarlægð er frá eldisstað að næstu stóru laxveiðiá.</p> <p>Í álitum sínum um umhverfismat sjókvíaeldis telur Skipulagsstofnun að helstu neikvæðu áhrif eldisins felist m.a. í áhrifum á eðlisþætti sjávar (burðarþol) og mögulegum áhrifum á villta laxfiska vegna erfðablöndunar. Við vinnu á núgildandi áhættumati erfðablöndunar var mikilvægum stuðlum í reiknilíkani matsins breytt frá því sem var í fyrra áhættumati, til að koma betur til móts við varúðarsjónarmið. Þar á meðal var breytt þröskuldsgildi fjölda strokulaxa í laxveiðiám (4%) sem</p>
---	------------------	---	--



		<p>Hafrannsóknastofnun telur uppfylli skilyrði laga um varúðarreglu náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og eftir atvikum alþjóðasamning um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og Bernarsamninginn, sem hefur það meginmarkmið að vernda evrópskar tegundir villtra plantna og dýra og vistgerða sem þarfnast verndar. Áhættumat erfðablöndunar skal endurskoða innan þriggja ára frá gildistöku og byggir endurmatið á frekari þekkingu m.a. á göngum strokufiska úr eldi í þær laxveiðiár landsins, sem vaktaðar eru.</p> <p>Burðarþol hafsvæða er skilgreint sem hámarks lífmassi tegunda í eldi sem hægt er að hafa á tilteknu svæði án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið og jafnframt að viðkomandi vatnshlot uppfylli umhverfismarkmið sem fyrir það eru sett. Í mati sínu tekur Hafrannsóknastofnun m.a. tillit til varúðarnálgunar varðandi raunveruleg áhrif eldisins, einkum á botndýralíf og súrefnisstyrk sjávar. Samkvæmt lögum um fiskeldi ber Hafrannsóknastofnun að vakta lífrænt álag þeirra svæða sem metin hafa verið til burðarþols og endurskoða matið svo oft sem þurfa þykir að mati stofnunarinnar. Rekstrarleyfi skal að hámarki samrýmast burðarþolsmati og breytist það til lækkunar ber Matvælastofnun að breyta gildandi rekstrarleyfum í samræmi við það, að gefnum hæfilegum fresti til aðlögunar (sbr. 3. mgr. 6b. gr. laga um fiskeldi nr. 71/2008). Burðarþol hafsvæða við landið er unnið af helstu sérfræðingar landsins varðandi eðlisþætti sjávar.</p> <p>Mat á þoli framangreindra umhverfisþátta byggja á rannsóknum Hafrannsóknastofnunar, sem unnið er úr af helstu sérfræðingum landsins um eðlisþætti sjávar og líffræði íslenskra laxastofna. Auk þess eru lykilorðir í umhverfinu vaktaðir sem nýtast til reglulegrar uppfærslu á áhættumati erfðablöndunar og burðarþoli hafsvæða. Þannig er sem best tryggt að nýjasta þekking nýtist til ákvörðunartöku. Um þessa þætti er fjallað í frummatsskýrslu og niðurstöður umhverfismatsins byggir á þeim.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
--	--	---

7	Svandís Egilsdóttir	Það verður að teljast ótrúverðugt að lesa skýrslu sem hagsmunaaðilar gera sjálfir (greiða fyrir/eða er á þeirra vegum) þó svo að þeim sé uppálagt að skila slíkri frummatsskýrslu. Ég mótmæli slíku einhliða vinnulagi þó svo að sjálfsagt sé að framkvæmdaaðilar beri þann kostnað og axli þá ábyrgð.	Skýrt kemur fram í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum undir kafla IV að málsmeðferð vegna matskyldra framkvæmda, að umhverfismat og ritun frummatsskýrslu sé á hendi framkvæmdaraðila eða aðila á hans vegum. Skipulagsstofnun féllst á tillögu Fiskeldis Austfjarða að matsáætlun og gekk úr skugga um að frummatsskýrslan væri í samræmi við endanlega matsáætlun, áður en skýrslan var auglýst og kynnt. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	2.2	<b>Efnisatriði:</b>	Siglingar, eldissvæði, villtur lax, lax í Breiðdalsá
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
8	Celia Lobsang Harrison, Damian Rafal-Luczak, Dušan Merčák, Jonatan Spejlborg Juelsbo, Julia Martin, Justyna Materna, Laura Tack, Linus Lohmann, Maria Pilecka, Martin Fabry	Concerns about the planned salmon farm should also be expressed in regard to shipping lanes and the Farice cable, as it is clear that the plans of Fiskeldi Austfjarðar hf. regarding the installation of large pens lead to structures that are quite close to both.	<i>Aquaculture structures, with regard to the FARICE submarine cable, are discussed in section 5.1 of the EIA final report (matsskýrsla).</i>
9	Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Sesselja Jónasardóttir, Sigurfinnur Mikaelsson, Þóra Bergný Guðmundsdóttir	Þá er rétt að lýsa áhyggjum af fyrirhuguðu sjókvíaeldi í ljósi siglingaleiða og Farice strengsins, en ljóst er að áform Fiskeldis Austfjarða hf. um uppsetningu stórra kvía leiða til mannvirkja sem tiltölulega nærri liggja hvoru tveggja.	Fiskeldi Austfjarða hefur lýst yfir að það sé ekki lengur á áætlun að nýta eldissvæðið við Háubakka. <i>Fjallað er um eldismannvirki m.t.t. FARICE sæstrengsins í kafla 5.1 í matsskýrslu.</i>
10	Jón Pálsson	Jafnframt vil ég benda á að sjókvíaeldið mun þrengja verulega siglingaleiðina inn fjörðinn, en í skýrslunni kemur eingöngu fram að breidd fjarðarins sé 2,5 km við mynni hans en ekki að hann mjókkar verulega inn að botni. Sérstaklega ætti að skoða Sörlastaðavík (og Selstaðavík raunar líka) í þessu sambandi - því ekki er annað að sjá	Eldisbúnaður og fóðurprammi munu aðeins ná yfir hluta af fyrirhuguðu eldissvæði og munu ekki þrengja verulega að siglingaleiðum inn fjörðinn. Fyrir liggja umsagnir Samgöngustofu, Vegagerðarinnar og Landhelgisgæslunnar að því er tekur til siglinga. Þjónustubátar sem notaðir verða vegna eldisins eru ekki

		en siglingaleiðin að höfninni lokist þegar skip athafna sig við kvíarnar.	stór skip og taka ekki mikið pláss. Þjónustubátar munu því ekki koma til með að loka siglingaleiðum um fjörðinn þegar þeir athafna sig við kvíar. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
11	Landvernd	Vandséð er hvernig starfssemi laxeldisfyrirtækja á að ganga upp á hafnarsvæði sem gerir út á ferðamennsku. Það er mjög mikilvægt að horft sé til þess hvernig tekist hefur til í öðrum sveitafélögum með umgengni laxeldisfyrirtækja um hafnarsvæði og hvort þau uppfylli lágmarksskilyrði.	Fyrirhuguð starfsemi Fiskeldis Austfjarða á hafnarsvæði Seyðisfjarðar fer vel með þeirri ferðamennsku sem stunduð er á hafnarsvæðinu nú þegar. Starfsemi Fiskeldis Austfjarða yrði aðeins viðbót við núverandi hafnarstarfsemi, eins og reynslan hefur verið annars staðar s.s. í Djúpsvogi. Umgengni fiskeldisfyrirtækja er ekki verri en annarra aðila og farið er eftir lögum og reglum. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
12	Sigurður Filippusson	Í öðru lagi, Seyðisfjörður er besta höfn í Evrópu að margra mati, hann er svo lognsæll, djúpur og engin sker eða boðar fyrir utan hann eða inn í firðinum. Ég er á móti því að settar verði risa sjókvíar í hann á þeim þremur stöðum sem fyrirhugað er.	Athugasemdin lýsir afstöðu viðkomandi. Fiskeldi Austfjarða bregst ekki við henni.
13	Sigurður Filippusson	Í þriðja lagi, að setja risastóra eldiskví í Selstaðavík þar sem hefur í gegnum tíðina verið vinsæll staður fyrir skip að liggja þar í skjóli fyrir norðaustan átt. Einnig er hún vinsælt veiðisvæði okkar Seyðfirðinga. Fjallið þar fyrir ofan er trúlega virkasta snjóflóðasvæði í Seyðisfirði. Þar var ég undirritaður rétt lentur í stóru snjóflóði rétt áður en stóra flóðið féll á Flateyri. Einnig falla þar aurskriður.	Skip eiga að geta haldið áfram að liggja í skjóli fyrir norðaustanátt við Selstaðavíkina, komi til þess, þrátt fyrir að þar séu kvíar. Samkvæmt 35. gr. reglugerðar nr. 540/2020 um fiskeldi segir að óheimilt er að stunda veiðar nær jaðri sjókvíeldisstöðvar en 150 m. Eldissvæði og fyrirhuguð sjókvíaeldisstöð sem staðsett er í Selstaðavík nær aðeins til hluta af svæðinu við víkina og hægt ætti að stunda línuveiðar þar áfram, en í minna mæli. Fiskeldi Austfjarða lítur svo á að hugsanleg öldmyndun vegna snjóflóða muni ekki ógna eldismannvirkjum þar sem þau er hönnuð til að taka á sig öldu. Sjá einnig umfjöllun um ofanflóð í kafla 2.5.5. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

14	Svandís Egilsdóttir	Lítið er gert úr staðsetningu skipflaksins El Grillo sem er fyrir miðjum firði í skýrslunni. Úr flakinu leggur iðulega olíubrák að sumarlagi. Ekki er vitað um magn olíunnar í skipinu en það er ókannað vísbendingar eru um mikið magn. Ekki hefur náðst fyrir lekann og óábyrgt að mati undirritaðrar að vera að koma fyrir fiskeldi til mannelis í firði sem er mengaður af olíu og inniheldur auk þess mögulega tifandi tímasprengju hvað varðar mengunarslys.	Óvissa er um flakið af El Grillo vegna þess að ekki er vitað hversu mikið magn af olíu leynist þar. Það er á forræði yfirvalda að reyna að koma í veg fyrir olíuleka en ekki Fiskeldis Austfjarða. Staðsetning við Háubakka hefur verið felld niður og staðsetning næst El Grillo verður því í Sörlastaðavík, sem liggur fjarri flakinu. Bent skal á að komi til mengunarslyss vegna olíuleka ógnar það ekki bara fyrirhuguðu fiskeldi, heldur er allt lífríki fjarðarins undir. Það er ámælisvert að gefa í skyn að olíuleki ógni bara fiskeldi, því önnur hafsækin starfsemi og veiðar yrði einnig fyrir miklu tjóni. Steypt hefur verið yfir flakið og dælt úr því, en komi til olíuleka má grípa til mótvægisáðgerða til verndar lífríki í firðinum s.s. flotgirðinga. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
15	Veiðifélögin á Fljótsdalshéraði	Fiskeldi Austfjarða hf. hefur nú þegar þetta er ritað dregið til baka umsókn um það eldissvæði sem heimamenn hafa helzt barizt á móti. Það er þekkt stef í leikjafræðinni að leggja fram ítrustu og jafnframt óraunhæfar tillögur til að geta dregið til baka það sem ekki stenz og úlfúð veldur og vinna sér þar með meðbyr fyrir „fórnfúsa eftirgjöf“. Þetta breytir hins vegar engu um upphaflegu áformin sem eru eftir sem áður 10.000 tonna fiskeldi. Mengunin verður því hin sama, áhættan fyrir lífríkið minnkar ekkert og ógnin við uppbyggingarstarf fjöld veiðiáa á Héraði og Austurlandi er óbreytt.	Upphaflega voru tillögur Fiskeldis Austfjarða um að vera með eldi við Háubakka og Sörlastaðavík. Seinna fékkst samþykkt frávik frá matsáætlun um að einnig yrðu sett inn eldissvæði við Selstaðavík og Skálanesbótina. Þegar frummatsskýrsla var kynnt og auglýst voru því áætlanir um að öll eldissvæðin yrðu nýtt, þrjú þeirra yrðu aðalssvæði og eitt yrði varasvæði. Þetta voru því ekki óraunhæfar tillögur eins og haldið er fram. Hins vegar koma fram andstaða við staðsetningu eldissvæðisins við Háubakka, vegna þess að það er í fjarðarbotninum, nærri byggðinni og höfninni. Af þessum sökum lýsti Fiskeldi Austfjarða því yfir að óskað yrði eftir því við Skipulagsstofnun að umrætt svæði yrði fellt niður. Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar miðast við hámarks lífmassa í fiskeldi sem hægt er að hafa í firðinum án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið eða gæði vatnshlota fjarðarins. Mengun frá eldi Fiskeldis Austfjarða verður í samræmi við burðarþolið. Með niðurfellingu eldissvæðis við Háubakka verður öll starfsemi Fiskeldis Austfjarða utarlega í Seyðisfirði. Það er í samræmi við tilmæli Hafrannsóknastofnunar um að eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar, vegna óhagstæðari skilyrða innst í firðinum. Varðandi athugasemd um áhættu fyrir lífríkið og ógn við uppbyggingarstarf veiðiáa á Héraði og Austurlandi vísast í

			<p>viðbrögð nr. 107 við athugasemd Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
16	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar	<p>Pótt frummatsskýrsla beri þess glögg merki að fært sé í stíllinn og dregið úr þeirri vá sem sjókvíaeldi fyrir lax er fyrir villta laxastofna og lífríkið í heild, virðis sem skýrsluhöfundur geri sér grein fyrir því að að rökin verði ekki keypt eins og nýtt net. Af þeim sökum gerir skýrsluhöfundur sér sérstakt far um að gera lítið úr villtum laxastofnum á Íslandi og veiðum í ám á Austurlandi. Skrifin lýsa alvarlegu virðingar- og skilningsleysi á villtum laxastofnum og mikilvægi þeirra. Skýrsluhöfundur velur síðan að draga saman veiðitölur frá 2005-2017 þrátt fyrir að skýrslan sé lögð fram í nóvember 2020.</p> <p>Í töflu á bls. 13 er vísað til veiðitalna 2017 í Selá í Vopnafirði, en vísað er til þess að veiði hafi numið 888 löxum. Ekki verður séð að þessar tölur komi heim og saman við yfirlit Landssambands veiðifélaga þar sem veiði 2017 ver tilgreind 937 laxar í ánni. Mestu varðar þó, að veiði var til muna meiri næstu ár. Árið 2018 nam hún 1340 löxum, árið 2019 1484 löxum og árið 2020 veiddust 1258 laxar, en áin var þá í fimmta sæti yfir þær ár landsins sem flestum löxum skiluðu. Í frummatsskýrslu er vísað til þess að veiði í Hofsá 2017 hafi numið 547 löxum. Veiðitölur Landssambands veiðifélaga eru hins vegar 589 laxar það ár, 697 laxar árið eftir, 711 laxar 2019 og 1017 laxar 2020. Skoðun veiðitalna áratugi aftur í tímann sýnir enn fremur mikla veiði. Framangreint er eingöngu sett fram í dæmaskyni til að varpa ljósi á ranga framsetningu í frummatsskýrslu, en ekki er ástæða til að ætla að rangar upplýsingar og tilhliðranir takmarkist við þetta atriði í skýrslunni.</p>	<p>Umfjöllun um veiði byggir á opinberum gögnum Veiðimálastofnunar/Hafrannsóknastofnunar, sem unnin eru úr veiðibókum sem veiðifélag eða handhafi veiðiréttar sendir til stofnunarinnar hvert ár. Það eru staðreyndir, en ef veiðitölur Landssambands veiðifélaga bera ekki saman við opinber gögn er það ekki á ábyrgð Fiskeldis Austfjarða.</p> <p>Hafa ber hugfast að veiðitölur veiðifélaga eru ekki opinber gögn og hafa því takmarkað sönnunargildi. Varast ber að leggja þær til grundvallar í opinberri umræðu.</p> <p><i>Veiðitölur í kafla 3.3 í matsskýrslu eru uppfærður til ársins 2019, en nýrri upplýsingar liggja ekki fyrir í skýrslum Hafrannsóknastofnunar.</i></p> <p>Þegar um laxfiska er að ræða í eldi ber Matvælastofnun að tryggja að fjarlægðarmörk sjókvíareldisstöðvar frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km í loftlínu. Fjarlægð frá ósi Fjarðarár að sjókvíum á eldissvæði við Sörlastaðavík uppfyllir þetta skilyrði. Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæði við Háubakka.</p>
17	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar	<p>Í tengslum við framangreint er vakin athygli á því að löng umfjöllun um vankanta Breiðdalsár og fleiri straumvatna á Austurlandi er í besta falli ómakleg. Veiði í ánum hefur verið viðvarandi áratugum saman hvernig svo sem tilurð villtra stofna þar er til komin í öndverðu.</p>	<p>Laxveiði á Austfjörðum hefur almennt verið haldið uppi með gerð laxastiga, manngerðum mannvirkjum og seiðasleppingum.</p> <p>Allar upplýsingar sem til eru um Austfirði undirstrika að hverfandi líkur eru á því að sjálfbærir laxastofnar geti þrífist í ám á svæðinu. Árnar eru kaldar og næringarsnauðar dragár með miklum</p>

			<p>rennslissveiflum. Slíkar ár eru ekki náttúrulegt búsvæði fyrir lax, enda sýna heimildir, bæði skriflegar og munnlegar, að laxveiði hafi með öllu verið óþekkt þar til á seinni hluta 20. aldar. Þetta á ekki bara við um Breiðdalsá, heldur einnig þekktar laxveiðiar líkt og árnar í Vopnafirði, en þar var ekki lax sjáanlegur fyrr en að litlu ísöld lauk um aldamótin 1900. Því er ekki grundvöllur fyrir staðhæfingum um að á Austfjörðum finnist gamlir laxastofnar, jafnvel mörg þúsund ára gamlir.</p> <p>Breiðdalsá hefur, samkvæmt þeim upplýsingum sem finnast um ána, aldrei verið með náttúrulegan laxastofn enda eru ekki til gögn sem benda til slíks. Með miklum sleppingum undanfarin ár hefur verið haldið við hafbeitarstofni í ánni, sem hefur verið undirstaða laxveiði. Það verður að teljast mjög ólíklegt að þessi stofn haldist í ánni ef sleppingum yrði hætt. Ítarlega er farið yfir sögu Breiðdalsár í skýrslunni "Breiðdalsá og leitin að laxinum" en í þeirri skýrslur eru allar heimildir sem til eru um ána skoðaðar.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
18	Gunnar Sveinn Rúnarsson	<p>„Rannsóknir voru gerðar á Breiðdalsá árin 1982 og 1990. Í Breiðdalsá hefur verið sleppt seiðum um langt skeið til að styðja við laxastofn árinna. Meðalveiði árána 2005-2017 var um 650 laxar, sem er ekki mikið í ljósi mikilla sleppinga, en árið 2017 veiddust 104 laxar í ánni. Miðað við magn sleppinga þá má efast um í ljósi veiðitalna að stofn árinna sé sjálfbær.“</p> <p>Þetta orðalag virðist helst vera notað sem tilraun til þess að draga úr mikilvægi laxastofns Breiðdalsár og þar með gera lítið úr öðrum laxastofnum í ám á Austurlandi sem flestir eru fáliðaðri. Sjálfbærni er tiltölulega nýtt hugtak og ekki hlaupið að því að finna eina rétta skilgreiningu á því. Barry C. Fields skilgreinir sjálfbærni þannig: „Með sjálfbærni er almennt átt við getu kerfisins til að viðhalda sér með tímanum og gefur til kynna að komandi kynslóðir ættu ekki að vera verr settar en núverandi kynslóðir.“ Í Fjarðará í Seyðisfirði veiðast laxar á hverju ári, þó þeir skipti ekki hundruðum, og hafa veiðst í yfir 20 ár. Ekkert bendir til þess að það sé að fara að breytast nema utanaðkomandi þættir verði þess valdandi.</p>	<p>Varðandi mikilvægi laxastofns Breiðdalsár er vísað í viðbrögð nr. 17 við athugasemd Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar.</p> <p>Í áhættumati frá árinu 2017 kom fram að líkanið spáði mjög lítilli innblöndun (langt undir þröskuldsþörmum) í öllum helstu laxveiðiám landsins, nema Breiðdalsá. Því var lagt til að eldi verði ekki aukið í Berufirði og lagst gegn eldi í Stöðvarfirði vegna nálægðar við Breiðdalsá. Mikilvægi laxastofnsins í Breiðdalsá endurspeglast því í áhættumati um erfðablöndun.</p> <p>Þeir þættir sem mest ákvarða lífræna framleiðslu í ám er efnainnihald vatnsins, hversu löng áin er, sem ræður hve mikið árvatn getur hlýnað, og lengd vaxtartíma sumars. Þá er leiðni vatns vísir um magn næringarsalta, sem nýtist við lífræna framleiðslu í vatninu. Fjarðará er stutt og leiðni hennar er mun lægri en í næringarríkari laxveiðiám í Vopnafirði, sem upptök eiga á grónum heiðum og renna þaðan langan veg til sjávar. Að auki er Fjarðará fiskgeng stuttan veg og því nýtist einungis hluti hennar til</p>

		Samkvæmt skilgreiningu hér að ofan ber það þess merki að stofninn sé sjálfbær.	<p>seiðaframleiðslu, en á því svæði er bleikja ríkjandi. Laxaseiði hafa fundist neðst í Fjarðará, en seiðin sögð eiga greinilega erfitt uppdráttar. Þau eru hægvaxta og árið 2001 fannst ekkert af seiðum eldri en eins árs (+), sem talið er benda til mikilla affalla.<sup>1</sup> Af framansögðu má ljóst vera að aðstæður í Fjarðará eru óhentugar fyrir vöxt og viðgang sjálfbærs laxastofns.</p> <p>Meðallaxveiði í Fjarðará í Seyðisfirði var 13 laxar á tímabilinu 1990 - 2020). Veiðin árin 1990 til 1994 vegur þar þungt (155 laxar 1992), en síðustu fimm ár hefur veiðin verið 3-6 laxar á ári.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæði við Háubakka. Fjarlægð frá ósi Fjarðarár að sjókvíum á eldissvæði við Sörlastaðavík uppfyllir fjarlægðarmörk sjókvíareldisstöðvar frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu. Sjálfbærni er eitt og stofn er annað og má með réttu efast um að Fjarðará geymi laxastofn með sjálfbæra nýtingu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
<b>Kafli</b>	2.3.1		<b>Efnisatriði:</b> Staðhættir
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
19	Gunnar Gunnarsson	Í kaflanum um staðhætti í Seyðisfirði er því haldið fram að Seyðisfjörður teljist mjög opin fjörður. Almenn er hins vegar talið að fjörðurinn sé með þeim lokaðri á landinu. [Seyðisfirði sé ekki rétt lýst í frummatsskýrslu.] Fjörðurinn hefur verið talinn með lokaðri fjörðum landsins enda er lögun hans þannig að ekki sést út á opið haf frá kaupstaðnum. Fjörðurinn er vissulega allt að 89 m djúpur en utan við fjarðarminnið tekur við Seyðisfjarðarflói sem er við fjarðarminnið aðeins 60-72 m að dýpt. Fara þarf töluvert út í Seyðisfjarðarflóa til að það taki að dýpka aftur. Þarna er því töluverður þröskuldur í minni fjarðarins sem hamlar vatnaskipti fjarðarins.	<p>Bent er á að sjóskipti taka 10-11 sólarhringa sem bendir til að ekki er mikið um aðra þröskulda í firðinum, en þann sem er í fjarðarmynninu.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða fellst á að ekki sé rétt að tala um að Seyðisfjörður sé opin fjörður. <i>Því hefur umfjöllun fremst í kafla 3 í matsskýrslu verið uppfærð.</i></p>

<sup>1</sup> Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson (2001). Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðarár í Seyðisfirði. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/0117

20	Sigurður Filippusson	Í fimmta lagi, mynni fjarðarins er milli Skálaness og Brimness, sirka 1,7 míla. Þar fyrir utan tekur við Seyðisfjarðarflói eða úthaf. Í mynni fjarðarins grynnist mjög mikið, einkum norður af Skálanesi. Úr mynni fjarðarins út á 100 metra dýpi er sirka 7 sjómíllur. Lengd fjarðarins er sirka 8 sjómíllur. Flatarmál er sirka 22,5 ferkílómetrar. Þetta er ekki í samræmi við frummatsskýrsluna sem er til kynningar frá Verkís.	Umfjöllun í frummatsskýrslu byggir á lýsingu sem finna má í burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar. Þaðan koma tölur um stærð Seyðisfjarðar, sem tilgreindar eru í frummatsskýrslu. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	2.5.2		<b>Efnisatriði:</b> Skipulag
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
21	Aðalheiður Borgþórsdóttir	Þar fyrir utan geri ég alvarlegar athugasemdir við það að íbúar Seyðisfjarðar fái ekki að hafa meira um úthlutun hafsvæðis í firðinum að segja heldur en raun ber vitni. Að fyrirtæki geti tekið sér hafsvæði án þess að taka tillit til vilja íbúa fjarðarins er háalvarlegt mál að mínu mati og þarfnast frekari athugunar við af fjölmörgum ástæðum sem ekki verða raktar hér frekar.	Með breytingum á lögum um fiskeldi sem tóku gildi árið 2019 ákveður Hafrannsóknastofnun eldissvæði í sjó á grundvelli burðarþols og með hliðsjón af bestu hagrænni nýtingu. Stofnunin mun skilgreina eldissvæði í Seyðisfirði og um þau verður fjallað í strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði, sem nú er í vinnslu. Í strandsvæðisskipulagi er mótuð stefna og ákvæði um ráðstöfun þess svæðis sem skipulagið nær til, þar með eldissvæði. Samráð við almenning er stór þáttur í skipulagsferlinu. Framkvæmd sú sem hér er til umfjöllunar fellur þó utan útboðsákvæðis 4. gr. laga um fiskeldi nr. 71 frá 2008, sbr. br.b.ákvæði II í lögumum. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
22	Alda Sigmundsdóttir, Arna Viktoría Kristjánsdóttir, Ásta Júlía Theodórsdóttir, Disa Anderiman, Ásdís Kalman, Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir	Eins er ekki komist hjá því að mótmæla þeim yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. að ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 gildi ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar. Það er ljóst að fyrirhugað laxeldi er innan hafnarsvæðis Seyðisfjarðarhafnar, sem lýtur skipulagsvaldi sveitarfélagsins, en er ekki í einskis manns landi þar sem stjórnleysi ríkir eins og ráða má af ályktunum í frummatsskýrslu.	Vísað er í svar nr. 21 við athugasemd Aðalheiðar Borgþórsdóttur varðandi aðkomu almennings að úthlutun hafsvæða í Seyðisfirði. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>



23	Celia Lobsang Harrison, Damian Rafal-Luczak, Dušan Merčák, Jonatan Spejlborg Juelsbo, Julia Martin, Justyna Materna, Laura Tack, Linus Lohmann, Maria Pilecka, Martin Fabry	It is inevitable to point out that Fiskeldi Austfjarði's statement that the provisions of the Act on the Planning of Ocean and Coastal Areas no. 88/2018 do not apply to the company's plans for Seyðisfjörður, and is therefore questionable. The company seems to believe that as a result Seyðisfjarðarhöfn or the municipality of Múlaþing have nothing to say about the company's plans. Such an attitude appears surprising in view of the fact that all the planned salmon farms are located within the limits of Seyðisfjörðurs harbour.	Múlaþing is the planning authority for Seyðisfjörður, not the Port Authority (Seyðisfjarðarhöfn). However, the Port Authority can make a planning proposal of the port area to Múlaþing for approval.  According to amendments to the Act on aquaculture, from 2019, MRI (Hafrannsóknastofnun) defines aquaculture areas on the basis of the carrying capacity of organic load and taking into account the best economic utilization of the maritime area. MRI will define aquaculture areas (eldissvæði) in Seyðisfjörður to be included in the marine spacial planning process for coastal areas of Austfirðir, which is now ongoing. The planning process will formulate a policy and provisions on the utilisation of the area covered by the plan, including the proposed aquaculture areas. Public consultation is a key part of the planning process. However, Act no. 88/2018 does not apply to the license process in Seyðisfjörður since Law in general can not apply to past events.  <i>The comment does not lead to a substantive change in the EIA final report (matsskýrsla).</i>
24	Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Sesselja Jónasardóttir, Sigurfinnur Mikaelsson, Þóra Bergný Guðmundsdóttir	Þá verður ekki hjá því komist, að benda á að samkvæmt yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. gilda ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaelði fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar.	Vísað er í svar nr. 21 við athugasemd Aðalheiðar Borgþórsdóttur varðandi aðkomu almennings að úthlutun hafsvæða í Seyðisfirði.  Hér er verið að rugla saman strandsvæðaskipulagi skv. lögum nr. 88 frá 2018 og svo hugsanlegu skipulagsvaldi sveitarfélags eða hafnar. Skipulagsskylda sveitarfélags einskorðast við netlög en það hefur aðkomu að skipulagi strandsvæða skv. lögum nr. 88 frá 2018. Þau lög, ekki frekar en önnur lög almennt, geta ekki virkað afturvirkir enda íþyngjandi.  <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
25	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar	Að lokum verður ekki orða bundist í tengslum við skipulagsþátt þeirrar framkvæmdar sem FA stefnir að. Samkvæmt yfirlýsingum félagsins lítur það svo á að ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2014 gildi ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að engu skipulagsvaldi sé fyrir að fara þrátt fyrir að allt hið fyrirhugaða sjókvíaelði falli sannarlega innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar og sé upp við siglingaleiðir og	Hafnarstjórn hefur ekki eiginlegt skipulagsvald, en getur gert tillögu að skipulagi hafnarvæðis og sent skipulagsnefnd eða sveitastjórn tillöguna til umfjöllunar og staðfestingar. Því er hafnað að skipulagsvald hafna nái til eldismannvirkja á sjó, enda gengur það gegn tilgangi hafnarlaga.  Umhverfismatferlið og leyfi umsóknar um eldi á 10.000 tonnum í Seyðisfirði byrjaði árið 2016 og áður en lög nr. 88/2018 um haf- og

		<p>Farice strenginn. Umbj. okkar bendir á að Seyðisfjarðarhöfn og sveitarfélagið sem slíkt hafi, a.m.k. til þessa dags, hlutast til um að veita starfsemi og framkvæmdum brautargengi sem jákvæð séu safmfélagi og gangi ekki á rétt annarra og mikilvæga nátturu. Ekki verður séð að áform FA sem rakin eru í frummatsskýrslu samræmist í neinu skipulagi eða hagsmunum nokkurs annars í grennd við fyrirhugað 10.000 tonna sjókvíaeldi.</p>	<p>strandsvæðaskipulag tóku gildi. Þangað til var ekki til eiginlegt skipulagsvald á strandsvæðum hér við land þar sem skipulagsvald sveitarfélaga nær aðeins út að netlögum. Samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða er framkvæmd skipulags hjá viðkomandi svæðisráði.</p> <p>Það er afstaða Fiskeldis Austfjarða að taka verður tillit til þeirra verkefna sem eru í gangi og hófust áður en vinna við haf- og strandsvæðaskipulag hófst. Fiskeldi Austfjarða bendir á að tillögur að skipulagsupprætti og greinagerð með strandsvæðisskipulagi á Austfjörðum hafa ekki enn verið birt. Þar af leiðandi er ekki hægt að fullyrða hvort framkvæmd Fiskeldis Austfjarða samræmist ekki skipulagi eða hagsmunum annarra. Fiskeldi Austfjarða lítur svo á að hagsmunir þess og annarra geti farið vel saman í Seyðisfirði.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
26	<p>Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur</p>	<p>Umbj. minn getur að síðustu ekki látið hjá líða að benda á að samkvæmt yfirlýsingum FA lítur félagið svo á að ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 gildi ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að engu skipulagsvaldi sé fyrir að fara á svæðinu þrátt fyrir að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi falli sannarlega innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar og sé upp við siglingaleiðir og Farice strengur.</p>	<p>Hafnarstjórn hefur ekki eiginlegt skipulagsvald, en getur gert tillögu að skipulagi hafnarsvæðis og sent skipulagsnefnd eða sveitastjórn tillöguna til umfjöllunar og staðfestingar.</p> <p>Umhverfismatsferlið og umsókn um leyfi vegna eldis á 10.000 tonnum í Seyðisfirði byrjaði árið 2016 og áður en lög nr. 88/2018 um haf- og strandsvæðaskipulag tóku gildi. Þangað til var ekki til eiginlegt skipulagsvald á strandsvæðum hér við land þar sem skipulagsvald sveitarfélaga nær aðeins út að netlögum.</p> <p>Samkvæmt lögum um skipulag haf- og strandsvæða er framkvæmd skipulags hjá viðkomandi svæðisráði, en það þarf ætíð staðfestingu ráðherra.</p> <p>Í athugasemd er dylgjað um að Fiskeldi Austfjarða telji að engu skipulagsvaldi sé fyrir að fara á svæðinu. Því hafnar Fiskeldi Austfjarða. Samkvæmt lögum nr. 88/2018 um skipulagi haf- og strandsvæða er það hjá viðkomandi svæðisráði. Það breytir samt ekki þeirri afstöðu Fiskeldis Austfjarða að taka verður tillit til þeirra verkefna sem eru í gangi og hófust áður en vinna við haf- og strandsvæðaskipulag hófst. Lögin eru jafnframt ekki afturvirk og hafa þannig ekki áhrif á þetta matsferli.</p>

			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i>
27	Guðlaugur Kristinn Óttarsson	Eins er ekki komist hjá því að mótmæla þeim yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. að ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 gildi ekki um fyrirhuguð áform félagsins.	<p>Með breytingum á lögum um fiskeldi sem tóku gildi árið 2019 ákveður Hafrannsóknastofnun eldissvæði í sjó á grundvelli burðarþols og með hliðsjón af bestu hagrænni nýtingu. Stofnunin mun skilgreina eldissvæði í Seyðisfirði og um þau verður fjallað í strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði, sem nú er í vinnslu. Í strandsvæðisskipulagi er mótuð stefna og ákvæði um ráðstöfun þess svæðis sem skipulagið nær til, þar með eldissvæði. Samráð við almenning er stór þáttur í skipulagsferlinu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i></p>
28	Guðlaugur Kristinn Óttarsson	Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar. Það er ljóst að fyrirhugað laxeldi er innan hafnarsvæðis Seyðisfjarðarhafnar, sem lýtur skipulagsvaldi sveitarfélagsins, en er ekki í einskis manns landi þar sem stjórnleysi ríkir eins og ráða má af ályktunum í frummatsskýrslu.	<p>Dylgjað er um að Fiskeldi Austfjarða telji að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið hafi ekkert um áform félagsins að segja. Á það skal bent að hafnarstjórn hefur ekki eiginlegt skipulagsvald, en getur gert tillögu að skipulagi hafnarsvæðis og sent skipulagsnefnd eða sveitastjórn tillöguna til umfjöllunar og staðfestingar.</p> <p>Með breytingum á lögum um fiskeldi sem tóku gildi árið 2019 ákveður Hafrannsóknastofnun eldissvæði í sjó á grundvelli burðarþols og með hliðsjón af bestu hagrænni nýtingu. Stofnunin mun skilgreina eldissvæði í Seyðisfirði og um þau verður fjallað í strandsvæðisskipulagi, sem svæðisráð um gerð strandsvæðisskipulags fyrir Austfirði vinnur nú að. Í svæðisráðinu eiga sæti m.a. fulltrúar sveitarfélaga á Austurlandi. Því getur sveitarfélagið Múlaþing haft sitt að segja um áform Fiskeldis Austfjarða.</p> <p>Umhverfismatsferlið og umsókn um leyfi vegna eldis á 10.000 tonnum í Seyðisfirði byrjaði árið 2016 og áður en lög nr. 88/2018 um haf- og strandsvæðaskipulag tóku gildi. Það er afstaða Fiskeldis Austfjarða að taka verður tillit til þeirra verkefna sem eru í gangi og hófust áður en vinna við haf- og strandsvæðaskipulag hófst.</p>

			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
29	Landvernd	Stjórn Landverndar er ósammála mati Fiskeldis Austfjarða um að nýtt skipulag haf- og strandsvæða verði starfsemi laxeldis í firðinum algjörlega óviðkomandi og muni því engin áhrif hafa á starfsemi þeirra. Um slíkt er tæplega hægt að fullyrða nema því aðeins að fyrirtækið telji sig um alla framtíð geta farið sínu fram óháð mögulegum breytingum á skipulagi haf- og strandsvæða. Út frá þessu sjónarhorni og viðhorfi fyrirtækisins til þeirrar metnaðarfullu vinnu sem nú er unnin við gerð haf- og strandsvæðaskipulags, má skilja að fyrirtækið hafi takmarkaðan áhuga á samráði eða samtali um framtíðarnýtingu fjarða. Vegna þessarar afstöðu fyrirtækisins er það mikið óráð að úthluta leyfum til fiskeldis í Seyðisfirði. Þessi afstaða fulltrúar fyrirtækisins bendir til þess að það telji að um varanlega og óafturkræfa úthlutun sé að ræða, að staðsetningar sjókvía skuli fara með sem ígildi eignarréttar, þar sem þeir í engu telja sig háða öðrum utanaðkomandi þáttum sem mögulega getur komið til í framtíðinni.	<p>Umhverfismatsferlið og umsókn um leyfi vegna eldis á 10.000 tonnum í Seyðisfirði byrjaði árið 2016 og áður en lög nr. 88/2018 um haf- og strandsvæðaskipulag tóku gildi. Fiskeldi Austfjarða hefur verið í samskiptum við verkefnisstjóra haf- og strandsvæðaskipulags hjá Skipulagsstofnun auk þess sem fyrirtækið hefur komið sjónarmiðum sínum og áætlunum á framfæri á öðrum vettvangi, í formi athugasemda í tengslum við auglýsingu skipulagslýsingar. Fiskeldi Austfjarða hefur verið virkt í samskiptum og vinnu sem tengjast fyrirhuguðu strandsvæðisskipulagi eins og kostur er.</p> <p>Fyrirtækið lítur svo á að þau leyfi sem verða að lokum gefin út fyrir starfseminni séu ekki varanleg eða óafturkræf þar sem slíkt er í andstöðu við lög nr. 71/2008 um fiskeldi (rekstrarleyfi) og lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þar kemur skýrt fram að leyfi eru gefin út til ákveðins tíma, hægt er að endurnýja þau að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Leyfisveitendur hafa líka heimild til að afturkalla þau ef rökstuddur grunnur er um brot. Fiskeldi Austfjarða hafnar dylgjum Landverndar.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
30	Landvernd	Áætlað er að tillaga um haf- og strandsvæðaskipulag liggja fyrir næsta vor þ.e. 2021. <u>Landvernd hvetur Skipulagsstofnun að beita sér fyrir því að koma í veg fyrir laxeldi sem bindur hendur málsaðila við gerð skipulagsins.</u> Jafnframt, að ekki verði haldið áfram með fiskeldisáform í Seyðisfirði fyrr en skipulag haf- og strandsvæða verði lokið með fullri aðkomu samfélagsins. Þá fyrst mun koma í ljós hvort fiskeldi eigi heima í Seyðisfirði eða ekki. Landvernd lítur svo á að það sé ólýðræðisleg nálgun að festa fiskeldið í sessi á þessum tímamarki, sérstaklega í ljósi þess að samfélagið á Seyðisfirði hefur mótmælt fiskeldi í firðinum harðlega með	<p>Krafa Landsverndar um að Skipulagsstofnun eigi að beita sér sértaklega gegn framkvæmdinni og tefja málið jaðrar við að verið sé að hvetja til lögbrots. Lögin eru skýr og ber Skipulagsstofnun að fara eftir þeim og getur stofnunin ekki tafið mál eða komið í veg fyrir þau.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

		<p>framlagningu sérstaks undirskriftalista. Tæplega 300 manns, um helming kosningabærra íbúa, hefur tekið undir þá kröfu. Verði gengið fram hjá vinnu við haf- og strandsvæðaskipulag með þessum hætti þá yrði vinna svæðisráðs um haf- og strandsvæðaskipulag gjaldfelld. Ef sniðganga á hina lýðræðislegu leið sem skipulag haf- og strandsvæða felur í sér með samtali og samráði við samfélagið og aðra hagsmunaaðila á svæðinu, er fiskeldisfyrirtækjum nú að mestu í erlendri eigu, gefin full heimild til að klára skipulagsgerð í Seyðisfirði áður en öðrum hagsmunaaðilum verður hleypt að borðinu. Slík vinnubrögð gagnvart samfélaginu brjóta gegn grundvallarreglum og um jafnræði þegar kemur að jafn stórum málum og hér um ræðir og varðar okkar sameiginlegu auðlindir.</p> <p>[...]</p> <p>Undir jafn gríðarlega stórum áformum og hér um ræðir þurfa lögbær stjórnvöld að gera það upp við sig hvort hagsmunir og viðhorf heils samfélags skipti meira máli eða einkafyrirtæki sem hefur það einasta að markmiði að ávaxta eigið pund án þess að sýna viðkomandi samfélagi að það sé til staðar heildstæður ávinningur af þessum stóra gjörningi sem 10.000 tonna framleiðsla á laxeldi er á jafn viðkvæmu svæði.</p> <p>Landvernd telur að í ljósi þeirra fjölmörgu annmarka sem hér hefur verið lýst og eftir samtöl við fjölmarga einstaklinga, að heilladrýgst væri að leggja til hliðar þau áform um laxeldi sem lýst er í frummatsskýrslu. Landvernd hvetur því Skipulagsstofnun að beita sér fyrir því að öll frekari áform um fiskeldi í Seyðisfirði verði lögð til hliðar vegna þeirra annmarka sem gefur á að líta í frummatsskýrslu og lýst er hér að ofan, og vegna þess að vinnu við haf- og strandskipulag hefur ekki verið lokið.</p>	
31	Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST)	<p>Tillaga um haf- og strandsvæðaskipulag liggur fyrir á næsta ári þ.e. á vordögum 2021. NAUST hvetur Skipulagsstofnun til að beina þeim áformum sem liggja fyrir í fiskeldi í Seyðisfirði inn í skipulag Haf og strandsvæða þar sem allir hagsmunaaðilar auk íbúa komi jafnt að borði er varðar allt skipulag í og við Seyðisfjörð. NAUST bendir að samfélagið á Seyðisfirði hefur nýverið mótmælt fiskeldi í firðinum harðlega með framlagningu sérstaks undirskriftalista þar sem 300 íbúar rituðu nafn sitt. Sveitarfélagið Múlaþing hefur sömuleiðis gert</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða hefur verið í samskiptum við verfnisstjóra haf- og strandsvæðaskipulags hjá Skipulagsstofnun auk þess sem fyrirtækið hefur komið sjónarmiðum sínum og áætlunum á framfæri á öðrum vettvangi, í formi athugasemda í tengslum við auglýsingu skipulagslýsingar. Fiskeldi Austfjarða hefur verið virkt í samskiptum og vinnu sem tengjast fyrirhuguðu strandsvæðisskipulagi eins og kostur er.</p>

		<p>alvarlegar athugasemdir. Skipulag haf- og strandsvæða er eina raunhæfa leiðin og eina lýðræðislega leiðin í þessu mjög svo umdeilda máli til að ná mögulegri sátt. Viðhlítandi gögn og upplýsingar hér í frummatskýrslu eru ekki þess eðlis að vekja traust eða trúverðugleika á þau áform sem uppi eru.</p>	<p>Umhverfismatsferlið og umsókn um leyfi vegna eldis á 10.000 tonnum í Seyðisfirði byrjaði árið 2016 og áður en lög nr. 88/2018 um haf- og strandsvæðaskipulag tóku gildi. Það er afstaða Fiskeldis Austfjarða að taka verður tillit til þeirra verkefna sem eru í gangi og hófust áður en vinna við haf- og strandsvæðaskipulag hófst.</p> <p>Skipulagsstofnun hefur ekki lagaheimild til þess að beita sér sérstaklega fyrir því að áform um fiskeldi í Seyðisfirði falli inn í skipulag haf- og strandsvæða. Það frumkvæði verður að koma frá framkvæmdaraðila.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i></p>
32	North Atlantic Salmon Fund (NASF) á Íslandi	<p>Í grein 2.5.2. kemur eftirfarandi fram: „Þann 12. júní 2018 samþykkti Alþingi ný lög nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða, en tilgangur laganna er að skapa ramma um strandsvæðaskipulag hér við land. Strandsvæðaskipulag er skipulagsáætlun fyrir tiltekið strandsvæði þar sem fram koma markmið og ákvarðanir um framtíðarnýtingu hvers svæðis og hvers konar framkvæmdir falla að nýtingu svæðisins. Fiskeldi í sjó mun falla undir þessi lög. 29 Taka skal fram að samkvæmt framkomnu nefndaráliti samgöngu- og umhverfisnefndar Alþingis frá 7. júní 2018 þá mun frumvarpið ekki hafa afturvirk áhrif og munu þau ekki hafa áhrif á mál sem þegar eru í ferli hjá viðeigandi stofnunum. Þetta á t.d. við um mál sem eru í mati á umhverfisáhrifum og hvar samþykkt tillaga að matsáætlun liggur fyrir. 30 Fyrirhugað sjókvíaeldi Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði mun því ekki falla undir gildissviðið laganna skv. þessu.“ Eins og fram kom hér áður mótmælir meirihluti íbúa Seyðisfjarðar því að fá sjókvíaeldi á laxi í fjörðinn. Samt sem áður ætlar Fiskeldi Austfjarða hf að æða áfram á þeim forsendum að ný lög um skipulag haf- og strandsvæða eigi ekki við um þá. Ef að um mengandi og umdeildan iðnað er að ræða líkt og sjókvíaeldi, þá hlýtur náttúruvernd og vilji íbúa á svæðinu að hafa meira vægi en gróðaáform eins fyrirtækis.</p>	<p>Umhverfismatsferlið og umsókn um leyfi vegna eldis á 10.000 tonnum í Seyðisfirði byrjaði árið 2016 og áður en lög nr. 88/2018 um haf- og strandsvæðaskipulag tóku gildi. Fiskeldi Austfjarða hefur verið í samskiptum við verkefnisstjóra haf- og strandsvæðaskipulags hjá Skipulagsstofnun auk þess sem fyrirtækið hefur komið sjónarmiðum sínum og áætlunum á framfæri á öðrum vettvangi, í formi athugasemda í tengslum við auglýsingu skipulagslýsingar. Fiskeldi Austfjarða hefur verið virkt í samskiptum og vinnu sem tengjast fyrirhuguðu strandsvæðisskipulagi eins og kostur er.</p> <p>Burðarþol hafsvæðis miðast við hámarks lífmassa í fiskeldi sem hægt er að hafa á tilteknu svæði án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið eða gæði vatnshlotsins þar sem eldið fer fram. Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar verður reglulega endurskoðað með hliðsjón af niðurstöðum vöktunar Hafrannsóknastofnunar. Útgefin leyfi til fiskeldis mun taka mið af áætluðu burðarþoli Seyðisfjarðar hverju sinni.</p> <p>Tilgangur mats á umhverfiráhrifum er að meta hugsanleg áhrif framkvæmdar á umhverfið og síðan að koma fram með mótvægisáðgerðir, þurfi að koma til þeirra. Að mynda sér skoðun fyrirfram án vísindalegra gagna eins og NASF gerir og halda fram um mengandi iðnað sé að ræða gengur ekki upp.</p>

			<p>Ekki liggur fyrir hlutlæg könnun á afstöðu íbúa Seyðisfjarðar og þeir undirskriftalistar sem liggja fyrir eru ekki marktækir.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
33	North Atlantic Salmon Fund (NASF) á Íslandi	<p>Einnig kemur eftirfarandi fram í grein 2.5.2. „Í aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 er ekki fjallað um eða sett fram stefna um fiskeldi, en talað er um að skapa möguleika fyrir fjölbreytt atvinnulíf og að slík starfsemi fari fram í sem bestri sátt við samfélag og umhverfi. Fyrirhuguð starfsemi í Seyðisfirði fellur að þessum markmiðum sérstaklega í ljósi þess að starfsemi Fiskeldis Austfjarða er umhverfisvæn og þar að leiðandi í sátt við umhverfið og samfélagið“. Það er einungis fyrirtækið sjálft sem heldur því fram að starfsemin sé umhverfisvæn. NASF er svo sannarlega ekki sammála því. Hvað það varðar þá er ekki hægt að segja að sjókvíaeldi sé í neinu tilfelli umhverfisvæn starfsemi. Eins og kom fram hér fyrir ofan er sjókvíaeldi talin stærsta manngerða ógnin við villta laxastofna (Norska Vísindaráðið, 2019) og getur haft mjög skaðleg áhrif á lífríki í fjörðum. Eftir því sem umfang sjókvíeldis verður meira þá eykst lúsavandamálið. Til að vinna gegn lúsunni eru notuð eiturefni sem streyma svo út í fjörðinn. Þar að auki hefur undirskriftasöfnun og afstaða íbúa sýnt fram á það að starfsemin er svo sannarlega ekki í sátt við samfélagið.</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða bendir á að ekki hafa komið upp þau lúsavandamál í eldi fyrirtækisins á Austfjörðum sem verið er að lýsa í athugasemd. Ýmsar ástæður eru fyrir því, s.s. lágt hitastig. Sjá einnig svar nr. 92 við athugasemd Gunnars Sveins Rúnarssonar.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða mun ekki nota skaðleg eiturefni ef svo vildi til að lús næðist að magnast upp. Fiskeldi Austfjarða er með AquaGAP-vottun á núverandi eldi fyrirtækisins. Samkvæmt vottunarstaðlinum er óheimilt að nota eiturefni eða óæskileg lyf í eldinu og ekki heldur kopar í kvíanótum. Unnið verður að því að vottunin taki einnig til framleiðslu á laxi í Seyðisfirði.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
34	Samhljóða athugasemdd 114 einstaklinga	<p>Þá verður ekki hjá því komist, að benda á að samkvæmt yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. gilda ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 ekki um fyrirhuguð áform félagsins. Virðist félagið telja að af því leiði að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja. Slík afstaða kemur á óvart í ljósi þess að allt hið fyrirhugaða sjókvíaeldi fellur innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar.</p>	<p>Vísað er í svar nr. 28 vegna athugasemdar Guðlaugs Kristins Óttarssonar.</p>

35	Samhljóða athugasemd 114 einstaklinga	Þá er rétt að lýsa áhyggjum af fyrirhuguðu sjókvíældi í ljósi siglingaleiða og Farice strengsins, en ljóst er að áform Fiskeldis Austfjarða hf. um uppsetningu stórra kvía leiða til mannvirkja sem tiltölulega nærri liggja hvoru tveggja.	Fiskeldi Austfjarða hefur lýst yfir að það sé ekki lengur á áætlun að nýta eldissvæðið við Háubakka. <i>Fjallað er um eldismannvirki m.t.t. FARICE sæstrengsins í kafla 5.1 og 5.3 í matsskýrslu.</i>
36	Sigurður Filippusson	Í fyrsta lagi, er ég ekki sammála því að okkur Seyðfirðingum komi ekkert við hvað er gert hér í firðinum. Netalög jarða ná 115 metra frá stórstreymis fjöruborði. Rekamörk eru sirka 600 metra frá landi samkvæmt gömlum lögum sem enn eru í gildi.	Réttindi landeigenda sjávarjarða innan netlaga og rekamarka eru umdeild og hefur margt verið skrifað um þau. Umrædd framkvæmd er utan netlaga og ekki verður talið að hún hafi áhrif á reka, hvernig svo sem réttindum yfir honum er háttað. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
37	Svandís Egilsdóttir	Að lokum geri ég athugasemd við að ekki sé beðið eftir skipulagi haf- og strandsvæða, og að fyrirtækið eigi ekki í betra samstarfi við nærsamfélagið á Seyðisfirði. Við fyrstu rafrænu kynningu á frumskýrslunni í nóvember 2020 kemur í ljós að 300 heimamenn eru mótfallnir fiskeldi í firðinum skv. undirskrifalista. Ástæða er til að taka mark á og hlusta á þau mótmæli þar sem að skýrt kom fram að fólk sem skrifaði undir er alfarið mótfallið allri hugmyndinni um fiskeldi í firðinum. Slíkt samstarf og sátt við nærumhverfið er augljóslega vilji löggjafans skv. nefndaráliti atvinnuveganefndar alþingis.	Með breytingum á lögum um fiskeldi sem tóku gildi árið 2019 ákveður Hafrannsóknastofnun eldissvæði í sjó á grundvelli burðarþols og með hliðsjón af bestu hagrænni nýtingu. Stofnunin mun skilgreina eldissvæði í Seyðisfirði og um þau verður fjallað í strandsvæðisskipulagi, sem svæðisráð um gerð strandsvæðisskipulags fyrir Austfirði vinnur nú að. Í svæðisráðinu eiga sæti m.a. fulltrúar sveitarfélaga á Austurlandi. Því getur sveitarfélagið Múlaþing haft sitt að segja um áform Fiskeldis Austfjarða. Í strandsvæðisskipulagi er mótuð stefna og ákvæði um ráðstöfun þess svæðis sem skipulagið nær til, þar með eldissvæði. Samráð við almenning er stór þáttur í skipulagsferlinu. Í athugasemd Fiskeldis Austfjarða við lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum er lögð áhersla á að upplýsingar um mál sem eru í formlegu ferli við mat á umhverfisáhrifum hjá Skipulagsstofnun séu nýttar við gerð strandsvæðisskipulagsins. Í svari svæðisráðs segir að horft verði til þeirra mála sem eru í ferli á Skipulagsstofnun á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II í lögum um fiskeldi og einnig verði fylgst með málum sem eru í vinnslu vegna breytinga á leyfum. Samráð hefur verið haft við heimamenn, framkvæmdin kynnt lögum samkvæmt og afstaða Múlaþings liggur fyrir. Um títtnefndan undirskriftarlista verður það eitt sagt að hann er ekki hlutlægt unnin og framkvæmdin hefur tekið breytingum frá því að



			<p>hann var gerður til að koma til móts við áhyggjur manna af eldissvæði við Hábakka.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
38	Svandís Egilsdóttir	<p>Eins og einnig má lesa í fundargerðum Seyðisfjarðarkaupstaðar hafa í ferlinu komið fram efasemdaraddir í sveitastjórn vegna þessara áforma í leyfis- og viðræðuferlinu, til að mynda með hliðsjón af helgunarsvæði hafnarinnar á Seyðisfirði. Spyrja má hvort að ekki sé rétt að fyrri helgunarréttur hafnarinnar sé í gildi þegar að umsóknin um leyfi til fiskeldis byggir á eldri umsókn og eldri tímaramma. Þarf ekki að vera samhengi þarna? - eða getur fiskeldisfyrirtækið lagt inn umsókn og byggt sína umsókn á eldri lagaramma en miðað við að helgunarsvæði lúti nýrri reglum?</p>	<p>Í hafnarreglugerð nr. 275/2006 fyrir Seyðisfjarðarhöfn kemur skýrt fram að hafnarsvæðið skiptist í innra svæði og ytra svæði. Innra svæðið miðast við línu sem dreginn er á milli Grjótagarða að sunnan og Grýtár að norðan. Ytri mörk hafnarinnar eru við línu sem dregin er á milli Sléttanes og Skálanes yst í firðinum. Skipulagsvald sveitarfélaga nær til hafnarmannvirkja á hafnarsvæði en ekki verður talið að eldisbúnaður falli undir skilgreiningu laga á hafnarmannvirkjum enda þau tæmandi talin í lögum.</p> <p>Mikilvægt er að skýra hafnarlög með hliðsjón af 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en þar segir að skipulagsskylda sveitarfélaga nær til lands og hafs innan marka sveitarfélaga, sem miðast við netlög. Öll eldissvæði verða fyrir utan þessi mörk. Vegna þess er ekki hægt að tala um sérstakan helgunarrétt hafna þótt að allur fjörðurinn sé skilgreindur sem hafnarsvæði og hefur það frekar að gera með siglingaleiðir og vita. Auk þess verður að benda á að hvorki sveitarfélagið og hafnarstjórn eru leyfisveitendur samkvæmt núverandi regluverki.</p> <p>Að lokum er bent á að Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæðið við Hábakka.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
39	Undirskriftalisti 308 einstaklinga	<p>2) að fyrirtækið túlki óskýra hafnarlöggjöfina þannig að höfnin/bæjaryfirvöld fyrir hönd íbúa hafi ekkert skipulagsvald í eigin firði árið 2021.</p>	<p>Samkvæmt 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 nær skipulagsskylda sveitarfélags til lands og hafs innan marka sveitarfélaga. Mörk sveitarfélags til hafs miðast við netlög, eða 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru. Undir þetta fellur einnig skipulag hafnarsvæðis skv. 5. gr. hafnalaga nr. 61/2003, en þess ber og að geta að þá tekur hugtakið höfn skv. hafnarlögum og það sem henni tilheyrir ekki til eldisbúnaðar. Í því ákvæði er</p>

			<p>tæmandi talið það sem fellur undir hugtakið höfn, en ákvæðið er íþyngjandi og skal skýrast þröngri lögskýringu.</p> <p>Skipulag í sjálfum firðinum fellur undir lög nr. 88/2018 um haf- og strandsvæðaskipulag. Þar fer svæðisráð, sem fulltrúi sveitarfélaga á svæðinu á sæti í, með skipulagsvaldið en ekki sveitarfélagið.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
40	Ungir umhverfissinnar	<p>Við hvetjum Fiskeldi Austfjarða eindregið til þess að halda ekki lengra með áform sín um fiskeldi í Seyðisfirði fyrir en vinnu við skipulag haf- og strandsvæða skv. lögum nr. 88/2018 hefur verið lokið, þrátt fyrir að þau telji sig ekki vera bundin af lögnum. Markmið laganna er m.a. að tryggja samráð við sveitarfélög, almenning og aðra hagsmunaaðila við skipulagsgerð, en mikilvægt er að svo stórt verkefni sé unnið í góðu samráði við heimafólk. Slíkt samráð er enn mikilvægara í ljósi þess hve stór hluti Seyðfirðinga hefur skrifað undir lista sem mótmælir áformunum félagsins.</p>	<p>Skýrt kemur fram í nefndaráliti umhverfis- og samangöngunefndar Alþingir, sem fylgir frumvarpi til laga um haf- og strandsvæðaskipulags, að lögin hafi ekki afturvirk áhrif á mál sem þá voru í ferli. Um slík mál fer samkvæmt gildandi lögum. Þetta á við um mat á umhverfisáhrifum vegna 10.000 eldis á laxi Seyðisfirði. Ferlið hófst 2016, áður en lög nr. 88/2018 um haf- og strandsvæðaskipulag tóku gildi. Tryggt er í 4. gr. a. í lögum nr. 71/2008 um fiskeldi að skipting eldissvæða verður auglýst að tillögu Hafrannsóknastofnunar þegar þar að kemur. Þá er hægt að senda inn athugasemdir. Áformum um framkvæmd verður ekki frestað þar sem öll skilyrði laga hafa verið uppfyllt. Fiskeldi Austfjarða hefur fylgst með og tekið þátt í mótun strandsvæðaskipulags fyrir Austfirði með því að senda inn athugasemdir þegar það hefur verið auglýst.</p> <p>Í svæðisráði vegna strandsvæðisskipulags eiga sæti m.a. fulltrúar sveitarfélaga á Austurlandi. Því getur sveitarfélagið Múlaþing haft sitt að segja um áform Fiskeldis Austfjarða. Í strandsvæðisskipulagi er mótuð stefna og ákvæði um ráðstöfun þess svæðis sem skipulagið nær til, þar með eldissvæði. Samráð við almenning er stór þáttur í skipulagsferlinu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
41	Vigfús Orrason	<p>Yfirlýsingum Fiskeldis Austfjarða hf. að ákvæði laga um skipulag haf- og strandsvæða nr. 88/2018 gildi ekki um fyrirhuguð áform félagsins er mótmælt harðlega. Virðist félagið telja að Seyðisfjarðarhöfn eða sveitarfélagið Múlaþing hafi ekkert um áform félagsins að segja þrátt fyrir að allt hið fyrirhugaða sjókvíaelði falli innan ytri marka Seyðisfjarðarhafnar. Hafnarsvæðið</p>	<p>Samkvæmt 12. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 nær skipulagsskylda sveitarfélags til alls lands og hafs innan marka sveitarfélags. Mörk sveitarfélags til hafs miðast við netlög, eða 115 m frá landi miðað við stórstraumsfjöru. Þar af leiðandi nær skipulagsvald sveitarfélagsins ekki yfir allan fjörðinn.</p>

		<p>lýtur skipulagsvaldi sveitarfélagsins en er ekki í einskis manns landi þar sem stjórnleysi ríkir eins og ráða má af ályktunum í frummatsskýrslu.</p>	<p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
42	Skálanesbjarg ehf og Skálanessetur ehf	<p>Sláandi er hvað höfundar sækja í að meta vafaatriði mögulegu eldi í hag og önnur vafaatriði viðkomandi í óhag. Er það rétt skilið hjá mér að skýrslan um mat á umhverfisáhrifum var skrifað af þeim sjálfum eða er ég að lesa ranga skýrslu? Það eru ýmsar fullyrðingar í skýrslunni, t.d. um áhrif á lífríki og þá sérstaklega hafsbotn sem er ekki samræmi við það karpað er um opinberlega af málsmetandi aðilum og við vitum að eftirlit með laxeldi hér á landi hefur sætt mikilli gagnrýni. Óeðlilegt er að skýrsluaðilar og leyfisumsækjendur telji sína umsókn standa utan laga, nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða með vísun í að hafa sótt um fyrir margt löngu síðan en ekkert unnið í að kára sína umsókn fyrr en þeim hentaði.</p>	<p>Í samræmi við 9. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er það skylda framkvæmdaraðila eða aðila á hans vegum að vinna frummatsskýrslu.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða hafnar því að ýmsar fullyrðingar í skýrslunni, eins og haldið er fram, um lífríkið séu ekki réttar. Viðamiklar rannsóknir hafa verið unnar á ýmsum þáttum t.d. rannsóknir á botndýrum. Það er vel þekkt að batamerki komi fram nokkrum mánuðum eftir að fóðrun lýkur en það er undir umhverfisaðstæðum komið hve hratt botndýralíf þróast í sambærilega samfélagsgerð og var áður en eldi hófst.</p> <p>Almennt sýna niðurstöður vöktunar á eldissvæðum í fjörðum landsins að fiskeldi í sjókvíum hefur áhrif á lífríki botns á afmörkuðu svæði og um 100 m frá eldiskvíum gætir áhrifa lítið eða ekki. Niðurstöður umfangsmikillar rannsóknar sem gerð var í Berufirði, sýnir að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Magn lífræns kolefnis er mest næst kvíum og að sama skapi eykst fjöldi tegunda botndýra þegar fjær dregur kvíum.</li> <li>• Virkni sets – mæld súrefnisupptaka sets – er hæst næst kvíum og í straumstefnu frá kvíum.</li> <li>• Nálægt kvíum er burstaormurinn <i>Capitella capitata</i> (vísitægund um mengun) algengasta tegund dýra á botni.</li> <li>• Lífrænt efni sem botndýr éta nálægt eldiskvíum kemur frá eldinu. Fjær eldiskvíum er uppruni lífræns efnis mest af öðrum uppruna. Því fellur stærsti hluti lífræns efnis frá fiskeldinu til botns undir og í næsta nágrenni eldiskvía.</li> </ul> <p>Hverjir þessir málsmetandi menn eru er erfitt að fullyrða um, en rannsóknir og reynsla Fiskeldis Austfjarða sýna að lífríki botndýra nær sér tiltölulega fljótt á þeim svæðum þar sem eldi er stundað.</p>

			<p>Umhverfismatsferlið og umsókn um leyfi vegna eldis á 10.000 tonnum í Seyðisfirði byrjaði árið 2016 og áður en lög nr. 88/2018 um haf- og strandsvæðaskipulag tóku gildi. Fiskeldi Austfjarða hefur verið í samskiptum við verkefnisstjóra haf- og strandsvæðaskipulags hjá Skipulagsstofnun auk þess sem fyrirtækið hefur komið sjónarmiðum sínum og áætlunum á framfæri á öðrum vettvangi, í formi athugasemda í tengslum við auglýsingu skipulagslýsingar. Fiskeldi Austfjarða hefur verið virkt í samskiptum og vinnu sem tengjast fyrirhuguðu strandsvæðisskipulagi eins og kostur er.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
<b>Kafli</b>	2.5.5	<b>Efnisatriði:</b>	Náttúruvá
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
43	Gunnar Gunnarsson	<p>Á Seyðisfirði hafa í gegnum tíðina fallið töluvert af bæði aurskriðum og snjóflóðum. Þessi ofanflóð eru ekki einskorðuð við bæjarstæðið þó áhrifa þeirra gæti mest á því svæði heldur er töluvert um snjóflóð og aurskriður utar í firðinum. Gott er að glöggva sig á því hvar snjóflóð hafa fallið í ofanflóðakortasjá Veðurstofunnar og þar sést meðal annars að töluvert af snjóflóðum hafa fallið rétt innan við Sörlastaðavíkina<sup>2</sup>. Flóð sem falla alla leið út í sjó mynda flóðbylgju fer sú flóðbylgja í allar áttir út frá snjóflóðinu og meðal annars myndi snjóflóð á þessu svæði mynda flóðbylgju sem bærast yfir að eldissvæðinu í Sörlastaðavík. Og eins og reynslan frá því nú skömmu fyrir jól þá er ekki hægt að slá því föstu að aurskriður falli mest í bröttum lækjafarvegum. Ef skoðaðar eru myndir af Strandatindi þá má sjá að á svipuðum slóðum eru aurskriður alls ekki óalgengar og eru gamlar skriður á þessu svæði m.a. nýttar sem malarnámur.</p> <p>Ofan við Selstaðavíkina er þekkt að snjóflóð hafi fallið. Ekki er þekkt að snjóflóð í Selstaðavíkinni hafi náð út í sjó en eins og reynslan af aurskriðunum ætti að hafa kennt okkur þá má segja að „það sem hefur aldrei gerst getur alltaf gerst aftur“. Þegar bornar eru saman myndir úr ofanflóðakortasjá Veðurstofunnar og yfirlitsmynd yfir</p>	<p><i>Umfjöllun um náttúruvá í kafla 3.4.4 hefur verið uppfærð í matsskýrslu. Þar er lagt mat á ofanflóðahættu fyrir eldismannvirki.</i></p>

		fyrirhuguð eldissvæði Fiskeldis Austfjarða í Seyðisfirði má sjá hversu nálæg svæðin eru við þekkt snjóflóðasvæði	
44	Landvernd	Lagnaðarís, marglytta og þörungar eru að sama skapi áhættuþættir sem gera hefði þurft sérstaka áhættugreiningu á. Sama gildir um hættu á því að selir og önnur stór sjávarrándýr gati kvíar. Þá þarf einnig að gera sértæka áhættugreiningu vegna ofanflóða bæði er varðar snjó- og aurskriður sem fallið geta í sjó fram á viðkomandi svæðum með ófyrirséðum afleiðingum fyrir opið sjókvíald. Má í þessu sambandi minna á nýafstaðnar náttúruhamfarir í Seyðisfirði vegna aurflóða, en á síðustu árum hefur vegna mikilla veðrabreytinga stórukaist hættu á skriðuföllum sem geta valdið miklu tjóni, bæði skriðan sjálf og eins vegna sjávarbylgju sem myndast og getur gengið þvert yfir fjörðinn á hvorn veginn sem er. Gera verður því sérstaka kröfu á úttekt og áhættumati að þessu leyti	<i>Um fjöllum um náttúruvá í kafla 3.4.4 hefur verið uppfærð í matsskýrslu. Þar er lagt mat á ofanflóðahættu fyrir eldismannvirki.</i>
45	Landvernd	Það mat skýrsluhöfunda að hættu á ofanflóðum í Seyðisfirði sé lítil eða engin. Það dæmir sig auðvitað sjálf í ljósi stórfelldra aurskriðufalla sem fallið hafa nú í desember 2020. Þá eru uppi viðvarandi snjóflóðahætta beggja vegna fjarðar og í ljósi þess hve fjalllendi er bratt beggja vegna niður að þessum þrönga firði sem Seyðisfjörður er má sæta furðu að flóðahætta sé ekki vigtuð inn í skýrsluna sem einn af stórum áhættuþáttum. Vitað er að skriðuföll fram í sjó geta valdið gríðarmiklum flóðbylgjum þvert yfir fjörðinn. Flóðbylgjur geta orðið svo stórar að opnar sjókvíar gætu undir engum kringumstæðum staðist þá áraun. Ekki virðast skýrsluhöfundar hafa reynt að leita í gögn veðurstofunnar um fyrirliggjandi náttúruvá. Þessi gögn á vafalaust eftir að uppfæra með það fyrir augum að hættustig vegna ofanflóða verði hækkað og hættusvæði stækkuð nú í kjölfar nýlegra náttúruhamfara í firðinum.	<i>Um fjöllum um náttúruvá í kafla 3.4.4 hefur verið uppfærð í matsskýrslu. Þar er lagt mat á ofanflóðahættu fyrir eldismannvirki.</i>

46	Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST)	<p>Ástæða er til að vekja athygli á öðrum áhættuþáttum sem varða áformaða starfsemi sem ekki er gerð viðunandi grein fyrir má þar nefna marglyttu, lagnaðarís og þörungur. Þá er ærinn ástæða að meta nánar hættu vegna ofanflóða er varðar hvorutveggja snjó- og aurskriður sem fallið geta í sjó fram áviðkomandi svæðum með ófyrirséðum afleiðingum fyrir opið sjókvíaeldi. Nýlegar náttúruhamfarir í Seyðisfirði vegna gríðarlegra aurflóða hafa vakið upp stórar og áleitnar spurningar um vaxandi áhættuþætti er varðar skriðuföll við Seyðisfjörð. Í ljósi þess hve fjalllendi er bratt við Seyðisfjörð og í ljósi nýafstaðinna atburða hlýtur því að verða að gera þá sjálfsögðu kröfu að ofanflóð verði metin sérstaklega við fjörðinn með tilliti til hvers skyns starfsemi sem kann að vera í skipulagskortunum og að áhættumat verði unnið í kjölfarið.</p>	<p><i>Um fjöllun um náttúruvá í kafla 3.4.4 hefur verið uppfærð í matsskýrslu. Þar er lagt mat á ofanflóðahættu fyrir eldismannvirki.</i></p>
47	Ólafur Hr. Sigurðsson	<p>[Vitnað er í samantekt þar sem segir: Ekki er talið að hafís eða lagnaðarís muni hafa bein eða neikvæð áhrif á fiskeldi í Seyðisfirði.] Þetta hljómar sérkennilega þegar skoðuð er hafíssaga Íslands en þar eru hafísár á Seyðisfirði samkvæmt upplýsingum Veðurstofu níu á síðustu öld þar af sex á síðari hluta hennar 1965-1968, 1979 og 1982? Frá 1878- 1895 eru hafísár eru sex. Á hafísárum hefur Seyðisfjörð fyllt af ís í tvo mánuði í hvert sinn oftast apríl og maí. Eitt ár sker sig úr en þá er ís sagður í firðinum frá apríl til sept. Í viðbragðsáætlun sem er í viðauka er gert ráð fyrir viðbrögðum ef hafísástand skapast og verður að segja eins og er að varnir eins og bátar, skip eða vírstrengir hljómi vægast sagt bjartsýnislegt og öllum sem upplifað hafa þessa, tíma væntanlega ljóst að slíkar varnir mega sín lítils þegar „Landsins forni fjandi“ er annars vegar. Að mínu mati þarf að endurskoða viðbragðsáætlun í samræmi við það sem raunverulega gæti gerst. Það eykur líka á trúverðugleika verkefnisins. Hins vegar er aðdragandi svona atburða langur og nægur tími til að hreinsa fisk úr kvíum og fjarlægja þær.</p>	<p>Hafís fyrir utan ströndum Austfjarða er ekki algengur, en það geta komið ár þar sem mikið er af honum. Viðbragðáætlanir Fiskeldis Austfjarða eru uppfærðar reglulega miðað við aðstæður og þekkingu hverju sinni. Mikilvægast er að fylgjast með hvort þær aðstæður komi upp að hætta geti skapast af hafís fyrir eldið og grípa til aðgerða í samræmi við aðstæður hverju sinni.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
48	Ólafur Hr. Sigurðsson	<p>Hér er vægast sagt farið frjálsglega með staðreyndir. Þekkt aurskriðusvæði er fjölmörg í Seyðisfirði og bæði í Sörlastaðavík og Selstaðavík hafa fallið stórar aurskriður. Snjóflóðasaga Seyðisfjarðar er löng og velþekkt. Mannskæðasta snjóflóð á Íslandi féll þar 1885. Stór snjóflóð hafa fallið víða í firðinum og má geta þess að við Selstaði féll stórt snjóflóða 1994. Björguðust</p>	<p>Hafís fyrir utan ströndum Austfjarða er ekki algengur, en það geta komið ár þar sem mikið er af honum. Viðbragðáætlanir Fiskeldis Austfjarða eru uppfærðar reglulega miðað við aðstæður og þekkingu hverju sinni. Mikilvægast er að fylgjast með hvort þær aðstæður komi upp að hætta geti skapast af hafís fyrir eldið og grípa til aðgerða í samræmi við aðstæður hverju sinni.</p>

		tveir drengir naumlega úr flóðinu en það féll í sjó fram í Selstaðavíkinni. Ekki er auðvelt að gera sér grein fyrir hvort svona viðburðir hafi áhrif á eldissvæðum en nánast á hverju ári falla aurskriður og snjóflóð í Seyðisfirði. Gera þarf ráð fyrir snjóflóð sem falla í sjó fram geti myndað talsvert stóra flóðbylgju enda nýleg dæmi um slíkt frá síðasta vetri á Vestfjörðum. Á hverju ári litast fjörðurinn móbrúnn af aurframburði sérstaklega á svæðinu í Sörlastaðavík en skammt þar innar á ströndinni er mesta aurskriðusvæði fjarðarins. Áður hafa komið fram athugasemdir við hættu af hafís. Rétt er að geta þess að sú hættu er mest á Austurlandi norðan Gerpis.	<i>Umfjöllun um náttúruvá í kafla 3.4.4 hefur verið uppfærð í matsskýrslu. Þar er lagt mat á ofanflóðahættu fyrir eldismannvirki.</i>
49	Pétur Kristjánsson	Mannskæðasta snjóflóð Íslandssögunnar féll á Seyðisfirði 18. febrúar 1885. Flóðið kom úr Bjólfinum og varð 24 manns að bana. Stórt snjóflóð féll úr Bjólfinum á Seyðisfirði og nánast gjöreyddi síldaverksmiðju 19 mars 1995 svo ekki sé nú minnst á hörmungarnar sem dundu yfir byggðina þegar stærsta aurskriða í byggð á Íslandi féll úr Botnunum sunnan fjarðar og olli gífurlegri eyðileggingu 18 desember sl. Sjálfur man ég eftir að hlaupið hafi úr Hábökkum í sjó fram þó ég muni ekki akkúrat árið.	Ekki er um efnislega athugasemd að ræða. <i>Umfjöllun um náttúruvá í kafla 3.4.4 hefur verið uppfærð í matsskýrslu. Þar er lagt mat á ofanflóðahættu fyrir eldismannvirki.</i>
50	Ungir umhverfissinnar	Ekki eru gerð nein skil í skýrslunni um áhrif olíumengunar á fiskeldi og teljum við því ábótavant, en vitað er að mikið magn af olíu lekur reglulega úr flaki El Grillo sem liggur á botni Seyðisfjarðar. Eins teljum við að taka þurfi frekari umhverfisþætti til greina eins og aurflóð, snjóflóð og olíumengun og þá sérstaklega í ljósi nýliðinna aurflóða í Seyðisfirði. Eins teljum við að skoða þurfi áhættuna af mengun í kjölfar óveðra, í ljósi þess að fóðurprammi sökk í Reyðarfirði í slíku og því má færa rök fyrir því að af þeim stafi mengunarhætta.	Í prammanum sem sökk í Reyðarfirði var olíu að finna en hún lak ekki út. Þess vegna er ekki hægt að halda fram að mengunarhætta hafi skapast. Fiskeldi Austfjarða tekur ekki undir kröfu að fjalla þurfi um mengunarhættu vegna fóðrapramma. Taka má fram að ný gerð á fóðurprömmum er væntanleg í Berufjörð og Fáskrúðsfjörð og má búast við að slíkir prammar verði notaðir í Seyðisfirði. Þetta er tengiltvinnprammi sem eru rafknúnir fóðurprammar, en ganga eingöngu fyrir jarðefnaeldsneyti um fjórar klukkustundir á sólarhring. Með þessu verður minni olía geymd um borð en á fóðurprömmum sem nú eru notaðir. Óvissa er um flakið af El Grillo vegna þess að ekki er vitað hversu mikið magn af olíu leynist þar. Það er á forræði yfirvalda að reyna að koma í veg fyrir olíuleka en ekki Fiskeldis Austfjarða. Staðsetning við Háubakka hefur verið felld niður og staðsetning næst El Grillo verður því í Sörlastaðavík, sem liggur fjarri flakinu.

			<i>Um fjöllum um náttúruvá í kafla 3.4.4 hefur verið uppfærð í matsskýrslu. Þar er lagt mat á ofanflóðahættu fyrir eldismannvirki.</i>
<b>Kafli</b>	3.10	<b>Efnisatriði:</b>	Stefna stjórnvalda, eldisbúnaður, fóður
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
51	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur	Umbj. okkar gerir sérstaka athugasemd við þá nálgun FA að líta beinlínis svo á að heimilt sé að stunda laxeldið sem um ræðir í Seyðisfirði með vísan til auglýsingar nr. 460/2004, sbr. bls. 26 í frummatsskýrslu. Hið rétta er að það eina sem auglýsingin kveður á um er að það sé ekki beinlínis bannað.	Skýrt kemur fram í auglýsingu 460/2004 um að eldi laxfiska af eldisstofni er óheimilt á svæðum sem talinn eru upp. Nálgun Fiskeldis Austfjarða á að líta svo á að fiskeldi sé heimil þarf ekki að koma á óvart. Hins vegar er tekið skýrt fram í kafla 3.10.3 í fummatsskýrslu að tilkynna þarf framkvæmd til Skipulagsstofnunar og framkvæmda sé háð leyfum frá Matvælastofnun og Umhverfisstofnun í samræmi við lög nr. 71/2008 um fiskeldi. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
52	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur	Af gögnum sem FA hefur lagt fram í frummatsskýrslu er ljóst, að flestar þeirra 24 eldiskvía sem um ræðir eru, skv. kortum sem FA leggur fram, staðsettar mjög nærri landi og raunar innan netlaga að hluta eða jafnvel öllu leyti, sjá t.d. bls.5 og 34 í frummatsskýrslu. Varðandi þetta er þó lögð áhersla á að í frummatsskýrslu virðist þess á engan hátt getið hvaða kort er stuðst við varðandi afmörkun netlaga sem tilgreind eru ásamt fleiri upplýsingum. Almennt eru kortagrunnar miðaðir við hæstu sjávarstöðu, en ekki stórstraumsfjörumál og er því ástæða til að gjalda sérstakan varhug við framsetningunni í frummatsskýrslunni. Þá er augljóst að á framlögðum kortum er ekki tekið tillit til hólma eða skerja sem á stórstraumsfjörumáli eru, en netlög telja í allar áttir frá ystu mörkum þeirra. Framsetning frummatsskýrslu hvað þetta varðar er því röng í þeim skilningi að netlög ná miklu lengra í sjó fram en þar er sýnt. Af þessu leiðir að sjókvíarnar eru a.m.k. að verulegu leyti innan netlaga fyrir landareign umbj. okkar.	Skv. 1. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotsins, nr. 73/1990, merkir hugtakið netlög sjávarbotn <u>115 metra út frá stórstraumsfjöruborði</u> landareignar. Það er því hið rétta viðmið og það sama og stórstraumsfjörumál, sbr. Malid.is: Stórstraumsfjörumál=Fjöruborð, fjörumál, miðað við það þegar stórstreymt er, þ.e. þegar hæst er sjávarflóð og lægst er fjara í mánuði hverjum. Fullyrðing um að framsetning korta sé röng er algerlega óásættanleg. Skilgreining á staðsetningu eldissvæða í frummatsskýrslu er unnin út frá bestu fánlegu landupplýsingum um strandlínu Íslands (IS50 v grunnur Landmælinga Íslands). Skilgreind var önnur lína 115 m frá strandlínunni, sem samsvarar markalínu netlaga, og þar til viðbótar önnur lína 20 m utar. Með þessari aðferð var búið til belti samsíða ströndinni, sem ígildi netlaga. Afmörkun eldissvæða í frummatsskýrslu miðaðast við þetta belti.



			<p>Við vinnslu umsóknar um leyfi til framkvæmdarinnar verða mörk eldissvæða með tilliti til netlaga líka skilgreind. Því ætti að vera tryggt að öll eldismannvirki verði innan strandsvæðis Seyðisfjarðar, sem markast af línu netlaga og grunnlínu landhelginnar.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
53	<p>Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur</p>	<p>[Í bréfinu er rakið hvernig eldismannvirki verða fest við botn og miðað við dýptartölur] er þó ljóst að akkeri og útfarar þurfi að vera í a.m.k. allt að 240 metra fjarlægð, sbr. viðmið þrefalda dýpt (3 x 80 m). Af þessu leiðir að útfarar og akkeri verða í öllu falli langt innan netlaga, hvernig svo sem á málið er litið, enda rammarnir staðsettir nánast upp við netlög eins og FA skilgreinir þau (í raun rétttri langt fyrir innan þau) og öll sú vegalengd sem um ræðir frá römmum og í átt að landi, verður innan netlaga. FA hefur ekki aflað neinna heimilda til að nýta land umbj. okkar í þessu skyni, en í krafti einkaeignarréttar er honum heimilt að meina FA afnotin, sbr. fyrri umfjöllun. Bent er á að FA getur ekki heldur aflað heimildar með eignarnámi, enda fer því fjarri að almenningsþörf krefji að félagið fái raskað lífríki Seyðisfjarðar og eignarréttindum umbj. okkar, sbr. skilyrði 1. mgr. 72 gr. stjórnarskrárinnar. Enn fremur liggja engin lagafyrirmæli slíku til stuðnings. Forsendur frummatsskýrslu standast því ekki.</p>	<p>Vísað er í svar nr. 52 við athugasemd sama aðila, þar sem fram kemur að mörk netlaga, miðað við strandlínu, verða skilgreind nánar þegar umsókn um leyfi verður unnin. Í væntanlegum leyfum verða mörk eldissvæða því utan netlaga.</p> <p>Umfang eldissvæðis er mun meira en sjókvíabyrpingar sem verður fyrir komið innan þess. Því verður hægt að koma þeim þannig fyrir innan eldissvæðis að útfarar og akkeri verði utan netlaga. Því mun ekki koma til þess að óska þurfi heimilda landeigenda fyrir framkvæmdinni, hvað þá þörf fyrir eignarnámi.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
54	<p>Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur</p>	<p>Hvað varðar útfara og akkeri frá römmum í átt frá landi þá má ætla að dýpi sé enn meira þar og fjarlægðin verði því ekki minni en að framan greinir. Hins vegar er afar lítið svigrúm til þess að fara með akkeri og útfara langt frá sjókvíunum, að ekki sé minnst á ef sjókvíarnar færast fjær landi, eins og nauðsynlegt yrði skv. framangreindu. Ástæðan er ekki síst sú að helgunarsvæði Farice fjarskiptastrengsins er 463 metrar í hvora átt, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga nr. 81/2003. Með vísan til þessa verður að teljast afar langsótt, ef ekki ómögulegt, að ganga frá festingum þannig að hvorki verði gengið á eignarréttindi umbj. okkar með ólögumætum hætti, né brotið í bága við reglur um helgunarsvæði strengsins.</p>	<p>Eldissvæði er staðsett fyrir utan netlög og sjókvíar munu aðeins ná til hluta svæðis. Stærð eldissvæða tryggir að akkeri og aðra festingar liggi innan svæðisins. Þar af leiðandi munu þær ekki koma inn fyrir netlög. Netlög eru skilgreind sem 115 metrar miðað við stórstraumsfjöru og ná eignarréttindi landeigenda til þess svæðis og ekki lengra. Allt tal um að akkeri og aðrar festingar ógni eignarréttindum eiga ekki við rök að styðjast. Hvað varðar helgunarsvæði Farice-strengsins þá er vísað til svars nr. 61 við athugasemd Farice um strenginn.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu</i></p>

55	Ólafur Hr. Sigurðsson	Hvort eru [eldiskvíar] byggðar til að þola 5m eða 9m öldu? Á þessu er jú verulegur munur, en væntanlega duga báðar stærðir til að þola 50 ára ölduna sem er sögð á ystu kvísvæðum 4 metrar.	<p>Áður en starfsemi hefst á viðkomandi eldissvæði fer fram stöðvarúttekt og matsgreining. Í þessari vinnu er horft til strauma og öldufars. Niðurstaða þessarar vinnu ræður því síðan hvernig búnaður er valinn m.a. með tilliti til ölduhæðar.</p> <p><i>Kaflí 5.3 í matskýrslu hefur verið uppfærður með hliðsjón af framansögðu.</i></p>
56	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur	<p>[M]iðað við gefnar forsendur, að 95% úrgangs falli til botns innan við 25 metra frá sjókvíunum [...] er væntanlega búist við því að um 175 tonn falli fjær kvíunum. Í frummatsskýrslu er því lýst að úrgangur falli að mestu leyti innan við 50 metra frá sjókvíunum í föstu formi. Þar er og hnykk er á því að allar kannanir og rannsóknir um áhrif fastra efna séu samhljóma og á þá leið að lítilla áhrifa gæti í 100 metra fjarlægð og alls engra í 350 metra fjarlægð. Af þessu leiðir að öruggt er að áhrifa mun gæta innan netlaga umbj. okkar sem eru vel innan 100 metra fjarlægðar frá kvíunum, hvernig svo sem á staðsetningu netlaga er litið. Hvernig svo sem á málið er litið mun því áhrifa gæta innan alls þess svæðis sem fellur innan netlaga umbj. okkar.</p> <p>Úrgangur frá kvíaldinu er skv. þessu í andstöðu við eignarréttindi umbj. okkar, enda öðrum en eigendum óheimilt að hlutast sérstaklega til um að úrgangi sé dreift yfir land viðkomandi. Á það sérstaklega við þegar svo rammt kveður að dýralíf á því svæði sem um ræðir býður mikinn skaða af eða vikur hreinlega alveg. Með vísan til þessa er enn augljósara að áform FA í Seyðisfirði eru með öllu ósambýðanleg stjórnarskrárvörðum eignarréttindum umbj. okkar.</p>	<p>Varðandi staðbundin áhrif framkvæmdarinnar á hafsbotn er vísað í svar nr. 74 við athugasemd Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur.</p> <p>Réttur eigenda að sjávarjörðum í netlögum er mjög takmarkaður og eru honum settar skorður víða í lögum. Varðandi þau eignaréttindi sem hér myndi mögulega reyna á þá ná réttindi landeigenda ekki til réttinda sem tengjast dýralífi innan netlaga. Þannig á landeigandi ekki veiðirétt og á það bæði við um fiskveiðar og nýttjar á skelfiski. Þannig má líta svo á að réttindi landeigenda séu ekki önnur og meiri en almennings er kemur að þessum þáttum, svo takmörkuð eru þau skv. lögum.</p> <p>Við mat á dreifingu úrgangsefna sem til fellur í eldi verður að líta til fleiri þátta en bara fjarlægðar, atriði eins strauma, dýpi og efnasamsetningu sjávar skipta líka máli. Reynslan sýnir að mest af þessum úrgangsefnum fellur til botns við kvíar og innan viðkomandi eldissvæðis. Þar af leiðandi er ekki hægt að segja að þetta skerði eignaréttindi eins og haldið er fram. Þó hluti úrgangsefna dreifist yfir stærra svæði er það magn hins vegar svo hverfandi að lífríki stafar ekki hætta af því, en jafnframt má ætla að þau þau berist undan straumi og því ekki inn að netlögum. Þess vegna er ekki hægt að halda því fram að verið sé að hlutast sérstaklega til við að dreifa úrgangi yfir einkaland.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu</i></p>

57	Skálanesbjarg ehf og Skálanessetur ehf	Gerð er athugasemd við uppsetningu kvía í Skálanesbót með hliðsjón af sjólagi á svæðinu. Margfalt álag verður á kvíar á þessu svæði en þeim sem innar eru og er gerð athugasemd við þessa staðsetningu með það til hliðsjónar að þær geta slitnað upp og lent upp í fjöru/kletta í verstu vetrarveðrum með tilheyrandi mengun og “sleppingum” eldislax. Aðstæður sem vitnað er í þessu samhengi sjást ekki í stuttum meðaltalsmælingum þar sem um er að ræða atburði “events” sem koma fyrir á nokkurra ára fresti.	Fiskeldi Austfjarða lét gera öldufarsmódel fyrir Seyðisfjörð og þar kemur skýrt fram að yst í Seyðisfirði er 50 ára aldan um 4,0 metrar og innst í Skálanesbótinni er hún minni en 1,6 m (mynd 18 í matsskýrslu). Eldiskvíar sem notaðar verða eru hannaðar til að þola allt að níu metra ölduhæð. Áður en starfsemi hefst á viðkomandi eldissvæði fer fram stöðvarúttekt og matsgreining. Í þessari vinnu er horft til strauma og öldufars. Niðurstaða þessarar vinnu ræður því síðan hvernig búnaður er valinn m.a. með tilliti til ölduhæðar. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	4	<b>Efnisatriði:</b> Valkostir	
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
58	Ólafur Hr. Sigurðsson	Hér mætti leggja aðeins meiri vinnu í að skoða núllkost. Sérkennileg fullyrðing um jákvæð áhrif á ferðamennsku í Seyðisfirði sem hefur enga marktæka rannsókn að baki, sérstaklega ekki með tilliti til sérstöðu Seyðisfjarðarhafnar sem ferju- og skemmtiferðaskipa hafnar. Ferjusiglingar með fólk er eina núverandi tenging Íslands og Evrópu og Seyðisfjörður því fyrsta og síðasta upplifun ferðamanna sem koma þessa leið til landsins. Í núllkosti mætti benda á viðkvæma stöðu sjávarútvegs á Seyðisfirði þar sem togaraútgerð og vinnsla bæði í frystihúsi og bræðslu er ekki lengur á forræði Seyðisfirðinga. Hvort það er kostur eða galli skal ósagt látið enda hvort tveggja tvíbent eins og dæmin sanna. Atvinnulíf á Seyðisfirði í núllkosti stendur höllum fæti og eðlilegt að það komi fram. Vaxtarbroddurinn er í ferðaþjónustu og því skiptir máli hvaða áhrif fyrirhugað fiskeldi hefur á ferðaþjónustu og reyndar líka á menningarlíf sem er í miklum blóma á Seyðisfirði.	Núllkostur felur í sér að ekki verði framkvæmt og því mun grunnástand umhverfisþátta sem fjallað er um í frummatsskýrslu þróast án áhrifa framkvæmdarinnar, svo sem ferðaþjónusta og samfélag (sjávarútvegur og vinnsla) sem hér er minnst á. Þar með er ljóst að í þeim tilvikum þar sem umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eru metin neikvæð eða jákvæð mun núllkostur leiða til þess að þau áhrif komi ekki fram. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
59	North Atlantic Salmon Fund (NASF) á Íslandi	Í grein 4.4. er fjallað um það sem Fiskeldi Austfjarða hf kallar óraunhæfa kosti. Þar er átt við lokaðar kvíar og landeldi. Fyrirtækið gerir lítið úr lokuðum kvíum og segir að þar sé langt í land og að tæknin sé svo ófullkomin. Í ljósi þess er gott að nefna fyrirtækið Akvafuture, norskt laxeldisfyrirtæki sem reyndi að fá leyfi hér við land. Það skal tekið fram að NASF er ekki talsmaður neins eldisfyrirtækis en þó ber að nefna þetta hér svo að ekki sé um innantóma fullyrðingu að ræða. Akvafuture hefur alið lax í lokuðum sjókvíum	Samkvæmt leiðbeiningariti ESB eru raunhæfir valkostir m.a. þeir sem eru til þess fallnir að geta náð markmiðum framkvæmdarinnar á fullnægjandi hátt. Viðskiptalegar forsendur liggja til grundvallar þeirri áætlun að stunda eldi á frjóum laxi í Seyðisfirði, en aðrar eldisaðferðir eru ekki líklegar til að ná viðskiptalegum markmiðum Fiskeldis Austfjarða, enn sem komið er.

		<p>í um 6 ár. Á þeim tíma hefur aldrei sloppið hjá þeim fiskur og ekki komið upp lúsafár. 70% af úrgangnum þar er svo nýttur til að búa til bio-diesel og strætisvagnar á svæðinu ganga fyrir því. Tæknin er svo sannarlega komin, það eru einungis gróðasjónarmið sem valda því að nánast allur lax er enn alinn í opnum sjókvíum.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða fjallar einnig um landeldi og nefnir þar að erfitt væri að koma upp slíkri stöð á Seyðisfirði. Fyrst að landeldi og lokaðar kvíar eru ekki talinn raunhæfur valkostur, þá telur NASF það bestu lausnina að sleppa því að ala lax í Seyðisfirði.</p>	<p>Lokaðar kvíar eru áhugaverður valkostur, en þær eru enn á rannsókn- og þróunarstigi. Það á m.a. við um útfærslu Akvafuture á lokuðum kvíum, því eftir því sem best er vitað er ekkert eldi í fullri framleiðslu með slíkt kerfi (<a href="https://www.akvafuture.com/">https://www.akvafuture.com/</a>). Aðferðin er ennþá á þróunarstigi og getur því ekki talist raunhæfur valkostur á sama hátt og kvíaeldi. Þau kerfi sem eru á tilraunastigi þola illa öldu og byggja á dælingu á hlýjum djúpsjó sem fyrirfinnst ekki við Ísland.</p> <p>Í landeldi þyrfti að hita sjó til að ná kjöraðstæðum til vaxtar laxins. Til þess þarf umtalsverða orku. Landeldi er fýsilegt á svæðum þar sem aðgengi er að jarðhita en þau skilyrði eru ekki fyrir hendi á Austfjörðum.</p> <p>Með hliðsjón af banni við sjókvíaeldi á hafsvæðum við landið, rekjanleika erfðaefnis eldislax og reglulegri endurskoðun áhættumats erfðablöndunar, sem m.a. byggir á vöktun, telur Fiskeldi Austfjarða að dregið sé verulega úr hættu á neikvæðum afleiðingum laxeldis í sjó á villta laxastofna. Fiskeldi Austfjarðar telur mikilvægt að ófrjór lax verði notaður í sjókvíaeldi eins fljótt og það þykir raunhæft.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
60	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Björns Roth og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur	<p>Í frummatsskýrslu er gengið svo langt að draga upp þá mynd að eldi í lokuðum kerfum í landi eða í sjó séu ekki góðir kostir. Umbj. okkar frábiður sér slíkar skýringar sem miða að því einu að slá ryki í augu stjórnvalda svo FA eigi von um að fá ekki aðeins að stunda fiskeldi í Seyðisfirði, í andstöðu við hagsmuni nær allra annarra, heldur einnig að komast í aðstöðu til að gera það með ódýrum hætti til að hámarka arðsemi á kostnað villtra stofna og réttinda annarra. Augljóst mál er að hætta á stroki er allt önnur og minni ef eldi en í landi og sömuleiðis ef um lokaðar kvíar er að ræða. Umbj. okkar bendir á að slíkt væri enn fremur líklegra til þess að eyða þeirri óvissu sem tilgreint er í frummatsskýrslu að leiðir af áhrifum fiskeldisins á lífríkið, sbr. bls. 66 í skýrslunni.</p>	<p>Vísað er í svar nr. 59 við athugasemd North Atlantic Salmon Fund (NASF) á Íslandi vegna umfjöllunar um lokaðar kvíar.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

Kafli	4.3.4	Efnisatriði:	Sæstrengur
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
61	Farice	<p>Helgunarsvæði [fjarskiptastrengja sem liggja í sjó] er mílufjórðungsbelti hvorum megin við fjarskiptastrenginn, sem jafngildir 463 metrum, sbr. 5. mgr. 71. gr. laga nr 81/2003 um fjarskipti. Innan þessa svæðis er bannað að veiða með veiðarfærum, sem fest eru í botni eða eru dregin eftir honum, svo sem netum, botnvörpum og þess háttar. Þá er skipum einnig bannað að leggjast við akkeri innan sömu fjarlægða frá fjarskiptastrengjum. Ekkert er minnst á það hvort staðsetning eldissvæðisins á Háubökkum sé innan eða utan helgunarsvæðis FARICE-1 sæstrengsins. Að öðru leyti en að framan greinir er ekkert fjallað um áhrif staðsetningar sjókvíanna á FARICE-1 sæstrenginn, sem sætir mikilli furðu þegar haft er í huga hversu mikilvægir hagsmunir eru í húfi fyrir landið í heild sinni.</p> <p>Innst í firðinum við Háubakka má sjá hvar FARICE-1 sæstrengurinn kemur á land í mikilli nálægð við fyrirhugaða sjókví. Af upplýsingum úr frummatsskýrslunni verður ekki betur skilið en að hluti sjókvíarinnar muni liggja innan helgunarsvæðis sæstrengsins í andstöðu við ákvæði 5. mgr. 71. gr. laga nr 81/2003 um fjarskipti.</p> <p>Engar upplýsingar er að finna í frummatskýrslunni um hvernig festingar verða notaðar fyrir kvíarnar, sem verður að teljast verulega ámælisvert. Í öllu falli hlýtur að þurfa einhvers konar akkeri til þess að botnfesta kvíarnar. .... Festingar fyrir sjókvíar eru alveg jafn vel til þess fallnar að valda tjóni á sæstrengnum og þau veiðarfæri og akkeri skipa sem eru talin upp í 5. mgr. 71. gr. laga um fjarskipti. Vegna þess hve innsta sjókvíin við Háubakka er nálægt sæstrengnum telur Farice yfirgnæfandi líkur á því að festingar sjókvíarinnar muni fyrr eða síðar valda tjóni á sæstrengnum í slæmu veðri með því að skera eða rífa í hann svo hann slitni.</p>	<p>Breyting hefur orðið á framkvæmdinni í matsferlinu, sjá kafla 2.4 í matsskýrslu. Fiskeldi Austfjarða hefur lýst yfir að það sé ekki lengur á áætlun að nýta eldissvæðið við Háubakka. Önnur eldissvæði sem kynnt voru í frummatsskýrslu hafa einnig tekið breytingum. Nýtt skipulag eldissvæða má sjá á mynd 7 í matsskýrslu. Á myndinni má sjá helgunarsvæði FARICE-1, en fyrirhuguð eldissvæði verða vel utan við það svæði sem á að verja strenginn. Einnig er mikilvægt að hafa í huga að staðsetningu ankeris er stýrt nákvæmlega þegar sjókvíum er komið fyrir á sjávarbotni.</p> <p><i>Fjallað er um eldismannvirki m.t.t. FARICE sæstrengsins í kafla 5.1 og 5.3 í matsskýrslu.</i></p>
62	Guðlaugur Kristinn Óttarsson	<p>Ennfremur er stórskipahöfn og landamæri í Seyðisfirði, með umferð stórskipa, sem mun alltaf skapa mengunarhættu fyrir hverskonar fiskeldi í þröngum firðinum. Það er því raunveruleg hættu á því, að skipafélögin leiti að öðrum stað til að fá þjónustu, ef laxeldi í sjókvíum verður leyft, enda vilja skipafélög spara sér það að vera í endalausum dómsmálum vegna mögulegrar mengunar vegna skipaferða ef eldið lendir í einhverskonar áföllum. Yrði það mikill skaði fyrir Seyðisfjörð og ferðamannaíðnaðinn hér ef skip hættu að koma inn fjörðinn.</p>	<p>Umferð skipa um firði sem eru í byggð er eðlileg og eldi í öðrum fjörðum á Austfjörðum hefur ekki minnkað skipaumferð eða leitt til að skip leiti annað. Fiskeldi Austfjarða hefur ekki uppi neinar áætlanir um að vera að standa í málaferlum við skipafélög þar sem ekki er ljóst hverjar forsendur slíks væru. Eldið sem slíkt mun ekki leiða til þess að skip með ferðamenn eða Norræna hætti að sigla inn fjörðinn.</p>

			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	6.1		<b>Efnisatriði:</b> Eðlisþættir sjávar, burðarþol
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
63	Gunnar Gunnarsson	Gera má því ráð fyrir því að fjórðurinn eigi mun erfiðara með að hreinsa sig af úrgangi sem fellur til við fiskeldið. Það mun því sitja lengur á botninum með tilheyrandi raski fyrir botnlífið sem mun verða mun lengur að jafna sig fyrir vikið. Samkvæmt ráðamönnum Fiskeldi Austfjarða sækja hvítfiskur og fleiri lífverur að kvíunum í leit að æti. Það að vissar tegundir fái forskot á aðrar getur sett jafnvægi lífríkisins úr skorðum og gert það að verkum að tegundir sem verða undir í þeirri baráttu hverfi úr lífríkinu eða hljóti mikinn skaða og verði lengi að jafna sig. Tegundafjölbreytni getur af þessum sökum minnkað töluvert. Töluvert af kolefni, nitri og fosfór fellur til á þessum svæðum sem getur ýtt undir þörungablóma þegar svona mikið af næringarefnum safnast á sama svæði. Þekkt er að laxeldi sem var innar í firðinum fyrir um 20 árum eða svo var í vandræðum með þörungablóma.	<p>Fiskeldi í sjó leiðir til aukins framboðs næringarefna sem svifþörungur nýta til vaxtar. Ef ekki er að gætt er hætta á að eldi ýti undir óhóflegan þörungablóma og mikið magn þörunganna falli til botns og rotnar þar. Afleiðing þess er að súrefnisinnihald í neðstu lögum sjávar fellur, sem leiðir til þess að lífsskilyrði lífvera versna.</p> <p>Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar miðast við hámarks lífmassa í fiskeldi sem hægt er að hafa í firðinum án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríki. Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar tekur tillit til stærðar fjarðarins, dýpis og varúðarnálgunar varðandi áhrif eldisins m.a. á uppsöfnun næringarefna. Samkvæmt lögum um fiskeldi ber Hafrannsóknastofnun að vakta lífrænt álag þeirra svæða sem metin hafa verið til burðarþols og endurskoða matið svo oft sem þurfa þykir að mati stofnunarinnar.</p> <p>Vegna óhagstæðra skilyrða innst í Seyðisfirði telur Hafrannsóknastofnun æskilegra að eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Fyrir liggur að Fiskeldi Austfjarða hefur hætt við áformað eldi við Háubakka í botni Seyðisfjarðar. Öll starfsemi Fiskeldis Austfjarða verður því utarlega í Seyðisfirði. Með hliðsjón af því og að lífmassi í eldinu verður innan marka nógildandi burðarþols og að burðarþolið verður endurskoðað reglulega, byggt á niðurstöðum vöktunar á eðlisþáttum sjávar, er ólíklegt að eldið leiði til þess að þörungablómi verði vandamál í firðinum.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

64	Íslenski náttúruverndarsjóðurinn (IWF)	<p>Samkvæmt tölum frá Umhverfisstofnun Noregs má gera ráð fyrir að frárennsli (utslipp) frá hverju tonni af eldislaxi í sjókvíum sé á við skólp (avlöpsutslipp) frá 16 manns. Þetta þýðir að mengunin sem streymir út um möskva 10.000 tonna sjókvíaeldis er á við 160.000 manna íbúabyggð. Í þessu ljósi óskaði IWF í fyrra (2019) eftir leiðsögn frá Umhverfisráðuneytinu um hvar hægt væri að sjá forsendur þess að reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999 og lög um varnir gegn mengun hafs og stranda 33/2004 gilda ekki um eldi í sjókvíum. [í lok svars umhverfisráðuneytisins við erindi IWFsegir: ] "Reglugerð um fráveitur og skólp, nr. 798/1999 gildir um söfnun, meðhöndlun og hreinsun skólps frá íbúabyggð og tiltekinni atvinnustarfsemi. Reglugerðin gildir enn fremur um atvinnurekstur hér á landi og í mengunarlögsögunni. Skólp er skilgreint sem húsaskólp og iðnaðarskólp eða blanda húsaskólps eða iðnaðarskólps og/eða ofanvatns. Húsaskólp er skólp frá íbúðarhúsnæði og þjónustustarfsemi sem einkum á rætur að rekja til efnaskipta mannlíkamans og heimilisstarfa, en iðnaðarskólp er annað en húsaskólp og ofanvatn sem losað er frá húsnæði eða annarri aðstöðu sem notuð er til atvinnurekstrar.</p> <p>Fráveitur eru nýttar til flutnings og hreinsunar á skólpi áður en því er veitt út í viðtaka. Í sjókvíum lifir fiskurinn í viðtakanum (sjónum); þar er fiskurinn fóðraður og fóðurleifar og úrgangur frá fiskinum fer beint út í viðtakann. Ekki myndast því skólp sem hægt er að safna og meðhöndla. Á mengunarvörnum vegna fiskeldis í sjókvíum er því að tekið á annan hátt, samanber ofangreind ákvæði um burðarþolsmat, mat á umhverfisáhrifum og rekstrar- og starfsleyfi."</p> <p>Viljum við færa þetta svar hér til bókar í ljósi þess að engin starfsemi á landi kemst upp með að senda óhreinsað skólp frá sér beint út í umhverfið og sveitarfélög um allt land innheimta há gjöld af íbúum sínum til að standa straum af margra milljarða kostnaði við að bæta frárennismál frá byggð. Á sama tíma fá sjókvíaeldisfyrirtæki að menga firði landsins vegna þess að starfsemin fer fram „í viðtakanum“.</p>	<p>Auk lífrænna efna inniheldur óhreinsað skólp frá heimilum og fyrirtækjum mikið magn örvera og sýkla sem stefnt geta heilsu manna í hættu. Einnig olíur, sápur, málmar og hættuleg efni s.s. úr hreinsiefnum.</p> <p>Framangreint á ekki við um fiskeldi í sjó, þar sem álag á viðtakann er vegna lífræns efnis (fóðurleifar og úrgangur frá fiskinum). Eins og fram kemur í tilvitnaðri umsögn umhverfisráðuneytisins er tekið á mengunarvörnum eldisins með burðarþolsmati. Burðarþol hafsvæðis miðast við hámarks lífmassa í fiskeldi sem hægt er að hafa á tilteknu svæði án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið eða gæði vatnshlotsins þar sem eldið fer fram.</p> <p>Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar verður reglulega endurskoðað með hliðsjón af niðurstöðum vöktunar Hafrannsóknastofnunar. Umhverfissjóður sjókvíaeldis starfar samkvæmt lögum nr. 71/2008 um fiskeldi og samkvæmt reglugerð nr. 874/2019. Meginmarkmið sjóðsins er að lágmarka umhverfisáhrif af völdum sjókvíaeldis og með sjóðnum skal greiða kostnað við rannsóknir vegna burðarþolsmats, vöktunar og annarra verkefna, eftir aðstæðum. Rekstrarleyfishafi sem elur lax í kvíum í sjó greiðir árlegt gjald til sjóðsins í hlutfalli við umfang framleiðsluheimildar.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
65	Landssamband veiðifélaga	<p>Á [...] burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar hefur ekki verið framkvæmt umhverfismat, sbr. lög um umhverfismat áætlana, nr. 105/2006. Umhverfismat áætlana skal gert vegna þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim sem marka stefnu er varðar leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000. Þar með talið eru rekstrarleyfi vegna</p>	<p>Burðarþol er ekki skipulagsáætlun heldur vísindalegt mat á hámarks lífmassa í eldi sem hafsvæði getur borið án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið. Er um að ræða mat á hámarki lífmassa en Matvælastofnun ákveður sjálfstætt hver lífmassi skuli vera í rekstrarleyfum.</p>

		<p>fiskeldis. Ljóst er að burðarþolsmat Hafrannsóknarstofnunar er áætlun í þessum skilningi því það markar stefnu um leyfisveitingar, þ.e.a.s. veitingu rekstrarleyfa til fiskeldis. Það er hlutverk Skipulagsstofnunar að veita og gefa út leiðbeiningar um umhverfismat áætlana. Þá er það hlutverk Skipulagsstofnunar að taka ákvörðun um hvort áætlun skuli háð ákvæðum laga um umhverfismat áætlana þegar vafi leikur á því. Skipulagsstofnun hefur staðfest við undirritaðan að burðarþolsmöt Hafrannsóknastofnunar hafa ekki verið umhverfismetin á grundvelli laga nr. 105/2006.</p> <p>Mat á áhrifum áætlunarinnar, í þessu tilviki burðarþolsmats Hafrannsóknastofnunar, skal vinna samhliða áætlanagerðinni og liggja fyrir áður en áætlunin er samþykkt af viðkomandi stjórnvaldi, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 105/2006. Þessu hefur ekki verið sinnt. Umhverfismat á burðarþolsmati Hafrannsóknastofnunar fyrir Seyðisfjörð hefur ekki farið fram en samkvæmt framangreindu er ljóst að það er forsenda þess að hægt sé að byggja útgáfu rekstrarleyfis á burðarþolsmati. Málsmeðferðin fer í bága við gildandi lög. Umhverfismat á burðarþoli Seyðisfjarðar verður að fara fram áður en frekari ákvarðanir um fyrirhugaðar framkvæmdir Fiskeldis Austfjarða hf. verða teknar og raunar allar framkvæmdir aðrar sem byggja á burðarþolsmötum Hafrannsóknastofnunar.</p>	<p>Með breytingum á lögum um fiskeldi sem tóku gildi árið 2019 ákveður Hafrannsóknastofnun eldissvæði í sjó á grundvelli burðarþols og með hliðsjón af bestu hagrænni nýtingu.</p> <p>Umhverfismat skipulagsáætlunar er ætlað að leggja mat á áhrif þeirrar stefnu sem þar er sett fram. Hafrannsóknastofnun mun skilgreina eldissvæði í Seyðisfirði og um þau verður fjallað í strandsvæðisskipulagi fyrir Austfirði, sem nú er í vinnslu. Í strandsvæðisskipulagi er mótuð stefna og ákvæði um ráðstöfun þess svæðis sem skipulagið nær til, þar með eldissvæði. Umhverfisáhrif svæðisskipulagsáætlunarinnar verða metin samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
66	Landvernd	<p>Höfundar frummatsskýrslunnar virðast ganga út frá því að öll starfsemi miðist við hámarks burðarþol fjarðarins. Það er varhugavert, ekki síst í ljósi þess að fjörðurinn er þröngur og djúpur. Auk þess er hitastig sjávar í Seyðisfirði mjög lágt mestan hluta ársins. Hitastigið hefur veruleg áhrif á niðurbrot úrgangs frá eldinu og eykur hættu á vetrarsárum og laxadauða.</p>	<p>Gerð er athugasemd við að starfsemi miðist við hámarks burðarþol fjarðarins. Til grundvallar mati á burðarþoli Seyðisfjarðar notar Hafrannsóknastofnun m.a. niðurstöður athugana á straumum, hita, seltu, súrefni og næringarefnum, sem gerðar voru víða í firðinum. Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar tekur því tillit til stærðar fjarðarins og dýpis, en einnig varúðarnálgunar varðandi áhrif eldisins á eðlisþætti sjávar.</p> <p>Nokkurn tíma mun taka að ná fullri framleiðslu þannig að hámarks burðarþol fjarðarins verði nýtt.</p> <p>Hafrannsóknastofnun ber að vakta lífrænt álag í firðinum og endurskoða matið svo oft sem þurfa þykir að mati stofnunarinnar. Útgefin leyfi til fiskeldis mun taka mið af áætluðu burðarþoli Seyðisfjarðar hverju sinni. Þannig hefur verið tekið tillit til alls þess sem greint er í athugasemdinni.</p>



			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
67	Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST)	Höfundar frummatsskýrslunnar ganga út frá því að starfsemi miðist við hámarksburðarþol fjarðarins. Þá ber að hafa í huga að fjörðurinn er hvorutveggja þröngur og djúpur. Hitastig sjávar í Seyðisfirði er lágt hluta úr ári. Hitastig hefur áhrif á niðurbrot úrgangs frá eldinu og eykur hættu á laxadauða ef hitastig fer undir ákveðin mörk.	<p>Varðandi athugasemd við að starfsemi miðist við hámarksburðarþol fjarðarins er vísað í svar nr. 66 við athugasemd Landverndar.</p> <p>Til grundvallar mati á burðarþoli Seyðisfjarðar notar Hafrannsóknastofnun m.a. niðurstöður athugana á straumum, hita, seltu og súrefni á mismunandi tíma ársins. Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar tekur því tillit til staðháttu, svo sem sjávarhita, sem áhrif hafa á niðurbrot úrgangs frá eldi.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
68	Ólafur Hr. Sigurðsson	Mæli eindregið með því að þessi texti að [mynd 13] sé endurskoðaður. Miðað við upplýsingar sem koma síðar í þessum kafla er texti ekki að gefa rétta mynd af straumhraða og mikilvægar upplýsingar sem koma fram á bls. 18 í Burðarþolsviðauka sýna að straumhraði við botn er ágætur (tölur frá 2002) Straumhraði er góður ef tölur í heild eru skoðaðar bæði á kvíasvæðum og í heild í firðinum. Óþarfi að mála þetta svartara en efni standa til. Athygli vekur að mælingar fóru fram að sumri og hausti en það er sá tími sem veður eru almennt best á Seyðisfirði en það kemur fram í Burðarþolsskýrslu að vindar hafa mikil áhrif á straum og geta vindatímabil því flýtt hreinsun fjarðarins sem tekur 10-12 sólarhringa sé miðað við strauummælingar á þessum tíma árs.	<p>Mynd 13 sýnir meðalstraum á 15 og 35 m dýpi, samkvæmt mælingum teknum á mismunandi tímum árs á tímabilinu ágúst 2016 til febrúar 2018. Stefna straumsins á hverju dýpi og staðsetningu er gefin til kynna með örvum af mismunandi lit og sýndur er kvarði fyrir straumhraða (lengd örvar sem samsvarar 2 cm/s). Á kortinu er sýnd stefna og straumhraði (lengd örvar) á viðkomandi stað og dýpi. Sem dæmi sýnir myndin að meðalstraumur á 35 m dýpi var til vesturs, inn fjörðinn, að norðanverðu og hraði hans nálægt 4 cm/s (u.þ.b. 2x lengd kvarðans). Tilhneiging er til innflæðis (sterkari straumur) dýpra norðanvert og útflæðis grynnra sunnanvert. Texti við mynd 13 hefur verið uppfærður í samræmi við þessa skýringu.</p> <p>Niðurstöður sem sýndar eru á mynd 13 eru að miklu leyti í samræmi við niðurstöður mælinga að sumar- og haustlagi árið 2002. Hraði straumsins er þó ekki jafn heldur rokkar t.d. botnstraumur í Seyðisfirði u.þ.b. frá 1 cm/s til 20-30 cm/s.</p> <p><i>Kafli 8.1.1 í matsskýrslu hefur verið uppfærður með hliðsjón af framangreindu.</i></p>

69	Ólafur Hr. Sigurðsson	<p>[Kafli 6.1.3. "Þá er bent á að æskilegra er að meiri eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Þá telur Hafrannsóknastofnun að ástæða sé til að halda þau lágmarks fjarlægðarmörk milli eldissvæða sem reglugerð nr. 1170/2015 setur."] Hér mætti koma skýrar fram að þessi lágmarksmörk eru á milli óskyldra aðila en þannig er það í reglugerðinni eða er Hafró að meina eitthvað annað. Finnst þetta koma skýrt fram í Burðarþolsskýrslunni en þetta þarf að vera skýrara í þessari grein. Þetta kemur reyndar aðeins skýrar fram í 6.3.3. en í ljósi þeirra upplýsinga mætti þessi kafli vera skýrari.</p>	<p>Óljóst er í hvaða tilgangi Hafrannsóknastofnun setur athugasemd um fjarlægðarmörk, sem varða sjúkdómavarnir, í umfjöllun sinni um þol Seyðisfjarðar til að taka á móti auknu lífrænu álagi frá fiskeldi.</p> <p><i>Tilvísun í athugasemd stofnunarinnar um fjarlægðarmörk hafur verið fjarlægð úr kafla 8.1.3 í matsskýrslu.</i></p>
70	Óttar Yngvarsson	<p>Umhverfismat áætlana felst í að meta áhrif framkvæmdaáætlana á umhverfið og nýta niðurstöður matsins til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum þeirra. Umhverfismat áætlana er hugsað sem undanfari mats á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda. Við mat á umhverfisáhrifum einstakra framkvæmda er síðan lagt ítarlegra mat á umhverfisáhrif viðkomandi framkvæmdar og nánari útfærslu hennar.</p> <p>Umhverfismat áætlana skal gert vegna þeirra skipulags- og framkvæmdaáætlana og breytinga á þeim, sem marka stefnu er varða leyfisveitingar til framkvæmda sem tilgreindar eru í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2006. Þar með talið eru leyfi vegna fiskeldis. Er ljóst að hér fellur undir bæði burðarþolsmat og áhættumat Hafrannsóknastofnunar.</p> <p>Ekki hefur farið fram lögskilt umhverfismat áætlana hvað varðar burðarþolsmat Seyðisfjarðar til laxeldis með norskum eldislaxi í opnum sjókvíum. Né heldur hefur farið fram umhverfismat áætlana varðandi áhættumat Hafrannsóknastofnunar frá 11. maí 2020. Lögmætur undanfari og grundvöllur frummatsskýrslu er því ekki fyrir hendi.</p>	<p>Útgefið burðarþol hafsvæðis og áhættumat erfðablöndunar er vísindalegt mat á áhættuþáttum vegna fiskeldis en er ekki skipulagsáætlun, sem fellur undir lög um umhverfismat áætlana.</p> <p>Verið er að vinna strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði. Í strandsvæðisskipulagi er sett fram stefna um vernd viðkomandi svæðis og framtíðarnýtingu þess, m.a. fiskeldi og eldissvæði að tillögu Hafrannsóknastofnunar. Í skipulaginu er tekin afstaða til ólíkrar nýtingar og verndar og til þess hvernig ólík nýting spilar saman. Umhverfismat strandsvæðisskipulagsins er framkvæmt í samræmi við lög um umhverfismat áætlana.</p> <p>Í athugasemd Fiskeldis Austfjarða við lýsingu fyrir gerð strandsvæðisskipulags á Austfjörðum er lögð áhersla á að upplýsingar um mál sem eru í formlegu ferli við mat á umhverfisáhrifum hjá Skipulagsstofnun séu nýttar við gerð strandsvæðisskipulagsins. Í svari svæðisráðs, sem ber ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags, segir að horft verði til þeirra mála sem eru í ferli á Skipulagsstofnun á grundvelli bráðabirgðaákvæðis II í lögum um fiskeldi. Samkvæmt þessu verður fyrirhugað eldi í Seyðisfirði hluti af strandsvæðisskipulagi Austfjarða. Umhverfisáhrif skipulagsstefnunnar verða metin.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

Kafli	6.2	Efnisatriði:	Botndýr og annað lífríki sjávar
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
71	Alda Sigmundsdóttir, Arna Viktoría Kristjánsdóttir, Ásta Júlía Theodórsdóttir, Disa Anderiman, Ásdís Kalman, Hrafnhildur Hólmeirsdóttir	Bent er á að áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða víkur og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið.	Það er vel þekkt að batamerki komi fram nokkrum mánuðum eftir að fóðrun lýkur en það er undir umhverfisaðstæðum komið hve hratt botndýralíf þróast í sambærilega samfélagsgerð og var áður en eldi hófst. <sup>2,3</sup> Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi segir fyrir um að hvíla skal sjókvíaeldissvæði í a.m.k. 90 daga þegar eldi og slátrun hvefarr kynslóðar lýkur. Þar sem aðstæður eru hagstæðar dugir sú hvíld til að botndýralíf nái góðu ástandi áður en ný eldislota hefst. <sup>4</sup> Ef niðurstöður úr botnrannsóknnum við eldissvæði FA leiða í ljós að ástand botns eða botndýralífs er ekki viðunandi verður brugðist við. Aðgerðir miða ýmist að því að lengja hvíldartíma, færa kvíastæði innan eldissvæðis, fækka útsettum seiðum á eldissvæðið og draga þannig úr lífmassa. Öll viðbrögð og aðgerðir eru gerðar í að höfðu samráði við Umhverfisstofnun. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i>
72	Celia Lobsang Harrison, Damian Rafal-Luczak, Dušan Merčák, Jonatan Spejlborg Juelsbo, Julia Martin, Justyna Materna, Laura Tack, Linus Lohmann, Maria Pilecka, Martin Fabry	The effects of open-sea pen salmon farms on the aquatic ecosystem are well proven to be negative, and in fact so negative that all aquatic life under the pens dies or gives way and will not recover unless this type of aquaculture is stopped or has been stopped for some time. Even then it is unclear how long it will take for the ecosystem to recover. It is also proven that salmon farms have a negative effect on wild salmon stocks and possibly herring stocks. Damage is then foreseeable due to the jellyfish clusters or algae that thrive around salmon farms. In any case, the extensive aquaculture will have a significant and adverse effects on the environment.	The carrying capacity of a fjord system (burðarþol), provided by the Marine and Freshwater Research Institute, is an estimate of the maximum organic stress that a fjord can withstand without adversely affecting the ecosystem. Particular attention is paid to the stress on the benthic ecosystem and concentration of oxygen and nutrient in the water column. The advice from the Marine and Freshwater Research Institute is to limit maximum biomass of farmed fish in Seyðisfjörður to 10.000 tonnes.

<sup>2</sup> Böövar Þórisson, Cristian Gallo, Eva Dögg Jóhannsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2012. Athuganir 2010, 2011 og 2012, á áhrifum laxeldis í sjókvíum í Tálknafirði, á botndýralíf. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 6-12.

<sup>3</sup> Böövar Þórisson, Cristian Gallo, Eva Dögg Jóhannsdóttir 2015. Vöktun á botndýralífi við fiskeldiskvíar í Fossfirði 2011 - 2014. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 2-15.

<sup>4</sup> Akvaplan-niva. 2018. B-undersøkelse på oppdrettslokalitet Hringisdalur. Akvaplan-niv+170a AS Rapport: 60320.01.

			<p>It is true that farming in sea pens does have negative impact on benthos. In fact the Initial Environmental Impact Report concludes that the farming in Seyðisfjörður will have considerable negative impact on benthos underneath the pens. The effect will be temporary and reversible.</p> <p>It is well documented that the area of effect on the sea floor is small. Environmental standards, for example, define the area of impact as a distance of 30 metres from cages (ISO 12878:2012, Aquaculture Stewardship Council). It is also well documented that signs of benthos recovery occur a few months after the end of feeding, but it depends on the environmental conditions at the site how fast benthic life develops to reach the initial community structure. Mitigation measures taken are aimed at extending the rest period, moving pens within the farm area or reducing next generation biomass. All responses and actions are carried out in collaboration with the Icelandic Environment Agency.</p> <p>In order to ensure the welfare and good growth of the salmon, it is essential to have a suitable water flow and good concentration of oxygen at the farm site. Failure to ensure such conditions will concern animal welfare and also reduce the profitability of the project. For that reason, and also considering the Seyðisfjörður carrying capacity, it is unlikely that the salmon farming will lead to a lack of oxygen in the fjord and thus affect herring, which may enter the fjord. Action must be taken if jellyfish appears in the fjord in large numbers which can become a problem if it blocks the nets of salmon pens.</p> <p><i>The comment does not lead to a substantive change in the EIA final report (matsskýrsla).</i></p>
--	--	--	---

73	Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Sesselja Jónasardóttir, Sigurfinnur Mikaelsson, Þóra Bergný Guðmundsdóttir	Bent er á að áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða víkur og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og hugsanlega leiða til þess að síld, sem þekkt er að gengið hefur inn í fjörðinn, getur átt örðugra um vik, en ekki liggur fyrir hvort súrefnisþurrð getur hlotist af hinu fyrirhugaða eldi. Fyrirsjáanlegt er síðan tjón vegna marglyttumergðar eða blóma sem þrífst í kringum jafn umfangsmikið eldi og fyrirhugað er.	<p>Varðandi afturkræfi áhrifa á botndýralíf er vísað í svar nr. 74 við athugasemd Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur.</p> <p>Samkvæmt upplýsingum Fiskeldis Austfjarða sótti síld inn á firði á Austfjörðum í talsverðu magni á 9. áratug 20. aldar. Síðan þá hefur ekki orðið vart við hana í miklu magni.</p> <p>Til að tryggja velferð og góðan vöxt eldislax er nauðsynlegt að hæfilegur straumur og góður styrkur súrefnis sé á eldisstað. Sé ekki hægt að tryggja slíkar aðstæður varðar það dýravelferð og einnig verður arðsemi framkvæmdarinnar lakari. Burðarþol hafsvæðis með tilliti til fiskeldis miðast við að slík starfsemi hafi ekki óæskileg áhrif á lífríki svæðisins. Með hliðsjón af framansögðu er ólíklegt að eldið leiði til súrefnisþurrðar í firðinum og hafi þannig áhrif á síld, sem kann að ganga í fjörðinn.</p> <p>Mikið magn af marglyttum geta orðið að vandamáli varðandi net sjókvía. Því þarf að gera ráðstafanir ef slík skilyrði skapast, sem þó eru a.m.k. sjaldgæf. Sjá einnig svar nr. 84 við athugasemd Svandísar Egilsdóttur.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
74	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur	Úrgangur sem fellur til við framleiðslu í sjókvíaeldunum sem um ræðir er talinn í þúsundum tonna. Áætlun í frummatsskýrslu, sem ástæða er til að gjalda varhug við, miðast við tæp 3.500 tonn á fimm ára tímabili. FA telur 95% þessa úrgangs falla til botns innan við 25 metra frá sjókvíunum. Sú spá byggir að líkindum m.a. á straummælingum. Athygli vekur að byggt er á mælingum strauma á 5 og 15 metra dýpi. Hins vegar liggur fyrir að eldiskvíarnar eru 20 metra djúpar og því skiptir líklega mestu hvernig straumar eru á 25-60 metra dýpi.	<p>Burðarþol hafsvæðis miðast við hámarks lífmassa í fiskeldi sem hægt er að hafa á tilteknu svæði án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið eða gæði vatnshlotsins þar sem eldið fer fram. Matið byggir m.a. á straummælingum sem Hafrannsóknastofnun tók víða í Seyðisfirði og á mismunandi dýpi. Burðarþolið tekur tillit til stærðar fjarðarins, dýpis og varúðarnálgunar varðandi raunveruleg áhrif eldisins einkum á botndýralíf og súrefnisstyrk.</p> <p>Almennt sýna niðurstöður vöktunar á eldissvæðum í fjörðum landsins að fiskeldi í sjókvíum hefur áhrif á lífríki botns á afmörkuðu svæði og um 100 m frá eldiskvíum</p>

		<p>gætir áhrifa lítið eða ekki.<sup>5,6,7</sup> Niðurstöður umfangsmikillar rannsóknar sem gerð var í Berufirði,<sup>8</sup> sýnir að:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Magn lífræns kolefnis er mest næst kvíum og að sama skapi eykst fjöldi tegunda botndýra þegar fjær dregur kvíum.</li> <li>- Virkni sets – mæld súrefnisupptaka sets – er hæst næst kvíum og í straumstefnu frá kvíum.</li> <li>- Nálægt kvíum er burstaormurinn <i>Capitella capitata</i> (vísitægund um mengun) algengasta tegund dýra á botni.</li> <li>- Lífrænt efni sem botndýr éta nálægt eldiskvíum kemur frá eldinu. Fjær eldiskvíum er uppruni lífræns efnis mest af öðrum uppruna. Því fellur stærsti hluti lífræns efnis frá fiskeldinu til botns undir og í næsta nágrenni eldiskvía.</li> </ul> <p>Einnig má m.a. benda á að ASC umhverfisstaðallinn skilgreinir áhrifsvæði eldis 30 m frá eldisstað.<sup>9</sup> Einnig staðallinn ISO 12878:2012.</p> <p>Niðurstöður framangreindra rannsókna og viðmið umhverfisstaðalsins styðja niðurstöðu frummatsskýrslu. Gera má því ráð fyrir að stærð áhrifsvæðis við eldiskvíar sé nokkurn vegin óháð staðsetningu eldisins.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
--	--	---

<sup>5</sup> Cristian Gallo og Margrét Thorseteinsson. 2017. Lokaskýrsla fyrir Haganes. Laxeldi í sjó 2014-2016. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 3-17.

<sup>6</sup> Böðvar Þórisson, Cristian Gallo, Eva Dögg Jóhannsdóttir. 2015. Vöktun á botndýralífi við fiskeldiskvíar í Fossfirði 2011 - 2014. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 2-15.

<sup>7</sup> Allison, A. M. 2012. Organic accumulation under salmon aquaculture cages in Fossfjörður, Iceland. Háskólinn á Akureyri. MS ritgerð, 69 bls. Sótt þann 17.5.2021 á vef Skemmunnar: [//hdl.handle.net/1946/12272](https://hdl.handle.net/1946/12272).

<sup>8</sup> Eiríksson T, Moodley Leon, Helgason GV, Lilliendahl K, Halldórsson HP, Bamber S, et al. 2017. Estimate of organic load from aquaculture - a way to increased sustainability. Reykjavík; 2017. doi:10.13140/RG.2.2.14202.29123.

<sup>9</sup> Aquaculture Stewardship Council. 2017. ASC Salmon Standard, v1.1 – apríl 2017.

75	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur	Ítrekað er að áhrif sjókvíaeldisins á lífríki eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða víkur og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Áhrif þessa mun að verulegu leyti gæta innan netlaga umbj. okkar og þarf ekki að efast um áhrif þess á nytjar.	<p>Varðandi afturkræfi áhrifa á botndýralíf er vísað í svar 74 við athugasemd Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur .</p> <p>Styrkur og stefna yfirborðsstraums (15 m dýpi) á eldissvæðum í Seyðisfirði er almennt með landi eða út á dýpið en ekki í átt að landi, sjá mynd 13 í matsskýrslu. Samkvæmt umhverfisstöðlum er áhrifasvæði sjókvía skilgreint 30 m frá kvíum, en innan þess fellur til botns langmesti hluti lífræns efnis frá eldinu.</p> <p>Mörk netlaga, miðað við strandlínu, verða skilgreind frekar þegar umsókn um leyfi verður unnin. Í væntanlegum leyfum verða mörk eldissvæða því utan netlaga.</p> <p>Umfang eldissvæðis er mun meira en sjókvíaþyrpingar, sem verður fyrir komið innan þess. Því verða sjókvíar í meiri fjarlægð frá mörkum netlaga en sem nemur áhrifasvæði sjókvía. Því eru ekki líkindi á að uppsöfnun lífræns efnis verði inna netlaga.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
76	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur	Í frummatsskýrslu virðist það framangreind lífríki lítt eða ekkert hafa verið rannsökuð, en athygli vekur að botndýrarannsóknir hafa auk þess ekki náð til Skálanesbótar þótt fram komi í frummatsskýrslu að lífríki sé meira utar í firðinum en innar. Virðist raunar sem í frummatsskýrslu sé tekið til umfjöllunar það sem helst er til þess fallið að styrkja málstað FA. Aftur á móti er annað hvort ekki fjallað um eða afar lítið gert úr þeim atriðum sem við blasir að eru sem myllusteinn um háls framkvæmdaraðila vegna þess að ósamrýmanlegt er sjónarmiðum um vernd náttúru, lög að öðru leyti eða stjórnarskrávarinna eignarrétt umbj. okkar.	<p>Hér virðist mikils misskilning gæta að hálfu þess sem ritar athugasemd. Botnsýni voru tekin og botndýralíf var rannsakað á fyrirhuguðu eldissvæði í Skálanesbót og um það er fjallað í kafla 6.2 og viðauka 21. Þar kom í ljós að tegundafjölbreytni botndýra minnkar eftir því sem utar dregur og einnig með auknu dýpi, en ekki öfugt eins og haldið er fram í athugasemd. Fiskeldi Austfjarða hafnar því að lítið sé gert úr atriðum sem varða sjónarmið um náttúruvernd.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

77	Guðlaugur Kristinn Óttarsson	Áhrif sjókvíaeldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða víkur og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaeldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið.	<p>Það er vel þekkt að batamerki komi fram nokkrum mánuðum eftir að fóðrun lýkur en það er undir umhverfisaðstæðum komið hve hratt botndýralíf þróast í samskonar samfélagsgerð og var áður en eldi hófst. <sup>10,11</sup> Þegar eldi og slátrun hvekkur kynslóðar lýkur skal sjókvíaeldissvæði vera í hvílt í a.m.k. 90 daga.<sup>12</sup> Þar sem aðstæður eru hagstæðar dugir sú hvíld til að botndýralíf nái góðu ástandi áður en ný eldislota hefst.<sup>13</sup> Ef niðurstöður úr botnrannsóknnum við eldissvæði FA leiða í ljós að ástand botns eða botndýralífs er ekki nógu gott verður brugðist við. Aðgerðir miða ýmist að því að lengja hvíldartíma, færa kvíastæði innan eldissvæðis, fækka útsettum seiðum á eldissvæðið og draga þannig úr lífmassa. Öll viðbrögð og aðgerðir eru gerðar í samvinnu við Umhverfisstofnun.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i></p>
78	Guðlaugur Kristinn Óttarsson	Í ljósi þess að það er lítill straumur í firðinum, sem og hann er langur og tiltölulega þröngur, er óhjákvæmilega lítil botnhreinsun.	<p>Burðarþol hafsvæðis miðast við hámarks lífmassa í fiskeldi sem hægt er að hafa á tilteknu svæði án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið eða gæði vatnshlotsins þar sem eldið fer fram. Matið byggir m.a. á straummælingum sem Hafrannsóknastofnun tók víða í Seyðisfirði og á ýmsum dýpum. Burðarþolið tekur tillit til stærðar fjarðarins, dýpis og varúðarnálgunar varðandi raunveruleg áhrif eldisins einkum á botndýralíf og súrefnisstyrk.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i></p>

<sup>10</sup> Böðvar Þórisson, Cristian Gallo, Eva Dögg Jóhannsdóttir og Þorleifur Eiríksson 2012. Athuganir 2010, 2011 og 2012, á áhrifum laxeldis í sjókvíum í Tálknafirði, á botndýralíf. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 6-12.

<sup>11</sup> Böðvar Þórisson, Cristian Gallo, Eva Dögg Jóhannsdóttir 2015. Vöktun á botndýralífi við fiskeldiskvíar í Fossfirði 2011 - 2014. Náttúrustofa Vestfjarða, NV nr. 2-15.

<sup>12</sup> Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi.

<sup>13</sup> Akvaplan-níva. 2018. B-undersøkelse på oppdrettslokalitet Hringisdalur. Akvaplan-niv+170a AS Rapport: 60320.01.



79	Gunnar Sveinn Rúnarsson	<p>„Botninn undir fyrirhuguðum kvíaþyrpingum Fiskeldis Austfjarða er hallandi sem leiðir til þess að umhverfisálagið dreifist frekar. Líttilla áhrifa af uppsöfnun lífrænna efna gætir í 100 m fjarlægð frá kvíastæði og alls engra áhrifa gætir þegar komið er í 350 m fjarlægð.“</p> <p>Í þröngum firði eins og Seyðisfirði eru 100 m í allar áttir umhverfis kvíarnar stórt svæði. Þegar tekið er tillit til þess að fjörðurinn er djúpur og grunnsævið því hlutfallslega lítið hlýtur það að teljast enn alvarlegra þar sem grunnsævið er það svæði þar sem flestar lífverur dafna best.</p>	<p>Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar tekur mið af staðháttum í firðinum, svo sem dýpi fjarðarins.</p> <p>Niðurstaða frummatsskýrslu er að áhrif á botndýralíf verði talsvert neikvæð undir sjókvíum meðan þær eru í rekstri. Almenn er litið á það sem kost að lífrænt efni dreifist yfir stærra svæði á sjávarbotni. Með því móti er álag á hverja flatareiningu minna og umhverfisáhrifin einnig. Ekkert bendir til þess að grunnsævi Seyðisfjarðar sé hlutfallslega minna en gengur og gerist í fjörðum á Austfjörðum.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
80	Landvernd	<p>Hafa skal í huga að lífríki sjávar í fjörðum á Íslandi er að jöfnu mun meira en hjá þeim viðmiðunarþjóðum í fiskeldi sem Ísland ber sig gjarnan saman við. Má í því sambandi nefna að uppeldisstöðvar/hrygningarsvæði þorsks og ungvíði annara botnsjávarfiskstofna eru þekkt innanfjarðar á Íslandi í mun meira mæli heldur en t.d. í Noregi. Um þessar staðreyndir getur Hafrannsóknarstofnun vitnað. Í ljósi þess hve sjóskipti eru hæg álitur Landvernd að umtalsverð og aukin hætta verði á uppsöfnun úrgangs frá sjókvíum í Seyðisfirði við svo umfangsmikið eldi. Seyðisfjörður er þröngur og djúpur og hitastig sjávar mjög lágt mestan part ársins og straumhraði fremur lítill. Allt þetta að samanlögðu mun hafa veruleg áhrif á niðurbrot úrgangs frá eldinu.</p>	<p>Fullyrt er, án rökstuðnings, að sérstaða íslenskra fjarða felist í því að þar hrygni og alist upp botnfiskur í meira mæli en t.d. í norskum fjörðum. Meginhrygningarsvæði þorsks, sem dæmi, eru á opnum hafsvæðum við Ísland og Noreg. En líkt og við Ísland hrygnir þorskur einnig í fjörðum Noregs og elst þar upp á fyrsta æviskeiði fíksins.<sup>14,15</sup> Sérstaða íslenskra fjarða er því ekki sú sem hér er haldið fram.</p> <p>Fullyrt er, án rökstuðnings, að lífríki í fjörðum Íslands sé jafnan meira en í öðrum löndum þar sem fiskeldi er stundað. Ekki er ljóst hvaða mælikvarði á hér við, en dregið er í efa að fullyrðingin standist.</p> <p>Fram kemur í athugasemd að óhagstæðar aðstæður í Seyðisfirði muni hafa veruleg áhrif á niðurbrot úrgangs frá eldinu. Mat á burðarþoli fjarðarins tekur mið af staðháttum í firðinum, svo sem dýpi fjarðarins og eðlisþáttum sjávar. Burðarþol hafsvæðis miðast við hámarks lífmassa í fiskeldi sem hægt er að hafa á tilteknu</p>

<sup>14</sup> Dahle, G., Quintela, M., Johansen, T. et al. (2018). Analysis of coastal cod (*Gadus morhua* L.) sampled on spawning sites reveals a genetic gradient throughout Norway's coastline. BMC Genet 19, 42. <https://doi.org/10.1186/s12863-018-0625-8>.

<sup>15</sup> Erik Berg, Ole Thomas Albert. (2003). Cod in fjords and coastal waters of North Norway: distribution and variation in length and maturity at age, ICES Journal of Marine Science, Volume 60, Issue 4, bls. 787–797, [https://doi.org/10.1016/S1054-3139\(03\)00037-7](https://doi.org/10.1016/S1054-3139(03)00037-7).

			<p>svæði án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríkið eða gæði vatnshlotsins þar sem eldið fer fram. Umfang fyrirhugaðs eldis í Seyðisfirði verður innan marka burðarpólsins.</p> <p>Forsendur burðarpólsins verða endurskoðaðar reglulega á grundvelli niðurstöðu vöktunar. Reynist þörf á að breyta burðarþolinu mun Hafrannsóknastofnun gera það og leyfi til eldisins endurskoðuð ef þörf þykir.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
81	Landvernd	<p>Ekki er gerð grein fyrir mögulegum áhrifum á skelfisk eða áhrif á búsvæði ígulkerja nærri áformaðri staðsetningu eldiskvía. Af gögnum að ráða er sú spurning áleitin, að hve miklu marki rannsóknir hafa átt sér stað á mögulegum uppeldis/hrygningarsvæðum botnfisks í firðinum og þá hvort einvörðungu um staðbundnar rannsóknir hafi verið að ræða sem nemur þeim kvíasvæðum sem mörkuð hafa verið í frummatsskýrslu.</p>	<p>Ekki hefur verið gerð úttekt á útbreiðslu ígulkerja í Seyðisfirði, en þekkt er að útbreiðsla keranna takmarkast við harðan botni.<sup>16</sup> Hins vegar er leðjubotni í Seyðisfirði þar sem sjókvíar verða, eins og fram kemur í frummatsskýrslu.</p> <p>Áhrifasvæði sjókvía á sjávarbotni er 30 m út frá kví, samanber staðal ISO 12878:2012 og ASC. Því er líklegt að eldið muni hafa óveruleg áhrif á ígulker í Seyðisfirði.</p> <p>Eftir því sem best er vitað hefur ekki verið kannað hvort botnfiskar hrygni í Seyðisfirði eða hvaða fiskar alist þar upp. Það bendir til þess að fjörðurinn sé ekki mikilvægur að þessu leyti.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
82	Landvernd	<p>Hluti af áhættumati sem nánar þarf að gera grein fyrir er áhrif efna sem kann að verða gripið til ef upp koma sýkingar. Ekkert eldi er það öruggt að hægt sé að útiloka sýkingar og þá er fleira undir en laxalús. Ef hins vegar á að útiloka notkun lyfja eða eiturefna þótt upp komi sýkingar, þá þarf það að koma skýrt fram í skýrslunni. Ef slík efni yrðu notuð við eldið er nauðsynlegt að meta áhrif þeirra á umhverfið, einkum áhrif á botndýralíf, fugla og lífríki almennt. Sömuleiðis þarf að meta áhrif kvíaútsetningar á hvali og seli sem eru tíðir gestir í firðinum og fleiri tegundir. Vert er í þessu skyni að minnast á hrun í</p>	<p>Matvælastofnun hefur sett fram það álit að reynslan hafi "sýnt að smit af völdum baktería eða veira hafi ekki skaðað eða ógnað villtum laxfiskastofum" og "að áhætta af dreifingu mögulegra sjúkdómsvalda (öðrum en laxalús) úr eldisfiski í villtan fisk er hverfandi lítil. Eðli málsins samkvæmt er það fyrst og fremst eldisfiskurinn sjálfur sem er í mestri hættu, ekki ólíkt og í öðrum hjarðbúskap</p>

<sup>16</sup> Steinunn Hilma Ólafsdóttir, Guðrún G. Þórarinsdóttir og Jónas P. Jónasson (2020). Könnun á útbreiðslu skollakoppis (*Strongylocentrodus droebachiensis*) í Fáskrúðsfirði. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2020-26.

		stofni landsela við landið á síðustu árum en stofninn hefur dregist saman að 2/3 á mjög skömmum tíma.	<p><i>þar sem mörgum einstaklingum er haldið á afmörkuðu svæði.“<sup>17</sup></i></p> <p>Með hliðsjón af framansögðu er ólíklegt að meðhöndla þurfi eldisfisk með lyfjum vegna sjúkdóma. Áhrif á lífrík sjávar af þeim orsökum ættu því að vera hverfandi.</p> <p>Erfitt er að ímynda sér hvaða ókunnir sjúkdómar ættu að geta komið upp í þessu sambandi og þaðan af síður hvernig ætti að bregðast við þeim. Hér þurfa menn að vinna í raunveruleikanum og fjalla um af ábyrgð.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
83	Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST)	Ekki er gerð grein fyrir áhrifum frá starfsemi er varðar loftslagsmál. Þá fellst töluverð alhæfing í því að telja fiskeldi sé að fullu afturkræf starfsemi, slíkt er vart hægt að meta nema á grunni langtíma reynslu og rannsókna. Lífríki í fjörðum á Íslandi er að jöfnu meira en gerist og gengur hjá viðmiðunarþjóðum sem stunda eldi. Hrygningarsvæði þorsks og ungvíði annara botnsjávarfiskstofna eru þekkt innanfjarðar á Íslandi og mikilvægt að rannsaka þann þátt mun betur. Áhrif á skelfisk, búsvæði ígulkerja virðast lítt eða ekkert rannsökuð. [...] Þá þarf rannsóknir á sela- og hvalastofnum og möguleg áhrif. Stofn landsela hefur meðal annars gefið mjög mikið eftir á síðust árum.	<p>Frummatsskýrsla er unnin á grundvelli tillögu að matsáætlun, sem Skipulagsstofnun féllst á með athugasemdum. Endanleg matsáætlun gerði ekki ráð fyrir að áhrif framkvæmdarinnar á losun gróðurhúsalofttegunda yrði þáttur í mati á umhverfisáhrifum. Umfjöllun í frummatsskýrslu er í samræmi við matsáætlun.</p> <p>Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice) hefur reiknað út kolefnisspor sjókvíaeldis á Íslandi. Meginniðurstaða verkefnisins var að heildarlosun gróðurhúsalofttegunda frá eldinu hafi verið um 31.000 tonn CO<sub>2</sub>-ígilda árið 2017, eða sem nemur 3,21 kg CO<sub>2</sub>-ígilda á hvert kíló af tilbúinni afurð. Það sé svipað og við veiðar á villtum fiski og lægra en í flestri annarri framleiðslu á dýraafurðum til manneldis. Langstærsti hlutinn af kolefnisspori laxeldis á Íslandi, eða um 93 prósent, liggja í framleiðslu og flutningum á fóðri til eldisins.<sup>18</sup></p> <p>Eins og fram kemur í kafla 6.12 hefur ekki verið gerð kortlagning á nytjastofnun Seyðisfjarðar og erfitt að meta áhrif á einstaka tegundir. Erfitt er að alhæfa að einstök svæði innan fjarðar séu uppeldisstöðvar fyrir stakar</p>

<sup>17</sup> Matvælastofnun (2020). Greinargerð. Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði.

<sup>18</sup> Stefán Gíslason og Birna Sigrún Hallsdóttir (2018). Kolefnisspor í slensks laxeldis og aðgerðir til að minnka það. Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice)

			<p>tegundir, þar sem t.d. ýsa og grásleppa lifa allt í kringum landið. Umfjöllun í frummatsskýrslu byggist á að meta heildstætt umhverfisáhrif framkvæmdar á nytjastofna fiska og veiðar á þeim í firðinum.</p> <p>Þekkt er að útbreiðsla ígulkeru takmarkast við harðan botni.<sup>19</sup> Hins vegar er leðjubotn í Seyðisfirði þar sem sjókvíar verða, eins og fram kemur í frummatsskýrslu.</p> <p>Tvær tegundir sela eru við Íslandsstrendur árið um kring, landselur og útselur. Látur eru strandsvæði sem selir leita á til að kæpa, sinna uppeldi kópa, hafa feldskipti og hvílast. Landselur hefur látur á útnesjum Seyðisfjarðar og Loðmundarfjarðar, en enginn útselur er á svæðinu.</p> <p>Samkvæmt vefsíðu Náttúrufræðistofnunar var mest um landsel árið 1985 á talningasvæðinu Loðmundarfjörður-Seyðisfjörður, 45 selir, en undanfarin ár einn selur eða enginn. Talningagögnin spanna tímabilið 1980 til 2018.<sup>20</sup></p> <p>Samkvæmt reynslu Fiskeldis Austfjarða hefur orðið vart við hnúfubak, hrefnu og hnísu nálægt eldisstöðvum. Hvalir hafa sinnt nærri kvíum en ekki flækst í eldisbúnaði og því ekki skaðast eða drepist.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
84	Svandís Egilsdóttir	Lítið er gert úr áhrifum marglittu á laxeldið í firðinum í skýrslunni. Reynsla þeirra sem áður höfðu starfrækt fiskeldi í firðinum var að gríðarlegt magn marglittu skapaði mjög óhagstæð skilyrði fyrir laxeldi í firðinum. Marglitta og þörungablómi drápu laxinn í kvíunum sem voru áður, ítrekað. Marglitta og þörungablómi og hagstæð skilyrði fyrir þörungablóma eru enn til staðar í firðinum, ekkert er gert úr þessum þáttum í skýrslunni. Hér með er farið fram á að nánari rannsóknir á þessum þáttum fari fram með hliðsjón af fyrirhugaðri leyfisveitingu.	Fiskeldi Austfjarða hafnar því að lítið sé gert úr áhrifum vegna marglyttu og þörunganga. Fjallað er um marglyttu og hættuna sem af henni getur stafað í frummatsskýrslu. Aðstæður sem mynduðust árin 2000 og 2001 í Seyðisfirði eru ekki algengar. Þróun og hönnun sjóeldiskvína hefur tekið miklum breytingum frá síðustu aldamótum og hægt er að verjast marglyttum, komi þær aðstæður upp. Þörungablómi getur alltaf komið upp með tilheyrandi skaða fyrir eldisfiskinn og gripið verður til viðeigandi aðgerða samkvæmt viðbragðaáætlunum komi upp slíkar aðstæður.

<sup>19</sup> Steinunn Hilma Ólafsdóttir, Guðrún G. Þórarinsdóttir og Jónas P. Jónasson (2020). Könnun á útbreiðslu skollakoppis (*Strongylocentrotus droebachiensis*) í Fáskrúðsfirði. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2020-26.

<sup>20</sup> Kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands um útbreiðslu selaláttra við strendur Íslands. <https://selalatur.ni.is/>.

			<p>Fiskeldi Austfjarða lítur svo á að ekki þurfi að gera rannsóknir á umræddum þáttum eins og krafist er, en leggja verður áherslu á samtímavöktun til að fylgjast með marglyttum eða þörungablóma svo hægt sé að grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
85	Samhljóða athugasemd 114 einstaklinga	<p>Bent er á að áhrif sjókvíaldisins á lífríkið eru neikvæð og raunar svo neikvæð að hvers kyns líf undir kvíunum drepst eða víkur og verður ekki endurheimt nema þegar sjókvíaldi er hætt eða stöðvað í einhvern tíma, en óljóst er hversu langan tíma tekur að endurheimta lífríkið. Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og hugsanlega leiða til þess að síld, sem þekkt er að gengið hefur inn í fjörðinn, getur átt örðugra um vik, en ekki liggur fyrir hvort súrefnisþurrð getur hlotist af hinu fyrirhugaða eldi. Fyrirsjáanlegt er síðan tjón vegna marglyttumergðar eða blóma sem þrífst í kringum jafn umfangsmikið eldi og fyrirhugað er.</p>	<p>Reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi segir fyrir um að hvíla skal sjókvíaldissvæði í a.m.k. 90 daga þegar eldi og slátrun hvefrrar kynslóðar lýkur. Þar sem aðstæður eru hagstæðar dugir sú hvíld til að botndýralíf ná góðu ástandi áður en ný eldislota hefst.(4) Ef niðurstöður úr botnrannsóknnum við eldissvæði FA leiða í ljós að ástand botns eða botndýralífs er ekki viðunandi verður brugðist við. Aðgerðir miða ýmist að því að lengja hvíldartíma, færa kvíastæði innan eldissvæðis, fækka útsettum seiðum á eldissvæðið og draga þannig úr lífmassa. Öll viðbrögð og aðgerðir eru gerðar í samvinnu við Umhverfisstofnun.</p> <p>Til að tryggja velferð og góðan vöxt eldislax er nauðsynlegt að hæfilegur straumur og góður styrkur súrefnis sé á eldisstað. Sé ekki hægt að tryggja slíkar aðstæður varðar það dýravelferð og einnig verður arðsemi framkvæmdarinnar lakari. Burðarþol hafsvæðis með tilliti til fiskeldis miðast við að slík starfsemi hafi ekki óæskileg áhrif á lífríki svæðisins. Með hliðsjón af framansögðu er ólíklegt að eldið leiði til súrefnisþurrðar í firðinum og hafi þannig áhrif á síld, sem kann að ganga í fjörðinn.</p> <p>Mikið magn af marglyttum getur orðið að vandamáli varðandi net sjókvía. Því þarf að gera ráðstafanir ef slík skilyrði skapast, sem þó eru a.m.k. sjaldgæf. Sjá einnig svar nr. 84 við athugasemd Svandísar Egilsdóttur.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

86	Svandís Egilsdóttir	<p>Ekki er gert ráð fyrir áhrifum þörungablóma á laxeldið í skýrslunni, en af reynslu þeirra sem áður hafa starfrækt fiskeldi í firðinum var þörungablómi ein af meginástæðum óhagstæðra skilyrða fyrir laxeldi í firðinum. Þörungablómi hefur góð skilyrði í firðinum m.a. vegna fiskimjölsverksmiðju sem starfrækt er í firðinum og náttúrulegra þátta, skv. fyrri rekstraraðilum.</p>	<p>Vegna óhagstæðra skilyrða innst í Seyðisfirði telur Hafrannsóknastofnun æskilegra að eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Fyrir liggur að Fiskeldi Austfjarða hefur hætt við áformað eldi við Háubakka í botni Seyðisfjarðar. Öll starfsemi Fiskeldis Austfjarða verður því utarlega í Seyðisfirði. Með hliðsjón af því og að lífmassi í eldinu verður innan marka nógildandi burðarpöls og að burðarþolið verður endurskoðað reglulega, byggt á niðurstöðum vöktunar á eðlisþáttum sjávar, er ólíklegt að eldið leiði til þess að þörungablómi verði vandamál í firðinum.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
87	Ungir umhverfissinnar	<p>Ungir umhverfissinnar telja verulega vanta uppá rannsóknir á umhverfisáhrifum í tengslum við fiskeldi á Íslandi og vera þörf á meiri umfjöllun um það í skýrslunni. Seyðisfjörður er þröngur fjörður og er það þegar vitað að straumur um fjörðinn er lítill og hitastig er lágt, en það hefur áhrif bæði á niðurbrot og tilfærslu efna. Ungir umhverfissinnar gagnrýna þá fullyrðingu að umhverfisáhrifin séu afturkræf þar sem fyrri reynsla á fiskeldi í firðinum er ekki til staðar.</p>	<p>Fram kemur í athugasemd að óhagstæðar aðstæður í Seyðisfirði muni hafa veruleg áhrif á niðurbrot úrgangs frá eldinu. Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar byggir m.a. á straummælingum, sem Hafrannsóknastofnun tók víða í firðinum og á ýmsu dýpi, stærð fjarðarins, dýpi og varúðarnálgunar varðandi raunveruleg áhrif eldisins á botndýralíf og súrefnisstyrk. Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar tekur því tillit til staðháttanna, svo sem sjávarhita, sem áhrif hafa á niðurbrot úrgangs frá eldi.</p> <p>Mati á burðarþoli hafsvæðis er ætlað að tryggja að umfang fiskeldis leiði ekki til óæskilegra áhrifa á lífríki svæðisins eða gæði vatnshlotsins þar sem eldið fer fram. Ef eldi verður hætt eru því forsendur til þess að áhrif þess á eðlisþætti sjávar verði afturkræf.</p> <p>Áhrif á botndýralíf eru einnig afturkræf, sjá svar nr. 71 við athugasemd Öldu Sigmundsdóttur o.fl.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

88	Veiðifélag Hofsár og Sunnudalsár, Veiðifélag Selár, Veiðifélag Vesturdalsár	Þá er mengun af opnu sjókvíaeldi mikil vegna úrgangs og lyfjaleifa sem hafa skaðvænleg áhrif á sjávardýr og fuglalíf.	Eldislax kemst fyrst í tæri við laxalús þegar seiði eru sett í sjókvíar. Laxalús þarf því fyrst að berast að eldisfiski og sýkja hann áður en þær aðstæður skapast að laxalús leggist á villta laxfiska vegna fiskeldisins. Lítið er um laxalús við Austfirði og samkvæmt reglulegu eftirlit er lús ekki á eldisfiski FA og hefur Matvælastofnun staðfest þær niðurstöður. <sup>21</sup> Því er engin hættu á að meðhöndla þurfi eldisfisk með lyfjum, miðað við núverandi aðstæður. Með enn frekari uppbyggingu laxeldis í austfirskum fjörðum er ekki hægt að útiloka að upp komi lús í framtíðinni, en miðað við framangreinda reynslu er líklegra að það verði a.m.k. sjaldgæfur viðburður frekar en algengur. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
89	Vigfús Orrason	Áhrif sjókvíaeldis á lífríkið eru neikvæð og raunar svo skaðvænleg að hvers kyns náttúrulegt líf undir kvíunum drepst eða viku og óljóst er hve langan tíma tekur að endurheimta það eftir að eldið hefur verið stöðvað.	Vísað er í svar nr. 71 við athugasemd Öldu Sigmundsdóttur o.fl. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

<sup>21</sup> Bréf Matvælastofnunar, dags. 28. janúar 2021, um undanþáguheimild frá vöktun laxalúsar í sjókvíaeldi á Austfjörðum. (Viðauki 7)

Kafli	6.3	Efnisatriði:	Fisksjúkdómar
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
90	Ólafur Hr. Sigurðsson	<p>Í [kafla 6.3.1] vantar að mínu mati upplýsingar um hvað varð til þess að Strandarsíld varð gjaldþrota eftir að allur fiskur drapst hjá þeim í kvíum við Ströndina árið 1998. Sambland af áhrifum frá brennimarglyttu (brennihvelja) og þörungablóma sem varð til þess að súrefnisþurrð varð í kvíunum. Þessa er að einhverju leyti getið í 6.3.3. en samt ekki fullnægjandi umfjöllun að mínu mati. Hér er um raunverulegt vandamál að ræða bæði hvað varðar Brennimarglyttuna og þörungablóma og hjálpar ekki varðandi viðbragðsáætlun að gera of lítið úr þessu vandamáli. Það kemur líka fram á bls.3 í burðarþolsskýrslu að búast megi við styrkukningu nítrats að sumri í yfirborðslagi fjarðarins sem eykur álag á súrefnisbúskap fjarðarins sem getur aftur haft neikvæð áhrif á þörungablóma og marglyttu.</p>	<p>Upplýsingar um ástæður gjaldþrots Strandarsíldar er ekki hluti umhverfismats.</p> <p>Vegna óhagstæðra skilyrða innst í Seyðisfirði telur Hafrannsóknastofnun æskilegra að eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Fyrir liggur að Fiskeldi Austfjarða hefur hætt við áformað eldi við Háubakka í botni Seyðisfjarðar. Öll starfsemi Fiskeldis Austfjarða verður því utarlega í Seyðisfirði. Með hliðsjón af því og að lífmassi í eldinu verður innan marka nógildandi burðarþols og að burðarþolið verður endurskoðað reglulega, byggt á niðurstöðum vöktunar á eðlisþáttum sjávar, er ólíklegt að eldið leiði til þess að þörungablómi verði vandamál í firðinum með tilheyrandi áhrifum á súrefnisbúskap fjarðarins.</p> <p>Aðstæður sem mynduðust árin 2000 og 2001 í Seyðisfirði eru ekki algengar. Þróun og hönnun sjóeldiskvíva hefur tekið miklum breytingum frá síðustu aldamótum og hægt er að verjast marglyttum, komi þær aðstæður til. Þörungablómi getur alltaf komið upp með tilheyrandi skaða fyrir eldisfiskinn og gripið verður til viðeigandi aðgerða samkvæmt viðbragðaáætlunum komi slíkar aðstæður til. Fiskeldi Austfjarða lítur svo á að ekki þarf að gera rannsóknir á umræddum þáttum sem krafist, en leggja verður áherslu á samtímavöktun til að fylgjast með marglyttum eða þörungablóma svo hægt sé að grípa til viðeigandi mótvægisáðgerða.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>



Kafli	6.4	Efnisatriði:	Laxalús, fjarlægðamörk, sjóbleikja
Númer svars	Aðili	Athugasemd	Viðbrögð
91	Björn Arnar Hauksson	Neikvæð áhrif á náttúrulega laxfiska. Sjóbleikjustofninn í Seyðisfirði er einstakur og einn sá merkilegasti á Íslandi. Áin er ein sú kaldasta og stofninn hefur viðhaldið sér betur en víðast hvar á Íslandi. Laxeldi í firðinum mun án efa skemma viðkomu sjóbleikjustofnsins. Fjölda rannsókna hafa sýnt fram á neikvæð áhrif eldis í opnum sjókvíum á náttúrulega fiskistofna vegna lúsar, eiturs, hrygningar í ám og fleiri þátta.	<p>Fullyrt er að sjóbleikja í Seyðisfirði sé af einstökum og merkilegum stofni, án þess að það sé rökstutt. Ekki er ljóst í hverju sérstaða hans á að felast. Sjóbleikja er einkennisfiskur Fjarðarár en af heimildum verður ekki séð að sérstaða hans sé almennt meiri en annarra.<sup>22,23</sup></p> <p>Bleikja í Vesturdalsá í Vopnafirði gengur til sjávar í maí og dvelur þar í allt að 60 daga samkvæmt rannsókn Veiðimálastofnunar.<sup>24</sup> Líklegt er að bleikjan í Fjarðará hegði sér á svipaðan hátt og því dvelji hún í sjó frá maí og fram í ágúst. Ekki hafa verið gerðar rannsóknir á útbreiðslu bleikju í Seyðisfirði á sjögöngutíma, en líklegt er að hún haldi sig í yfirborðslögum sjávar og með strönd Seyðisfjarðar, jafnvel einnig í nálægum fjörðum, líkt og rannsóknir á hegðun sjóbleikju annars staðar á landinu hafa sýnt fram á.<sup>25,26</sup> Fyrri hluta sumars þegar bleikjan er í sjó þá er lúsin ekki á þeim stað í þroskaferli að líkur séu á að bleikjan smitist.</p> <p>Að sumarlagi myndast ferskara yfirborðslag í efstu 15 til 20 metrum sjávarins í Seyðisfirði, þar sem bleikjan er líkleg til að halda sig, sem flýtur ofan á fullsöltum sjó dýpra (mynd 29). Selta sjávar þarf að vera mun lægri en gerist í Seyðisfirði svo það hafi áhrif á lífslíkur laxalúsar.<sup>27</sup></p>

<sup>22</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydis Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40

<sup>23</sup> Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarson (2001). *Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðarár í Seyðisfirði*. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/0117

<sup>24</sup> Ingi Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson (2015). *Farleiðir sjóbleikju um ísalt svæði*. Náttúrufræðingurinn 85 (1–2), bls. 54–59

<sup>25</sup> Sigurður Guðjónsson (1989). *Migration of anadromous arctic char (Salvelinus alpinus) in a glacial river Blanda, North Iceland*. In, Brannon, E.L. & Jonsson, B. (red.) Proceedings of the Salmonid Migration Symposium, Trondheim, Júní 1987. VMST-R/87048.

<sup>26</sup> Jóhannes Sturlaugsson, Ingi Rúnar Jónsson og Tumi Tómasson (1997). *Mælimekringar á bleikju: Gönguhegðun í sjó og ferskvatni*. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/97023x

<sup>27</sup> Andrews, M. og Horsberg, T.E (2020). *Sensitivity towards low salinity determined by bioassay in the salmon louse, Lepeophtheirus salmonis (Copepoda: Caligidae)*. Aquaculture 514: 734511

			<p>Í ám norðan Stöðvarfjarðar og að Héraðsflóa er nær eingöngu bleikja, lítið er af laxi og urriða.<sup>28,29</sup> Matvælastofnun segir að stofn laxalúsar eigi erfitt uppdráttar í fjörðum við Austurland og líklegt að sjávarhiti hafi þar umtalsverð áhrif.<sup>30</sup> Þetta bendir til þess að lús sé fátíð á svæðinu og hefur eftirliti með laxalús í austfirsku laxeldi á síðastliðnum 20 árum staðfest að lítið er af laxalús í sjónum við Austurland.<sup>31</sup> Samkvæmt þessu er laxalús ekki að plaga villta laxfiska á svæðinu sem mögulega skýrist m.a. af því að laxastofnar þar eru smáir og urriði ekki á svæðinu, en fátíðara er að bleikja beri laxalús en fyrir lax og sjóbirting, samanber umsögn Fiskistofu um frummatsskýrslu. Því eru líklega ekki aðstæður fyrir hendi að lús berist í umtalsverðu magni að sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu, sem er fyrst og fremst bleikja.</p> <p>Með hliðsjón af framansögðu má telja litlar líkur til þess að laxalús verði vandamál í eldinu. Fiskeldi Austfjarða mun ekki nota skaðleg eiturefni ef svo vildi til að lús næðist að magnast upp. Fyrirtækið er með AquaGAP-vottun á núverandi eldi fyrirtækisins og samkvæmt vottunarstaðlinum er óheimilt að nota eiturefni eða óæskileg lyf í eldinu. Unnið verður að því að vottunin taki einnig til framleiðslu á laxi í Seyðisfirði. Því eru litlar forsendur til þess að ætla að fyrirhugað eldi leiði til neikvæðra áhrif á náttúrulega fiskistofna vegna lúsar og eiturs.</p> <p>Á það skal bent að eldi í opnum sjókvíum er ekki til.</p>
--	--	--	--

<sup>28</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydis Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfispættir vatnsfalla á Austfjörðum. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40

<sup>29</sup> Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson (2001). *Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðarar í Seyðisfirði*. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/0117

<sup>30</sup> Matvælastofnun (2020). *Greinargerð. Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði*

<sup>31</sup> Bréf Matvælastofnunar, dags. 28. janúar 2021, um undanþáguheimild frá vöktun laxalúsar í sjókvíaeldi á Austfjörðum. (Viðauki 7)

			<i>Framangreind umfjöllun hefur verið bætt við í kafla 8.4 í matsskýrslu.</i>
92	Gunnar Sveinn Rúnarsson	Það telst nokkuð almenn vitneskja á meðal þeirra sem stunda veiðar í Seyðisfirði að silungur og lax gengur inn fjörðinn að norðanverðu. Seyðisfjörður er þröngur og því má vera ljóst að fiskeldissvæði, þá sérstaklega þau sem eru í norðanverðum firðinum, eru í gönguleiðum lax og silungs.	<p>Tekið er undir að gönguleiðir laxfiska í Seyðisfirði skipta máli varðandi hættu á að laxeldi í sjó leiði til þess að laxalús leggist á villta laxfiska, en ekki liggur fyrir hvort göngur laxfiska í Seyðisfirði sé með þeim hætti sem hér er fullyrt .</p> <p>Lítið er um laxalús við Austfirði og samkvæmt reglulegu eftirliti finnst ekki lús á eldisfiski FA og hefur Matvælastofnun staðfest þær niðurstöður.<sup>32</sup> Matvælastofnun segir að stofn laxalúsar eigi erfitt uppdráttar í fjörðum við Austurland og líklegt að sjávarhiti hafi þar umtalsverð áhrif.<sup>33</sup> Samkvæmt þessu er laxalús ekki að plaga villta laxfiska á svæðinu sem mögulega skýrist m.a. af því að laxastofnar þar eru smáir og urriði ekki á svæðinu, en fátíðara er að bleikja beri laxalús en fyrir lax og sjóbirting, samanber umsögn Fiskistofu um frummatsskýrslu.</p> <p>Eldislax kemst fyrst í tæri við laxalús þegar seiði eru sett í sjókvíar. Laxalús þarf því fyrst að berast að eldisfiski og sýkja hann áður en þær aðstæður skapast að laxalús leggist á villta laxfiska vegna fiskeldisins. Eins og að framan segir eru þær aðstæður ekki fyrir hendi að lús berist í umtalsverðu magni að sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu, sem er fyrst og fremst bleikja. Með hliðsjón af því má telja ólíklegt að lax og silungur sýkist af laxalús á göngu sinni nærri eldisvæðum í Seyðisfirði.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

<sup>32</sup> Bréf Matvælastofnunar, dags. 28. janúar 2021, um undanþáguheimild frá vöktun laxalúsar í sjókvíaeldi á Austfjörðum.

<sup>33</sup> Matvælastofnun (2020). *Greinargerð. Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði*

93	Gunnar Sveinn Rúnarsson	Eins og segir í skýrslunni á blaðsíðu 14: „Þau afla sér fæðu á strandsvæðum nálægt sinni heimaá í u.þ.b. tvo mánuði en ganga þá aftur upp í árnar til vetrardvalar. Í slíkar ætisgöngur fer bleikjan í tvö til þrjú sumur áður en kynþroska er náð“ En þegar þrengt hefur verið að bleikjunni með kvíum og því sem undan þeim kemur hefur þetta strandsvæði nálægt heimaá minnkað umtalsvert. Auk þess fylgir svo meiri hætta á sjúkdómum og laxalús.	Sjógöngusilungur úr Fjarðará í Seyðisfirði og ám í nálægum fjörðum er fyrst og fremst bleikja. <sup>34</sup> Fæðulendur sjóbleikju í Seyðisfirði hafa ekki verið kortlagðar. Líklegt er að hún haldi sig nálægt landi, þar sem sjókvíar verða, einkum smábleikjan, <sup>35</sup> en stærri bleikja líklega einnig lengra frá landi. <sup>36</sup> Tvö eldisvæði verða í notkun á hverjum tíma og þriðja svæðið verður í hvíld. Á hvoru eldisvæði verða 12 kvíar, hver kví er fest í rammafestingu sem er 100 m á kant og þær festar saman í svokallaðar kerfisfestingu. Heildarlengd kerfisfestingar verður því 1,2 km að lengd og flatarmálið 0,12 km <sup>2</sup> . Strandlengja Seyðisfjarðar er 15-16 km löng og flatarmál hans er um 34 km <sup>2</sup> . Miðað við þessar stærðir munu sjókvíar á hverjum tíma vera á litlum hluta göngusvæðis sjóbleikjunnar. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
94	Íslenski náttúruverndarsjóðurinn (IWF)	Í frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða koma fram hnit fyrir fjögur fyrirhuguð eldissvæði fyrir sjókvíar í Seyðisfirði. IWF gerir alvarlegar athugasemdir við að þar af eru tvö svæði innan við fimm kílómetra frá ósi Fjarðará sem rennur til sjávar um Seyðisfjarðarkaupstað. Fjarðará er þekkt sjóbleikjuá auk þess sem í henni veiðist nokkuð af laxi. Fyrirliggjandi rannsóknir hafa staðfest að lax gengur upp í ár á öllu Austurlandi og að bleikja er algengur fiskur í þeim öllum. Stangveiði er stunduð í ánni. [...] Eru þessar staðsetningar í Seyðisfirði skýrt brot á reglugerð um fiskeldi (540/2020) [....] Þá má benda á að í lögum um fiskeldi „skal taka mið af því að markmið laga þessara er m.a. að vernda villta nytjastofna, hvort sem um er að ræða ferskvatnsfiska eða sjávarfiska, og hlífa þeim við fisksjúkdómum og öðrum neikvæðum vistfræðilegum áhrifum. Skal í því sambandi m.a. litið til	Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæði við Háubakka. Fjarlægðarmörk í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi miða við sjókvíaeldisstöð, en sjókvíaeldisstöðin í Sörlastaðavík verður í 5 km fjarlægð frá ósi Fjarðará. Á það ber og að líta að umrætt reglugerðarákvæði hefur ekki lagast og eigi það sér lagast þá gildir það ekki um framkvæmdina sbr. br.b.ákv. II í lögum um fiskeldi, sem segir að ákv. eldri laga gildi. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

<sup>34</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum . Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40

<sup>35</sup> Jón Guðmundsson (1981). Fæða sjóbleikju (*Salvelinus alpinus* (L)) í Önundarfirði. Námsverkefni í líffræði.

<sup>36</sup> Rikardsen, A.H. and Amundsen, P.-A. (2005). Pelagic marine feeding of Arctic charr and sea trout. *Journal of Fish Biology*, 66: 1163-1166. <https://doi.org/10.1111/j.0022-1112.2005.00655.x>

		staðsetningar eldisstöðva, stærðar þeirra, fjarlægðar frá veiðiám og veiðiverðmætis á viðkomandi svæði, þ.e. firði eða flóa. Jafnframt skal litið til þess hvort fiskeldissvæði séu á gönguleiðum lax og silungs og hvort straumar geti leitt sleppifisk í ár.“ (Sjá 6. gr. Staðbundið bann við starfsemi.)	
95	Íslenski náttúruverndarsjóðurinn (IWF)	Mesta breidd Seyðisfjarðar er aðeins um 1,7 km og munu því villt gönguseiði lax og bleikju þurfa að synda í gegnum lúsaský úr sjókvíunum á leið sinni til hafs, þegar þær aðstæður eru uppi. Lúsafár í sjókvíaeldiskvíum á svæðum þar sem eru lax- og silungsár er mjög skeinuhætt villtum stofnum laxfiska, sérstaklega gönguseiðum. Norskar rannsóknir sýna að um og yfir 40% gönguseiða sem lendir í lúsagerinu lifir það ekki af. [...] Fjölmargar rannsóknir frá löndum þar sem sjókvíaeldi er stundað staðfesta skaða lúsasmita frá sjókvíum á villta stofna laxfiska. Þá kemur fram í meistaraverkefni í sjávar- og vatnalíffræði eftir Evu Dögg Jóhannesdóttur að lúsasmit villtra laxfiska á eldissvæðum á Vestfjörðum hefur aukist [...]	Eins og bent er á eru villtir laxfiskar við Vestfirði smitaðir af laxalús og samkvæmt rannsókn Evu Daggar Jóhannesdóttur hefur smit aukist í fjörðum á sunnanverðum Vestfjörðum. Ástæður þessarar þróunar eru þó ekki skýrðar eingöngu með auknu laxeldi á svæðinu þar sem lítið var um lús í sjókvíum og ástand eldisfisks því ekki í takt við villta fiskinn. Talið er mögulegt að hækkanði sjávarhiti við Vestfirði geti skýrt þróunina í smiti laxalúsar meðal laxfiska á svæðinu. <sup>37</sup> Sambærileg rannsókn hefur ekki verið gerð við Austurland. Í ám norðan Stöðvarfjarðar og að Héraðsflóa er nær eingöngu bleikja en lítið af laxi og urriða. Sterkur bleikjustofn er í Fjarðará í Seyðisfirði, en fáir fiskar eru í laxastofni árinna. Laxaseiði hafa fundist neðst í Fjarðará og þar fáir árgangar af seiðum, sem talið er benda til mikilla affalla. <sup>38</sup> Í annarri rannsókn fundust engin laxaseiði. <sup>39</sup> Af framansögðu má ljóst vera að aðstæður í Fjarðará eru óhentugar fyrir vöxt og viðgang sjálfbærs laxastofns. Gera má ráð fyrir að bleikja Fjarðará gangi til sjávar í maí og dvelji þar fram í seinni hluta júlí, ef hún hegðar sér á sama hátt og bleikja í Vesturdalsá í Vopnafirð. <sup>40</sup> Á þeim tíma fer hiti í yfirborðslagi Seyðisfjarðar úr 3,5 °C í tæplega 7°C. <sup>41</sup>

<sup>37</sup> Eva Dögg Jóhannesdóttir. 2019. Sea lice infestation on wild salmonids in the southern part of the Icelandic Westfjords. M. Sc. ritgerð. Háskólinn á Hólum.

<sup>38</sup> Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson (2001). Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðará í Seyðisfirði. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/0117.

<sup>39</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40.

<sup>40</sup> Ingi Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson (2015). Farleiðir sjóbleikju um ísalt svæði. Náttúrufræðingurinn 85 (1–2), bls. 54–59.

<sup>41</sup> Hafrannsóknastofnun 2018. Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis.

			<p>Matvælastofnun segir að stofn laxalúsar eigi erfitt uppdráttar í fjörðum við Austurland og líklegt að sjávarhiti hafi þar umtalsverð áhrif.<sup>42</sup> Þetta bendir til þess að lúsin sé fátíð á svæðinu og hefur eftirliti með laxalús í austfirsku laxeldi á síðastliðnum 20 árum staðfest að lítið er af laxalús í sjónum við Austurland.<sup>43</sup> Auk lágs sjávarhita skýrist þetta mögulega m.a. af því að laxastofnar á svæðinu eru smáir og urriði ekki á svæðinu, en fátíðara er að bleikja beri laxalús en fyrir lax og sjóbirting, samanber umsögn Fiskistofu um frummatsskýrslu.</p> <p>Eldislax kemst fyrst í tæri við laxalús þegar seiði eru sett í sjókvíar. Laxalús þarf því fyrst að berast að eldisfiski og sýkja hann áður en þær aðstæður skapast að laxalús leggist á villta laxfiska vegna fiskeldisins. Eins og að framan segir eru þær aðstæður ekki fyrir hendi að lús berist í umtalsverðu magni að sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu. Því er ólíklegt að eldið leiði til þess að gönguseiði lax og bleikju „þurfa að synda í gegnum lúsaský úr sjókvíunum á leið sinni til hafs.“</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
96	Íslenski náttúruverndarsjóðurinn (IWF)	<p>Þegar lögum um fiskeldi var breytt 2019 var landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra falið að skipa nefnd til að rýna aðferðafræði sem Hafrannsóknastofnun notar við mat á burðarþoli og við gerð áhættumats. Í skýrslu nefndarinnar er einmitt vakin athygli á því að þrátt fyrir að lúsin sé einn mesti áhættuþáttur sjókvíaeldis gagnvart umhverfinu „<u>skuli mat á hugsanlegum áhrifum fiskeldis á umhverfið á Ísland einskorðast við strokufisk og lífræna mengun</u>,” eins og þar segir (undirstrikun er IWF).</p> <p>[...]</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða styður opinbert eftirlit með lúsasmiti á eldisfiski. Laxalús er ekki á eldisfiski á Austfjörðum<sup>43</sup> og því er langsótt að taka eigi útbreiðslu hennar inni áhættu- eða burðarþolsmat.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

<sup>42</sup> Matvælastofnun (2020). Greinargerð. Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði.

<sup>43</sup> Bréf Matvælastofnunar, dags. 28. janúar 2021, um undanþáguheimild frá vöktun laxalúsar í sjókvíaeldi á Austfjörðum. (Viðauki 7).

		"Nefndin leggur því til að við frekari áhættumat á Íslandi verði tekið tillit til fleiri áhættuþátta en þeirra sem lagðir voru fyrir nefndina og eru metnir hér af nefndinni."	
97	Íslenski náttúruverndarsjóðurinn (IWF)	<p>Ekkert tilefni er til þess að ganga út frá því að skaðsemi lúsarsmits úr sjókvíum á villta stofna muni verða annað í Seyðisfirði en á sjókvíaldissvæðum Vestfjarða, né heldur minna af eiturefnum og lyfjum muni berast í umhverfið vegna meðhöndlunar á lúsasmituðum eldislaxi í sjókvíum fjörðum Austurlands en úr sjókvíum á Vestfjörðum.</p> <p>[...]</p> <p>Ef 10.000 tonna eldi í sjókvíum í Seyðisfirði verður heimilað munu að jafnaði vera um fjórar milljónir laxa í sjókvíum í firðinum. Það nemur um fimmtíuföldum gervöllum hrygningarstofni íslenska villta laxins. Slíkt magn af fiski í þröngum og löngum firði, þar sem í rennur á með villtum laxi og bleikju, er uppskrift að meiriháttar lúsavandræðum.</p> <p>Í frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða kemur fram þessi fullyrðing: „Laxalús sem á uppruna sinn í eldislaxi getur haft bein en afturkræf áhrif á villta laxfiska.“ Þetta eru staðlausir stafir. Ef 40% prósent gönguseiða bleikju og lax drepast vegna lúsar, eins og þekkt er af sjókvíaldissvæðum við önnur lönd, er ljóst að þau áhrif eru ekki afturkræf</p>	<p>Eins og fram kemur í frummatsskýrslu verða seiði mest 3,3 milljónir í eldinu, ekki 4 milljónir.</p> <p>Sjávarhiti við Vestfirði er hærri en í fjörðum Austurlands og af þeim sökum eru skilyrði fyrir laxalús óhagstæðari í austfirskum fjörðum. Sú staðreynd að laxalús fyrirfinnst ekki í eldi á svæðinu bendir til þess að lítið sé um lús í sjónum sem geti sýkt eldisfisk. Með auknu umfangi laxeldis í sjó eykst þó möguleiki á lúsasýkingu, þó umhverfisskilyrði séu lúsinni óhagstæð. Laxalús er tilkynningaskyld til Matvælastofnunar samkvæmt reglugerð nr. 52/2014 um tilkynningar- og skráningarskylda dýrasjúkdóma. Verði sjókvíaldisstöð vör við vaxandi lúsasmit skal það tilkynnt Matvælastofnun sem í kjölfarið metur og ákvarðar viðbrögð út frá aðstæðum hverju sinni, m.a. með faglegri aðkomu fiskisjúkdómanefndar og Hafrannsóknastofnunar.</p> <p>Miðað við óhentugar náttúrulegar aðstæður fyrir laxalús í sjónum við Austfirði, vöktun er viðhöfð í eldinu og að eftirlit er með eldisstarfseminni má telja a.m.k. afar ósennilegt að aðstæður skapist sem leiði til þess að stór hluti laxfiskastofna drepist vegna laxalúsar frá eldinu í Seyðisfirði.</p> <p>Sjá einnig svar nr. 95 við athugasemd Íslenski náttúruverndarsjóðurinn (IWF)</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

98	Landssamband veiðifélaga	Fyrirtækið Fiskeldi Austfjarða hf. sem er að meirihluta í eigu norsks fyrirtækis hyggst ala frjóan norskan eldislax í opnum sjókvíum í Seyðisfirði. Eitt af hinu fyrirhuguðu eldissvæðum er við Háubakka, einungis steinsnar frá ós Fjarðarár í Seyðisfirði, sem er aðallega sjóbleikjuá en auk þess veiðist nokkuð af laxi í henni. Samkvæmt reglugerð nr. 540/2020, um fiskeldi, er er ekki heimilt að ala laxfiska í sjókví sem er styttra en 5 km frá ám með villta stofna laxfiska.	Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæði við Háubakka. Fjarlægðarmörk í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi miða við sjókvíaeldisstöð, en sjókvíaeldisstöðin í Sörlastaðavík verður í 5 km fjarlægð frá ós Fjarðarár. Á það ber og að líta að umrætt reglugerðarákvæði hefur ekki lagastoð og eigi það sér lagastoð þá gildir það ekki um framkvæmdina sbr. br.b.ákv. II í lögum um fiskeldi, sem segir að ákv. eldri laga gildi. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i>
99	North Atlantic Salmon Fund (NASF) á Íslandi	Laxa- og fiskilús er eitt stærsta vandamálið í sjókvíaeldi. Eftir því sem lífmassi á svæðinu eykst þá stigmagnast lúsafjöldinn. Lúsin leggst jafnt á villtan fisk sem og eldisfisk. Ef að áætlanir Fiskeldis Austfjarða ná eftir að ganga þá verða það því miður örlög gönguseyða úr Fjarðará að þurfa að synda í gegnum það lúsafár sem þar mun skapast með tilheyrandi neikvæðum áhrifum og dauða. Það er ekkert sem bendir til þess að lúsin verði ekki vandamál í laxeldi á Austfjörðum eins og hún er nú þegar orðin á Vestfjörðum. Á síðastliðnum þremur árum hefur Matvælastofnun 14 sinnum heimilað eitrun eða notkun á lyfjablönduðu fóðri til að berjast við lúsina á Vestfjörðum. Ekkert bendir til þess að vandamálið verði ekki jafn alvarlegt á Austfjörðum þegar lífmassi og umfang eldisins eykst.	Sjávarhiti í fjörðum Austurlands er lægri en á Vestfjörðum og af þeim sökum eru skilyrði fyrir laxalús óhagstæðari í austfirskum fjörðum. Því er ólíklegt að þróun laxalúsar verði með sama hætti á hafsvæðunum tveimur. Lús á eldislaxi kemur til vegna þess að smit, sem á uppruna sinn hjá villtum laxfiskum, berst með hafstraumi inn í sjókví. Matvælastofnun segir reynslu af eftirliti með laxalús í austfirsku laxeldi á síðastliðnum 20 árum hafi sýnt fram á að stofn laxalúsar á erfitt uppdráttar við Austurland, þrátt fyrir að umfang laxeldis hafi aukist umtalsvert á þeim tíma, og líklegt sé að sjávarhiti hafi þar umtalsverð áhrif. <sup>44,45</sup> Þetta bendir til þess að laxalús sé ekki að plaga villta laxfiska á svæðinu. Því séu ekki aðstæður fyrir hendi að lús berist í umtalsverðu magni að eldislaxi í sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu, sem er fyrst og fremst bleikja. Fjarðará er stutt og frjósemi árinna lítil. Að auki er Fjarðará fiskgeng stuttan veg og því nýttist einungis

<sup>44</sup> Bréf Matvælastofnunar, dags. 28. janúar 2021, um undanþáguheimild frá vöktun laxalúsar í sjókvíaeldi á Austfjörðum. (Viðauki 7).

<sup>45</sup> Matvælastofnun (2020). Greinargerð. Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði.



			<p>hluti hennar til seiðaframléiðslu. Laxaseiði hafa fundist neðst í Fjarðará og þar fáir árgangar af seiðum, sem talið er benda til mikilla affalla.<sup>46</sup> Í annarri rannsókn fundust engin laxaseiði.<sup>47</sup> Af framansögðu má ljóst vera að aðstæður í Fjarðará eru óhentugar fyrir vöxt og viðgang sjálfbærs laxastofns. Síðustu fimm ár hafa 3-6 laxar veiðst í ánni.<sup>48</sup></p> <p>Miðað við óhentugar náttúrulegar aðstæður fyrir laxalús í sjónum við Austfirði, að vöktun er viðhöfð í eldinu og eftirlit er með eldisstarfseminni má telja a.m.k. afar ósennilegt að aðstæður skapist sem leiði til þess að gönguseiði laxa þurfi að synda í gegnum „lúsafár“ á leið sinni til hafs.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i></p>
100	Jóhannes Sturlaugsson f.h. Veiðifélags Fjarðará	<p>[...] Í upphafi þeirrar laxeldishrinu sem nú er í gangi var mikið talað um að laxalús yrði hvergi vandamál í eldi á Vestfjörðum og Austfjörðum öðru fremur vegna hitastigs sjávar. Reyndin hefur verið sú að laxalús hefur verið stórfelld vandamál í laxeldi á Vestfjörðum. Svalari sjór á Austfjörðum hefur auðveldað baráttuna við þennan vágast í fiskeldi á því svæði fram til þessa, en spurningin er hve mikið aðstæður þurfa að breytast hvað hita sjávar og ásetning varðar til að svipað ófremdarástand hvað laxalúsina varðar komi upp á Austfjörðum. Hafa ber í huga að áður en að laxalús er farin að valda búsifjum í laxeldinu eru neikvæð áhrif vegna mögnunar á fjölda laxalúsa í kringum laxeldissvæði farin að valda búsifjum hjá villtum laxi og göngusilungi. Það gildir öðru fremur um slíkt laxeldi í kvíum þegar firðirnir eru þröngir og stuttir líkt og Seyðisfjörður er dæmi um. Þannig er breidd Seyðisfjarðar á innstu 5 kílómetrunum einungis um eða innan við 1 km og ytri hluti hans er síðan að mestu innan við 2 km á breiddina.</p>	<p>Villtir laxfiskar í sjó við Vestfirði eru smitaðir af laxalús og smit hefur aukist í fjörðum á sunnanverðum Vestfjörðum. Ástæður þessarar þróunar eru þó ekki skýrðar eingöngu með auknu laxeldi á svæðinu þar sem lítið var um lús í sjókvíum og ástand eldisfisks því ekki í takt við villta fiskinn. Talið er mögulegt að hækkandi sjávarhiti við Vestfirði geti skýrt þróunina í smiti laxalúsar meðal laxfiska á svæðinu.<sup>49</sup> Sambærileg rannsókn hefur ekki verið gerð við Austurland.</p> <p>Matvælastofnun segir að stofn laxalúsar eigi erfitt uppdráttar í fjörðum við Austurland og líklegt að sjávarhiti hafi þar umtalsverð áhrif.<sup>50</sup> Þetta bendir til þess að lúsín sé fátíð á svæðinu og hefur eftirliti</p>

<sup>46</sup> Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson (2001). Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðarár í Seyðisfirði. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/0117.

<sup>47</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfispættir vatnsfalla á Austfjörðum. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40.

<sup>48</sup> Jóhannes Sturlaugsson (2021). Fiskistofnar Fjarðarár í Seyðisfirði í ljósi veiðigagna 1990-2020 og fórnarkostnaður þeirra fiskistofna gangi eftir áætlanir um laxeldi í sjókvíum í Seyðisfirði. Greinargerð unnin fyrir Veiðifélag Fjarðarár í Seyðisfirði.

<sup>49</sup> Eva Dögg Jóhannesdóttir. 2019. Sea lice infestation on wild salmonids in the southern part of the Icelandic Westfjords. M. Sc. ritgerð. Háskólinn á Hólum.

<sup>50</sup> Matvælastofnun (2020). Greinargerð. Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði.

			<p>með laxalús í austfirsku laxeldi á síðastliðnum 20 árum staðfest að lítið er af laxalús í sjónum við Austurland.<sup>51</sup> Auk lágs sjávarhita skýrist þetta mögulega m.a. af því að laxastofnar á svæðinu eru smáir og urriði ekki á svæðinu, en fátíðara er að bleikja beri laxalús en fyrir lax og sjóbirting, samanber umsögn Fiskistofu um frummatsskýrslu.</p> <p>Í ám norðan Stöðvarfjarðar og að Héraðsflóa er nær eingöngu bleikja en lítið af laxi og urriða. Sterkur bleikjustofn er í Fjarðará í Seyðisfirði, en fáir fiskar eru í laxastofni árinna. Laxaseiði hafa fundist neðst í Fjarðará og þar fáir árgangar af seiðum, sem talið er benda til mikilla affalla.<sup>52</sup> Í annarri rannsókn fundust engin laxaseiði.<sup>53</sup> Af framansögðu má ljóst vera að aðstæður í Fjarðará eru óhentugar fyrir vöxt og viðgang sjálfbærs laxastofns.</p> <p>Eldislax kemst fyrst í tæri við laxalús þegar seiði eru sett í sjókvíar. Laxalús þarf því fyrst að berast að eldisfiski og sýkja hann áður en þær aðstæður skapast að laxalús leggist á villta laxfiska vegna fiskeldisins. Eins og að framan segir eru þær aðstæður ekki fyrir hendi að lús berist í umtalsverðu magni að sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu. Þá er reglulega fylgst með laxalús á eldisfiski. Takmarkaðar líkur eru á að eldið leiði til þess að gönguseiði lax og sjóbleikja þurfi að synda í gegnum mergð af laxalús á leið sinni til hafs.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
--	--	--	--

<sup>51</sup> Bréf Matvælastofnunar, dags. 28. janúar 2021, um undanþáguheimild frá vöktun laxalúsar í sjókvíaeldi á Austfjörðum. (Viðauki 7).

<sup>52</sup> Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson (2001). Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðará í Seyðisfirði. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/0117.

<sup>53</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40.

101	Jóhannes Sturlaugsson f.h. Veiðifélags Fjarðarár	<p>Sú staðreynd hve Seyðisfjörður er þröngur og stuttur sýnir hve sjóbleikja úr Fjarðará, sem væntanlega mun dvelja alla sína sumarlöngu sjógöngu eða megnið af henni á strandsvæðum Seyðisfjarðar, sýnir hve sjóbleikjan verður útsett fyrir þeirri aukningu á laxalús í Seyðisfirði sem gera verður ráð fyrir að fylgja muni laxeldinu sem fyrirhugað er að stunda þar. Auk þess má benda á það að einungis 5 km eru frá ósum Fjarðarár að innsta eldissvæðinu við Sörlastaðavík (þ.e.a.s. ef hugmyndir um afnot af eldissvæði sem er innar við Háubakka eru úr sögunni) sem sýnir enn frekar þá hættu sem stafar af laxlúsinni þegar að aðstæður gera það að verkum að hún nær að magnast upp á eldissvæðum. Hvað varðar þann göngusilung sem finnst í Vestdalsá og Sörlastaðaá þá þarf ekki að fjölýrða að nálægðin við eldissvæðið við Selstaðavík mun hafa neikvæð áhrif á stofna þeirra laxfiska. Í þessu sambandi er við hæfi að vitna til vöktunarrannsóknar höfundar þessara orða þar sem fylgst hefur verið með sjóbirtingi og laxi árlega í ám Arnarfirði 2015 -2020. Á þeim sjóbirtingum sem skiluðu sér í árnar sást að eftir að laxeldið í Arnarfirði óx urðu áhrif laxalúsarinnar sjáanleg fyrir tilstilli skaða sem lúsinn hafði valdið á ytra byrði fiskanna (Jóhannes Sturlaugsson apríl 2019). Í því ljósi verður að ætla laxalúsinn hafi aukinheldur orðið að fjörtjóni einhverjum af smæstu sjóbirtingunum, þ.e.a.s. þeim sem eru á sinni fyrstu sjávangöngu (sínu fyrsta sumri í sjó)</p>	<p>Fullyrt er að göngusilungur sé í Vestdalsá og Sörlastaðaá, en engar ritaðar heimildir eru til um lífríki ána. Áréttað er að fá laxaseiði hafa fundist í Fjarðará í Seyðisfirði og vísbendingar eru um mikil afföll í stofninum<sup>54 55</sup>, sem bendir til að aðstæður í ánni eru óhentugar fyrir vöxt og viðgang sjálfbærs laxastofns. Sterkur bleikjustofn er í Fjarðará en urriði ekki til staðar í ánni né ám í nálægum fjörðum.<sup>56</sup> Samkvæmt þessu er sjóbirtingur ekki á svæðinu.</p> <p>Fátíðara er að bleikja beri laxalús miðað við lax og sjóbirting, samanber umsögn Fiskistofu um frummatsskýrslu. Áréttað er að eftirliti með laxalús í austfirsku laxeldi á síðastliðnum 20 árum hefur staðfest að lítið er af laxalús í sjónum við Austurland. Einnig er bent á að eldislax kemst fyrst í tæri við laxalús þegar seiði eru sett í sjókvíar og því þarf lúsinn fyrst að berast að eldisfiski og sýkja hann áður en þær aðstæður skapast að laxalús leggist á villta laxfiska vegna fiskeldisins. Takmarkaðar líkur eru á að eldið leiði til þess að gönguseiði lax og sjóbleikja þurfi að synda í gegnum mergð af laxalús á leið sinni til hafs. Bleikjan gengur í sjó fyrri hluta sumars en þá er þroskastaða laxalúsarinnar með þeim hætti að litlar líkur eru fyrir því að hún leggist á bleikjuna yfir höfuð. Eins og hitstig er á Austfjörðum í júní eða um 4°C, þá er engin hætta á smiti enda verður lúsinn ekki kynþroska við það hitastig. Göngutími bleikjunnar í sjó er um 4-6 vikur sem girðir og fyrir smit.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæði við Háubakka. Fjarlægðarmörk í</p>
-----	--	--	---

<sup>54</sup> Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson (2001). Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðarár í Seyðisfirði. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/0117.

<sup>55</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40.

<sup>56</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40.

			<p>reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi miða við sjókvíaeldisstöð, en sjókvíaeldisstöðin í Sörlastaðavík verður í 5 km fjarlægð frá ós Fjarðarár. Á það ber og að líta að umrætt reglugerðarákvæði hefur ekki lagastoð og eigi það sér lagastoð þá gildir það ekki um framkvæmdina sbr. br.b.ákv. II í lögum um fiskeldi, sem segir að ákv. eldri laga gildi.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
102	Jóhannes Sturlaugsson f.h. Veiðifélags Fjarðarár	<p>Hjá laxinum er það fjöldi lirfa laxlúsa sem nær að setjast á gönguseiðin á leið þeirra um fjörðinn á leið sinni til hafs sem ræður því hvort þeir laxar eiga möguleika á að snúa aftur úr hafi eður ei. Enda þótt innsta eldissvæðið við Háubakka sem í upphafi var lagt upp með að nýta verði ekki notað fyrir eldiskvíar þá er ljóst að gönguseiði laxins þurfa að ganga fram hjá þremur eldissvæðum á leið sinni á ætisslóðir laxins í hafi ef öll eldissvæðin verða sett í gagnið (við Sörlastaðavík; við Selstaðavík og við Skálanesbót). Nokkuð sem mun hafa áhrif á þann viðkvæma (fáliðaða) laxastofn sem er að finna í Fjarðará.</p> <p>[Raktar eru niðurstöður greina um áhrif laxalúsar frá laxeldi á villta lax í Noregi (Forseth o.fl. 2017, Johnson o.fl. 2020)]</p>	<p>Í greinargerð með ráðgjöf Alþjóðahafrannsóknaráðsins um möguleg áhrif laxeldis á villta stofna Atlantslax<sup>57</sup> kemur fram að lifun laxins í sjó hefur dalað á undanförunum áratugum. Þessi þróun náí yfir víðáttumikil hafsvæði og sé afleiðing stórfelldra breytinga á ástandi hafsins. Afföll laxins í hafi eru um 95% og ástæður þess eru að mestu óþekktar. Sjónarmið um áhrif laxalúsar á laxastofna eru af tvennum toga, sem þó byggja á sömu rannsóknagögnum. Annars vegar að áætlaður „viðbótar“ dauði vegna lúsar sé lítið (um 1%) í samanburði við hin miklu afföll í hafi, en hins vegar séu þau umtalsverð í samanburði við þann fjölda sem lifir af og gengur aftur í á (0,6 til 39%). Í ráðgjöfinni kemur fram að ástand sjávar getur verið mjög breytilegt frá ári til árs og þar með afkoma Atlantshafslaxins. Því sé erfitt að greina í sundur bein áhrif laxalúsar á afkomu einstakra laxastofna og áhrif vegna breytilegra aðstæðna í hafi.</p> <p>Hnignun laxastofna er ekki einskorðuð við lönd þar sem laxeldi er stundað. Í því ljósi má álykta að áhrif laxeldis séu ekki merkjanleg, svo sem vegna</p>

<sup>57</sup> ICES (2016). Report of the Workshop to address the NASCO request for advice on possible effects of salmonid aquaculture on wild Atlantic salmon populations in the North Atlantic (WKCULEF). ICES CM 2016/ACOM:42. [https://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Advice/2016/Special\\_Requests/NASCO\\_AquacultureEffectsAdvice.pdf](https://www.ices.dk/sites/pub/Publication%20Reports/Advice/2016/Special_Requests/NASCO_AquacultureEffectsAdvice.pdf)

			laxalúsar. Afföll í hafi eru veruleg og breytileg frá ári til árs í takt við umhverfisaðstæður hverju sinni. Því má ætla að afdrif laxastofnsins í Fjarðará ráðist frekar af þeirri staðreynd en því hvort í óvissri framtíð muni sjógönguseiði mæta laxalús á leið sinni til hafs. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
103	Jóhannes Sturlaugsson f.h. Veiðifélags Fjarðará	Laxalús fylgir laxeldi í sjó jafnvel þó að hún nái sér síður á strik í svalari sjó líkt og reyndin er á Austjörðum, ennþá allavega. Sá skortur sem er hérlandis á mati á áhættu frá hendi laxalúsarinnar sem runnin er frá fiskeldi og tilheyrandi símati á áhrifum hennar á laxa- og göngusilungsstofna á áhrifsvæði laxeldisins, veldur því að engin ástæða er til annars en gera ráð fyrir því að laxalús skaði slíka stofna í ám í Seyðisfirði komi til þess að laxeldi verði leyft í Seyðisfirði í því mæli sem lagt er upp með. Það er vægast ekki gott afspurnar fyrir Íslendinga að ennþá skuli umhverfismat það sem lagt er til grundvallar ákvörðunum er varða fiskeldi í sjó, ekki með virkum hætti áskilja að til grundvallar séu lögð gögn er varða það hvaða neikvæðu áhrifa megi vænta hjá villtum stofnum laxa og göngusilungs á áhrifsvæði eldisins vegna þeirra laxalúsar sem fylgir eldinu og þeirra fisksjúkdóma sem mögulegt er að komi upp fyrir tilstilli þess eldis.	Í umhverfismati vegna laxeldis í Seyðisfirði er stuðst við opinberar upplýsingar varðandi laxalús og sjúkdóma og líkleg dreifing smits er miðuð við þekktu yfirborðsstrauma í firðinum. Það er ætíð matsatriði hver líkleg umhverfisáhrif eru, sem verða þó sannreynd með vöktun. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	6.5	<b>Efnisatriði:</b>	Villtur lax, erfðablöndun, náttúruverndarlög
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
104	Arna Viktoría Kristjánsdóttir, Ásta Júlía Theodórsdóttir, Disa Anderiman, Ásdís Kalman, Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir	Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og sjóbleikju. Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.	Athugasemdin felur í sér fullyrðingu, en ekki efnislega athugasemd.
105	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar	Umbj. okkar hefur síðan árið 1980 eytt gríðarlegum tíma og fjármunum til þess að rækta Fjarðará [í Loðmundarfirði] upp sem veiðiá m.a. með því að sleppa miklu magni laxaseiða í ána, upprunnum úr Laxá í Aðaldal, á árabílinu 1980-1990. Þá hefur umbj. okkar unnið að því ötullega að útbúa ný hrygningasvæði í ánni auk þess að bæta þau sem fyrir voru. Seiðasleppingum var hætt árið 1990 og hefur áin verið sjálfbær síðan. Í ánni veiðist auk lax, urriði, sjóbirtingur,	Fullýrt er að með seiðasleppingum og búsvæðasköpun sé nú sjálfbær laxastofn í Fjarðará í Loðmundarfirði. Í nýlegri rannsókn veiddist þó

		bleikja og sjóbleikja. Hætt er við því að lífríki árinna raskist mjög ef laxagengd eykst frá því sem nú er.	<p>enginn lax í ánni .<sup>58</sup> Opinberar upplýsingar um laxveiði í Fjarðará í Loðmundarfirði eru gloppóttar en virðast hafa verið u.þ.b. 10 fiskar, samkvæmt árlegum skýrslum Veiðimálastofnunar/Hafrannsóknastofnunar um lax- og silungsveiði á Íslandi.</p> <p>Ár á Austfjörðum sunnan Vopnafjarðar eru kaldar, aðrennsli þeirra stutt og þær hafa litla framleiðni. Skilyrðin eru því hentug fyrir uppeldi bleikju en ekki lax.<sup>59,60</sup> Þá vekur það athygli að til fiskræktar í Fjarðará hefur verið notaður lax úr Laxá í Aðaldal, en skyldleiki er almennt meiri milli austfirskra laxastofna og stofna af Vestfjörðum en af Norðurlandi.<sup>61</sup> Fiskstofn telst villtur þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.<sup>62</sup> Því er ekki augljóst að um villtan laxastofn sé að ræða í Fjarðará í Loðmundarfirði, hvað þá sjálfbæran.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
106	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar	Áform FA lúta að því að rækta lax af Saga eldisstofni. Þótt tegundin henti fiskeldisframleiðendum vel er vitað að frjór fiskur af þessum stofni verður kynþroska og er vel til þess fallinn að blanda erfðaeftni sínu saman við villta stofna hér á landi, sleppi hann úr kví. Honum hefur enda gengið það vel í Noregi, sbr. síðari umfjöllun. Á hverju ári veiðast margir stökulaxar í íslenskum ám, en ekki er ástæða til að ætla að allir þeir laxar sem sleppa, veiðist.	<p>Nýtt áhættumat erfðablöndunar byggir m.a. á niðurstöðum vöktunar á eldislaxi í ám á Íslandi. Fullyrðing um mikið af stökulaxi veiðist í ám á landinu, stangast algerlega á við upplýsingar sem áhættumatið byggir á.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

<sup>58</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40.

<sup>59</sup> Guðni Guðbergsson og Þórólfur Antonsson (1996). Fiskar í ám og vötnum. Landvernd, Reykjavík. 191 bls..

<sup>60</sup> Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson (2001). Seiðabúskapur og uppeldisskilyrði Fjarðará í Seyðisfirði. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/0117.

<sup>61</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson, Ingi Rúnar Jónsson, Eydís H. Njarðardóttir, Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, Jóhannes Guðbrandsson og Sigurður Már Einarsson (2018). Skyldleiki laxastofna í ám á Austfjörðum við aðra laxastofna á Íslandi. Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, KV 2018-4.

<sup>62</sup> Lög nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

107	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar	Þótt laxeldi í sjó hafi ekki verið stundað jafnlengi á Íslandi er engin ástæða til að ætla að betur fari hér á landi. Tilvísanir til þess að litlar líkur séu á stroki, litlum lífslíkum slíkra fiska og takmarkaðri hæfni til að æxlast eru einfaldlega í andstöðu við þá reynslu sem fyrirbyggjandi er. Í frummatsskýrslu er enda gert ráð fyrir talsverðu stroki laxfiska úr sjókvíunum þótt byggt sé á óljósum gögnum og gefin sú forsenda að árangur FA í þessum efnum verði a.m.k. á pari við það sem langbest hefur náðst ytra á einstöku ári og að engir smærri fiskar sleppi. Engin vissa er fyrir slíku. Í þessu sambandi er rétt að benda á að þótt villtir stofnar laxa séu einstakir hér á landi og mikilvægir lífríki og veiðiréttarhöfum þá eru þeir í eðli sínu ekki umfangsmiklir og þar af leiðandi berskjaldaðri gagnvart erfðablöndun eins og raunar bent er á í frummatsskýrslu. Af því leiðir hins vegar ekki, að lítil verðmæti séu í þeim fólgin fyrir einstak veiðiréttarhafa, íslenskt þjóðarþú og náttúru landsins.	Hafrannsóknastofnun hefur valið að nota hámark áætlaðrar meðaltíðni stroka frá norsku fiskeldi, sem breytu í áhættulíkani sínu (0,8 strokufiskar á hvert framleiðslutonn). Það telst vera ásættanlegt að styðjast við þessa strokutíðni, samkvæmt álitni óháðrar nefndar vísindamanna sem rýndu aðferðir Hafrannsóknastofnunar við áhættumat erfðablöndunar. Hins vegar sé eðlilegra að miða við lífmassa frekar en framleiðslu, sem gefi stuðullinn 0,67 fyrir hvert tonn lífmassa. Bendir nefndin þó á að tölur um tilkynntan strokufisk í Noregi hafa almennt lækkað síðan árið 2011. Mögulegt sé að strokutíðnin sem Hafrannsóknastofnun notar í líkani sínu sé tiltölulega há, en hægt verði að ráðast í nákvæmari áætlun á strokutíðni miðað við íslenskar aðstæður þegar nægjanlega nákvæm gögn liggja fyrir frá íslenskum laxeldisstöðvum. <sup>63</sup> Samkvæmt þessu er líklegt að áætlað strok á hvert framleiðslutonn í líkaninu sé a.m.k. ekki að vanmeta áhættuna, sem stafar af stroki eldislaxa.  Líklegt er að strok úr eldi sé umtalsvert minna en stuðullinn 0,8 strokufiskar á hvert framleiðslutonn gefur til kynna. Í frummatsskýrslu er tekið mið af stroki eldislaxa í Noregi árið 2017 til að meta fjölda strokulaxa úr 10.000 tonna framleiðslu. Það ár var framleitt ríflega 1,2 milljónir tonna af laxi í Noregi og ríflega 15.000 laxar struku, samkvæm norskum yfirvöldum. Það þýðir 0,001 strokulax fyrir hvert tonn sem framleitt er. Eins og fram kemur í frummatsskýrslu áætlað FA að 10 laxar sleppi úr eldinu í Seyðisfirði á ári, miðað við 10.000 tonna framleiðslu.
-----	---	--	---

<sup>63</sup> Skýrsla óháðrar nefndar um athugun á aðferðafræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar. Sótt á vef Alþingis þann 6.5.2021 <https://www.althingi.is/alttext/pdf/150/s/2029.pdf>

			<p>Hafrannsóknastofnun vaktar fimm lykilár með vöktunartækinu Árvaka og á næstu árum verða fleiri ár vaktaðar á þann hátt. Vöktun í veiðiám á landinu gefur upplýsingar um fjölda eldislaxa sem veiðast í ánum og sannanlega er hægt að rekja til laxeldis í sjó. Þrír eldislaxar veiddist í ánum árið 2020, fimm fiskar árið 2019 og tólf árið 2018. Sé miðað við fjölda stökulaxa árið 2018 og framleiðslu á laxi á landsvísu árið 2020, 30.000 tonn, sluppu 0,0004 fiskar úr sjókvíum við Íslandsstrendur á hver þúsund tonn. Það jafngildir því að fjórir laxar sleppi úr eldi fyrir 10.000 tonna framleiðslu í Seyðisfirði.<sup>64</sup></p> <p>Í athugasemd er fullyrt að tilvísanir í frummatsskýrslu um að litlar líkur séu á stroki eldislaxa sé í „andstöðu við þá reynslu sem fyrirbyggjandi er“. Fullyrðingin er án raka. Hér að framan hafa hins vegar verið færð rök fyrir niðurstöðu umhverfismatsins.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
108	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar	<p>Þrátt fyrir framangreint áformar FA að hafa bróðurpart framleiðslu sinnar frjóan lax, eða 6.500 tonn. Er það rökstutt með vísan til þess að áhættan sé ekki eins mikil í ljósi þess hversu vel verður staðið að verki. Það vekur hins vegar athygli að sú afstaða, að ætla að ala frjóan lax, byggir ekki á því að ómögulegt eða torsótt sé að ala ófrjóan lax sem sama hætta stafar ekki af, enda lúta áætlanir FA að því að framleiða 3.500 tonn af slíkum laxi og hefur félagið þegar hafið eldi slíkra fiska og mun að eigin sögn standa að rannsóknum á í samstarfi við Hafrannsóknarstofnun og Háskólann á Akureyri. Miðað við það sem fram kemur í frummatsskýrslu er það fyrst og fremst skortur á markaðssetningu sem stendur því í vegi að þessi mjög svo ábyrgari framleiðslukostur nái til meirihluta eða allra framleiðslunnar. Ekki er dregið í efa að slíkt geti haft í för með sér minni framlegð til skamms tíma. Umbj. okkar bendir hins vegar á að ekki dugi að tjalda til einnar nætur og verði af laxeldinu</p>	<p>Í athugasemdinni er vikið að ófrjóum laxi til eldis. Fiskeldi Austfjarða bendir á að leysa þarf ýmis líffræðileg viðfangsefni áður en hægt verður að hefja samkeppnishæft eldi á ófrjóum laxi. Hafrannsóknastofnun leiðir samstarfsverkefni við að þróa eldi með ófrjóum laxi. Í verkefninu er laxinn gerður ófrjór, annars vegar með svokallaðri þrílitnun og hins vegar með svokallaðri genþöggun. Rannsóknaverkefninu er ekki lokið. Í sérfræðiálit Helga Thorarensen frá 2018 segir: "Hægt er að koma að mestu í veg fyrir erfðablöndun eldislaxa við villta stofna með því að</p>

<sup>64</sup> Þorleifur Ágústsson og Þorleifur Eiríksson (2021). Greinargerð RORUM fyrir Fiskeldi Austfjarða dags. 19.02.2021.



		<p>með frjóum laxi, hvað þá í svo tröllauknu magni sem að er stefnt, leiðir það til verulegs tjóns fyrir hann og fjölmarga aðra veiðiréttarhafa. Þar er enn fremur um að ræða óafturkræf spjöll á stofni sem hefur þróast hér á landi yfir langan tíma. Slíkt væri í hróplegri andstöðu við hvers kyns sjónarmið um náttúrvernd og vernd villtra dýra og erfðahreinleika.</p>	<p>nota ófrjóan lax í eldinu. Laxinn er yfirleitt gerður þrílitna með þrýstímeðhöndlun hrogna strax eftir frjóvgun. Við það fá fósturin auka litningasett frá hrygnunni og verða það sem kallað er þrílitna (3N) en ómeðhöndlaðir fiskar eru tvílitna (2N)." [...] "Reynsla af eldi á 3N laxi bendir fremur til að 3N fiskur sé ekki jafn heppilegur til eldis og 2N fiskur, bæði hvað varðar vöxt og lífslíkur. Reynsla af eldi á 3N laxi er lítil og enn sem komið mjög lítil við íslenskar aðstæður. Enn eru ýmiskonar vandamál óleyst við eldi á 3N laxi, allt frá meðferð hrogna, við frumfóðrun, seltuþol og fram að sláturstærð. Þess vegna verður ekki séð að notkun á 3N laxi til eldis geti talist sambærilegur valkostur við eldi á 2N laxi. Hins vegar munu niðurstöður rannsókna og reynsla af tilraunaeldi á 3N fiski á næstu árum leiða í ljós hvort eldi á 3N laxi er raunhæfur og sambærilegur valkostur við eldi á 2N fiski. Sé það tilfellið er sjálfsagt að gera kröfu um að allur lax í kvíum við Ísland verði 3N."<sup>65</sup></p> <p>Í athugasemdinni segir að eldið muni leiða til óafturkræfra spjalla á stofni „sem hefur þróast hér á landi yfir langan tíma.“ Færð hafa verið frekari rök fyrir niðurstöðu frummatsskýrslu um að litlar líkur séu á stroki úr eldinu (svári nr. 107 við athugasemd Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar).</p> <p>Fiskeldi Austfjarða telur það rangt að útbreiðsla laxastofna á Íslandi sé hluti af náttúrulegu þróunarferli. Ekkert er fjær sanni. Í íslenskar ár hefur verið sleppt seiðum í hundraða þúsunda tali árlega frá því um miðjan sjötta áratuginn og var uppruni þeirra oft ókunnur eða úr hinum ýmsum ám. Sprengdir hafa verið laxastigar og ár virkjaðar</p>
--	--	---	---

<sup>65</sup> Helgi Þór Thorarensen (2018). Sérfræðiálit um valkosti í laxeldi í Patreks- og Tálknafirði. Greinargerð.

			<p>til að breyta náttúrulegum gönguleiðum. Þá telur Fiskeldi Austfjarða að náttúruval hafi verið truflað með veiðum á stórlaxi og núna síðast sleppingum. Jafnframt er vísað í svar nr. 6 við athugasemd Óttars Yngvasonar um að framkvæmdin gangi í berhögg við markmiðsákvæði og varúðarreglu náttúruverndarlaga.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
109	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar	<p>Í frummatsskýrslu er leitast við að gera lítið úr þeirri hættu sem að villta laxastofninum steðjar af þessum sökum. Í skýrslunni er m.a. Vísað til rannsóknar í Noregi því til stuðnings, sbr. bls. 94. Í því sambandi er þó ástæða til að draga fram hið augljósa, að af þeim 175 villtu laxastofnum sem skoðaðir voru höfðu 50 þeirra orðið fyrir mjög miklum breytingum á erfðasamsetningu og staða stofns því skilgreind alvarleg. Í öðrum 11 stofnum taldist staða slæm í þessu tilliti. Í 54 stofnanna þótti staða í meðallagi. Af þeim 175 stofnum sem rannsakaðir voru höfðu aðeins 60 ekki orðið fyrir breytingum. Erfðaefni eldislax hefur því einungis látið 34% villtu stofnanna ósnortið. Skýrsluhöfundur virðist láta sér það í léttu rúmi liggja.</p>	<p>Fiskeld Austfjarða er ekki að gera lítið úr hættu sem stafað getur af erfðablöndun.</p> <p>Í Noregi er oft dregin upp dökk mynd af ástandi laxastofna. Horfa verður til fleiri þátta en fiskeldis þegar fjallað er um hversu margir laxar skila sér úr hafi í ár, en algengt er að endurheimtur á laxi úr sjó sveiflist milli ára. Breytileg umhverfisskilyrði í sjó og ferskvatni og virkjanir í ám er dæmi um þætti sem geta haft mikil áhrif á endurheimtur laxa.</p> <p>Hlutfall laxa úr eldi sem veiddir voru í norskum ám hefur minnkað frá því um 1980 (35%), en á árunum 2016 til 2019 var hlutfall eldislaxa í veiði 4-7%.<sup>66</sup> Stofnar laxfiska í Noregi eru í mismikilli hættu. Þannig var ástandið mjög slæmt árið 2017 hjá 50 laxastofnum af 188 sem voru rannsakaðir.<sup>67</sup> Árið 2020 var mjög slæmt ástand hjá 68 stofnum af 256 sem voru rannsakaðir. Prósentutalan hefur ekki breyst mikið á þessu tímabili, árið 2017 voru þetta 28,% og árið 2020 var talan 29%. Árið 2017 var ástandið gott hjá 60 laxastofnum (af 156), eða 34%, og árið 2020 var ástandið gott hjá 80 laxastofnum (af 256), eða 33,5%. Það sem verið er</p>

<sup>66</sup> Vitenskapelig råd for lakseforvaltning 2020. Status for norske laksebestander i 2020. Rapport fra Vitenskapelig råd for lakseforvaltning nr 15, 147 s.

<sup>67</sup> Diserud, O.H., Hindar, K., Karlsson, S., Glover, K.A. & Skaala, Ø. (2020). Genetisk påvirkning av rømt oppdrettslaks på ville laksebestander – oppdatert status 2020. NINA Rapport 1926. Norsk institutt for naturforskning.

			<p>að benda á er að þessar tölur breytast frá ári til árs. Þetta er þrátt fyrir að fleiri og fleiri ár eru vaktaðar. Sumar ár eru færðar í hærri áhættuflokka, en aðrar færast neðar í minni áhættuflokka. Það breytir því ekki að í heildina hefur ástandið ekki versnað eins og oft er haldið fram.</p>
110	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar	<p>Í frummatsskýrslu er vikið að því, að hætta á því að stökulaxar leiti í laxveiðiár sé mest í þeim ám sem næstar eru fiskeldi. Réttindi umbj. okkar eru í Fjarðará í Loðmundarfirði, sem er næsti fjörður norðan við Seyðisfjörð. Fjarlægð er því sérstaklega lítil og nær öruggt að stökufiskar myndu leita í ána. Hinu sama gegnir vitaskuld um aðrar ár, t.d. í Vopnafirði, enda 130 km ekki langt ferðalag fyrir lax. Í þessu sambandi er á það bent að stökufiskar geta hæglega ferðast um langan veg og gengið í aðrar veiðiár á Austurlandi sem miklu fjær eru. Í því sambandi er bent á að laxar sem sluppu á sínum tíma í Norðfirði veiddust m.a. í Selá, Hofsá í Vopnafirði og Breiðdalsá, sbr. bls. 94 í frummatsskýrslu. Af þessu er augljóst að forsendur sem gefnar eru í frummatsskýrslu, um að fullnægjandi fjarlægð frá laxveiðiám réttlæti fiskeldið vegna þess að hætta sé ekki á að villtir stofnar spillist, styðjast ekki við rök.</p>	<p>Í Norðfirði sluppu 2.900 fiskar á sínum tíma. Tíu eldisfiskar veiddust í ám, þ.e. 0,003% af fjöldanum sem slapp; fjórir á Vopnafjarðarsvæðinu og sex í Breiðdalsá. Hvað varð um alla hina er ekki vitað, en líklegast drápu þeir í hafi.</p> <p>Í áhættumati erfðablöndunar Hafrannsóknastofnunar er metið hlutfall fiska sem ganga meðstraums eða á móti strandstraumnum umhverfis Ísland og hve langt laxar dreifa sér frá stökstað, eða allt að 200 km. Endurskoðað áhættumat erfðablöndunar frá árinu 2020 byggir einnig á niðurstöðum vöktunar á eldisfiskum í lykilám landsins. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar til stjórnvalda gerði ráð fyrir að eldismagn á frjóum laxi við Austfirði mætti vera allt að 42.000 tonn, en var 21.000 tonn árið 2017.</p> <p>Litlar líkur er til þess að fiskur sem sleppur syndi til norðurs á móti straumi, m.a. í Fjarðará í Loðmundarfirði, en líkurnar eru þó til staðar. Erfitt er hins vegar að meta hættuna þar sem ekki liggja fyrir opinberar veiðitölur í skýrslum um lax- og silungsveiði í Fjarðará í Loðmundarfirði. Einnig skiptir máli hvenær á eldistímanum fiskurinn sleppur.</p> <p>Horfa verður til margra þátta þegar metið er hversu mikil hætta ám í nágrenni eldis stafar af fiski sem sleppur úr eldi. Rök í frummatsskýrslu varðandi fjarlægð frá laxveiðiám byggja á</p>

			<p>vísindalegum gögnum, en ekki á tilfinningalegum rökum.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
111	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar	<p>Umbj. okkar frábiður sér langsóttar ályktanir í frummatsskýrslu þar sem leitast er við að kasta rýrð á áhættumat. Síst verður talið að sú aðgæsla sem stefnt er að sé of mikil í þessum efnum. Þá virðast öll viðmið í frummatsskýrslu varðandi göngu eldislaxa í ár miðast við að allir hafi þeir veiðst og jafnframt hafi þeir ekki sloppið snemma á eldistímanum. Í þessu sem öðru er í frummatsskýrslu varpað fram þeirri hagstæðustu barnslegu draumsýn sem hægt er að ímynda sér.</p>	<p>Í frummatsskýrslu er ekki verið að kasta rýrð á áhættumat erfðablöndunar. Hafa verður í huga að áhættumat erfðablöndunar er ný aðferðafræði sem er enn í þróun og er ekki yfir gagnrýni hafin. Í áhættumatinu er hlutfallið á milli síðbúins og snemmbúins stroks 50/50, hins vegar benda upplýsingar til að enn hafi ekki verið greindir strokufiskar úr snemmbúnu stroki í veiðiám hér á landi.<sup>68</sup> Því er tilhneiging að sleppifiskur sem veiðist í veiðiám landsins sé úr síðbúnu stroki.</p> <p>Samkvæmt opinberum tölum um sleppingar laxa úr eldi hér á landi á undanförunum árum þá sleppa um 0,0004 fiskar á hver þúsund tonn framleidd. Hættan á slyasleppingu er því hverfandi.<sup>69</sup></p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
112	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur	<p>Umbj. okkar hefur haft uppi áform um að rækta upp villtan laxastofn í Austurdalsá, sem hefur verið metinn raunhæfur kostur af sjávarlíffræðingum ef laxastiga er komið fyrir við fremsta foss árinna. Þótt frummatsskýrsla beri þess glögg merki að fært sé í stílinn og dregið úr þeirri vá sem sjókvíaeldi fyrir lax er fyrir villta laxastofna og lífríkið í heild, virðist sem skýrsluhöfundur geri sér grein fyrir því að að rökin verði ekki keypt eins og nýtt net. Af þeim sökum gerir skýrsluhöfundur sér sérstakt far um að gera lítið úr villtum laxastofnum á Íslandi og veiðum í ám á Austurlandi. Skrifin lýsa alvarlegu virðingar- og skilningsleysi á villtum laxastofnum og mikilvægi þeirra.</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða er ekki að gera lítið úr mikilvægi villtra laxastofna á Íslandi eða veiðum í ám á Austurlandi. Hins vegar má spyrja hvort að áform um að byggja upp laxastofn í Austdalsá séu raunsæ. Umrædd á er bleikjuá og hvað er laxastofn, er spurning. Slíkt er ekki til skilgreint í lögum.</p> <p>Áform landeigenda Austdals benda til þess að mikil inngrip í náttúrulegt vistkerfi árinna muni eiga sér stað, annars vegar með því að rækta upp lax af framandi stofni og hins vegar að byggja laxastiga.</p>

<sup>68</sup> Hafrannsóknastofnun (2020). Hætta á göngu stokolaxa úr laxeldi í íslenskar laxveiðiár. Tækniskýrsla

<sup>69</sup> Þorleifur Ágústsson og Þorleifur Eiríksson (2021). Greinargerð RORUM fyrir Fiskeldi Austfjarða dags. 19.02.2021.

			<p>Auk þess, eins og með margar ár á þessu svæði, er Austdalsá dragá, köld og næringarsnauð. Áin er ekki hentug til þess að byggja upp sjálfbæran laxastofn. Hvað sem öðru líður þá eru þetta bara áform og erfitt að taka afstöðu til slíks.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
113	Guðlaugur Kristinn Óttarsson	<p>Þá er ljóst að eldið mun hafa neikvæð áhrif á villta laxastofna og sjóbleikju. Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaelði hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.</p>	<p>Gerð er almenn athugasemd um umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti. Hér er vísað í svör Fiskeldis Austfjarða við athugasemdum við helstu umhverfisþáttum sem hér geta átt við:</p> <p>Varðandi umfjöllun vegna erfðablöndunar er vísað í svar nr. 110 vegna athugasemdar Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar.</p> <p>Varðandi umfjöllun vegna laxalúsar er vísað í svar nr. 91 vegna athugasemdar Björns Arnars Haukssonar.</p> <p>Varðandi umfjöllun vegna sjúkdóma er vísað í svar nr. 82 vegna athugasemdar Landverndar.</p> <p>Varðandi umfjöllun vegna mengun er vísað í svar nr. 74 vegna athugasemdar Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur.</p>
114	Gunnar Gunnarsson	<p>Í kynningarefni frá Fiskeldi Austfjarða er eftirfarandi setning: „Því stærri sem laxastofn er því betur ver hann sig gegn innblöndun“ Út frá þessu má ætla að litlir laxastofnar séu þeim mun viðkvæmari fyrir hvers konar innblöndun. Kynningarefnið segir líka að laxagengd endurspeglar í veiðitölum og út frá veiðitölum má áætla að laxastofninn sem gengur upp í Fjarðará í Seyðisfirði sé mjög lítill. Sá stofn er því mun viðkvæmari fyrir innblöndun heldur en stofnar í stærri ám eins og t.d. Breiðdalsá.</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða getur ekki fallist á að í Fjarðará í Seyðisfirði sé að finna sérstakan stofn af Altanshaf laxi (Salmo Salar). Veiðitölur sýna skýrt að miklar sveiflur eru í veiði á löxum í áni. Áin er bleikjuá en ekki laxá. Árið 2017 gerði Hafrannsóknastofnun rannsókn á seiðum laxfiska í ám á Austurlandi með það að markmiði að kanna útbreiðslu og þéttleika. Engin laxaseiði fundust í</p>

		<p>Síðustu ár hafa reglulega komið fréttir af slysasleppingum úr laxeldi hér við land auk þess sem reglulega koma slíkar fréttir frá laxeldissvæðum við Skotland og Írland. Árið 2018 varð stór slepping í laxeldi Arnarlax í Tálknafirði en talið er að um 5000 frjór norskir eldislaxar hafi sloppið. Árið 2014 sluppu að minnsta kosti 200 regnbogasilungar úr kvíum í Berufirði og á sama tíma slapp regnbogasilungur úr sjókvíum í Önundarfirði. Það er því augljóst að slysasleppingar gerast reglulega með slæmum afleiðingum fyrir þá stofna laxfiska sem eru á þeim svæðum.</p> <p>Auk þess benda rannsóknir norsku náttúrufræðistofnunarinnar NINA til þess að erfðablöndun þar í landi sé orðið stórt vandamál sem rekja megi alfarið til fiskeldis í sjókvíum.</p>	<p>Fjarðará í Seyðisfirði, eingöngu fundust bleikjuseiði. Einnig er áin sjálf ekki tekin með inn í áhættumat erfðablöndunar.</p> <p>Á árunum 2018 og 2019 voru tilkynntar fimm slysasleppingar, allar í Arnarfirði og Tálknafirði. Í einu tilfellinu var áætlað að 300 laxar hafi sloppið, en áætlun um fjölda í öðrum tilfellum liggur ekki fyrir. Afar fáir eldislaxar hafa veiðst í laxveiðiám hér á landi og enginn þeirra var úr snemmbúnu stroki.<sup>70</sup> Reynslan til þessa bendir því ekki til þess að slysasleppingar hafi haft slæmar afleiðingar fyrir villta laxfiskastofna.</p> <p>Regnbogasilungur hefur sloppið úr eldi hér við land, en ólíkt laxinum getur hann ekki tímgastráð við aðstæður hér á landi.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
115	Gunnar Sveinn Rúnarsson	<p>„Í 6. mgr. 18. gr. rg. nr. 540/2020 um fiskeldi eru ákvæði um fjarlægðarmörk. Þar segir að Matvælastofnun skuli tryggja að fjarlægðarmörk frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska í eldi er að ræða. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli.“</p> <p>Í 6. mgr. 18. gr. rg. Nr. 540/2020 stendur hins vegar orðrétt: „Matvælastofnun skal tryggja að fjarlægðarmörk frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli.“</p> <p>Orðalagi virðist breytt í skýrslu til þess að gera minna úr öðrum stofnum laxfiska heldur en laxi, eins og t.d. bleikju sem er ráðandi í flestum ám í Seyðisfirði og nágrenni.</p>	<p>Samkvæmt reglugerð nr. 627/2020 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi segir í 2. gr. „Við 1. mgr. 64. gr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi fellur úr gildi nema að því er varðar þær umsóknir og þau rekstrarleyfi sem fjallað er um í ákvæði II og III til bráðabirgða í lögum um fiskeldi nr. 71/2008.“</p> <p>Þetta þýðir að 6. mgr. 18. gr. reglugerðar 540/2020 á ekki við um leyfisumsóknir í Seyðisfirði heldur eiga fjarlægðarmörk í fyrri reglugerð nr. 1170/2015 um fiskeldi við. Þar segir, „Við leyfisveitingar fyrir hafbeitar- og sjókvíaeldisstöðvar skal miða við, að þær séu ekki nær laxveiðiám með yfir 100 laxa meðalveiði sl. 10 ár en 5 km. Sé um að ræða ár með yfir 500 laxa</p>

<sup>70</sup> Hafrannsóknastofnun (2020). Hætta á göngu strolulaxa úr laxeldi í íslenskar laxveiðiár. Tækniskýrsla

			<p>meðalveiði skal fjarlægðin vera 15 km, nema notaðir séu stofnar af nærliggjandi vatnasvæði eða geldstofnar, má þá stytta fjarlægðina niður í 5 km.“</p> <p>Á það ber jafnframt að líta að ekki er nein heimild í lögum um fiskeldi fyrir greindu reglugerðarákvæði, enda þar hvergi minnst á fjarlægðarmörk við laxfiskaár. Áður hefur verið bent á að hugtakið stofn er hvergi skilgreint í lögum og hvað þá hugtakið sjálfbærni.</p> <p>Ekki er verið að gera minn úr öðrum stofnum laxfiska í umfjöllun.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i></p>
116	Íslenski náttúruverndarsjóðurinn (IWF)	<p>Áform Fiskeldis Austfjarða um sjókvíaeldi í Seyðisfirði mun skaða villtan laxastofn Fjarðarár með erfðablöndun. Áhættan er aukin vegna þess að „eldislax sem alinn er á Íslandi er norskur að uppruna og þess vegna hugsanlega meiri ógn við innlenda stofna eftir innblöndun,“ eins og fyrrnefnd sérfræðinganevnd landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra segir í rýniskýrslu sinni á aðferðarfræði Hafrannsóknastofnunar.</p>	<p>Allt bendir til að lax eigi erfitt uppdráttar í Fjarðará í Seyðisfirði og aðstæður þar séu óhentugar fyrir vöxt og viðgang sjálfbærs laxastofns, sjá svar 18 við athugasemd Gunnars Sveins Rúnarssonar.</p> <p>Hafrannsóknastofnun vaktar veiðiár á landinu, sem gefur upplýsingar um fjölda eldislaxa sem veiðast í ánum og sannanlega er hægt að rekja til laxeldis í sjó. Þrír eldislaxar veiddist í ánum árið 2020, fimm fiskar árið 2019 og tólf árið 2018. Þetta gefur sterkt til kynna að dregið hafi úr því að lax sleppi úr eldi við Ísland. Sé miðað við fjölda stökulaxa árið 2018 og framleiðslu á laxi á landsvísu árið 2020, 30.000 tonn, sluppu 0,0004 fiskar úr sjókvíum við Íslandsstrendur á hver þúsund tonn. Það jafngildir því að fjórir laxar sleppi úr eldi vegna 10.000 tonna framleiðslu í Seyðisfirði.<sup>71</sup> Samkvæmt reynslu af eldi hér við land er mjög ólíklegt að allur stökufiskur muni leita í Fjarðará og hvað þá að hann hrygni. Miðað við þessar forsendur er afar ólíklegt að lax í ánni skaðist vegna eldisins.</p>

<sup>71</sup> Þorleifur Ágústsson og Þorleifur Eiríksson (2021). Greinargerð RORUM fyrir Fiskeldi Austfjarða dags. 19.02.2021.

			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
117	Íslenski náttúruverndarsjóðurinn (IWF)	Mögulegt og líklegt lúsasmit í sjókvíunum mun skaða bæði villti laxinn og bleikjuna sem á heimkynni í Fjarðará. Lúsasmitið og erfðablöndunin vege að sjálfstæðum tilverurétti þessara villtu stofna í náttúru landsins samkvæmt lögum um náttúruvernd (1. og 2. gr. nr. 60/2013 með síðari breytingum) og fer í bága við samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni, sem Ísland er aðili að, en er lögð áhersla á að vernda lífríki á öllum skipulagsstigum þess, þar með talið þeirra erfðaauðlinda sem lífríkið býr yfir.	<p>Eldislax kemst fyrst í tæri við laxalús þegar seiði eru sett í sjókvíar. Laxalús þarf því fyrst að berast að eldisfiski og sýkja hann áður en þær aðstæður skapast að laxalús leggist á villta laxfiska vegna fiskeldisins.</p> <p>Aðstæður í Fjarðará eru óhentugar fyrir vöxt og viðgang sjálfbærs laxastofns (sjá svar nr. 18 við athugasemd Gunnars Sveins Rúnarssonar).</p> <p>Samkvæmt almennri gönguhegðun sjógönguseiða munu seiði úr ánni ganga beint til hafs en dvelja ekki nærri ánni. Gera má ráð fyrir að bleikja Fjarðarár gangi til sjávar í maí og dvelji þar fram í seinni hluta júlí, ef hún hegðar sér á sama hátt og bleikja í Vesturdalsá í Vopnafirð. <sup>72</sup> Á þeim tíma fer hiti í yfirborðslagi Seyðisfjarðar úr 3,5 °C í tæplega 7°C. <sup>73</sup> Ekki hefur fundist laxalús á eldisfiski FA. <sup>74</sup> Matvælastofnun segir að stofn laxalúsar eigi erfitt uppdráttar í fjörðum við Austurland og líklegt að sjávarhiti hafi þar umtalsverð áhrif. <sup>75</sup> Auk lágs sjávarhita skýrist þetta mögulega m.a. af því að laxastofnar á svæðinu eru smáir og urriði ekki á svæðinu, en fátíðara er að bleikja beri laxalús en fyrir lax og sjóbirting, samanber umsögn Fiskistofnu um frummatsskýrslu. Samkvæmt þessu er laxalús ekki að plaga villta laxfiska á svæðinu. Því eru ekki aðstæður fyrir hendi að lús berist í umtalsverðu</p>

<sup>72</sup> Ingi Rúnar Jónsson og Þórólfur Antonsson (2015). Farleiðir sjóbleikju um ísalt svæði. Náttúrufræðingurinn 85 (1–2), bls. 54–59.

<sup>73</sup> Hafrannsóknastofnun 2018. Mat á burðarþoli Seyðisfjarðar m.t.t. sjókvíaeldis.

<sup>74</sup> Bréf Matvælastofnunar, dags. 28. janúar 2021, um undanþáguheimild frá vöktun laxalúsar í sjókvíaelði á Austfjörðum. (Viðauki ?)

<sup>75</sup> Matvælastofnun (2020). Greinargerð. Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði.



			<p>magni að sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu. Því er ólíklegt að eldið muni skaða bæði laxinn og bleikjuna í Fjarðará.</p> <p>Hafrannsóknastofnun segir að áhættumat erfðablöndunar, sem nú er í gildi, taki tillit til varúðarreglu laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) og taldi stofnunin að skilyrði laganna um varúðarreglu hafi verið uppfyllt og eftir atvikum alþjóðasamningur um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og Bernarsamningur.<sup>76</sup></p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
118	Íslenski náttúruverndarsjóðurinn (IWF)	IWF leggur því til að alfarið verði horfið frá áætlunum um sjókvíaeldi í Seyðisfirði. Auk þess mælist IWF til þess stöðvuð verði öll frekari útsetning á eldislaxi á þeim svæðum á Austfjörðum, þar sem eru nú þegar til staðar leyfi fyrir sjókvíaeldi, þar til Hafrannsóknastofnun hefur gert áhættumat vegna fiski- og laxalúsar og stjórnvöld sett reglur sem verja lífríkið fyrir þeirri hættu sem lúsin og meðhöndlun við henni hefur í för með sér.	Fiskeldi Austfjarða tekur ekki afstöður til framkominnar athugasemdar þar sem innihald er ákall til stjórnvalda.
119	Landssamband veiðifélaga	Landssamband veiðifélaga telur að frummatsskýrslan gangi í berhögg við markmiðsákvæði náttúruverndarlaga. Einkum er vísað til þess að í 1. mgr. 1. gr. segir að markmið laganna sé m.a. að vernda líffræðilega fjölbreytni og tryggja þróun íslenskrar náttúru á eigin forsendum. Og í c. lið 2. gr. segir að stefnt skuli m.a. að því að varðveita tegundir lífvera og erfðabreytilega fjölbreytni. Viðmið Hafrannsóknarstofnunar um að 4% erfðablöndun sé ásættanleg samræmist ekki þessum markmiðum og stefnu.	<p>Hafrannsóknastofnun segir að áhættumat erfðablöndunar, sem nú er í gildi, taki tillit til varúðarreglu laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) og telur stofnunin að skilyrði laganna um varúðarreglu hafi verið uppfyllt og eftir atvikum alþjóðasamninga um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og Bernarsamningur.<sup>77</sup></p> <p>Vísað er einnig í svar nr. 6 við athugasemd Óttars Yngvasonar um varúðarreglu náttúruverndarlaga.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

<sup>76</sup> Hafrannsóknastofnun (2020). Áhættumat Hafrannsóknastofnunar í samræmi við 6. gr. a í lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.

[https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/KThJ/Endursko%3%b0u%3%b0\\_R%3%a1%3%b0gj%3%b6f\\_%3%81h%3%a6ttumat2020\\_loka%20til%20birtingar.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/KThJ/Endursko%3%b0u%3%b0_R%3%a1%3%b0gj%3%b6f_%3%81h%3%a6ttumat2020_loka%20til%20birtingar.pdf)

<sup>77</sup> Hafrannsóknastofnun (2020). Áhættumat Hafrannsóknastofnunar í samræmi við 6. gr. a í lögum nr. 71/2008 um fiskeldi.

[https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/KThJ/Endursko%3%b0u%3%b0\\_R%3%a1%3%b0gj%3%b6f\\_%3%81h%3%a6ttumat2020\\_loka%20til%20birtingar.pdf](https://www.stjornarradid.is/library/01--Frettatengt---myndir-og-skrar/ANR/KThJ/Endursko%3%b0u%3%b0_R%3%a1%3%b0gj%3%b6f_%3%81h%3%a6ttumat2020_loka%20til%20birtingar.pdf)

120	Landssamband veiðifélaga	<p>Landssamband veiðifélaga telur að brotið hafi verið gegn ákvæði 9. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd (hér eftir nefnd náttúruvernarlög) vegna þeirrar óvissu sem er um notkun ófrjós lax, um útbreiðslu laxalúsar, hvað sleppa margir laxar og hvernig þeir blandast villtum laxi. Í 1. málslið ákvæðisins segir: „Þegar tekin er ákvörðun á grundvelli laga þessara, án þess að fyrir liggi með nægilegri vissu hvaða áhrif hún hefur á náttúruna, skal leitast við að koma í veg fyrir mögulegt og verulegt tjón á náttúruverðmætum.“ Það getur vel átt við um þessi atriði og einnig síðari málsliðurinn um skort á vísindalegri þekkingu sem hljóðar svo: „Ef hætta er á alvarlegum eða óafturkræfum náttúruspjöllum skal skorti á vísindalegri þekkingu ekki beitt sem rökum til að fresta eða láta hjá líða að grípa til skilvirkra aðgerða sem geta komið í veg fyrir spjöllin eða dregið úr þeim.“ Skorti á vísindalegri þekkingu er t.d. beitt sem rökum á bls. 98 í frummatsskýrslunni þar sem segir orðrétt: „Auk þess sem fáar rannsóknir hafa verið gerðar á ánni. Þar af leiðandi getur verið erfitt að ákvarða um stofn árinna.“</p>	<p>Vísað er í svar nr. 6 við athugasemd Óttars Yngvasonar um varúðarreglu náttúruverndarlaga. Einnig er vísað til þess að í áhættumati Hafrannsóknastofnunar er varúðarreglan höfð til hliðsjónar.</p> <p>Varðandi óvissu um laxalús er vísað í svar nr. 117 við athugasemd Íslenska náttúruverndarsjóðsins (IWF). Þar kemur m.a. fram að aðstæður í sjónum við Austurland eru lúsinni óhagstæð og fátítt er að laxalús finnist á eldislaxi á svæðinu. Auk þess er lítið um lax og urriða. Því séu ekki aðstæður fyrir hendi að lús berist í umtalsverðu magni að sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu, sem er forsenda þess að fiskeldið leiði til sýkingar meðal villtra laxfiska.</p> <p>Varðandi óvissu um hve margir laxar sleppi úr eldi og hvernig þeir blandist villtum laxi er vísað í svar nr. 107 við athugasemd Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar. Þar kemur m.a. fram að varðandi áætlað strok á hvert framleiðslutonn í líkani Hafrannsóknastofnunar, til að meta áhættu erfðablöndunar, sé a.m.k. ekki vanmat á áhættu, sem stafar af stroki eldislaxa. Einnig er þar vísað til niðurstöðu vöktunar á eldislaxi í veiðiám landsins og sé byggt á þeirri reynslu megi ætla að fjórir laxar sleppi úr eldi vegna 10.000 tonna framleiðslu í Seyðisfirði.<sup>78</sup></p> <p>Áhættumat erfðablöndunar er unnið á vegum Hafrannsóknastofnunar og að því koma helstu sérfræðingar landsins um líffræði íslenskra laxastofna. Matið byggir því á bestu vísindalegu þekkingu.</p>
-----	--------------------------	---	---

<sup>78</sup> Þorleifur Ágústsson og Þorleifur Eiríksson (2021). Greinargerð RORUM fyrir Fiskeldi Austfjarða dags. 19.02.2021.

			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
121	North Atlantic Salmon Fund (NASF) á Íslandi	<p>Í grein 3.1 kemur eftirfarandi fram: „Við laxeldið verður notaður kynbættur frjór og ófrjór þrílitna laxastofn af norskum uppruna, sem nefnist Saga eldisstofn.“ Það er einmitt þessi stofn sem er svo gríðarlega hættulegur hinum smáu en erfðafræðilega einstöku íslensku stofnum. Lax af Saga stofninum hefur verið kynbættur í áratugi til þess að stækka og fitna hratt. Erfðafræðilega er hann mjög frábrugðinn hinum íslenska laxi. Hann er hins vegar í flestum tilfellum frjór og hefur sama æxlunareðli og villti laxinn. Þegar hann sleppur þá leitar hann sér að á til að synda upp í Fiskeldi Austfjarða heldur því fram að lítil hættu sé á erfðablöndun og að eldi þeirra sé á öruggu svæði. Þessu er NASF ósammála og vísar í reglugerð um fiskeldi (540/2020). Þar kemur fram að „Matvælastofnun skal tryggja að fjarlægðarmörk sjókvíaeldisstöðva frá ám með villta stofna laxfiska og sjálfbæra nýtingu séu eigi styttri en 5 km þegar um laxfiska er að ræða í eldi. Miðast framangreind fjarlægðarmörk við loftlínu, nema þegar tangar skilja á milli.“ Tvö þeirra fjögurra fyrirhuguðu svæða sem Fiskeldi Austfjarða gefa upp hnit fyrir í skýrslunni eru innan við 5 km frá ósum Fjarðará. Fjarðará er á með villtan bleikju- og laxastofn. Ein af þessum litlu ám, sem því miður er ekki tekið mikið tillit til í áhættumati erfðablöndunar sem útbúið er af Hafrannsóknarstofnun. Þar er einungis tekið tillit til stofna sem telja nægilega marga einstaklinga til þess að ná tilsettu marki. NASF varpar því fram þeirri spurningu, af hverju er í lagi að stofna litlum stofnum í nánd við eldið í hættu? Þó svo að villtu laxarnir séu ekki margir í nánd við fyrirhugað eldi í Seyðisfirði þá eru þeir erfðafræðilega einstakir og hafa aðlagast aðstæðum í þúsundir ára. Er allt í lagi að útrýma þeim með erfðablöndun og laxalús af því að Fiskeldi Austfjarða segir eldið sitt vera umhverfisvænt? Laxinn er með sporð og hann syndir þangað sem hann vill, hann virðir ekki svæðaskiptingu mannanna. Strokulaxar úr eldi geta synt hundruðir kílómetra og því er 6.500 tonna eldi í Seyðisfirði á frjóum laxi stórhættulegt, ekki einungis fyrir laxfiska úr Fjarðará heldur einnig fyrir aðra villta stofna á Austurlandi. Tekið skal fram að Fiskeldi Austfjarða hyggst ala 3.500 tonn af ófrjóum laxi. Vissulega er þar minni hættu á erfðablöndun fyrir villta laxastofna, en ófrjór lax kemur ekki í veg fyrir lúsafár, efnanotkun og önnur vandamál tengd sjókvíaeldi.</p>	<p>Í athugasemdinni er dregið í efa að eldið verði umhverfisvænt. Fiskeldi Austfjarða er með AquaGAP-vottun á núverandi eldi. Vottunin tryggir að til framleiðslunnar er notað gæðafóður sem inniheldur fiskimjöl og lýsi frá viðurkenndum sjálfbærum aðilum. Samkvæmt AquaGAP staðlinum er óheimilt að nota eiturefni eða óæskileg lyf í eldinu og ekki heldur kopar í kvíanótum. Því er bannað að nota t.d. eiturefni í baráttu við laxalús ef hún yrði til vandræða, en taka verður fram að laxalús hefur ekki verið til vandræða í laxeldi á Austfjörðum. Auk þess hefur Vottunarstofan Tún vottað að seiðaeldi FA er lífræn framleiðsla sem leggur áherslu á umhverfisvernd og dýravelferð. Unnið verður að því að framangreindar vottanir Fiskeldis Austfjarða taki einnig til framleiðslu á laxi í Seyðisfirði.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæði við Háubakka. Fjarlægðarmörk í reglugerð nr. 540/2020 um fiskeldi miða við sjókvíaeldisstöð, en sjókvíaeldisstöðin í Sörlastaðavík verður í 5 km fjarlægð frá ós Fjarðará. Á það ber og að líta að umrætt reglugerðarákvæði hefur ekki lagast og eigi það sér lagast þá gildir það ekki um framkvæmdina sbr. br.b.ákv. II í lögum um fiskeldi, sem segir að ákv. eldri laga gildi.</p> <p>Varðandi hættu fyrir litla laxastofna er vísað í svar nr. 107 við athugasemd Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar. Þar</p>

			<p>kemur m.a. fram að áætlað stök á hvert framleiðslutönn í líkani Hafrannsóknastofnunar, til að meta áhættu erfðablöndunar, sé a.m.k. ekki að vanmeta áhættuna, sem stafar af stroki eldislaxa. Einnig er þar vísað til niðurstöðu vöktunar á eldislaxi í veiðiám landsins og að byggt á þeirri reynslu megi ætla að fjórir laxar sleppi úr eldi fyrir 10.000 tonna framleiðslu í Seyðisfirði.<sup>79</sup></p> <p>Spurt er af hverju sé í lagi að stofna litlum stofnum í nánd við eldið í hættu og útrýma þeim með erfðablöndun. Samkvæmt framansögðu má ætla að sleppingar verði ekki umfangsmiklar og niðurstöður vöktunar gefa til kynna að fáir sleppifiskar leiti í ár. Því er því andmælt að verið sé að stofna litlum stofnum í hættu.</p> <p>Varðandi athugasemd um að ófrjór lax komi ekki í veg fyrir lúsafár er vísað í svar nr. 117 við athugasemd Íslenska náttúruverndarsjóðsins (IWF). Þar kemur m.a. fram að aðstæður í sjónum við Austurland eru lúsinni óhagstæð og fátítt er að laxalús finnist á eldislaxi á svæðinu. Auk þess er lítið um lax og urriða. Því séu ekki aðstæður fyrir hendi að lús berist í umtalsverðu magni að sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu, sem er forsenda þess að fiskeldið leiði til sýkingar meðal villtra laxfiska.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
--	--	--	--

<sup>79</sup> Þorleifur Ágústsson og Þorleifur Eiríksson (2021). Greinargerð RORUM fyrir Fiskeldi Austfjarða dags. 19.02.2021.

122	North Atlantic Salmon Fund (NASF) á Íslandi	<p>Samkvæmt norska vísindaráðinu er sjókvíældi á laxi í dag talinn stærsta manngerða ógnin við villta laxastofna [...]. Erfðablöndun, laxalús, sjúkdómar og mengun eru þar helstu áhættuþættirnir. Sökum þess hve slæm áhrif sjókvíældi hefur á villta stofna og náttúru gerir NASF alvarlegar athugasemdir við frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða hf. NASF vill einnig vekja athygli á því að þau fiskeldisáform sem fjallað er um í frummatsskýrslu þessari eru þvert á vilja íbúa Seyðisfjarðar. Þegar þessi orð eru rituð hafa ríflega 55% bæjarbúa skrifað undir mótmæli gegn fiskeldi í Seyðisfirði og fer sú tala hækkandi.</p>	<p>Varðandi athugasemd um mengun er vísað í svar nr. 63 við athugasemd Gunnars Gunnarssonar. Þar kemur fram að burðarþol skilgreinir hámarks lífmassa í eldi sem hægt er að hafa í Seyðisfirði án þess að það hafi óæskileg áhrif á lífríki fjarðarins. Matið er endurskoðað ef niðurstöður vöktunar gefa tilefni til og gildandi rekstrarleyfi til fiskeldis endurskoðað í samræmi við það. Í svarinu kemur einnig fram á hvaða rannsóknnum burðarþolsmatið byggir.</p> <p>Hafrannsóknastofnun telur æskilegra að eldismassi sé frekar utar í firðinum en innar. Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá því að nota eldissvæði við Háubakka. Sú ráðstöfun er í anda tilmæla Hafrannsóknastofnunar.</p> <p>Matvælastofnun hefur sett fram það álit að reynslan hafi "sýnt að smit af völdum baktería eða veira hafi ekki skaðað eða ógnað villtum laxfiskastofum" og "að áhætta af dreifingu mögulegra sjúkdómsvalda (öðrum en laxalús) úr eldisfiski í villtan fisk er hverfandi lítil. Eðli málsins samkvæmt er það fyrst og fremst eldisfiskurinn sjálfur sem er í mestri hættu, ekki ólíkt og í öðrum hjarðbúskap þar sem mörgum einstaklingum er haldið á afmörkuðu svæði."<sup>80</sup></p> <p>Varðandi hættu á erfðablöndun er vísað í svar nr. 107 við athugasemd Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar. Þar kemur m.a. fram að áætlað stök á hvert framleiðslutonn í líkani Hafrannsóknastofnunar, til að meta áhættu erfðablöndunar, sé a.m.k. ekki að vanmeta áhættuna, sem stafar af stroki eldislaxa. Einnig er þar vísað til niðurstöðu vöktunar á eldislaxi í veiðiám landsins og að byggt á þeirri</p>
-----	---	--	--

<sup>80</sup> Matvælastofnun (2020). Greinargerð. Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði.

			<p>reynslu megi ætla að fjórir laxar sleppi úr eldi fyrir 10.000 tonna framleiðslu í Seyðisfirði.<sup>81</sup></p> <p>Samkvæmt framansögðu má ætla að sleppingar verði ekki umfangsmiklar og niðurstöður vöktunar gefa til kynna að fáir sleppifiskar leiti í ár. Samkvæmt þessu eru líkur á erfðablöndun takmarkaðar.</p> <p>Varðandi athugasemd um laxalús er vísað í svar nr. 117 við athugasemd Íslenska náttúruverndarsjóðsins (IWF). Þar kemur m.a. fram að aðstæður í sjónum við Austurland eru lúsinni óhagstæð og ekki hafi fundist laxalús á eldislaxi á svæðinu. Auk þess er lítið um lax og urriða. Því séu ekki aðstæður fyrir hendi að lús berist í umtalsverðu magni að sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu, sem er forsenda þess að fiskeldið leiði til sýkingar meðal villtra laxfiska.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
123	Ólafur Hr. Sigurðsson	Í [kafla 6.5.3] er ekki minnst á það að urriði veiðist í [Fjarðará í Seyðisfirði] í talsverðu magni og áin talin sérlega skemmtileg veiðiá með tillitið til þessara veiða og ljóst hvort fiskeldi hefur áhrif á framgang urriðastofnsins í ánni. (uppl.fv. Formaður Stangveiðifélags Fjarðarár Bragi Blumenstein.)	<p>Fjarðará er stutt og leiðni hennar er mun lægri en í næringarríkari laxveiðiám í Vopnafirði, sem upptök eiga á grónum heiðum og renna þaðan langan veg til sjávar. Að auki er Fjarðará fiskgeng stuttan veg og því nýtist einungis hluti hennar til seiðaframleiðslu, en á því svæði er bleikja ríkjandi.<sup>82</sup> Urriði og sérstaklega lax gera meiri kröfur til umhverfisins og ná betri fótfestu í frjósamari ám en Fjarðará. Aðstæður í ánni eru óhentugar fyrir vöxt og viðgang sjálfbærs urriðastofns.</p>

<sup>81</sup> Þorleifur Ágústsson og Þorleifur Eiríksson (2021). Greinargerð RORUM fyrir Fiskeldi Austfjarða dags. 19.02.2021.

<sup>82</sup> Þórólfur Antonsson og Þorkell Heiðarsson (2001). Seiðabúskapur og uppeldisskiptir Fjarðará í Seyðisfirði. Reykjavík: Veiðimálastofnun, VMST-R/0117.

			<p>Urriði veiddist einstaka sinnum í Fjarðará í Seyðisfirði á tímabilinu 1990 - 2020.<sup>83</sup> Í rannsókn sem gerð var á útbreiðslu laxfiska í austfirskum ám sumarið 2017 veiddist eingöngu bleikja í ánni og sjögöngusilungur úr Fjarðará og ám í nálægum fjörðum er fyrst og fremst bleikja.<sup>84</sup></p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
124	Svandís Egilsdóttir	Lítið er gert úr slysasleppingum og umhverfisslysum sem er ótrúverðugt, til að mynda í ljósi slyss sem varð við Reyðarfjörð í janúar 2021. Náttúran (t.d. villtum laxi og hreinleika sjávar og og öðrum lífverum í sjónum ásvæðinu) ber að njóta vafans.	<p>Fiskeldi Austfjarða hafnar því að lítið sé gert úr slysasleppingum eða öðrum umhverfisslysum. Vegna slyss í Reyðarfirði í janúar 2021, þá var það fóðurprammi sem sökk vegna slæmra veðuraðstæðna. Engir eldislaxar sluppu og engin olía lak úr prammanum í Reyðarfjörð.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
125	Veiðifélag Hofsár og Sunnudalsár, Veiðifélag Selár, Veiðifélag Vesturdalsár	Nálægð fyrirhugaðra laxeldisstöðva við laxveiðiár á Austurlandi er verulegt áhyggjuefni en austfirskar ár með sínum einstöku villtu laxastofnum eru inngrónar í náttúru og menningu fjórðungsins og rómaðar fyrir fegurð og gæði. Laxeldi í opnum sjókvíum ógnar tilvist villtra laxastofna með erfðablöndun, lúsasmiti og umhverfismengun og veldur óafturkræfum skaða.	<p>Varðandi athugasemd um erfðablöndun, laxalús, sjúkdóma og mengun er vísað í svar nr. 122 við athugasemd North Atlantic Salmon Fund (NASF) á Íslandi.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
126	Veiðifélag Hofsár og Sunnudalsár, Veiðifélag Selár, Veiðifélag Vesturdalsár	Veiðifélögin benda á að ólíkt því sem kemur fram í skýrslunni, þá hafa laxfiskar sloppið í umtalsverðum mæli úr opnum sjókvíum hérlendis og hafa gengið upp í ár fjarri uppeldistöðvum sínum. Það sama á við í nágrannalöndum þar sem margir villtir laxastofnar eru nær útdauðir vegna erfðablöndunar við eldislax, sem m.a. truflar náttúruval, ratvísi og dregur úr líffræðilegum fjölbreytileika.[...] Okkur þykir ótækt að ekki sé litið til reynslu nágrannaþjóða	<p>Fullyrt er að laxar hafi sloppið í umtalsverðum mæli úr sjókvíum hérlendis og hafi gengið upp í ár fjarri uppeldistöðvum sínum. Fullyrðingin er ósönn miðað við reynsluna.</p> <p>Á árunum 2018 og 2019 voru tilkynntar fimm slysasleppingar, allar í Arnarfirði og Tálknafirði. Þrír</p>

<sup>83</sup> Jóhannes Sturlaugsson (2020). Fiskistofnar Fjarðará í Seyðisfirði í ljósi veiðigagna 1990 - 2020 og fórnarkostnaður þeirra fiskistofna gangi eftir áætlanir um laxeldi í sjókvíum í Seyðisfirði. Greinargerð unnin fyrir Veiðifélag Fjarðará.

<sup>84</sup> Leó Alexander Guðmundsson, Hlynur Bárðarson, Jón S. Ólafsson og Eydís Salome Eiríksdóttir (2019). Útbreiðsla laxfiska og umhverfisþættir vatnsfalla á Austfjörðum . Reykjavík: Hafrannsóknastofnun, HV 2019-40

		okkar, t.d. Noregs, þegar þessir þættir eru metnir. Reynsla þeirra af fiskeldi í opnum sjókvíum er verulega slæm.	<p>eldislaxar veiddist í veiðiám sem voru vaktaðar árið 2020, fimm fiskar árið 2019 og tólf árið 2018. Afar fáir eldislaxar hafa því veiðst í laxveiðiám og enginn þeirra var úr snemmbúnu stroki.<sup>85</sup></p> <p>Hafrannsóknastofnun hefur valið að nota hámark áætlaðrar meðaltíðni stroka frá norsku fiskeldi, sem breytu í áhættulíkani sínu (0,8 strokufiskar á hvert framleiðslutonn). Samkvæmt álitni óháðrar nefndar vísindamanna, sem rýndi aðferðir Hafrannsóknastofnunar við áhættumat erfðablöndunar, er stuðullinn líklega lægri miðað við niðurstöður vöktunar á eldisfiski í laxveiðiám.<sup>86</sup> Samkvæmt þessu er niðurstaða Hafrannsóknastofnunar um að óhætt sé að ala 42.000 tonn af frjóum laxi á Austfjörðum ekki vanmat á hættu erfðablöndunar. Þróunin hér á landi gefur því alls ekki tilefni til að ætla að villtum laxastofnum stafi hætta af erfðablöndun við eldislax, hvað þá að þeir verði út dauðir.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
127	Veiðifélögin á Fljótsdalshéraði	Samkvæmt áratugalangri reynslu Norðmanna og Skota sleppur að lágmarki einn lax fyrir hvert tonn sem framleitt er á þennan hátt sem merkir að um 10.000 laxar munu sleppa. Hluti þessara erfðabreyttu strokulaxa leita í nærliggjandi ár til hrygningar og rústa erfðamengi staðarfiska sem aðlagast hafa óblíðum skilyrðum um þúsundir ára. Það er dauðadómur yfir litlum staðbundnum stofnum og gengur auk þess þvert á markmið gildandi náttúruverndarlaga.	<p>Fullyrðing um umfang sleppinga laxa úr eldi í Noregi og Skotlandi byggir líklega á gömlum upplýsingum og eru rangar.</p> <p>Hafrannsóknastofnun hefur valið að nota hámark áætlaðrar meðaltíðni stroka frá norsku fiskeldi, sem breytu í áhættulíkani sínu (0,8 strokufiskar á hvert framleiðslutonn). Í álitni óháðrar nefndar vísindamanna, sem rýndu aðferðir Hafrannsóknastofnunar við áhættumat erfðablöndunar, er bent á að tölur um tilkynntan strokufisk í Noregi hafa almennt lækkað síðan árið</p>

<sup>85</sup> Hafrannsóknastofnun (2020). Hætta á göngu strokulaxa úr laxeldi í íslenskar laxveiðiar. Tækniskýrsla

<sup>86</sup> Skýrsla óháðrar nefndar um athugun á aðferðafræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar. Sótt á vef Alþingis þann 6.5.2021 <https://www.althingi.is/alttext/pdf/150/s/2029.pdf>



			<p>2011. Mögulegt sé að strokutíðnin sem Hafrannsóknastofnun notar í líkani sínu sé tiltölulega há, en hægt verði að ráðast í nákvæmari áætlun á strokutíðni miðað við íslenskar aðstæður þegar nægjanlega nákvæm gögn liggja fyrir frá íslenskum laxeldisstöðvum.<sup>87</sup> Samkvæmt þessu er líklegt að áætlað stök á hvert framleiðslutonn í líkaninu sé a.m.k. ekki að vanmeta áhættuna, sem stafar af stroki eldislaxa.</p> <p>Á árunum 2018 og 2019 voru tilkynntar fimm slyasleppingar, allar í Arnarfirði og Tálknafirði. Þrjár eldislaxar veiddust í veiðiám sem voru vaktaðar árið 2020, fimm fiskar árið 2019 og tólf árið 2018. Afar fáir eldislaxar hafa því veiðst í laxveiðiám og enginn þeirra var úr snemmbúnu stroki.<sup>88</sup> Sé miðað við fjölda strokulaxa árið 2018 og framleiðslu á laxi á landsvísu árið 2020, 30.000 tonn, sleppa 0,0004 fiskar úr sjókvíum við Íslandsstrendur á hver þúsund tonn. Það jafngildir því að fjórir laxar sleppi úr eldi fyrir 10.000 tonna framleiðslu í Seyðisfirði.<sup>89</sup></p> <p>Þróunin hér á landi gefur því alls ekki tilefni til að ætla að eldið verði „dauðadómur yfir litlum staðbundnum stofnum.“</p> <p>Fullyrt er að framkvæmdin gangi þvert á markmið gildandi náttúruverndarlaga. FA bendir á að í endurskoðuðu áhættumati erfðablöndunar Hafrannsóknastofnunar er tekið tillit til varúðarreglu laga um náttúruvernd (nr. 60/2013) og telur stofnunin að skilyrði laganna um varúðarreglu hafi verið uppfyllt og eftir atvikum</p>
--	--	--	--

<sup>87</sup> Skýrsla óháðrar nefndar um athugun á aðferðafræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar. Sótt á vef Alþingis þann 6.5.2021 <https://www.althingi.is/altext/pdf/150/s/2029.pdf>

<sup>88</sup> Hafrannsóknastofnun (2020). Hætta á göngu strokulaxa úr laxeldi í íslenskar laxveiðiár. Tækniskýrsla

<sup>89</sup> Þorleifur Ágústsson og Þorleifur Eiríksson (2021). Greinargerð RORUM fyrir Fiskeldi Austfjarða dags. 19.02.2021.

			<p>alþjóðasamningur um varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni og Bernarsamningur.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
128	Veiðifélögin á Fljótshéraði	<p>Á Fljótshéraði hefur af hálfu veiðifélaganna verið unnið mikið starf við að hlúa að og endurreisa þá fiskistofna sem þar hafa orðið fyrir búsifjum af annars konar iðju en hinu norska fiskeldi. Það starf hefur gengið vonum framar sem sannast með stóruveiðum í Jökulsá og góðum árangri af seiðasleppingum og endurheimt í Lagarfljóti. Alls eru það ríflega 200 jarðir og þar með álíka margar fjölskyldur á Héraði sem eygja von um aukin veiðihlunnindi í nánustu framtíð eftir margra ára vinnu. Það er því grafalvarlegur hlutur, ef stjórnvöld, bæði heima fyrir og á landsvísu hlaða undir erfðamengandi sjókvíaelði sem skilar væntanlega sínum arði til annarra landa, en gera um leið nýsköpun heimamanna á sviði sjálfbærrar fiskræktar og verndar náttúru að engu. Til hvers eru þá stjórnvöld í landinu má spyrja?</p>	<p>Athugasemdinni er beint til stjórnvalda. Það er ekki framkvæmdaraðila að svara.</p>
129	Vigfús Orrason	<p>Þá er ljóst að sjókvíaelði skaðar villta laxa- og silungastofna, jafnvel í mikilli fjarlægð frá kvíunum. Hvernig sem á málið er litið myndi hið umfangsmikla sjókvíaelði hafa umtalsverð og neikvæð umhverfisáhrif.</p>	<p>Matvælastofnun hefur sett fram það álit að reynslan hafi "sýnt að smit af völdum baktería eða veira hafi ekki skaðað eða ógnað villtum laxfiskastofnum" og "að áhætta af dreifingu mögulegra sjúkdómsvalda (öðrum en laxalús) úr eldisfiski í villtan fisk er hverfandi lítil. Eðli málsins samkvæmt er það fyrst og fremst eldisfiskurinn sjálfur sem er í mestri hættu, ekki ólíkt og í öðrum hjarðbúskap þar sem mörgum einstaklingum er haldið á afmörkuðu svæði."<sup>90</sup> Þetta álit Matvælastofnunar gefur alls ekki til kynna að neikvæð áhrif eldisins verði umtalsverð.</p> <p>Í áhættumati erfðablöndunar Hafrannsóknastofnunar er metið hlutfall fiska sem ganga meðstraums eða á móti strandraumnum umhverfis Ísland og hve langt laxar dreifa sér frá strokstað, eða allt að 200 km. Endurskoðað áhættumat erfðablöndunar frá árinu 2020 byggir</p>

<sup>90</sup> Matvælastofnun (2020). Greinargerð. Útgáfa rekstrarleyfis FE-1152. Laxar eignarhaldsfélag ehf. 10.000 tonna laxeldi í Reyðarfirði.

			<p>einnig á niðurstöðum vöktunar á eldisfiskum í lykilám landsins. Ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar til stjórnvalda gerði ráð fyrir að eldismagn á frjóum laxi við Austfirði mætti vera allt að 42.000 tonn, en var 21.000 tonn árið 2017.</p> <p>Varðandi hættu á erfðablöndun er einnig vísað í svar nr. 107 við athugasemd Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar. Þar kemur m.a. fram að áætlað stök á hvert framleiðslutonn í líkani Hafrannsóknastofnunar, til að meta áhættu erfðablöndunar, sé a.m.k. ekki að vanmeta áhættuna, sem stafar af stroki eldislaxa. Einnig er þar vísað til niðurstöðu vöktunar á eldislaxi í veiðiam landsins og að byggt á þeirri reynslu megi ætla að fjórir laxar sleppi úr eldi fyrir 10.000 tonna framleiðslu í Seyðisfirði.<sup>91</sup> Samkvæmt framansögðu má ætla að sleppingar verði ekki umfangsmiklar og niðurstöður vöktunar gefa til kynna að fáir sleppifiskar leiti í ár. Samkvæmt þessu eru líkur á erfðablöndun takmarkaðar.</p> <p>Varðandi athugasemd um laxalús er vísað í svar nr. 117 við athugasemd Íslenska náttúruverndarsjóðsins (IWF). Þar kemur m.a. fram að aðstæður í sjónum við Austurland eru lúsinni óhagstæð og fátítt er að laxalús finnist á eldislaxi á svæðinu. Auk þess er lítið um lax og urriða. Því séu ekki aðstæður fyrir hendi að lús berist í umtalsverðu magni að sjókvíum frá villtum laxfiski á svæðinu, sem er forsenda þess að fiskeldið leiði til sýkingar meðal villtra laxfiska.</p> <p>Framangreindar upplýsingar gef alls ekki til kynna að neikvæð áhrif eldisins verði umtalsverð.</p>
--	--	--	---

<sup>91</sup> Þorleifur Ágústsson og Þorleifur Eiríksson (2021). Greinargerð RORUM fyrir Fiskeldi Austfjarða dags. 19.02.2021.

			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
130	Jóhannes Sturlaugsson f.h. Veiðifélags Fjarðarár	Lax úr kvíum sleppur í miklu magni sem fyrr árlega hér við land (Valdimar Gunnarsson 2020), sem annarstaðar þrátt fyrir gamalkunnar söluræður eldisaðila um öryggi sjókvíastaðlanna sem þeir vinna eftir. Hluti þeirra eldislaxa ná að ganga í ár til hrygningar og sú staðreynd er verri hérlendis en víðast, því hér er eldislaxinn af norskum uppruna með tilheyrandi viðbótaráhrifum til vansa fyrir villtu íslensku laxastofnana sem verða fyrir slíkri innblöndun. Vegna þeirrar aðlögunar um aldir alda sem lífsferlar þeirra villtu laxa og aðrir eiginleikar hafa mótast af í ám hérlendis og á hafsvæðunum sem þeir laxar hafa vanið komur sínar á.	Stjórnvöld hafa bannað að ala lax af norskum uppruna í sjókvíum víða við landið, sbr. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins nr. 460/2004, en heimild þarf til að ala hann á öðrum hafsvæðum Íslands. Í þessari ráðstöfun felst viss varúðarnálgun til verndar villtum laxastofnum. Hafrannsóknastofnun hefur valið í áhættumati erfðablöndunar að nota hámark áætlaðrar meðaltíðni stroka frá norskum fiskeldi, sem breytu í áhættulíkani sínu (0,8 strokufiskar á hvert framleiðslutonn). Samkvæmt áliti óháðrar nefndar vísindamanna, sem rýndu aðferðir Hafrannsóknastofnunar við áhættumat erfðablöndunar, er ásettlegt að styðjast við þessa strokutíðni. Með hliðsjón af því að dregið hefur umtalsvert úr stroki eldislax við Noreg á undanförunum árum bendir nefndin þó á að mögulega noti Hafrannsóknastofnun of háa strokutíðni í líkani sínu. Segir nefndin að hægt verði að ráðast í nákvæmari áætlun á strokutíðni þegar nægjanlega nákvæm gögn liggja fyrir frá íslenskum laxeldisstöðvum. <sup>92</sup> Samkvæmt þessu er líklegt að miðað við áætlað strok á hvert framleiðslutonn í líkaninu sé a.m.k. ekki verið að vanmeta áhættuna, sem stafar af stroki eldislaxa. Sé miðað við fjölda strokulaxa árið 2018 og framleiðslu á laxi á landsvísu árið 2020, 30.000 tonn, sluppu 0,0004 fiskar úr sjókvíum við Íslandsstrendur á hver þúsund tonn. Það jafngildir

<sup>92</sup> Skýrsla óháðrar nefndar um athugun á aðferðafræði, áhættumati og greiningum á fiskeldisburðarþoli á vegum Hafrannsóknastofnunar. Sótt á vef Alþingis þann 6.5.2021 <https://www.althingi.is/alttext/pdf/150/s/2029.pdf>

			því að fjórir laxar sleppi úr eldi fyrir 10.000 tonna framleiðslu í Seyðisfirði. <sup>93</sup> <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
131	Jóhannes Sturlaugsson f.h. Veiðifélags Fjarðarár	Íslensk stjórnvöld bæði leiðandi stofnanir líkt og Hafrannsóknastofnun sem og Alþingi, hafa með ákvörðunum sínum ákveðið að fórna þeim fáliðuðu laxastofnum sem eru í mestri hættu vegna sjókvíaldis hérlendis. Um þetta vitnar svonefnt áhættumat erfðablöndunar Hafrannsóknastofnunar sem litið er til þegar umfang og fjarlægðarmörk fiskeldis eru ákvörðuð hérlendis. Þar er ekki tekið tillit til þeirra smáu laxastofna áa sem renna til sjávar á fjarðarsvæðum þar sem fiskeldi hefur verið leyft og þar sem það er áformað líkt og Seyðisfjörður er nú dæmi um. [...] Fáliðaður laxastofn Fjarðarár mun ef ekki verður gripið í taumana fljóta að feigðarósi í boði stjórnvalda en smáir laxastofnar í næsta nágrenni laxeldisins á Vestfjörðum eru nú þegar á þeirri feigðarósaför fyrir tilstilli aðgerða og aðgerðaleysis íslenskra stjórnvalda (Jóhannes Sturlaugsson nóv. 2020).	Fullyrt er að leiðandi stofnanir á Íslandi og Alþingi, hafi með ákvörðunum sínum ákveðið að fórna þeim fáliðuðu laxastofnum sem eru í mestri hættu vegna sjókvíaldis hérlendis. Fiskeldi Austfjarða tekur ekki afstöður til athugasemdarinnar þar sem innihald hennar er persónuleg skoðun og ákall til stjórnvalda.
132	Jóhannes Sturlaugsson f.h. Veiðifélags Fjarðarár	Fyrir liggur að ef laxeldi verður leyft í Seyðisfirði á þeim nótum sem nú er unnið að þá mun það hafa skaðleg áhrif á þá stofna lax og göngusilungs sem finnast í ám í Seyðisfirði. Þetta er ljóst ef miðað að núverandi áhættumat erfðablöndunar sem setur því eldi ekki skorður er bjargað gæti fáliðuðum laxastofni Fjarðará frá erfðablöndun. Erfðablöndun sem svipta mun þann stofn eiginleikum sínum á tiltölulega skömmum tíma vegna þátttöku eldislaxa af norskum uppruna í hrygningu laxins í ánni.	Varðandi hættu á erfðablöndun er vísað í svar nr. 107 við athugasemd Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Björns Roth og veiðifélagsins Loðmundar. Þar kemur m.a. fram að áætlað stök á hvert framleiðslutonn í líkani Hafrannsóknastofnunar, til að meta áhættu erfðablöndunar, sé a.m.k. ekki að vanmeta áhættuna, sem stafar af stroki eldislaxa. Einnig er þar vísað til niðurstöðu vöktunar á eldislaxi í veiðiám landsins og sé byggt á þeirri reynslu megi ætla að fjórir laxar sleppi úr eldi fyrir 10.000 tonna framleiðslu í Seyðisfirði. <sup>94</sup> Samkvæmt framansögðu má ætla að sleppingar verði ekki umfangsmiklar og niðurstöður vöktunar gefa til kynna að fáir sleppifiskar leiti í ár. Samkvæmt þessu eru líkur á erfðablöndun takmarkaðar.

<sup>93</sup> Þorleifur Ágústsson og Þorleifur Eiríksson (2021). Greinargerð RORUM fyrir Fiskeldi Austfjarða dags. 19.02.2021.

<sup>94</sup> Þorleifur Ágústsson og Þorleifur Eiríksson (2021). Greinargerð RORUM fyrir Fiskeldi Austfjarða dags. 19.02.2021.

			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
133	Jóhannes Sturlaugsson f.h. Veiðifélags Fjarðarár	Sama virðingarleysi fyrir íslenskri náttúru veldur því að ekkert mið er tekið af smáum laxastofnum áa í næsta nágrenni eldissvæðanna í því áhættumati erfðablöndunar sem fylgt er hérlandis og tilsvareandi vöktun og skorti á vöktun er þau mál varðar. Lýsandi dæmi um það er sú ráðstöfun Hafrannsóknastofnunar að setja kvikmyndafiskteljara ekki fyrst upp í smáu ánum næst fiskeldinu þar sem laxastofnarnir eru í mestri hættu.	Fullyrst er að í áhættumati erfðablöndunar felist virðingarleysi fyrir íslenskri náttúru. Fiskeldi Austfjarða tekur ekki afstöður til athugasemdarinnar þar sem innihald hennar er ákall til stjórnvalda.
134	Jóhannes Sturlaugsson f.h. Veiðifélags Fjarðarár	Í stuttu máli sagt þá væri eðlilegast með hliðsjón af hagsmunum íslenskrar náttúru að leggja af allt eldi á laxi í sjókvíum hér við land. Vonandi verður mikilvægt skref tekið í þá átt að snúa við þeirri óheillaþróun sem sjókvíaeldi á laxi í opnum sjókvíum hérlandis vitnar um, með því að koma í veg fyrir að slíkur umhverfissóðaskapur fari í gang í Seyðisfirði.	Fiskeldi Austfjarða tekur ekki afstöður til athugasemdarinnar þar sem innihald hennar er ákall til stjórnvalda.
<b>Kafli</b>	6.6	<b>Efnisatriði:</b>	Fuglar
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
135	Landvernd	Umfjöllun um fuglalíf er mjög rýr og tæpast marktæk, ekki síst í ljósi þess að þar liggja aðrir verðmætir hagsmunir undir ef fuglalífi yrði spillt. Á firðinum eru langdvölum stór hluti af æðarfugli úr varplandi við Skálanes og hluta úr Loðmundarfirði. Æðvarvarp er nytjað á Skálanesi og svo hefur lengi verið. Í nærliggjandi Loðmundarfirði hefur verið til síðustu áratuga byggt upp gríðarmikið æðarvarp sem telst nú það stærsta á landinu. Af því hafa nú þegar nokkrir einstaklingar atvinnu. Auk þess er fullvinnsla á æðardún komin af stað á Borgarfirði eystri þar sem stofnað hefur verið fyrirtæki sem hefur aukið verðmætasköpun á æðardúni til útflutnings. Öll þessi áhrif eru ekki metin í skýrslunni né gerð tilraun til áhættumats varðandi sjálfbærar og mikilvægar nýttar og hlunnindi sbr. æðarrækt. Fjölmargar tegundir sjófugla, svo sem margar tegundir af svartfugli og mávum, kría, lundi o.fl. hafa að jöfnu viðkomu í firðinum og áhrif sjókvía á lífsskilyrði þeirra liggja ekki fyrir.	Reynsla hér við land af eldistarfsemi bendir til þess að dauði æðarfugls vegna eldismannvirkja sé fátíður og einnig annarra fugla. <sup>95</sup> Net í kvíum eru hönnuð þannig að fugl ætti ekki að festast í þeim. Áhrif á æðarfugl er ekki neikvæð og oft á tíðum jákvæð. Þannig kemur fram á fundargerðum aðalfunda Æðarræktarfélagssins fyrir árin 2016 og 2017 að æðarbændur á Vestfjörðum telja eldið þar til bóta fyrir fuglinn. Einnig eru sjókvíar staðsettar á meira dýpi en fuglinn sækir sér fæði á. Stofn æðarfugla er sterkur hér við land og hefur ekki orðið fyrir áföllum vegna sjókvíaeldis. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

<sup>95</sup> Dæmi: Niðurstaða vöktunar í eldi Arnarlax við Laugardal í Tálknafirði, sótt þann 20.5.2021 á <https://www.arnarlax.is/en/moya/extras/sites/laugardalur>.

136	Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST)	<p>Fuglalíf er umtalsvert og fjölbreytt við Seyðisfjörð, rannsóknir þar um eru efnislitlar og kalla sértæka skoðun. Í firðinum eru friðlýst æðarvörp og nytjuð t.d. á Skálanesi. Loðmundarfjörður er næstur fjarða í norður við Seyðisfjörð og þar er eitt allra stærsta æðarvarp á landinu og hlýtur að þurfa að vinna sértæka athugun á ferðum æðarfugla á milli fjarða vegna starfseminnar. [...] Margar tegundir sjófugla, svo sem margar tegundir af svartfugli og mávum, kría, lundi o.fl. hafa viðkomu í Seyðisfirði og áhrif sjókvía á fuglalíf óþekkt í firðinum.</p>	<p>Benda má á að reynsla hér við land hefur sýnt að áhrif sjókvíaeldis á æðarfugl hafa verið óveruleg. Æðarfugl getur orðið langlífur og stofn tegundarinnar er sterkur hér við land. Því er ekki viðbúið að neikvæð áhrif mögulegrar fjölgunar máfa séu líkleg til að hafa áhrif á æðarfugl í Seyðisfirði. Við mat á umhverfisáhrifum á fuglalíf fá allar tegundir jafnt vægi og þess gætt að taka ekki afstöðu með einni tegund gegn annarri. Svo ber að benda á að engin ein fuglategund er réttþærri öðrum sem þýðir að svokallaðar „nytjategundir“ fá ekki meira vægi við mat á áhrifum framkvæmda. Þetta gildir einnig vegna nýrri staðsetninga við Selstaðavík og Skálanesbót. Hins vegar er talið að þrátt fyrir nálægð eldisvæðisins Skálanesbót við Skálanesbjarg þá muni það hafa óverleg áhrif á fugla á þeim slóðum, enda er um að ræða töluverða fjarlægð og snýr bjargið frá eldinu. Hvernig áhrifin eiga að geta orðið er hulin ráðgáta, því hvorki kemst fuglinn í fóður né er um að ræða áhrif vegna umgengni manna. Uppsetning eldiskvía og annarra mannvirkja verður með þeim hætti að hún minnki eins og hægt er aðdráttarafl fugla sem kynnu að leita sér ætis í og við eldiskvíar.</p> <p><i>Umfjöllun í matsskýrslu, kafla 8.6, hefur verið breytt með tilliti til eldissvæðis í Selstaðavík og Skálanesbót.</i></p>
137	Ólafur Hr. Sigurðsson	<p>[Vitnað er í samantekt þar sem segir: Áhrif á fugla á athafnasvæði kvianna og þar í kring verða afturkræf og óveruleg eða talsvert jákvæð. Sé litið á áhrifasvæði Seyðisfjarðar í heild þá eru áhrif á fuglalíf talin verða óveruleg.] Almennt má segja að í skýrslunni mættu gjarnan vera meiri upplýsingar um fuglalíf en þær upplýsingar eru talsverðar í viðauka. Gagnlegt gæti verið að vekja athygli á því að æðarfugli hefur fjölgað nærri eldissvæðum og verður það að teljast jákvæð hliðaráhrif t.d. með tilliti til æðarvarps í Skálanesi.</p>	<p>Tilgangur umfjöllunar um fuglalíf í frummatsskýrslu er að fjalla um stöðuna á svæðinu, og meta umhverfisáhrif. Fuglaskýrsla í viðauka er látin fylgja með sem ítarefni svo lesendur geti glöggvað sig betur á umfjöllunarefninu.</p> <p>Sjá einnig svar nr. 136 við athugasemd Náttúruverndarsamtaka Austurlands (NAUST).</p>

		Sömuleiðis gæti verið ganglegt að hafa í skýrslunni þær upplýsingar sem koma fram í viðauka að fugl virðist fá vernd og æti við kvísvæði.	<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
138	Ólafur Hr. Sigurðsson	Ekki er gert ráð fyrir sérstakri vöktun vegna áhrifa fyrirhugaðs eldis á fuglalíf. Fram kemur í skýrslunni [kafla 6.6.4] að þessi þáttur hafi lítið verið rannsakaður og því full ástæða til að bæta þessu í vöktunarferlið sem væri jákvæð viðbót við ferlið og aðeins til að bæta ásýnd svona verkefnis. Ef niðurstaða væri jákvæð sem ýmislegt bentir til gæti hér verið um mikilvægan þátt ræða og full ástæða til að vakta.	Fuglar verða vaktaðir við og nálægt sjókvíum í skipulögðum sýnatökuferðum. Fuglar verða greindir til tegundar, atferli þeirra lýst og þeir taldir. <sup>96</sup> <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
139	Skálanesbjarg ehf og Skálanessetur ehf	Á jörðinni er starfrækt æðarvarp sem 2020 taldi tæplega 1000 hreiður. Athugasemd er gerð við möguleg áhrif laxeldis af þessari stærðargráðu í firðinum á sjófugla s.s æðarfugla með hliðsjón af mögulegri grútarmengun og breyttu vistkerfi með hliðsjón af fæðuöflun og tegundasamsetningu. Hver er ábyrgur fyrir mati á þessu fyrir meðan og eftir. Hver ber ábyrgð á viðbrögðum og loks hver ber ábyrgð á mögulegu fjárhagslegu tjóni t.d. á varpi sjófugla. Bókahaldsgögn úr rekstri fyrirtækisins síðan 2005 sína tekjur af varpinu og því tómmt mál að tiltaka að ekkert friðað varp sé á svæðinu.	Matsskýrsla þessi er unnin samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Þar kemur skýrt fram í kafla IV um málsmeðferð vegna matsskyldra framkvæmda, að umhverfismat og ritun frummatsskýrslu sé á hendi framkvæmdaraðila eða aðila á hans vegum. Það er síðan Skipulagsstofnunar að fara yfir ferlið að lokum og gefa út álit sitt sem síðan útgáfa rekstrar- og starfsleyfa Matvælastofnunar og Umhverfisstofnunar byggja á. Komi til mengunar vegna stafsemi frá Fiskeldi Austfjarða verður farið eftir viðbragðsáætlunum og haft samtarf við hafnaryfirvöld, Matvælastofnun og Umhverfisstofnun. Það er ekki Fiskeldis Austfjarða að meta eða fjalla um í umhverfismati framkvæmda hver beri ábyrgð á tjóni. Fiskeldi Austfjarða tekur ekki undir þá fullyrðingu um að tekjur að æðarvarpi byggji á því að varpið sé friðað. Í kringum landið er fullt að aðilum sem hafa tekjur að æðarvarpi án þess að þau séu friðuð sértaklega. Friðlýsing æðarvarps er stjórnvaldsaðgerð sem byggist á lögum nr.

<sup>96</sup> Vöktunaráætlun Fiskeldis Austfjarða fyrir Seyðisfjörð, sjá Viðauka 5.



			64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og spendýrum og á reglugerð nr. 252/1996 um reglugerð um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðavarps, fuglamerkingar, hamskurð o.fl.. Beiðni um friðlýsingu skal koma frá landeiganda, ábúendum eða umráðamanni æðarvarps. Ákvörðun um friðlýsingu æðarvarps skal birt í Lögbirtingablaðinu og gildir í 10 ár frá birtingu. Það hefur ekki verið gert í þessu tilviki og ekki hefur verið birt nein auglýsing þar af leiðandi. <sup>97</sup> Reynsla hér við land af eldistarfsemi bendir til þess að dauði æðarfugls vegna eldismannvirkja sé fátíður og einnig annarra fugla. <sup>98</sup> <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	6.7		<b>Efnisatriði:</b> Samfélag
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
140	Aðalheiður Borgþórsdóttir	Í frummatsskýrslunni eru afar misvísandi upplýsingar varðandi mannaflapörf á Seyðisfirði sem þarfnast frekari skýringa. Ég geri alvarlega athugasemd við þetta atriði og óska því eftir skýrum skriflegum svörum við eftirfarandi spurningum: Hversu mörg <b>heilsársstörf</b> verða til bara á Seyðisfirði og hverskonar störf eru það? 1. Hversu mörg störf sem krefjast sérfræðimenntunar á háskólastigi og búsetu á Seyðisfirði? 2. Hversu mörg störf sem krefjast sérhæfðrar menntunar og búsetu á Seyðisfirði? 3. Hversu mörg störf sem krefjast ekki sérstakrar menntunar en búsetu á Seyðisfirði? Hversu mörg <b>tímabundin störf</b> verða til bara á Seyðisfirði, hverskonar störf eru það og hver er tímaramminn fyrir hvert starf ( 1 mánuður, vikur, dagar?).	Í frummatsskýrslunni kemur skýrt fram að störfin við eldið sjálft verði 15-25 að lágmarki þegar fullum afköstum er náð. Við upphaf eldis í Seyðisfirði verði störfin 4-8, en sú tala fari hækkandi eftir því sem eldið í firðinum byggist upp. Sérhæfing starfa og krafa um menntun eykst eftir því sem eldið eykst. Skýrsla Byggðastofnunar gerir ráð fyrir að það verði til 13 bein störf og 10 óbein fyrir hver 1.000 tonn sem framleidd eru. Hér er um að ræða störf tengd heildar virðisbætur s.s. starfsmenn sem tengjast seiðaeldi og vinnslu á eldisfisknum. Sama gildir þegar horft er til óbeinu starfanna sem myndast, en fiskeldi er þjónustufrek grein. Fiskeldi

<sup>97</sup> Sýslumenn (á.á.). *Friðlýsing æðarvarps*. Skoðað 25. október 2021 á <https://island.is/fridlysing-aedarvarps/auglysingar-um-fridlysingu-aedarvarpa>.

<sup>98</sup> Dæmi: Niðurstaða vöktunar í eldi Arnarlax við Laugardal í Tálknafirði, sótt þann 20.5.2021 á <https://www.arnarlax.is/en/moya/extras/sites/laugardalur>.

		<ol style="list-style-type: none"> <li>1. Hversu mörg störf sem krefjast sérfræðimenntunar á háskólastigi og búsetu á Seyðisfirði?</li> <li>2. Hversu mörg störf sem krefjast sérhæfðrar menntunar og búsetu á Seyðisfirði?</li> <li>3. Hversu mörg störf sem krefjast ekki sérstakrar menntunar en búsetu á Seyðisfirði?</li> <li>4. Hversu mörg störf sem krefjast vélaréttinda en búseta skiptir ekki máli. ?</li> </ol>	<p>Austfjarða leitast ætíð við að nýta þjónustu og starfskrafta heimamanna. Auk þess er reynt eftir fremsta megni að ráða heimamenn í ný störf. Hver störf verði til í Seyðisfirði byggir því og á frumkvæði heimamanna á að byggja upp þjónustu, en fiskeldið mun styðja við atvinnuuppbyggingu sem það frekast má.</p> <p>Varðandi fjölda heilsársstarfa sem framkvæmdin skapar, sjá svar nr. 147 við athugasemd Gunnars Sveins Rúnarssonar.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
141	Alda Sigmundsdóttir, Arna Viktoría Kristjánsdóttir, Ásta Júlía Theodórsdóttir, Disa Anderiman, Ásdís Kalman, Hrafnhildur Hólmgeirsdóttir	Enginn vafi leikur á að sjókvíaelðið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er því vert að að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt meðal annars af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra mestu máli.	<p>Eldi Fiskeldis Austfjarða er umhverfisvænt og hefur það AquaGAP-vottun og lífræna vottun, en af þeim sökum má Fiskeldi Austfjarða ekki nota óæskilegt mengandi efni í starfsemi sinni. Notað er vottað lífrænt fóður. Ímynd fyrirtækisins er því sterk og ætti að falla vel að markmiðum sem menn kunna að hafa varðandi umhverfisvæna ásýnd byggðalagsins. Áhrif eldisins á ásýnd og landslag eru að auki metin afturkræf í frummatsskýrslu.</p> <p>Fiskeldi mun styrkja atvinnulífið og gera það fjölbreyttara, það mun frekar leiða til þess að fólk flytji á staðinn og hafa jákvæð áhrif á mögulega búsetu á svæðinu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
142	Björn Arnar Hauksson	Ferðafólk hefur lítinn áhuga á að dvelja á iðnaðarsvæðum. Nú þegar eru Reyðarfjörður og Fáskrúðsfjörður og fleiri svæði á Austurlandi lögð undir iðnað og því mikilvægt að halda eftir svæðum sem fá að vera ósnortin. Annars missir Austurland stóran hluta ferðafólks til framtíðar. Ferðaþjónusta er mikilvægasta atvinnugrein Seyðisfjarðar og Íslands talið í störfum, gjaldeyriskjóm og skatttekjum. Tilgangslaust er að byggja upp ferjuþjónustu á Seyðisfirði ef einnig á að breyta firðinum í iðnaðarsvæði.	<p>Fiskeldi í Fáskrúðsfirði og Reyðarfirði hefur ekki minnkað áhuga ferðafólks á þessum fjörðum þrátt fyrir að þar sé starfrækt fiskeldi.</p> <p>Iðnaðarsvæði er skipulagseining á landi samkvæmt skipulagsreglugerð. Fiskeldi er staðsett úti á sjó og því er ekki hægt að fallast á að ferðamenn dvelji á iðnaðarsvæði þegar horft er til áhrifa fiskeldis. Við</p>

			<p>núverandi aðstæður er ekki mikið að gerast í ferðaþjónustu og mikið atvinnuleysi er innan greinarinnar. Það hefur sýnt sig að ekki er gott að hafa eina atvinnugrein ráðandi, hvort sem um er að ræða ákveðið svæði eða allt landið. Byggja verður upp fjölbreytt atvinnulíf þar sem nokkrar greinar eru uppistaðan en ekki einhæft atvinnulíf þar sem ein grein er ráðandi. Við það minnkar áhættan á miklum sveiflum og stöðugleiki verður meiri.</p> <p>Seyðisfjörður verður seint talinn ósnortinn enda stendur við hann þéttbýli, þar er stundaður landbúnaður og iðnaður er nokkur.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
143	<p>Celia Lobsang Harrison, Damian Rafal-Luczak, Dušan Merčák, Jonatan Spejlborg Juelsbo, Julia Martin, Justyna Materna, Laura Tack, Linus Lohmann, Maria Pilecka, Martin Fabry</p>	<p>If a salmon farm should go into operation, the juvenile fish will be produced elsewhere and will be transported by ship from Þorlákshöfn and pumped into the pens in Seyðisfjörður. When it comes to the slaughter, the adult fish will be pumped back into a ship, to be transported to Djúpvogur for slaughter and processing. Therefore, very few new jobs will be created in Seyðisfjörður, but the immediate environment of the population of Seyðisfjörður will be significantly and negatively affected. The economic benefits of this proposed fish farm for the town and residents of Seyðisfjörður will thus be extremely limited.</p>	<p>Ships will bring juveniles (smolts) to a farming site in spring and autumn. The smolts will be reared in Þorlákshöfn and Kópasker and fish processing will initially take place at Djúpvogur. However, sea pens will be serviced from Seyðisfjörður where service boats will be located and the crew will be manned by the locals. The project will create jobs in Seyðisfjörður, with good income. The project must rely on local services and will also bring revenue to the Seyðisfjörður harbour. Where Fiskeldi Austfjarðar is operating its aquaculture every effort is made to purchase services from the locals.</p> <p>At present tourism can not be relied upon but diverse economy is the way forward, as it ensures more stability and reduces uncertainty about the future.</p> <p><i>The comment does not lead to a substantive change in the EIA final report (matsskýrsla).</i></p>

144	<p>Celia Lobsang Harrison,  Damian Rafal-  Luczak, Dušan Merčák,  Jonatan Spejlborg  Juelsbo, Julia Martin,  Justyna Materna, Laura  Tack, Linus Lohmann,  Maria Pilecka, Martin  Fabry</p>	<p>Related to the above, there is reason to draw attention to the fact that many residents of Seyðisfjörður have built their livelihood on tourist services, marketing the purity and unspoiled nature of the fjord. There is no doubt that salmon farms are going to badly damage this valuable image of the area. As a result tourism in Seyðisfjörður will decline and jobs in the town's tourism sector will be put in jeopardy. Any potential local job gains through salmon farming will thus be wiped out by losses of jobs in the local tourism sector. I believe there is reason to fear that the proposed salmon farm would have a negative rather than positive effect on people's possible plans to take up or continue their residence in Seyðisfjörður.</p>	<p>The comment indicates that the project will violate the image of Seyðisfjörður to have pure and unspoiled nature. However, the fact is that diverse maritime operation is taking place in the fjord. Fiskeldi Austfjarða has received environmental certification for its aquaculture (AquaGAP). According to the AquaGAP standard, FA is not permitted to use toxins or undesirable drugs in its operation, nor copper to prevent biofouling on pen nets. It is forbidden to use e.g. toxins in order to fight salmon lice, if they cause problems, but it must be noted that salmon lice have not been a problem in salmon aquaculture in the East Fjords. In addition, Vottunarstofan Tún has certified that FA juvenile farming is an organic production that emphasizes on environmental protection and animal welfare. Therefore, FA is using certified organic feed. In addition the proposed project will be based on official estimates on Seyðisfjörður carrying capacity for organic load and will be monitored by competent authorities. Also, the visual impact and impact on landscape will be recoverable. Based on the above it is FA opinion that the project will not violate the pure image of Seyðisfjörður more than any other maritime operation in the fjord.</p> <p>The project will strengthen the municipality economy and make it more diverse. Therefore, it is likely to have a positive effect by encouraging people to move to the area and to raise the number of residence in the area.</p> <p><i>The comment does not lead to a substantive change in the EIA final report (matsskýrsla).</i></p>
-----	---	---	--

145	Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Sesselja Jónasardóttir, Sigurfinnur Mikaelsson, Þóra Bergný Guðmundsdóttir	<p>Fyrir liggur að ef af sjókvíaeldinu verður munu seiði verða flutt með brunnskipi frá Þorlákshöfn og þeim dælt í eldiskvíar í Seyðisfirði. Þegar til slátrunar kemur verður fiski dælt aftur í brunnskip og að líkindum fluttur til Djúpavogs til slátrunar og vinnslu. Af þessu leiðir að þrátt fyrir mikið lýti í umhverfi og mengun, sem nánasta umhverfi íbúa Seyðisfjarðar verður fyrir, munu afar fá störf skapast. Hagur sveitarfélagsins og íbúa verður þannig afar takmarkaður ef nokkur af hinu fyrirhugaða eldi.</p> <p>Tengt framangreindu er hins vegar ástæða til að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt m.a. af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra máli. Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til. Ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því, að í ljósi þess sem að framan greinir standa líkur til þess að fyrirhugað sjókvíaeldi muni frekar verka neikvætt en jákvætt á möguleg áform fólks varðandi búsetu á svæðinu.</p>	<p>Brunnskip munu koma með seiði á viðkomandi eldissvæða að vori og hausti. Sum seiðin verða flutt frá Þorlákshöfn, en einnig munu seiði verða flutt frá Kópaskeri þar sem verið er að byggja upp nýja seiðaeldisstöð. Sem stendur mun vinnsla fara fram á Djúpavogi. Eldiskvíar verða þjónustaðar frá Seyðisfirði og verða þjónustubátar staðsettir á Seyðisfirði og mannskapur þaðan verða notaður á þá, sem og til að manna fóðurskip. Fyrirhuguð framkvæmd mun því skapa störf með góðar tekjur, efla hafnarsjóð og vera grunnur að uppbyggingu þjónustuiðnaðar. Við núverandi aðstæður er ekki hægt að treysta á ferðaþjónustu og byggja verður upp fjölbreytt atvinnulíf. Það tryggir að sveiflur verða minni og að óvissa um framtíðina minnkar.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
146	Guðlaugur Kristinn Óttarsson	<p>Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er því vert að að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt meðal annars af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra mestu máli.</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða er umhverfisvænt og hefur eldið AquaGAP-vottun og lífræna vottun, af þessum sökum má Fiskeldi Austfjarða ekki nota óæskilegt mengandi efni í starfsemi sinni. Notast er við vottað lífrænt fóður. Einnig eru umhverfisáhrif á ásyn og landslag metin afturkræf í frummatsskýrslu.</p> <p>Fiskeldi mun styrkja atvinnulífið og gera það fjölbreyttara, það mun eðli máls frekar leiða til þess að fólk flytji á staðinn og hafa jákvæð áhrif á mögulega búsetu á svæðinu.</p> <p>Ferðaþjónusta er mengandi starfsemi og ekki æskilegur í óhóflegum mæli.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

147	Gunnar Sveinn Rúnarsson	<p>„Byggðastofnun hefur áætlað að fyrir hver 1.000 tonn af fiski í eldi verði til 23 störf, eða 13 bein störf og 10 óbein störf. Því má áætla að 10.000 tonna eldi á ári í Seyðisfirði muni skapa rúmlega 130 bein störf. Auk þess yrðu 100 óbein störf til á svæðinu. Þar af má reikna með 15-25 stöðugildum að lágmarki í Seyðisfirði.“</p> <p>Hér er svo vitnað óljóst í skýrslu frá Byggðastofnun sem gefin er út árið 2017. Skýrslan sem um ræðir heitir Byggðarleg áhrif fiskeldis [...] þar segir orðrétt á blaðsíðu 5:</p> <p>„Töluverður munur er á mati aðila sem hyggjast hefja sjókvíaeldi við Ísland um fjölda starfa. Landssamband fiskeldisstöðva áætla að afleidd störf við fiskeldi séu 0,8 störf ofan á hvert eitt starf. Það þýðir rúmlega 100 störf á hver 10.000 framleidd tonn eða samtals 230 bein og afleidd störf. Ísafjarðarbær gerir ráð fyrir fyrir 144 störfum á hver 10.000 framleidd tonn og einu afleiddu starfi fyrir hvert beint starf eða 288 störf samtals. Fram kemur hjá Fjarðabyggð að mismunandi sé hvað eldisfyrirtækin áætli að mörg störf verði til við uppbyggingu fiskeldis á svæðinu. Annars vegar er áætlun sem gerir ráð fyrir 120 störfum á hver 10.000 tonn sem er nálægt rauntölum frá Færeyjum og hins vegar áætlun sem gerir ráð fyrir um 50 störfum á hver 10.000 tonn. Varðandi afleidd störf notar Fjarðabyggð viðmiðunina frá Landssambandi fiskeldisstöðva.“</p> <p>Rannsóknirnar á bak við þessar tölur eru því litlar sem engar og koma frá Fiskeldisstöðvunum sjálfum eða bæjarfélögum sem hafa mikilla hagsmuna að gæta. Ef skoðaðar eru tölur frá Landsambandi Fiskeldisstöðva frá 2016 (væri áhugavert að fá uppfærðar tölur) sést að þessar tölur standast ekki skoðun. Einnig er vert að benda á að í Frummatsskýrslu er notast við leyfileg tonn, þ.e.a.s. 10.000, tonn en í skýrslu Byggðastofnunar er talað um framleidd tonn. Ársfjórðungsskýrsla fyrir þriðja fjórðung 2020 frá Ice Fish Farm gerir ráð fyrir framleiðslu (harvest) á 3.500 tonnum árið 2020 en leyfi er fyrir 20.800 tonna lífmassa. Hvort eru beinu störf 46 eða 270?</p>	<p>Í frummatsskýrslunni kemur skýrt fram að störfin verði 15-25 að lágmarki þegar fullum eldisafköstum er náð og miðast þær tölur við eldið sjálft. Við upphaf eldis í Seyðisfirði verði störf 4-8, en sú tala fari hækkandi eftir því sem eldið í firðinum byggist upp.</p> <p>Hvað varðar að 13 bein og 10 óbein störf myndist fyrir hver 1.000 tonn framleidd, þá verður að horfa til eldisins sem heild. Í þessum tölum er einnig að finna starfsmannatölur sem tengjast seiðaeldi og vinnslu á eldisfisknum. Sama gildir þegar horft er til óbeinna starfa sem myndast, en fiskeldi er þjónustufrek grein. Fiskeldi Austfjarða leitast við að nýta þá þjónustu sem býðst á hverju því svæði þar sem eldi er stundað, ef slíkt er til staðar. Auk þess er reynt eftir fremsta megni að ráða heimamenn í ný störf.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
148	Landvernd	<p>Í skýrslunni er fullyrt að framkvæmdakostur falli vel að skipulagsáætlun og starfsemi verði í sátt við samfélag. Afar fátt er að finna í skýrslunni sem gefur samfélaginu á Seyðisfirði tilefni til að fagna starfsemi áformaðs laxeldis. Þvert á móti verður ekki komist að annarri niðurstöðu en að starfsemi gangi gegn stefnu sem hefur verið að þróast á liðnum árum á Seyðisfirði. Þrátt fyrir umfangsmikið eldi sem stefnt er að verður að segjast að forsendur fyrir fjölda heilsársstarfa á Seyðisfirði eru ónákvæmar og skortir á skýrari rökstuðning. Þá skortir mjög í skýrsluna forsendur þar sem er dregin fram heildrænn ávinningur</p>	<p>Erfitt er að sjá hvernig þessi athugasemd samrýmist markmiðum Landverndar, enda lýtur hún einkum að hagrænum þáttum og mannlífi.</p> <p>Erfitt er og að sjá hvaða forsendur liggja til grundavallar niðurstöðum Landsverndar um að fyrirhugað fiskeldi muni ganga gegn þeirri stefnu sem þróast hefur á Seyðisfirði á undanförunum</p>

		<p>fyrir hafnarsjóð Seyðisfjarðar og auk þess eru tekjur hafnarsjóðs ekki úrslitaatriði fyrir samfélagið á Seyðisfirði.</p> <p>Án vafa er ekkert samfélag á Austurlandi, þótt víðar væri leitað, jafn viðkvæmt fyrir jafn stórtækum áformum og hér eru uppi. Áhrifin hafa margþætt neikvæð áhrif, bæði eins og að framan hefur komið og sem nánar verður rakið síðar. Landvernd telur að áformað fiskeldi í Seyðisfirði sé raunverulega gríðarlega stór samfélagslegur áhættuþáttur og stefni í hættu ímynd og uppbyggingu sem Seyðfirðingar hafa unnið að í áratugi. Landvernd leggur áherslu á að samfélagleg áhrif vegi þyngra en þeir sérhagsmunir sem hafa verið sett fram í frummatsskýrslunni.</p>	<p>árum. Umhverfismatinu er ætlað að meta áhrif framkvæmdar á breiðum grunni, þ.m.t. hver áhrif eru á efnahag og samfélag. Það segir að fjöldi starfa verði á bilinu 15-25 til að byrja með en aukist síðan, sjá nánari svar nr. 140 við athugasemd Aðalheiðar Borgþórsdóttur.</p> <p>Væntanlegur fjárhagslegur ávinningur fyrir hafnarsjóð er tekið sem dæmi um hvað starfsemi eins og fiskeldi getur skilað til samfélagsins, en ávinningur af fiskeldi er miklu meiri en bara tekjur til hafnarsjóðs. Fiskeldi Austfjarða leitast m.a. við að nýta þjónustu heimamanna þar sem fyrirtækið er með eldi.</p> <p>Enn og aftur er ekki hægt að sjá hvaða forsendur Landvernd styðst við þegar því er haldið fram að ekkert samfélag á Austurlandi sé jafnviðkvæmt fyrir fyrirhuguðu fiskeldi. Fiskeldi Austfjarða hafnar því að uppbygging fiskeldis á Seyðisfirði sé samfélagslegur áhættuþáttur. Uppbygging fiskeldis mun leiða til fjölbreyttara atvinnulífs og auka á efnahagslegan stöðugleika, en auk þess fer fiskeldi og ferðamennska vel saman.<sup>99, 100</sup></p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
149	Landvernd	<p>Þrátt fyrir að Fiskeldi Austfjarða hafi komist að því á eigin forsendum, að starfsemin verði í sátt við samfélagið, þar með talið ferðapjónustu og menningu, þá skortir mjög á að færð séu rök studd gögnum fyrir þeirri niðurstöðu í skýrslunni. Seyðisfjörður er gamalgróinn og sögufrægur kaupstaður sem hefur mikinn menningararf að geyma og til að vinna með og miðla áfram um ókomna framtíð. Það eru ekki einvörðungu gömlu húsin á Seyðisfirði heldur sagan sem fylgir þeim og svæðinu öllu. Það einskorðast ekki bara við bæinn sjálfan því mjög víða er að finna merkar menningarminjar</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða hafnar því á að skortur sé á rökum og gögnum fyrir þeim niðurstöðum sem koma fram í frummatsskýrslu, vegna t.d. ferðapjónustu. Frummatsskýrslan var unninn samkvæmt samþykktri matsáætlun og fer eftir lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Áform Fiskeldis Austfjarða munu ekki hafa áhrif á</p>

<sup>99</sup> Ramos J. og fleiri (2015). Multiple interests across European coastal water: the importance of a common language. ICES Journal of Marine Sciences, 72:2, 720-731.

<sup>100</sup> Nimmo, F. Cappell, R., Huntington, T. & Grant, A. (2011). Does fish farming impact on tourism in Scotland? Aquaculture research 42: 132-141.

		<p>beggja vegna fjarðar og víðast út með honum öllum. Á Seyðisfirði er blómlegt menningarstarf sem þekkt er langt út fyrir landsteinana og þar er m.a. listaháskóli Ungs fólks svokallaður Lungaskóli svo fátt eitt sé nefnt. Árlega er haldin stór menningarhátíð á Seyðisfirði sérstaklega með tilliti til ungs listafólks.</p>	<p>neinar menningarminjar þar sem mannvirki verða staðsett á hafi úti en ekki í landi.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá áformum um að hafa starfsemi á eldissvæði við Háubakka, í botni Seyðisfjarðar. Með því minnkar sjónræn áhrif frá þéttbýlinu í Seyðisfirði og munu önnur eldissvæði ekki sjást frá kaптúninu.</p> <p>Komi til þess að áður óþekktar minjar finnast á fyrirhuguðum eldissvæðum verður farið eftir ákvæðum laga nr. 820/2012 um menningarminjar. Ekki verður séð hvaða neikvæðu áhrif starfsemi Fiskeldis Austfjarða ætti að hafa á menningarlíf í Seyðisfirði.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
150	Landvernd	<p>Jafnhliða gróskumiklu menningarstarfi hefur orðið gríðarlega mikil uppbygging í ferðapjónustu á gildistíma aðalskipulags og annarra skipulagsgerðar, og hefur byggðin öll raunverulega þróast á þeim forsendum á síðustu árum. Tæpast er því réttu haldið til hoga þegar fullyrt er að starfsemi laxeldis í firðinum falli vel að því skipulagi sem er í gildi hvað þá þeim miklu og öru breytingum sem hafa orðið á samfélaginu á Seyðisfirði á undanförunum árum. Skipulagsáætlanir eiga eftir að taka enn frekara mið af þeirri þróun en þegar er orðið. Mikill fjöldi skemmtiferðaskipa kemur árlega til Seyðisfjarðar og hefur móttaka skemmtiferðaskipa gríðarlega mikilvægan hagrænan ávinning í för með sér fyrir samfélagið á Seyðisfirði, bæði hvað varðar tekjur fyrir hafnarsjóð svo og þjónustu í bænum. Þá hefur Norræna uppi stöðugar áætlunarferðir til Seyðisfjarðar og svo hefur verið í áratugi allt frá því Smyrlline hóf siglingar. Sérstök aðstaða hefur verið byggð upp við höfnina á Seyðisfirði vegna þessa, og sem að nýtist stórum farþegaflutningaskipum.</p>	<p>Að áliti Fiskeldis Austfjarða eru fyrirvarsmenn Landverndar enn og aftur að fjalla um efni sem fellur ekki að markmiðum Landverndar.</p> <p>Að því sögðu þá er fullyrt að starfsemi laxeldi falli ekki af því skipulagi sem er í gildi. Haf- og strandsvæðaskipulag er í vinnslu. Þess vegna er ekki hægt að að tala um eitthvað skipulag sé í gildi, þegar gerð þess hefur ekki verið lokið. Fiskeldi Austfjarða býst við því að tekið verði tillit til staðsetninga eldissvæða í haf- og strandsvæðaskipulagi.</p> <p>Starfsemi Fiskeldis Austfjarða mun ekki trufla komu skemmtiferðaskipa og fer þetta saman. Staðsetning eldissvæða tekur tillit til sigingaleiða inn og út fjörðinn. Koma skemmtiferðaskipa er mismikil frá ári til árs og tekjur vegna þeirra af þeim sökum mismiklar. Starfsemi tengd fiskeldi er jöfn yfir allt árið og sama má segja um tekjur sem skapast fyrir þriðja mann. Starfsemi Fiskeldis Austfjarða á hafnarsvæði Seyðisfjarðar mun ekki</p>



			<p>trufla ferðir ferjunar Norrænu eða annarra farþegaskipa. Ólík hafþækinn starfsemi á að geta farið vel saman á hafnarsvæði. Fallið hefur verið frá fyrirhuguðu eldissvæði við Háubakka.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
151	Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST)	<p>Fiskeldi Austfjarða metur svo að starfsemin verði í sátt við samfélagið, þar með talið ferðarþjónustu og menningu en þó er hvergi að sjá haldbær rök fyrir þeirri afstöðu í skýrslunni. Seyðisfjörður er þekktur minjabær, gömlu húsin og menningarminjar eru víða að finna og þar má segja að sagan liggja við hvert fót má. Samhliða miklu menningarstarfi hefur orðið gríðarlega mikil uppbygging í ferðarþjónustu á Seyðisfirði á síðustu árum og þá ekki síst í kringum komu skemmtiferðaskipa auk áætlanafarða Norrænu. Augljóst er að ásjón fjarðarins mun breytast með tilkomu fiskeldis og ekki verið metið hvaða áhrif slíkt geti haft á upplifun ferðamanna. Þá má benda á aukna sýkingarhættu í eldið vegna aukningar skipaumferðar erlendis frá</p>	<p>Fiskeldi Austfjarða lítur svo á að fyrirhugað eldi og önnur starfsemi fari vel saman og samlegðin muni hjálpa til við að styrkja atvinnulífið frekar en að veikja það. Áhrif fiskeldis á ásjón fjarðarins er afturkræf og metið er í fummatsskýrslu hvaða skoðun ferðamenn hafa til fiskeldis á Austfjörðum. Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá áformum um að hafa starfsemi á eldissvæði við Háubakka, í botni Seyðisfjarðar. Með því minnkar sjónræn áhrif frá þéttbýlinu í Seyðisfirði og munu önnur eldissvæði ekki sjást frá kaupþúninu.</p> <p>Hætta á að sýking berist út í umhverfið frá erlendum skipum er alltaf til staðar og hefur ekkert með fiskeldið sem slíkt að gera.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
152	Ólafur Hr. Sigurðsson	<p>[Í samantekt um samfélag og efnahag.] Hér vantar allar tölulegar upplýsingar um hver hagur sveitarfélags er af svona fyrirtæki og væri því gagnlegt að setja inn tölulegar upplýsingar þar sem hægt væri að sýna fram á miðað við þekktar forsendur hve þungt svona framkvæmd og rekstur getur haft á efnahag viðkomandi svæðis.</p>	<p>Tilgangur umfjöllunar er að meta almennt hver áhrif framkvæmdar muni verða á Seyðisfjörð. Ekki liggja fyrir rannsóknir á því hversu þungt svona framkvæmd vegur fyrir viðkomandi svæði eða sveitarfélag og ekki er endanlega ljóst hver gjaldheimild sveitarfélaga er gagnvart fiskeldi og jafnframt er ekki ljóst hver hlutur sveitarfélaga verður af gjöldum sem renna í Fiskeldissjóðinn. Á meðan það liggur ekki fyrir er ekki hægt að meta nákvæmlega það sem beðið er um í athugasemd. Slík rannsókn yrði að vera á vegum opinbers aðila þegar forsendur liggja fyrir.</p>

			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
153	Ólafur Hr. Sigurðsson	Í upptalningu um skóla á Austurlandi vantar að geta Lunga-skólans á Seyðisfirði sem er einn af vaxtarbroddum samfélagsins á Seyðisfirði og hefur hann ótvírætt mikið gildi Seyðisfjörð.	Upptalning skóla í kafla 6.7 miðast við opinbera skóla eða aðra sem eru hluti af menntakerfinu, leiksólar, grunnskólar og framhaldsskólar. Lunga-skólinn á Seyðisfirði telst ekki opinber menntastofnun og því ekki í upptalningu af þeim sökum. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
154	Ólafur Hr. Sigurðsson	[Vitnað er í kafla 6.7 þar sem segir: Seyðisfjörður myndar eitt atvinnusvæði með Egilsstöðum og Fjarðabyggð og eru dæmi um að fólk vinni í álverinu á Reyðarfirði, en Fjarðaheiði er þó mikill farartálmi.] Hið rétta er að margir Seyðisfirðingar hafa unnið í álverinu frá upphafi bæði í beinum og óbeinum störfum. Þannig hafa þeir oftast verið á bilinu 20-30 og verður álverið því að teljast einn af stærri atvinnuveitendum á Seyðisfirði.	Þessar upplýsingar eru fengnar úr skýrslu Byggðastofnunar frá 2012. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
155	Ólafur Hr. Sigurðsson	[Vitnað er í kafla 6.7 þar sem segir: Á Seyðisfirði er <u>helsta</u> stoðin í atvinnulífinu þjónusta og afgreiðsla við ferjuna Norrænu.] Þetta er auðvitað langt frá sanni og sjávarútvegur með togara og frystihúsi, auk álversins, ferðaþjónustu og opinbera þjónustu vega þar langt um meira, en þjónusta við ferjuna er að sjálfsögðu okkur mjög mikilvæg.	Þessar upplýsingar koma úr skýrslu Byggðastofnunar frá 2012. Umfjöllun verður breytt að í staðinn fyrir að segja a þjónusta og afgreiðsla við ferjuna norrænu sé helsta stoðin, verður því breytt í ein meginstoðin í atvinnulífinu. <i>Umfjöllun í kafla 8.7 í matsskýrslu (kafla 6.7 í frummatsskýrslu) hefur verið breytt með hliðsjón af framansögðu.</i>
156	Ólafur Hr. Sigurðsson	[Vitnað er í kafla 6.7 þar sem segir: Hlutfall háskólamenntaðra er einnig lægra á Austurlandi heldur en á landsvisu (mynd 48).] Hér er rétt að geta þess að samkvæmt könnun þekkingarnets Austurlands frá 2008 (?) kom í ljós að hlutfall Seyðisfirðinga með háskólamenntun eða sambærilegt nám var óvenjuhátt miðað við landsbyggðina og var á pari við Reykjavík. Athyglivert væri að skoða hvernig þetta hefur breyst en mín tilfinning er að þetta hafi enn batnað.	Upplýsingar koma úr skýrslu Byggðastofnunar frá 2012. Ef skoða ætti breytingar frá því að skýrslan var gerð yrði slík rannsókn að fara fram á vegum opinberra aðila, t.d. Byggðastofnunar, háskóla eða Austurbrúar, en ekki á vegum Fiskeldis Austfjarða. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

157	Ólafur Hr. Sigurðsson	[Vitnað er í kafla 6.7 þar sem segir: Sýslumaðurinn á Austurlandi fer með framkvæmdarvald og stjórnslu ríkis á svæðinu. Embættið er með starfstöðvar á Seyðisfirði, Eskifirði, Egilsstöðum og á Vopnafirði.] Rétt er að sýslumaður situr á Seyðisfirði og er auk þess með starfstöðvar á hinum þremur stöðunum.	<i>Athugasemdin á rétt á sér og verður kafli 8.7 í matsskýrslu (kafli 6.7 í frummatsskýrslu) uppfærður til samræmis.</i>
158	Ólafur Hr. Sigurðsson	[Vitnað er í kafla 6.7 þar sem segir: Vegurinn um Fjarðarheiði er einn hæsti fjallvegur á Íslandi og brýnt fyrir þróun byggðarinnar að vegurinn verði byggður upp eða settur í jarðgöng.] Vegurinn er eins vel uppbyggður og hann getur orðið og ekki þörf á frekari breytingum á honum en hins vegar er eðlilegt að hamra hér í skýrslu þessari á nauðsyn jarðgangna.	Það er ekki hlutverk mats á umhverfisáhrifum þessarar framkvæmdar að meta hvort gera eigi jarðgöng eða ekki undir Fjarðaheiði. Skýrt kemur fram að aukin umsvif og umferð kalli á almennar vegbætur. Hvort að slíkt felist í jarðgöngum eða ekki tekur Fiskeldi Austfjarða ekki afstöðu til. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
159	Ólafur Hr. Sigurðsson	[Vitnað er í kafla 6.7 þar sem segir: Á Reyðarfirði er vöruflutningahöfn og fimm aðrar hafnir eru í flokki I sem eru stórar fiskihafnir. Þessar hafnir eru Vopnafjörður, Seyðisfjörður, Eskifjörður og Fáskrúðsfjörður.] Hér þarf að koma fram að Seyðisfjarðarhöfn er sérútbúin ferjuhöfn og góð aðstaða til að taka á móti og þjónusta skemmtiferðaskip.	Umfjöllun byggir á upplýsingum úr Samgönguáætlun 2011-2022 og er almenn. Fram kemur í frummatsskýrslu að ferjan Norræna er þjónustuð frá Seyðisfirði. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
160	Pétur Kristjánsson	Ekki verður séð í matsskýrslunni að rannsóknir á menningarlífi íbúa hafi farið fram né nokkuð haldbært um þær væntingar og vonir sem bæjarbúar bera til samfélagsins sem þau búa í. Að sjálfsögðu verður að líta fyrst og fremst til þess hvað vel upplýstum borgurum í litlu samfélagi kann að finnast um þær hugmyndir sem þar koma fram og tryggja að þeir geti tekið ákvörðun í samræmi við alvarleika inngripsins á sanngjarnan og heiðarlegan hátt.	Það að meta áhrif framkvæmdar á menningarlíf er ekki hluti af samþykktari matsáætlun. Markmiðið er að meta áhrif framkvæmdar á samfélag og efnahag sem eina heild, en ekki að taka fyrir einstaka þætti þar undir. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
161	Samhljóða athugasemd 114 einstaklinga	Fyrir liggur að ef af sjókvíaeldinu verður munu seiði verða flutt með brunnskipi frá Þorlákshöfn og þeim dælt í eldiskvíar í Seyðisfirði. Þegar til slátrunar kemur verður fiski dælt aftur í brunnskip og að líkindum fluttur til Djúpavogs til slátrunar og vinnslu. Af þessu leiðir að þrátt fyrir mikið lýti í umhverfi og mengun, sem nánasta umhverfi íbúa Seyðisfjarðar verður fyrir, munu afar fá störf skapast. Hagur sveitarfélagsins og íbúa varður þannig afar takmarkaður ef nokkur af hinu fyrirhugaða eldi.	Brunnskip munu koma með seiði á viðkomandi eldissvæða að vori og hausti. Sum seiðin verða flutt frá Þorlákshöfn, en einnig munu seiði verða flutt frá Kópaskeri þar sem verið er að byggja upp nýja seiðaeldisstöð. Sem stendur mun vinnsla fara fram á Djúpavogi, en þjónustubátar verða staðsettir á Seyðisfirði og og mannaðir Seyðfirðingum. Framkvæmdin mun skapa vel

			<p>launuð störf og tryggja tekjur í sjóði Múlaþings. Töluverð þjónusta verður keypt af þriðja manni á Seyðisfirði.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
162	Samhljóða athugasemd 114 einstaklinga	<p>Tengt framangreindu er hins vegar ástæða til að vekja athygli á því að íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt m.a. af þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hreinleiki og óspillt náttúra máli. Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til. Ég tel líka ástæðu til að vekja athygli á því, að í ljósi þess sem að framan greinir standa líkur til þess að fyrirhugað sjókvíaeldi muni frekar verka neikvætt en jákvætt á möguleg áform fólks varðandi búsetu á svæðinu.</p>	<p>Eldi Fiskeldis Austfjarða er umhverfisvænt og hefur AquaGAP og lífræna vottun, en það þýðir að Fiskeldi Austfjarða má ekki nota óæskilegt mengandi efni í starfsemi sinni. Notast er við vottað lífrænt fóður. Einnig eru umhverfisáhrif á ásynnd og landslag metin afturkræf í frummatsskýrslu.</p> <p>Fiskeldi mun styrkja atvinnulífið og gera það fjölbreyttara, það mun frekar en ella leiða til þess að fólk flytji á staðinn og hafa jákvæð áhrif á mögulega búsetu á svæðinu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
163	Svandís Egilsdóttir	<p>Lítið er gert úr hljóð- og ljósmengun sem er huglægt mat skýrsluhöfunda.</p>	<p>Frummatsskýrsla er unnin samkvæmt matsáætlun, sem ekki gerir kröfu um að fjallað sé um hljóð- og ljósmengun frá eldisstarfseminni. Þess má þó geta að lítil hljóðmengun fylgir starfseminni. Notaðir verða tengiltvinnprammar við eldið, sem eru að mestum hluta rafknúnir en ganga fyrir jarðefnaeldsneyti um fjórar klukkustundir á sólarhring. Prammarnir eru mjög vel einangraðir og verður hljóðmengun frá þeim því lítil sem engin.</p> <p>Ljósabúnaður á kvíum verður neðansjávar og eingöngu notaður á myrkasta tíma ársins. Áhrif ljósanna verða staðbundin og ljósmengun lítil.</p>

			<i>Ekki er fjallað frekar um hljóð- og ljósmengun í matsskýrslu.</i>
164	Vigfús Orrason	Íbúar Seyðisfjarðar byggja lífsviðurværi sitt að verulegu leiti á þjónustu við ferðamenn og skiptir þar hrein og óspillt náttúra mestu máli. Enginn vafi leikur á að sjókvíaeldi myndi ganga í berhögg við verðmæta ímynd svæðisins og rýra verulega lífsgæði íbúanna sem njóta þess að byggja eitt fegursta bæjarstæði landsins.	Fyrirhugað fiskeldi mun ekki ganga í berhögg við ímynd svæðisins. Fiskeldi Austfjarða er með AquaGAP-vottun á núverandi eldi. Vottunin tryggir að til framleiðslunnar er notað gæðafóður sem inniheldur fiskimjöl og lýsi frá viðurkenndum sjálfbærum aðilum. Samkvæmt AquaGAP staðlinum er óheimilt að nota eitrefni eða óæskileg lyf í eldinu og ekki heldur kopar í kvíanótum. Því er bannað að nota t.d. eitrefni í baráttu við laxalús ef hún yrði til vandræða, en taka verður fram að laxalús hefur ekki verið til vandræða í laxeldi á Austfjörðum. Auk þess hefur Vottunarstofan Tún vottað að seiðaeldi FA er lífræn framleiðsla sem leggur áherslu á umhverfisvernd og dýravelferð. Unnið verður að því að framangreindar vottanir Fiskeldis Austfjarða taki einnig til framleiðslu á laxi í Seyðisfirði.  Einnig mun eldið skapa atvinnutækifæri og tekjur fyrir sveitarfélagið og íbúa á svæðinu.  <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
165	Skálanesbjarg ehf og Skálanessetur ehf	Loks er gerð kröftug athugasemd við möguleg neikvæð áhrif laxeldis á starfsemi Skálanesseturs þar sem unnið er kröftugt starf í rannsóknum kennslu, æðarvarpi og ferðaþjónustu með áherslu á náttúruupplifun síðan 2005. Svæðið er afar lítið uppbyggt og má vera að viðvarandi sýn af laxeldiskvíum rétt fyrir innann bæjarhúsin á Skálanesi þar sem þúsundir gesta koma hvert sumar skerði raunverulega hlutfallslega yfirburði fyrirtækisins til að skapa sér virðisauka úr ofangreindum forsendum.	Varðandi Skálanes þá er fyrirhugað eldissvæði í Skálanesbót ekki staðsett alveg við land og liggur það austanmegin í bótinni. Jörðin Skálanes liggur vestanmegin og þess vegna er það ekki alveg upp við bæinn Skálanes. Eldið ætti ekki að verða til þess að upplifun af ósnortinni náttúru minnki. Einnig er bent á að ekki er samfelld eldi á fyrirhuguð eldissvæði því gert er ráð fyrir að eldissvæði sé hvílt að lokinni slátrun. Þar af

			leiðandi hafnar Fiskeldi Austfjarða að verið sé að skerða tækifæri Skálanesseturs ehf. og Skálanesbjargs ehf. til að skapa sér virðisauka af þeirri starfsemi sem þessir aðilar eru með. Vísað er í kafla 8.11.3 í matsskýrslu þar sem fjallað er um niðurstöður rannsóknar um afstöðu ferðamanna til sjókvíaldis. Sjá einnig
<b>Kafli</b>	6.8		<b>Efnisatriði:</b> Menningarminjar
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
166	Landvernd	Saga Seyðisfjarðar er stórmerk enda má segja að kaupstaðurinn hafi verið lengi vel verið höfuðstaður Austurlands og bera margvísleg mannvirki þess vitni. Íbúar hafa í auknum mæli verið að vinna með sögulegan arf bæjarins. Allur bærinn ber þess merki og þar er sagan við hvert fót mál. Þekktar eru sagnir og heimildir um skipsflök á hafsbotni, sem eru eldri en 100 ára og þar með friðuð, og er þar vafalaust mun fleiri að finna en þau sem sagnir hafa varðveist um. Þó svo að flak El Grillo sé ekki friðað samkvæmt þjóðminjalögum, er þar sannarlega um að ræða merkilegar minjar. Vinsælar gönguleiðir liggja um láglandi hlíðar og yfir fjallaskörð og víða á þeim leiðum er að finna mjög miklar og merkar menningarminjar, bæði rústir sem og fornar ferða- og póstleiðir. Segja má því að svæðið sé raunverulega mjög ríkt af menningarminjum í ljósi hins mikla menningararfs sem Seyðisfjörður hefur að geyma, út með öllum firði beggja vegna. Þá á eftir að fara fram heildstæð skráning menningarminja beggja vegna fjarðarins. Þann þátt verður því ekki hægt að meta að fullu leyti fyrr en að lokinni fornleifaskráningu.	Að álitni Fiskeldis Austfjarða eru fyrirvarsmenn Landverndar enn og aftur að fjalla um efni sem fellur ekki að markmiðum Landverndar. Ítrekað er það sem fram kemur í frummatsskýrslu um að brugðist verður við í samræmi við lög um menningarminjar ef fornminjar finnast. Svæði þar sem festingar sjókvía verða á botni mun kafari taka út. Ef fornminjar finnast verður framkvæmd stöðvuð og frekari rannsókn gerð í samráði við Minjastofnun Íslands. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
167	Svandís Egilsdóttir	Ekki hefur farið fram rannsókn á minjum á svæðinu þar sem fyrirhugaðar kvíar eru staðsettar. Engu að síður er fullyrt í skýrslunni að engar minjar séu í hættu eða vitað um slíkar á svæðinu. Hvernig er hægt að fullyrða slíkt án nánari skoðunar? Líkt og kemur fram í skýrslunni, þá er minjavörður einn fárra aðila sem getur stöðvað framkvæmdir ef fornminjar finnast á svæðinu við framkvæmdina. Verður það að teljast gáleysi ef farið er fram án skoðunar á minjum á svæðinu, eða án samráðs við minjavörð/fornleifafraeðinga líkt og í þessu tilfalli. Vitað er til að óaldursgreindar og órannsakaðar minjar finnast í firðinum þó staðsetning þeirra sé ekki nákvæmlega staðfest. Auk þess er vitað er af rituðum heimildum að Austfirðir voru fyrsti aðkomustaður landnámsmanna.	Ítrekað er það sem fram kemur í frummatsskýrslu um að brugðist verður við í samræmi við lög um menningarminjar ef fornminjar finnast. Svæði þar sem festingar sjókvía verða á botni mun kafari taka út. Ef fornminjar finnast verður framkvæmd stöðvuð og frekari rannsókn gerð í samráði við Minjastofnun Íslands. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

		Forminjar og landnámsbyggðir eru taldar vera víða við strendur á Austfjörðum í því ljósi og því ekki ólíklegt að fornminjar finnast einnig í sjó. Auk þessa eru merkar heimildir um ferðir franskra skútusjómannanna og sjóskaða þeim tengdum.	
168	Rannveig Þórhallsdóttir	Ennfremur bendi ég á að í kafla frummatsskýrslunnar um fornleifar á bls. 115-116 og fleiri stöðum er því haldið fram að ekki sé vitað um neðansjávarfornleifar á framkvæmdarsvæðinu. Við skoðun á hafsbótunum með dróna hafa sést að minnsta kosti tvær skútur neðansjávar í firðinum sem falla að öllum líkindum undir fornleifar sem varðveita skal skv. lögum nr. 80/2012. Að mati undirritaðrar þarf að staðsetja fornleifar neðansjávar með neðansjávardróna áður en hægt er að fullyrða að engar minjum, bæði ofan og neðan sjávar, verði raskað á framkvæmdasvæðinu við aðgerðirnar.	Ítrekað er það sem fram kemur í frummatsskýrslu um að brugðist verður við í samræmi við lög um menningarminjar ef fornminjar finnast. Svæði þar sem festingar sjókvía verða á botni mun kafari taka út. Ef fornminjar finnast verður framkvæmd stöðvuð og frekari rannsókn gerð í samráði við Minjastofnun Íslands. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	6.10	<b>Efnisatriði:</b>	Landslag og ásýnd
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
169	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur	Auk þeirra athugasemda sem að framan greinir er á það bent að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kviarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða áberandi ásýndum allt frá því að komið verður fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, komi til þess. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að sæbratt er við Seyðisfjörð og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hlíðar eins og FA lætur að liggja í frummatsskýrslu. Áhrif á landslag eru því mjög neikvæð.	Ekki er ljóst hvað „mjög neikvæð“ áhrif fela í sér. Í umhverfismatinu er fylgt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um vægi áhrifa. Niðurstaða frummatsskýrslu er að áhrif á landslag og ásýnd verði talsvert neikvæð. Vægiseinkun fyrir enn neikvæðari áhrif eru verulega neikvæð. Það sem verulega neikvæð áhrif þurfa að uppfylla er m.a. að áhrifin komi fram á umfangsmiklu svæði, þau oftast varanleg og yfirleitt óafturkræf. Það er mat Fiskeldis Austfjarða að áhrif eldisins verði afturkræf. Um er að ræða tímabundin talsvert neikvæð áhrif, sem eru afturkræf. Búnaður verður fjarlægður á milli eldislota, þ.e. þegar eldissvæði er hvílt. Einnig er bent á að fyrirhugað eldissvæði við Háubakka hefur verið dregið til baka. Með því minnkar sjónræn áhrif frá þéttbýlinu í Seyðisfirði og munu önnur eldissvæði ekki sjást frá kaптúninu.

			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
170	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur	Í framangreindu sambandi stoðar FA ekki villandi framsetning í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang sjókvíaeldisins sem hlutfall af Seyðisfirði. Sá kafli sem sjókvíaeldinu er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjörðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásynð fjarðarins, en eldið mun óhjákvæmilega hafa veruleg áhrif á ásynð nánasta umhverfis umbj. okkar.	<p>Upplýsingar í frummatsskýrslu um stærð og flatarmál Seyðisfjarðar eru samkvæmt umfjöllun Hafrannsóknastofnunar um burðarþol fjarðarins. Á því byggir ætlun um hve stóran hluta flatarmálsins sjókvíar munu taka. Því verður ekki fallist á að um villandi framsetningu sé að ræða. Einnig verður að hafa í huga að afmörkun eldissvæða (7% af flatarmáli Seyðisfjarðar) er aðeins stjórnsýsluleg, en hefur ekki raunverulega ásynð. Hins vegar hafa kvíar ásynð, en þær munu einungis þekja 1,5% af heildarflatarmáli fjarðarins.</p> <p>Ekki er ljóst hvað „veruleg áhrif“ fela í sér. Í umhverfismatinu er fylgt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um vægi áhrifa. Niðurstaða frummatsskýrslu er að áhrif á landslag og ásynð verði talsvert neikvæð. Vægiseinkun fyrir enn neikvæðari áhrif eru verulega neikvæð. Það sem verulega neikvæð áhrif þurfa að uppfylla er m.a. að áhrifin komi fram á umfangsmiklu svæði, þau oftast varanleg og yfirleitt óafturkræf. Það er mat Fiskeldis Austfjarða að áhrif eldisins verði afturkræf.</p> <p>Búnaður verður fjarlægður á milli eldislota, þ.e. þegar eldissvæði er hvílt. Um er að ræða tímabundin talsvert neikvæð áhrif, sem eru afturkræf.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>



171	Guðlaugur Kristinn Óttarsson	Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru í stórum rammafestingum. Allar líkur eru á að áhrif á landslag verði því ekki talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð ef horft er til staðhátta, sjónmengunar og umfangs þess.	<p>Ekki er ljóst hvað „mjög neikvæð“ áhrif fela í sér. Í umhverfismatinu er fylgt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um vægi áhrifa. Niðurstaða frummatsskýrslu er að áhrif á landslag og ásynd verði talsvert neikvæð. Vægis Einkun fyrir enn neikvæðari áhrif eru verulega neikvæð. Það sem verulega neikvæð áhrif þurfa að uppfylla er m.a. að áhrifin komi fram á umfangsmiklu svæði, þau oftast varanleg og yfirleitt óafturkræf. Það er mat Fiskeldis Austfjarða að áhrif eldisins verði afturkræf.</p> <p>Um er að ræða tímabundin talsvert neikvæð áhrif, sem eru afturkræf. Búnaður verður fjarlægður á milli eldislota, þ.e. þegar eldissvæði er hvílt. Einnig er bent á að fyrirhugað eldissvæði við Háubakka hefur verið dregið til baka. Með því minnkar sjónræn áhrif frá þéttbýlinu í Seyðisfirði og munu önnur eldissvæði ekki sjást frá kaupstúninu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
172	Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Sesselja Jónasardóttir, Sigurfinnur Mikaelsson, Þóra Bergný Guðmundsdóttir	Ég er ósammála því að óveruleg sjónmengun hljótist af uppsetningu eldiskvíanna og starfrækslu hins umfangsmikla fyrirhugaða laxeldis. Bent er á villandi framsetningu í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang þess flatar fjarðarins sem sjókvíaeldið mun þekja. Í því sambandi er bent á að sá kafli sem sjókvíaeldi er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjórðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið er einkum fyrirhugað og munar þar miklu. Tilvísanir í frummatsskýrslu til þess að kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásynd fjarðarins. Í því sambandi er bent á sá hluti fjarðarins sem mestu máli skiptir er sá sem næstur er botni hans, höfninni og kaupstaðnum, þar sem flestir búa og gestir koma.	<p>Upplýsingar í frummatsskýrslu um stærð og flatarmál Seyðisfjarðar eru samkvæmt umfjöllun Hafrannsóknastofnunar um burðarþol fjarðarins. Á því byggir ætlun um hve stóran hluta flatarmálsins sjókvíar munu taka. Því verður ekki fallist á að um villandi framsetningu sé að ræða.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá áformum um að hafa starfsemi á eldissvæði við Háubakka, í botni Seyðisfjarðar. Með því minnkar sjónræn áhrif frá þéttbýlinu í Seyðisfirði og munu önnur eldissvæði ekki sjást frá þéttbýlinu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

173	Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir, Hanna Christel Sigurkarlsdóttir, Sesselja Jónasardóttir, Sigurfinnur Mikaelsson, Þóra Bergný Guðmundsdóttir	Áhersla er lögð á að þótt áhrif á landslag og ásynd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða afar áberandi allt frá því að þeim verður komið fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, ef sá dagur kemur. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að tiltölulega bratt er í sjó fram í Seyðisfirði og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hlíðar eins og látið er að liggja í frummatsskýrslu. Að mínu mati eru áhrif á landslag því ekki aðeins talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð	<p>Í umhverfismatinu er fylgt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um vægi áhrifa. Niðurstaða frummatsskýrslu er að áhrif á landslag og ásynd verði talsvert neikvæð. Vægiséinkun fyrir enn neikvæðari áhrif eru verulega neikvæð. Það sem verulega neikvæð áhrif þurfa að uppfylla er m.a. að áhrifin komi fram á umfangsmiklu svæði, þau oftast varanleg og yfirleitt óafturkræf. Það er mat Fiskeldis Austfjarða að áhrif eldisins verði afturkræf.</p> <p>Um er að ræða tímabundin talsvert neikvæð áhrif, sem eru afturkræf. Búnaður verður fjarlægður á milli eldislota, þ.e. þegar eldissvæði er hvílt. Einnig er bent á að fyrirhugað eldissvæði við Háubakka hefur verið dregið til baka. Með því minnkar sjónræn áhrif frá þéttbýlinu í Seyðisfirði og munu önnur eldissvæði ekki sjást frá þéttbýlinu. Hafa ber í huga að rammafestingarnar eru neðansjávar og sjást ekki.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
174	Samhljóða athugasemd 114 einstaklinga	Ég er ósammála því að óveruleg sjónmengun hljótist af uppsetningu eldiskvíanna og starfrækslu hins umfangsmikla fyrirhugaða laxeldis. Bent er á villandi framsetningu í frummatsskýrslu að því er varðar staðhætti og umfang þess flatar fjarðarins sem sjókvíaeldið mun þekja. Í því sambandi er bent á að sá kafli sem sjókvíaeldi er ætlað að vera á er til muna styttri en 17,5 km. Þá er fjörðurinn miklu mjórri en 1,7 km þar sem kvíaeldið er einkum fyrirhugað og munar þar miklu. Tilvísanir í frummatsskýrslu til þess að kvíaeldið þeki tæp 7% af firðinum eru því í besta falli villandi m.t.t. þeirra áhrifa sem eldið hefur á ásynd fjarðarins. Í því sambandi er bent á sá hluti fjarðarins sem mestu máli skiptir er sá sem næstur er botni hans, höfninni og kaupstaðnum, þar sem flestir búa og gestir koma.	<p>Upplýsingar í frummatsskýrslu um stærð og flatarmál Seyðisfjarðar eru samkvæmt umfjöllun Hafrannsóknastofnunar um burðarþol fjarðarins. Á því byggir ætlun um hve stóran hluta flatarmálsins sjókvíar munu taka. Því verður ekki fallist á að um villandi framsetningu sé að ræða.</p> <p>Upplýsingar í frummatsskýrslu um stærð og flatarmál Seyðisfjarðar eru samkvæmt umfjöllun Hafrannsóknastofnunar um burðarþol fjarðarins. Því verður ekki fallist á að um villandi framsetningu sé að ræða. Á þeim upplýsingum byggir áætlun um hve stóran hluta flatarmálsins eldissvæðin munu taka, sem er stjórnsýsluleg afmörkun, en hefur ekki raunverulega ásynd. Sjókvíar eru einu sýnilegu eldismannvirkin, en þær munu þekja 1,5% af flatarmáli fjarðarins.</p>

			<p>Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá áformum um að hafa starfsemi á eldissvæði við Háubakka, í botni Seyðisfjarðar. Með því minnkar sjónræn áhrif frá þéttbýlinu í Seyðisfirði og munu önnur eldissvæði ekki sjást frá kaптúninu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
175	Samhljóða athugasemd 114 einstaklinga	<p>Áhersla er lögð á að þótt áhrif á landslag og ásýnd séu afturkræf í þeim skilningi að kvíarnar megi fjarlægja, þá stinga þær mjög í stúf í firðinum og verða afar áberandi allt frá því að þeim verður komið fyrir og þar til þær verða fjarlægðar, ef sá dagur kemur. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru auk þess í stórum rammafestingum. Bent er á að tiltölulega bratt er í sjó fram í Seyðisfirði og því verða sjókvíarnar mjög áberandi og ekki aðeins þegar komið er vel upp í hlíðar eins og látið er að liggja í frummatsskýrslu. Að mínu mati eru áhrif á landslag því ekki aðeins talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð.</p>	<p>Í umhverfismatinu er fylgt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um vægi áhrifa. Niðurstaða frummatsskýrslu er að áhrif á landslag og ásýnd verði talsvert neikvæð. Vægiseinkun fyrir enn neikvæðari áhrif eru verulega neikvæð. Það sem verulega neikvæð áhrif þurfa að uppfylla er m.a. að áhrifin komi fram á umfangsmiklu svæði, þau oftast varanleg og yfirleitt óafturkræf. Það er mat Fiskeldis Austfjarða að áhrif eldisins verði afturkræf.</p> <p>Um er að ræða tímabundin talsvert neikvæð áhrif, sem eru afturkræf. Búnaður verður fjarlægður á milli eldislota, þ.e. þegar eldissvæði er hvílt. Einnig er bent á að fyrirhugað eldissvæði við Háubakka hefur verið dregið til baka. Með því minnkar sjónræn áhrif frá þéttbýlinu í Seyðisfirði og munu önnur eldissvæði ekki sjást frá kaптúninu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
176	Vigfús Orrason	<p>Um er að ræða 24 sjókvíar í stórum rammafestingum sem valda myndu gríðarlegri sjónmengun ef horft er til umfangs og staðhátta.</p>	<p>Um er að ræða tímabundin talsvert neikvæð áhrif, sem eru afturkræf. Búnaður verður fjarlægður á milli eldislota, þ.e. þegar eldissvæði er hvílt. Einnig er bent á að fyrirhugað eldissvæði við Háubakka hefur verið dregið til baka. Með því minnkar sjónræn áhrif frá þéttbýlinu í Seyðisfirði og munu önnur eldissvæði ekki sjást frá kaптúninu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

177	Ólafur Hr. Sigurðsson	[Vitnað er í kafla 6.10 þar sem segir: Sörlastaðadalur er umkringdur fjöllum á alla vegu nema til norðurs þar sem hann opnast í átt að firðinum. Svæðið er vel gróið og er vinsælt útivistarsvæði.] Rétt er að dalurinn er ekki vinsælt útivistarsvæði og mjög fáir Seyðfirðingar hafa farið um hann. Hér er væntanlega verið rugla saman Sörlastaðadal og Vestdal annað sem sagt er um dalinn er rétt.	Umfjöllun á við um Sörlastaðadal en ekki Vestdal. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
178	Ólafur Hr. Sigurðsson	[Vitnað er í kafla 6.10 þar sem segir: Upp af Vesturdalseyri liggur Vesturdalur sem er lítill dalur sem umkringdur er fjöllum en opnast til vesturs.] Rétt er að dalurinn heitir <u>Vestdalur</u> og rétt að það komi fram að hann er vinsælt útivistarsvæði með merktum gönguleiðum m.a. til Héraðs. Um dalinn lá fyrrum flutningsleiðin til Héraðs eða allt þar til vegurinn um Fjarðarheiði var lagður.	Nafni Vesturdals verður breytt í Vestdal í matsskýrslu, sem er í samræmi við rétt heiti á dalnum. <i>Umfjöllun verður breytt í matsskýrslu.</i>
179	Ólafur Hr. Sigurðsson	[Í samantekt um Áhrif á landslag og ásynd og Ferðabjónusta og útivist.] Heldur lítið er gert úr sýnileika kvísvæða frá landi en vegir á svæðinu liggja um hæðir þar sem vel sést yfir kvísvæðin og eru þau því vel sýnileg enda eru þau líka mjög nálægt landi og þar sem Seyðisfjörður er lognsæll þá eru kvíarnar líka sýnilegri. Um höfnina fóru á árinu 2019 tæplega 80 skemmtiferðaskip auk þess sem Norræna sigldi 50 ferðir fram og til baka um fjörðinn. Með þessu skipum koma fjölmargir ferðamenn eða rúmlega 100 þús. Þeirra upplifun af firðinum mun auðvitað breytast og ekki ljóst hvort þau áhrif eru neikvæð eða jákvæð þar sem hvergi kemur fram í viðaukum að þetta hafi verið kannað sérstaklega. Siglingaleið inn fjörðinn mun hins vegar liggja nærri kvísvæðum og hvergi kemur fram hver siglingahraði skipa þarf að vera þegar svo nærri er siglt og ljóst af reynslu okkar á Seyðisfirði að alda sem kemur af siglingarhraða Norrænu um fjörðin hefur valdið skemmdum t.d. á bryggjum og jafnvel landrofi. Siglingarhraði hennar inn fjörðinn er oftast um 19 mílur og því myndast býsna stór alda frá þessu stóra skipi. Verði gerð krafa um lækkaðan siglingahraða frá fjarðamynni gæti það raskað áætlunartíma skipsins. Skemmtiferðaskip sigla hægar um fjörðinn enda frábært útsýni úr þeim yfir þessa fögru siglingaleið.	Við val á staðsetningu eldissvæða var horft til þess að þau yrðu staðsett þannig að sem minnst rask yrði á siglingaleiðum inn og út fjörðinn. Eldiskvíarnar eru hannaðar til þess að taka á sig stóra öldu og alda sem myndast vegna siglinga ferjunnar Norrænu ætti ekki að skapa hættu. Fiskeldi Austfjarða hefur ekki gert kröfu um að siglingahraði Norrænu verði lækkaður. Starfsemin ætti ekki að raska áætlunartíma skipsins. Könnun Fiskeldis Austfjarða og erlendar kannanir sýna að erlendir ferðamenn telji ekki að fyrirhugað fiskeldi muni hafa neikvæð áhrif á upplifun þeirra. Fiskeldi og komur skipa með ferðamenn fara vel saman. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
180	Landvernd	Önnur áhrif sem hafa fengið meiri athygli eins og sjónmengun almennt af kvíastæðum að auki hljóð- og ljósmengun eru áhrifaþættir sem eru líkast til margt um stærri áhrifaþættir í Seyðisfirði en víðast hvar annars staðar. Það skýrist ekki síst af miklum landhalla beggja vegna fjarðarins. Kvíastæði verða meira áberandi þegar horft er nánast beint ofan í firði heldur en ef staðið er á jafnsléttu. Áhrif á landslag og ásynd þarf mun betri umfjöllun. Það er ljóst að ásynd og yfirbragð fjarðarins mun breytast við það að flákar af eldiskvíum verði settir á fjórar vikur. Aðstæður eru þannig að kvíarnar verða áberandi einkum úr nokkurri	Frummatsskýrsla byggir á samþykktri matsáætlun Skipulagsstofnunar. Hún fól ekki í sér að meta ætti áhrif hljóð- og ljósmengunar. Við eldið verður notuð ný gerð af fóðurprömmum. Um er að ræða tengiltvinnpramma, sem eru að mestum hluta rafknúnir en ganga fyrir jarðefnaeldsneyti í um fjórar klukkustundir á

		<p>hæð séð, m.a. frá vinsælum gönguleiðum. Vegir og slóðar liggja út með firðinum og sjónarhorn frá þeim að eldisvæðunum mun verða áberandi. Þar sem fjörðurinn er þröngur, fjalllendi bratt og undirlendi lítið verða sjónræn áhrif margföld. Stjórn Landverndar telur raunbest út frá öllum mælikvörðum að Seyðisfjörður verði hreinlega undanskilinn laxeldi. Í ljósi þess hve um margháttaða óvissu er að ræða má álykta að núllkostur muni því hafa bæði jákvæðari umhverfisáhrif sem efnahagsleg. Með laxeldisáformum er því stefnt að því að taka minni hagsmuni fyrir meiri.</p>	<p>sólarhring. Hljóðmengun frá prömmunum verður því lítil sem engin.</p> <p>Ljósabúnaður á kvíum verður neðansjávar og eingöngu notaður á myrkasta tíma ársins. Áhrif ljósanna verða staðbundin og ljósmengun lítil.</p> <p>Áréttað er að afmörkun eldissvæða er aðeins stjórnsýsluleg, en hefur ekki raunverulega ásynd. Hins vegar hafa kvíar ásynd, en þær munu einungis þekja 1,5% af heildarflatarmáli fjarðarins hverju sinni.</p> <p>Athugasemd um áhrif framkvæmdarinnar á landslag og ásynd er villandi. Út frá umfjöllun má ætla að kvíar verði á öllum svæðum samtímis, sem er rangt. Eldiskvíar verða á tveim eldisvæðum í einu og engar á því svæði sem er í hvíld. Meðan á hvíld stendur verða sjónræn áhrif og áhrif á ásynd lítil sem engin í nágrenni eldissvæðisins. Þá er áréttað að nú er gert ráð fyrir þremur eldisvæðum í stað fjögurra, samkvæmt frummatsskýrslu, en horfið verður frá svæðinu við Háubakka.</p> <p>Við mat sjónrænna áhrifa þá verður að hafa í huga að við fjörðinn stendur þéttbýli og skipaumferð er nokkur. Er því ekki um að ræða eyðifjörð heldur fjörð með iðandi mannlífi og má ætla að þau litlu áhrif sem verða af fiskeldi hverfi inni umhverfið.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
181	Íslenski náttúruverndarsjóðurinn (IWF)	<p>Sjókvíaeldiskvíar eru sjónrænt lýti í landslagi hvar sem þær er að finna. Þar fyrir utan vantar í þennan kafla frummatsskýrslunnar að á eldissvæðunum verða líka staðsettir fóðurprammar með starfsmannaaðstöðu sem munu skera sig verulega úr landslagi. Prammarinn munu rísa upp úr haffletinum og vera flóðlýstir í myrkri. Þessu til viðbótar fylgir óhjákvæmilega verulega mikil umferð þjónustubáta svo umfangsmikillar starfsemi sem eldi á 10.000 tonnum af laxi í sjókvíum er. Tveir þjónustubátar verða í föstum siglingum í firðinum, brunnbátar munu flytja seiði í kvíar og sækja lax til slátrunar og erlend gúanótanskip koma til</p>	<p>Á eldissvæði verða eldiskvíar og fóðurprammi tengdur þeim. Pramminn er hluti af kvísamstæðunni og eru sjónræn áhrif hans ekki meiri en af öðrum mannvirkjum eldisins. Pramminn er lýstur upp með hefðbundnum útiljósum, en ekki með flóðljósum eins og haldið er fram, auk þess sem hefðbundin siglingaljós eru á pramma. Áhrif pramma og kvía er metin sem ein heild í frummatsskýrslu. Sjónræn áhrif er metin afturkræf.</p>

		<p>að sækja meltu og dauðan fisk úr sjókvíunum. Allt mun þetta hafa mjög neikvæð sjónræn áhrif og trufla kyrrð fjarðarins.</p>	<p>Því er haldið fram að Fiskeldi Austfjarða muni nota erlend gúanotanskip til að sækja dauðan fisk og meltu frá sjókvíum. Það er rangt, en skýrt kemur fram í kafla 3.6 í frummatsskýrslu að dauðfiskur er kvarnaður og lagður í maurusýru. Við það verður til melta sem Lýsi hf. kaupir. Slóg er selt til Artic Protein sem vinnur mjöl úr slóginu og er notað til próteingerðar.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
182	<p>Celia Lobsang Harrison, Damian Rafal-Luczak, Dušan Merčák, Jonatan Spejlborg Juelsbo, Julia Martin, Justyna Materna, Laura Tack, Linus Lohmann, Maria Pilecka, Martin Fabry</p>	<p>Proposed are 24 pens that are fastened into large frame mounts, that will be very visually prominent everywhere in the fjord, and not only where the slopes are very steep, as indicated in the initial assessment report. In my opinion, the effects of the pens on the landscape are not only considerably negative but very negative. I do not agree with the report's statement that the installation and operation of the planned extensive salmon farming only causes "insignificant visual pollution" but rather a very significant one.</p>	<p>The Environmental Impact Assessment follows the National Planning Agency's guidelines on the weight of impact (vægi áhrifa). The conclusion of initial EIA report (frummatsskýrsla) is that the impact on the landscape and visual aspect will be considerably negative (talsvert neikvæð). Weighted rating for more negative effects is significantly negative (verulega neikvæð). What significant negative impact need to comply with is e.g., that the impact occurs in a large area, they are usually permanent and usually irreversible (óafturkræf). It is the opinion of Fiskeldi Austfjarða that the farming will have considerably negative impacts (talsvert neikvæð áhrif), which will last temporarily and be reversible. Between aquaculture cycles all farming equipments will be removed, i.e. during the resting period of an aquaculture area (eldissvæði).</p> <p>Attention should be drawn to the fact that the planned farming site at Háubakki has been withdrawn. Other farming sites will not be visible from the Seyðisfjörður town. This will reduce the visual impact by the project.</p> <p><i>The comment does not lead to a substantive change in the EIA final report (matsskýrsla).</i></p>

183	Celia Lobsang Harrison, Damian Rafal- Luczak, Dušan Merčák, Jonatan Spejlborg Juelsbo, Julia Martin, Justyna Materna, Laura Tack, Linus Lohmann, Maria Pilecka, Martin Fabry	I want to point out that the initial assessment report contains misleading presentation regarding the location and extent of the area of the fjord that the salmon farms are proposed to cover. The area in which the pens are planned is much shorter than the 17.5 km that are mentioned in the report. The fjord is much narrower than 1.7 km where the salmon farm is mainly planned and this makes a big difference. The statement in the initial assessment report that the pens would cover around 7% of the fjord is therefore at best misleading and misrepresents the effect that the pens would have on the surface of the fjord.	Information in the initial assessment report on the size and area of Seyðisfjörður is according to the MRI's (Hafrannsóknastofnun) report on the carrying capacity of the fjord.  The estimated area cover (7%) of the farming areas (eldissvæði) is based on these figures. Therefore, it cannot be accepted that the statement is misleading. The demarcation of farming areas is only an administrative boundary but not actual. However, the pens will only cover around 1.5% of the fjord.  <i>The comment does not lead to a substantive change in the EIA final report (matsskýrsla).</i>
<b>Kafli</b>	6.11	<b>Efnisatriði:</b>	Ferðamennska og útivist
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
184	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur	Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókvíaeldi því hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti. Umbj. okkar vekur athygli á því að þessi neikvæðu áhrif eru til þess fallin að spilla góðri ímynd og möguleikum til þess að hafa tekjur af ferðaþjónustu og atvinnu sem tengist því. Í því sambandi er bent á, að ólíku er saman að jafna, stöðunni í dag, þar sem ekkert fiskeldi er stundað í Seyðisfirði og hið gríðarlega og umfangsmikla sjókvíaeldi sem fyrirhugað er og frummatsskýrsla tekur til.	Reynslan frá Noregi af sjókvíaeldi hefur sýnt að ferðamanna sækja í að skoða firði þar sem eldi fer fram og ekki hefur dregið úr siglingum skemmtiferðaskipa.  Ferðaþjónusta og fiskeldi getur vel farið saman. Þetta kemur skýrt fram í könnun Fiskeldis Austfjarða frá 2019. Þar kemur fram að 96% voru jákvæði gagnvart fiskeldi á Austfjörðum. Mikill meirihluti taldi að fiskeldi muni ekki hafa neikvæð áhrif á strandlengju Austfjarða eða skoðun þeirra á svæðinu. Einnig töldu 75% aðspurðra að fiskeldi hafi ekki áhrif á sjónræna upplifun þeirra. Sjónræn áhrif eru að fullu afturkræf.  Hverjir möguleikar eru á uppbyggingu ferðaþjónustu í Seyðisfirði í miklum mæli skal ósagt látið en á árinu 2019 dró mjög úr komu ferðamanna til landsins <sup>101</sup> og áhuga að sækja heim staði fjærst SV-horni landsins. <sup>102</sup>

<sup>101</sup> Sótt þann 17.5.2021 á vef Hagstofu Íslands: [https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir\\_\\_ferdathjonusta\\_\\_farthegar/SAM02000.px](https://px.hagstofa.is/pxis/pxweb/is/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__ferdathjonusta__farthegar/SAM02000.px).

<sup>102</sup> Sótt þann 17.5.2021 á Mælaborð ferðaþjónustunnar: [maelabordferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/tilgangur-og-dreifing](http://maelabordferdathjonustunnar.is/is/ferdamenn-a-islandi/tilgangur-og-dreifing).

			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
185	Gunnar Gunnarsson	<p>Í kaflanum um ferðapjónustu er skautað framhjá mjög veigamiklu atriði er kemur að ferðapjónustu á Seyðisfirði en það er móttaka skemmtiferðaskipa. Samkvæmt mælaborði ferðapjónustunnar komu 118.403 farþegar með skemmtiferðaskipum til Seyðisfjarðar á árunum 2014 til 2020. Árið 2019 komu skemmtiferðaskip alls 68 sinnum til Seyðisfjarðar. Til samanburðar kemur Eskifjörður næst á eftir Seyðisfirði í fjölda farþega með skemmtiferðaskipum en þangað komu 24.163 farþegar á þessu sama tímabili. Árið 2019 komu skemmtiferðaskip aðeins 11 sinnum til Eskifjarðar sem þó var þeirra stærsta ár í þessum bransa. Af þessu má sjá að sérstaða Seyðisfjarðar er töluverð þegar kemur að ferðapjónustu og mjög undarlegt að það sé ekki tekið sérstaklega tillit til þess í frummatsskýrslunni. Þar að auki er Seyðisfjörður töluvert mjórri heldur en Reyðarfjörður og því þurfa skemmtiferðaskip að sigla mun nær eldiskvíunum heldur en þegar siglt er inn í Eskifjörð og sjónræn áhrif þeirra því mun meiri.</p> <p>Ferðamenn sem koma með skemmtiferðaskipum eru á margan hátt öðruvísi markhópur heldur en þeir ferðamenn sem koma á annan hátt inn í fjórðunginn og því er erfitt að yfiræra þeirra upplifun yfir á almennar upplifunarkannanir sem lagðar eru fyrir ferðamenn almennt. Þessir ferðamenn fara ýmist í rútuferðir á markverða staði til að skoða þá eða nýta stoppið til að skoða bæinn og njóta þess sem hann hefur upp á að bjóða. Oft er farið með þessa ferðamenn út í Skálanes við utan verðan Seyðisfjörð og á því ferðalagi myndu eldiskvíarnar blasa við. Á Skálanesi hefur verið byggð upp ferðapjónusta sem byggir ekki síst á upplifun í lítið snortinni náttúru og hætt er við því að sjókvíaeldi hefði töluverð áhrif á þá upplifun. Það er því fyrirséð að eldiskvíarnar muni hafa veruleg áhrif á ásýnd og ímynd fjarðarins og gætu verið óafturkræf.</p> <p>Í ljósi þessa er undarlegt að það hafi ekki verið leitað eftir áliti útgerða skemmtiferðaskipa við gerð frummatsskýrslunnar og afstaða farþega á skemmtiferðaskipum könnuð sérstaklega. Ef laxeldi í Seyðisfirði gerir það að verkum að skemmtiferðaskip afboða komur sínar til Seyðisfjarðar þá er það mikið reiðarslag fyrir höfnina, sem hefur verulegar tekjur af skipakomunum, og ekki síður fyrir þá aðila á Seyðisfirði sem eru að þjónusta þessa ferðamenn, eins</p>	<p>Eldissvæði eru skipulögð þannig að þau liggja fyrir utan aðalsiglingaleiðir inn og út fjörðinn. Fiskeldi Austfjarða bendir á að í Noregi hefur byggst upp mikið eldi í norskum fjörðunum, en þeir þykja með þeim fallegri í heimi. Á sama tíma sigla skip með ferðamenn um þessa firði og ekki er vitað til þess að fiskeldi þar í landi sé í einhverjum átökum við þann iðnað. Þar af leiðandi getur Fiskeldi Austfjarða ekki fallist á þau rök sem vitnað er til í athugasemd um að útgerðir skemmtiferðaskipa muni afboða komur skipa. Skemmtiferðaskip koma t.d. við í öðrum fjörðum hér við land þar sem nú þegar er stundað fiskeldi. Það má ekki gefa sér að áhrif fiskeldis séu endilega neikvæð, heldur frekar hið gagnstæða.</p> <p>Varðandi Skálanes þá er fyrirhugað eldissvæði í Skálanesbót ekki staðsett alveg við land og liggur það austanmegin í bótinni. Jörðin Skálanes liggur vestanmegin og þess vegna er það ekki alveg upp við bæinn Skálanes. Eldið ætti ekki að verða til þess að upplifun af ósnortinni náttúru minnki. Einnig er bent á að ekki er samfelld eldi á fyrirhuguð eldissvæði því gert er ráð fyrir að eldissvæði sé hvílt að lokinni slátrun.</p> <p>Hvað varðar þá ferðamenn sem tóku þátt í viðhorfskönnuninni sem Fiskeldi Austfjarða lét vinna fyrir sig sumarið 2019 þá er ekki ólíklegt að einhverjir þátttakendur hafi verið ferðamenn af skemmtiferðaskipum.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>



		og t.d. veitingastaðir, handverksmarkaður og þeir sem eru að bjóða upp á leiðsögn um bæinn og næsta nágrenni.	
186	Landvernd	Sjónræn áhrif opinna laxeldiskvía mun án vafa trufla ásýnd fjarðarins séð frá þeim skemmtiferðaskipum sem fara um Seyðisfjörð verði af áformunum. Þá má í þessu sambandi benda á aukna sýkingarhættu vegna skipaumferðar erlendis frá vegna nálægðar áformaðs eldis við siglingarleiðir í Seyðisfirði. Fjölmarginn annað er jafnhliða hægt að nefna til er varðar ferðaþjónustu á Seyðisfirði; fjölbreytt verzlun og þjónusta, gönguleiðir og margvísleg uppbygging sem hefur átt sér stað með sjálfbærum hætti. Þá er vinsælt að koma til Seyðisfjarðar í norðurljósaskoðun - en ljóst er að ljósmengun frá sjókvíum getur spilt þeirri upplifun. Þá er nokkuð um kayakróður í firðinum og skemmtisiglingar aðrar svo sem erlendar seglskútur sem sækja Seyðisfjörð heim fyrir þá einstæðu náttúru sem fjörðurinn hefur upp á að bjóða.	Reynslan frá Noregi að sjókvíaeldi hefur sýnt að ferðamenn sækja í að skoða norsku firðina þar sem eldi er starfrækt og ekki hefur dregið úr siglingum skemmtiferðaskipa. Erlend skipaumferð býður allaf upp á sýkingarhættu eða framandi lífverur geti borist á standsvæði hér við land. Það kemur fiskeldi lítið við. Ferðaþjónusta og fiskeldi getur vel farið saman. Ekki þarf að hafa áhyggjur af því að ljósmengun frá kvíum spilli upplifun af norðurljósaskoðun, þar sem umrædd ljós eru neðansjávar og ljós ofansjávar eru venjuleg siglingarljós. Allur búnaður er staðsettur út á sjó í firðinum en ekki á landi. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
187	Náttúruverndarsamtök Austurlands (NAUST)	Almennt skortir verulega á umfjöllun í skýrslunni um margvísleg umhverfisáhrif. Stjórn NAUST hlýtur að vekja máls á að umfjöllun um náttúruvernd almennt er verulega ábótavant í skýrslunni. Áhrif á náttúrutengda ferðaþjónustu sbr. gönguleiðir, siglingar o.s.frv. er sömuleiðis verulega ábótavant.	Fiskeldi Austfjarða hafnar því að umfjöllun um náttúruvernd er ábótavant, heldur verður að horfa á þessum umfjöllun í breiðu samhengi og einnig í tengslum við umfjöllun um staka umhverfisþætti. Mat á umhverfisáhrifum snýst um að meta fyrirhuguð áhrif framkvæmdar á umhverfið, bæði sem heild og einstaka þætti hennar. Með þessu er tekið tillit umhverfis og náttúruverndar. Auk þess er t.d. fjallað um náttúruvernd og náttúruverndarsjónarmið í kafla 6.5.4. Á mörgum öðrum stöðum í umfjöllun er fjallað óbeint um þessa þætti. Fjallað er um áhrif á ferðaþjónustu á breiðum grunni, en ekki horft á ólíka undirgreina hennar, enda gildir um þær allt það sama. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

188	Pétur Kristjánsson	Eftirfarandi könnun var birt í frummatsskýrslunni og gott væri að fá svar við spurningunni um hvers vegna hlutlausir voru látnir vera í sama dálki og fylgjandi laxeldi við strendur Íslands, en ekki í sama dálki og neikvæðir. Þetta er sérstakt vegna þess að annarstaðar í töflunni kemur fram að neikvæðir/mjög neikvæðir eru 28% og fylgjandi/mjög fylgjandi sömuleiðis 28%. Hver er skýringin á þessu?	Könnunin var unnin af fagaðila sem ákvað framsetningu hennar. Burtséð frá framsetningu þá sýnir skýrslan vel hvert viðhorf er til fiskeldis, sem er tilgangur hennar. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
189	Svandís Egilsdóttir	Ferðaþjónustuaðilar telja þessa starfsemi ekki fara saman við þá starfssemi og markaðssetningu á firðinum sem hreinan og náttúruvænan áfangastað ferðamanna. Hér ber að nefna að fiskeldi er skilgreint sem mengandi iðnaður og það breytist ekki með organic vottun, þó svo að mögulega sé það til bóta. Óafturkræfur skaði getur orðið á þeim innviðum sem heimamenn hafa verið að byggja upp í áratugi og ferðaþjónustu á svæðinu, ekki er vitað um skaða á lífríki sjávar og náttúruspjöll. Þetta mat og sýn Seyðfirðinga hefur komið fram í skýrslu frá Byggðastofnun 2017, ekki er minnst á þá skýrslu eða niðurstöður hennar í frummatsskýrslu Fiskeldis Austfjarða. Skýrslan verður að teljast löggilt gagn sem mark er á takandi. <a href="https://www.byggdastofnun.is/static/files/Fiskeldi/byggdaleg_ahrif_fiskeldis.pdf">https://www.byggdastofnun.is/static/files/Fiskeldi/byggdaleg_ahrif_fiskeldis.pdf</a>	Hér er væntanlega vísað í eftirfarandi í skýrslu Byggðastofnunar frá árinu 2017 um byggðaleg áhrif fiskeldis, bls. 12: <i>Ekki hefur farið fram formlegt mat hjá Seyðisfjarðarkaupstað á áhrifum fiskeldis á aðra starfsemi. Fiskeldi hefur tæplega áhrif á fiskveiðar og flutningar gætu aukist talsvert. Ferðaþjónustuaðilar hafa nokkrar áhyggjur einkum út af mengun og ásynd sem fylgja muni fiskeldi.</i> Fiskeldi er sú próteinframleiðsla sem hefur hvað lægst kolefnisspor <sup>103</sup> og það ætti að auka veg Seyðfirðinga að sýna að þar er stunduð ábyrg matvælaframleiðsla. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
190	Ungir umhverfissinnar	Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru í stórum rammafestingum. Allar líkur eru á að áhrif á landslag verði neikvæð ef horft er til staðháttá, sjónmengunar og umfangs þess. Áhrif sjónmengunar er neikvæð og mikil og við viljum hvetja til frekari uppbyggingar fyrir náttúruskoðun og ferðamennsku í firðinum, en enginn vafi leikur á að sjókvíaeldið gengur í berhögð við ímynd svæðisins. Seyðisfjörður er náttúruperla sem státar af ótal útivistarsvæðum og upplifun ferðamanna á firðinum er mjög mikilvæg, bæði íslenskra og erlendra. Seyðisfjörður er ein megin menningarperla Austurlands og er mikilvægt að viðhalda staðnum sem slíkum og byggja frekar atvinnu á því heldur en að beita tímabundnum lausnum.	Í athugasemd er ekki vikið að niðurstöðu umhverfismats. Hins vegar er hér lýst viðhorfi um æskilega uppbyggingu atvinnu á Seyðisfirði. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>

<sup>103</sup> Stefán Gíslason og Birna Sigrún Hallsdóttir (2018). Kolefnisspor í slensks laxeldis og aðgerðir til að minnka það. Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice)

191	Alda Sigmundsdóttir, Arna Viktoría Kristjánsdóttir, Ásta Júlía Theodórsdóttir, Disa Anderiman, Ásdís Kalman, Hrafnhildur Hólmeirsdóttir	Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru í stórum rammafestingum. Allar líkur eru á að áhrif á landslag verði því ekki talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð ef horft er til staðhátta, sjónmengunar og umfangs þess.	<p>Í umhverfismatinu er fylgt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um vægi áhrifa. Niðurstaða frummatsskýrslu er að áhrif á landslag og ásynnd verði talsvert neikvæð. Vægiseinkun fyrir enn neikvæðari áhrif eru verulega neikvæð. Það sem verulega neikvæð áhrif þurfa að uppfylla er m.a. að áhrifin komi fram á umfangsmiklu svæði, þau oftast varanleg og yfirleitt óafturkræf. Það er mat Fiskeldis Austfjarða að áhrif eldisins verði afturkræf.</p> <p>Um er að ræða tímabundin talsvert neikvæð áhrif, sem eru afturkræf. Búnaður verður fjarlægður á milli eldislota, þ.e. þegar eldissvæði er hvílt. Einnig er bent á að fyrirhugað eldissvæði við Háubakka hefur verið dregið til baka. Með því minnkar sjónræn áhrif frá þéttbýlinu í Seyðisfirði og munu önnur eldissvæði ekki sjást frá þéttbýlinu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
192	Björn Arnar Hauksson	Landslagið eyðilaggt. Um er að ræða 24 sjókvíar sem eru í stórum rammafestingum. Allar líkur eru á að áhrif á landslag verði því ekki talsvert neikvæð heldur mjög neikvæð ef horft er til staðhátta, sjónmengunar og umfangs þess.	<p>Í umhverfismatinu er fylgt leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um vægi áhrifa. Niðurstaða frummatsskýrslu er að áhrif á landslag og ásynnd verði talsvert neikvæð. Vægiseinkun fyrir enn neikvæðari áhrif eru verulega neikvæð. Það sem verulega neikvæð áhrif þurfa að uppfylla er m.a. að áhrifin komi fram á umfangsmiklu svæði, þau oftast varanleg og yfirleitt óafturkræf. Það er mat Fiskeldis Austfjarða að áhrif eldisins verði afturkræf.</p> <p>Um er að ræða tímabundin talsvert neikvæð áhrif, sem eru afturkræf. Búnaður verður fjarlægður á milli eldislota, þ.e. þegar eldissvæði er hvílt. Einnig er bent á að fyrirhugað eldissvæði við Háubakka hefur verið dregið til baka. Með því minnkar sjónræn áhrif frá þéttbýlinu í Seyðisfirði og munu önnur eldissvæði ekki sjást frá kaптúninu.</p>

			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
193	Skálanesbjarg ehf og Skálanessetur ehf	Kaflinn um ferðaþjónustu mjög rýr, ekkert talað um skemmtiferðaskipakomur eða í raun ferðaþjónustuna sjálfa á Seyðisfirði - bara á Austurlandi mjög almennt og oft út frá gömlum gögnum. Valið er úr þar það sem þeim hentar en sleppa öðru. Þá er mjög undarlegt að "þjónusta við Norrænu" sé tilgreind sem stoðin í seyðfirsku atvinnulífi. Hvaða faglega úttekt liggur að baki svona fullyrðingum? Gerð er athugasemd við sjónræn áhrif af kvíunum þar sem Seyðisfjörður er afar vinsæll ferðamannastaður m.a. sækja 60-80 skemmtiferðaskip samfélagið árlega. Hefur einhver athugun eða vísun í ritrýndar rannsóknar vísindamanna á upplifun ferðamanna af slíkum eða líkum mannvirkjum hér á landi og eða erlendis verið nýtt til hliðsjónar við gerða frummatsskýrslu eigin fyrirtækis á eigin starfsemi og mögulegum neikvæðum áhrifum á viðkomu annarra en sjálfs síns?	Könnun Fiskeldis Austfjarða og erlendar kannanir benda til þess að ekki sé líklegt að fyrirhugað eldi muni hafa neikvæð áhrif á upplifun ferðamanna. Í kafla 6.11 er vitnað í erlendar ritrýndar rannsóknir hér á landi og erlendis þar sem skoðað er hver viðhorf ferðamanna til fiskeldis eru. Sjónræn áhrif virðast ekki vera eitt af helstu áhyggjuefnunum. <sup>104</sup>  Fiskeldi og komur skipa með ferðamenn fara vel saman. Reynolds frá Noregi er er að ferðamenn sækja í að skoða norsku firðina þar sem eldi er starfrækt og ekki hefur dregið úr siglingum skemmtiferðaskipa. Skemmtiferðaskip koma t.d. við í öðrum fjörðum hér við land þar sem nú þegar er stundað fiskeldi. Það má ekki gefa sér að áhrif fiskeldis séu endilega neikvæð, heldur geta áhrifin mögulega verið hið gagnstæða. Eldið sem slíkt mun ekki leiða til þess að skip með ferðamenn hætti að sigla inn fjörðinn, t.d. Norræna. Að lokum er áréttað að í frummatsskýrslu kemur fram að Norræna sé ein stoðin í atvinnulífi á Seyðisfirði og um það fjallað í skýrslu Byggðastofnunar frá 2012. <sup>105</sup>  <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	6.12		<b>Efnisatriði:</b> Nýting
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>

<sup>104</sup> Anon, 2014c ; Nimmo, o.fl., 2011; Ramos o.fl., 2015

<sup>105</sup> Byggðastofnun, 2012

194	Friðbjörn E. Garðarsson f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur	<p>Umbj. okkar má reikna með því að geta nýtt eignarland sitt 115 metra út frá stórstraumsfjörumáli. Augljóst er að áform FA myndu hindra það skv. því sem að framan greinir, enda myndi eldið girða fyrir t.d. veiði, nýtingu reka og ræktun kræklinga eins og t.d. Brimberg ehf. hefur heimildir til að stunda í firðinum. Einnig er á það bent, að í firðinum og í grennd við sum kvíaeldissvæðin fyrir að fara uppeldisstöðvum ýsu, einkum í Selstaðavík. Þá heldur mikill fjöldi æðarfugls sig í firðinum yfir vetrarmánuðina, einkum í Skálanesbót og Selstaðavík. Jafnframt ber að geta þess að á sömu stöðum eru hrygningar- og uppeldisstöðvar grásleppu.</p>	<p>Allar kvíar og eldissvæði verða staðsett utan við 115 m netlög og munu ekki skerða eignarétt eða yfirráðarétt landeigenda. Áður hefur verið fjallað um réttindi eigenda sjávarjarða í netlögum og taka þau ekki til veiða á fiski eða nýtingar á skelfiski, sjá svar nr. 56 við athugasemd Friðbjörns E. Garðarssonar f.h. Eyjólf Þórs Kristjánssonar og Gíslínu Hrefnu Magnúsdóttur.</p> <p>Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun rann umrætt rekstrarleyfi Brimbergs (IS-36068) út þann 28. janúar 2021. Ekki var sótt um endurnýjun á því, auk þess sem engin ræktun hafði farið fram á umræddum staðsetningum sem tilgreindar voru í leyfinu á undanförunum árum. Því er ekki hægt að halda því fram að kræklingaeldi sé enn stundað í firðinum.</p> <p>Eins og fram kemur í kafla 6.12 hefur ekki verið gerð kortlagning á nytjastofnun Seyðisfjarðar og erfitt að meta áhrif á einstaka tegundir. Erfitt er að alhæfa að einstök svæði innan fjarðar séu uppeldisstöðvar fyrir stakar tegundir, þar sem t.d. ýsa og grásleppa lifa allt í kringum landið. Umfjöllun í frummatsskýrslu byggist á að meta heildstætt umhverfisáhrif framkvæmdar á nytjastofna fiska og veiðar á þeim í firðinum.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
195	Sigurður Filippusson	<p>Í fjórða lagi, það er algengt að síld gangi hér inn fjörðinn í miklu magni, má þar nefna níunda áratug síðustu aldar. Einnig hefur makrill gengið hér inn fjörðinn í seinni tíð og vaðið hér inn fjörðinn vítt og breitt. Hér í firðinum tel ég að sé hægt að finna flestar fisktegundir sem eru við Íslands stendur. Sjöbleikja er hér, sem við og fleiri höfum veitt til eigin nota í net. Einnig fengum við einn lax í sumar og var það eldislax. Lífríki Seyðisfjarðar tel ég nánast órannsakað til að hægt sé að gefa leyfi fyrir 10.000 tonna laxeldi.</p>	<p>Samkvæmt upplýsingum Fiskeldis Austfjarða sótti síld inn á firði á Austfjörðum í talsverðu magni á 9. áratug 20. aldar. Síðan þá hefur ekki orðið vart við hana í miklu magni. Burðarþol hafsvæðis með tilliti til fiskeldis miðast við að slík starfsemi hafi ekki óæskileg áhrif á lífríki svæðisins. Því er ólíklegt að eldið hafi neikvæð áhrif á fiskgöngur í Seyðisfirði.</p> <p>Fyrirhuguð starfsemi á ekki að skerða veiðar frá því sem nú er, en þó skal bent á að samkvæmt 35. gr.</p>

			reglugerða nr. 540/2020 um fiskeldi má ekki veiða nær jaðar sjókvíaeldisstöðvar en 150 metra. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	6.13		<b>Efnisatriði:</b> Samlegðaráhrif
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
196	Ólafur Hr. Sigurðsson	[Vitnað er í samantekt þar sem segir: Umhverfisáhrif á framangreinda þætti eru metin auk þess sem lagt er mat á samlegðaráhrif fyrirhugaðs sjókvíaeldis Fiskeldis Austfjarða og óskyldra rekstraraðila.] Þessum hluta er ekki gerð nægilega vel skil og nokkuð óljóst hver verður hagur annara aðila af þessum framkvæmdum. Þessu þyrfti að gera gleggri skil strax á þessum stað í skýrslunni en upplýsingar týnast inn síðar í henni.	Umfjöllun um samlegðaráhrif eldis Fiskeldis Austfjarða og annarra eldisaðila á svæðinu er byggð á samþykktari matsáætlun. Skýrt kemur fram í frummatsskýrslu að Laxar fiskeldi ehf. er eini rekstraraðilinn sem einnig stundar eldi í sjókvíum við Austurland. Ekki er þekkt að aðrir aðilar hafi áform um sjókvíaeldi á svæðinu. Þar af leiðandi er umfjöllun um samlegðaráhrif fiskeldis við Austfirði byggð á áformum framangreindra fyrirtækja. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
197	Svandís Egilsdóttir	Gerð er alvarleg athugasemd við það að rannsóknarstaða á fiskeldi í firðinum er veik almennt, en tækifæri til rannsókna er fyrir hendi og eru þau tækifæri skv. skýrslunni ónýtt að því að virðist. Ekki hefur í frummatsskýrslunni verið haft samband/haft samstarf við þá sem áður stóðu að fiskeldi í firðinum, skv. mínum heimildum. Fyrirtækinu hefði verið í lófa lagið að kanna áhrif þeirra fiskeldiskvía sem voru upp settar á árum áður í firðinum til að kanna betur áhrif slíks eldis í firðinum í þeim aðstæðum sem hér ríkja. Ég geri alvarlega athugasemd við að Seyðisfjörður verði gerður að tilraunastofu fyrir laxeldisíðnaðinn og áhrif á náttúruna könnuð eftir á þegar hægt er að rannsaka betur fyrirfram.	Á undanförunum árum hafa orðið miklar breytingar í fiskeldi og ekki er hægt að leggja að jöfnu stöðuna fyrir og nú. Markmið rannsókna á vegum Fiskeldis Austfjarða er að leggja grunn að eldi fyrirtækisins. Ekki stóð til að ræða eldi sem stundað var fyrir á árum í firðinum, enda frumstætt miðað við nútíma fiskeldi í sjókvíum. Rannsóknir sem gerðar hafa verið byggja á samþykktari matsáætlun og eru þær ítarlegar. Af þessum sökum er erfitt að sjá hvaða önnur tækifæri eru til staðar til rannsókna. Öll þau atriði sem hægt er að rannsaka fyrirfram og lög bjóða, eru rannsökuð fyrirfram. Benda má á að fjallað er um eldri rannsóknir í frummatsskýrslu. Ekki er verið að gera Seyðisfjörð að sérstakri tilraunstofu fyrir fiskeldi í sjó hér við land þar sem nú

			þegar er stundað eldi í öðrum fjörðum á svæðinu og víðar. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	7		<b>Efnisatriði:</b> Samráð
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
198	Gunnar Gunnarsson	<p>Árið 2001 tók Árórsarsamningurinn svokallaði gildi. Árið 2011 samþykkti svo Alþingi að heimila ríkisstjórninni að samþykkja samninginn. Tilgangur samningsins er m.a. að tryggja rétt almennings til aðgangs að upplýsingum um umhverfismál.</p> <p>Í leiðbeiningum um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda stendur um matsáætlun:</p> <p>„Framkvæmdaraðili kynnir matsáætlun þannig að almenningur, umsagnaraðilar og skipulagsstofnun geti sem fyrst komið með ábendingar um hvað beri að leggja mesta áherslu á við mat á umhverfisáhrifum og hvaða upplýsinga þurfi að afla svo unnt verði að segja nægjanlega til um væntanleg umhverfisáhrif framkvæmdar.“</p> <p>Fiskeldi Austfjarða kynnti þessa matsáætlun fyrir almenningi á þann hátt að sett var frekar lítil og lítt áberandi auglýsing í Fréttablaðið sem er ekki í mikilli dreifingu á landsbyggðinni. Auglýsingin var birt tvisvar í janúar og febrúar 2017 og náði ekki betur til íbúa Seyðisfjarðar en svo að þegar fara átti að kynna frummatsskýrsluna komu bæjarbúar af fjöllum að þetta verkefni væri yfir höfuð í gangi.</p> <p>Talsmaður Fiskeldis Austfjarða bar fyrir sig að þetta væri gert svona samkvæmt hefð en það getur ekki verið í anda Árórsarsamningsins að kynningin sé höfð með þeim hætti að almenningur verður hennar ekki var. Almennur og ekki síst íbúar á Seyðisfirði, sem verða fyrir hvað mestum áhrifum að fyrirhuguð laxeldi, eiga rétt á því að fá greinargóðar kynningar á framkvæmdinni út allt ferlið en ekki bara á lokametrunum eins og raunin er með þetta verkefni.</p>	<p>Varðandi umfjöllun um málsmeðferð og Árórsarsamningin er vísað til svars nr. 6 við athugasemd Óttars Yngvasona.</p> <p>Skilyrðum laga um mat á umhverfisáhrifum um kynningu framkvæmdarinnar var uppfyllt. Fiskeldi Austfjarða auglýsti tillögu að matsáætlun (drög) tvisvar í Fréttablaðinu, í janúar og febrúar 2016. Þar með var almenningi og öðrum gefin kostur á að senda inn athugasemdir. Byggist þetta á 8. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sem segir að "Framkvæmdaraðili skal kynna tillögu að matsáætlun umsagnaraðilum og almenningi og hafa samráð við Skipulagsstofnun". Þetta var gert og var fresturinn tvær vikur. Á þessum tíma gat hvaða aðili sem er sent inn athugasemdir, en engin barst.</p> <p>Haustið 2016 auglýsti Skipulagsstofnun tillögu Fiskeldis Austfjarða að matsáætlun. Á þeim tíma gafst á ný tækifæri fyrir almenning, hagsmunasamtök og löggilta umsagnaraðila að skila inn umsögnum eða athugasemdum. Örfáir aðilar sendu inn athugasemdir. Benda má á að tillaga að matsáætlun var send Seyðisfjarðarkaupstað til umsagnar. Þáverandi sveitastjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar ákvað að gefa ekki formlega umsögn.</p> <p>Frummatsskýrsla var upprunalega til kynningar á tímabilinu 16. nóvember til 28. desember 2020, eða í sex vikur. Vegna hamfara á Seyðisfirði féllst</p>

			<p>Skipulagsstofnun á ósk Fiskeldis Austfjarða um að framlengja kynninguna til 26. janúar 2021. Allan kynningartímamann var frummatsskýrslan aðgengileg á skrifstofu Múlaþings í Seyðisfirði, á vef Skipulagsstofnunar og á sérstakri heimasíðu um efni frummatsskýrslunnar. Meðan á kynningu stóð var vefsíðan aðgengileg í gegnum auglýsingu á forsíðu vef Austurfrétta. Einnig var vakin athygli á vefsíðunni í frétt á Facebook-síðu Fiskeldis Austfjarða sem beint var til allra sem nota miðilinn á Austurlandi. Á vefsíðunni var m.a.:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>- Upptaka af kynningu á efni frummatsskýrslunnar</li> <li>- Samantekt á niðurstöðu umhverfismatsins varðandi þætti sem reynslan hefur sýnt að helst brenni á almenningi.</li> <li>- Gefinn kostur á að bera fram spurningar um framkvæmdina til Fiskeldis Austfjarða.</li> </ul> <p>Niðurstaða umhverfismatsins var kynnt íbúum á fundi þann 20. janúar 2021. Viðburðurinn var auglýstur á Austurlandi í gegnum Facebook Fiskeldis Austfjarða og með „gardínu“ á forsíðu vefritsins Austurfréttar. Vegna COVID og samkomutakmarkana stjórnvalda af því tilefni, var fundurinn haldinn með fjarfundabúnaði.</p> <p>Að halda því fram að íbúar Seyðisfjarðar hafi ekki fengið greinagóða kynningu á verkefninu í gegnum allt ferlið stenst ekki. Það er ekki við Fiskeldi Austfjarða að sakast að almenningur eða hagsmunasamtök nýti sér ekki að skila inn athugasemdum þegar þess gefst kostur á lögboðnum kynningartíma í matsferlinu.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
--	--	--	---



199	Landssamband veiðifélaga	Þessi meðferð málsins fer enn fremur í bága við Árórsamninginn sem Ísland fullgilti árið 2011, sbr. m.a. 6. gr. hans um þátttöku almennings í ákvörðunum um tiltekna starfsemi og 7. gr. hans um þátttöku almennings í ákvarðanatöku varðandi skipulag, áætlanir og stefnumótun í umhverfismálum.	<p>Varðandi umfjöllun um málsmeðferð og Árórsamningin er vísað til svars nr. 6 við athugasemd Öttars Yngvasona.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða hafnar því að málsmeðferð sé ekki í samræmi við ákvæði Árórsamningsins, sérstaklega ef horft er til 6. gr. samningsins sem kveður á um þátttöku almennings í ákvarðanatöku sem lýtur að einstökum framkvæmdum sem hafa áhrif á umhverfið og 7. gr. sem fjallar um þátttöku almennings í ákvörðunum varðandi áætlanir, verkefni og stefnumótun um umhverfismál.</p> <p>Það er hlutverk ríkisins að tryggja að ákvæði íslenskra laga og reglugerða séu í samræmi við áður nefndan samning. Það var gert með lögum nr. 131/2011 um breytingu á ýmsum lögum vegna fullgildingar Árórsamningsins. Einnig var sett á stofn Úrskudarnefnd umhverfis- og auðlindamála til að tryggja að sjálfstætt stjórnvald fjallaði um kærumál. Meðal laga sem var breytt voru lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Þau lög tryggja að komu almennings og annarra á ýmsum stigum umhverfismats ferlisins.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>
200	Landvernd	Landvernd treystir því að öllum athugasemdum íbúa og hagsmunaaðila sem fram koma við þessa frummatsskýrslu fá málefnalega umfjöllun og við þeim verði brugðist. Það má ekki verða svo að framlagning frummatsskýrslu við fiskeldi sé eingöngu til að fullnægja formsatriðum.	<p>Samkvæmt 25. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum skal framkvæmdaraðili gera grein fyrir fram komnum athugasemdum og umsögnum og taka afstöðu til þeirra í matsskýrslu og senda hana síðan til Skipulagsstofnunar til athugunar og álits. Athugun stofnunarinnar felur m.a. í sér að yfirfara svör framkvæmdaraðila við umsögnum og athugasemdum. Þetta fyrirkomulag ætti að tryggja að umfjöllunin um athugasemdir sé málefnaleg.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

201	Ólafur Hr. Sigurðsson	Hér er ferill umhverfismatsins ágætlega rekinn en rétt að áréttu það að kynning verkefnisins fyrir íbúum er eftir og hefði verið betra ef það hefði komið fyrr í ferlinu og best hefði verið ef það hefði verið gert 2016. Enn má bæta úr þessu og í kóvitlausri framtíð auðvelt í framkvæmd. Hér er ekki bara við framkvæmdaraðila að sakast heldur líka fyrri bæjarstjórnir að ekki sé talað um sérkennilegt og um margt óljóst lagaumhverfi.	Varðandi athugasemd um kynningar og samráð við íbúa er vísað í svar nr. 198 við athugasemd Gunnars Gunnarssonar. Fiskeldi Austfjarða getur ekki tekið afstöðu til gjörða fyrri bæjastjórna eða óljós lagaumhverfis. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
202	Undirskriftalisti 308 einstaklinga	1) Fullkomið samráðsleysi fyrirtækisins við bæjaryfirvöld, við íbúa og aðra hagsmunaaðila er málið varða.	Fiskeldi Austfjarða hafnar því að ekkert eða lítið samráð hafi verið haft. Framkvæmdin hefur verið auglýst nokkrum sinnum til kynningar í umhverfismatsferlinu. Sveitarfélagið var umsagnaraðili í ferlinu og oft var haft samráð og samband við fyrirsvarsmenn sveitarfélagsins. Að auki þá er fyrirhuguð framkvæmd í ferli til mats á umhverfiáhrifum og hefur verið farið að fullu eftir lögum og reglum sem um málaflokkinn gilda. Sjá einnig svar nr. 198 við athugasemd Gunnars Gunnarssonar. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
<b>Kafli</b>	8		<b>Efnisatriði:</b> Samráð, rannsóknir, loftslag, einkenni og vægi áhrifa
<b>Númer svars</b>	<b>Aðili</b>	<b>Athugasemd</b>	<b>Viðbrögð</b>
203	Gunnar Gunnarsson	Í samantekt matsskýrslunnar eru aðeins tveir umhverfispættir taldir verða fyrir talsvert jákvæðum áhrifum frá fiskeldinu. Það má færa rök fyrir því að ferðaþjónusta og útivist verði fyrir töluvert neikvæðum áhrif en ekki talsvert jákvæðum, eins og skýrslan vill meina, þegar tekið er tillit til sérstöðu Seyðisfjarðar hvað varðar skemmtiferðaskip enda mikið undir að sú starfsemi haldist óbreytt. Eftir stendur þá aðeins einn liður, samfélag og efnahagur, sem skýrslan metur sem talsvert jákvæðan. Auk þess má setja stór spurningarmerki við það hversu hlutlaust þetta mat er þegar það er hagsmunaaðilinn sjálfur sem gerir skýrsluna en fær ekki til þess hlutlausan aðila. Þannig má sjá að matsskýrslan reynir að gera sem minnst úr þættinum eðliseiginleikar sjávar og fer beinlínis með rangt mál hvað varðar hversu opinn eða lokaður fjörðurinn er. Skýrslan ber þess líka ýmis merki að	Fyrirhugað eldi mun ekki ógna siglinum skemmtiferðaskipa eins og fram kemur í svari nr. 150 við athugasemd Landverndar, sjá einnig kafla 5.1 í matsskýrslu. Fiskeldi Austfjarða fellst á að ekki sé rétt að tala um að Seyðisfjörður sé ekki að öllu leyti opinn fjörður. <i>Því hefur umfjöllun í kafla 2.3.1 í matsskýrslu verið uppfærð.</i> Í samræmi við 9. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er það skylda framkvæmdaraðila eða aðila á hans vegum að vinna frummatsskýrslu.

		vera endurvinnsla á eldri frummatsskýrslu fyrir sjókvíeldi í öðrum fjörðum Austfjarða, eins og t.d. þar sem það er talað um að byggð á Seyðisfirði byggist upp í norðanverðum firðinum þegar staðreyndin er sú að byggðin er fyrir botni fjarðarins og er þetta eini fjörðurinn á Austfjörðum þar sem byggðin er ekki við norðanverðan fjörðinn.	<i>Í matsskýrslu verður leiðrétt sú fullyrðing þar sem gefið er tilkynna að byggð sé í Seyðisfirði norðanverðum en ekki í botni fjarðarins.</i>
204	Landvernd	Almennt skortir verulega á umfjöllun um margvísleg önnur áhrif sbr. ásýnd og heildaryfirbragð fjarðarins og umhverfis. Umfjöllun um áhrif á hafnsækna starfsemi og ferðaþjónustu er ábótavant í skýrslunni. Þá telur stjórn Landverndar að umfjöllun um náttúruverndarsjónarmið sé einnig ábótavant.	<p>Fiskeldi Austfjarða hafnar að það skorti á umfjöllun um ásýnd og heildaryfirbragð. Einnig er hafnað að það skorti á umfjöllun um áhrif á ferðaþjónustu. Umfjöllun um þessi atriði er í samræmi við samþykktu matsáætlun, sem ekki gerir ráð fyrir að meta skuli áhrif á hafnsækna starfsemi. Fulltrúa Landverndar ætti að vera ljóst að mat á umhverfisáhrifum fylgir samþykktu matsáætlun. Í frummatsskýrslu er hins vegar fjallað um áhrif á fiskveiðar og nytjastofna, eins og samþykkt matsáætlun gerir ráð fyrir.</p> <p>Umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum í frummatsskýrslu byggir mikið til á náttúruverndarsjónarmiðum, t.d. áhættumati erfðablöndunar og mati á burðarþoli Seyðisfjarðar o.s.frv. Þar af leiðandi getur Fiskeldi Austfjarða ekki fallist á að frummatsskýrslu sé ábótavant þar sem tilgangur ferlisins er að meta umhverfisáhrif framkvæmdar á staka þætti umhverfisins í samræmi við samþykktu matsáætlun. Með umhverfismatsferlinu, sem endar með álit Skipulagsstofnunar, er tryggt að náttúran fái að njóta vafans og að tekið sé tillit til náttúruverndarsjónarmiða áður en til leyfisveitingar kemur.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

205	Landvernd	<p>Það er á mælisvert í ljósi umfangs að umfjöllun um áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda er ekki vegin og metin í skýrslunni. Fullyrt er að áhrif af laxeldi séu að fullu afturkræf. Telja verður að slík alhæfing sé ekki byggð á rannsóknum í ljósi reynslu frá eldi erlendis þar sem lífríki hefur í tilfellum beðið varanlegan og óafturkræfan skaða af. Má af því tilefni nefna að stjórnvöld í Kanada hafa nýverið ákveðið í því ljósi að loka fyrir full og allt gríðar stórum svæðum þar sem opið sjókvíaldi hefur verið.</p>	<p>Að meta og vegna áhrif á losun gróðurhúsategunda var ekki hluti í samþykktari matsáætlun og þarf af leiðandi ekki til umfjöllunar. Hins vegar hafa rannsóknir sýnt að kolefnisspor fiskeldis er lágt samanborið við aðra próteinframleiðslu. Í skýrslu sem fyrirtækið Environice gerði var kolefnisspor laxeldis í sjó á Íslandi reiknað út og sett í samhengi við kolefnisspor annarra greina. Þar kom í ljós að kolefnissporið var að meðaltali 3,76 CO<sub>2</sub> íg/kg. Það er minna kolefnisspor en vegna annarra greina landbúnaðar og er á pari við kolefnisspor veiða á villtum fiski. Langstærsti hlutinn af kolefnisspori laxeldis á Íslandi (um 93%) liggur í framleiðslu og flutningum á fóðri, þ.e. starfsemi sem fram fer utan laxeldisstöðvanna sjálfra.<sup>106</sup> Byggja verður á reynslu hér á landi þegar kolefnisspor er reiknað þar sem aðstæður eru mismunandi eftir löndum.</p> <p>Í athugasemd Landverndar er fullyrt að rannsóknir á reynslu eldis í öðrum löndum sýni að lífríki hafi beðið varanlegan og óafturkræfan skaða. Aðstæður eru ólíkar og mismunandi á milli landa og alhæfing eins og fram kemur í athugasemd stenst ekki við nánari skoðun. Í frummatsskýrslu er gerð grein fyrir niðurstöðum rannsókna á áhrifum fiskeldis í íslenskum fjörðum á lífríki og einnig gerð m.a. grein fyrir áhættumati erfðablöndunar og burðarþoli, sem stjórnvöld byggja á við ákvörðun um leyfi.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða getur ekki tekið afstöðu til stjórnvaldsáskvarðana annarra ríkja eins og t.d. Kanada. Benda má þó á að sambærileg ákvörðun hefur verið tekin hér á landi, en frá árinu 2004 hefur verið bannað að ala frjóan lax í sjókvíum víða við landið, sbr. auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins nr. 460/2004.</p>
-----	-----------	--	--

<sup>106</sup> Stefán Gíslason og Birna Sigrún Hallsdóttir (2018). Kolefnisspor í slensks laxeldis og aðgerðir til að minnka það. Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice)

			<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i>
206	Landvernd	[...] almennt [vantar] nánari rannsóknir á umhverfi og lífríki. Þá vantar mun ítarlegri rökstuðning og rannsóknir varðandi ferðaþjónustu. Landvernd hafnar því fullyrðingum í skýrslunni að ferðaþjónusta og laxeldi eigi beinlínis vel saman. Má í þessu sambandi nefna að ekki verður séð að nein gögn hafi verið tekin saman sem sýna sérstaklega komur skemmtiferðaskipa eða að reynt sé að leggja mat á hugsanlega áhrif eldisins á þann veigamikla þátt sem margir tugir skemmtiferðaskipa og ferðaþjónusta hafa inn í samfélagið í tengslum við áratuga uppbyggingu atvinnulífs á Seyðisfirði í tengslum við sérstöðu hans. Staðsetning sjókváeldis við svokölluðu Háubakka er í andstöðu við aðra starfsemi og samfélag á svæðinu svo furðu má sæta að slík tillaga hafi í raun verið sett fram.	<p>Að álitni Fiskeldis Austfjarða eru fyrirsvarsmenn Landverndar enn og aftur að fjalla um efni sem fellur ekki að markmiðum Landverndar. Að því sögðu þá hafnar Fiskeldi Austfjarða því að ekki liggi fyrir gögn sem sýni að fiskeldi og ferðamennska fari saman. Rannsóknir hafa sýnt að þessar atvinnugreinar geta farið vel saman.<sup>107, 108</sup> Það var ekki markmið að kanna sérstaklega upplifun ferðamanna á skemmtiferðaskipum. heldur var leitast við að kanna sýn og upplifun ferðamanna á breiðum grunni. Vel getur verið að einhverjir svarendur í rannsókn Fiskeldi Austfjarða 2019 hafi komið með skemmtiferðaskipi. Allri starfsemi fylgja alltaf einhver umhverfisáhrif og á það einnig um komu skemmtiferðaskipa.</p> <p>Fiskeldi Austfjarða hefur fallið frá áformum um að hafa starfsemi á eldissvæði við Háubakka, í botni Seyðisfjarðar. Með niðurfellingu eldissvæðis við Háubakka verður öll starfsemi Fiskeldis Austfjarða utarlega í Seyðisfirði. Því fjallar matsskýrsla um þrjú eldissvæði í Seyðisfirði í stað fjögurra. Í því felst minna umfang framkvæmdar.</p> <p><i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matsskýrslu.</i></p>

<sup>107</sup> Ramos J. og fleiri (2015). Multiple interests across European coastal water: the importance of a common language. ICES Journal of Marine Sciences, 72:2, 720-731.

<sup>108</sup> Nimmo, F. Cappell, R., Huntington, T. & Grant, A. (2011). Does fish farming impact on tourism in Scotland? Aquaculture research 42: 132-141.

207	Landvernd	Ekki verður séð í skýrslunni að gerð sé tilraun til þess að leggja fram tölulegar upplýsingar eða haldbær rök sem styðja fullyrðingar um efnahagslegan heildstæðan ávinning og eða samlegð með samfélagi með marktækum gögnum. Þá verður ekki séð að rannsóknir hafi verið gerðar vegna annarra nýtingarpáttá m.a. vegna kræklingaeldis sem rekstrarleyfi eru fyrir í firðinum	Fiskeldi Austfjarða hafnar fullyrðingum Landverndar um að ekki hafi umfangsmiklum gögnum verið safnað þegar áhrif framkvæmdar voru metin á samfélag og efnahag. Niðurstöður sýna að uppbygging fiskeldis eykur atvinnulíf og skapar tækifæri fyrir styrkingu byggðar. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun rann rekstrarleyfi til kræklingaræktunar (IS-36068) út þann 28. janúar 2021. Ekki var sótt um endurnýjun á því, auk þess sem engin ræktun hafði farið fram á umræddum staðsetningum sem tilgreindar voru í leyfinu á undanförunum árum. Óþarfi er að fjalla um áhrif á kræklingarækt. <i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i>
208	North Atlantic Salmon Fund (NASF) á Íslandi	Niðurstaða skýrslunnar hjá Fiskeldi Austfjarða er að þeir hafi engra annara kosta völ heldur en að halda ótrauðir áfram og ala 10.000 tonn af laxi í opnum sjókvíum í Seyðisfirði. NASF er ekki sammála þeirri niðurstöðu. Starfsemin mun hafa alvarleg áhrif á lífríki og villta stofna sem og á ásýnd fjarðarins. NASF leggst því alfarið á mótí áformum um sjókvíaeldi í Seyðisfirði.	Fiskeldi Austfjarða tekur ekki afstöðu til athugasemdar þar sem fram kemur skoðun sem lýsir afstöðu viðkomandi aðila. Ekki er ljóst hvert viðkomandi er að fara því ekki er um að ræða eldi í opnum sjókvíum.
209	Pétur Kristjánsson	„Í aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030 er ekki fjallað um eða sett fram stefna um fiskeldi, en talað er um að skapa möguleika fyrir fjölbreytt atvinnulíf og að slík starfsemi fari fram í sem bestri sátt við samfélag og umhverfi. Fyrirhuguð starfsemi í Seyðisfirði fellur að þessum markmiðum sérstaklega í ljósi þess að starfsemi Fiskeldis Austfjarða er umhverfisvæn og þar að leiðandi í sátt við umhverfið og samfélagið.“ Þótt stefnt sé að því að skapa fjölbreytt atvinnulíf er ekki vitað til þess að akkúrat 10.000 tona laxeldi stórfyrirtækis sé það sem íbúarnir hafi mestan áhuga á. Enda veit ég ekki til þess að alvöru könnun hafi verið gerð um þetta atriði. Umhverfisvænleikinn er einnig fullyrðing sem sett er fram af umsækjanda og eins víst að mörgum verði brugðið þegar þeir fá að vita að kolefnissporið vegna 10.000 laxeldi ári komi til með að samsvara notkun 13.500 einkabíla á sama tíma. „Kolefnisspor 1 kg af slægðum íslenskum eldislaxi er 2,7 kg CO <sub>2</sub> ígildi reiknað	Talan 2,7 kg CO <sub>2</sub> ígildi var reiknuð af verkfræðistofunni Eflu árið 2015. Í skýrslu sem fyrirtækið Environice gerði árið 2018 var kolefnisspor laxeldis í sjó á Íslandi reiknað út og sett í samhengi við kolefnisspor annarra greina. Þar kom í ljós að kolefnissporið var að meðaltali 3,76 CO <sub>2</sub> íg/kg. Þessi tala er samt sem áður svipuð og gerist með veiðar á villtum fiski og er lægri sé hún borin saman við aðrar greinar sem framleiða dýraafurðir til manneldis. Langstærsti hlutinn af kolefnisspori laxeldis á Íslandi (um 93%) liggur í framleiðslu og flutningum á fóðri, þ.e. starfsemi sem fram fer utan laxeldisstöðvanna sjálfra. <sup>109</sup>

<sup>109</sup> Stefán Gíslason og Birna Sigrún Hallsdóttir (2018). Kolefnisspor í slensks laxeldis og aðgerðir til að minnka það. Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice)

		með aðferðafræði vistferilsgreiningar. Losun meðal fólksbíls er um 2 tonn CO <sub>2</sub> ígildi á ári. Í þeirri tölu er ekki gert ráð fyrir losun yfir vistferilinn það er framleiðsla bílsins eða förgun hans“ (( <a href="https://www.visindavefur.is/svar.php?id=78911">https://www.visindavefur.is/svar.php?id=78911</a> )- hlaðið niður 26.01.20)	<i>Athugasemdin leiðir ekki til efnislegrar breytingar á umfjöllun í matskýrslu.</i>
210	Samhljóða athugasemd 114 einstaklinga	Hvernig svo sem á málið er litið mun hið umfangsmikla sjókváeldi hafa umtalsverð og neikvæð áhrif í umhverfislegu tilliti.	Athugasemdin felur í sér fullyrðingu, en ekki efnislega athugasemd.

## Viðauki 28: Fjarfundur til kynningar á frummatsskýrslu – samantekt



## 10.000 TONNA LAXELDI Í SEYÐISFIRÐI

### FUNDUR TIL KYNNINGAR Á FRUMMATSSKÝRSLU

VERKNÚMÉR:	20297001	DAGS.:	2021-01-21
VERKHLUTI:	02 - Kynning frummatsskýrslu	NR.:	
HÖFUNDUR:	Sigmar Arnar Steingrímsson		
RÝNT AF:			
DREIFING:	Fiskeldi Austfjarða		

### Efni: Kynning á niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum

Fiskeldi Austfjarða (FA) stóð fyrir kynningu á frummatsskýrslu miðvikudaginn 20. janúar kl. 14-15. Viðburðurinn var auglýstur á Austurlandi í gegnum Facebook FA og með „gardínu“ á forsíðu vefrísins Austurfréttar. Vegna COVID og samkomutakmarkana stjórnvalda af því tilefni var fundurinn haldinn með fjarfundabúnaði (Teams).

Samkvæmt auglýsingu um viðburðinn var fyrirkomulag fundarins þannig: Flutt yrði glærुकynning á helstu niðurstöðum frummatsskýrslunnar og að henni lokinni myndu fulltrúar frá FA svara spurningum sem borist hafi í tölvupósti fyrir fundinn og spurningum frá fundarmönnum svarað.

Fyrir hönd FA sátu eftirtaldir fundinn: Guðmundur Gíslason, Jónatan Þórðarson, Kjartan Davíð Sigurðsson, Sigurður Ingi Jónsson (fundarstjóri), Sigmar Arnar Steingrímsson (Verkís) og Þórður Þórðarson.

Gestir á fundinum voru átta. Engin spurning barst með tölvupósti fyrir fundinn. Að lokinni glærुकynningu báru fundarmenn fram spurningar sem vörðuðu áhrif framkvæmdarinnar á

- samfélagið á Seyðisfirði,
- siglingar um Seyðisfjörð innan hafnarsvæðis,
- hvað felist í viðbragðsáætlun við slysasleppingum,
- hrygningarsvæði í firðinum,
- fornleifar.

Hér verður gerð grein fyrir efni spurninga og svörum við þeim.

### Samfélagsleg áhrif

Spurt var um umgang framkvæmdarinnar á landi og hve mörg störf muni skapast.

Í svari FA kom fram að um væri að ræða fjárfestingu uppá u.þ.b. kr. 10.000.000.000,-. Framkvæmdin myndi leiða af sér um 25 störf við eldið sjálft en síðan veltur á ýmsu hvað verður eftir af öðrum störfum á Seyðisfirði, en það ræðst m.a. af viðbrögðum heimamanna. Gert sé ráð fyrir að hefja eldi haustið 2021 ef allt gengi eftir og að íbúar yrðu varir við aukin umsvif sumarið 2021. FA gerir ráð fyrir að kaupa eða leigja húsnæði á staðnum, s.s. íverustað fyrir starfsmenn, fóðurgeymslu og vélaskemmu.

### Siglingar

Fram kom að hafnarsvæði Seyðisfjarðarhafnar nái yfir mest allan Seyðisfjörð. Ytri mörk hafnarinnar eru vestan línu sem dregin er frá Sléttanesi í Skálanes. Framkvæmdin verði því innan hafnarsvæðisins. Hún sé því háð leyfi hafnarstjórnar sem hefur vald til að banna eða takmarka afnot svæðisins fyrir starfsemi sem hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.



Í svari FA kom fram að áhöld séu um hvernig skýra beri skipulagsheimildir sveitarfélags innan hafnarvæðis þegar skipulagi eiginlegra hafnarmannvirkja sleppir. Það sé þó keppikefli FA að tryggja sem mest samráð við Múlaþing við undirbúning framkvæmdarinnar.

### **Slysasleppingar úr eldi**

Spurt var hvað felist í viðbragðsáætlun FA.

Í svari kom fram að gæðastjórnun FA tryggi að starfsmenn fái þjálfun sem hefur það að markmiði að hindra og bregðast rétt við slysasleppingum. Ef slíkt atvik kemur upp eða rökstuddur grunur leikur á að fiskur hafi sloppið úr eldiskvíum skulu starfsmenn bregðast fljótt og örugglega við þannig að komið sé í veg fyrir að meira af fiski sleppi. Viðbrögð við slysasleppingum skulu vera í þessari röð:

- Leita að orsökum og koma í veg fyrir að meira af fiski sleppi.
- Tilkynna til Fiskistofu símleiðis.
- Hefja veiðar á fiski eftir að búið er að tilkynna Fiskistofu.
- Tilkynna til Fiskistofu um slysasleppingu skriflega.

### **Fornleifar**

Fram kom hjá fundarmanni að þó ekki séu fornleifar í sjó í Seyðisfirði sé þekkt að skipsflök liggi þar á sjávarbotni.

Í svari FA kom fram að kafari mun taka út svæði þar sem festingar sjókvía verða á botni. Haft verði samráði við Minjastofnun Íslands áður en gengið verður frá festingum.

### **Hrygningarsvæði**

Fram kom hjá fundarmanni að hann hafi heimild fyrir því hjá sjómönnum sem stundað hafa veiðar í firðinum að mögulega hrygni ýsa við Selstaðavík.

Í svari FA kom fram að ekki hafi fengist upplýsingar um það við vinnslu frummatsskýrslunnar. Í umsögn Hafrannsóknastofnunar hafi ekki komið fram athugasemdir þessa efnis.

Fundi slitið kl 15

Viðauki 29: Minnisblað Veðurstofu Íslands. Frumgreining á snjóflóðahættu við sjókvíar í Seyðisfirði

# Minnisblað

---

Dags. 19. október 2021

Titill: Sjókvíaeldi Seyðisfirði

Höf. Magni Hreinn Jónsson

Viðtakandi: Sigmar Steingrímsson, Verkís

Verknúmer: 4753-0-0002

Málsnúmer: 2021-0199

---

## Inngangur

Þann 11. júní 2021 óskaði Verkís eftir mati á snjóflóðahættu við sjókvíar á þremur stöðum í Seyðisfirði. Þann 16. júní skilaði Vedurstofan álitinu á þessum svæðum.

## Mat á aðstæðum

### Sörlastaðavík

Innstu kvíar eru í 25° úthlaupshorni frá Strandartindi. Ytri kvíar eru fjær fjallshlíðinni.

C-lína undir utanverðum Strandartindi þar sem gert hefur verið hættumat er í um 30° úthlaupshorni. B-lína er hvergi fjær C-línu en 120 m og víðast töluvert nær. Kvíarnar þarna eru því líklegast neðan B-línu.

### Skálanesbót

Lítill upptakasvæði ofan við svæðið og langt í burtu. Kvíarnar eru líklegast neðan hættusvæða.

### Selstaðavík

Kvíarnar eru í 23-25° úthlaupshorni. Í Vestdal nokkru innar í firðinum hefur verið gert hættumat undir fjallshlíð sem hefur sama viðhorf. Þar er B-lína í 19-21°. Þá eru Selsstaðir, nokkru innan við Selsstaðavík, þekkt snjóflóðabæli og þar varð tjón í snjóflóðum 1974 og 1988. Þarna eru kvíarnar líklegast á B eða C svæði.

### Niðurstaða

Ef lítið er á kvíarnar sem atvinnusvæði þurfa þær að vera neðan B-línu. Kvíarnar í Sörlastaðavík og Skálanesbót uppfylla þetta skilyrði. Kvíarnar í Selstaðavík standast ekki þetta viðmið. Ekki er gert ráð fyrir hættu vegna flóðbylgju þar sem fjörðurinn er nokkuð djúpur. En þetta atriði hefur ekki verið skoðað sérstaklega.